Alþingistíðindi 1887.

A.

Umræður í efri deild og sameinuðu þingi.

Skammstafanir.

Alþ.=alþingi.
alþm.=alþingismaður.
alþt.=alþingistíðindi.
aths.=athugasemd.
atkv.=atkvæði.
atkvæðagr.=atkvæðagreiðsla.
breyt.till.=breytingartillaga.
breyt.uppást.=breytingaruppástunga.
Ed.=efri deild.
flutningsm.=flutningsmaður.
form.=formaður.
framsögum.=framsögumaður.
frumv.= eða frv.=frumvarp.
gr.=grein.
h.=háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv.=hæstvirti.
kgk.=konungkjörinn.
lagafrv.=lagafrumvarp.
ldsh.=landshöfðingi.
Nd.=neðri deild.
skrif.=skritari.
st. f.=staðinn fyrir.
stfl.=stafliðnr.
samþ.=samþykkt.
till.=tillaga.
tl.=töluliður.
umr.=umræða.
uppást.=uppástunga.
uppástm.=uppástungumaður.
þingd.=þingdeild.
þingdm.=þingdeildarmaður.
þgsál.=þingsályktun.
þm.=þingmaður.
þm. Árn.=þingmaður Árnesinga.
þm. A-Sk.=þingmaður Austur-Skaptfellinga.
þm. Borgf.=þingmaður Borgfirðinga.
þm. Barðstr.=þingmaður Barðstrendinga.
þm. Dal.=þingmaður Dalamanna.
þm. Eyf.=þingmaður Eyfirðinga.
þm. GK.=þingmaður Gullbringu og Kjósarsýslu.
þm. Húnv.=þingmaður Húnvetninga.
þm. Ísf.=þingmaður Ísfirðinga.
þm. Mýr.=þingmaðnr Mýramanna.
þm. N-Múl.=þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N-Þing.=þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu.
þm. Rangv.=þingmaður Rangvellinga.
þm. Rvk.=þingmaður Reykvíkinga.
þm. Skagf.=þingmaður Skagfirðinga.
þm. S.-Múl.=þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf.=þingmaður Snæfellinga.
þm. Strand.=þingmaður Strandasýslu.
þm. S-Þing.=þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu.
þm. Vestm.=þingmaður Vestmannaeyjasýslu.
þm. V.-Sk.=þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

Reykjavík 1887.

Prentsmiðja S. Eymundssonar og S. Jónssonar.
Prentari: Th. Jensen.

Alþingi sett, og fyrsti fundur í sameinuðu þingi. Ár 1887 hinn 1. dag júlímánaðar var hið 8. löggefandi alþingi Íslendinga sett í Reykjavík. — Fyrst söfnuðust allir alþingismenn, þeir er til þings voru komnir, saman ásamt landshöfðingjanum yfir Íslandi, Magnúsi Stephensen, í alþingishúsinu, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni. — Sjera Sigurður Stefánsson prjedikaði og lagði út af Róm. 8. 31.

Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aptur til alþingishússins og inn í alþingissalinn. Landshöfðinginn gekk því næst til forsetasætis og skýrði frá, að sjer hefði með konungsbrjefi 8. júní þ. á. allramildilegast verið falið að setja hið reglulega alþingi, er samkvæmt stjórnarskránni hefur verið stefnt saman þennan dag. Konungsbrjefið hljóðar þannig:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum allramildilegast þjer sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman föstudaginn 1. júlímánaðar næstkomandi.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 8. dag júnímán. 1887. Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

I Kongens Navn

Frederik

Kronprinds.

J. Nellemann.

Til Vors elskulega herra Magnúsar Stephensens, riddara af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Voru landi Islandi.

„Samkvæmt því valdi", sagði landshöfðinginn ennfremur, „sem mjer þannig allramildilegast er veitt, lýsi jeg því yfir í nafni hans hátignar konungsins, að *alþingi Íslendinga er sett*".

Stóð þá upp 1. þingmaður Eyfirðinga, Jón Sigurðsson, og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn Níundi"! og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir þingmenn voru mættir:

Arnljótur Ólafsson, 5. konungkj. þingm.
Árni Jónsson, þingmaður Mýramanna.
Árni Thorsteinsson, 4. konungkj. þm.
Benedikt Kristjánsson, þm. S-Þingeyinga.
Benedikt Sveinsson, 2. þm. Eyfirðinga.
E. Th. Jónassen, 2. konungkj. þm.
Eiríkur Briem, 1. þm. Húnvetninga.
Friðrik Stefánsson, 2. þm. Skagfirðinga.
Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga.
Gunnar Haldórsson, 2. þm. Ísfirðinga.
Jakob Guðmundsson, þm. Dalamanna.
Jón A. Hjaltalín, 6. konungkj. þm.
Jón Jónsson, þm. Norður-Þingeyinga.
Jón Ólafsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu.
Jón Sigurðsson, 1. þm. Eyfirðinga
Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbr.- og Kjósars.
Jónas Jónassen, þm. Reykvíkinga.
Júlíus Havsteen, 1. konungkj. þm.
L. E. Sveinbjörnsson, 3. konungkj. þm.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
Ólafur Pálsson, þm. V-Skaptafellssýslu.
Páll Briem, þm. Snæfellinga.
Páll Ólafsson, þm. Strandamanna.

Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga.
Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.
Skúli Þorvarðarson, 2. þm. Árnesinga.
Sveinn Eiríksson, þm. Aust.-Skaptafellss.
Þórarinn Böðvarss., 1. þm. Gbr.- og Kjóss.
Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesing.
Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.
Þorsteinn Jónsson þm. Vestmannaeyinga.
Þorvaldur Bjarnarson, 2. þm. Rangvelling.

Ókomnir voru: Einar Thorlacius, 1. þm. Norður-Múlasýslu, Lárus Halldórsson, 2. þm. Suður-Múlasýslu, og Þorvarður Kjerúlf, 2. þm. Norður-Múlasýslu.

Síðan skoraði landshöfðingi á hinn elzta þingmann, þingmann Dalamanna, Jakob Guðmundsson, að stjórna umræðum þingsins þangað til forseti hins sameinaða alþingis væri kosinn; tók hann þá sæti í forsetastólnum og kvaddi sjer til aðstoðar 1. og 2. þm. Húnvetninga; þvínæst skiptist þingið í þrjár deildir til að prófa kjörbrjef hinna nýkosnu þingmanna og voru

í fyrstu deild:

Arnljótur Ólafsson.	E. Th. Jónassen.
Eiríkur Briem.	Grímur Thomsen.
Jón Jónsson.	Jónas Jónassen.
Júlíus Havsteen.	Páll Ólafsson.
Þórarinn Böðvarss.	Þorleifur Jónsson.
Þorsteinn Jónsson.	

Í annari deild:

Benedikt Sveinsson.	Friðrik Stefánsson.
Gunnar Halldórsson.	Jón A. Hjaltalín.
Jón Ólafsson.	L. E. Sveinbjörnss.
Ólafur Briem.	Páll Briem.
Sigurður Jensson.	Þorlákur Guðmundss.
Þorvaldur Bjarnarson.	

Í þriðju deild:

Árni Jónsson.	Árni Thorsteinsson.
Benedikt Kristjánss.	Jón Sigurðsson.
Jón Þórarinsson.	Ólafur Pálsson.
Sighvatur Árnason.	Sigurður Stefánsson.
Skúli Þorvarðarson.	Sveinn Eiríksson.

1. deild rannsakaði kjörbrjef hins nýkosna þingmanns í 3. deild og kaus fyrir framsögumann Þórarinn Böðvarsson, og lýsti hann yfir því, að deildin hefði ekkert athugavert fundið við kjörbrjefið.

2. deild rannsakaði kjörbrjef hinna nýkosnu þingmanna í 1. deild, og kaus fyrir framsögumann L. E. Sveinbjörnsson; skýrði hann frá, að deildin hefði ekkert fundið við þau athugavert.

3. deild rannsakaði kjörbrjef hinna nýkosnu þingmanna í 2. deild, og kaus fyrir framsögumann Árna Thorsteinsson; skýrði hann frá, að deildin hefði ekki fundið annað við þau athugavert, en að það sæist á eptirriti kjörbókarinnar úr Snæfellsnessýslu, að oddviti kjörstjórnarinnar hefði eigi sjálfur haldið kjörfundinn, heldur sett til þess í sinn stað annan mann utan kjörstjórnar; en með því deildin byggði á því, að fullgild ástæða hefði verið til þessa, vildi hún leggja það til, að kosning þingmanns Snæfellinga væri tekin gild. Eptir nokkrar umræður var stungið upp á, að sett væri nefnd til að rannsaka kosningu þessa þingmanns, en sú uppástunga var felld með 23 atkv. móti 8; þvínæst voru kosningarnar allar í einu lagi teknar gildar með samhljóða 24 atkv.

Eptir að hinir nýkosnu þingmenn þessu næst höfðu undirskrifað hinn fyrirskipaða eið, skoraði fundarstjóri á þingmenn að kjósa forseta hins sameinaða alþingis, og hlaut kosningu *Benedikt Sveinsson* með 18 atkvæðum; næst honum fjekk Árni Thorsteinsson 8 atkvæði. Eptir að forseti hins sameinaða alþingis hafði tekið sæti í forsetastólnum, kvaddi hann þingmenn til að kjósa varaforseta hins sameinaða þings og hlaut þá kosningu Bene-

dikt Kristjánson með 21 atkv. Fyrir skrifara hins sameinaða alþingis voru kosnir Eiríkur Briem og Þorleifur Jónsson með 23 atkvæðum hvor.

Fyrsti fundur í efri deild, föstudag 1. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum eptir fyrirmælum þingskapanna, 1. 2. og 3. gr., tók efri deild alþingis sjer sæti í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni:

A. Konungkjörnir:

1. Júlíus Havsteen, 1. konungkjörinn þm.
2. E. Th. Jónassen, 2. kgk. þm.
3. L. E. Sveinbjörnsson, 3. kgk. þm.
3. Árni Thorsteinsson, 4. kgk. þm.
5. Arnljótur Ólafsson, 5. kgk. þm.
6. Jón A. Hjaltalín, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir:

1. Benedikt Kristjánss., þm. S-Þingeying.
2. Friðrik Stefánsson, 2. þm. Skagfirðing.
3. Jakob Guðmundsson, þm. Dalamanna.
4. Jón Ólafsson, 1. þm. S-Múlasýslu.
5. Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvelling.
6. Skúli Þorvarðarson, 2. þm. Árnesing.

Jakob Guðmundsson, þingmaður Dalamanna, gekk til forsetasætis sem elzti þingmaður deildarinnar og gekkst fyrir forsetakosningu fyrir deildina. Þar eð Árni Thorsteinsson og Benedikt Kristjánsson fengu 6 atkvæði hvor 3 sinnum, var varpað hlutkesti um þá, og kom upp hlutur *Árna Thorsteinssonar;* gekk hann þegar til forsetasætis og gekkst fyrir kosningu varaforseta deildarinnar, og hlaut *L. E. Sveinbjörnsson* kosningu með 6 atkvæðum. Síðan voru kosnir skrifarar: *Jón Ólafsson*, 1. þm. Suður-Múlasýslu með 7 atkvæðum, og *Jakob Guðmundsson* þm. Dalamanna með 4 atkvæðum.

Forseti ákvað næsta fund 2. júlí kl. 1 e. h. og skýrði frá, að landshöfðingi mundi þá leggja fram fyrir hönd stjórnarinnar 5 lagafrumvörp.

Annar fundur, laugardag 2. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Landshöfðingi lagði fram fyrir hönd stjórnarinnar þessi frumvörp, er forseti ljet útbýta meðal þingdeildarmanna:

1. Frv. til laga um aðför.
2. — — — með nokkrum ákvæðum um veð.
3. — — — með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk m. m.
4. — — — er hafa inni að halda nokkrar ákvarðanir um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi.
5. — — — er snerta bátafiski á fjörðum.

Þriðji fundur, þriðjudag 5. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um aðför (C. bls. 79); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg er eigi í efa um það, að frv. það sem hjer liggur fyrir er nauðsynlegt og rjettarbót. Um frv. þetta hafa fjallað góðir lagamenn að vísu, svo að ekki eru miklar líkur til, að nauðsyn muni bera til að breyta miklu í því, en jeg vil samt álíta nauðsynlegt, að nefnd sje sett til að íhuga það, og jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd var samþ. í e. hl. og þessir kosnir:

Júlíus Havsteen með 9 atkv.
Jón Ólafsson — 6 —
Skúli Þorvarðars. — 6 —

Síðan var 1. umr. frestað.

Frv. til laga um veð (C. bls. 76); 1. umræða.

Jakob Guðmundsson: Mjer þykir líklegt, að háttv. deild muni koma sjer saman um að kjósa nefnd í þetta mál, jafnvel þó jeg efist ekki um, að það sje vandlega og vel úr garði gjört. Jeg vil því

leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að benda háttv. þingdeild á, að með því að þetta frv. er svo skylt frv. því, er nú síðast var sett nefnd í, þar sem veð er venjulega eða mjög opt grundvöllur fyrir aðför, — hvort eigi væri rjettast að vísa þessu frv. til hinnar nýkosnu nefndar. Skyldi þeirri nefnd þykja sín störf þá of yfirgripsmikil, getur hún samkvæmt þingsköpunum beðið um styrk eða viðbót, og látið auka við tölu nefndarmanna. Jeg leyfi mjer að gefa þessa bendingu af því, að málin eru svo skyld og jeg hygg affarabezt, að sama nefndin fjalli um bæði frv. Jeg hefi ekki rjett til að gjöra uppástungu um þetta, og er það því aðeins bending, ef einhver af hinum háttv. þm. vildi gjöra það að sinni uppást.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil gjöra það að minni tillögu, með því jeg er hæstv. landsh. samdóma um, að sama nefndin geti fjallað um bæði þessi frv.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 8 atkv. gegn 2. Tillaga um að vísa frv. til aðfararnefndarinnar felld með 6 atkv. gegn 4.

Í nefndina voru kosnir:

Lárus E. Sveinbjörnsson með 10 atkv.
Ben. Kristjánsson — 6 —
Sighv. Árnason — 6 —

Síðan var 1. umr. frestað.

Frv. til laga með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk (C. bls. 71); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að kosin sje 3 manna nefnd í þessu máli, því þótt það kunni að vera sæmilega úr garði gjört af stjórnarinnar hálfu, þá er það þess vert, að það sje ýtarlega íhugað.

Jón Ólafsson: Jeg legg það til, að hjer sje farið að eins og stundum hefur fyr verið venja hjer í deild, að nefndin sje eigi kosin fyr en í lok fyrstu umræðu; slík aðferð flýtir fyrir málinu.

Landshöfðingi: Þótt þessi aðferð kunni að hafa verið viðhöfð áður, þá er hún naumast rjett eptir þingsköpunum, og mun það heppilegast, að hún sje lögð niður.

Arnljótur Ólafsson: Samkvæmt 9. gr. þingskapanna liggur beinast við, að umræðunni sje frestað, því að þar stendur: „Á hverju stigi, sem málið er til umræðu, má setja nefnd, eða vísa málinu til rannsóknar nefndar, sem þegar er sett. Verði þetta gjört, þá er umræður þegar eru byrjaðar, **skal síðan fresta þeim**“. Jeg er að vísu ekki eins kunnugur hjer í deild eins og h. 1. þm. Suður-Múlasýslu (J. Ól.), en í Nd. hefur jafan verið venja að fresta umræðum, þegar upp á nefnd hefur verið stungið.

Sighvatur Árnason: Þegar jeg lagði það til, að nefnd væri sett í málið, var það ætlan mín, að fyrstu umræðu þess yrði frestað; annars ætti ekki við að stinga upp á nefnd í byrjun umræðunnar.

Landshöfðingi: Það virðist hvorki logiskt nje rjett, að nefnd sje sett í máli eptir að því hefur verið vísað til annarar umræðu, milli umræðna, og eptir þingsköpunum verður ekki annað sjeð, en að nefnd verði að eins sett á meðan á umræðu stendur og umræðunni sje þá frestað; því álít jeg rjettast, að fresta jafnan umræðu þegar nefnd er skipuð í máli.

Jón Ólafsson: Jeg fell fúslega frá tillögu minni, því þótt sú venja hafi tíðkuð verið, þá er jeg alveg samdóma hæstv. landsh. um, að hún sje naumlega lögmæt.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

E. Th. Jónassen með 9 atkv.
Sighv. Árnason — 6 —
Skúli Þorvarðars. — 6 —

Frv. til laga um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi (C. bls. 74); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Þótt þetta mál hafi opt verið á þingi áður, þá er það svo mikilsvert. að jeg vil leyfa mjer að leggja til, að sett sje í það 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd var samþ. með 7 atkv. gegn 1, og í hana kosnir:

Arnljótur Ólafsson	með	10	atkv.
Jón A. Hjaltalín	—	9	—
Jakob Guðmundss.	—	7	—
Jón Ólafsson	—	7	—
Friðrik Stefánsson	—	6	—

Frv. til laga um bátafiski á fjörðum. (C. bls. 75); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að nefnd sje sett í málið; en af því að það er svo skylt síðasta máli, legg jeg það til: að því sje vísað til sömu nefndar og kosin var í næsta mál á undan.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt að setja nefnd með 7 samhlj. atkv.

Málinu vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan með 8 samhlj. atkv.

Fjórði fundur, miðvikudaginn 6. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu frá nefndinni í frv. um fiskiveiðar í landhelgi og bátafiski á fjörðum, um, að Arnljótur Ólafsson væri kosinn formaður og Jón Ólafsson skrifari; frá nefndinni í lfrv. um veð, að L. E. Sveinbjörnsson væri kosinn formaður og Ben. Kristjánsson skrifari; og frá nefndinni í lagafrv. um aðför, að þar væri Júlíus Havsteen kosinn formaður, og Skúli Þorvarðarson skrifari.

Ennfremur gat forseti þess, að á lestrasalnum yrðu fram lagðar 22 bænarskrár um takmörkun á áfengum drykkjum.

Frv. til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (C. nr. 15); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Það er ekki í fyrsta sinni, að mál þetta kemur inn á þing. Jeg man, að jeg sjálfur bar upp frumvarp í sömu átt og þetta í Nd. 1881. Þetta mál hefur einnig verið borið áður upp hjer í deild, svo að þetta er í 3. sinn, að málið kemur nú fyrir þingið. Á þessu stigi málsins mun jeg ekki fara mörgum orðum um það; jeg skal að eins geta þess, að við því má ekki búast, að þessi lög muni fremur en önnur sjálf afla sjer hlýðni, en það er von mín og annara, sem þessu máli eru hlynntir, að þau muni þó styðja viðleitni þeirra manna, sem stuðla að því að laganna sje gætt, í stað þess, sem núgildandi lög veita opt eigi nægilegan stuðning í þessu efni, eða leggja jafnvel tálmanir í veginn. Við þessa 1. umræðu get jeg ekki farið út í einstakar greinir frumvarpsins, en verð að láta mjer nægja að benda á, að margt af því, sem er í frumv. þessu, er áður til í lögum, en að því sem áður var á dreifer hjer safnað saman á einn stað, og það tekið fram með ótvíræðum orðum, sem áður var vafa bundið, eins og líka hegningarákvæðunum er sumstaðar breytt. Jeg stend ekki einn uppi í máli þessu; það er áhugamál fjölda manna. Jeg hef afhent yfir 20 bænarskrár úr ýmsum kjördæmum því viðvíkjandi, með undirskriptum svo mörgum hundruðum skiptir. Jeg vona, að deildin taki málið til nákvæmrar íhugunar, en sting eigi upp á nefnd í því fyr en jeg hef heyrt álit hennar.

Sighvatur Árnason: Mjer þykir það leitt, að jeg get ekki verið samdóma h. 1. þm. S.-Múlas. (J. Ól.), því að jeg játa, að meiningin í frv. er góð, og ef árangur þess yrði jafnmikill og tilgangur þess er góður, þá væri mikið unnið; en jeg efast um, að svo geti orðið. Eins og frv. nú liggur fyrir, má búast við, að þótt það fengi

framgang, þá mundi árangur þess verða alveg hverfandi eða jafnvel minni en ekki neinn, því að það er lítt hugsanlegt, að hægt sje að koma við því eptirliti, sem frv. gjörir ráð fyrir. Þetta frumv. freistar manna mjög til að skjóta sjer undan ákvæðum þess, en það er jafnan varúðarvert, að semja slík lög; þau ræta burt úr brjósti manna virðingu fyrir lögunum og hlýðnina við þau. Þó vil jeg ekki setja mig á móti, að málið gangi til 2. umræðu, ef deildinni sýnist það ráð.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Það gleður mig, að h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) ætlar ekki að vera málinu mótstæður á þessu stigi þess; en það verð jeg að taka fram, að jeg á bágt með að skilja, hvar það átti heima, er hann sagði, að gagn frv. mundi verða alveg hverfandi og „í sumum greinum minna en ekki neitt“; og vildi jeg óska, að hann gjörði betri grein fyrir, á hverju hann byggir það. Hann bar því við, að eptirlitið mundi verða svo örðugt; en jeg sje ekki, að það verði örðugra en áður. Jeg játa það, að allt eptirlit getur verið örðugt; en hjer er *ekki* um *nýjar* eptirlitsákvarðanir að ræða. Það sem er verulega nýtt í frv., þarf eigi opinbert eptirlit. Í frv. er í fyrsta lagi ný ákvörðun um vínveitingaleyfi. Nú er veitingaleyfið veitt af yfirvaldinu einu, en eptir frv. á almenningur að fá þátt í veitingaleyfinu, og sje jeg ekki að það sje örðugra að hafa eptirlit með þeirri atkvæðagreiðslu, en með öðrum nýmælum, sem almenningi er gefinn kostur á að neyta atkvæðisrjettar síns um. Annað nýmælið er, að hjer eru ákveðnar aðrar hegningar að nokkru leyti (nfl. missir sölurjettar) og aðrar sektarákvarðanir en fyr; en jeg skil ekki, hvernig þær ákvarðanir eiga að gjöra eptirlitið örðugra. Í þriðja lagi óhelgar frv. skuldir fyrir vínkaup. En með því þarf ekkert opinbert eptirlit, því að þetta kemur að eins til greina, þegar hluteigandi gefur sig sjálfur fram. Sem sagt: að svo stöddu get jeg ekki sjeð, í hverju hið örðuga eptirlit er fólgið, og bíð jeg eptir betri skýringu á því.

Jón A. Hjaltalín: Eins og mörgum mun kunnugt, er jeg ekki meiri brennivínsmaður en margir aðrir. En einmitt af því gef jeg mig fram að tala um þetta mál. Jeg verð að álíta, að það sje ekki til neins að gefa önnur eins lög eins og þessi, hvort sem háttv. flutningsm. (J. Ól.) skilur það eða skilur það ekki. Jeg hygg þó, að háttv. flutningsmaður sje svo kunnugur, að hann viti það eða ætti að geta vitað það, að svona löguð frv. eru ekki til neins góðs, heldur miklu fremur til ills, sökum þess, að svo hægt er að fara í kring um þau. En lög, sem eigi er hlýtt, stuðla til þess að minnka virðingu fyrir öllum lögum. Í allri löggjöf vorri verðum vjer að hafa hugfast, eptir þeirri beztu reynslu, sem vjer höfum, hvernig neytendur laganna munu nota þau. Menn skyldu nærri því hafa ætlað, að veitingamennirnir hafi fengið háttv. flutningsmann til þess að koma fram með þetta frv. Því að þeim einum getur verið hagur að því. Þá eru þeir einir um alla hina smærri vínsölu, og geta þá sett það verð á, sem þeim sjálfum líkar. Háttv. flutningsmaður vildi fá að vita ástæður fyrir því, að sumum háttv. þingdeildarmönnum getur ekki geðjast að frv. — Hann mun vera svo vitur, að þekkja til þess, að til eru margir,, sem „ekki geta geymt brennivín“. Ef þess háttar menn eru nú neyddir samkvæmt frv. til að kaupa minnst í einu 4 potta, þá hlýtur afleiðingin að verða eitt af tvennu: að kaupandi verður lengur fullur en ella, ef hann hefði minna keypt, eða hann fyllir fleiri menn. Í stuttu máli: afleiðingin af frv. er annaðhvort meiri nautn, eða nautn af fleirum. Miður heppileg virðist og sú ákvörðun frv., að leggja leyfið til að selja vín í hendur sveitunum,

og í því reyna að apa eptir þessari „local option“ á Englandi. Vjer vitum hvernig það gengur í sveitum að koma á fjölmennum fundum, t. d. til að nota rjett þann, er söfnuðir hafa til að kjósa prest sinn. Og hvernig ætli að færi í þessu tilfelli, ef einhver vildi fá þetta vínsöluleyfi? Án efa svo, að hann fengi nokkra kunningja sína, 5—6, til að koma á fund; þeir veita honum leyfið, án þess nokkur trygging sje fyrir, að öðrum skilyrðum sje fullnægt. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en frv. þetta sje alveg óhafandi, og að þeim tíma sje til ónýtis varið, sem til þess er eytt, að fjalla um það.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg verð að svara fáum orðum háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.). Jeg skil ekki, hvernig hann getur sagt, að þó að með þessu frv. fái veitingamennirnir einkaleyfi til að selja vín í smáskömmtum, þá sje frv. þeim einum í hag, og að sá eini tilgangur, sem með því náist, verði því, að efla hag veitingamanna. *(J. A. Hjaltalín:* Jeg sagði það ekki). Jú, hinn háttv. þm. sagði, að svo liti út, sem veitingamennirnir hafi fengið flutningsmanninn til að koma fram með þetta frv.; því það væri þeim einum í hag. Eptir hans orðum er þá tilgangur frumv. sá, að gjöra veitingamönnunum hag. *(J. A. H.:* Jeg sagði það ekki). Jú, það er öldungis logisk ályktun af orðum háttv. 6. kgk. þm. Jeg hygg, að háttv. þingmaður (J. A. H.) viti, að lyfsalar einir hafa leyfi til að selja eitur. Það leyfi mun þó ekki vera veitt þeim til hagnaðar fyrir þá, heldur til þess, að hindra það, að margir selji þá vöru. Þannig geta verið aðrar ástæður til að binda söluleyfi á ýmsum vörum við vissa menn. Sami háttv. þm. hjelt, að það mundi verða til þess, að auka kaup og nautn víns, þegar erfiðara er að kaupa það, sakir þess, að stærri skammt verður að kaupa í einu. Jeg hefði nú haldið það mótsetta; jeg held, að því stærri sem minnsti skammtur er, sem menn geta fengið keyptan, því erfiðara sje fyrir þann, sem kaupa vill, að kaupa. Sú ákvörðun í núgildandi lögum, að minnsti skammtur af brennivíni er $^1/_2$ peli, sem kaupmenn mega selja, hefur víst ekki verið gjörð til þess, að ljetta mönnum vínkaup fram yfir það, sem áður var, meðan staupasalan var leyfileg. En þetta stendur máske öðruvísi fyrir hugskotssjónum háttv. 6. kgk. þm. heldur en mínum; en mjer virðist þetta auðskilið mál fyrir hvern, sem *vill* skilja, og því er jeg sannfærður um, að háttv. 6. kgk. þm., svo glöggur maður, áttar sig fljótt á því, er hann hugleiðir málið betur. Að öðru leyti eru flest ákvæði frv. þessa um vínsölu ekki ný, heldur eru samkynja ákvarðanir áður til, í gildandi lögum, svo að eptirlitið verður hið sama eptir sem áður, að minnsta kosti *ekki örðugra.*

Sighvatur Árnason: Jeg verð að svara háttv. flutningsm. (J. Ól.) fáum orðum út af því, sem hann sagði, að eptirlitið yrði ekki erfiðara eptir þessum lögum, en áður hefði verið eptir hinum eldri lögum, með því að frv. þetta hefði ekki í því tilliti erfiðari ákvæði í sjer, en áður væri til í lögum. Látum þetta gott heita. En jeg vil spyrja hann: hvernig gengur eptirlitið nú? Ætli staupagjafirnar t. d. finnist ekki enn, ef vel væri leitað, sem eru þó bannaðar að lögum? Jeg vil, sem sagt, ekki vera beinlínis á móti frv., ef kostur væri á, að laga það svo, að gagnsemi væri að því. Jeg álít mikla þörf á, að stemma stigu fyrir ofnautninni, og er því hlynntur. En frv. þessu get jeg ekki mælt með fyr en það hefur fengið lagfæringu og umbætur.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að nefnd sje sett í þetta mál, til þess að það geti fengið þær umbætur, að þeir af þm., sem eru hlynntir efni frv., geti greitt atkv. með því. Jeg sting upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR: 5 manna nefnd samþ með 6 atkv. og þessir kosnir:

J. A. Hjaltalín	með	10	atkv.
Jón Ólafsson	—	8	—
Sighvatur Árnason	—	8	—
Benid. Kristjánsson	—	6	—
Friðrik Stefánsson	—	6	—

1. umræðu frestað.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði (C. nr. 12); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg hef sem flutningsmaður þessa frv. lítið að segja, því ástæðurnar eru prentaðar í frv. Að eins skal jeg geta þess, að sumir kunna að vera í efa um, að mál þetta eigi að koma fram í frumvarps formi, þar sem ráðgjafinn hefur áður synjað staðfestingar *lögum* frá alþingi um, að stækka verzlunarlóð Seyðisfjarðar, en stækkaði lóðina með *konungsúrskurði*. En jeg hef leitað mjer upplýsingar um þetta mál hjá hæstvirt. landshöfðingja, og skýrði hann mjer frá, að svo stóð á með Seyðisfjörð, að hann var löggiltur upphaflega „með *þeim* ummerkjum, sem *stjórnin* kynni að ákveða", og þess vegna þurfti ekki sjerstaks lagafrumvarps; en þessu er ekki þannig varið með Eskifjörð. Jeg vona, að allir sjái, að nauðsynlegt er, að til sje nægileg lóð fyrir verzlunarhús hvervetna þar, sem löggilt kauptún er. Jeg álít ekki þörf, að nefnd sje sett í þetta mál; það er svo óbrotið; en vil að eins leyfa mjer að óska, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Fimmti fundur, föstudag 8. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefndinni um frv. til laga með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk væri E. Th. Jónassen kosinn formaður, og Sighvatur Árnason skrifari, og í nefndinni um veitingu og sölu áfengra drykkja væri Jón Ólafsson kosinn formaður, og Jón A. Hjaltalín skrifari.

Frv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði (C. nr. 12); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málið var samþykkt umræðulaust með 10 samhljóða atkvæðum, og vísað til 3. umr með 11 atkv.

Sjötti fundur, laugardaginn 9. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á lögum um aðra skipan á læknahjeruðunum á Íslandi 15. okt. 1875 (C. nr. 24); 1. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg tel það sjálfsagt, að deildinni muni mjög ljóst innihald þessa frv., því að þetta mál hefur svo opt komið fyrir þingið áður; jeg sje því ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Jeg bið að eins, að þess sje gætt, að í ástæðunum fyrir frv. hefur misprentazt: „Garpsdalsprestakalli" í staðinn fyrir „Gufudalsprestakalli". Að öðru leyti vona jeg, að málið fái að ganga sinn venjulega gang, og óska því góðra undirtekta hjá þingdeildinni.

Sighvatur Árnason: Jeg stend ekki upp til að mótmæla frv.; því að þótt jeg sje ekki persónulega kunnugur, hvernig hagar til í Dalasýslu, þá er jeg þó svo kunnugur, að jeg veit, að læknaskipanin er víða næsta ónóg hjer á landi, og að læknaskorturinn er tilfinnanlegastur þegar mest liggur við, og helzt þegar líf manna er í hættu. Á þessu stigi málsins mun jeg ekki tala meir um það, en óska að sett verði 3 manna nefnd í því og umræðunni frestað, bæði af því, að málið er mikilsvert í sjálfu sjer, og líka af því, að jeg og máske fleiri höfum í hug, að koma fram með tillögur náskyldar máli þessu,

sem þá kynnu að geta sameinast við það.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþykkt í einu hlj., og kosnir í hana:
Jakob Guðmundsson með 9 atkv.
Sighvatur Árnason — 8 —
L. E. Sveinbjörnsson — 6 —

Sjöundi fundur, mánudag 11. júli kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Frv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði (C. 12, 33); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal geta þess, að það hefur komið fram viðauki við frv. þetta frá mjer og tveimur öðrum háttv. þm. (C. 33), og kemur það til af því, að þá er jeg bar upp frv. þetta, gerði jeg það eptir beiðni úr kjördæmi mínu, en þar var eigi ákveðið neitt um breiddina á landspildunni. En með skipi, sem síðan hefur komið hingað, hefi jeg fengið ósk um, að takmörkin væru ákveðin eins og tekið er til í viðaukatillögunni. Jeg verð og að álíta rjettara, að takmörkin sjeu ákveðin bæði á breidd og lengd, og vona því, að enginn verði á móti þessari viðaukatillögu.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að spyrja að, hvort sá maður, sem leyfið gaf, sje samþykkur þessu breiddartakmarki, og hvort yfirlýsing hafi komið frá honum um það.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Sú yfirlýsing um, að hann væri fús að leggja land til kaupstaðargrunns, er ekki bundin neinum sjerstökum takmarka-skilyrðum.

Júlíus Havsteen: Þó svo væri, að samþykki hlutaðeiganda væri eigi fengið, þá er það eigi nauðsynlegt; því lög um löggilding verzlunarstaða hafa verið svo skilin, að landeigendur væru skyldir að selja fram lóð til verzlunarstaðar gegn fullu endurgjaldi; svo var t. d. með Blönduós, að presturinn á Hjaltabakka var mótfallinn að láta þar land af hendi, en það er til landshöfðingjabrjef, sem skyldar hann til þess. Það kemur því ekki í bága við rjett hlutaðeiganda, þótt takmörkin sjeu sett eins og viðaukatillagan fer fram á.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið samþ. í e. hlj. Viðaukatill. (33) samþ. í e. hljóði. Frumv. þannig orðað samþ. í einu hljóði, og afgreitt síðan til neðri deildar.

Tillaga til þingsál. um nefnd til að endurskoða fátækrareglugjörðina (C. 32); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj., að hafa eina umræðu um þessa þingsályktun.

Áttundi fundur, þriðjudag 12. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komin tilkynning um, að í málinu: frv. til laga um veiting og sölu áfengra drykkja væri Jón A. Hjaltalín kosinn framsögum., og í málinu um fiskiveiðar í landhelgi og bátafiski á fjörðum væri Arnljótur Ólafsson kosinn framsögumaður, og í málinu: frv. til laga um breyting á lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi 15. okt. 1875 væri L. E. Sveinbjörnsson kosinn formaður og Sighvatur Árnason skrifari.

Frumv. til laga með nokkrum ákvæðum um veð (C. bls. 76 og nr. 31); framh. 1. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Eins og sjá má á áliti nefndarinnar í þessu máli (C. 31), hefur hún álitið, að það muni nauðsynleg rjettarbót, ef það yrði leitt í lög. Jeg skal á þessu stigi málsins ekki fara út í einstakar greinir frv., heldur að eins tala um það almennt. Aðalnýmælin, sem í því eru fólgin, eru tvö. Í fyrsta lagi það, að samkv. frv. þarf nú eigi lengur sátt eða dóm til að selja megi hlut, sem settur er að handveði, og stendur þessi ákvörðun í fullu samræmi við lög, dags. 16. des. 1885, er

meðal annars ræða um að selja megi fasteignir, sem settar eru að veði, án dóms og laga, sjeu viss ákveðin skilyrði fyrir hendi. Í öðru lagi er það nýmæli í frv. þessu, að nú er eigi lengur heimilt, að veðsetja *allt*, sem maður á eða eignast kann. Í sjálfu sjer er sú ákvörðun, að setja megi að veði hluti, sem enn þá ekki eru til, eða sem veðsetjandi síðar kann að eignast, móti eðli veðsetningar, þótt slíkt hafi leyft verið hingað til, og er því þetta að álíta sem mikla rjettarbót frá því, sem verið hefur. Sömul. er hjer og bannað, að veðsetja „safn af munum“ að sjálfsvörzlu-veði. Jafnvel þótt öllum háttv. þingdm. muni nokkurn veginn ljóst, hver meining er í þeim orðum, skal jeg til frekari skilningsauka taka fram, að með því er átt við, að ei megi nú framar veðsetja t. d. heilt bókasafn, heila hjörð o. s. frv., þar sem heimilt er handhafa að taka hina einstöku hluti og breyta um fyrir aðra hluti sömu tegundar, með sölu eður á annan hátt, svo sem við lógun á fjenaði og uppynging í staðinn. Frá juridisku sjónarmiði getur maður máske ekki sagt, að svo mikið sje á móti þess háttar veðsetningum; en reyndin hefur sýnt, að út úr þeim spinnast opt málaferli; því að sjálfsvörzluveðinu getur geymandinn breytt, án þess að hinn geti ráðið við það, svo að lánveitandi á opt örðugt að ná rjetti sínum hjá dómstólunum, ekki af því, að slíkt sje dómurunum að kenna, heldur af hinu, að lögfróða menn vantar til að sækja málið. Sams konar ákvarðanir og þær, sem eru í þessu frv., hafa þótt praktiskar í Danmörku, og má með fullum rjetti ætla, að eins verði hjer og ekki síður. Jeg skal að síðustu geta þess, að heimilt er eptir frv., að heyforði sá, sem á jörðinni er í hvert skipti, fylgi henni í veðsetningunni, og þarf þá ekki sátt nje dóm til að ná rjetti sínum einnig í því tilliti.

Jeg óska og vona, að frv. þetta fái að ganga leiðar sinnar, og mun jeg síðan við 2. umr. gjöra grein fyrir breyt. þeim, sem nefndin hefur gjört við frv. Þær eru að mestu orðabreytingar, og til að forðast misskilning er á stöku stað breytt nokkuð, t. d. í 2. gr., þar sem stóð í stjórnarfrv. „fyrir óhapp“; því hefur nefndin breytt til þess, að taka ljósara fram, hver meiningin væri.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að endurskoða fátækrareglugjörð 8. jan. 1834 (C. 32.); ein umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg vona, að háttv. þingdm. taki vel þessari till., því að þeim mun kunnugt um, eigi síður en mjer, að mál þetta þarf umbóta við, og að á fátækrareglugjörðinni eru ýmsir þeir gallar, sem þörf er á að bæta. Jeg fyrir mitt leyti hef fundið á þessari gömlu löggjöf vorri þá annmarka, er jafnvel hafa orðið þess valdandi, að hrinda mönnum út á sveit sína. En í þess háttar löggjöf ættu þó heldur að vera ákvarðanir, sem hefðu móttsettar verkanir. Mönnum mun kunnugt um, að til þingsins hafa komið aptur og aptur óskir frá þjóðinni eptir umbótum á þessu máli, enda liggur það í augum uppi, hve umbæturnar eru nauðsynlegar, þegar litið er til þess voðalega þunga, sem á sveitarfjelögunum hvílir af fátækraútgjöldunum, er nema svo gífurlega miklu, að öll önnur gjöld eru eins og sandkorn á sjávarströnd í samanburði við þau. Jeg skal svo ekki að sinni fara fleirum orðum um þetta mál, í trausti til þess, að h. háttv. þingd. sje mjer sammála, og leyfi jeg mjer að stinga uppá 5 manna nefnd í málið.

E. Th. Jónassen: Jeg get ekki verið sammála háttv. flutningsm. (S. Á.) nje heldur sjeð svo mikla nauðsyn á þessari nefndarkosning. Eins og kunnugt er,

hefur fátækrareglugjörðinni smátt og smátt verið breytt með síðar útgefnum lögum í ýmsum atriðum, og nú síðast er á ferðinni í þessari háttv. þingd. frv., sem snertir ákvæði í fátækrareglugjörðinni, er þótt hafa óheppileg og sem æskilegar væru umbætur á. Annars verð jeg að álíta, að fátækrareglugjörðin sje yfir höfuð vel samin og mannúðleg, og fátæktarvandræðin eru ekki henni að kenna, þegar rjett er aðgætt. Jeg verð og sjerstaklega að hafa á móti nefnd sakir þess, að ef farið er að eiga við fátækralöggjöfina, þá er hjer svo víðáttumikið svæði, og svo margt annað, sem stendur í sambandi við hana, að slíkt verk hlýtur að heimta langt um meiri tíma, en þingmenn hafa að missa frá öðrum störfum; því að það gæti þó ekki verið meiningin, að verk þessarar nefndar skyldi verða kák eitt og að eins til málamynda; því þá er slíkt betur ógert. Ef háttv. þingdeild er alvara með þetta mál, vil jeg því heldur leggja til, að máli þessu sje beint í það horf, að nefnd yrði sett í það milli þinga; því jeg get ekki sjeð, að þingmenn á þessu þingi hafi tíma til, að leysa þetta verk af hendi svo, að það verði vel úr garði gjört.

Jón Ólafsson: Jeg get verið samdóma háttv. flutningsm. (S. Á.) um það, að nauðsyn beri til, að breyta í ýmsu fátækrareglugjörðinni, en ekki samdóma honum um þá gagnsemi, sem nefnd nú á þinginu gæti unnið þessu máli. Jeg verð að vera samdóma háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um það, að til þess að gjöra það mál úr garði, svo að í lagi sje, þarf meiri tíma en þingmenn hafa nú á þingi; og verði nefnd samt sem áður sett hjer á þinginu, vona jeg að hún komist að þeirri niðurstöðu, að skora á landsstjórnina að setja nefnd, er byggi málið undir næsta þing. En þessi nefnd á þinginu gæti bent á og tekið fram ýms nauðsynleg atriði, er gætu verið milliþinganefndinni til leiðbeiningar.

Skúli Þorvarðarson: Jeg hef gjörzt annar flutningsm. þessarar þingsályktunar af því, að jeg veit ekki betur en að menn hafi opt rekið sig á annmarka á fátækrareglugjörðinni. En jeg vil taka til greina tillögu háttv. 1. þm. S-Múl. (J. Ó.) um, að þessi nefnd, ef hún yrði sett á þingi, kynni að komast að þeirri niðurstöðu, að óska eptir nefnd milli þinga til að búa þetta mál undir til næsta þings. Jeg álít þá tillögu heppilega; því að þessi milliþinganefnd gæti fært sjer í nyt og haft ljettir af ýmsum tillögum nefndar þeirrar, sem nú yrði sett á þinginu, ef til kemur. En hvað viðvíkur því, sem háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að í öðru frv., sem nú lægi fyrir þinginu, væri fengin nægileg rjettarbót, þá get jeg ekki álitið, að svo sje. Jeg hygg, að fleira þurfi að athuga en gjört er í því frv. Jeg get ekki betur sjeð, en að nefnd, sem nú væri kosin á þinginu, gæti athugað þetta mál, og gefið ýmsar góðar og nauðsynlegar bendingar og látið í ljósi skoðanir sínar á málinu, er geta komið inn í þingtíðindin og síðan orðið rædd í dagblöðunum og í hjeruðum og gefið málinu góðan og fróðlegan undirbúning, hvort sem nefnd yrði sett í það milli þinga eða ekki. Af þessum ástæðum álít jeg ekki óheppilegt, að setja nefnd í málið nú á þinginu. Hún getur unnið að verkinu eins og tíminn leyfir og leyst það af hendi svo vel, sem kringumstæður leyfa. Jeg verð því að vona, að h. háttv. þingd. felli ekki málið eða þessa þingsál.till.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er líka þakklátur háttv. flutningsm. (S. Á.) fyrir þessa þingsályktunartill., að hreyfa málinu. En jeg verð líka að láta í ljósi, að jeg vantreysti því, að nefnd hjer á þinginu geti unnið að þessu máli, svo að gagn sje að. Jeg held auk þess, að ótiltækilegt sje, að

breyta lögum, sem menn ekki skilja vel, og jeg hygg fyrir víst, að fátækrareglugjörðin 8. jan. 1834 sje mjög víða í sveitum annaðhvort ekki skilin eða þá mjög svo misskilin. Jeg tek til dæmis það, sem háttv. flutningsm. (S. Á.) sagði, að fátækrareglugjörðin hrindi mönnum út á sveitina. Ef jeg man rjett, segir fátækrareglugjörðin: að þurfamenn álítist þeir einir, sem án annara hjálpar hljóta að sakna þess, sem er ómissandi fyrir viðurhald lífs og heilsu. Það er að segja: sá maður er þurfamaður, sem ekki getur af eignum rammleik útvegað sjer það, sem hann fær á lifað. Jeg vil nú spyrja: Geta menn farið lengra? Mjer finnst hjer vera sett hið rjetta takmark, hinar rjettu skorður. Mjer finnst ekki vera hægt að fara lengra en svo, að setja takmarkið þar, að megni einhver ekki að afla sjer þess, sem er lífi hans og heilsu ómissandi, að þá aðeins, og þá, en eigi fyrr, geti maðurinn fengið styrk af sveitinni. Jeg ætla þannig, að langt sje frá, að fátækrareglugjörðin hrindi mönnum út á sveit. Þennan skilning hef jeg framkvæmt sem oddviti í mörg ár, og afleiðingin hefur verið sú, að þurfalingum hefur fækkað að miklum mun. Öll lög þurfa skilning, eins og framkvæmd, og oss vantar miklu fremur skilning á lögunum og framsýni til að beita lögunum, heldur en að oss vanti lögin sjálf. Vjer skiljum ekki fátækralögin fyrri en vjer þekkjum vel fyrst lögin sjálf, og höfum síðan borið saman við þau úrskurði þá, bæði frá kansellíinu og síðan landshöfðingjanum, sem fallið hafa í ýmsum fátækramálum, og sem þannig hafa myndað framkvæmdarsögu fátækralöggjafarinnar; þegar vjer þekkjum þessa sögu, þá fyrst getum vjer rjettilega skilið lögin. Jeg vil ekki fullyrða, að allir þessir úrskurðir sjeu alveg samkvæmir fátækrareglugjörðinni. En hvað skal segja? Vjer verðum að beygja oss undir æðsta úrskurðarvaldið í úrskurðarmálum, eins og undir æðsta dómstólinn í dómsmálum. Það verður ekki hjá því komizt, að venjur skapist svo hjá úrskurðarvaldinu sem hjá dómsvaldinu. Jeg vil leggja til, ef þess væri kostur, að þeir, sem fengizt hafa mest við þess konar mál, t. d. amtmennirnir, vildu skýra fyrir oss þetta mál; því að fyrst þurfum vjer að *skilja* lögin: vita, hvað lög eru, og þá fyrst getum vjer sjeð, hvað það er, sem vjer viljum fá breytt. Mjer er nær að halda, að ef vjer fáum framgengt því frv., sem nú liggur fyrir þingd., muni lítið vanta í vora fátækralöggjöf. Þá þurfum vjer ekki endurritun fátækralaganna, eins og gengur með okkar tolllög, stjórnarskrá o. fl., er jeg get ekki álitið heppilegt.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg fellst fullkomlega á, að þetta mál sje vandasamt og þurfi að hafa tíma fyrir sjer, og því heldur verð jeg að fylgja því fram, að nefnd sje sett í það sem fyrst, því að hún getur lagt það til, sem henni sýnist, þó tíminn sje naumur, annaðhvort að nefnd sje sett milli þinga til að íhuga málið, eða hún tekur til meðferðar þau atriði málsins, sem hún finnur mesta annmarka á, og reynir að ráða bót á þeim. Það hefur allopt verið svo undanfarið hjer á þingi, þegar um stór mál hefur verið að ræða, að tekið hefur verið úr þeim til umbóta það eitt, sem helzt hefur þótt þurfa umbóta við, og svo getur maður hugsað sjer, að nefndin taki í þetta mál, og með því móti getur maður vænzt þess, að nefndin gjöri mikið gagn með því að hafa það á prjónunum fram undir þinglokin. En hvað því viðvíkur, er hinn 5. kgk. þm. (A. Ó.) bar fram, að menn mundu óska eptir endurbót á fátækrareglugjörðinni af því, að menn skildu hana ekki, þá getur það nú að vísu verið að einhverju leyti. En svo þykist jeg þó skilja suma kafla hennar, að þeir þurfi endurbótar við. Jeg skal t. d. benda á það ákvæði, að binda sveitfesti við það,

að maður hafi *dvalið* 10 síðustu ár samfleytt í einni sveit (*A. Ó.* Það er ekki í reglugj.); — því er í engu breytt nema að áratölunni; — þótt maðurinn sje orðinn gamall og örvasa og eigi fær um að vinna fyrir sjer. Jeg hef vitað þess eigi allfá dæmi, að uppgefnir menn hafa dvalið hjá vinum sínum og vandamönnum, þar sem þeir hafa ekki verið sveitlægir, en þegar tíu ára tíminn hefur farið að nálgast, þá hefur verið farið að ýta þeim burt til sinnar sveitar, þrátt fyrir það, þó þeir hafi átt kost á að vera lengur hjá náunga sínum eða kunningja, og þá hefur svo farið, að þeir hafa orðið algjörðir þurfamenn; þetta kalla jeg að hrinda mönnum út á sveitina; kalla jeg það ekki eðlilegan grundvöll, að sveitin skuli skyld að framfæra þann mann, sem þar hefur dvalið síðustu 10 ár, þótt hann hafi ekki getað unnið neitt gagn í þeirri sveit; og sá hefur eflaust eigi verið tilgangur reglugjörðarinnar; en ákvæðið vantar um það að binda sveitfestutímann við víst aldursskeið mannsins, t. d. 60 ára aldur, og þá kæmu hin áminnztu dæmi færri fyrir. Jeg hef tekið þetta eina dæmi til að sýna fram á, að gallar sjeu þó til á reglugjörðinni.

Benidikt Kristjánsson: Jeg lít svo á þetta mál, að jeg finn mjer heldur skylt að mæla með því en mót. Sú ástæða hefur komið fram gegn nefndar setning í því á þinginu, að sú nefnd hefði svo stuttan tíma, að hún mundi ekki geta gjört nokkurt verulegt gagn. Ef meiningin er sú, að nefnd muni ekki geta leitt málið til lykta á þingi, þá er jeg á sama máli; því að jeg álít málið svo vandasamt og umfangsmikið, að jafnvel æskilegt sje, að það sje ekki afgreitt á því þingi, sem það kemur fyrst til umræðu á. Eigi að síður verð jeg að halda því fram, að nefnd á þingi muni geta unnið eigi svo lítið í þessu máli, og að sá rekspölur, sem kemst á málið við nefndarsetning og væntanlegar tillögur þeirrar nefndar, sje jafnvel nauðsynlegur til að vekja alvarlega athygli þings og þjóðar á því. Jeg er að vísu ekki á móti því, að nefnd sje sett á milli þinga í málinu, þótt jeg efist um, að það mundi svara kostnaði; slíkar nefndir hafa reynzt dýrar, en gefizt sumar vel, en sumar líka miður vel. Þetta mál er ekki vandasamara en landbúnaðarlögin. Vjer skulum minnast, hver árangur varð af milliþinganefnd í því máli. Eigi að síður hefur þingið komizt að niðurstöðu í því og henni góðri, en einmitt einkum af því, að það tók fyrir einstaka kafla málsins, þvert á móti því, sem milliþinganefndin hafði gjört. Ef það hefði tekið það fyrir í heild sinni, þá mundi það hafa búið til lög fyrir þá búnaðarhætti, sem nú eru eigi á Íslandi og líklega verða þar ekki á næstu öld. Þótt nefnd nú á þingi geti ekki búið til fullkomið lagafrumvarp, þá hygg jeg að hún geti þó undirbúið málið, bent á þá stefnu, er taka skuli, og leiðbeint í mörgu, og búið þannig í haginn fyrir nefnd milli þinga, ef hún verður sett, en annars fyrir alþingi síðar. Menn hneiksluðust á því, er h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að fátækrareglugjörðin hrindi mönnum út á sveitina. Nú hefur hann sjálfur skýrt frá, hvað hann meinti með þeim orðum. Mjer finnst líka, að mönnum sje hrundið út á sveitina, með því að nánir frændur eru leystir undan framfærsluskyldu þurfandi ættingja sinna, að segja má vegna hinna lauslegu ummæla reglugjörðarinnar um það efni, er til náungaframfærsluskyldunnar kemur. Jeg hef ef til vill ekki skilið rjett h. 5. kgk. þm. (A. Ó)., er jeg tók orð hans svo, sem hann segði, að menn skildu ekki lögin og jafnvel benti amtmönnunum á að lesa þau betur. *(A. Ó.:* Nei). Jeg veit, að það getur komið fyrir, að lagamenn skilji ekki jafnan lögin á sama veg; en ef svo kveður rammt að skilningsleysi eða misskilningi á

fátækrareglugjörðinni, eins og h. 5. kgk. (A. Ó.) gaf í skin, þá er öll þörf á, að henni sje breytt og ákvæði hennar gjörð ljósari. Jeg fellst fullkomlega á, að nefnd sje sett í málið nú á þingi; því að þótt jeg voni ekki eptir, að það verði afgreitt fullbúið frá þessu þingi, þá vona jeg þó, að það verði til að þoka málinu fram, og jeg vona, að nefndin verði eigi til að hrinda mönnum á sveitina, heldur til að hrinda lögunum áfram.

Jón A. Hjaltalín: Mjer hefur þótt furða, að ekki hefur meira verið kvartað yfir sveitarþyngslum en gjört hefur verið, og að ekki hefur meira verið reynt að ráða bætur á þeim, þar sem þurfamannagjaldið er þó nærri því eins mikið og öll gjöld landssjóðs. Jeg játa það, að ekki muni öll ákvæði fátækrareglugjörðarinnar vera heppileg; en hitt er víst, að ekki verður allri skuldinni slengt á hana; sökin er líka hjá þeim, sem henni eiga að beita. Það er ekki nóg, þótt löglærðir menn skilji reglugjörðina; því að það eru ekki þeir einir, sem hana þurfa að nota; ólöglærðir menn þurfa líka að geta skilið hana; en til þess verður hún að vera ljós. Hvað sem að öðru leyti verður sagt um hana, þá er það víst, að hún er afar-orðmörg, en slíkt er jafnan galli á lögum. Jeg verð að ætla, að nefnd hjer á þingi geti hrundið málinu dálítið áfram, þótt lítið kunni að verða. Allt um það hygg jeg æskilegt, að nefnd sje sett til að íhuga málið milli þinga. Sú nefnd getur haft nægan tíma til að íhuga það og undirbúa það; hún getur líka aflað sjer þeirra upplýsinga og skýringa, sem þingnefnd getur ekki aflað sjer á þeim stutta tíma, sem hún hefur yfir að ráða. Það væri heppilegt, að nefndin drægi saman í eitt þau ákvæði, sem finnast í úrskurðum á víð og dreif. Það er ekki hætt við, að nefndarfrv. yrði þegar að lögum; þingið á eptir að fjalla um það. Það er mest varið í, að undirbúningurinn sje góður, en hjer á landi verður hann þá líka að vera langur. Ef jeg gæti, mundi jeg leggja til, að borin væri fram sú þingsályktun, er færi þess á leit, að konungur setti nefnd milli þinga, til að íhuga þetta mál.

Arnljótur Ólafsson: Það er ekki meining mín, að vera alveg mótfallinn nefnd í málinu. Jeg get bætt því við, að af virðingu fyrir uppástungumönnunum mun jeg greiða atkvæði með nefndarsetningunni; en þó get jeg ekki borið traust til þess, að nefndin afreki mikið. Það er ekki fátækrareglugjörðinni að kenna, þótt mönnum hafi verið hrundið á sveit með því að leyfa þeim að dvelja full 10 ár hjá vinum eða vandamönnum, svo þeir nái sveitfesti, því að í 6. gr. reglugjörðarinnar er það ljóslega tekið fram, að til þess að ávinna sjer framfærslurjett í einhverjum hrepp verði maður að hafa verið þar „*vistfastur* eða *búfastur*“ í fimm ár í samfellu. Það eru úrskurðirnir, sem gengið hafa svo langt, að það væri nóg, að maður *dveldi* 10 ár í samfellu í sömu sveit, til þess að gjöra hann þar sveitlægan. (*Jón Ólafsson:* Hvað þýðir það, „að vera í vist“?). Vjer þekkjum allir, hverja þýðing það orð hefur í daglegu máli; að vera vistfastur þýðir að vera vinnuhjú; sá verður á aptur móti eigi talinn hjú, sem er í gustukaskini hjá einhverjum. Það getur verið, að nefnd milli þinga gæti gjört nokkuð málinu til skýringar. En bezt úrræði hygg jeg það, að málið væri fyrst skýrt fyrir sjer með sjerstökum ritgjörðum og greinum í blöðunum, og að það væri síðan tekið fyrir og rætt. Menn verða að gæta þess, að lög um fátækranefndir hljóta jafnan að vera nokkuð óákveðin; þau hljóta að gefa sveitarstjórnunum talsvert vald; þau geta heldur eigi fremur en önnur lög tekið fram nema aðalreglurnar; og, eins og auðsætt er, getur aðalreglan ekki alstaðar átt jafnvel við, en framkvæmdarvald

laganna hlýtur að taka tillit til þess við hvert einstakt atvik.

Jakob Guðmundsson: Ef það verður ofan á að nefnd verði sett, þá er líklegt að eitt af þrennu verði ofan á fyrir henni. Í fyrsta lagi að hún finni ekki svo mikla galla á fátækrareglugjörðinni, að henni finnist ástæða til að breyta henni. Í öðru lagi, að hún fyndi að vísu svo mikla galla á reglugjörðinni, að ástæða væri til að breyta henni, en að þeir gallar væru þó ekki svo miklir, að hún treysti sjer til að koma með frv. til að ráða bót á þeim á þessu þingi. Eða í þriðja lagi að hún fynndi svo marga og mikla galla á henni, að hún sæi sjer ekki fært að ráða bót á þeim á þessu þingi. Hvað af þessu þrennu, sem ofan á yrði, þá mundi nefndin geta unnið mikið gagn með íhugun sinni á málinu og tillögum, og það getur vel verið, að henni þyki æskilegt og að hún ráði til að nefnd sje sett milli þinga til að íhuga málið og semja lagafrv., er lagt yrði fyrir næsta þing. Ef nefnd yrði sett milli þinga, þá haga kringumstæður hjer því svo til, að mest líkindi eru til, að í hana yrðu kosnir menn, sem búa hjer í nágrenni, og þá helzt menn, sem búa í Reykjavík og í grend við hana. En það hygg jeg, að sú nefnd gæti haft góðan stuðning af tillögum nefndar, sem kosin væri hjer á þingi og í væru menn víðsvegar að, því að þótt sumir þeirra, er búa hjer í Reykjavík og í nágrenninu, hafi einhvern tíma búið upp í sveit, þá munu þeir vera farnir að verða nokkuð ókunnugir, hvernig þar hagar nú til, þótt þeir hafi einhvern tíma verið þar kunnugir. Jeg verð því að vera með því, að nefnd sje sett í málið hjer á þingi.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 9 atkv. og í hana kosnir:

Sighvatur Árnason með 10 atkv.
Skúli Þorvarðarson — 10 —
Benedikt Kristjánss. — 8 —
Júlíus Havsteen með 7 atkv.
Lárus Sveinbjörnss. — 6 —

Níundi fundur, miðvikudag 13. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal við Dýrafjörð (42); 1. umr.

Arnljótur Ólafsson: Það er að mínu áliti ætíð athugavert, hvort fjölga skuli kaupstöðum eður ei; einkum þegar eins stendur á og hjer, að það kauptún, sem upp á að taka, er mjög nálægt öðru löggiltu kauptúni, og þegar því heldur ekki er mikið land, sem að liggur og þar af leiðandi heldur ekki mikið vörumagn. Það er sem sje auðsætt, að þegar vörumagnið skiptist milli tveggja kauptúna, kemur minna á hvort kauptúnið fyrir sig en ella, og afleiðingin er venjulega sú, að kaupmenn verða þá að selja smávarning sinn dýrari en þeir mundu gjört hafa, ef vörumagnið hefði ekki þurft að skiptast milli tveggja, heldur allt gengið til eins kauptúns. Eptir því sem jeg hef heyrt kunnuga segja, stendur líka svo á hjer, að Haukadalsbót liggur lengra burtu fyrir sveitina að að sækja, því hún er utar við fjörðinn en Þingeyri. En aptur liggur Haukadalsbót máske betur fyrir menn, sem að sækja af sjó. En hverjir eru þeir? Að sjálfsögðu máske nokkrir innlendir, sem koma á fiskiskipum, en einkum munu það þó vera útlendir fiskarar, svo sem Frakkar o. fl. Jeg vil því leyfa mjer að benda mönnum á, sem vilja sporna við ofnautn áfengra drykkja, t. d. nefnd þeirri, er hjer var sett í deildinni eigi alls fyrir löngu, hvort þessi löggilding mundi ekki geta orðið til þess, að auka vínkaup ekki að eins í 4 potta tali, heldur jafnvel á 3 pelaflöskum. Jeg veit, að þeir háttv. þm. munu ekki vilja brjóta það niður með annari hendinni, sem þeir byggja svo ágætlega

upp með hinni, það er að segja, eyða verkunum fyrra frv. með því að samþykkja þetta frv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (43); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Það er nokkru öðru máli að gegna með Arngerðareyri en Haukadalsbót; því að frá Þingeyri til Haukadalsbótar er ekki nema bæjarleið, en frá Arngerðareyri til næsta kauptúns er alllangur vegur. Að Arngerðareyri yrði töluverð aðsókn bæði úr Barðastrandar og Strandasýslum; fyrir þá menn, er búa innarlega í Steingrímsfirði og í suðurhluta Barðastrandarsýslu, er það mikill hægðarauki, að þurfa ekki að fara lengra en að Arngerðareyri, og gæti því verið æskilegt að löggilda hana, enda hefur þar verið áður sveitaverzlun. Þótt henni sje nú hætt um stundar sakir, hygg jeg að ekki líði á löngu áður en hún verður tekin upp aptur, því að kaupmenn hljóta að sjá, að það er þeim sjálfum til hagnaðar. En ástæður mínar móti þessum löggildingum eru einkum tvær. Önnur er sú, að löggildingar nýrra verzlunarstaða í okkar minni hafa haft þau áhrif á sveitirnar í kring, eptir því sem reynslan hefur sýnt, að þeim hefur hnignað. Jeg vil ekki segja, að *ástæðan* til þess sje sú, að verzlunarstaðirnir hafa verið löggiltir, en *factum* er, að svona hefur farið. Hvort þetta kemur af sölu áfengra drykkja eða einhverju öðru, vil jeg láta ósagt; en þessi er reynslan.

Hin ástæða mín á móti löggildingunum er sú, að jeg hefi heyrt af skilríkum mönnum, að ábyrgðarfjelög skipa hafa gjört samtök til að veita ekki ábyrgð á skipum til hinna nýlöggiltu staða. Þessi löggilding getur því orðið til að spilla fyrir verzluninni á þann hátt, að þegar t. d. skip eru tekin í ábyrgð á Eyjafjörð eða Ísafjörð, geta þau komið á þær ólöggiltu hafnir líka, sem eru á þeim sama firði, af því að ábyrgðin nær yfir allan fjörðinn; en þegar beðið er um að ábyrgjast skip til hafnar, sem er ný, og nafnið ábyrgðarfjelögunum óþekkt, þá segja þau *nei*, þó höfnin liggi á hinum sama firði. Jeg get því ekki gefið atkv. með því frumvarpi, sem jeg held, að spilli fyrir siglingum og aðflutningum að þessum stað og verzlun á honum. Jeg gef atkvæði móti löggildingu Arngerðareyrar af því, að jeg er sannfærður um, að löggilding spilli fyrir aðflutningum þangað, og verzlun þar.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef jafnan verið meðmæltur löggildingum verzlunarstaða og hef enn ekki haft ástæðu til að breyta skoðun minni í því máli síðan 1885, að fellt var frv. til laga um verzlun kaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum. Hefði það frv. orðið að lögum, þá væri engin þörf á að löggilda fleiri verzlunarstaði en nú eru löggiltir.

Viðvíkjandi því sem háttv. 6. kgk. (J. A. Hj.) sagði, að ábyrgðarfjelög skipa hefðu haft samtök um að taka eigi skip í ábyrgð til hinna nýlöggiltu verzlunarstaða, heldur að eins til hinna gömlu hafna, þá skil jeg ekki vel hina skynsamlegu hugsun þessara fjelaga, að taka skip í ábyrgð á hvern vog og vík t. d. á Eyjafirði, eins og h. þingm. sagði, að fjelögin nú gerðu, er þau vátryggðu skip til Eyjafjarðar, en þó ekki til Svalbarðseyrar eða annars nafngreinds staðar við Eyjafjörð. Ef fjelögin hafa gjört þessa ályktun, að ábyrgjast ekki skip til hinna nýju hafna, munu þau ímynda sjer einhvern ákveðinn verzlunarstað á Eyjafirði, er skipið sje í ábyrgð til að koma á, svo sem kaupstaðurinn sjálfur á Akureyri, og á Ísafirði kaupstaðurinn við Skutulsfjörð. Jeg er því hræddur um, að hjer fari citthvað í milli mála í frásögninni, og að raunin yrði sú, að et skipið strand-

aði annarsstaðar á höfn en á þessum áminnztu stöðum, t. d. við Svalbarðseyri, mundu fjelögin neita að greiða ábyrgðargjald. (*J. A. Hj.: Nei*). Hví skyldi þá vera nokkuð á móti því að hafa Svalbarðseyri löggilta, því að þá mundu fjelögin borga eins, þegar ábyrgðarstöðum er ekki fjölgað?

Jón A. Hjaltalín: Þótt þm. S-Þing. (B. Kr.) sjái ekki skynsama ástæðu fyrir því, að ábyrgðarfjelögin gjöra þetta, gjörir það ekkert til; hitt er mergurinn málsins, *hvort* þau *í sannleika hafa* þetta svona. Vjer getum naumast ímyndað oss, hversu mikil er vanþekking útlendinga á landi voru, hvort sem er í landafræði eða öðru. Fjelögin geta vel verið í efa um, að ábyrgjast skip til Svalbarðseyrar, af því að það er nýtt nafn, sem þau þekkja ekki, og vita ekki, að hún er á Eyjafirði, en Eyjafjörð þekkja þau að nafni, og fyrir því er ábyrgðin á skipunum gild um allan fjörðinn, ef enginn sjerstakur staður er tiltekinn. Jeg get því vel ímyndað mjer, að ástæður fjelaganna til ábyrgðarsynjunarinnar sje þekkingarleysi, og á sama stendur, hversu *vitlausar ástæður þeirra eru* fyrir synjuninni, ef það á annað borð er factiskt, að þau synji þess, að ábyrgjast skip til þessara tilteknu staða; og jeg hef enga ástæðu til að rengja þá menn, er sagt hafa frá þessu.

Jón Ólafsson: Jeg er samdóma háttv. 6. kgk. (J. A. Hj.) um það, að minnst er komið undir því, hvort ástæður ábyrgðarfjelaganna eru *skynsamlegar* eða ei, heldur hitt *hvort þau sannarlega hafa samtök um að neita* að ábyrgjast skip til þessara nýlöggiltu hafna. En jeg held, að það liggi ekki svo mikil þýðing í þessari neitun, og að hún sje ekki svo mikil grýla. Það er vitanlegt, að ábyrgðarfjelögin hafa reynt að hafa samtök eigi að eins viðvíkjandi ýmsum höfnum, heldur og líka í þá átt, að ábyrgjast ekki skip um vissan tíma árs. Þannig var það, að öll ábyrgðarfjelög bæði í Noregi og Danmörku neituðu að ábyrgjast gufuskip að vetralagi til Austfjarða hjer um árið; en hollenzk ábyrgðarfjelög tóku þá skipin í ábyrgð, ef til vill fyrir dálitið hærra ábyrgðargjald. En þegar vel gekk og útgerðarmenn fengu ábyrgð á sínum skipum hjá útlendingum, sáu ábyrgðarfjelögin í Noregi og Danmörku, að eins gott var að gjöra það sjálf, og fóru líka að gjöra það. Eins er líklegt að ganga muni með þessar nýlöggiltu hafnir, ef reynslan sýnir, að hafnirnar eru góðar. Aðalatriðið er því, hvort *þörf* er á að löggilda þessa verzlunarstaði eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti játa það, að jeg er eigi kunnugur þessum stöðum, sem hjer er farið fram á að löggilda; þeir mega það bezt vita, sem þar búa eða þar eru kunnugir, hver þörf á sjer hjer stað og mjer heyrðist háttv. 6. kgk. (J. A. Hj.) álíta, að þörf væri á Arngerðareyri, að minnsta kosti meiri þörf en á Haukadalsbót. Menn hafa opt sagt, að ávinningurinn við löggildingarnar væri eigi annar en sá, að fá þar vínsöluleyfi. En þetta er ekki rjett. Það minnkar mörg óþægindi og mikinn aukakostnað. Áður en skip geta nú komið á hinar ólöggiltu hafnir, þurfa þau að koma á einhverja löggilta höfn til þess að „klarera". En þegar höfnin er löggilt, þá hefur lögreglustjórinn þar umboðsmann. Skipið getur þá siglt beint þangað og þar við sparað stundum mjög mikinn og tilfinnanlegan kostnað, því að siglingin að óþörfu inn á aðra höfn getur valdið skipunum mikla tímatöf. Annað er það, að útlendir lausakaupmenn hafa ekki leyfi til að *flytja* á ólöggiltar hafnir þær vörur, sem þeir hafa selt á löggiltum höfnum, d. t. norskir timbursalar. Jeg veit ekki til, að slíkt sje þeim leyfilegt, enda þótt það ef til vill hafi gengið. Að minnsta kosti veit jeg dæmi til, að þeir hafa verið sektaðir fyrir

slíkt. Þetta bakar mjög tilfinnanlegan aukakostnað á flutningi á þungavöru t. d. kolum, salti, timbri o. fl. Það mundi greiða mjög fyrir, að geta fengið þá vöru beina leið frá útlöndum, í stað þess, að þurfa fyrst að fara inn á löggilta höfn til að „klarera“.

Jakob Guðmundsson: Það hefur orðið margrætt um Haukadalsbót áður hjer á þingi; sjálfur er jeg ókunnugur, hvernig þar hagar til, en hefi greitt atkvæði með málinu samkvæmt þeim ástæðum, sem kunnugir og áreiðanlegir menn hafa borið fram. Aptur er jeg fullkunnugur Arngerðareyri, og veit, að það yrði mikil hagsbót fyrir þær 2 sýslur, sem h. 6. kgk. (J. A. Hjaltalín) nefndi, ef þar yrði löggiltur verzlunarstaður. En Dalasýslubúar hefðu líka hag af því, að við það greiddust viðskipti þeirra við Ísfirðinga. Þessi verzlunarstaður yrði til þess að auka innlenda verzlun, en það munu flestir telja hag en ekki óhag; Ísfirðingum gæfist kostur á að afla sjer meiri sveitarvöru en nú er, *(Á. Ó.:* Svo?), já, því að verzlunarstaðurinn yrði einmitt millilíður milli Ísfirðinga og sveitabændanna; sveitabændurnir flyttu sveitavöru sína til Arngerðareyrar, og Ísfirðingar sjávarvöru sína, og þar færu fram vöruskipti þeirra; gætu menn haft þar umboðsmenn sína og þyrftu ekki annað en senda þeim vörurnar. Jeg verð að vera fastur á þeirri skoðan, að mikill hagnaður sje að því, að gjöra Arngerðareyri að löggiltum verzlunarstað.

Arnljótur Ólafsson: Það er nokkuð athugavert, það sem hinn heiðraði þm. Dal. (J. G.) sagði, og naumast hefur hann gjörskoðað málið. Í Stjórnartíðindunum þ. á. færir ráðgjafinn í brjefi sínu 11. júní 21. tölulið þá ástæðu fyririr synjun um löggilding verzlunarstaða, að mönnum vegni venjulega miður kringum þessa smáholukaupstaði. Það er eðlilegt, að svo sje, því að því nær sem maður býr kaupstað, þess hægra á hann með að fara þangað, og því optar fer hann þangað; hann flytur þangað allt, sem hann getur við sig losað, og tekur þar út svo mikið sem hann fær. Það kemur fram, sem h. þm. Dal. (J. G.) sagði, að landsmenn selja meira, en þó einkum að þeir kaupa meira; þeir láta í búðina hvern skilding, sem þeim innhendist: smjör sitt, ull og kjöt, líklega opt fyrir kaffi, kaffibætir, sykur, áfenga drykki og fleira þess konar. Vjer verðum að gæta að ástandinu, eins það er, og vjer verðum að setja lögin samkvæm þessu ástandi. Lögin verða því aðeins þjóðleg, — og það orð vona jeg að hafi góðan hljóm í eyrum háttv. þm. — að þau sjeu sniðin eptir hinu verandi eður sannarlega ástandi, en ekki eptir hugmyndum tómum, fyrir utan eða fyrir ofan ástandið. Ástandið hjá oss er nú svo, að landsmenn eru í sökkvandi skuldum við kaupmenn; þó vilja menn fá enn þá fleiri verzlunarstaði, og sökkva sjer með því enn dýpra í skuldasúpuna, og afla sjer stundum tækifæris á þennan hátt, að hlaupa frá skuld sinni á gömlu verzlunarstöðunum, en byrja nýja skuldaverzlun á nýju verzlunarstöðunum. Nú, á meðan menn eru að losast við skuldir, og á meðan verzlunin er að taka nýjar stefnur, bæði sveitaverzlun, pöntunarfjelög o. fl. að komast á, þá hygg jeg, að það sje rjettast, að lofa henni að ganga sinn gang, en binda hana ekki með lögum, að minnsta kosti þar sem engar sjerlegar ástæður eru til breytingar. Reynslan hefur sýnt, hvert gagn hefur orðið að þeim verzlunarstöðum, sem löggiltir voru 1879; verzlun er ekki, ef jeg man rjett, byrjuð á 15 af þeim stöðum. Þar höfum vjer þó farið oflangt. Þar hafa hægindaraddirnar dregið sjálfar sig og oss á tálar. Eigum vjer enn að nýju að skapa 15 kaupstaði, svo að vjer eigum 30 hægindakaupstaði á pappírnum, en engan þeirra í raun og veru? Jeg verð að játa það, að jeg sje

ekki, hvert gagn vjer getum haft af slíkum pappírs-kaupstöðum.

Jakob Guðmundsson: Jeg játa það, að misbrúka megi ofmikil hægindi og ofmiklar hægðir, og að verið geti ofmikil hægindi og ofljúfar hægðir, allt eins og oflítil hægindi og oftregar hægðir. En þegar svo er, þá er sjálfsagt að leita þeirra meðala, sem bezt eru fyrir heilsu og hag hvers einstaklings. Jeg veit, að háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) metur jafnan reynsluna mikils, en þá vildi jeg óska, að hann hefði ekki haft fyrir augum einstaka menn, heldur heil hjeruð; það eru mörg hjeruð, sem hægt eiga með að ná í kaupstað og aptur á móti heil hjeruð, sem afar-torsótt er úr til kaupstaðar. Svo er um alla Skaptafellssýslu; ættu því Skaptfellingar að búa betur en aðrir menn hjer á landi, af því að þeir búa fjær kaupstað en flestir aðrir. En nú er það viðurkennt, að ástand þar sje hið aumasta, þegar það er borið saman við landkosti sýslunnar. Þar hefur óhægðinni, að minnsta kosti meðfram, verið kennt um fátækt sýslubúa.

E. Th. Jónassen: Jeg leyfi mjer að fara fám orðum um það, er háttv. þm. Dal. (J. G.) hjelt því fram, að gjöra ætti mönnum sem hægast fyrir með að ná til kaupstaða, og að það væri ekki rjett, að þeim liði betur, sem byggju fjarri kauptúnunum. Dæmi það, sem þm. færði máli sínu til sönnunar, var mjög óheppilegt, því að jeg hygg, að það sje víst, að efnahagur manna sje til jafnaðar hvergi betri, en í Austur-Skaptafellssýslu. Það er satt, að hagur manna í Vestur-Skaptafellssýslu er erfiður; en til þess liggja eðlilegar orsakir aðrar en fjarlægð frá kaupstöðum. Þar hefur verið harðæri að undanförnu, eins og annarstaðar á landinu; ár hafa eytt jörðunum þar, og fleira hefur orðið til að hnekkja búsæld manna. Jeg hef sjálfur haft þá sorglegu reynslu, að góð hjeruð hafa orðið bláfátæk, er kaupstaður hefur komið þar upp. Þetta er sjálfsagt ekki því að kenna, að kaupstaður er stofnaður, heldur hinu, að Íslendingar kunna yfir höfuð — það eru þó til heiðarlegar undantekningar — ekki að hagnýta sjer kaupstaðinn; þeir eru allt árið að fara í kaupstað, ef hann er nálægur, og sækja þangað vörur, og eyða þannig fje sínu og tíma. Margir verzlunarstaðir dreifa og vörumagninu. Ef hægt væri að sjá svo um, að flutt væri til Arngerðareyrar að eins þungavara: korn, salt, timbur og þess háttar, þá væri það æskilegt; en af því að ekki er hægt að binda löggildinguna því skilyrði, þá get jeg ekki mælt með frv., með því að jeg álít, að sveitin mundi hafa meira ógagn en gagn af löggildingunni. Jeg er eigi heldur svo kunnugur þessum stað, að jeg viti, hvort þar sje gott verzlunarstæði eða eigi.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 atkv. móti 5.

Tíundi fundur, fimmtudaginn 14. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komin tilkynning um, að í nefndinni til að íhuga fátækrareglugjörð 8. jan. 1834 væri Sighvatur Árnason kosinn formaður, og L. E. Sveinbjörnsson skrifari.

Frumv. til laga með nokkrum ákvæðum um veð (C. bls 76 og nr. 31); 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg mundi við 2. umr. skýra og gjöra grein fyrir breytingum nefndarinnar á stjórnarfrv. Þessar breytingar eru í öllu verulegu orðabreytingar, og skal jeg nú taka þær eptir röð. Er þá fyrst að byrja á því, að í 1. gr. er orðinu leigur breytt í vexti; nefndinni fannst það orð eiga betur við, því að í venjulegu máli eru leig-

ur einkum hafðar um gjald eptir kúgildi á jörðum. Þá hefur nefndin og breytt í sömu gr.: „en aðvara skal hann áður veðsala í votta viðurvist“ í „en gjöra skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sje“. Þessi breyting var gjörð til að taka það skýrara fram, að meiningin sje ekki sú, að veðhafi þurfi sjálfur að gjöra veðsala aðvart í votta viðurvist. Í 2. gr. hefur nefndin breytt „óhapp“ í „vangæzla“. Eins og mörgum hjer í deildinni mun kunnugt, þá hafa það verið lög hjer, að ef handveð glatast, t. a. m. annaðhvort við eldsbruna eða af því að þjófar stælu því, þá hefur sá misst kröfurjett sinn, sem veðið hafði, en veðsalinn veð sitt. Sú breyting sem hjer er gjörð í frv. er annars til áður í lögum sem undantekning, svo sem um þjóðbankann í Kaupmannahöfn, landsbankann hjer og víðar. Nefndinni þótti orðið „óhapp“ eiga illa við, og alls ekki merkja sama og danska orðið „Ulykkestilfælde“, sem stendur í danska textanum, og breytti því greininni þannig: að rjettur veðhafa ekki skyldi vera undir því kominn, hvort það væri fyrir óhapp, að veðið glataðist, heldur skyldi hann missa kröfu sína, ef vangæzlu hans væri um að kenna, að veðið glataðist. Jeg skal skýra þetta með dæmi. Jeg hef úr að handveði, og jeg fer með það austur eða vestur á land; á ferðinni missi jeg úrið fyrir óhapp í á; þá ætla jeg veðhafi eptir stjórnarfrumvarpinu eigi ekki að missa kröfu sína; en þar sem jeg vandlega á að geyma veðið, og venjulega ekki má brúka eða nota það, þá á jeg, þegar svo stendur á og hjer með úrið, að missa kröfu mína, og álít jeg, að þetta sje samkvæmt núgildandi lögum, er þetta frumvarp alls ekki hefur að því leyti ætlað sjer að breyta.

Viðvíkjandi 3. gr. skal jeg geta þess, fyrir þá sem eigi eru löglærðir, að samkvæmt tilskipun 18. febr. 1847 10. gr. skal, þegar vextir af skuld, er ómyndugur maður á að heimta, eru eigi goldnir á rjettum tíma, í skuldabrjefinu ákveða, að höfuðstóllinn skuli þegar aptur tækur, og að ganga megi að veðinu og selja það án undanfarandi dóms.

Við fyrsta lið 4. gr. er ekkert að athuga; en annar liðurinn þótti nefndinni óljós. Þar stendur í stjórnarfrumvarpinu: „Enginn má framar selja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til sameiginlegra nota, og sem nefnt er einu almennu nafni“. Nefndin hugði, að meint væri með þessu búfje, bókasafn og þess konar. En eptir daglegri málvenju liggur þó beinast við að ætla, að „til sameiginlegra nota“ ætti við hluti, sem notaðir væru í sameiningu af fleirum. Til þess að taka ljósar fram þá þýðing, sem nefndin ætlaði að í frv. væri lögð í „til sameiginlegra nota“, þá hefur hún breytt því í „til samkynja notkunar“.

5. gr. er óbreytt eins og í stjórnarfrv.; en viðvíkjandi orðinu innstæða er þess að geta, að samsvarandi orð í danska textanum er „Inventarium“. Nú er það óvíst, hvort innstæða er rjett þýðing á því orði, því að venjulega er innstæða haft um kúgildi á jörðum. Þó munu líka sumstaðar vera kallaðir innstæða munir, sem fylgja jörðum, t. a. m. sumum prestsetrum svo sem uppbúin rúm o. fl. Hið eina nýja ákvæði í þessari grein er um heyforða. Það geta verið skiptar skoðanir um, hvort hyggilegt sje að leiða í lög, að veðsetja megi heyforða með jörðum. En það mun sjaldan koma fyrir, og einungis þegar eigandinn situr á jörðinni. Jeg sagði, að það gæti verið vafasamt með veðsetning heyforða, því að bæði Grágás og Jónsbók taka það fram, að eigi megi flytja hey af jörðu; er það auðsjáanlega gjört til þess, að jörðin missi ekki áburðinn, og fari í órækt fyrir þá sök. Þó áleit nefndin ekkert á móti því, að hafa þessa ákvörðun, einkum

með tilliti til þess, að veðsala gæti komið vel, að geta fengið fyrir það meira fje að láni en ella.

Í 6. gr. hefur nefndin sett verkefni í stað tilfærur; er það auðsjeð, þegar borið er saman við dönskuna, að það orð á betur við. Við 7. gr. hefur nefndin engar breytingar gjört. Í byrjun 8. gr. stendur „Sjálfsvörzluveð verður að engu". Þetta þótti nefndinni ekki gott mál, og naumast rjett hugsun, og breytti hún því setningunni, eins og sjá má af hinu endurprentaða frv. Niðurlagi greinarinnar hefur nefndin líka breytt; en við nákvæmari íhugun hefi jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettara sje að miða ógilding veðbrjefa við það, að það sje dagsett 8 vikum áður en bú veðsala var tekið til skipta sem gjaldþrota, en við, að það sje dagsett 8 vikum áður en hann varð gjaldþrota, og mun jeg vera fús til að breyta til í þá átt, því að sú ákvörðun er minni vafa og misskilningi undirorpin. Að svo stöddu hef jeg ekki fleira að segja málinu til skýringar.

Landshöfðingi: Það gleður mig að sjá, að nefndin hefur í öllu verulegu fallizt á frv. stjórnarinnar, því að breytingar hennar eru, eins og háttv. framsögumaður (L. E. Sv.) tók fram, flestar málbreytingar, en eigi efnisbreytingar. Jeg get því yfir höfuð fallizt á þær. Það eru að eins tvö atriði, sem jeg vildi taka fram. Viðvíkjandi 5. gr. skal jeg geta þess, að það getur verið nokkuð vafasamt, hvort hinn upphaflegi tilgangur frv. næst með því, að hafa orðið innstæða og búfje; því að mjer er kunnugt, að þegar frv. var samið, þá var til ætlazt, að orðið innstæða næði ekki að eins yfir kúgildi, heldur og þau áhöld, sem nauðsynleg væru til þess að búið yrði á jörðinni, og sjerstaklega þau hús, sem nauðsynlegt væri að jörðinni fylgdu, þótt, eig væru þau öll jarðarhús; því að einatt fylgja eigi nægileg jarðarhús jörðu, til þess að ábúð geti verið þar góð, og viðtakandi verður opt að kaupa hús af fráfarandi. Meiningin var, að orðið næði yfir allt þetta. Jeg skal játa það, að það er erfitt að fá orð sem nær þessu öllu, og samsvarar danska orðinu „Inventarium"; en mjer er það eigi heldur ljóst, hvort h. deild vill hafa greinina eins yfirgripsmikla, eins og til var ætlazt af stjórnarinnar hálfu. Jeg er samdóma h. framsögumanni (L. E. Sv.) um það, sem er tekið fram í 8. gr., að ekki sje heppilegt að miða ólöggilding veðbrjefs við gjaldþrotstímann. Það getur vel komið fyrir, að skuldheimtumaður krefjist, að veðbrjef sje gjört ógilt, af því að það hefur ekki verið dagsett fullum 8 vikum áður en sá, sem gaf það, varð gjaldþrota, þ. e. efnahagur hans orðinn svo bágur, að hann átti ekki fyrir skuldum. Þetta getur valdið vafningum, enda miklum erfiðleikum bundið, að segja með vissu, hvenær veðsali *varð* gjaldþrota í þessari merkingu orðsins; en hinsvegar er ávallt hægt að miða við þann tíma, er hann var *lýstur* gjaldþrota; því held jeg, að heppilegra sje, að niðurlagi 8. gr. sje haldið óbreyttu eins og það er í stjórnarfrv.

Jón A. Hjaltalín: Það eru að eins fáar orðabreytingar, sem jeg vildi óska að gjörðar væru á frv.: breytingar á orðum, sem annaðhvort geta verið háð misskilningi eða óeðlileg eru á íslenzkri tungu; skal jeg þá fyrst geta þess, að fyrirsögn frv. „Frumvarp til laga með nokkrum ákvæðum um veð", lætur illa í eyrum. Í 4. gr. stendur, „að selja sjálfsvörzluveði"; þetta orðatiltæki er ósamkvæmt almennri málvenju; að selja táknar venjulega, að láta einhvern hlut af hendi og fá hann öðrum til eignar gegn gjaldi. Betur færi, að hafa í þess stað: „setja", eða „veita". Jeg vildi og helzt, að skýrara væri kveðið á með, hvað táknað væri með „safni af munum, sem eru samkynja, eður ætlaðir til sam-

kynja notkunar og einkenndir eru með einu almennu nafni". Almenningur skilur ekki, hver meining er í þessu, en það er ekki rjett af oss, að semja þau lög, sem almenningur skilur ekki, eða greiða atkvæði með því, sem vjer skiljum eigi sjálfir, eða þykjumst eigi skilja, en jeg verð að játa, að mjer er ekki ljóst innihald þessarar setningar, eins og hún kemur hjer fyrir. Hið sama er að segja um orðið „innstæða", ef í því á að liggja það sem háttv. ldsh. tók fram: ekki að eins kúgildi jarðar, heldur og hús og áhöld. Jeg veit það er almenn venja á Englandi, að skjóta inn í klausum neðanmáls til skýringar einstökum orðum eða setningum; eins gætum vjer farið hjer að, og t. d. sett skýring á, hvað táknað væri með orðinu innstæða í lögum þessum. Þetta bið jeg nefndina að taka til íhugunar áður en málinu lýkur.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Hvað fyrirsögnina snertir, þá vil jeg skora á h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) að hjálpa nefndinni um aðra betri; hún hafði hugsað um fyrirsögnina, en ekki fundið heppilega breyting á henni, og mun hún taka þakklátlega góðum bendingum í þá átt. En hjer er þess að gæta, að í frv. er að eins að ræða um einstöku ákvæði um veð. Það getur verið, að hvert mannsbarn á Íslandi skilji ekki, hvað meint sje með safni af samkynja munum, en hver hugsandi maður mun þó skilja það, og þótt einhver skildi það ekki, hvað átt væri við með „safn af samkynja munum", ef það stæði út af fyrir sig, þá mun hann skilja það, þegar á eptir kemur: „eða ætlaðir til samkynja notkunar". Flestir sem eitthvað ætla að veðsetja munu og leita upplýsinga hjá sjer snjallari mönnum, ef þeir eru í einhverjum vafa. Og víst er það, að lögfræðingar munu eigi vera í vafa um, að safn af samkynja munum sje það, sem á dönsku er kallað „Indbegreb af Ting". En nefndin mun þó fús að breyta til, ef þingdeildin álítur að hjer þurfi skýringar við. Jeg játa það, að „innstæða" er hjer óljóst orð, og víst er það, að það getur ekki þýtt það, sem hæstv. ldsh. sagði að ætlazt hefði verið til að það þýddi; það getur ómögulega þýtt hús og öll þau áhöld, sem þarf til að vinna jörðina. Danska orðið „Inventarium" er mjög yfirgripsmikið. En ekki mun venja, að amboð, t. d. ljáir og orf, fylgi jörðum í Danmörku; aptur á móti var það, að minnsta kosti, ef mig minnir rjett, með eldslökkviáhöld. Jeg skal með ánægju breyta hjer til eða leitast við að skýra þetta, svo það verði ekki misskilið; en þegar nefndin ræddi málið, fann hún ekkert orð, sem einmitt næði yfir þá hugsun, sem hjer liggur til grundvallar. En satt að segja áleit nefndin eigi, að átt væri við fleiri hús en jarðarhús.

Jón Ólafsson: Af því að mjer heyrðist h. framsögumaður (L. E. Sv.) vilja láta það vera komið undir dönskunni, hvort breyta skyldi eða ekki, þá er jeg á sama máli og h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), að breytinga sje þörf. Sjerstaklega vil jeg að breytt sje fyrirsögn frv., því að hún er næsta andhælisleg eptir íslenzku máli. Að vísu er það satt, að hjer er ekki að ræða um almenn ákvæði um veð, en eigi að síður mundi mega orða fyrirsögnina þannig: „Frumvarp til laga um veð". Hvað 5. gr. snertir, þá mun orðið innstæða ómögulega geta átt þar við, ef það á að þýða sama og danska orðið „Inventarium". Það getur verið, að torvelt sje að finna orð alveg samsvarandi inventarium, en betra orð má þó sjálfsagt finna en innstæða, því að jeg þekki orðið innstæða í merkingunni höfuðstóll (*L. E. Sveinbjörnsson:* Og sem kúgildi); þar er kúgildi skoðað sem arðberandi höfuðstóll. Að minnsta kosti þekki jeg ekki, að sú þýðing geti falizt í því, sem hjer á

að vera, og verð því að óska hins sama og h. kgk. þm. (J. A. Hj.), að þessu orði sje annaðhvort breytt, eða betri skýring gjörð á því.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Ef h. deildarmenn vilja koma með breyting í þessa stefnu, þá mun nefndin taka henni fúslega.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil gjarna óska, að h. nefnd komi inn í frv., svo ljóst sje, því sem h. hæstv. ldsh. tók fram, að sjeð verði, að ekki sje að eins átt við jarðarhús, heldur og önnur nauðsynleg hús á jörðinni. Aptur þykir mjer ísjárvert, að nefna til heyforða, sem jörðu fylgi; jeg á ekki við þann heyforða sem þarf til að framfleyta fjenaði á jörðu vetrarlangt, heldur afgang af heyi. Það álít jeg næsta óheppilegt að maður megi ekki hjálpa öðrum útí frá um hey, þegar þeir eru í vandræðum, og ekki liggur annað fyrir en að þeir felli fjenað sinn.

Landshöfðingi: Jeg ætla að geta þess, að það mun hafa komið fram nokkur misskilningur hjá h. þm. Dal. (J. G.). Í frv. stendur: „rjett er svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti". Meiningin er sú, að ef að því skyldi koma, að skuldheimtumaður þurfi að leita rjettar síns, þá nái veðið einnig til heys þess, sem þá er á jörðunni. En á meðan allt er í reglu, þá hefur jarðarábúandinn fullan rjett á heyi sínu. Veðbandið hindrar ekki frjáls umráð veðsala yfir heyforða sínum, meðan hann stendur í skilum við landsdrottinn sinn; en ef veðhafandi neyðist til að leita borgunar á láni sínu af veðinu, þá nær veðbandið til alls þess heyforða, sem þá er á jörðinni, og eptir þeim lögum, sem nú gilda um ábúð og úttekt jarða, þá er sjálfsagt að bjóða upp með jörðu, en ekki sjerstaklega, þann heyforða, sem á henni er, þegar hún er seld.

Benidikt Kristjánsson: Sem einn af nefndarmönnum skal jeg leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir. Jeg skal játa það, að fyrirsögnin er óheppilega orðuð, en nefndin hjelt henni óbreyttri af því, að hún fann ekki þau orð, sem beinlínis ættu betur við. Ef hinni háttv. þingd. þykir betra að hafa: Frv. til laga um veð, þá er mjög hægt enn að koma þeirri breytinu að; en eins og h. háttv. framsögum. (L. E. Sv.) sagði, sýnist nefndinni þau orð ekki heppilegri, með því að í þessu frv. eru að eins fáeinar ákvarðanir um veð, en tæmir alls eigi það efni á nokkurn hátt. Hinn hæstv. landshöfðingi hefur bent hinum háttv. þm. Dal. (Jak. G.) á, að þessi ákvörðun um heyforðann er öldungis ekki óeðlileg. Jeg vil bæta því við, að það er heppilegt ákvæði og í hag lántakanda, að heyforðinn geti fylgt með í veðinu, fyrst fjenaðurinn sjálfur fylgir með, því að það liggur í augum uppi, að veðið þannig, að því er til fjenaðar kemur, mundi, ef til kæmi, seljast langt um hærra verði, heldur en ella, ef salan t. d. þyrfti fram að fara um hávetur.

Að því er snertir orðið *inventarium*, er jeg samdóma hæstv. landshöfðingja um það, að æskilegt væri að tilsvarandi orð í íslenzka textanum næði til húsa þeirra, sem auk jarðarhúsanna eru á jörðinni. En jeg er hræddur um, að amboð og kláfar og önnur búsáhöld yrðu almennt lítilfjörlegt veð; en aptur á móti gæti verið mikill hagnaður fyrir veðsetjandann, að geta fengið sem mest út á eigur sínar, ef svo stendur á fyrir honum, að hann þarf að halda á miklu láni; og hygg jeg vel til fallið að styðja hann til að geta ríflað veð sitt, þótt að litlum mun sje. Jeg ætla, að ákvæðum frumvarpsins á þessum stað hafi ráðið útlendar ástæður, því að í Danmörku mun standa öðruvísi á í þessu tilliti en hjá oss. En jeg get ekkert sjeð á móti því, að rýmkaður sje

með þessu veðsetningarrjetturinn; því að slíkt er í hag lántakanda.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð líka að leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd við 5. gr. Í upphafi gr. stendur: Þegar *jörð* er sett að veði o. s. frv. Hjer er ekkert tekið fram, hvort eigandinn sjálfur býr á jörðinni eða leiguliði. En auðsætt er, að ákvæði greinarinnar geta ekki átt við, þegar leiguliði býr á jörðinni, því að hann á þá mestan hlut búfjárins, þ. e. allt nema kúgildin, hann á innstæðu og heyforða, og getur því eigandinn ekki veðsett hans eign sem sína eign. Jeg vil því bæta inn í nokkrum orðum, og orða upphaf greinarinnar þannig: þegar jörð er sett að veði, *sem eigandi býr á sjálfur*. Mjer finnst og rjett, að bætt sje inn í skýrandi orðum, eða í stað „*innstæðu*", verði sett kúgildi, jarðarhús, og enda búshlutir. Með þessum hætti eða einhverju því líku yrði gr. mjög skiljanleg.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg get fyrir mitt leyti vel fallizt á það, sem háttv. 5. kgk. (A. Ó.) hefur sagt um 5. gr.; það getur ekki sakað, þó þessum skýrandi orðum yrði bætt inn í hana, jafnvel þó jeg álíti, að ekkert tjón geti af hlotizt, þótt hún stæði eins og hún nú er.

ATKVÆÐAGR.:

1. Breyt.n. við 1. gr. samþ. í e. hlj. 1. gr. frv. þarmeð fallin
2. — - 2. - — - - - 2. - - — —
3. — - 3. - — - - - 3. - - — —
4. — - 4. - — - - - 4. - - — —
5. — - 5. - — - - - 5. - - — —
6. — - 6. - — - - - 6. - - — —
7. — - 7. - — - - - 7. - - — —
8. — - 8. - — - - - 8. - - — —

Frv. þannig orðað samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um þeginn sveitarstyrk (C. bls. 71 og nr. 50); frh. 1. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Háttv. þingm. munu hafa álit nefndarinnar fyrir sjer, og sýna tillögur hennar, að hún hefur ráðið til að samþ. frv. með þeim fáu breyt., sem teknar eru fram í nefndarálitinu. Mönnum er kunnugt, að fram hafa komið almennar umkvartanir yfir því, í hve miklum vandræðum sveitarstjórnirnar opt eru út úr þurfamönnum, og að nauðsyn beri til að setja lög, er hjálpi sveitarstjórnum til að ráða bót á þessu. Menn hafa kvartað um, að þurfamenn, sem þiggja sveitarstyrk, brúki ekki aðeins styrkinn opt misjafnlega, heldur sólundi líka því, sem þeir sjálfir eiga og heimti svo æ meira og meira af sveitinni. Ennfremur, að þurfalingar sjeu opt ekki ráðþægnir, nje þægir að ganga í vinnu, sem sveitarstjórar vísa þeim á, en sveitarstjórnin hefur hingað til ekki haft vald nje myndugleika til að þröngva þeim til þess. Úr þessum göllum er nú bætt í þessu frv., og hefur því nefndinni ekki getað blandazt hugur um, að ráða þingd. til að samþ. frv.

Af nýmælum þeim, sem í frv. eru, skal jeg nefna endurborgun á fengnum sveitarstyrk. Hingað til hefur það verið mjög örðugt fyrir sveitarfjelögin, að fá endurborgaðan sveitarstyrk hjá mönnum, er þegið hafa, jafnvel þó þeir seinna hafi komizt í þau efni, að borgun hafi verið þeim möguleg, því þeir hafa stundum neitað að borga og þá hefur borgun ekki getað fengizt fyrri en úr dánarbúi þeirra, sem þá opt hefur verið um seinan, því að þá hafa efnin verið farin. Það má einnig telja með kostum frv. þau ákvæði þess, að enginn getur nú framar stokkið af landi burt án þess að sjá vandamönnum sínum, sem eptir eru, og ekki eru sjálfbjarga, borgið að minnsta kosti 3 ár á eptir. Menn geta máske sagt, að slík ákvæði hafi ekki í verunni mikið að þýða, þar sem þeir menn, sem eru svo illa innrættir að þeir fara af landi burt að eins til að komast hjá að standa straum af þurfandi vandamönnum sínum, jafnaðarlega geti komið svo ár sinni fyrir borð, að ekki sje hægt að

framfylgja þessum ákvæðum gegn þeim eða að sveitarstjórnirnar ekki geti haft hendur í hári slíkra manna. En yfir höfuð má þó svo álíta, að þessi ákvæði sjeu betri en ekki. Fyrir breyt. þeim, sem nefndin hefur gjört við 6. og 7. gr. frv., eru færðar ástæður í sjálfu nefndarálitinu, og álít jeg því ekki þurfa að sinni að fara út í þær.

Jeg vona, að þetta mál, sem er áhugamál fyrir þjóðina, fái góðan byr hjá h. háttv. þingd.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi (C. bls. 74 og nr. 55); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá almennu athugasemd við meðferð nefndarinnar á þessu frv., að nefndin hefur alveg leitt hjá sjer spurninguna um rjett manna til að fiska í landhelgi, en snúið sjer eingöngu að atvinnunni sjálfri, og kveðið svo á, að þeir, sem rjettarins til fiskiveiða njóta til jafns við landsmenn, verði og að taka með þeim þátt í byrðunum. Að þessu lúta þær breyt., sem nefndin hefur gjört á frv. Nefndin hlaut að álíta, að hjer væri með þessa menn eins ástatt og með kaupmenn, er hafa verzlun sína hjer á landi, og verða að gjalda til sveitar, og gætu því þeir, er fiska í landhelgi, heldur ekki komizt hjá þessari skyldu. Jeg hef tekið þetta fram til þess að fyrirbyggja allan miskilning á meðferð nefndarinnar á frv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja (15, 54); frh. 1. umr.

Framsögumaður (J. A. Hjaltalín): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frv. þetta. Háttv. þingdm. muna eptir hinu frv., er nefndin var kosin til að athuga. Nefndin hefur breytt því nokkuð og eru breytingarnar auðkenndar með skáletri í nefndarálitinu, og hyggur nefndin, að frv. sje nú orðið nokkru aðgengilegra en áður, með því að ýmislegt í þessu frumvarpi er skýrara tekið fram en áður í lögum. Jeg vona að frv. fái að ganga til 2. umr. og mun mönnum þá gefast kostur á, að ræða hinar einstöku greinar, og skal jeg þá að svo stöddu ekki fara fleirum orðum um frv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að íhuga 37. gr. laga 14. sept 1877 um fæðispeninga og ferðakostnað alþingismanna (56); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþ. í einu hljóði.

Ellefti fundur, föstudag 15. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um löggilding Arngerðareyrar (43, 63); 2. umr.

Jón Ólafsson: Jeg er kenndur hjer við breytingartillögu, sem fer fram, á að orða löggilding þessa staðar nokkuð öðru vísi en venja hefur verið til. Jeg hef allt af á þingi verið því hlynntur, að landsmenn fengju löggilta verzlunarstaði þar sem þess hefur verið beiðzt, og þar sem ekki hafa verið sjerlegir örðugleikar á að koma við nauðsynlegu eptirliti. En af því að jeg hef orðið var við, að menn hafa svo mjög sett fyrir sig það tjón og efnamissi, sem menn yrðu fyrir í nánd við nýja kaupstaði, einmitt af því, að nábýli kaupstaðanna yki kaup áfengra drykkja, þá hefi jeg, til að koma í veg fyrir þetta, komið með breytingartillöguna; því að það er

sjálfsagt, að ef nokkur ástæða er til að ætla, að efnahagur manna verði bágborn-ari við það, að verzlunarstaður kemur upp í nágrenni við þá, þá mun það helzt vera sú, að víndrykkja aukist þar. Þótt breytingartillagan komist fram, þá bætist allt eins vel úr þeim örðugleikum, sem eru á því að flytja að sjer alla nauðsynja- og þarfavöru, einkum þungavöru, um langan veg, og eins verður hægra fyrir þá, sem reka þar verzlun, með vöruflutninga þangað beint til sín en áður, því að skip-in geta farið beint þangað, án þess að þurfa að fara fyrst inn á aðra löggilta höfn, til þess að verða afgreidd þar. En það getur opt valdið skipunum töf og kostnaði. Jeg vona að þessi tillaga mín geti nokkurn veginn fullnægt þeim, sem verið hafa á móti löggilding nýrra verzl-unarstaða, en jeg vona líka að hún geti jafnframt fullnægt þeim, sem um löggild-inguna biðja, nema ef tilgangur þeirra er sá *einn*, að gjöra sjer hægra fyrir með kaup áfengra drykkja, og álít jeg ekki rjett að styðja að því, að þeir geti náð *þeim* tilgangi.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef í raun og veru ekki á móti breytingartillögunni. En þó finnst mjer, að ef frv. er samþykkt með breytingunni, þá verði það í ósam-kvæmni við frv., sem áður hafa verið sam-þykkt um löggilding verzlunarstaða, og þegar nú er líklega komið undir vertíðar-lok með löggilding verzlunarstaða, þá finnst mjer þessi viðbót því heldur óvið-eigandi og óþörf. Jeg segi undir vertíð-arlok, af því að frv. þetta mætti við 1. umr. töluverðum andróðri hjer í deild, og af því að jeg sje líka, að stjórnin hefur breytt nokkuð stefnu frá fyrri tíð í sams konar málum. Menn hafa haft það á móti löggilding nýrra verzlunarstaða, að það spillti velmegun í nágrenni þeirra. Ef það er satt, þá væri það töluverð ástæða til mót-mæla, þótt eigi sje víst, að hún væri full-nægjandi. Jeg hef að vísu ekki mikla reynslu fyrir mjer í þessum efnum, en mín litla reynsla hefur eigi bent mjer á, að þessi ástæða sje á gildum rökum byggð. En hitt getur verið, að í kringum kaup-tún safnist menn, sem ekki hafa getað bjargað sjer annarstaðar. En þegar þeir hafa komið í grennd við kauptúnið, þá hafa þeir bjargazt betur en à meðan þeir voru lengra burt, þótt hagur þeirra eigi sje góður. Ef þetta er rjett athugað, þá fellur í burt sú ástæða, að kauptún hafi í för með sjer búsældarhnekki fyrir ná-grennið. Menn hafa líka sagt, að ofdrykkja og skuldir færu vaxandi í grennd við kaup-tún, af því að menn ættu svo hægt með að sækja til verzlunarinnar; ef landsmenn eru fáráðlingar og þurfa að gjörast ómynd-ugir og hafa fjárráðamenn, þá getur sú á-stæða verið gild og góð. En jeg held, að reynslan sýni, að menn sjeu einatt minna skuldugir í kringum kaupstaði en lengra burt. Það getur að vísu verið meðfram af því, að þeir hafi minna lánstraust; en það er líka óefað af því, að þeir geta smá-flutt í kaupstaðinn það, sem til fellur, og skamta sjer líka þarfirnar eptir því. Jeg efast um, að kostnaður við margar og stuttar kaupstaðarferðir verði meiri en við langar og fáar, því að þar sem um langan veg er að sækja í kaupstað, þá getur flutningur á allri þungavöru orðið eins dýr og varan sjálf. Þá hefur það verið borið fram, að löggilding nýrra verzl-unarstaða hnekkti verzlunarmagninu og dreifði verzluninni. Þetta er bezta ástæða, ef menn vilja fá upp verzlunareinokun. Ef verzlunarstaðirnir eru fáir, þá getur það að vísu verið, að fleiri kaupmenn safnist á hvern stað; en þá dreifist verzlunin al-veg eins og þó fleiri verzlunarstaðir komi upp með fáum kaupmönnum á hverjum. Jeg veit dæmi til, að þar sem verzlun hef-ur verið mikil á einum stað, þar hefur kostnaður verið eins mikill að tiltölu og

við minni verzlun; því að það hefur komið fyrir, að svo margir verzlunarþjónar hafi verið í einni búð, að þeir hafi tafið hver fyrir öðrum. Ef hjer væri sjerstaklega að ræða um að hlynna að innlendum kaupstöðum, sem verja verzlunarágóða sínum inni í landinu, þá gæti verið öðru máli að gegna með löggildingar; en því miður er það ekki svo. Mjer finnst ekki vera farið fram á annað, en að taka burt óeðlileg og ónauðsynleg bönd. Að draga verzlunina saman á einn stað, mundi einmitt sljófga verzlunardugnaðinn, af því að þá þyrfti kaupmaðurinn minna að reyna á atgerfi og hæfilegleika sína; en það er alkunnugt, að viðurkeppni eykur dáð og dugnað viðurkeppenda. Enn er sú ástæða færð á móti löggilding nýrra verzlunarstaða, að margir verzlunarstaðir hafi verið löggiltir nú á síðari árum, þar sem engin föst verzlun hafi komizt á. En munu ekki sumir af þeim, sem báðu um löggilding kauptúna, hafa haft það á bak við eyrað, að þá mundu þeir geta fengið þangað lausakaupmenn, og vakið þannig verzlunarkeppni, svo að löggildingar-tilganginum yrði að minnsta kosti að miklu leyti náð, þótt eigi kæmust þar á fastar verzlanir?

ATKVÆÐAGR.: Frumv. óbreytt (43) samþykkt með 6 atkv. gegn 4.

Viðaukatill. (63) fyrst felld með 5 atkv. gegn 5. En sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var nafnakall viðhaft, og sögðu þessir *já:*

Jón Ólafsson.
Arnljótur Ólafsson.
Jón A. Hjaltalín.
Sighvatur Árnason.
Skúli Þorvarðarson.

nei:

Benedikt Kristjánsson.
E. Th. Jónassen.
Friðrik Stefánsson.
Jakob Guðmundsson.
Júlíus Havsteen.
L. E. Sveinbjörnsson.

Var þá viðaukatillagan felld með 6 atkv. gegn 5.

Síðan var frv. sjálft fellt frá 3. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frumv. til laga um löggilding Haukadals (42, 64); 2. umr.

Jón Ólafsson: Jeg hef komið fram með sömu viðaukatillögu við þetta frv., sem hið fyrra, og af sömu ástæðu; jeg *gat* ekki greitt atkvæði með því frumv. eptir að viðaukatillagan var felld; af sömu ástæðu get jeg ekki greitt atkvæði með þessu frv. óbreyttu. Jeg hef ætíð verið hlynntur því, að menn fengju fram vilja sinn með löggilding verzlunarstaða, þar sem þörf hefur verið; en ef jeg sje, að þeir *vilja ekki þiggja* löggildinguna nema þeir megi hafa þar *vínsölu*, þótt þeir fái að verzla þar með allar aðrar vörur, þá er auðsætt, að það er *að eins* brennivínskaupahægðin, sem þeim er um að gera, og *ekkert annað*, og get jeg ekki verið með *slíkum* löggildingum, og mun jeg greiða atkvæði móti þessu frv., og *jafnan* gegn *öllum* öðrum slíkum frv., sem *ekki* útilykja verzlun með áfenga drykki.

ATKVŒÐAGR.: Frv. óbr. samþykkt með 6 gegn 5 atkv.

Viðaukatillagan samþ. með 6 gegn 5 atkv.

Frv. þannig breytt samþ. og vísað til 3. umr. með 6 gegn 5 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum um aðra skipun læknahjeraða (24, 57); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Þegar nefndin kom saman til að íhuga þetta mál, þá kom henni saman um að taka til íhugunar skipun fleiri læknahjeraða, en í fyrstu lá fyrir henni. Jeg hafði ekki beinlínis á móti þessu, því að þótt

jeg áliti brýnasta þörf á að fá lækni skipaðan í mitt hjerað, þá vissi jeg líka, að annarsstaðar er brýn þörf á hinu sama. Og af því að jeg vona, að frv. verði ekki fellt í heild sinni, eins og það liggur nú fyrir, þá gekk jeg inn á, að tekið væri upp hið gamla frumv. frá 1885, um nýja skipun á læknahjeruðum. Í því er farið fram á, að bætt sje við 6 nýjum læknahjeruðum, svo að þau verði alls 26, í staðinn fyrir að nú eru þau 20. Það er gjört ráð fyrir, að þessir 6 nýju læknar fái hver um sig 1500 krónur í laun á ári, eða að með þessu verði gjöld landssjóðs hækkuð um 9000 kr. á ári. Nú vitum vjer, að ákveðið hefur verið að aukalæknir með 1000 kr. launum skuli vera í 4 af hinum nýju læknishjeruðum, og sjálfsagt mun bráðum beðið um aukalækna í hinum 2. Þegar þessir 6 aukalæknar eru komnir, þá fá þeir 6000 kr. í laun, svo að munurinn verður þá ekki orðinn nema einar 3000 kr., og það er enginn hræðilegur byrðarauki fyrir landssjóð. Nefndin hjelt að eigi mundi á annan hátt, en hjer er farið fram á, bætt úr hinni brýnu þörf landsmanna; jeg segi hinni brýnu þörf; því að það blandast víst engum hugur um, hver þörf það er, að sjá heilsu og lífi manna borgið. Þó þörf sje á öllum embættismönnum, þá mun alþýðu finnast einna brýnust þörf á læknum, einkum þegar háskaleg slys ber að höndum. Jeg skal geta þess, að kunnugur maður í Nd., 2. þm. Norð-Múlas. (Þ. K.), hefur mælzt til við mig, að jeg bæri fram breyting á takmörkun 17. og 18. læknishjeraðs. Uppástunga hans var, að hentugra væri að læknishjeruðunum væri skipt eptir hreppum en eptir kirkjusóknum, en jeg mun tala nákvæmar um þetta við 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að beina einni almennri spurning að háttv. þm. Dal. (J. G.), og hún er sú, hvort það sje tilgangur hans, að gjöra læknaskipan nægilega um land allt, og eins hitt, hvort með því mundi öll læknahjeruð gjörð hæfilega stór. Jeg má ekki nefna einstök dæmi, en skal að eins benda háttv. framsögumanni á 9. tölulið, og leyfa mjer að spyrja hann að, hvort hann álíti það læknisdæmi hæfilegt í samanburði við önnur læknishjeruð, sem hann þekkir á Suðurlandi og á Vesturlandi.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Jeg ætla að hvorki hafi þeim sem frumv. sömdu 1885, nje heldur nefndinni nú þótt nógu langt farið, en að þeim hafi þó þótt breytt til bóta, því að fyrri er bati en albati sje. Jeg er ekki svo kunnugur um allt land, að jeg geti sagt um, hvort öll læknisdæmin sjeu hæfilega ákveðin; enda mun erfitt að hnitmiða þau svo niður, að engin ójöfnuður kunni að finnast. En efalaust er það, að ef þetta frv. fær framgang, þá er mikil bót fengin.

Sighvatur Árnason: Jeg vil fyrir mitt leyti vera þessu máli hlynntur, því að jeg álít það mjög áríðandi fyrir alla, enda mun enginn neita að svo sje. En viðvíkjandi því, er háttv. 5. kgk. (A. Ó.) hreifði því, hvort læknahjeruðum mundi vel skipað eða þau haganlega aðgreind, og tók til dæmis 9. tölulið, þá er hjer enn nægur tími til stefnu, ef háttv. þingdm. vilja annaðhvort leiðbeina nefndinni eða koma fram með breytingar. Það vakti fyrir mjer, þegar jeg vann með nefndinni, að nokkuð lengi mundi verða við það að búa, sem nú yrði gjört í þessu máli, og að ekki þyrfti þá að hringla við það svo fljótt aptur, ef nú kæmist það fram, sem nefndin leggur til. En ef nú væri tekið að eins eitt eða tvö af aukalæknahjeruðunum, þá er auðvitað, að málið mundi fljótt koma inn á þing aptur. Af því að mjer er þetta mikið áhugamál, þá óska

jeg, að menn leiðbeini því sem bezt, og veiti því sem beztar undirtektir.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkvæðum.

Frumv. til laga um verzlun lausakaupmanna (60); 1. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Kristjánsson): Háttv. þingd. er kunnugt um, að þetta frv. er ekki nýtt; það kom fram á þingi 1885, og man jeg ekki betur, en að það hefði góðan byr í þessari deild. En þess hvassari mótvind hafði það í hinni háttv. neðri deild, enda mátti það ganga í gegnum alla þá hreinsunarelda, sem til eru á þingi, og týndist síðast í sameinuðu þingi. Þetta frv. stendur ekki beinlínis í sambandi við frv. um löggilding verzlunarstaða, heldur er það sjerstakt og hefur talsverða þýðingu út af fyrir sig. Menn vita, að lausakaupmenn geta verzlað á höfnum án eins mikils tilkostnaðar og hinir föstu kaupmenn verða að hafa. Af því ætti það að leiða, að þeir gætu selt hina útlendu vöru með lægra verði en hinir föstu kaupmenn, og jafnframt gefið hærra verð fyrir hina innlendu vöru. Í öðru lagi gæti þetta frv., ef það yrði að lögum, ljett fyrir sveitaverzluninni. Vilji einhver fjarri hinum föstu verzlunarstöðum byrja sveitaverzlun, þá mundi honum kostnaðarsamt að flytja að sjer vörur, hvort sem væri á landi eða sjó á opnum skipum, því að ekki mundu fastakaupmenn fúsir að lána skip sín til þeirra flutninga. En jeg hygg, að lausakaupmenn mundu þá opt vilja selja sveitaverzlunum vöruleifar sínar, afganginn af farminum, og mundi það verða til hagnaðar fyrir báða; svo og má gera ráð fyrir, að lausakaupmenn taki að sjer að kaupa og flytja varning fyrir sveitaverzlunarmenn.

Þótt þetta frv., sem fyr var sagt, sje sjálfstætt og standi ekki í neinu beinu sambandi við löggilding nýrra verzlunarstaða, þá lít jeg svo á, að það geti bætt mikið úr, ef sú raun yrði á, að menn geti ekki fengið löggilta nýja verzlunarstaði, því að lausakaupmenn geta vakið verzlunarkeppni, eins og nýir kaupmenn, og gjört mönnum hægra fyrir með vöruflutninga, því að það er mjög líklegt, að lausakaupmenn fari á ýmsar ólöggiltar hafnir, ef þeir hafa leyfi til, og þeir vita, að þar er vörur að fá, eins og hitt, að fastakaupmenn mundu þá senda þangað skip sín til verzlunar. En það er eðlilegt, þótt þeir gjöri það ekki á meðan við enga er að keppa, því að það er umsvifum bundið, að senda skip víða á hafnir. Getur líka opt staðið illa á með skipskost, og í öllu falli hlýtur það að tefja ferðir skipsins. Jeg tel það hvað helzt nú mælt með frv., að lausakaupmönnum er ekki gefið leyfi til að selja áfenga drykki nema á löggiltum höfnum. Það sem mest eyddi málinu á þingi 1885, var, að neðri d. vildi leggja þyngri kvaðir á lausakaupmenn, en menn hjer í deild vildu. En jeg vona, að ágreiningur milli deildanna verði því ekki að fjörtjóni nú, og jeg ber það traust til þessarar deildar, að hún muni sinna frv. og feta þannig í fótspor þeirra, sem sátu hjer í deild 1885.

Júlíus Havsteen: Háttv. flutningsmaður (B. Kr.) sagði, að frv. þetta stæði ekki í sambandi við frv. um löggilding verzlunarstaða; en jeg verð að álíta þó, að svo sje; því að fjölgun löggiltra verzlunarstaða verður ónauðsynleg, ef frumv. þetta yrði að lögum. En jeg mun ekki vera á móti þessu frv. Aðeins eru 2 atriði, sem laga þarf í því. Annað er það, að það verður að leggja meira gjald á lausakaupmennina en þessar 50 kr., sem nefndar eru í frumvarpinu; þeir eiga semsje ekki aðeins að þurfa að borga til landssjóðs, heldur einnig til sveitarsjóðs. Hitt atriðið er viðvíkjandi eptirlitinu með lausa-

kaupmannaverzlun annarsstaðar en á löggiltum kauptúnum. En hvorttveggja þetta má laga á seinna stigi málsins.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki verið meðmæltur þessu frv., af sömu ástæðu sem á þinginu 1885. Jeg er samdóma háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.) um það, að gjöra mætti þær breytingar á því, sem gjörðu það að verkum, að jeg gæti gefið því atkvæði. Og þó að jeg kunni *nú* að greiða atkv. fyrir frumvarpinu við þessa umræðu, er það öldungis ekki af því, að jeg sje því samþykkur, heldur að eins til að halda í því lífinu, í því trausti, að takast muni að laga það svo, að það verði aðgengilegt. Það getur engin meining verið í því, að hleypa hverju útlendu aðskotadýri, sem vill, fyrir einar 50 kr. að atvinnu í landinu, því að það gjald er sama sem ekkert í samanburði við þá skatta, sem hvíla á hinum föstu verzlunum. Þessu er jeg andstæður. Allir útlendingar, sem reka atvinnu sjer til arðs í þessu landi, eiga að bera allar byrðar til jafns við landsins eigin börn. *Jafnt* er jeg fús til að gjöra þeim undir höfði, en *ekki hærra.* Jeg vona, að háttv. flutningsm. (B. Kr.) reyni að koma með þær breytingar á þessu frv., að það geti átt von á atkvæði þeirra þm., sem málinu eru í sjálfu sjer hlynntir.

E. Th. Jónassen: Jeg álít, að þetta frv. gæti orðið til bóta. En jeg er samdóma þeim háttv. þm., sem hafa sýnt fram á, að þörf er á að breyta því talsvert, til þess að það verði aðgengilegt. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að í það sje kosin 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 10 atkv.

Kosnir: Júlíus Havsteen með 9 atkv.
Jón Ólafsson — 8 —
Ben. Kristjánss. — 7 —

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að íhuga 37. gr. laga 14. sept 1877 um fæðispeninga og ferðakostnað alþingismanna (56); ein umræða.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Að jeg er flutningsmaður þessa máls kemur sjerstaklega til af því, að á almennum fundi í kjördæmi mínu var skorað á okkur þingmenn sýslunnar, að stuðla til þess, að ferðakostnaður þingmanna yrði fastsettur með lögum. Jeg skal og játa, að jeg er málinu líka í sjálfu sjer hlynntur, því að á þann hátt er hægt að taka af öll tvímæli í þessu efni, og þjóðin er nokkuð kvikusár með slíka reikninga, að jeg kemst svo að orði. Jeg verð líka að játa, að þeir reikningar hafa ekki ætíð verið vel sjálfum sjer samkvæmir, þegar þeir hafa verið bornir saman hver við annan með nægilegum kunnugleika á kringumstæðunum. Ef nú háttv. þingd. fjellist á, að setja nefnd í málið til að hugleiða það, þá hefi jeg hugsað mjer breytingu þá frá því sem er, að eptir nákvæmum kunnugleika um dagleiðir og annað væri fastsettur ferðakostnaður þingmanna úr hverju kjördæmi miðju, fyrst og fremst landveg og í öðru lagi sjóveg; því að það er vitaskuld, að það dygði ekki að einbinda sig við landvegsferðir og því síður eingöngu við sjóleiðina, er opt getur brugðizt, eins og hefur sýnt sig. Jeg skal að svo stöddu ekki fara lengra út í málið.

Skúli Þorvarðarson: Jeg á því hægra með að taka undir í þessu máli, sem eins stendur á með mig og háttv. flutningsm. (Sigh. Á.) hefur sagt um sig, að á okkur þingmenn Árnesinga var skorað af kjósendum okkar að halda þessu máli fram á þinginu í ár. Jeg á líka því hægra með að styðja málið með mínu atkvæði, sem það kemur vel heim við meiningu sjálfs mín. Jeg hef kunnað illa við þá hlutfallslegu ósamkvæmni, sem komið hefur fram í reikningum þingmanna á næstliðnum þingum, og mætti án efa koma meiri jöfnuði á

þá, heldur en hinar alþekktu reikningarannsóknarnefndir fyrirfarandi ár hafa gjört með úrskurðum sínum. Einkum þótti gæta þessa á síðasta þingi í nefnd þeirri, sem kosin var til að skoða og úrskurða ferðareikningana. *(Á. Ó.:* Heyr!). Jeg vil því stuðla til þess, að nefnd yrði kosin í þetta mál, til að reyna að koma því í gott horf.

Júlíus Havsteen: Jeg get ekki verið samdóma þeim háttv. þingmönnum, sem talað hafa í þessu máli. Það er algild regla, að borga út ferðakostnað embættismanna og þingmanna eptir reikningum, sem þeir gefa, svo að þeir fái *þann* kostnað og þau útgjöld endurgoldin, *sem þeir hafa haft.* Það er heldur ekki mögulegt fyrirfram að segja hvað ferðirnar kosti. Þar sem háttv. flutningsm. (S. Á.) sagði, að setja skyldi almennar reglur um ferðirnar sjerstaklega á sjó og sjerstaklega á landi, þá getur svo farið, eins og nú nýlega, að þingmenn þurfi að ferðast bæði á sjó og landi í sömu ferðinni. Það er og ýmislegt fleira, sem ómögulegt er að sjá fyrirfram, svo sem að hestar gefist upp, heltist o. fl. þess konar. Það getur því orðið alveg rangt, að fastsetja ferðakostnaðinn með lögum. Jeg hygg, að þing og þjóð hafi nóga trygging í því, að nefnd manna rannsaki reikningana, ef nefndin gjörir skyldu sína samvizkusamlega; og hlýtur það að nægja, hvort sem menn út í frá eru ánægðir eða ekki.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg skal alls ekki keppa um þetta mál; jeg skal játa, að það kann að vera nokkuð erfitt og er vandasamt verk, að semja lög um þetta efni, svo að sanngirni og rjettlæti sje fullnægt; en ókleyft get jeg alls ekki álitið að það sje, að gjöra það svo, að menn geti verið ómeiddir af og jöfnuður náist að mestu leyti. Ef svo kemur fyrir, að menn þurfa að fara sumt af ferðinni á sjó og sumt á landi, þá kæmi sú grein til að gilda fyrir sjóarkaflann, er um sjóferðir væri, en landferðagreinin um hinn kaflann. En tafir og t. d. það að hestur heltist, eins og hinn 5. kgk. þingm. (A. Ó.) minntist á, kemur ekki fremur til greina, þó ferðakostnaðurinn væri settur með lögum, heldur en eins og nú stendur. Allir vita, að reikningarnir fyrir ferðina heim af þingi eru eins og nú stendur samdir og úrskurðaðir í þinglok, *áður* en ferðin er farin, og þó hestur heltist eða falli úr sögunni er ekki gjört ráð fyrir því í reikningunum nje sótt um uppbót á því eptir á. Mjer láðist eptir að geta þess áðan, þegar jeg talaði, að jeg óska að 5 manna nefnd yrði kosin, og helzt væri haganlegt, að í þeirri nefnd lentu þingm. úr öllum fjórðungum landsins, til þess að nefndin geti verið gagnkunnug dagleiðum og öðru, sem að ferðalögunum lýtur, um land allt.

Jón Ólafsson: Jeg skal taka það fram, viðvíkjandi því, sem háttv. 1. kgk. (Júl. Hav.) sagði, að það væri aðalregla, að útborga ferðakostnað embættismanna og alþingismanna eptir reikningum þeirra, svo að þeir gætu fengið endurborguð þau útgjöld, sem þeir í rauninni hafa haft, — að það er opinbert leyndarmál, sem allir vita (og því sje jeg ekki, hví ekki má segja það hjer með berum orðum), að menn setja á reikninga þann kostnað, sem þeir „factiskt" *aldrei* hafa haft. Þetta er hægt að sjá á því, þegar á reikningum tveggja manna, sem næstum eiga heima á sama bæ, munar um nál. $^1/_3$ allrar upphæðarinnar. Þegar svo kemur fyrir, hlýtur annaðhvort að vera, að annar þeirra hafi fengið of mikið borgað, eða hinn of lítið. Hvað snertir sanngirni þá, sem þingnefndir hafi viðhaft stundum í þessu efni, þá má geta þess, sem allir munu minnast, að fyrir *sumum* þingm. hafa og reikningarnir verið settir niður, þó að enginn bæri brigður á, að þingmaðurinn hefði sannar-

lega kostað til því, sem hann reiknaði sjer, eins og átti sjer stað með reikning þm. Snæfellinga 1885. Mönnum þótti að eins þingmaðurinn hafa ferðazt of dýrt. Hinsvegar er það heldur ekki neinn leyndardómur, að þingnefndin hefur samþykkt reikninga, þar sem þingmenn hafa reiknað bæði hesta og fylgdarmann, sem þeir *aldrei hafa haft;* slíkt vita allir.

Það er satt, að hestar geta heltzt og ýmislegur aukakostnaður komið fyrir. En eptir því sem nú stendur, er kostnaðurinn fyrir ferðina *frá þingi* áætlaður, svo að menn tefla ekki mikið meira á tvær hættur, þótt báðar ferðirnar væru áætlaðar með lögum. Það má án efa áætla ferðakostnaðinn svo ríflega, að hlutaðeigendur biði engan halla af, og þó jafnframt spara nokkuð frá því sem nú er. Það er satt, að sjerstakleg slys geta að höndum borið, t. d. að ís hamli sjóferðum, en í lögunum mætti vel hafa ákvörðun, sem heimilaði að víkja frá hinni föstu reglu, þegar alveg ófyrirsjáanleg og óvenjuleg slys eða þvíl. atburðir bera að höndum. *Það* getur því í sjálfu sjer ekki verið beinlínis ástæða móti málinu.

Jón A. Hjaltalín: Jeg verð eindregið að mæla með tillögu þessari, þrátt fyrir þá aðalreglu, sem háttv. 1. kgk. (Júl. Hav.) talaði um, að ferðakostnaður embættismanna væri greiddur eptir reikningum fyrir það, er þeir í raun og veru hafa til kostað. Það er til önnur miklu eldri regla í Jónsbók um fast þingfararkaup. Jeg vil heldur, þegar jeg fer á þing, vita að hverju jeg á að ganga, og get jeg þá hagað minni ferð eptir því. Reikning minn getur nefndin á þinginu sett niður, *(A. Ó.:* Eða upp!), svo jeg á eigi víst að fá jafnvel það fje endurgoldið, sem jeg hefi greitt í ferðakostnað. Jeg vil því mæla með, að nefnd verði sett, eins og tillagan fer fram á; jeg hygg, að ekki muni vera nein sjerleg vandræði að finna sanngjarna upphæð fyrir hvert kjördæmi.

Júlíus Havsteen: Út af því, sem háttv. þm. S-Múl. (J. Ól.) sagði, að þó það væri regla, að borga ferðakostnað eptir reikningi, væri ekki víst að hlutaðeigandi fengi reikningsupphæðina borgaða, skal jeg taka það fram, að þegar svo ber undir, er það víst af þeim ástæðum, að hlutaðeigandi hefur ekki ferðazt svo sparlega, sem vera ber. Háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) talaði um, að það væri regla eptir Jónsbók, að hafa ákveðinn þingfararkostnað. Jeg hygg að það geti ekki átt við *nú*, sem átti við *þá*, því að öðruvísi stendur á nú á tímum. Jeg verð því enn að mæla á móti þessari þingsályktun.

Jón Ólafsson: Jeg skal bæta því við, að eptir því sem fram *hefur* komið með núverandi aðferð, þá getur ekki að eins komið fyrir, að ferðakostnaðarreikningar sjeu settir *niður*, af því þeir þyki of háir; það hefur líka til borið, að nefndinni hefur þótt þingmenn ferðast *of sparlega* (hlátur)! — Það er *satt;* og því eru þess ekki gömul dæmi, að reikningarnir hafa verið *færðir upp*. Það hefur þannig komið fram, að nefndin hefur úrskurðað þm. fje, sem þeir hafa *neitað* að taka við. *(A. Ó.:* Hvenær?). Háttv. þm. er sjálfsagt ekki að síður en mjer kunnugt um það; því það hefur skeð í þingtíð okkar beggja. Þetta bendir á, að það fyrirkomlag, sem nú er, sje ekki heppilegt; þegar í hvert skipti þingmenn sjálfir eiga að úrskurða reikninga samþingismanna sinna, er hætt við, að persónulegleiki geti haft einhverjar verkanir — því vjer erum allir menn, og veikir menn á svellinu —; en þetta gæti ekki áhrif haft, ef kostnaðurinn er ákveðinn *almennt*. Það gæti líka sparað þinginu *það* ámæli, sem það á skilið flestum öðrum ámælum fremur.

Jakob Guðmundsson: Jeg álít mjög ákjósanlegt, að nefnd yrði kosin í þetta

mál, og að sú nefnd komi með fastákveðnar reglur. Hvort þær reglur leiddu til sparnaðar eða ekki, er ekki gott að vita fyrirfram; en það veit jeg, að með því væri drepin niður sú tortryggni, sem nú á sjer stað um sanngirni og samkvæmni í reikningunum. Á hverju þingi er valin nefnd til að úrskurða reikningana, en þess er vel gætandi, að þessi nefnd á að úrskurða í sínu eigin máli. En nokkru öðru máli er að gegna, ef þingið nú setur nefnd til að ákveða kostnaðinn í eitt skipti fyrir öll; því að þá er hún miklu síður dómari í sínu eigin máli; því enginn veit, hve lengi hann sjálfur á sæti á þingi, eða hve opt hann þarf að ferðast á þing. Það kemur mikið til greina, að nú sem stendur þarf reikninganefndin að áætla ferðina heim af þinginu, því að hún er ófarin, þegar reikningurinn yfir ferðakostnaðinn er úskurðaður.— Það er því ekki meiri vandi, að ákveða kostnaðinn við ferðina til þingsins heldur en frá þinginu, eptir sanngjarnri áætlun. Jeg vil því mikillega mæla fram með, að nefnd sje kosin.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er ekki beinlínis á móti því, að nefnd sje kosin, en mjer finnst þó liggja í uppást. tvennt, sem jeg hlýt að telja annmarka.

Í fyrsta lagi lýsir sjer í henni auðsjáanlegt vantraust á þinginu í heild sinni, að því sje eigi trúandi til, að velja rjettsýna og hæfa menn í nefnd til að úrskurða reikningana, og ákveða ferðakostnað þm. Jeg veit eigi, hvort slíkt álit er vel sæmandi þingmönnum; því að vandinn að úrskurða ferðareikningana er þó ekki annar en sá, að velja sanngjarna menn, sem eigi hika sjer við að færa reikningana niður, ef þeir eru of háir. Það er merkilegt, að þessi tillaga er komin nú fram, því allir hafa bent á, ljósara eða dulara, hvernig til gekk á síðasta þingi. En það er ekki hægt að byrgja þann brunn.

Í öðru lagi er það á móti uppást., að ómögulegt er að ákveða rjett með föstum tölum í lögum ferðakostnað frá hverju kjördæmi í hvert sinn, hvernig sem veður er og færð, hvernig sem samgöngur eru, hægar eða óhægar, hvort ís sje o. s. frv.; þetta er ómögulegt að ákveða með föstum tölum í lögum eins sanngjarnlega, eins og hægt er í hvert skipti, sem ferðin er farin. Jeg skal taka dæmi: Komi brýr á Þjórsá og Ölvesá, ljettir það samgöngurnar; þá drukkna ekki hestar. Norðurland mun þá líka brúa sín vötn: Blöndu, Hjeraðsvötn. Sem sagt, sjeu settar fastar reglur, verða þær fyrir utan það, sem á sjer stað í það og það skiptið.

E. Th. Jónassen: Jeg hef ekki getað látið sannfærast af ræðu háttv. 5. kgk. (A. Ó.) um, að ekki sje nauðsynlegt að kjósa þessa nefnd. Það hefur verið ljóslega tekið fram, að ýmislegt hefur mátt finna að ferðakostnaðarreikningunum að undanförnu. Og þegar það hefur verið almennt sagt og 2 háttv. þm. hafa lýst því yfir, að á þá hafi verið skorað af kjósendum þeirra, að taka þetta mál til íhugunar, þá ber að taka ástæður þessar til greina. Jeg vil því mæla með því, að nefnd sje kosin.

Flutningsmaður (Sighv. Árnason): Jeg ætla að leyfa mjer að svara háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) fáum orðum, því ræða hans virtist fremur til að dreifa málinu heldur en að leiðbeina því. Jeg get ekki sjeð, að það gjöri ferðakostnaðinum mikið til, þótt brýr komi á ár; því að þótt ferjutollur hafi komið á reikningum þingmanna, nemur sú upphæð ekki nema 1— 2 krónum. Ef háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur ekki sterkari ástæður móti þessu máli, virðast þær ekki vera takandi til greina. Að þingið geti ekki verið þekkt fyrir að koma fram með reglur um þetta mál eða breyta áminnztri lagagr. í kosningarlögunum í þá átt, sem farið er fram á í þings-

ályktuninni, get jeg ekki fallizt á, því þar sem reynslan er búin að sýna, að slíkt er í ólagi og á miklu reiki, getur það vel verið þekkt fyrir að setja fasta reglu, hvort sem það er þetta mál eða annað.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 9 atkv. gegn 1.

Nefnd kosin: Jón Ólafsson með 10 atkv.
Sighv. Árnas. — 9 —
Jak. Guðmun. — 7 —
Friðr. Stefánss. — 7 —
Benedikt Kristj. — 6 —

Tólfti fundur, laugardag 16. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komin tilkynning um, að í nefndinni um verzlun lausakaupmanna væri kosinn formaður Benedikt Krisjánsson og skrifari Jón Ólafsson, og í nefndinni um fæðispeninga og ferðakostnað alþingismanna væri Sighv. Árnason kosinn formaður og Jón Ólafsson skrifari.

Frv. til laga um veð (C. bls. 76 og nr. 31 og 65); 3. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Nefndin hefur leyft sjer ásamt 3 öðrum háttv. þm. að koma fram með breyt.till. samkvæmt því, er kom fram við 2. umr. að æskilegt væri að breyta í frv., þó að undantekinni 4. gr. síðari málslið, þar sem stendur: „safn af munum"; það treysti nefndin sjer eigi til að skýra með því, að bæta þar við upptalningu. Hún áleit að þær skýringar gætu ekki orðið þess eðlis, að almenningur skildi þá betur eptir en áður, hvað falizt gæti í þessum orðum. Nefndin gat heldur eigi fundið ástæðu til eptir tillögum háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó). að bæta inn í 5. gr. ákvæðum þeim, sem hann vildi. Að öðru leyti eru þessar breyt.till. samkvæmar því, er fram kom við 2. umr. frv. að ákjósanlegt væri að breyt. væru gjörðar.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (65) við 4. gr. 2. og 3. málsgrein samþ. í einu hljóði. Breytingartill. við 5. og 8. gr., svo og við fyrirsögnina (65) sömuleiðis samþ. hver um sig í einu hljóði. Frv. þannig breytt samþykkt í einu hljóði og afgreitt síðan til neðri deildar.

Frv. til laga um þeginn sveitarstyrk (C. bls. 71 og nr. 50); 2. umr.

Landshöfðingi: Hin háttv. nefnd hefur í öllu verulega aðhyllzt stjórnarfrv., eins og það var lagt fyrir h. háttv. deild; breyttill. hennar eru því ekki mjög þýðingarmiklar. Aðeins ein eða tvær af þeim virðist mjer nauðsynlegt að íhugaðar væru nokkuð betur; það er einkum breyt. við 6. gr. Þar stingur nefndin upp á, að fella burtu: „með fjársekt eða líkamlegri refsingu", og setja í staðinn: „með sektum eða fangelsi". Þegar íhugað er, hvaða menn það eru hjer, sem refsa skal, get jeg ekki álitið breyt. nefndarinnar heppilega, því að venjulega munu þessi hegningarákvæði nefndarinnar verða þýðingarlítil eða þá koma illa niður. Að vilja hegna þurfamönnum með fjársektum, er tilgangslaust, vegna þess, að þeir geta ekki borgað sektina, og verður hegningin því fangelsi í því nær öllum tilfellum. En er það þá praktiskt, að dæma þá í fangelsi í öllum tilfellum? Það getur verið hjer í Reykjavík og á þeim stöðum, þar sem fangelsi eru nálæg; en þar sem fangelsin eru langt í burtu, þar mun það hafa í för með sjer talsverðan kostnað. Og af hverjum borgast svo sá kostnaður? Að vísu stendur í tilskip. 4. marz 1871, að jafnaðarsjóðir amtanna skuli bera kostnaðinn við að taka út fangelsishegningu. En kostnaðinn við sending fangans að heiman og heim mundi þó verða að greiða af sveit hlutaðeiganda, og leggja því tölu-

verðan skatt á sveitarstjórnirnar með þessu ákvæði, ef þær annars vilja að latir og þrjózkir þurfamenn fái nokkra refsingu. Að vísu er líkamleg refsing á fulltíða mönnum aftekin í hegningarlögunum, en hún stendur þó enn í fátækrareglugjörðinni 8. jan. 1834, og finnst mjer það vera of mikil vorkunsemi og óþörf, að geta ekki þolað, að latir og þrjózkir þurfamenn fái nokkur vandarhögg; það verður útlátaminnst og jafnframt áhrifabezt. Jeg vil því leggja til, að ákvæði stjórnarfrv. fái að standa í þessu tilliti óbreytt.

Hin önnur breyt.till. nefndarinnar á stjórnarfrv. er við 7. gr., þar sem í stj.frv. stendur „úr ríki"; því hefur nefndin breytt í „úr landi". Jeg skal játa það, að það er satt sem nefndin segir í ástæðum sínum fyrir þeirri breytingu, að menn geta farið í kringum það ákvæði stjórnarfrv. En hins vegar get jeg ekki álitið það heppilegt, að sá maður sem flytur sig t. d. til Færeyja eða Danmerkur, eða fer þangað snöggva ferð, þurfi að setja þá tryggingu, sem greinin heimtar; því að það er vitanlegt, að sje hann ekki farinn burt úr ríkinu, er eins hægt að hafa aðgang að honum með borgun til vandamanna þeirra, er honum ber fram að færa eptir lögum, eins og hann væri í landinu. Ef hægt væri á annan hátt, að koma í veg fyrir, að auðið væri að fara í kringum ákvæði stjórnarfrv., þá álít jeg æskilegt, að heldur væri haldið þeim orðum sem í því standa, um þetta atriði; en jeg er þó ekki neitt sjerstaklega á móti þessari breytingu.

Jakob Guðmundsson: Jeg skal játa það, að ástæður hæstv. landshöfðingja móti breyt. nefndarinnar miða til þess að fyrirbyggja kostnað á sveitarfjelögunum; en eigi að síður vil jeg heldur hallast að breyt. nefndarinnar. Jeg vil heldur, að sveitarfjelögin þurfi að kosta dálitlu til að senda fátæklinginn til fangelsisins, til þess hann þar afpláni sektina, heldur en að flengja hann heima í sveitinni, því að fangelsið mun langtum fremur verða honum til endurbótar, verða meðal til þess, að hann bæti ráð sitt, og verði nýr maður, heldur en hin líkamlega refsing, sem að miklu leyti mun horfin úr meðvitund þjóðarinnar og úr gildi gengin. Í öðru lagi finnst mjer það mjög óviðkunnanlegt, að flengja fullorðna menn.

Hin önnur breyt. nefndarinnar, sem hæstv. landshöfðingi hafði á móti, var ákvörðunin um þá, sem burtu fara. Hæstv. landshöfðingi hafði á móti breyt. nefndarinnar á orðunum „úr landi", þar sem í stjórnarfrv. stendur „úr ríki". Að sönnu er ekki eins brýn nauðsyn á ábyrgðinni, ef vissa er fyrir, að menn ætli til Færeyja eða Danmerkur, en þá mun heldur ekki mjög torvelt fyrir hlutaðeiganda að fá sér ábyrgðarmann til að sjá um skylduómaga sína, meðan hann er í burtu, svo að sá örðugleiki, sem hann af því hefur, vegur að mínu á áliti ekki upp þá misbrúkun, sem stafað getur af ákvæðum stj. frv., að menn geti skotizt burtu og strokið undir því yfirskyni, að þeir ekki ætli burtu úr ríkinu. Jeg verð því einnig að aðhyllast breytingu nefndarinnar á þessari grein.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, getur hlotizt kostnaður fyrir sveitarfjelögin af því, að þurfamaður þarf að afplána sekt sína í fangelsi. En jeg vil leyfa mjer að benda á, að í frv. stjórnarinnar stendur líka „fjársekt" í 6. gr., og því að eins mun það orð standa þar, að búizt er við, að hægt sje að dæma þurfamann í fjársekt; geti hann ekki borgað fjársektina, þarf að senda hann í fangelsi til að afplána sektina. Samkvæmt sjálfu stjórnarfrv. verður því heldur ekki hægt, algjörlega að komast hjá öllum kostnaði fyrir sveitarfjelögin. Þetta sá nefndin, að hvort sem var varð ekki komizt hjá öllum

kostnaði, enda áleit hún þar að auki mjög óviðkunnanlegt, að halda í frumv. líkamlegri refsingu, af því, að hún er úr gildi gengin í hegningarlögum. Það er satt, sem hinn hæstv. landshöfðingi tók fram, að samkvæmt breytingu nefndarinnar gæti orðið óviðkunnanlegt, að beita ákvæðum hennar við menn, sem fara snöggva ferð til Færeyja eða Danmerkur. En ef menn vita það fyrirfram, að hlutaðeigandi fer ekki burt úr ríkinu, mun fátækrastjórnin geta í því tilliti sleppt þeim kröfum, sem greinin ræðir um. Jeg get því ekki af þeirri ástæðu sjeð, að ekki megi halda breytingu nefndarinnar. Annars skal jeg bera mig saman við meðnefndarmenn mína, og ekki hafa fyrir mitt leyti mjög á móti því, að halda ákvæðum 6. gr., ef menn ætla, að breyting nefndarinnar muni hafa of mikinn kostnað í för með sjer fyrir sveitarfjelögin.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg er samdóma hæstv. landshöfðingja í því, að það sje miklu betra að halda ákvæðum stjórnarinnar í 6. gr., en breytingu nefndarinnar. Það er auðvitað, að það *getur* orðið kostnaður fyrir sveitarfjelögin af fjársektardómi yfir þurfamanni samkvæmt stjórnarfrv, en af breytingu nefndarinnar leiðir *æfinlega* kostnað fyrir þau, þar sem stjórnarfrv. kemst hjá kostnaðinum í þeim tilfellum, að þurfamaðurinn er dæmdur í líkamlega refsingu. Ef breytingar nefndarinnar kæmust að, mundi það verða ofan á, að þurfamenn yrðu ætíð dæmdir í fangelsi en ekki í fjársektir, því sektir eru meiningarlausar, þegar sá sakfelldi er þurfalingur. Af þessum ástæðum verð jeg að vera með stjórnarfrv. Sama er að segja um 7. gr. Jeg hygg rjettara að halda orðunum: „flytja *úr ríki* burt", heldur en eins og nefndin vill breyta: „flytja *af landi* burt", einkanlega af því, að þessi lög *skipa* þeim, sem fara, að setja tryggingu fyrir ósjálfbjarga vandamönnum sínum, sem eptir verða, svo að sveitarstjórnin hvorki má nje getur látið þá sleppa við það.

Jón Ólafsson: Jeg er samdóma háttv. nefnd um það, að það er alveg ótiltækilegt að halda líkamlegri refsingu í lögum; jeg held að það sje svo andstætt hugsunarhætti manna, að minnsta kosti er það svo andstætt mínum hugsunarhætti, að jeg get aldrei greitt atkvæði með því frv., sem hefur þau fyrirmæli. En hitt er satt og í því er jeg samdóma hæstv. landsh., að það er tilgangslaust, að dæma þurfalinga í fjársekt, og þess vegna álít jeg, að hjer ætti *að eins* að standa „fangelsi" eða „fangelsi við vatn og brauð". Jeg vil því skjóta því til háttv. nefndar, hvort henni virðist ekki fullkomin ástæða til að fella burt orðin: „með sektum eða", en láta blátt átram standa: „er heldur honum til hlýðni *með fangelsi*".

Að því er snertir 7. gr., er jeg líka samdóma háttv. nefnd um það, að hafa orðin: „*af landi*" í staðin fyrir: „*úr ríki*", því að jeg hygg, að tilgangur greinarinnar missist ella, því að allir mundu segja: Jeg ætla bara til Færeyja, eða bara til Danmerkur, því eptir því sem hagar hjá oss með samgöngur, er ómögulegt að komast hjá undanbrögðum í þessa átt, ef menn vilja skjóta sjer undan þeim ákvæðum, sem greinin tiltekur. Jeg hygg, að það ósanngjarna, sem gæti leitt af breytingum nefndarinnar á þessari grein, mætti fyrirbyggja með því, að bæta inn í ákvæði um, að hlutaðeigandi þyrfti því að eins að setja þessa tryggingu, að sveitarstjórnin *heimtaði* það. Jeg held að með því næðist sá tilgangur, sem nást þarf með þessari grein, því að þá mun sveitarstjórnin ekki beita ákvæðum greinarinnar þar sem ekkert tilefni er til, heldur haga sjer eptir því, sem á stendur í hvert skipti. En eins og greinin er orðuð, virðist, sem hver maður ætti að setja þetta veð, enda þótt enginn vafi leiki á,

að hann ætli að eins snöggva ferð í lögmætu erindi; og getur það valdið óþægindum, að ákvæðin eru þannig of víðtæk. Jeg vil því skjóta því til háttv. nefndar, hvort henni sýnist ekki að taka til greina breyting í þessa átt.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Jeg skal játa, að breytingar þær, sem háttv. þm. S-Múl. (J. Ól.) hefur stungið upp á, geta verið til bóta; jeg mun því ekki verða á móti þeim, og vona, að hinir aðrir í nefndinni muni taka þær breytingar til íhugunar.

En viðvíkjandi því sem háttv. 3. kgk. (L. E. Sv.) sagði, að breytingar nefndarinnar á 6. gr. mundu *ætíð* hafa kostnað í för með sjer, en frv. stjórnarinnar *aldrei*, skal jeg taka *(L. E. Sveinbjörnsson:* Jeg sagði það ekki) það fram, að það er ekki rjett; því að ef ætíð ætti að dæma þurfalinga í líkamlega refsingu, þá er orðið „*fjársektir*“ í stjórnarfrv. tilgangslaust. En jeg hygg, að það orð sje því að eins í frv., að ætlazt sje til, að dómarinn *geti* líka dæmt þurfalinginn í fjársektir.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er ekki á máli þeirra háttv. þm., sem álíta breytingu nefndarinnar við 6. gr. heppilega. Ef jeg skil rjett breyt., eins og hún mun koma fram í framkvæmdinni, þá er felld burtu hin líkamlega refsing, en ekkert sett í staðinn; því að til hvers er að dæma þurfaling í fjársekt, sem hann aldrei getur lokið? Jeg get sem sje ekki ímyndað mjer, að nein sveitarstjórn færi að rekast í því, að fá þurfaling dæmdan í refsingu eptir 6. gr., fyr en hún hefur áður beitt við hann þeim ákvæðum frv., sem til eru tekin í 4. og 5. gr., og það árangurslaust. Jeg skal setja dæmi. Einhver þurfalingur neitar að fara í vist, eða vinna það, sem sveitarstjórnin hefur skipað honum að vinna. Þá segir sveitarstjórnin: Þú færð þá engan styrk, jeg beiti á móti þjer þrengingum þeim, sem 3. og 4. gr. laganna heimilar mjer. Þetta gengur svo að minni hyggju, í framkvæmdinni, einkum þegar þess er gætt, að að sveitarstjórnir hjer á landi eru svo mildar eður linar, að þær að jafnaði hörfa undan þurfalingum, hika sjer við að setja honum fastar reglur, og munu því ekki beita ákvæðum 6. gr fyr en fokið er í öll skjól. Nú er þurfalingurinn eða þjarfinn loksins dæmdur í fjesekt, en hann getur ekki greitt einn eyrir af sektinni, og verður því að afplána hana með fangelsi. Þó hjer standi í breyt.till. „fjársekt“, hefur það ekki neina þýðingu í framkvæmdinni aðra en fangelsi. Hin eina þýðing, sem í því orði getur verið, er fyrir dómarann, að hann getur kveðið á, hvort fjársekt eigi hjer við eða ekki. Jeg get naumast hugsað mjer, að sveitarstjórn beiti ákvæðum 6. gr. gegn öðrum en þeim, sem ekki geta greitt fjársektir. En nú skyldi sveitarstjórnina langa til að beita refsingu við mann, og þá sje komið undir slátt. Þá segir hún sem svo: nei, það hjálpar ekki að setja manninn í fangelsi um bjargræðistímann, það má jeg ekki, þá verður hann enn þá ver farinn. Eða um vetur, þá er hann þarf að gæta fjár síns eður fara til útróðra. Nei, jeg hygg, ef langt er að ná í fangelsi, verði ákvæðum 6. gr. aldrei beitt í framkvæmdinni, svo framarlega sem numin er á burt hin líkamlega refsing. Mjer fannst háttv. þm. Dal. (J. G.) ekki skilja ákvæði greinarinnar á þessa leið. Hitt verð jeg að segja: Jeg skil ekki, hvernig menn fara að vorkenna þessari óþægu, lötu og þrjózkufullu hjörð, sem búið er að pípóla við, þótt slegið væri eitt högg á bak þeim, en vilja þó flengja sín eigin börn, ef þau óhlýðnast. Þessum þverbrotnu sveitarþjörfum vilja menn gjöra hærra undir höfði. Jeg held þetta sje það sem kallað er „rangsnúin auðmýkt“, og vil jeg biðja háttv. þm. Dal. (J. G.)

að hugleiða, hvort þetta heyri ekki undir þá grein.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, viðvíkjandi fangelsinu, sem ræðir um í 6. gr., að jeg hygg, að menn ætti ekki að láta kostnaðinn við það fæla sig, því að ef fangelsisvistin hefur þann tilgang, að bæta manninn, ættu menn ekki að skorast undan þeim kostnaði, þurfamanni til siðbóta. En hitt held jeg, að hin líkamlega refsing til handa þurfamönnum sje ekki svo viðbjóðsleg þeim mönnum, sem hýða börn sín til siðbóta. En viðvíkjandi þessum orðum stjórnarfrv. „úr ríki", hygg jeg að þau sjeu nokkuð um of víðtæk. Þau munu þá einnig ná yfir eyjar Dana í Vesturheimi og líka á Grænlandi; og ætli þeim, sem þyrftu að sækja framfærslustyrk sveitarómaga þangað, mundi ekki veita örðugt að ná í hann þar, já, án efa litlu ljettara en til sjálfra Bandaríkjanna og Kanada, jafnvel þótt þeir fengju til þess fulltingi hinnar dönsku stjórnar. Jeg hygg, að það mundi verða bæði seinlegt og tvísýnt með borgun á sveitarstyrk þaðan.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg skal geta þess, út af ummælum háttv. framsögumanns (E. Th. J.), að jeg sagði ekki, að það yrði ávallt kostnaðarlaust, ef fylgt væri stjórnarfrv., heldur hitt, að það gæti *orðið* kostnaðarlaust fyrir sveitarstjórnirnar að framfylgja ákvæðum 6. gr. eptir frv. stjórnarinnar. Það er nefnil. í þeim tilfellum, þegar hægt er að nota ákvæði hennar um hina líkamlegu refsingu.

En hvað því viðvíkur, sem háttv. þm. S-Múl. (J. Ól.) sagði, að það væri mjög á móti hugsunarhætti manna, að leggja líkamlega refsingu á menn, þá verð jeg að draga það í efa. Jeg álít ekki rjett að fleygja henni úr lögum vorum, því sem "praktiskir" menn ættum vjer að vita það, að hýðing er opt betri en fangelsi, og í mörgum tilfellum hið eina meðal sem dugar. Menn vita og, að margar þjóðir halda enn hinni líkamlegu refsingu í landliði sínu og sjóliði. En að fangelsi sje gott meðal til að bæta menn, álít jeg ekki.

Jakob Guðmundsson: Jeg hef ekki getað sannfærzt þrátt fyrir ræður háttv. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.), og háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.). Hverjir eru þeir menn, sem sveitarstjórnir komast í vandræði með? Það hljóta að vera letingjarnir, óreglumennirnir og óráðsmennnirnir, sem ekki geta haft ofan af fyrir sjer og sínum. Við aðra þarf hún ekki að beita ákvæðum 6. gr.; ekki við þá, sem allt vilja vinna, allt vilja gjöra til að bjarga sjer og sínum, þó þeir sjeu fátæklingar. Það eru að eins þeir menn, sem ekki skeyta um að bjarga sjer, sem hjer er um að ræða. Jeg set nú það dæmi, að einn af þessum letingjum sje settur í vist hjá mjer. En hann vill ekki, því að hann heldur að jeg sje eptirgangssamur húsbóndi, sem vilji láta hann vinna. Nú tekur sveitarstjórnin sig til og lætur hýða hann, og hvernig fer þá? Já, vondur var hann áður, en verri verður hann nú; hann heldur, að þessi vanvirða, sem hann hefur orðið fyrir, sje mjer að kenna, og lætur mig nú gjalda þess með enn þá meiri óhlýðni en áður. Eins og hæstv. landshöfðingi sagði, er það ekki til neins, að dæma þann mann í fjársekt, sem ekkert getur borgað; en þegar gengið er út frá því, að það er letingi, sem dæmdur er, sem ekki á peninga til að borga með, en hefur nóga krapta til að vinna, þá mundi hann fara að vinna af sjer sektina, ef hann ætti von á fangelsi. *(A. Ó.:* Þetta er ímyndun). Nei, það er enginn ímyndan, því mönnum þykir verst af öllu að að sitja í varðhaldi. Menn hafa sagt, að ekki sje enn upprætt úr meðvitund þjóðarinnar að hýða börn. En hamingjunni sje lof, að farið er þó að útrýma því. Jeg hef aldrei lamið mín börn, og hafa þau þó hlýtt mjer. Sjálfur var jeg uppalinn af

2 fósturfeðrum. Annar þeirra beitti við mig stundum talsverðri hörku, og hlýddi jeg honum langtum ver. Þeim, sem fór vel að mjer, hlýddi jeg með ljúfu geði, en hinum með vondu geði, því að í mjer var sá kjarkur og sú manndómstilfinning, sem espaði mig á móti slíkri meðferð. Jeg verð að vera fastur á því, að haldið sje í þessu frv. fjársektum og varðhaldi, en afnumdar flengingar.

Skúli Þorvarðarson: Af því að jeg hef verið sammála nefndinni, stend jeg í sömu meiningu enn, þrátt fyrir þau mótmæli gegn breytingum hennar, er fram hafa komið hjer í háttv. deild. Mjer finnst það koma illa saman við rjettarmeðvitund mína og annara, að leggja líkamlega refsingu á fullorðna menn, því að í fyrsta lagi gjörir það fremur þrjózku en hlýðni; og í öðru lagi finnst mjer það koma mjög illa heim við tímana sem nú eru. Jeg fyrir mitt leyti vil miklu fremur kosta ferð þurfalingsins til fangelsisins og frá því, heldur en að kaupa böðul til að hýða hann heima í sveitinni, enda er óvíst, að nokkur fengist til að gjöra það. En hvað fjársektinni viðvíkur, er það tilgangslítið, að dæma þurfalinga í sekt, eins og tekið hefur verið fram; á það fellst jeg fullkomlega og held jeg þá, að eins gott væri að sleppa því ákvæði, en láta einungis standa fangelsi.

En hvað breytingu nefndarinnar á 7. gr. áhrærir, þá kom hún til af því, að það vakti fyrir nefndinni, að reyna að fyrirgirða, að óhlutvandir hrekkjamenn gæti skotið sjer undan ákvæðum hennar, segðust að eins ætla til Danmerkur, eða ekki burt úr ríkinu, en hlaupi síðan burtu til fjarlægra landa. Og enda þótt þeir færu nú að eins til fjarlægra hluta danska ríkisins, þá hygg jeg, að erfitt mundi að ná í þá, þó að ríkisvaldið danska legði lið sitt til. Það mundi verða bæði kostnaðarsamt og erfitt í framkvæmdinni. En aptur á móti hygg jeg mikið æskilegt, ef hægt væri að breyta þessu ákvæði í þá átt, sem háttv. þm. S-Múl. (J. Ól.) talaði um, því að sveitarstjórnirnar mundu þá ekki heimta þessa tryggingu setta, nema brýnar ástæður bæri til, og t. d. alls ekki, ef þeim væri kunnugt um, að hlutaðeigandi færi að eins snöggva ferð til Danmerkur, eða þá til þess að búsetja sig þar.

Sem sagt, jeg get ekki fallið frá breytingu nefndarinnar við þessa grein heldur, fyr en önnur breytingarákvörðun er komin í hennar stað.

Júlíus Havsteen: Hvað því viðvíkur, er háttv. 3. kgk. (L. E. Svb.) sagði, að líkamleg refsing eða barsmíði væri við haft í herliði, þá man jeg ekki betur en að barsmíðishegning sje úr lögum numin í Danmörku, að minnsta kosti mun það víst, að hermenn sem brjóta á móti hernaðarlögum, sjeu þar fyrst settir í myrkvastofu eða fangelsi, og ýmsar aðrar hegningar við hafðar, áður en barsmíðis-refsing er beitt við þá. Jeg fyrir mitt leyti get ekki aðhyllzt það, að líkamlegri refsing, hýðing eða barsmíði, sje beitt við fullorðna menn.

Jón Ólafsson: Jeg get hvergi sjeð, að barsmíðishegning geti verið til bóta, ekki einu sinni hjá foreldrum við börn sín; mjer sýnist það vera hrein „Falliterklæring“ hjá foreldrum, ef þeir þurfa barsmíði til að ala upp börn sín, svo vel sje; uggir mig hlýðnin verði þrælsótti, en eigi æskileg hlýðni, ef engin sterkari öfl draga þau til hennar. Það *getur* verið, ef menn fá stálpuð, illa uppalin börn til fósturs, að líkamleg refsing geti verið nauðsynleg við þau, og efast jeg þó stórum um það. En jeg leyfi mjer að segja, að það sje með öllu óþolandi, að beita henni við fullorðna menn; og árangurinn af henni, hann yrði víst að jafnaði næsta lítill, því jeg held, að forhertur letingi mundi taka sjer ljett

skammvinnan líkamlegan sársauka; öðru máli er að gegna, ef hann fær að sitja svo dögum skiptir í fangelsi við vatn og brauð; þar fengi hann langvinnari líkamspynding og tíma og færi til að íhuga athæfi sitt. Það sem er sárast við líkamlega refsing, er svívirðingin af henni; hún er niðurlæging manneðlisins, og ef menn vilja sá niður svívirðing einni, þá er hætt við menn uppskeri þar eptir: hatur og hefndarhug gegn mannfjelaginu; til þess geta líkamsrefsingar verið gott ráð. Hvað álit manna yrði um líkamsrefsing er auðvitað; hún mundi þykja ein hin strangasta refsing, miklu svívirðilegri en vatn og brauð eða skammvinnt betrunarhús. Aðalvinningurinn við að beita líkamsrefsing, er það, að *svívirða* þann, sem fyrir verður, bæði í sjálfs hans augum og annara. Afleiðingin yrði forherðing, ekki betrun; enda mundi líkamsrefsing drepa alla betrunarhæfilegleika, án þess að hafa neitt við sig gott fram yfir fangelsishegning. Og er það svo rjett að refsa letingjanum harðara eða svívirðilegar, en þjófnum, svikaranum, falsaranum, jafnvel manndráparanum, brennivörgum, meinsærismönnum og öðru illþýði? Aptur sýnist það mjög eðlileg refsing á þeim, sem ekki nennir að vinna og afla sjer viðurværis, að hann fái um tíma að búa við þröngvan kost, við vatn og brauð; sú refsing mundi, auk þess sem hún er sanngjörn, — einmitt *ad hominem* — verða honum miklu minnisstæðari en nokkur vandarhögg á hrygg hans; hún mundi aldrei drepa niður betrunarhæfileika hans, opt betra hann, og þó vera samboðnari mannúðaranda vorra tíma.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla að eins að gjöra þá athugasemd, að jeg er samdóma háttv. 1. þm. Suð.Múls. (J. Ól.) að það sje engan veginn sársaukinn, sem hefur í sjer fólgna refsinguna, heldur er í vanvirðunni fólgið hið refsandi afl. Þegar faðir eða móðir slær barn sitt, þá gjöra þau það til þess að gjöra barninu það áþreifanlegt og skiljanlegt, að það hafi framið ósæmilegt verk. Líkamsrefsingin er þar sýnilegt *tákn til að láta það finna* til yfirsjónar sinnar. Jeg veit ekki betur en að líkamsrefsing sje töluvert tíðkuð á Englandi, en eigi mun henni þar beitt til að vekja þráa eða auka manndóm, eins og háttv. þm. Dal. (J. G.) áðan var að tala um, heldur er hún þar höfð sem sýnilegt tákn. Um hið sama er hér að ræða. Ef þurfalingur er letingi, liggur upp á öðrum og hirðir ekki um að bjarga sjer sjálfur, þá á hann einmitt vansæmdar-refsing skilið. En ef menn geta sannfært mig og reyndar aðra um, að vatn og brauð geti komið hinu sama til vegar, sem líkamleg refsing, þá hef jeg í sjálfu sjer ekkert á móti breytingunni, en vil að eins, að ákvæðið um fjesekt falli burt, því að það er þýðingarlaust.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. óbreytt (C. bls. 71) samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. (50) við 2. gr. samþ. með 10 samhljóða atkvæðum.

2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

3. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.

4. — — — í einu hlj.

5. — — — í einu hlj.

Breyt.till. við 6. gr. samþ. með 7 atkvæðum gegn 4.

6. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.

1. breyt.till. við 7. gr. samþ. með 9 atkvæðum.

2. breyt.till. við 7. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 2.

7. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

8. gr. samþ. í einu hljóði.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Frumvarpið í heild sinni þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um fiskiveiðar í landhelgi (C. bls. 74 og nr. 55); 2. umr.

Landshöfðingi: Það er í raun og veru ekki nema ein efnisbreyting, sem háttv. nefnd hefur gjört við frv. þetta, nefnilega sú, að hlutafjelög verði, til þess að mega reka síldveiði í landhelgi, að hafa heimilisfang á Íslandi einu; hin aðalbreytingin, að meiri hluti stjórnar fjelaganna verði að vera heimilisfastur á Íslandi, stendur í beinu sambandi við fyrri breytinguna. Mjer finnst með þessu hallað þeim jafnrjetti, sem á sjer stað milli allra þegna Danakonungs, með að reka fiskiveiðar í landhelgi alstaðar í ríkinu; því get jeg ekki fellt mig við þessa breyting; jeg sje ekki heldur að svo mikið sje unnið við þessi ákvæði, um heimilisfang, því að vjer höfum sjálfir sjeð, hve mjög hægt er að fara kringum þau. Jeg sje ekki heldur sjerlega hættu við það, þótt ekki sje meiri hluti af stjórnendum síldfjelaga búsettur hjer á landi. Það sýnist ekki heldur samkvæmni í því, að setja þrengri skorður fyrir síldveiði en annari fiskveiði; hingað til hefur það verið þvert á móti; en nú á að snúa í annað horf. Jeg verð því að vera mótfallinn breytingum nefndarinnar á þessu. Aptur á móti er ekki ástæða til að hafa á móti breytingunum á 2. og 3. gr., því að það eru að eins orðabreytingar.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það sem kom nefndinni til að koma fram með breytingar, var það, að hún vildi, að hver sem atvinnu stundar hjer á landi, væri skyldur til að taka þátt í þeim byrðum, sem á atvinnunni hvíla, þar sem hún er rekin. En oss fannst ekki hægt að segja við fjelög, sem búsett eru annarstaðar en hjer á landi, að þau skyldu gjalda til sveitar, og því hefur nefndin sett þessi skilyrði, til þess að fjelögin gætu ekki skotið sjer undan gjaldskyldu hjer. Jeg get sagt það, að veiði Færeyinga er svo óvinsæl hjer á landi, af því að þótt þeir stundi fiskiveiðarnar hjer engu síður enn landsmenn sjálfir, þá eru þeir lausir við allar byrðar og álögur. En það eru ekki fiskimenn einir, sem ljett þykja sleppa við þessar álögur hjer; mönnum er líka farið að finnast, að lausakaupmenn eigi við betri kost að búa í því efni en fastakaupmenn. Nefndinni fannst og vera til líking í lögum breytingu þeirri, er hún fer fram á, því að í rentukammerplakati frá 1. júní 1792 eru ýms rjettindi kaupmanna bundin við, að þeir sjeu annaðhvort sjálfir búsettir hjer eða hafi yfirlýsta (declarerede) verzlunarstjóra sína hjer, sem væru þeirra „alter ego“. Jeg held og, að flestum muni þykja það eðlilegast, að þeir menn, sem stunda atvinnu hjer, sjeu eigi hjer að eins í atvinnuseli eða hafi Ísland einungis fyrir selstöð, heldur sjeu hjer sjálfir til umsjónar og framkvæmda við atvinnu sína, eins og Norðmenn hafa nú verið við Eyjafjörð og víðar. Landsmenn finna til þess, að Norðmenn hafa gert hjer usla og nokkurn hnekki á fiskiveiðum landsmanna; en at því að þeir finna, að Norðmenn hafa verið hjer búsettir, eða að minnsta kosti látizt vera það, og að þeir hafa umgengizt Íslendinga sem landa sína, og greitt hjer skatta sína og skyldur, þá hafa landsmenn fyrirgefið Norðmönnum tjón það, sem þeir hafa bakað þeim. Landsmenn viðurkenna og, að þeir hafi sjálfir lært af þeim ýmislegt gagnlegt, einkum viðvíkjandi síldveiði. Jeg vil segja ennfremur, að það sje fullkomin ástæða fyrir oss, einkum nú, meðan fólk er einlægt að streyma svo stórkostlega af landi burt, að leitast við að hæna að oss útlendinga, og þá eigi sízt samþegna vora. Vjer getum lært margt af þeim, og vel getur svo farið, að sumir þeirra taki sjer hjer fasta bólfestu, í stað vorra eiginna landhlaupara. Gæti slíkt orðið oss til mikilla heilla; því að vjer þurfum einmitt að fá duglega menn inn í landið, er hjálpi oss til að efla og bæta

atvinnuvegi vora. Vjer skulum því reyna að laða útlendinga að oss, svo að vjer getum lært af þeim og þeir lært að meta rjett gæði landsins.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. við 1. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 1.

2. breyt.till. 1. gr. samþykkt með 9 atkv. gegn 1.

1. gr. þannig breytt samþykkt með 10 atkvæðum.

1. breyt.till. við 2. gr. samþykkt í einu hljóði.

2. breyt.till. við 2. gr. samþ. með 9 atkvæðum gegn 2.

3.—7. breyt.till. við sömu gr. samþ. hver um sig í e. hlj.

2. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkvæðum gegn 1.

Breyt.till. við 3. gr. samþ. með 10 atkvæðum.

3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Breyting við fyrirsögn frv. samþ. í einu hljóði.

Frv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 10 atkv. gegn 1, og málinu vísað til 3. umr. með 10 atkvæðum gegn 1.

Frv. til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (15, 54, 70, 71); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg hef leyft mjer að gjöra breyt.till. (71) við frv. þetta, og skal nú gjöra grein fyrir þeim. Í fyrsta lagi hef jeg lagt til, að 7. gr. frv. fjelli alveg burt. Mjer skilst, að tilgangur frv. sje að kom í veg fyrir ofdrykkju, með því að innleiða nýja reglu fyrir vínsölu og veitingum víns og að sporna við vínsölu í staupum í búðum kaupmanna. Það er gott, og það vil jeg styðja. En frv. í heild sinni sýnist mjer ekki gott. Mjer finnst koma fram ósamkvæmni í frv. sjálfu, því að í 3. gr. en svo mælt fyrir, að ekki megi selja vínföng nema í stórskömmtum, en í 7. gr. er aptur leyft að selja þau í smáskömmtum, og þar er gjört ráð fyrir, að menn geti *almennt* fengið vínsöluleyfi; þetta er jeg hræddur um að verði einmitt til að auka drykkjuskap, og mun það þó ekki hafa verið tilgangur frv., að svo færi.

Þessi 7. gr. virðist heldur ekki vera sem bezt í samræmi við þá hugsun, er áður hefur verið ráðandi hjer á þingi, að sporna sem mest við því, að menn til sveita hefði vínföng til sölu, og þess vegna var í lögum um verzlun og siglingar 7. nóv. 1879 þeim mönnum, er fengið höfðu leyfisbrjef til sveitaverzlunar, bannað að hafa sölu á áfengum drykkjum. En eptir þessu lagafrumvarpi geta þeir menn, er hafa haft leyfi til sveitaverzlunar, keypt sjer vínsöluleyfi, og geta víst allir sjeð, hverjar afleiðingarnar verða af því, t. a. m. í sjávarplássum, þar sem útræði er og margir menn saman komnir. Ef það yrði lögleitt, sem hjer er farið fram á, mundum vjer fá ný vínsöluhús í kaupstöðum og til sveita. Jeg veit að mjer muni verða svarað því, að til þess þurfi samþykki hreppsbúa, hreppsnefndar og sýslunefndar. En jeg veit, að sumir menn eru svo hjeraðsríkir, að þeir mundu fá vínsöluleyfi, ef þeir legðu sig í framkróka, einkum þegar 50 krónur eru í aðra hönd fyrir veitingaleyfið. Eins og nú stendur, vita menn, að vínveitingaleyfið er takmörkum bundið. Til þess að fá veitingaleyfi verður að fara til amtmanna og þeir leita álits hlutaðeigandi lögreglustjóra, áður en þeir gefa út slík leyfisbrjef, og jeg veit ekki til að menn hafi nú um mörg ár fengið veitingaleyfi, nema þeir hafi um leið skuldbundið sig til að geta veitt ákveðinni tölu manna hæfilega næturgistingu. Jeg get alls eigi fellt mig við 7. gr., og vona, að h. flutningsmaður (J. Ól.) og nefndin vilji taka breyting mína til greina. Það munu og ekki reynast svo litlir gallar á greininni, þegar til framkvæmda kemur. Það er gjört ráð fyrir, að leitað

sje atkvæða hreppsbúa á hreppskilaþingum um veitingaleyfið. Hreppaskil eru nú, eins og menn vita, að eins haldin haust og vor. Ef því einhver vill fá veitingaleyfi, rjett eptir vorhreppaskil, þá verður hann að bíða hausthreppaskila, og ekki nóg með það. Vjer vitum allir hvað vel slíkir fundir eru sóttir. Ekkert er víst að svo margir komi, að leyfið geti fengizt, og ef svo gengur fleiri hreppaskil í röð, þá getur drátturinn orðið nokkuð langur. Mjer sýnist rjettast, að veitingaleyfi sje háð hinum sömu reglum og verið hefur, því að eins og hjer er tilætlazt, getur það hæglega komið fyrir, að lítt mögulegt verði að fá veitingaleyfi, þar sem þó er þörf á því, en aptur minni trygging fyrir en áður að það verði ekki veitt, þar sem ekki er þörf á því. Í 9. gr. stendur, að ef veitingamaður selji eða veiti áfengan drykk unglingi innan 14 ára, þá varði það þegar missi veitingaleyfis og einföldu fangelsi eigi skemur en 14 daga. Þar hef jeg leyft mjer að koma fram með þá breyting: „Varðar það í fyrsta sinni 25—100 kr. sekt, o. s. frv. en missi veitingaleyfis, ef sami maður brýtur optar“. Mjer finnst allt of hart, að við fyrsta brot skuli maður *þegar* missa veitingaleyfi og auk þess eiga að sæta fangelsi, enda er það almenn regla, að svipta menn eigi atvinnu við fyrsta brot þeirra, smbr. tilsk. 28. marz 1855 10. gr. um helgidagahald. Breytingu mína við 11. gr. hefur mjer við nákvæmari íhugun þótt rjett að taka til baka, og tek jeg hana því aptur.

Framsögumaður (J. A. Hjaltalín): Jeg er mikið þakklátur h. 2. kgk. þm. (E. Th. J), fyrir undirtekir hans undir málið, að því leyti, að hann kannaðist við, að aðaltilgangur frv. væri góður. En þær mótbárur, sem hann kom með gagnvart þessu máli, virtust mjer allar vera stýlaðar gegn hinu upprunalega frv. og er jeg hræddur um, að hann hafi ekki kynnt sjer frv. nefndarinnar eins vel og æskilegt væri. Hann sagði, að ef þetta frv. næði fram að ganga óbreytt eins og það væri, mundi það verða til þess að auka ofdrykkju, og gjöra mönnum hægra fyrir óhóflegri nautn áfengra drykkja; en í þessu verð jeg að vera á gagnstæðri skoðun; hann bar líka fram sjálfur ástæður móti sinni eigin hræðslu, og sagði, að þar sem hreppaskil væru haldin svo sjaldan, að eins tvisvar á ári, og þá opt fámenn, þá mundi það ganga mjög seint og erfitt, að fá það vínsölu- og veitingaleyfi, sem hjer um ræðir, og það var einmitt þetta, sem vakti fyrir nefndinni; en hvernig slíkt er til þess að auka ofdrykkju og fjölga vínsölumönnum, það get jeg ekki skilið. Þessi ótti h. þm. er því að mínu áliti öldungis ástæðulaus. Hitt skal jeg fúslega játa, að amtmennirnir hafa vel brúkað sitt vald til þess að veita þessi leyfi hingað til, en jafnframt verð jeg þó að taka það fram, að fyrst þessi leyfi eru ekki lögbundin, þá hljóta þau að vera bundin við mennina, sem í hvert skipti eru í þessum embættum, og komin undir þeim; það geta komið nýjar reglur með nýjum embættismönnum, og því finnst mjer það mjög eðlilegt og enda nauðsynlegt, að settar sjeu fastar reglur þessu viðvíkjandi, ef þessi leyfi á annað borð eru veitt. Og jeg get fullvissað h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um það, að hann þarf ekki að vera hræddur um, að með þessum lögum sje stuðlað til þess, að mjög margir fái veitingaleyfi, eða að mönnum sje gjört greiðara fyrir með það.

Við 9. gr. hefur nefndin gjört breytingar (70), að nokkru leyti í sömu átt, sem h. þm. tók fram, og vona jeg því að hann geti gefið henni atkvæði sitt, eins og hún nú er orðuð.

Jón Ólafsson: Það eru að eins fá orð, sem jeg þarf að segja, því h. framsögum. (J. A. Hj.) hefur svo greinilega og rækilega svarað fyrir hönd nefndarinnar

þeim mótbárum, sem komið hafa fram frá h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) gegn þessu frv. — Jeg ætla að eins að drepa á eitt atriði í ræðu hans, þar sem hann sagði, að ákvæði þessa frv. miðuðu til þess, að innleiða og auka vínveitingar og vínsöluleyfi; því fer fjarri, að svo sje. Má jeg spyrja: Er nokkuð því til fyrirstöðu, að slík leyfi fáist fljótt og auðveldlega, eins og nú stendur? Tökum dæmi: Vjer þurfum ekki að fara langt frá höfuðstaðnum og hjerna upp eptir; strax á Bústöðum finnur maður eina brennivínsknæpuna, lögleidda af hinu háa amti, reyndar ekki af hinum núverandi amtmanni, heldur af fyrirrennurum hans; ekki er langt þaðan yfir árnar, að eins stuttur stekkjarvegur; þar er önnur knæpan, í Ártúnum; örskammt þaðan aptur, tvær, þrjár teigslengdir í burtu, er Árbær, rjett upp með ánni; þar er enn ein brennivínsknæpan; sú fjórða er á Lækjarbotnum, og einar tvær á Kolviðarhóli; það er því alls enginn hörgull á vínveitingarstöðum og alls engin tregða með að fá vínsöluveitingaleyfi, eins og nú er ástatt. Amtið hefur stráð þeim umhverfis Reykjavík eins og liljum á lækjarbökkum. Það er gott, ef amtmennirnir fara spart í það, að veita þessi leyfi, en meðan þau eru engum lögum bundin, er alls engin trygging fyrir því, nema þeir, er síðar koma í embættin, kunni að verða ljúfari á að veita þessi leyfi, og þó það kynni nú sem stendur að vera lítil þörf á þess konar ákvæðum, sem hjer eru tekin fram, í norður- og austuramtinu t. d., þá getur það breyzt við embættismannaskipti; eins og h. framsögum. (J. A. Hj.) tók fram, þá eru slík leyfi mjög komin undir mönnunum sjálfum, sem í embættunum eru, og leyfin eiga að veita, eða því sem þeim kann að vera tjáð. Eins og jeg hef nú sýnt, þá er, nú sem stendur, mjög greiður aðgangur að vínveitingaleyfi og vínsöluleyfi, eins og sjá má á því, að á 5 til 6 bæjum í röð skuli sín brennivínsbúðin vera á hverjum. Eptir ákvæðum þessara laga verður þetta miklu örðugra, þar sem í staðinn fyrir að fá samþykki amtmannsins eins, eptir nú gildandi ákvæðum, þarf eptir þessum lögum að fá samþykki $^2/_3$ hreppsbúa á hreppskilaþingi og auk þess samþykki $^2/_3$, $^3/_5$ eða $^5/_7$ hreppsnefndarinnar og svo að síðustu staðfesting $^2/_3$ sýslunefndarinnar; en að mönnum sje með þessum lögum gjört ómögulegt að fá slíkt leyfi, get jeg ómögulega sjeð, því ef það er eindreginn vilji einhvers byggðarlags eða einhverrar sveitar, að einhver maður fái slíkt leyfi, þá er ekki hætt við, að svo margir mæti ekki á hreppskilaþingi, að leyfið verði af þeim ástæðum ekki veitt. Jeg vona fastlega, að ákvæði 7. gr., einkum eins og hún er orðuð hjá nefndinni, miði til þess að gjöra mönnum erfiðara fyrir með að fá slík veitingaleyfi, án þess að gjöra mönnum það ómögulegt, og að þau verði til þess, að fækka dálítið þessum veitingastöðum hingað og þangað í sveitunum, og það álít jeg æskilegt.

H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði í öðru lagi, að þau veitingaleyfi, sem hjer ræðir um, væru nú bundin því skilyrði, að hafa til rúm handa ákveðinni tölu af gestum; þetta getur vel verið; en jeg hef komir bæði að Bústöðum, Ártúnum og Árbæ, og ekki orðið var við nein gestarúm þar; þau hafa að minnsta kosti ekki verið *sýnileg* fyrir mínum augum; og jeg vil enda segja, að á sumum veitingastöðum í sjálfum höfuðstaðnum sjeu rúmin ekki sjerlega mörg; að minnsta kosti þekki jeg svo mikið til eins veitingastaðar þar, að ef þetta skilyrði með rúmin er ekki þyngra en svo, að því sje þar fullnægt, þá er það ekki miklum erfiðleikum bundið, að uppfylla það. *(A. Ó.:* Hvað ætli sá staður heiti?). *Nafnið* á honum er ættjarðarlegt

og þjóðlegt, en jeg get leitt hjá mjer að tilgreina það.

Í 2. breytingartill. h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) við 9. gr. (71) í hinu upprunalega frv. liggur enginn verulegur „princip"-munur við nefndina, og er hún því ekki óaðgengileg, að mínu áliti, þó hún sje nokkuð linari, þar sem hlutaðeigandi eigi missir veitingaleyfi sitt fyr en við 3. brot, en aptur er sektartakmarkið hækkað. Jeg verð að vera algjört mótfallinn því, að nema 7. gr. í burtu, því við það álít jeg einhverja hina þörfustu ákvörðun tekna burt úr frv. þessu.

E. Th. Jónassen: Jeg get ekki verið samdóma h. 1. þm. Suður-Múl. (J. Ól.) um það, að hin þarfasta ákvörðun sje numin burt úr þessum lögum, þó 7. gr. í hinu upprunalega frv. væri felld burtu, allra sízt eptir að jeg heyrði orð h. framsögum. (J. A. Hj.), að með ákvæðum þessarar greinar hefði nefndin ætlazt til, að mönnum væri gjört svo erfitt fyrir sem mögulegt væri að fá þessi leyfi; því það álít jeg alls eigi æskilegt, allra sízt í kaupstöðum, þar sem menn við þetta geta orðið að vera mjög langan tíma í óvissu um, hvort þeir fái leyfi til að stofna veitingahús eða ekki; nema h. framsögum. (J. A. Hj.) sje þeirrar skoðunar, að gestgjafahús sje með öllu óþörf, en svo langt vil jeg ekki ganga, að aftaka alla vínsölu og öll veitingahús, þó jeg álíti það mjög æskilegt, að útrýmt yrði allri staupasölu í búðum kaupmanna, og ofdrykkja minnkaði sem mest. Það má búast við því, að útlendingar, sem á veitingahúsum gista, vilji gjarnan hafa einhver vínföng, og ekki kæra allir ferðamenn sig um að búa á „temperance-hótellum".

Eitt atriði vildi jeg drepa á enn. Þar sem stendur í áliti nefndarinnar, að námsmenn, er sjeu á skólum, og kostaðir sjeu af landssjóði, verði hjer eptir ekki skyldaðir til að borga þá áfenga drykki, er þeir kunna að fá til láns, þá finnst mjer þetta skrítin ákvörðun; ómyndugir menn á skólunum, t. d. skólapiltar, verða hvort sem er ekki dæmdir til borga þess konar skuldir, svo þessi ákvörðun er að mínu áliti alveg óþörf.

Framsögumaður (J. A. Hjaltalín): Jeg er samdóma h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) í því, að það sje mjög óheppilegt, ef hindranir væru lagðar fyrir það, að menn gætu sett sig niður sem gestgjafar; það er gott og opt og tíðum nauðsynlegt, þegar maður er á ferðalagi, að fá kaffi og mat, en illt og ónauðsynlegt að fá brennivín. Utanlands eru, eins og vjer vitum, mjög mörg temperance-hotel, og tek jeg þau langt fram yfir hin, að því leyti sem þau eru miklu ólegri og ódýrari. Jeg gat ómögulega skilið h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.); hann virtist bera tvennt fyrir brjósti, hvort öðru gagnstætt; bæði var hann hræddur um, að þetta mundi útbreiða og auka drykkjuskap, og í öðru lagi barmaði hann sjer yfir þeim erfiðleikum, sem þessu væru samfara, svo naumast mundi verða mögulegt, að fá hjer eptir veitingaleyfi. Að því er snertir 8. gr., þá gladdi það mig mikið, að heyra yfirlýsingu hans sem lagamanns um það, að ekki þyrfti menn yngri en 25 ára að greiða það, sem þeim kynni að verða lánað af áfengum drykkjum, en þó greinin af þessum ástæðum kunni að vera ónauðsynleg, þá er hún þó nauðsynleg að því leyti, sem þessi ákvæði eru ekki almenningi kunn eða öllum ljós, og þótt hún aldrei gjörði annað gagn, en að gjöra almenningi ljós þessi ákvæði laganna, þá væri mikið unnið.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla fyrst að leyfa mjer að beina fáeinum spurningum til hinnar háttv. nefndar, og þá sjer í lagi til háttv. framsögumanns (J. A. Hjaltalíns). Í fyrsta lagi: Er þetta frumv. komið fram af þjóðvilja eða hofgæðingavilja? *(J. Ól.:* 31 bænaskrá). Úr hve mörgum kjördæm-

um eru þessar bænaskrár? *(J. Ól.:* Mjög mörgum). Ef mig minnir rjett, þá eru þær þó bara úr þremur, það er að segja úr Reykjvík, Múlasýslum, einkum Suður-Múlasýslu, og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þær eru með öðrum orðum komnar úr þessum helztu hreiðrum þeirra hofgæðinganna; þær eru eins og nokkurs konar egg þeirra, hvort sem það eru túlegg eða eigi, það læt eg ósagt. Auðvitað er það, að þetta mál hefur allan rjett til að koma fram, þó það komi fram af hálfu hofgæðinga; en ef það er eingöngu að þeirra vilja framkomið, þá kemur það frá miklum minni hluta þjóðarinnar, og þá vil jeg alltaf fara varlega, þegar einhver lög, sjerstaklega ef þau eru hörð, koma fram frá miklum minni hluta, frá fáum mönnum, en sem auðvitað margir eiga að hlýða. Allur andi og öll stefna þessa frv., að undanteknum fimm fyrstu greinunum, er mjög svo ófrjálsleg. Allur síðari partur frv. frá 6. gr. er vafningssamur og — ef jeg mætti svo segja — „útstúðeraður" til þess að gjöra alla nautn víns, enda í hófi, alveg ómögulega á samkomustöðum; heima hjá sjer er ekki auðið að banna mönnum að drekka. Það er mjög varasamt, að takmarka mjög fyrir mönnum mat og drykk, ef annars ekki er um eitur að ræða. Þá vil jeg þessu næst beina þeirri spurningu til háttv. þm. S.Múl. (J. Ól.), sem lagt hefur út hið ágæta rit Stuarts Mills *um frelsið*, hvort þetta frv. sje samkvæmt skoðun hans um mannrjett og mannfrelsi. Jeg segi: Nei. Þessi hinn mikli spekingur, Stuart Mill, sem jeg virði mjög mikils, er þeirrar skoðunar, að það muni aldrei verða farsælt og heldur eigi rjett nje tiltækilegt, að löggjafarvaldið leggi athafnir einstaklingsins, sem snerta hann einan, — eins og til dæmis það, að fá sjer eitt staup — í einelti eða fjötra, eins og hjer er gjört. Jeg skoða þetta mál svo, að þótt það sje frá hofgæðingum komið, sem jeg virði mjög mikils — og það er mjer full alvara — þá misbýður það mannlegu frelsi, og fer að á líkan hátt og trúboðendur kaþólskunnar sögðu í fyrndinni: „*Extra ecclesiam nulla salus* (utan kirkjunnar er engin sæla), eins segja hofgæðingarnir nú: Fyrir utan bindindi er enga farsæld að finna. Og af því leiðir aptur, að þeir vilja þröngva öllum inn í fjelagið, eða að öðrum kosti gjöra hinum, sem þeir sjálfsagt telja óvini sína, sem erfiðast fyrir að samgleðjast með vinum sínum. En viti menn: ætli hjer fari ekki líkt og í fyrri tíð, þegar kaþólsk trú var boðuð hjer á alþingi árið 1000: „Allir menn skulu kristnir vera á landi hjer". Það boð var almennt, óumflýjanlegt og undantekningarlaust; en svo var leyft að borða mætti hrossakjöt; árið 1550 köstuðu menn kaþólskri trú, en þann dag í dag jeta menn ekki hrossakjöt, nema rjett einstöku undantekningar. Landsmenn mínir elska mildi og halda þau lög, sem mild eru og mannúðleg, en espast gegn hörðum lögum og ófrjálslegum.

Jeg verð að álíta, að síðari kaflinn frá 6. gr. og til enda frv., sje töluvert verri en þýðingarlaus í öllu því, er sveitirnar snertir. Í Eyjafirði t. d. er ekkert veitingahús fyrir utan kaupstaðina, og lítil líkindi til, að þau muni koma þar upp. Hjer verða þá lögin iðjulaus; en þau verða verri en þýðingarlaus, að því leyti sem þau leggja mönnum skyldur á herðar og óviðkunnanlega fjötra, og espa menn til að sýna lögunum óvild og óvirðing, með því að drekka meira eptir en áður. Það góða, sem hofgæðingar gjöra og geta gjört, eiga þeir að gjöra af dyggð, eiginni dyggð og siðferðistilfinningu, en ekki að taka sjer í hönd staf laganna, rjett eins og þegar gamall maður af vantrausti á sjálfs síns kröptum tekur sjer staf í hönd; og við það að nota þetta þrumuafl laganna venjast þeir smámsaman á að treysta lög-

unum einum og þeirra krapti, en jafnframt að vantreysta mætti sinnar eiginnar dygðar og sannfæringar.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Háttv. 5. kgk. (A. Ó.) beindi til mín þeirri spurningu í byrjun ræðu sinnar, af hverjum rótum, eða hvaðan þetta frv. væri runnið. En mjer dettur í hug það sem Skotar gjöra, að svara þessari spurningu hans með annari spurningu: „Hví spyr þú þessa?“ Jeg skal hátíðlega lýsa því yfir, að þegar jeg ber það fram, sem jeg álít rjett og satt, þá stendur mjer á sama, hvort jeg er einn eða með öllum þorra manna. Háttv. þm. (A. Ó.) sagði, að víða væri engin þörf á þessum lögum, en hvað gjörir það til? hverju spilla þau fyrir það? Honum þóttu fyrstu fimm greinar frv. góðar (*A. Ó.*: Allnotandi); það felst þó í þeim band, og hann kvaðst þó ekkert band, engan fjötur vilja hafa; jeg fyrir mitt leyti vildi mikillega óska, að menn þyrftu ekki að leggja á sig neitt band, hvorki í orðum nje gjörðum; en við verðum þó líklega báðir, háttv. þm. (A. Ó.) og jeg, að vera samdóma því, sem við höfum lært í Balle gamla: „Manneskjurnar eru ekki svo góðar, sem þær ættu að vera“. Hvort þetta frv. nær alveg tilgangi sínum eður ekki, skal jeg láta ósagt; en að það nái honum að nokkru leyti, þess er jeg alveg fullviss. Hvernig hinn háttv. þm. (A. Ó.) getur komið þessu frv. innundir setninguna: „*Extra ecclesiam nulla salus*“, það skil jeg ekki, og ekki heldur samanburð hans á þessu frumv. við það, er kristni var lögtekin; en út af þessu vil jeg þó minna hann á, að það var ekki mörgum árum síðar, að aldarhátturinn og allur hugsunarháttur manna var orðinn mjög breyttur; það sjer maður á Þorkeli hák, þá er Skarphjeðinn minnti hann á, hvað hann hefði gjört. Jeg get vel hugsað mjer, að eptir nokkurn tíma muni eptirkomendum okkar, þeim er þá lifa, þykja eins undarlegt og óskiljanlegt, að forfeður þeirra skuli hafa haft ánægju af að gjöra sig viti sínu fjær, eins og oss þykir nú óskiljanlegt, að nokkur maður vilji neyta eiturs eður nokkurs þess hlutar, er gjörir honum bráðan skaða; jeg get vel skilið það, því jeg hef reynt það; en þegar kynslóðirnar vaxa upp, þá get jeg vel skilið, að menn skilji ekki í þessu. Það var rjett hjá háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.), að í Eyjafirði sje lítill drykkjuskapur og engin veitingahús fyrir utan kaupstaðinn, en jeg get ekki sjeð, hvaða skaða frv. gjörir þeim fyrir það; það nær að eins til þeirra, sem vanbrúka áfenga drykki, eins og hegningarlögin ná að eins til þeirra, er brjóta þau, án þess þau sjeu þýðingarlaus fyrir hina, sem ekki brjóta þau; þvert á móti hafa þau góð áhrif á þá. Það er rjett, er hinn háttv. 5. kgk. þm. sagði, að bindindismenn ættu að halda sjer og öðrum frá nautn áfengra drykkja „af dygð“. Þetta er jafnrjett í þessum efnum eins og mörgum fleirum. En ef háttv. þm. vill að eins treysta á dygð í þessu máli, þá hefði hann og átt að treysta dygð og fortölum einum til að fá óhlýðna sveitarlimi til að gjöra það, sem þeim er skipað; en þar treysti hann eigi öðru en vendinum.

Jón Ólafsson: Af því háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) beindi þeirri spurningu til mín, hvort þetta frv. væri samkvæmt orðum Stuarts Mills, þá vil jeg leyfa mjer að geta þess, að maður er ekki bundinn við að vera samdóma öllu því, er maður þýðir eða skilyrðislaust *jurare in verba magistri;* og í öðru lagi skal jeg geta þess, að ef háttv. þm. (A. Ó.) læsi rjett, þá mundi hann sjá, að Stuart Mill álítur, að sínar kenningar eigi þá fyrst að öllu leyti við, er þjóðfjelagið stendur á mjög háu stigi, sjálfsagt í þessu efni á hærra stigi, en við stöndum á hjer á landi enn. Í riti sínu: „*On representative Govern-*

ment“ telur Mill t. d. póstflutninga til þeirra mála, er eigi heyri að rjettu til að ríkið eða löggjafarvaldið skipti sjer af — og þetta er án efa rjett —; en hve margar þjóðir eru þær, þar sem framtakssemi einstakra manna sje svo langt komin, að þessu megi sleppa undan ríkinu? Þar sem háttv. þm. (A. Ó.) sagði, að Good-Templarar, bindindismenn — eða hofgæðingar, eins og honum þóknast að kalla það — mættu ekki neyta laganna til þess að koma sínu máli fram, þá er mjer það með öllu óskiljanlegt; eptir því mega þá heldur ekki þeir, sem vilja til dæmis leggja toll á einhverja vöru, láta meiningu sína í ljósi þegar um löggjöf er að ræða; og eins verzlunarfrelsismenn; þá verða þeir að þegja eins og steinar; þeir eiga að eins að mega prjedika á strætum og gatnamótum, en stinga sannfæring sinni í vasann, er þeir koma inn í þingsal þjóðar sinnar! Þetta get jeg ekki aðhyllzt,

Sú mótbára háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að námsmenn á skólunum væru ómyndugir, og því væri ákvæðið í 10. gr. óþarft, finnst mjer ekki vera á nægum rökum byggð; myndugleiki miðast við aldurstakmark, en allir vita, að ekki einasta menn á hinum æðri skólum eru jafnaðarlega margir, ef ei flestir, orðnir myndugir, heldur einnig veit jeg mörg dæmi til þess, að fulltíða eða myndugir menn hafa verið í latínuskólanum, og enda verið myndugir þá, er þeir hafa *komið* í skóla. Flestir af námsmönnum á skólunum njóta styrks af opinberu fje, ýmist beinlínis, þar sem þeir hafa ölmusur, eða þá óbeinlínis, þar sem skólunum er haldið við á kostnað hins opinbera; og er þá ekki tilhlýðilegt, þó hið opinbera vilji hafa einhverja tryggingu fyrir því, að þessir menn verji ekki styrk sínum til áfengra drykkja?

Jeg verð að taka það fram einu sinni enn, þó háttv. framsögumaður (J. A. Hj.) sje opt búinn að taka það fram, að með þessu er mönnum engan veginn gjört ómögulegt, að geta fengið veitingaleyfi, en frv. fer að eins fram á það, að rjetturinn til að veita þetta leyfi verði fluttur yfir til sveitarfjelaganna, sem fyrst og fremst bíða tjónið af veitingaleyfinu, ef það er vanbrúkað, og þetta ákvæði virðist mjer vera mjög sanngjarnt, og alveg samkvæmt þeim sjálfsforræðisanda, sem hefir t. d. stýlað lög um fiskiveiðasamþykktir, og um kosningar presta, o. fl. o. fl., yfir höfuð samkvæmt þeirri stefnu, að leyfa hverju hjeraði eða sveit sem mest sjálfsforræði.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætla að taka í sama strenginn, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að aðaltilgangur frv. er ekki sá, að gjöra mönnum ómögulegt að fá veitingaleyfi, heldur hitt, að þetta leyfi verði framvegis veitt eptir ósk meiri hlutans, eptir ósk almennings; þar kemur þjóðviljinn fram, sem háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) metur svo mikils, að hann stundum leggur sinn vilja við hliðina á þjóðviljanum, og í því held jeg, að við tveir eigum alveg sammerkt. Hann sagði, að í Eyjafirði væri ekki þörf á neinu veitingahúsi; en það er víða, einmitt á fjölförnum stöðum, t. d. við fjallvegi, sem mikil þörf er á veitingastöðum, sem geta veitt allt það, sem er nauðsynlegt; um ýmsa fjölfarna vegi fara hæði innlendir og útlendir, sem vjer viljum taka sem bezt á móti, og jeg er viss um, að mörgum útlendingum þætti það leiðinlegt, ef þeir gætu hvergi fengið öl eða vín. Jeg þekki einn bæ, öðru megin við fjölfarna heiði, og það er í Fornahvammi í Norðurárdal; þar býr bóndi og hefur lengi búið, og tekið vel á móti mönnum, og selt mönnum beina fyrir sanngjarnt verð; en jeg hef ekki heyrt þess getið, að af því hafi leitt neina óreglu.

Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, að betra væri að treysta sínu eigin afli en

afli laganna, þegar menn vildu koma einhverju fram, og tók kirkjuna til dæmis; en þá verð jeg að minna hann á, að okkar evangelisk-lúterska kirkja einmitt hefur tekið lögin í lið með sjer, sjer til styrkingar og eflingar.

Af því menn hafa vitnað í hið nafnfræga frelsisguðspjall Stuarts Mills, þá skal jeg, út af orðum háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.), minna hann á, að Stuart Mill segir, að ef tolla þurfi einhverja vöru til þess að auka fje í ríkissjóði eða landssjóði, þá sje það sjálfsagt, að þá skuli á leggja, en þá auðvitað helzt á það, sem þjóðin geti helzt án verið; en gá verði að því, að leggja tollana hóflega á, svo þeir eigi spilli fyrir inntektum, í stað þess að auka þær. Eitt er líka athugavert, sem jeg man ekki til að tekið hafi verið fram, að þau bönd, sem lögð eru à þessa vínsölu og vínveitingar, og það fje, sem fyrir slík leyfi þarf að borga, þetta lendir að lokum á neytanda vínsins, en ekki veitanda þess; veitingamaðurinn veit, að hann á að greiða þetta gjald, og þá er varla hætt við að hann gleymi að leggja það — og líklega dálítið meira — á vörur sínar, svo þetta er skattur, sem leggst á neytanda, en ekki á veitingamanninn.

Þá óskuðu þess 4 þm. að umræðunum væri hætt:

E. Th. Jónassen,
Lárus E. Sveinbjörnsson,
Júlíus Havsteen,
Sighvatur Árnason,

og var það samþykkt í einu hljóði.

ATKVÆÐAGR. (atkvæðaskrá C. 70):

1. gr. frv.samþ. óbreytt með 9 atkv.
2. gr. frv. samþ. óbreytt með 9 atkv.

Breyt.till. N. við 3. gr. b. samþykkt í einu hljóði.

Breyt.till. N. við 3. gr. c. samþykkt með 10 atkv.

3. gr. með breytingum samþ. með 10 atkv.
4. gr. frv. samþ. óbreytt í e. hlj.
5. gr. frv. samþ. óbreytt með 9 atkv.

Till. N. að 6. gr. falli burtu samþ. með 10 atkv.

Till. E. Th. Jónassens að 7. gr. falli burtu felld með 8 atkv. gegn 2.

Að 7. gr verði 6. gr. samþykkt án atkvæða.

1. breyt.till. N. við 7. gr. (nú 6. gr.) samþ. með 8 atkv.
2. breyt.till. N. við 7. gr. (nú 6. gr.) samþ. með 8 atkv. gegn 1.
3. breyt.till. N. við 7. gr. (nú 6. gr.) samþ. með 8 atkv
4. breyt.till. N. við 7. gr. (nú 6. gr.) samþ. með 8 atkv. gegn 1.
5. breyt.till. N. við 7. gr. (nú 6. gr.) samþ. með 9 atkv.

Viðaukatill. N. við 7. gr. (nú 6. gr.) samþ. með 9. atkv.

6. gr. (áður 7. gr.) samþykkt með 7 atkv. gegn. 2.

Till. N. að 8. gr. falli burt samþykkt með 10 atkv.

Till. N. að 9. gr. verði 7. gr. samþ. án atkv.

1. breyt.till. N. við 9. gr. (nú 7. gr.) samþ. með 8 atkv.
2. breyt.till. E. Th. J. við 9. gr. (nú 7. gr.) felld með 8 atkv. gegn 2.
3. breyt.till. N. við 9. gr. (nú 7. gr.) samþ. með 7 atkv.

7. gr. (áður 9. gr.) þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 1.

Till. N. að 10. gr. verði 8. gr. samþ. án atkvæða.

1. breyt.till. N. við 8. gr. (áður 10. gr.) samþ. með 8 atkv.
2. breyt.till. N. við 8. gr. (áður 10. gr.) samþ. með 8 atkv.

8. gr. (áður 10. gr.) þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 3.

Till. N. að 11. gr. verði 9. gr. samþ. án atkv.

1. breyt.till. N. við 9. gr. (áður 11. gr.) samþ. með 7 atkvæðum.

2. breyt.till. N. við 9. gr. (áður 11. gr.) samþ. með 7 atkv.

3. og 4. breyt.till. E. Th. J. við 9. gr. teknar aptur.

5. breyt.till. N. við 9. gr. (áður 11. gr). samþ. með 7 atkv.

9. gr. (áður 11. gr.) þannig breytt samþ. með 7. atkv.

Till. N. að 12. gr. verði 10. gr. samþ. án atkv.

Breyt.till. N. við 10. gr. (áður 12. gr.) samþ. með 10 atkv.

10. gr. (áður 12. gr.) þannig breytt samþ. með 7 atkv.

Till. N. að 13. gr. verði 11. gr. samþykkt án atkv.

11. gr. (áður 13. gr.) óbreytt samþ. með 8 atkv.

Till. N. að 14. gr. verði 12. gr. samþ. án atkv.

Br.till. N. við 12. gr. (áður 14. gr.) samþ. með 8 atkv.

12. gr. (áður 14. gr.) þannig breytt samþ. með 9 atkv.

Till. N. að 15. gr. verði 13. gr. samþykkt án atkv.

13. gr. (áður 15. gr.) óbreytt samþ. með 9 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.

Frv. í heild sinni samþ. með 7 atkv. gegn 4.

Til 3. umr. vísað með 7 atkvæðum gegn 3.

Frv. til laga um aðför (C. bls. 79. og nr. 61); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Á þessu stigi málsins mun jeg að eins fara fáum orðum um frumvarp það, sem hjer liggur fyrir. Nefndarálitið ber það með sjer, að nefndin hefur í öllu veruleg verið samdóma stjórnarfrv., og hún áleit það þarfa og góða rjettarbót; sjer í lagi vil jeg benda á það, að frumvarpið hefur inni að halda næsta hagkvæm nýmæli um aðför eptir dómum, er eigi dæma menn í peningaútlát. Þar að auki eru í frumvarpinu nýmæli um fyrning aðfararjettar, sem verða að álítast hagkvæmari, en þau ákvæði, sem nú gilda um þetta efni; að lokum er kveðið ljóslega og greinilega á um rjettarfarið við aðför. En af því að það á ekki við, að fara nú út í einstök atriði eða greinar frumvarpsins, þá læt jeg mjer nægja að fela málið velvild deildarinnar, og vona að hún lofi því að ganga sinn venjulega gang.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um brúargjörð á Ölvesá (69) 1. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Það má segja, að þetta mál sje að nokkru leyti nýmæli í þessari deild, þótt það sje ekki á þinginu; það má líka að nokkru leyti segja, að það sje nýmæli eins og það kemur nú fram, því að það er öðru vísi að efni, en það hefur verið. Mönnum eru kunn afdrif þess á undanförnum þingum, og því hefur nú verið reynt að koma með það í þessari mynd, ef vera mætti, að því gæti byrjað betur á þann hátt. Nú eiga hlutaðeigandi sýslufjelög að leggja til sinn skerf, og má þó með sanni segja, að þau leggja hart að sjer með því að bæta þeirri byrði á sig. En þau vilja, að því mjer er kunnugt, fara þennan miðlunarveg, því að viðkvæðið hefur verið á undanförnum þingum, að hvorki væri landsjóður fær um að leggja fram svo mikið fje, sem til brúnna þyrfti, enda stæði þeim sveitum næst að kosta til brúnna, sem mest gagn hefðu af þeim. Reyndar er það meining mín, að landsjóður einn eigi að kosta þær, því jeg álít hann eiga að bera kostnað af þarflegum fyrirtækjum, sem einstakir menn eða einstök hjeruð geta ekki kostað. Jeg ætla nú ekki að fara að telja upp það óhagræði,

sem menn hafa ekki árlega heldur daglega af þessum sundám. Þingmönnum mun sjálfsagt mörgum kunnugt, hvílíkt tímatjón og gripamissi yfirferðin yfir Þjórsá og Ölvesá hefur í för með sjer. Jeg þarf heldur ekki að útlista gagn það, er af brúnum mundi leiða; en jeg læt nægja að geta þess eins, að það er álit mitt og annara kunnugra manna, að aðalframför, ekki einu sinni nærsýslanna, heldur og alls sunnlendingafjórðungs, sje mjög mikið undir því komin að brýrnar komist á, eða með öðrum orðum, að fyrirtækið sje gagn og sómi alls sunnlendingafjórðungs, gagn og sómi alls landsins. Þetta mál er brennandi áhugamál allra, sem það skiptir mestu, því að þeir sjá, hvert hapt brúarleysið leggur á alla framfaraviðleitni og allar framfarir, og hvað það tálmar verzlunarviðskiptum og hnekkir þeim. Jeg fjölyrði svo ekki meir um þetta mál að svo stöddu, en vona, að deildin taki mannúðlega í það, og láti sjer ekki fyrir brjósti brenna, þótt nú hafi komið fram dálítill halli fyrir landssjóð, því að enn er hann þó vel fær um að bera þessi þúsund, sem hjer er farið fram á. Vjer megum líka vona, að brátt batni í ári, og þá jafnist sá halli, sem á hefur orðið. Að svo stöddu finn jeg ekki ástæðu til að stinga upp á nefndarkosning, en óska að málið fái að ganga til 2. umræðu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þrettándi fundur, mánudag 18. júlí kl. 1 e. h.

Frv. til laga um löggilding Haukadalsbótar (77); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust fellt með 7 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um breyting á skipun læknahjeraða (24, 57, 87); 2. umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Við frv. þetta hafa ekki framkomið aðrar breytingartill. en þingskjal 87 frá nefndinni, og eru þær breyt. tilkomnar eptir bendingum læknis eins á Austurlandi, og eru um takmörk á 17. og 18. læknishjeraði. Eins og hin h. þingd. hefur sjeð, eru þessar breyt. í því fólgnar, að skipting læknishjeraðanna er gjörð eptir hreppum, í stað þess, að í frv. er hjeruðunum skipt eptir prestaköllum. Þessi læknir taldi það einkum til sem ástæðu fyrir þessari breytingu, að takmörk læknahjeraðanna eru þægilegri sýslubúum vegna þess, að þeir eiga eptir þessum breytingum samleið er þeir fara í kaupstað og leita ráða til læknis. Ennfremur er Jökulsárhlíðarhreppur hefður með í 17. læknishjeraði sakir þess, að íbúar hreppsins eru þar með fríaðir frá að sækja yfir Jökulsá eptir lækni sínum. Þetta eru hinar helztu ástæður fyrir því, að nefndin hefur komið fram með þessar breytingar.

Jeg vona, að háttv. þingdeild fallist á þessar breytingar og svo frv. í heild sinni.

Arnljótur Ólafsson: Eptir því sem jeg skil frv. þetta, þá er fyrst þess að gæta, að hjer er við bætt 6 nýjum læknahjeruðum við það sem vjer höfum eptir lögum 15. okt. 1775, 15. tölul. Í sjálfu sjer skyldi jeg eigi hafa á móti því, þótt læknahjeruðum væri fjölgað, ef það væri gjört þannig, að jöfnuður fengist um land allt, eptir stærð og eptir farartálma og öðrum örðugleikum í læknahjeruðum að ferðast og að ná til læknis. En þá er jeg lít á frv. þetta, get jeg eigi fundið, að þessa sje gætt.

Það er að eins á 2 blettum landsins, sem að verulegum mun er inn skotið nýjum læknahjeruðum. Annar bletturinn er

Borgarfjarðarsýsla og einkum Dalasýsla, þ. e. að segja frá Borgarfjarðasýslu að austan og vestur í Barðastrandarsýslu. Það er náttúrlegt, að sá blettur einkum verði fyrir rýmkun, fyrir því að sá blettur er hringur í kringum háttv. flutningsm. og framsögum. En hins hefðu menn þó getað ætlazt til, að hann sem víðsær maður hefði í frv. litið til alls landsins í lagasmíð sinni. Hinn bletturinn er Norður-Þingeyjarsýsla og einkum Múlasýslurnar. Jeg vil nú leyfa mjer að spyrja háttv. framsögum. (J. G.): Eru það að eins þessir tveir blettir landsins, sem þurfa viðbót á læknum? Hafa ekki Ísafjarðarsýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, jafnvel Eyjafjarðarsýsla, Skagafjarðar- og Húnavatnssýsla þörf á sömu viðbót, ef gætt er að vegalengd og farartálmum í sýslum þessum? Hafa ekki þessar sýslur hinn sama rjett til, að einnig sje aukið læknum hjá þeim að sama hlutfalli, sem eptir frv. er gjört á þeim tveim stöðum í landinu? Jeg hygg að þessar sýslur, er rjett er að gætt, hafi hinar sömu kröfur til viðbótar á læknum hjá sjer, og að með þessu sje fyrir þær opnaður aðgangur til að koma á eptir og biðja um viðbót á læknum, svo að endirinn verði sá, að vjer þurfum að fjölga læknahjeruðunum ekki að eins úr 20 uppí 26, heldur úr 20 upp í 40. Jeg veit að háttv. framsögum. (J. G.) segir: þessarar fjölgunar þarf við, homöopatharnir eru rýrir í læknislegu tilliti, en lærðu og föstu læknarnir of fáir. En jeg spyr þá aptur: Er landið fært um það, að bæta við sig 20 nýjum læknahjeruðum, sem hvort er launað með 1500 kr., en það verður til samans 30,000 krónur? Ef landið er ekki fært um það, þá höllum vjer þeim jafnrjetti, sem nú er í læknaskipuninni, með því að samþykkja þetta frv. (*Sighv. Árn.*: nei!). Jú, sá sem segir nei, verður að sanna mjer, að ekki sjeu til, eptir að þetta frv. er samþ., stærri og örðugri læknahjeruð en þau, sem hjer er skipt í sundur í tvennt eður bætt nýjum við. Geti hann það ekki, er nei hans marklaust í máli þessu. Annaðhvort hlýtur að vera, að þetta frv. hallar jafnrjetti í læknaskipuninni, eður það hlýtur að draga þann dilk eptir sjer, að lagður verði til læknaskipunar á landið 20—30,000 kr. nýr kostnaður. Í öðru lagi vil jeg beina þeirri spurningu til háttv. framsögum. (J. G.): Er það rjett, að halda öllum læknahjeruðum í 1500 kr. launum, eins og gjört er í 2. gr. frv.? Er það rjett í samanburði við önnur embætti, er kosta embættismanninn sama tíma og sama erfiðleika? Er það t. d. rjett í samanburði við þá embættismenn, sem við þekkjum báðir vel, hinn háttv. framsögumaður og jeg, prestana. Vjer verðum að gæta þess, að læknarnir fá laun sín í peningum úr landssjóði, en prestarnir fá sín laun frá bændum, sem opt og tíðum ekki geta borgað, og einstakir máske ekki hirða um að borga í tíma. Þessar 1500 kr. fá læknarnir að eins fyrir að heita læknar, og vera til staðar í læknishjeraðinu, því að auk þess fá þeir borgun fyrir allt það sem þeir gjöra. Ef vjer berum laun lækna saman við meðalbrauð, sem hefur 11—1200 kr. í árl. tekjur og þar í eru tekjur fyrir öll prestsverk talda, og þessar tekjur eiga að gjaldast í vörum frá bændum en ekki í peningum úr landssjóði, sem eru nú í svo háu verði, þá getur það ekki dulizt, að munurinn er mikill. Auk þess hafa prestar svo mikla peningaábyrgð. Þeir eiga ekki að eins að innheimta sín gjöld, heldur og kirkjugjöld af öllum kirkjum í landinu, nema bændakirkjum og landssjóðskirkjum. Þeir eiga að taka við stöðunum, eins og það nú gengur líka venjulega. Og svo verða þeir enn að þola þann makalausa órjett, að þeir skulu tapa því, er þeir eiga hjá kirkjunni, ef þeir byggja þá kirkju, sem ekki á fyrir byggingu sinni. Órjettur þessi

eru leifar barbariskrar venju eður frá fornöldinni. Þessi er staða prestanna hjer á landi, og finnst mjer jafnrjettinu milli þeirra og læknanna vera mjög svo haggað. Af þessum tveimur ástæðum verð jeg að vera móti þessu frv. Jeg get samsinnt, að þörf sje á læknum á þessum tveimur blettum í viðbót við það sem nú er; en hitt segi jeg: með frumv. er jafnrjettinu haggað, bæði í tilliti til læknaskipunar í öllu landinu, þar sem ekki er viðbætt læknum, og líka í tilliti launa lækna og einkanlega prestanna. Afleiðingin af þessu frv., ef það verður samþ., verður sú, að fram kemur hjer á þingi æ meiri og meiri beiðni um lækna, og jafnframt spurning um launajöfnuð embættismanna. Jeg er því á móti þessu frv., en jeg vil styðja að því, að þær sveitir, þar sem þörfin er mest fundin nú, fái aukalækna, sem vjer getum, eins og átt hefur sjer stað, launað á fjárlögum með 800—1000 kr., þangað til að minnsta kosti að kröfurnar um læknaviðbót eru almennari framkomnar en nú er. Þá fyrst er tími kominn til, að endurskoða læknalögin.

E. Th. Jónassen: Eins og kunnugt er, var með lögunum 15. okt. 1875 bætt mörgum læknum við það sem áður var hjer á landi, og hefur þeim lögum almennt verið fagnað, því að áður mátti heita læknalaust hjer á landi. En einmitt eptir að þessi læknaviðbót var fengin, fóru menn að finna til að læknarnir voru samt of fáir. Þannig hefur t. d. Dalasýsla hvað eptir annað farið fram á, að bætt væri úr læknaeklunni hjá sjer, og á fjárlögum fyrir undanfarin ár hafa aukalækni til þess hjeraðs verið veittar 1000 kr., en sýslan er læknislaus eptir sem áður, því að enginn hefur læknir fengizt þangað fyrir þá borgun. Það má líka heita svo, að sýslan sje læknislaus að minnsta kosti á veturna, því svo erfitt er að ná í lækni, bæði í Stykkishólmi og vestur í Bæ. Læknirinn í Snæfellsnessýslu hefur sagt mjer, að stundum, þegar hann hafi verið sóttur úr Dalasýslu, hafi hann verið í læknisferð út á Snæfellsnesi, og má þá nærri geta, að læknishjálpin getur ekki orðið fljót og greið.

Ástæður háttv. 5. kgk. (A. Ó.) móti þessu frv. voru fremur ljettvægar. Hann sagði í fyrsta lagi, að ef bætt væri læknum við á þeim stöðum, sem gjört væri í þessu frv., mundu koma kröfur frá öðrum stöðum til að fá hina sömu læknaviðbót, og það mundi verða of kostnaðarsamt fyrir landssjóðinn, því að það væri sjálfsagt, jafnrjettisins vegna, að láta það eptir. Jeg er sannfærður um það, að þar sem læknaviðbót þarf, er alþýða fús á að veita fjeð, sem læknaviðbótin hefur í för með sjer. Í öðru lagi fannst hinum sama háttv. þm. (A. Ó.), að laun læknanna væru of há, í samanburði við laun prestanna. Jeg held, að samanburður hans geti ekki staðizt, ef betur er að gætt. Þeir læknar t. d. sem lesa erlendis, kosta svo miklu til, að 100 kr. laun eru allt of lítil fyrir þá. Auk þess ber þess að gæta, að þeir þurfa að kaupa árl. fyrir afarmikið fje meðöl, sem þeir þurfa svo að liggja með og opt og tíðum verða ónýt við geymsluna. Hinn háttv. þm. (A. Ó.) ætti að skoða meðalareikning læknanna hjá lyfsalanum hjer í Reykjavík. Jeg hygg að fyrir 1000 kr. laun fengjum vjer mjög fáa lækna hjer á landi. H. háttv. 5. kgk. (A. Ó.) sagði ennfremur, að einkum væri aukið læknum í kringum framsögum. (Jak. G.) þarna í Dalasýslu, en eins væri þörf að auka læknum í Ísafjarðarsýslu og víðar, svo og í Skaptafellssýslu. Í Skaptafellssýslu er þegar búið að bæta úr læknaeklunni, annar er í austursýslunni annar í vestursýslunni og svo aukalæknir í Mýrdalnum, svo að máske engin sýsla er eins vel læknum skipuð og hún. Jeg get alls ekki verið á þeirra máli, sem vilja fella

þetta frv. Þingið á ekki að spara fje, þegar líf og heilsa manna er í veði, annarstaðar á það að spara, en ekki þegar um það er að ræða. Heilsufari og „Hygieine“ er mjög ábótavant hjer á landi og gæti batnað stórum, ef læknum yrði bætt við. Það liggja nú fyrir þinginu bænir um 4 aukalækna, og mundi þingið ekki geta neitað þeim, svo að munurinn á að gjöra þau hjeruð að föstum læknishjeruðer ekki svo tiltakanlega mikill. Þingið getur miklu fremur sparað annarstaðar en í þeim efnum. Jeg mun því gefa frv. þessu atkvæði mitt.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) kom í ræðu sinni með tvær aðalástæður gegn frv. Fyrri ástæðan var sú, að hann sæi ekki að bætt væri til hlítar úr læknafæðinni hjer á landi, þótt þessum 6 nýju læknum yrði bætt við; hin ástæðan var sú, að eptir frv. væri læknishjeruðunum ekki skipt jafnlega niður; og því ekki jafnhægt að ná til lækna úr þeim öllum. Jeg skal játa það, að bezt væri að geta komið öllum nytsömum og góðum fyrirtækjum fram í einu, en reynslan sýnir, að það getur ekki orðið. Það eru ýms góð fyrirtæki, sem hafa svo mikil fjárútlát í för með sjer, að ekki einu sinni stórríkar þjóðir geta framkvæmt þau nema smátt og smátt, hvað þá vjer fátækir Íslendingar. Það er alveg rjett, sem háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að síðan læknum var fjölgað 1875, síðan hafa menn miklu sárar fundið til læknaskortsins. Áður höfðu margir ekki af læknum að segja, og vissu ekki, hve gagnlegir og nauðsynlegir þeir eru. En nú, síðan menn hafa komizt að raun um það, munu þeir vilja leggja mikið í sölurnar, til þess að eiga nokkurn veginn hægt með að nálgast þá. Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.), er svo mikill framfaramaður, og svo góður leiðtogi þjóðar sinnar, að honum mun sjálfsagt ekki detta í hug, að fara að flytja þá kenning, að ófært sje að byrja á nokkrum hlut, sem eigi verður þegar fullgjörður. Honum dytti víst ekki í hug að segja: Jeg vil ekki byrja á að sljetta eina þúfu í túninu mínu, af því að jeg get ekki sljettað það allt í einu. Að koma með slíka kenning, sýndi þann apturhaldsanda, sem háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) alls eigi er trúandi til að hafa. Allt sem vjer gjörum hjer á jörðu, er hálfverk, og ef vjer viljum ekki gjöra annað en það sem er fullkomið, þá gjörum vjer ekkert. Háttv. þm. (A. Ó.) tærði það líka á móti frv., að laun lækna mundu ákveðin of há, og bar þá saman við prestana. Það má margt segja um samanburð á launum embættismannaflokkanna og um laun þeirra; sumum geta þótt þau of há, öðrum aptur of lág. En það er ekki rjett að segja, að læknar og prestar kosti jafnmiklu til lærdóms síns; prestaefni eru að eins 2 ár á prestaskólanum, en læknaefni 4 ár á læknaskólanum. Áður en þeir takast embætti á hendur, verða báðir að hafa eignazt nauðsynlegar bækur; presturinn þarf líka að eiga sjer hempu; en að öðru leyti er mjög ólíkt ákomið með þeim; áhöld læknisins eru afar dýr, ef þau eiga að vera nokkurn veginn fullnægjandi; þau eru svo dýr, að fátækum mönnum er ókleyft að eignast þau, nema þeir fengju opinberan styrk til þess. Lækningar geta ekki verið í eins góðu lagi hjá sumum læknum fyrir áhaldaskorti, eins og þær mundu að öðrum kosti vera. Það væri því öll þörf á að styrkja lækna til að kaupa sjer áhöld, einkum til að rannsaka sjúkdóma. Við erum báðir brot af lækni, og ættum því að geta getið nærri mörgum fremur, hve nauðsynleg verkfæri eru læknum. Það hefur lengi verið viðurkennt, að prestar sjeu launaðir lakast allra embættismanna hjer á landi, og svo mun lengi verða; því að þeir eru svo margir, að ef þeir ættu að vera eins há-

launaðir og aðrir embættismenn, þá yrðu laun þeirra sú feiknar upphæð. *(A. Ó.:* Heyr, heyr!). En hvað sem þessu líður, þá vil jeg þó heldur vera prestur á bærilegu brauði, en læknir, þótt í hægu læknishjeraði væri. Það er satt, að læknar fá föstu launin sín úr landssjóði, og þau laun eru notadrýgri en þau laun, sem þarf að heimta inn hjá fátækri alþýðu. En þeir þurfa þó að heimta inn ekki svo lítið fyrir meðul hjá alþýðu, og eigi mun síður ganga misjafnt með þá innheimtu, en innheimtu presta. *(A. Ó.:* Fátækrasjóðurinn borgar, þegar fátæklingurinn borgar ekki). Hann borgar ekki lækninum fremur en prestinum. Að öðru leyti vona jeg, að deildin láti ekki þessi sjálfsagt svo vel meintu mótmæli háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) á nokkurn hátt aptra sjer frá að samþykkja frv., og eyða með því þessu nauðsynlega velferðarmáli.

Sighvatur Árnason: Háttv. framsögumaður (J. G.), og háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), hafa svo rækilega svarað ræðu háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.), að jeg hef litlu við að bæta. Þó leyfi jeg mjer að geta þess, að mjer virtist hann ekki tala af nægum kunnugleik um málið. Þar sem hann talaði um, að meira misrjetti kæmi fram við læknaskipunina eptir þessu frv., en nú á sjer stað í læknaskipunarlögunum, þá vil jeg segja, að því leyti sem jeg þekki til, að það sje þvert á móti. Jeg skal taka til dæmis eitt hjerað af nýju læknisdæmunum; það er 23. læknisdæmið: Mýrdalsþing í Skaptafellssýslu og nokkur hluti af Rangárvallasýslu. Eptir eldri læknaskipuninni mátti segja, að í öllum bráðum sjúkdómstilfellum væri sama fyrir Mýrdælinga og þeir væru læknislausir, en nú mun bót ráðin á því, ef hin nýja læknaskipun kemst á. Jeg hygg því, að háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafi talað af ókunnugleik, að minnsta kosti um þetta hjerað, því að það get jeg ekki ætlað, að hann hafi dæmt sem mótstöðumaður beint á móti málinu. Þegar það kemur til greina, að nærri er læknislaust á einhverjum stað, þá er mjög varúðarvert að mæla á móti, að menn geti fengið þar lækni, þegar þeir óska þess. *(Arnlj. Ól.:* Það er líka varúðarvert að mæla með því). Nei, ekki þegar um líf manna og heilsu er að ræða. Það er ekki heldur hætt við, að menn gangi of langt í bráð í læknabeiðslum. Eins og h. þm. Dal. (J. G.) tók fram, erum vjer ekki færir um að taka stór stökk, einkum meðan almennari bænir um lækna koma ekki fram. Oss hæfir bezt að reyna að þoka læknaskipun vorri smátt og smátt í viðunanlegt horf, og af því að þetta frv. er eitt stig í þá átt, þá leyfi jeg mjer að mæla fram með því. Eptir því sem jeg þekki til og hef frjeðzt um af kunnugum mönnum, þá er mikil þörf á þeim læknum, sem hjer er lagt til að bætt sje við. Hvað því viðvíkur, að hækka laun aukalæknanna, þá mælir mikið með því, því að svo mun fara, eins og verið hefur, að annaðhvort standi þessi aukaembætti laus og enginn sæki um þau, eða að menn sæki jafnskjótt frá þeim og betra býðst, og vermi sig við þann eldinn, sem betur brennur.

Jón Ólafsson: Jeg er samdóma h. þm. Dal. (J. G.), að vel sje gjörlegt, að bæta úr læknaskorti vorum, en jeg er honum líka bókstaflega samdóma um það, að vjer eigum að gjöra það *„smátt og smátt“*. En mjer sýnist hann ekki hafa verið fullkunnur þessu máli, sem hann hefur hjer fjallað um, og fyrir þá sök sjeu misfellur á frv. Það situr máske ekki vel á mjer sem austfirðing og þingmanni austfirðinga, að telja eptir þeim, þó þeim sjeu hjer ríflega úthlutaðir læknar í frv.; en ómögulegt sýnist mjer að neita því, að austfirðir hafi verið sjerlegt óskabarn h. þm. (J. G.). Jeg skal nefna

18. læknishjeraðið; það á að eins að ná yfir Valþjófstaðarprestakall, Fljótsdalshrepp, Fellahr., Tunguhrepp, Hjaltastaðaþinghá, og Vallaneshrepp. Þetta læknishjerað verður svo hægt, að læknirinn getur á sumardag farið að heiman og heim að kvöldi, hvaðan sem hann er sóttur úr umdæminu. Þetta er að vísu æskilegt, ef svo gæti orðið alstaðar á Íslandi; en þess mun langt að bíða, að okkar fátæki landssjóður hafi ráð á slíku. En eins og nú er, verður, að Vestmannaeyjum frá teknum, ekkert hjerað á landinu sem yrði svona hægt. Það lítur út eins og þetta læknishjerað sje búið til, til þess að gjöra lækninum sem hægast fyrir, en ekki til þess að gjöra sýslubúum sem hægast að ná í lækni. Það er hálf-skrítilegt, að undanskilja Eyðasókn, og þó getur læknirinn ekki vel annað en riðið gegnum Eyðaþinghá, til þess að komast að heiman frá Hjaltastaðarþinghá. Eyðaþinghá ætti því að fylgja með, og Skriðdalurinn, því að þaðan er, einkum á vetrardag, hægra að sækja til læknis að Ormarstöðum, en á Eskifjörð.

Það er líka merkilegt, hvað minna er hugsað um Suður-Múlasýslu í þessu frv., en um Norður-Múlasýslu; það er nærri eins og háttv. flutningsmaður hafi haft einhvern ráðgjafa sjer við hlið þaðan (úr Norður-Múlasýslu), en engan úr öðrum hjeruðum landsins.

Mjer sýnist óþarfi að brytja niður læknishjeruðin í Múlasýslu, eins og hjer er gjört, enda mundi sjálfsagt leiða af því, að vjer fengjum inn á næsta þing bænir um að minnsta kosti 12 ný læknishjeruð, að jeg ekki segi 20—30, ef öðrum ætti að gjöra jafnhátt undir höfði. Vjer skulum að eins líta á 10. læknishjeraðið í frv.; það er ólíkt, hvað það er örðugra, en nýju læknishjeruðin í Múlasýslu, einkum Norður-Múlasýslu, eiga að verða. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji ekki auka hægð austfirðinga, heldur af því, að jeg efast um, að þeir vilji sjálfir vinna *það* fyrir hægðina, að fá inn á næstu þing bænir um svo og svo mörg læknishjeruð, sem ekki yrði um synjað, ef ekki ætti að svipta beiðendur jafnrjetti, og sem hlytu að kosta landssjóð *marga tugi þúsunda króna*, og leiða af sjer þungar nýjar álögur á alþýðu á öllu Íslandi. Mjer sýnist líka óþarfi að stofna nýtt læknishjerað, þar sem styrkur er veittur handa aukalækni og þar sem aukalæknir er, eins og til dæmis er í 19. læknishjeraðinu. Þar situr nú aukalæknir, og jeg efast ekki um, að þangað muni aukalæknir fást um langan tíma, því að bæði er embættið hægt, og líka má búast við allmiklum læknisstörfum og meðalasölu á jafn mannmörgum stað og Seyðisfjörður er. Sama er að segja um 3. læknishjeraðið; þar er aukalæknir, og jeg sje ekki, að meiri not muni að honum, þó hann verði reglulegur læknir. Eða verður læknir því nýtari sem meiri peningar eru á hann bornir úr landssjóði? Þetta miðar ekki til að fjölga læknum og hægja landsmönnum, heldur að eins til að auka tekjur þeirra og álögur á landsmenn. Öðru máli er að gegna með Dalasýlu; þar hefur ekki aukalæknir fengizt; það hefur, ef til vill, ekki þótt borga sig að fara þangað. Jeg kann miklu betur við hið upprunalega stutta frv. flutningsmannsins (J. G.), en hið langa frv. nefndarinnar. Stutta frv. bætir úr brýnustu þörf, en langa frv. mun draga dilk eptir sig þegar á næsta þingi, því að það eykur ójöfnuð. Þeir sem erfiðara eiga með að ná til læknis, munu heimta jafnrjetti, sem vjer með engu rjettlæti getum þá synjað þeim um. Á næsta fjárhagstímabili getum vjer ekki heldur búizt við að fá fleiri lækna innlenda, en gjört er ráð fyrir í hinu upphaflega frv. flutningsmannsins (J. G.), og er því þýðingarlaust að fjölga læknahjeruðum meir

nú í bráð, því það verða engir til í þau, nema með því að fara að draga útlendinga inn í landið.

Jón A. Hjaltalín: Þótt jeg geti skrifað undir mjög margt af því, sem meðmælendur þessa máls hafa komið fram með því til stuðnings, þá verð jeg eigi að síður að vera á móti því. Vjer verðum að gæta þess, að vjer höfum í mörg önnur horn að líta, og margar þarfir upp að fylla. Það er ekki nóg að segja, að líf og heilsa sje í veði af læknaskorti; það getur líka verið af öðrum ástæðum. Jeg verð að mæla móti frv., af því að það hefur í för með sjer töluverðan kostnað fyrir landssjóð. En þetta ár er ekki heppilegt til að þyngja álögur manna, þar sem nú kreppa að afleiðingar harðæris og vangæzlu fyrri ára. Vjer verðum að reyna að gjöra sem minnstan tilkostnað nú um eitt fjárhagstímabil og bjargast eins og að undanförnu. Þetta er ekki hið eina fyrirtæki, sem nú er beðið um fje til; þau eru mörg önnur. En vjer verðum, þegar vjer ætlum að fara að veita fje til þeirra, að hafa fyrir augum hag landsins eins og hann er; því að vel getur svo farið að öðrum kosti, að landssjóður rísi ekki undir þeim útgjöldum, sem vjer leggjum á hann; verðum vjer þá að leggja ný gjöld á landsbúa, en það álít jeg mjög óheppilegt, að auka skatta í þessu ári, hvort heldur það eru beinir eða óbeinir skattar. Jeg vil nú yfir höfuð vera með öllu, sem miðar til að draga úr kostnaði, en miklu síður því sem stuðlar að því að auka hann.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Í umræðunum um mál þetta hafa komið fram ýmsar mótbárur á móti nefndarálitinu, en flestir munu þó eindregið vera á þeirri skoðun, að brýnust þörf sje á að fá lækni í Dalasýslu, og minnka hið 5. læknishjerað landsins, sem er óyfirfarandi nokkrum mennskum manni. — Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um mál þetta, en óska að eins að gengið sje til atkvæða um hvern einstakan lið í frv. nefndarinnar (57).

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. N. 1. tölul. samþykktur með 10 atkv. gegn 1.

1. gr. frv. N. 2. tölul. samþykktur með 10 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 3. tölul. samþykktur með 8 atkv. gegn 2.

1. gr. frv. N. 4. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 5. tölul. samþykktur með 10 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 6. tölul. samþykktur með 9 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 7. tölul. samþykktur með 9 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 8. tölul. samþ. með 9 atkv.

1. gr. frv. N. 9. tölul. samþykktur með 9 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 10. tölul. samþykktur með 9 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 11. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 12. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 13. tölul. samþykktur með 8 atkv. gegn 1.

1. gr. frv. N. 14. tölul. samþykktur með 8 atkv. gegn 1.

1. gr. frv. N. 15. tölul. samþykktur með 8 atkv. gegn 1.

1. gr. frv. N. 16. tölul. samþykktur með 8 atkv. gegn 1.

Breytingartill. nefnd. við 17. tölul. samþykkt með 9 samhlj. atkv. og 17. tölul. í frv. N. þar með fallinn.

Breytingar.till. við 18. tölul. samþykkt með 8 atkv. gegn 1., og 18. tölul. frv. N. þarmeð fallinn.

1. gr. frv. N. 19. tölul. samþykktur með 8 atkv. gegn 1.

1. gr. frv. N. 20. tölul. samþykktur með 9 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 21. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 22. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 23. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 24. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 25. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. frv. N. 26. tölul. samþykktur með 8 samhlj. atkv.

1. gr. þannig orðuð samþykkt með 8 atkv. gegn 1.

1. gr. hins upphaflega frumv. (24) þar með fallin.

2. gr. nefndarfrumv. samþykkt með 7 atkv. gegn 1.

2. gr. hins upphaflega frumvarps þar við fallin.

3. gr. hins upphaflega frumvarps tekin aptur.

Fyrirsögn nefndarfrumv. samþykkt með 8 atkv.

Frumv. í heild sinni samþykkt með 7 atkv. gegn 3.

Að málið gangi til 3. umr. samþykkt með 8 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um bátafiski á fjörðum (C. bls. 75 og nr. 76); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vil ekki fara mörgum orðum um frv. þetta að sinni. H. þingd. sjer breytingar þær, sem nefndin hefur gjört á frv. stjórnarinnar, og munu þær koma til umtals við 2. umr. Nú skal þess að eins getið, að aðaltilgangur nefndarinnar með breytingum sínum hefur verið sá, að rjetturinn til bátfiskis landsbúa yrði verndaður tilhlýðilega á hverjum stað. Á þetta hefur nefndin lagt sjerlega áherzlu, því að það er öll nauðsyn á að sjá um, að atvinnurjettur manna sje ekki fyrir borð borinn.

Landshöfðingi: Þetta frv. er mjög áríðandi og snertir mjög verulega annan af aðalatvinnuvegum landsins; það hefur áður tvisvar verið til umræðu hjer á þingi. en niðurstaðan hefur engin orðið, sem hefur orsakazt af ágreiningi milli þings og stjórnar, og samkomulagi hefur hingað til ekki orðið náð; nú lítur heldur út fyrir, að draga muni saman til samkomulags, og því skal jeg að þessu sinni leiða hjá mjer að rifja upp þennan ágreining, sem að mestu eða jafnvel eingöngu er fólginn í því, hvernig skilja eigi eldri lög og ákvarðanir, sem hingað til hafa gilt um bátafiski á fjörðum; mjer finnst hjer mest undir því komið, að menn geti komið sjer saman um, hvaða ákvæði skuli í þessu efni gilda fyrir eptirkomandi tímann. Hin háttv. nefnd, sem skipuð hefur verið í þetta mál, hefur tekið miklum mun betur í það, en gjört hefur verið að undanförnu, og vona jeg það verði til þess, að þetta frv. verði að lögum, sem verndi einn hinn mikilvægasta atvinnuveg vorn. En á hinn bóginn verð jeg að álíta, að nefndin hafi farið nokkuð fljótt yfir þetta mál, og að í frv. vanti ákvæði, sem sjeu nauðsynleg. Jeg ætla að leyfa mjer að benda á 2 atriði. Það stendur í frv., að gjöra megi samþykkt — orðið „samþykkt“ er reyndar ekki nefnt, — til að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, og að það skuli gjöra samkvæmt lögum, sem vitnað er til, þ. e., að aðferðinni við tilbúning samþykktarinnar skuli haga eptir lögum 14. desbr. 1877; en þar með er ekki sagt, að önnur ákvæði úr lögum þessum skuli tekin upp í samþykktina, sem þó eru nauðsynleg, t. d., hvaða hegningu skuli setja fyrir brot gegn samþykktinni, eða hvernig fara skuli með mál, er rísa út af þess konar brotum. Þetta vona jeg að háttv. nefnd íhugi til 2. umr. — Í öðru lagi er það nýmæli í frv. nefndarinnar, að ef aðkomumaður stundar fiskiveiðar í veiði-

stöð sama hrepps fjórar vikur eða lengur, þá sje honum skylt að greiða hæfilegt útsvar til sveitar, og þá er líka nauðsynlegt að til taka, eptir hvaða mælikvarða meta skuli þetta útsvar; útsvar er sem sje venjulega miðað við tekjur mannsins allt árið; en hjer ætti aðeins að miða við aflann þann tíma, sem veiðin er stunduð; sömuleiðis væri líka gott að tiltaka, — þó það sje reyndar ekki eins nauðsynlegt —, af hvaða stjórnarvaldi slík gjöld skuli lögð á; þetta gjald er sem sje ekki sveitarútsvar eptir efnum og ástæðum, heldur sjerstakt gjald, eins og nokkurs konar þóknun eða notagjald fyrir hreppinn, fyrir að mega reka þar atvinnu stuttan tíma. Þessi tvö bendingaratriði vona jeg að h. nefnd taki til íhugunar, og, ef svo vill verkast. gjöri breytingar samkvæmt þeim á frv. til 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg fyrir mitt leyti er mjög þakklátur, og jeg er viss um að nefndin í heild sinni er þakklát hæstv. landshöfðingja fyrir bendingar hans; hið fyrra atriði hafði jeg þegar að nokkru leyti athugað sjálfur, en síðara atriðið alls ekki; nefndin ljet sjer að eins nægja, að setja: „hæfilegt útsvar“, en auðvitað verður að miða það við þann tíma, sem atvinnan er stunduð á þeim sama stað. Þetta hvorttveggja mun verða nákvæmara athugað til 2. umræðu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Till. til þingsályktunar um Spánarsamninginn (75); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var samþykkt ein umr. um þetta mál með 8 atkv. gegn 1.

Till. til þingsályktunar um lagatextana (74); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var með 8 atkv. samþykkt, að hafa eina umr. um málið.

Tillaga til þingsál. um landskuldargjald á Vestmannaeyjum (73); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var samþykkt með 10 samhlj. atkv., að hafa eina umr. um þetta mál.

Fjórtándi fundur, þriðjudaginn 19. júlí kl. 1. e. h.

Allir á fundi.

Frumv. til laga um þeginn sveitarstyrk (86, 88); 3. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Jeg vildi að eins vekja athygli h. deildar á því, að nefndin hefur fundið ástæðu til að koma með breyt.till. (88) við frv. samkvæmt þeim skoðunum, sem komu fram við 2. umr. Samkvæmt bending eins háttv. þm. við þá umræðu hefur nefndin gjört þá breyt.till., að bætt yrði inn í 7. gr. á eptir orðunum: „Áður en hann byrjar ferð sína“, „ef sveitarstjórnin heimtar“. Þessi breyting áleit nefndin að yrði til bóta; með henni er sveitarstjórninni gefið rýmra vald en áður. Ef lögin yrðu staðfest, eins og þau voru eptir 2. umr., þá gætu þau atvik vel komið fyrir, að hlutaðeigandi sveitarstjórn áliti sig ekki hafa vald til, samkvæmt lögunum, að gefa manni burtfararleyfi af landi, þótt henni að öðru leyti þætti ekki ástæða til, að hefta brautför hans. Önnur breyting, sem nefndin hefur komið með, er á fyrirsögn frv., og mun ekki þörf á að fara um hana mörgum orðum. Jeg vona, að þessar breytingar sjeu til bóta, þótt eigi sjeu þær miklar, og jeg vona líka, að frv. fái í þetta skipti eins góðan byr hjá þingdeildinni og það hefur fengið áður. Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið.

Jón Ólafsson: Jeg skal taka það fram,

að eins og breyt.till. nefndarinnar er orðuð, get jeg mjög vel fallizt á hana. En hitt var leitt, að nefndin skyldi ekki finna ástæðu til að koma líka með breyting við 6. gr. Jeg hygg, að frv. hefði byrjað betur, ef kveðin hefði verið á beinlínis fangelsisvist við vatn og brauð; það var að fara miðlunarveg milli þeirra, er halda fram strangri refsing, og hinna, sem vilja hafa hana mjög væga. Eigi að síður mun jeg þó greiða atkvæði með frv.

Júlíus Havsteen: Að því er þýðinguna á orðinu „fangelsi“ snertir, þá er svo kveðið á í hegningarlögunum, að fangelsisvist geti bæði verið einfalt fangelsi, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og fangelsi við vatn og brauð. Þegar því hjer er að eins nefnt fangelsi í 6. gr., þá mun dómarinn geta valið um, hverri hegningaraðferðinni hann vill beita.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 7. gr. samþ. í einu hlj.

7. gr. þannig breytt samþ í e. hlj.

Breyt.till. við fyrirsögn frumv. samþ. í einu hljóði.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og afgreitt síðan til neðri deildar.

Frv. til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi (85); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust með 9 atkvæðum móti 2 atkv. og síðan afgreitt til neðri deildar.

Frumv. til laga um aðför (C. bls. 79 og nr. 61, 91, 92); 2. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Eins og háttv. þindeild getur sjeð, eru breytingar nefndarinnar við frv. þetta að miklu leyti orðabreytingar, og er lítil þörf á að rekja þær eða útlista nákvæmlega. Aptur á móti skal jeg leyfa mjer að fara fám orðum um þær breytingar, sem miða til að leiðrjetta eða lagfæra frumv., og sömuleiðis þær breytingar, sem eru efnisbreytingar. Í 9. gr. hefur nefndin breytt „notarialskipun“ í „notarialáskorun“. Danska orðið er „Notarialbeskikkelse“, en „Beskikkelse“ þýðir eigi „skipun“ í þessu sambandi. Í aukatekjureglugjörðinni er haft orðið „svarskrafa“, en nefndin kunni betur við það orð, sem hún hefur nú sett inn í frumvarpið. Í 12. gr. þótti nefndinni nauðsynlegt að skjóta inn í á eptir „útburði“ orðinu „dómfelda“, því að eins og greinin er orðuð í stjórnarfrv., þá má líta svo á, sem bera ætti dómhafa út, en það er þó auðsjáanlega ekki meiningin. Í 14. gr. síðast í öðrum staflið stóð „hins“ í staðinn fyrir „hans“. Sömuleiðis er í 16. gr. síðast í öðrum staflið „því“ breytt í „honum“. Í öðrum staflið 18. gr. stóð: „dæma menn í skuldafangelsi“; því hefur nefndiy breytt í: „*setja* menn í skuldafangelsi“. Í síðasta staflið sömu greinar stendur í frv. „Hinar sjerstaklegu þvingunarreglur, er gilda um heimtu á framfærslueyri með barni eða konu, er skilin er við mann sinn að borði og sæng eða að fullu, skulu halda gildi sínu“. Hjer vantaði að nefna þvingunarreglur um heimtu framfærslueyris með konu, sem yfirgefin er af manni sínum, og hefur nefndin því bætt úr því; en henni sást yfir að því leyti, sem hún eigi felldi jafnframt úr orðin: „eða að fullu“. Því lög eru ekki fyrir því, að beita sjerstökum þvingunarráðstöfunum, afplánun ógoldins framfærslueyris, gegn þeim manni, sem skilinn er við konu sína að fullu. Til þess að ráða bót á þessu liggur nú fyrir breytingartillaga frá hinum hæstvirta landshöfðingja, sem þegar áður hefur bent mjer á misfellu þessa, og ennfremur breytingartillaga frá nefndinni, og fara þessar breytingartillögur fram á, að orðin „eða að fullu“ í 17. breyt.till. nefndarinnar við frumvarpið falli burt. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess hjer, að í síð-

asta lið 28. gr. varð að bæta við á sama hátt og í 18. gr.: „eða konu, sem hann hefur yfirgefið“; en jafnframt þurfa að falla burtu orðin í enda 30. breytingartill. nefndarinnar, „eða að fullu“, og hefur nefndin nú komið fram með þá breytingartillögu. Í 26. gr. er talað um, að forráðamaður skuli gjöra reikningsskil, eins og hver annar „innheimtumaður við uppboð“. Þetta getur eigi verið rjett, því hjer er átt við innheimtumenn yfir höfuð, og höfum vjer því sleppt úr orðunum „við uppboð“. Við 27. gr. hefur nefndin gjört verulega efnisbreytingu; hún hefur einnig þar fært „60 kr.“ upp í „120 kr. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, áleit nefndin varasamt að ganga of nærri skuldunaut, því ef teknir eru af honum þeir hlutir, sem hann þarf til að reka með atvinnu sína, þá er hætt við að hann verði að þiggja af sveit handa fjölskyldu sinni, en þegar svo langt er komið fyrir manni, eru litlar líkur til að hann rjetti við aptur. Þó skal jeg taka fram, að nokkur ágreiningur var milli nefndarmanna um upphæðina, en það varð ofan á, að hún var látin vera 120 kr. Í 31. gr. er talið ýmislegt, sem er undan þegið fjárnámi, og þar á meðal „styrkur til fátækra, er stofnanir veita eður aðrar landsnytjar í velgjörðar skyni“. Þetta þótti nefndinni betur fara, að orða þannig: „styrkur til fátækra, er stofnanir eða velgjörðafyrirtæki veita“. Í 34. gr. kunni nefndin ekki við orðin „lærimeistara eða verkherra“, og hefur sett í þeirra stað: „eða þeim, sem á yfir honum að segja“. Í 45. gr. á auðsjáanlega að standa „fjárnámshafi“, en ekki „dómhafi“. Við 48. gr. eru gjörðar nokkrar breytingar, sem þó að eins lúta að því, að lagfæra orðaskipunina í greininni, og sama er að segja um breytinguna á síðara lið 51. gr. Að svo stöddu skal jeg ekki fara fleiri orðum um aðgjörðir nefndarinnar, en bíð þess, að heyra undirtektir manna undir þær.

Landshöfðingi: Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir það, hve vel hún hefur tekið undir þetta mál og hve grandgæfilega hún hefur íhugað það og lagað þær misfellur, sem kunna að hafa verið á málinu á frv. Eins og h. framsögumaður (Júl. Havsteen) sagði, hefur nefndin ekki gjört neinar verulegar efnisbreytingar við frv., nema við 27. gr.; þar hefur hún undanskilið frá fjárnámi 120 kr., í stað þess að í frv. voru það að eins 60 kr. Þessi breyting sýnist mjer nokkuð viðsjárverð; vjer verðum að gæta þess, að fyrst er skuldunaut leyft að skilja undan fjárnámi rúm og sængurföt fyrir sig, konu sína og börn, ennfremur nauðsynlegt lín og íveruföt. Ef svo á að leyfa honum þar að auki að undanskilja muni fyrir 120 kr., þá finnst mjer nokkuð linlega gengið að skuldunaut. Menn mega ekki eingöngu horfa á það, þótt skuldunautur eigi við nokkuð harðari kost að búa eptir fjárnámið en áður; það verður líka að líta á rjett dómhafa, og það er hætt við, að dómhafi fái opt fremur lítið af skuld sinni, ef breyting nefndarinnar fær fram að ganga. Hjá mörgum er ekki nauðsynlegt að undanskilja annað, en gjört er í 1. málsgrein 27. gr. og smávegis að auk; en fyrir nefndinni mun hafa vakað maður, sem rekur einhverja atvinnu, og hún mun hafa viljað vernda fyrir honum þau áhöld, sem nauðsynleg eru til að geta stundað atvinnuveginn, til dæmis bátinn fyrir sjómanninn. En það eru líka margir aðrir, t. a. m. daglaunamenn, sem geta stundað vinnu sína áhaldalítið. Það er yfir höfuð eigi rjett að draga mjög fram hlut skuldunauts gegn skuldheimtumanninum, og svipta skuldheimtumanninn með því að meira eða minna leyti rjetti sínum. Mjer finnst einmitt mjög frjálslega að farið, þar sem skuldunaut er leyft að taka undan fjárnámi 60 kr., auk fatnaðar og rúmfata fyrir sig og sína, en eigi vert að

fara lengra. Að öðru leyti hef jeg ekkert að athuga við nefndarálitið. H. framsögum. (Júl. Havsteen) hefur getið um, af hverjum ástæðum breytingin sje komin fram við 17. og 28. gr. Það sem breytt hefur verið, var ekki rjett orðað í frv. og ekki samkvæmt danska textanum.

Jón Ólafsson: Af því að h. framsögumaður (Júl. Havsteen) gat þess, að ekki hefðu allir í nefndinni verið á einu máli um breyting þá, sem gjörð er við 7. gr., og af því að það var einmitt jeg, sem hjelt því fast fram í nefndinni, að hafa upphæð þess, sem undan fjárnámi væri þegið, enda tvöfalt hærri en 120 kr., þá skal jeg nú gjöra grein fyrir áliti mínu. Það sem vakti fyrir mjer, var, að eins og nú er ástatt, er mönnum hjer veitt alveg óhæfilegt lánstraust upp á það sem ekki er til eða framtíðin felur í skauti sínu, svo sem upp á ófenginn afla úr sjó. Þetta lokkar menn til að tefla á tvær hættur og treysta meir hamingjunni, en skynsamlegri forsjá. En lánstraustið mundi minnka og miklu fremur haldast innan skynsamlegra takmarka, þegar skuldheimtumenn vissu það fyrir, að þeim yrði gjört nokkuð erfiðara að ná skuld sinni, með því að rýja fátæklinga og ráðleysingja inn að skyrtunni, en verið hefur. Þetta yrði ekki að gjöra skuldheimtumönnum rangt til, eins og hæstv. landshöfðingi sagði, því að þeir þekkja lögin þegar þeir lána, heldur til að minnka óskynsamlegt lánstraust snauðra manna, eða taka frá lánardottnum hvöt til að *freista* beinlínis ráðleysingja með vitlausu lánstrausti. Vegna þess hvað hægt hefur verið að fá lán, hefur árlega urmull ráðleysingja hlaupið inn í hjónaband, sezt í þurrabúðir og treyst því, að drottinn mundi senda þeim fisk úr sjónum til að framfleyta þeim og borga með skuldirnar. En hafi fiskiafli brugðizt, hvernig hefur þá farið? Þeir hafa þá aldrei getað borgað skuld sína, ekki framfleytt sjer sjálfum nje ómegðinni, sem þeir hlaða niður, en orðið að leita sveitar sinnar. Þetta er heldur ekki eins dæmi, sem hjer er farið fram á. Í mörgum löndum er lagt það haft á nokkurn hluta af eignum manna, að ekki má veðsetja þær nje taka lögtaki. Jeg skal til dæmis nefna eignir aðalsmanna, sem ekki mega ganga úr ættinni. Og eins og sjálfsagt er, lánar enginn maður þeim upp á það, sem engin von er um að lögtaki náist frá þeim. Í Ameríku er aptur t. d. vistaforði til svo og svo margra vikna, akneyti og plógar og önnur nauðsynleg akuryrkjuverkfæri undan þegin fjárnámi, — eða þá nauðsynleg smíðatól, ef handverksmaður á í hlut. Afleiðingin af þessu hefur orðið, að lánstraustið hefur miklu fremur takmarkazt við *það*, sem lántakandi á í raun og veru, auk þess, sem beinlínis er honum nauðsynlegt til að verða ekki ómagi. Það er hörmung til þess að vita, að eins og nú stendur, lokkast menn til óskynsamlegrar lántöku, og ef allt leikur ekki í lyndi, þá dembast þeir þegar á næsta ári á sveitina. Það er og auðsjeð, að líkt þessu hefur vakað fyrir stjórninni sjálfri, því að hún hefur undan skilið 60 kr., og það er að eins um lítinn stigmun að ræða milli hennar og nefndarinnar; stjórnin vill hafa það hóti lægra en nefndin. Jeg álít meira að segja, að 120 kr. sje oflítil upphæð, og að takmarkið ætti að vera hærra; þannig t. d., að fleyta sjávarbóndans væri undan fjárnámi þegin ásamt nauðsynlegustu veiðarfærum, og sömuleiðis nauðsynlegir gripir hjá sveitabóndanum. Mjer finnst nefndin hafa farið svo stutt, sem orðið gat, og hygg, að eptir nokkur ár verði þörf á að hækka undanþáguna. Það er hörmulegt að sjá nú t. d. hjá sumum kaupmönnum heilan skipastól, ef ekki heilt „museum“ af sprekuðum skipum, sem þeir hafa tekið upp í skuldir, og það, eins og máske má segja að eðlilegt sje, fyrir mjög lít-

ið verð, og sjálfum sjer til svo sem einkis arðs, því að allt gagnið, sem þeir hafa af þessum skipum, er að brúka þau í eldinn. Enginn getur keypt þau, og þau spreka upp og verða ónýt; en árangurinn er með þessari aðferð, að kaupmenn hafa svipt fátæka menn eina tilfærinu til að bjarga sjer nú í bezta fiskiári, en sjálfir haft engan hag af, miklu framar óhag, ef rjett er álitið. Það getur verið að sumir kunni að segja, að takmörkun lánstraustsins muni verða óhapp fyrir þjóðfjelagið. En jeg hygg að óhætt muni að segja, að í 8 tilfellum af 10 muni þessi ákvæði verða að eins til að takmarka óskynsamlegt lánstraust. Það verða óráðsmennirnir, sem líða við þetta, því að ef duglegur maður og efnilegur á hlut að máli, þá munu sveitungar hans hlaupa undir bagga með honum og ganga í ábyrgð fyrir láni hans.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vildi líka minnast fátt eitt á breyting nefndarinnar á 27. gr. Jeg játa að jeg er í vafa um, hvort jeg á heldur að aðhyllast breyting nefndarinnar eða frv. Mjer finnst hvorttveggja í raun rjettri nokkuð athugavert. Jeg er samdóma h. þm. Suð-Múl. (Jóni Ól.) um það, að lánstraust fátæklinga hefur gengið of langt að undanförnu og enda fram úr hófi, og því sje fremur ástæða til að rýra þetta mikla lánstraust. En það er líka varúðarvert, að leyfa að taka megi talsvert fje undan fjárnámi. Vjer verðum að gæta að sambandi þessara laga við fyrri lög vor um þetta efni. Þar eru að eins ígangsföt manna skilin undan fjárnámi, en hjer eru það auk þeirra rúmföt handa foreldrum og börnum, og 60 kr. virði eptir frv.; þetta er allmikið stig. Hvorki sængurföt nje þessar 60 kr. getur skuldunautur undan skilið eptir núgildandi lögum, og lánardrottinn hefur því lánað honum fje sitt í því trausti, að geta einnig átt aðgang að þessari eign skuldunauts. Vjer verðum og ennfremur að gæta þess, hve fátækur fjöldi manna er. Jeg hygg að þeir sjeu æði margir af þeim sem við sjó búa, er ekki eigi 120 kr. auk fata og sængurklæða. Af þessu leiðir að margir, sem mikið lán hafa fengið eptir núgildandi lögum, mundu ekki fá það framvegis, ef tillögum nefndarinnar yrði framgengt. Það hefur verið tekið fram af h. þm. Suð-Múl. (Jóni Ól.), að ákvæði nefndarinnar mundu takmarka óskynsamlegt lánstraust, en það getur líka verið hættulegt, að lánstraust fátæklinga minnki stórum, en það er fyrirsjáanlegt að svo mundi verða, undir eins og þessi lög öðluðust gildi, því að það er vitanlegt, að til eru þeir fátæklingar við sjó, sem ekki eiga annað en hendur sínar til að vinna, og svo bara kaffiketilinn og örfá búsgögn önnur. *(Jón Ólafsson*: Fari þeir upp í sveit!). Jeg tók svo eptir orðum h. þm. Suð-Múl. (Jóni Ól.) að hann vildi hafa sem mest undan þegið fjárnámi, til þess að mönnum yrði ekki dembt á sveitina. Jeg skil vel þann tilgang, en jeg hygg að hann og fylgismenn hans hafi þar horft of mjög eður eingöngu á það, sem næst er, en ekki nægilega á hitt, sem er fjarlægara, að þeir hafi að eins litið á þann fátæklinginn, sem nú er sokkinn í skuldir, og viljað tryggja honum sínar 120 kr., en ekki gætt hins, að lánardrottinn mundi segja við þessa fátæklinga hjer eptir: þú átt nú, góðurinn minn, ekki nema 120 kr., og þær má jeg eigi taka af þjer, þess vegna get jeg ómögulega lánað þjer. Hvert mun fátæklingurinn þá fara til að leita sjer hjálpar? Ætli hann hljóti þá eigi að flýja á náðir sveitarinnar? Auk þess munu lán verða veitt með þyngri kostum en nú, eða lánardrottinn mun heimta hærri vöxtu af fje sínu, því að hann á meira á hættu með að missa það. Það er almennt lögmál, að lántregðan og lánskostirnir verða jafnan því örðugri fyrir lánþegjann, sem skuldastaðurinn er óvissari. Þetta mun og reynast hjer. Jeg

hygg því að rjettara sje, einkum sökum núgildandi fjárnámslaga, að halda sjer við frv., en við breyting nefndarinnar. En jeg játa að svo geti farið, að eptir nokkur ár megi hækka þá upphæð, sem undan fjárnámi skuli þegin, en nú mun vera ráðlegra að gjöra ekki stærra stökk en gjört er ráð fyrir í stjórnarfrv., enda væri það ekki rjettlátt gagnvart lánardrottnunum.

Júlíus Havsteen: Jeg er samdóma h. 5. kgk. (A. Ól.) um að hækkunin muni rýra lánstraustið. En er skaði skeður þó svo fari? Jeg held ekki. Lánin hafa komið mörgum á kaldan klaka, eigi síður kaupmönnum en bændum. Það getur verið, að þessi ákvæði sjeu nokkuð hörð fyrir þá, sem eiga skuldir hjá öðrum, sem eru til orðnar áður en lögin um aðför öðlast gildi, en jeg held samt, að ranglætið verði ekki svo mikið, því að það er alkunnugt, að kaupmenn hafa látið fjölda marga af skuldunautum sínum gefa sjer veð fyrir skuldum sínum. En hvað sem þessu líður, þá er hjer nokkur vandi fyrir höndum, þar sem þess er að gæta, að hvorki sje rjettur skuldheimtumanns nje skuldunauts fyrir borð borinn, og jafnframt fundinn sá vegur, sem heillavænlegastur sje fyrir almenning. Mun nefndin því þakklátlega taka öllum góðum bendingum um þetta atriði.

Landshöfðingi: Jeg er á sama máli og h. 5. kgk. þm. (A. Ól.), að það sje eigi heppilegt, að það lánstraust hverfi að mestu, sem nú hefur verið um langan tíma, og það munu þó allir vera samdóma um, að sú muni verða afleiðing af breytingunni. Það mun þó enginn bera á móti því, að margur fátæklingur, sjerstaklega við sjóinn, hefur haft ofan af fyrir sjer eingöngu af því, að hann hefur haft lánstraust, og að margur maður hefur blómgazt og orðið þarfasti maður, af því að hann hafði lánstraust á meðan hann var fátækur. Sömuleiðis gæti það í harðæri orðið næsta erfitt fyrir bændur, ef lánstraust þeirra væri svo takmarkað, að þeir fengju eigi nauðsynjar sínar. Jeg er hræddur um, að því meira, sem undan þegið er, því skaðlegra muni það verða fyrir þá, sem á að hlynna að. Það verður líka, eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók fram, hálf undarlegt með skuldir, sem fallnar eru á áður en lög þessi öðlast gildi. Svo að jeg haldi dæminu áfram um sjómanninn, sem blásnauður tók lán. Kaupmaðurinn gengur að honum, en hann á ekki meir en 120 kr. virði og það má ekki taka; skuldbindingin til að borga lánið er leyst af honum, hann græðir við óskilsemi sína, en kaupmaðurinn tapar fyrir greiðasemi sína. Því lægri upphæð, sem undanskilin er fjárnáminu, því minna ranglæti kemur fram. Jeg hygg því, að það sje hvorki rjettlátt nje affarasælt, að hækka hana fram úr því, sem tekið er til í stjórnarfrv.

Jón Ólafsson: Það er einkum eitt atriði í ræðum h. hæstv. landsh. og h. háttv. 5. kgk. (A. Ó.), sem mjer þykir athugavert, og það er að þeir höfðu á móti breytingum nefndarinnar um hækkunina úr 60 kr. upp í 120 kr. á fje því, er ekki má taka lögtaki, af þeirri ástæðu, að skuldir þær, sem komnar væru á, og hvíldu á lántakanda áður en lög þessi kæmu í gildi, kynnu að tapast lánardottni fyrir það. Þessa sömu ástæðu má líka færa gegn stjórnarfrv. (*Landsh.*: Upphæðin þar er minni). Að vísu er hún minni; en munurinn á því, sem nú er, og því sem stj.frv. fer fram á, er hinn sami sem munurinn á stj.-frv. og breyt. nefndarinnar. Stj.frv. setur 60 kr., þar sem áður var ekkert; vjer setjum 120 kr., þar sem stjórnin hefur sett 60 kr. Auk þess mætti líka bæta þennan agnúa til 3. umr. með breyt.till. í þá átt, að lögin næðu ekki til þeirra skulda, sem til væru áður en þau öðlast gildi.

Úr hinu hygg jeg of mikið gjört af and-

mælendum breyt. nefndarinnar, að þetta takmark, 120 kr., verði til þess að eyða almennt öllu lánstrausti. Jeg held lögin muni ekki eyða öðru lánstrausti en því, sem í raun rjettri ætti ekki að vera til hvort sem er. Það er engin hætta á því, að áreiðanlegir menn fái ekki eins lán eptir sem áður, þó þeir sjeu fátækir, ef þeir eru að eins vandaðir og kunnir að orðheldni og ráðvendni. Og hinum, sem t. d. af því þeir væru kaupmönnum óþekktir, ekki hefðu lánstraust, en nauðsyn bæri samt til að lána, ættu og gætu sveitirnar, eða einstakir menn í sveit þeirra, sem þekkja þá, að útvega lánstraustið með ábyrgð sinni. Á þann hátt gætu þessi lög haft fyrir menn hjer líka siðferðislega verkun eins og ábyrgðarlánin í skozku bönkunum („*Cash Credit*"), sem veita mönnum lán til að efla atvinnu sína gegn ábyrgð áreiðanlegra manna, og hefur verið til ósegjanlegrar blessunar fyrir það land. Á sama hátt gætu þessi lög verkað hjer, og yrði sú aðferð hin sterkasta hvöt fyrir ábyrgendurna að gæta að og vaka yfir að hlutaðeigandi færi vel með efni sín og gætti borgunarskyldu sinnar; og *þeir* gætu gjört þetta langtum betur en lánardrottinn, sem opt er fjarlægur og hefur öðrum störfum að gegna. Ábyrgendurnir hafa þó bæði hagsmunalega og siðferðislega hvöt til að hafa gætur á lántakandanum, því þeir eiga sjálfir mest í húfi. Jeg er sannfærður um, að ef þessi lög hefðu þessi áhrif, mundu þau verða til mikils góðs. Í aðalatriðinu eru þeir, sem talað hafa móti þessari breyt., þó samdóma nefndinni. En mjer finnst háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) gjöra of mikið úr því, hve fátækir menn sjeu og eignalitlir við sjóinn. Þeir yrðu ekki svo fáir upp að telja, sem meira eiga en 120 kr. auk rúmfata og klæða sinna; það er undarlega lítið af nauðsynjamunum og vistforða, sem þarf til að fylla 120 kr. upphæð. En þó að menn við sjávarsíðu, sem enga fleytu eiga og engan netastúf, hafi ekki lánstraust, er ekki mikill skaði skeður. Upp á hvað á að lána þeim, sem ekkert, alls ekkert eiga til að borga með, og enga líklega von til að fá neitt? Er slíkt lánstraust siðferðislega rjett? Jeg held háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafi misskilið orð mín áður, er jeg sagði undir ræðu hans, að þeir sem ekki geta lifað við sjóarsíðuna, ættu að fara til sveita. Jeg meinti að þeir ættu að fara upp í sveit, þeir menn, sem ekki hafa annað á að lifa en sínar tvær tómu hendur, það er: vinnukrapt sinn, en engar tilfæringar til að neyta hans með; menn ættu ekki að leita of mikið til sjávarins, án þess að hafa þá ráð til að sækja sjóinn almennilega, því að hann er aldrei annað en lukkuspil, og bregðist hann, fara þeir, sem ekkert hafa annað, strax á höfuðið og á sveitina.

Benidikt Kristjánsson: Jeg var fyrst í efa um, hvort jeg ætti heldur að hallast að stjórnarfrv. eða breyt. nefndarinnar á þessari 27. gr.; en við ýtarlega umhugsun hefi jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að aðhyllast breyt. nefndarinnar. Í fyrsta lagi eru það ekki margir nje miklir munir, sem kosta 120 kr., og þar sem hjer er um menn að ræða, sem hafa fyrir heimili að sjá, er hætt við, að of nærri þeim mætti ganga, ef takmarkið væri sett lægra en svo, að 120 kr. virði væri undanskilið því, er taka mætti lögtaki. Eptir því sem jeg þekki til um skuldir kaupmanna, þá munu vera mjög fá tilfelli, þar sem kaupmaðurinn mundi missa skuld sína sakir þessarar takmarkshækkunar, því að kaupmenn munu hafa vaðið fyrir neðan sig og hafa tryggt skuldir sínar á þann hátt, að láta skuldunauta sína setja sjer veð fyrir þeim. Jeg álít einnig mjög óheppilegt, að fátæklingar safni skuldum fyrir hjá kaupmönnum, því að gangurinn er sá, að kaupmenn lána í

góðu árunum. en ganga svo eptir skuldunum þegar að kreppir og harðnar í ári. Með hina efnaðri er öðru máli að gegna. Breytingartillaga nefndarinnar rýrir ekki lánstraust þeirra, og þó að þeim kunni að koma vel að hafa lánstraust í góðu árunum til nytsamra fyrirtækja, sem hafa talsverðan kostnað í för með sjer, geta þeir borgað aptur hvernig sem veltur. En jeg álít, að það sje hinn fljótasti vegur til að eyðileggja fátækan mann, að hann hafi ofmikið lánstraust.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg skil ekki þessa breyt. nefndarinnar svo, að hún verði til þess að minnka lánstraustið. Afleiðingin verður ekki sú, heldur hin, að allt verður veðsett. Kaupmenn lána allt að eins gegn veði, og með því er opnaður vegur fyrir margt illt, svik og pretti, og annað þess háttar. Jeg verð því að halda mjer til stjórnarfrv.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Ef menn eru hræddir um að rjettur manna til áfallinna skulda kunni að verða fyrir borð borinn með ákvæðum 27. gr., um undanþágu frá fjárnámi, þá hef jeg ekkert á móti því, að koma fram með breytingartill. við 3. umr., sem fari fram á, að það sem ákveðið sje í öðrum staflið greinarinnar, skuli eigi ná til þeirra skulda, sem eru til komnar áður en þessi lög öðlast gildi

Jakob Guðmundsson: Það hafa fram komið 2 ástæður gegn breyt. nefndarinnar á 27. gr. Önnur sú, sem h. háttv. framsögumaður (J. H.) talaði um, að af því gæti leitt tjón fyrir þá, sem lánað hefðu öðrum áður en lög þessi öðlast gildi, og hin sú, og það er aðalástæðan, sem fram hefur komið á móti, að þessi undantekning verði til þess, að minnka lánstraustið um of. En eins og háttv. þm. S.Múlas. (J. Ól.) tók fram, álít jeg það mjög heppilegt, að þeir, sem kunnir eru að mannkostum, geti fengið lánstraust fyrir ábyrgð manna, er þá þekkja. Það er einmitt mjög heppilegt að fyrirbyggja það, að fjelausir menn og ráðleysingjar geti farið hópum saman úr hjeruðunum, og sett sig niður sem þurrabúðarmenn við sjóinn, lifa þar á lánstrausti lítinn tíma, en þegar að skuldadögunum kemur og ekki er hægt að standa í skilum, þá neyðast sjóarplássin til að vísa þeim á bug, og eru þeir þá opt búnir að gjöra sveitum sínum mikið tjón með ráðleysi sínu. En vilji sveitarfjelögin ábyrgjast lán fyrir einhvern, sem það verðskuldar, getur það eins gengið eptir þessum lögum. En hitt álít jeg heppilegt, að ráðleysingjarnir eigi óhægan aðgang að lánum. Það er fremur farsæld en ófarsæld, að þrengja aðganginn að þess konar lánum. Vjer vitum, að þeir sem slík lán veita, eru helzt kaupmenn, og hvernig geta þeir unnið upp þann halla, sem þeir bíða við þess konar lán? Að eins á þann hátt, að leggja þeim mun hærra verð á vörur sínar, svo að hinir, sem í skilum standa, borga fyrir þessa óráðsseggi. Þetta er mjög óheppilegt og hefur illa afleiðing fyrir verzlunina.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. N. við 1.—17. gr. samþ. hver um sig í einu hljóði, og öll gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. N. og landsh. við 18. gr. samþ. í einu hljóði, og gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. N. við 19.—26. gr. samþ. í einu hljóði, og allar gr. þannig breyttar samþ. í e. hlj.

Breyt.till. N. við 27. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 3., 27. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 3.

Breyt.till. N. við 28.—51. gr. samþ. í e. hljóði, og gr. þannig breyttar samþykktar í einu hljóði.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði (11 atkv.).

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Till. til þingsályktunar um Spánarsamning (75); ein umr.

Forseti: Hinn háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur samkv. 26. gr. þingskapanna afhent mjer uppástungu skriflega, sem byggð er á ástæðum, um, að gengið skuli til næsta máls á dagskránni, og mun uppástungan koma fram undir umræðunum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hygg að þessi þingsál.till. hafi verið borin upp í h. háttv. neðri deild, áður en henni var kunnugt um brjef ráðgjafa Íslands dags. 13. júní þ. á., sem prentað er í Stjórnartíðindunum B. 82. bls. Í því brjefi skýrir ráðgjafinn frá, að stjórnin hafi aldrei misst sjónar á þessu máli, að gjörðar hafi verið ýmsar tilraunir til að bæta úr því óhagræði, er leiddi af því, að slíkan samning vantaði, og að stjórnin hafi þá von, að henni muni nú takast, að semja svo við ríkisþingið á næstu samkomu þess, að þetta mál verði til lykta leitt, svo að við megi una einnig fyrir Íslands hönd. Það er þetta síðasta fyrirheit, sem er svo vaxið, að mjer finnst eigi ástæða til nú að „skora fastlega“ á stj. að ráða þessu máli til lykta; einkum þegar allir vita, að þessi dráttur á málinu er ekki stjórninni að kenna og að ekki stendur á ráðgjafanum, heldur að mótstaðan á ríkisþinginu er orsök í drættinum. Jeg held að þeir menn, sem samið hafa þessa þingsályktunartillögu, og vilja styðja hana, gjöri rjettast í því að reyna til að verka á þann flokk á ríkisþinginu, sem valdið hefur því, að mál þetta hefur hingað til ekki náð fram að ganga. Jeg hygg að styðjendur tillögunnar sjeu, altjend sumir þeirra, svo vel kunnugir þessum flokki, og í slíku gengi hjá honum, að þeir geti að líkindum ráðið bót á þessu velferðarmáli voru með tillögum sínum. Jeg get ekki fundið þörf á því, að skora á þann málspartinn, sem er fús að heyra bænir vorar, heldur miklu fremur á hinn partinn, sem hefur sett sig á móti heill Íslands í þessu efni, að láta nú undan. Þeir þyrftu að sýna þessum heiðursmönnum fram á, að þeir eigi bræður á Íslandi, sem eigi að eins sjeu að berjast fyrir endurbættri stjórnarskrá, heldur og einnig fyrir því, að fá hærra verð fyrir fiskinn sinn.

Jón Ólafsson: Jeg skal játa það, að jeg hefði verið jafnánægður, þótt till. þessi hefði ekki komið fram á þingi nú; því að jeg býst ekki við miklum árangri af henni nú fremur en að undanförnu; en fyrst hún á annað borð er komin fram á þinginu, og samþykkt í hátttv. neðri deild, álít jeg ófært að fella hana. Jeg get ekki verið samdóma háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) í því, hvernig hann lítur á málið. Það má líta á það frá tveimur hliðum. Það má kenna ríkisþinginu um dráttinn á framkvæmdinni, ef litið er á málið frá sjónar miði h. háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.), en stjórninni, ef litið er á það frá öðru sjónarmiði, því að ríkisdagurinn var líka fús á að greiða fyrir tollsamningnum, ef stjórnin vildi ganga að þeim skilyrðum, sem þingið setti. (*Landshöfðingi*: Hverjum skilyrðum?) Skilyrðin voru þau, að leggja fyrir þingið lög um tekjuskatt, en stjórnin neitaði því, og ekki nóg með það: hún neitaði líka að ræða þess konar frv., þegar einn af þm. kom fram með það.

Í öðru lagi má kenna stjórninni um afdrif þessa máls *frá öndverðu,* því svo leit út sem hún væri sofandi og rankaði ekki við sjer fyr en tollsamningurinn gamli var alveg útrunninn, og þá voru nábúaríkin langt komin í samningum sínum í sömu átt, en dönsku stjórnina dottaði. Það kvað svo rammt að þessu gáleysi og gleymsku stjórnarinnar, að eitt af hennar

eigin helztu meðhalds-dagblöðum ámælti henni harðlega fyrir það.

Jeg get því ekki verið hinum háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) samdóma um að samþykkja dagskrá hans, því það væri sama sem að senda stjórninni þakkarávarp fyrir alla frammistöðuna, en það finnst mjer hún ekki eiga skilið.

Forseti: Tillaga sú sem mjer hefur verið afhent um að gengið skuli til næsta máls á dagskrá hljóðar þannig:

„Í því trausti, að stjórn H. H. konungsins muni, samkv. ummælum ráðherra Íslands í brjefi dags. 13. júní þ. á., takast að leiða mál þetta til lykta á sem heppilegastan hátt fyrir landið, tekur þingdeildin til umr. næsta mál á dagskránni“.

Jakob Guðmundsson: Það hefur komið fram, að stjórnin hefur frá sinni hálfu aptur og aptur lýst því yfir, að hún vilji fá þessu máli framgengt. Vjer getum því ekki með rjettu ámælt henni fyrir viljaleysi í þessu máli, enda þótt framkvæmdin hafi misheppnazt allt til þessa. Vjer vitum allir, hverju það er að kenna; vjer vitum að orsakirnar eru ósamkomulag milli stjórnarinnar og ríkisþingsins, milli þeirra tveggja flokka í Danmörku, sem alltaf eru andvígir hvor öðrum. Og þegar stjórnin nú í brjefi sínu 13. júní þ. á. segir, að hún voni að henni muni nú takast að semja svo við ríkisþingið á næstu samkomu þess, að málefni þetta verði til lykta leitt, þá byggir hún þessa von sína sjálfsagt á því, að þá muni þetta samkomulag batna.

Hinn háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) kom með uppástungu, sem mjer er ekki ljóst hvernig gæti komið að notum; þá uppást., að þingið snjeri sjer til þess flokks, sem hefði verið því til fyrirstöðu, að málið fengi framgang. *(A. Ó.:* Ekki *þingið*, heldur *þingmenn).* Ef þingið hefur eptir þm. tilætlun ekki átt að gjöra það sem þing, þá þingmenn líklega á privatfundi utan þings. En jeg get ekki skilið, hvernig þm. hugsar sjer að gjöra það, nema ef vera skyldi með því, að áminna flokkana um að koma sjer betur saman, en jeg er hræddur um að það mundi lítil áhrif hafa á ríkisþingið. *(A. Ó.:* Jú, á Hörup). Jeg held að þess konar ávarp gæti ekki haft nein áhrif á málið. Hinn háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur líklega verið að gjöra að gamni sínu með þessari tillögu.

Landshöfðingi: Mjer finnst, að þegar þingið samþykkir einhverja tillögu, þá sje tilgangurinn sá, að fá einhverju framgengt, eða áorka einhverju með henni. En að koma fram með tillögu og skora á stjórnina að gjöra það, sem hún fyrir löngu hefur lofað að gjöra, svo fljótt sem hún gæti, það sýnist mjer lýsa vantrausti á því, að nokkuð sje að marka loforð hennar, eða það sem hún segir, og jafnvel misbjóði ráðgjafanum með því að gefa í skyn, að þingið vantreysti því, að hann efni það sem hann hefur brjeflega lofað. Að minnsta kosti er öllum ljóst, að tillaga þessi getur ekki haft hinn minnsta árangur annan en þann, sem flotinn er af hinum fyrri tillögum þingsins í sömu átt.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki verið hinum hæstv. landshöfðingja samdóma um það, að það sje að misbjóða ráðgjafanum, þótt hann sje minntur á loforð sitt, og hann sje beðinn að bera þetta mál fyrir brjósti sjer. Það er eðlilegt, þótt þinginu sje þetta áhugamál, og það láti það líka í ljósi. Jeg hefði fyrir mitt leyti verið jafnánægður, þótt tillaga þessi hefði ekki komið nú fram á þinginu. En að fella hana nú, þegar hún er komin inn, finnst mjer vera sú traustlýsing til ráðgjafans fyrir það, sem honum þó hefur ekki tekizt að gjöra, sem mjer finnst hann ekki verðskulda. Þingsályktunartill. er kurteislega orðuð, og get jeg ímyndað mjer, að hún kynni að hafa þau áhrif, að stjórnin *ljeti vera að gjöra* sitt *ýtrasta til*, að

samningurinn yrði ekki staðfestur á ríkisþinginu. Það getur verið, að þau skilyrði sem ríkisþingið hefur sett, sjeu varhugaverð, en það mátti þó vissulega ræða um þau; en þegar stjórnarherrarnir stökkva út úr þingsalnum og segja: nei, jeg vil ekki ræða málið, ekki *reyna* að koma mjer saman við fólksþingið, þá eru afskornar allar tilraunir um samkomulag.

Hinum háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur að líkindum ekki verið alvara með uppástungu sína; því jeg hygg, að liðsflokkur stjórnarinnar á ríkisþinginu mundi ekki skeyta mikið um, þótt þingið hjer sendi þeim ávarp. En það voru þeir, sem höfnuðu lögum þeim, sem fólksþingið gerði að skilyrði fyrir sínu samþykki á samningnum. Hitt kynni máske að vera ráð, að biðja ráðgjafann að áminna sinn fámenna flokk á ríkisþinginu, svo að hann uppfylli þau skilyrði, sem gjöra það mögulegt, að fólksþingið geti fallizt á samninginn.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get að miklu leyti undirskrifað þau orð háttv. þm. S.-Múlas. (J. Ól.), að hann hefði verið jafnglaður, þótt þingsályktunartill. sú, sem hjer liggur fyrir, hefði eigi komið fram. En jeg get ekki verið honum samdóma um það, að eigi sje skylt að fella hana, og það af þeirri einu ástæðu, að hún nú einu sinni er komin fram. Jeg ber mikla virðingu fyrir h. Nd. og vitsmunum hennar, og fyrir þá sök er jeg viss um, að þessi þingsályktunartill. hefði þar aldrei verið uppborin, ef háttv. Nd. hefði verið orðið kunnugt ráðgjafabrjefið 13. júní þ. á. um þetta mál. Af brjefi þessu sjest ljóslega, að ráðgjafinn hefur fullan vilja á, og hefur gjört sitt til að kippa þessu máli í liðinn. Þess vegna finnst mjer það hvorki rjett nje kurteislegt, að vera að knýja á og biðja aptur og aptur um það, sem hlutaðeigandi er fús til að gjöra, og lofar að gjöra. Slíkt leyfum vjer oss ekki í daglegu lífi. Enginn faðir hefur slíka aðferð við börn sín, og enginn húsbóndi við hjú sín. Eigum vjer þá að beita aðferð þeirri við ráðgjafann, sem vjer ekki leyfum oss að beita hvorum við annan í daglegu lífi, af því vjer álítum aðferðina hvorki gagnlega nje enda siðsamlega? Brjef ráðgjafans 13. júní þ. á. er svo skýlaust, að því er snertir ráðgjafann og hans vilja, að það er hrein og bein ókurteisi af oss, og meira að segja það er alveg tilgangslaust, að vera að ítreka þetta mál enn á ný, ein og hæstv. landshöfðingi tók fram. Mjer skildist á ræðu háttv. þm. Dal. (J. G.), sem honum þætti rjettast, eptir því sem nú er fram komið, eða eptir að ráðgjafabrjefið er birt, að framfylgja ekki þingsályktunartill. Eg er honum um það alveg samdóma. Allt öðru máli væri að gegna, ef vjer þekktum eigi þessar góðu undirtektir ráðgjafans. En nú er svarið komið frá ráðgjafanum, og þess vegna verð jeg að vera á móti þingsályktunartill.

Benedikt Kristjánsson: Jeg skal leyfa mjer að láta mína skoðun í ljósi á máli þessu, og verð jeg að segja, að jeg lít á málið eins og háttv. þm. S.-Múlas. (J. Ó.). Jeg hefði sannarlega heldur ekki kært mig um, þó þessi þingsályktunartill. hefði aldrei komið fram. En jeg get á hinn bóginn ekki sjeð neitt ókurteislegt eða ótiltækilegt í því, að þingið samþykki þessa tillögu. Hinn háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók fram, að sjer fyndist eitthvað meiðandi í því, og sjer þætti það ekki tiltækilegt. Hann tók dæmi af föður, sem biður börn sín, eður húsbónda, sem biður hjú sín. En jeg kann ekki við dæmið. Mjer finnst það vera öfugt. Hjer finnst mjer það einmitt vera börnin, sem biðja föður sinn, eða hjúin, sem biðja húsbónda sinn. Barnið biður optar en einu sinni um sama hlutinn, og dettur engum lifandi manni í hug, að telja slíkar bænir meiðandi eða ótilhlýðilegar. Barnið biður aptur og aptur, þó það hafi fengið loforð fyr-

ir að bænum þess skyldi verða framgengt, svo framarlega sem atvik leyfi. Í ítrekuðum bænum kemur þannig ekkert annað fram en *(Arnljótur Ólafsson:* taktleysi) þörfin á eina hliðina á því, að fá því framgengt, sem um er beðið, og á hina hliðina traust til þess, sem beðinn er, að hann veiti bæninni áheyrn. Menn biðja ekki þann, sem menn ekki hafa traust á; traustið er einmitt hreint og beint skilyrði fyrir því að beðið sje. Þessi þingsályktunartill. lýsir þannig á aðra hliðina þörf vorri og á hina hliðina trausti voru til ráðgjafans. Eins og málið liggur fyrir, er það skoðun mín, að jeg gjöri rjettast og skynsamlegast í því, að fallast á till. Færi Ed. nú að fella þessa till. frá Nd., þá liti auðsjáanlega svo út, eins og Ed. vildi fara að setja ofan í við Nd. Þessum tveimur þingdeildum færi þá eins og systkinum, sem setja hvort ofan í við annað í áheyrn foreldris síns. Og það er einmitt *það*, sem mjer á engan hátt getur fundizt vera rjett eða eiga við.

Jakob Guðmundsson: Jeg gjöri lítið úr ókurteisinni við ráðgjafann. Fyrir mínum skilningi stendur málið svo, að jeg get ekki sjeð að svona löguð þingsálytunartill. leiði til nokkurs skapaðs hlutar. Slíkar áskoranir í þessu máli hafa einmitt áður verið sendar ráðgjafanum og nú höfum vjer sjeð svar hans í ráðgjafabrjefinu 13. júní þ. á. Ráðgjafinn gjörir einmitt hvað hann getur, en það kemur fyrir ekki, því hann fær ekki ríkisþingið danska með sjer. Ef nokkur tilgangur hefði verið í áskorun frá þinginu í þetta sinn, þá hefði hún átt að vera orðuð á þessa leið, að af því að hinar fyrri áskoranir hefðu eigi borið neinn árangur, yrðu menn nú að skora á ráðgjafann, að ganga inn á skilyrði þau, sem ríkisþing Dana hefði sett fyrir því, að ljá málinu lið sitt, að svo miklu leyti sem ráðgjafinn sæi sjer það fært.

ATKVÆÐAGR.: Síðan var hin rökstudda dagskrá borin undir atkvæði og urðu 5 með henni en 5 móti, en með því einn þingdeildarmaður greiddi ekki atkvæði, var viðhaft nafnakall, og sögðu

já:

Jakob Guðmundsson
Arnljótur Ólafsson
E. Th. Jónassen
Jón A. Hjaltalín
Júlíus Havsteen
L. E. Sveinbjörnsson.

Nei:

Jón Ólafsson
Benidikt Kristjánsson
Friðrik Stefánsson
Sighvatur Árnason
Skúli Þorvarðarson.

Og var rökstudda dagskráin þannig samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5.

Till. til þingsál. um lagatexta (74); ein umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að bera eina spurningu upp fyrir þingið, áður en jeg get látið í ljósi nokkra fasta skoðun mína á máli því, sem hjer liggur fyrir, og spurningunni vildi jeg einkum beina að þeim hinum lögfróðum mönnum hjer í þingdeildinni. Eins og vjer vitum, þá er textinn á lögum vorum íslenzkur og danska þýðingin á honum er ekki prentuð á landssjóðs kostnað. Á frv. þeim, sem lögð eru fram á alþingi, stendur íslenzkan fyrst, og þess er getið á frumvörpunum, að hún sje „lögð fyrir þingið“ það og það ár. Danskan kemur reyndar á eptir, en hún er ekki lögð fram, ekki rædd á þinginu, ekki samþykkt. Þess vegna vildi jeg leyfa mjer að spyrja: Hvað kemur það alþingi við, þótt danskan fylgi íslenzku lögunum, fyrst slíkt fyrirkomulag hvorki skerðir fjárhag vorn hið minnsta nje gildi laga vorra? Ef svarið yrði, að

slíkt rýri hvorki fjárráð vor nje gildi laganna, sem jeg hygg vera, þá finnst mjer þetta mál liggja fyrir utan þingið og þess verkahring. Þýðingin er einungis fyrir ríkisráð Dana, fyrir skrifstofu íslenzka ráðaneytisins og fyrir Dani yfir höfuð. Ef þannig væri svarað, þá getur mjer ekki betur fundizt, en að það sje meinbægni af okkur — að jeg ekki segi slettirekuskapur, að vera að skipta oss af því, sem hvorki snertir fjárhag vorn nje gildi íslenzku laganna. Sje þetta rjett, þá verð jeg að greiða atkvæði móti þingsályktunartill. Allt öðru máli væri að gegna, ef mjer væri sannað, að þetta rýrði gildi íslenzku laganna eða væri til kostnaðar fyrir landið.

Jakob Guðmundsson: Ef danska þýðingin á lögum vorum þyddi ekkert annað en að láta stjórnina og Dani yfir höfuð skilja lög vor, þá skal jeg fúslega játa, að slíkt komi oss ekkert við. En nafn konungs stendur undir danska textanum. Það getur nú verið, að minn skilningur á þessu máli hafi ekki verið rjettur, en jeg hef skilið málið svo, að konungur skrifaði undir danska textann vegna hæstarjettar, til þess að hæstirjettur hefði eitthvað að halda sjer til í dómum sínum í íslenzkum málum. Og einmitt af því að nafn konungs stendur undir þessari dönsku þýðingu á lögum vorum, hefur hæstirjettur skoðað þau sem nokkurs konar *lög*, en lögin *eru* einungis hinn íslenzki texti, og mjer fyrir mitt leyti getur ekki skilizt, að konungur eigi að skrifa undir annað en lögin sjálf; þess vegna greiði jeg atkvæði með þessari þingsál.till.

Landshöfðingi: Það er misskilningur hjá h. þm. Dal. (J. G.) að hinn danski texti laganna hafi nokkra rjettarfarslega þýðingu, er rýri á nokkurn hátt gildi hins íslenzka lagatexta. Meðan hæstirjettur er æðsti dómstóll í íslenzkum málum, verður hann að dæma eptir dönskum þýðingum á íslenzku lögunum, því hann er ekki skyldur til að kunna íslenzku. Og menn verða að játa, að sú þýðing, sem ráðgjafinn leggur fyrir konung til undirskriptar og sem ráðgjafinn þannig ber ábyrgð á, hljóti að vera vandaðri þýðing en ef hæstirjettur fengi einhvern til þess að annast útleggingarnar fyrir sig. Undirskript konungs undir danska textann er þannig trygging fyrir, að hæstirjettur dæmi eptir rjettum texta. Að rjettur íslenzkrar tungu sje skertur á þennan hátt, get jeg með engu móti sjeð. Þegar konungur skrifar undir íslenzka textann, þá er allt fengið, sem vjer höfum rjett á að heimta. Þó annar texti sje líka undirskrifaður af konungi, þá getur það með engu móti rýrt rjett máls vors eða gildi laga vorra

Jón A. Hjaltalín: Jeg sje ekki að það hafi neina praktiska þýðingu fyrir oss, hvort konungur skrifar undir eða ei, og ekki heldur að það hafi nein áhrif á rjettarfar landsins eða vora tungu; eða ætli það þætti betra, að hæstirjettur dæmdi eptir lögum á því máli, sem hann alls ekki skilur? Rjetti vorrar tungu er hallað með því að tala og skrifa vont mál og útlenzkulegar setningar, en þó svo að konungur skrifaði undir texta laganna á 100 tungumálum, já, þó hann svo skrifaði undir þá á kínversku, þá hallaði það í engu rjetti íslenzkrar tungu. Jeg held að ætti fremur að gæta rjettar tungu vorrar hjer heima.

Benidikt Kristjánsson: Það er auðvitað, að dómendur í æðsta dómstóli vorum, sem er í Danmörku, skilja fæstir íslenzku, það er að eins einn nú sem stendur, og álít jeg því, að nauðsynlegt sje, að hinn íslenzki lagatexti sje þýddur á dönsku. En hver löggildir danska þýðing á íslenzkum lagatexta? Jeg er hræddur um að engum sje heimilað vald til þess. (*Landsh.*: Hvað á þá að gjöra?) Meðan svo er, þarf að vísu rjetti íslenzkrar tungu ekki

að vera hallað, en rjettur íslenzkra laga getur farið aflaga. Vjer Íslendingar höfum ekki önnur lög en íslenzk, síðan vjer fengum löggjafarþing, síðan vjer fengum stjórnarskrána; vjer ræðum íslenzk lög, samþykkjum íslenzk lög, og sendum konungi lögin á íslenzku. Eptir rjetti þingsins og sambandinu milli þings og konungs, er það hinn íslenzki lagatexti, sem konungur annaðhvort leggur á samþykki sitt eða neitar um það; þar af leiðir, að engin lög eru önnur til en þau sem eru á íslenzku, síðan 1875. Jeg álít að nafn konungs sje ekki á rjettum stað undir hinni dönsku þýðingu, og eins að nauðsynlegt sje að trygging fáist fyrir því, að hin danska þýðing sje nákvæmlega rjett, einasta vegna hæstarjettar, en þessi trygging fæst ekki og á ekki að fást með undirskript konungs. Geti hinn íslenzki texti laganna orðið miskilningi undirorpinn fyrir dómstólunum, hví mun þá eigi misskilningur geta komið fram á hinni dönsku þýðingu á honum? Nei, það er ekki rjetti tungu vorrar, sem hjer er hallað; hann kann að vera í heiðri hafður eins eptir sem áður, en það vantar nægilega trygging fyrir að hin danska þýðing sje rjett. Nafn konungs er ekki trygging fyrir því, og hin danska þýðing gildir ekki sem lög, og jeg álít að nafn konungs eigi alls eigi að vera undir henni. Væri nafn konungs eigi ritað undir, þá bæri sá þó ábyrgðina fyrir að þýðingin væri rjett, sem þýðinguna hefur gjört, og eptir henni dæmdi, en sú ábyrgð kynni að hverfa, þegar konungur ritar nafn sitt undir þýðingu hans.

Jakob Guðmundsson: Þegar lög vor eru send konungi til undirskriptar, þá þarf að senda honum með þeim þýðingu á þeim á dönsku, ella skilur hann ekki lög vor; þessa dönsku þýðingu frá Íslandi undirskrifar konungur ekki; því þarf hann þá fremur að undirskrifa hina þýðinguna?; en hin danska stjórn álítur hinn danska texta sem lögmæt lög, af því að nafn konungs er skrifað undir hann, svo að því leyti væri líklega sama, þótt lögum á íslenzku aldrei væri lokið upp! Mjer finnst að maður verði að barma sjer yfir því, að hafa sinn æðsta dómstól í öðru landi, og að hann skilur ekki íslenzku.

J. A. Hjaltalín: Þarf nokkur Íslendingur að lifa eptir þessum danska texta? Það væri praktiskara, að vera ekki að tala þetta fram og aptur um hæstarjett, en heldur, samkvæmt þeirri ályktun, sem lá í orðum þm. Dal. (J. G.), að afnema rjett hæstarjettar í íslenzkum málum. Hitt annað er ekki til annars en að eyða tíma.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Mjer finnst að beri að líta á þessa útleggingu að eins sem útleggingu og ekki annað, og hún hljóti að vera samhljóða hinum íslenzka lagatexta; undir þessa nákvæmu útleggingu skrifar svo konungur nafn sitt, en alls ekki undir nein ný *lög*.

Jón Ólafsson: Það hefur enginn á móti því, að dönsk þýðing sje til af hinum íslenzka lagatexta, en tillagan fer fram á, að konungur *undirskrifi* að eins hinn íslenzka texta, en ekki hinn danska. (*J. A. H.*: Hann má það!). Kannske? Alþingi hefur þó aldrei samþykkt lög á dönsku, og það er beinlínis brot á móti stjórnarskránni, að konungur með ráðgjafa undirskrifi þau á dönsku. (*Forseti:* Hans Hátign konungurinn á hjer að vera ónefndur). Það, sem jeg hefi sagt, er alveg „parlamentariskt“. Það er ráðgjafinn, sem *ber ábyrgðina* og ekki aðrir. Jeg ámæli ekki Hans Hátign, því hann ber enga ábyrgð og þeim sem enga ábyrgð ber, *verður* ekki ámælt. Svo framarlega sem þessi danski texti er undirskrifaður af konungi og ráðgjafa, þá kemur hann ekki fram sem þýðing, heldur sem frumtexti, og hlýtur það t. d. að koma hæstarjetti á þá trú, að hjer hafi hann *lög* til að dæma eptir. Hvorki konungur nje ráðgjafi skilja

íslenzku, eins og sjá má af konunglegum frumvörpum; landstjórnin í Kaupmannahöfn kann heldur ekki íslenzku. (*J. A. Hj.:* Hver veit það?). Það veit jeg! Og jeg get sannað það með litlu dæmi; landstjórnin segir, að „*landsnytjar!!* í velgjörðaskyni" sje „*indretninger* i veldædige øjemed", auk annara ljósra merkja í frumvörpum stjórnarinnar. Nei, hún skilur ekki íslenzku, og það vita allir, og semur okkar frumvörp á dönsku, sem hún sjálf er ekki fær um að þýða á íslenzku. Vjer verðum að lesa stílana yfir fyrir hana hjer á þingi. En hver yrði nú afleiðingin af því, að konungur *ekki* undirskrifaði hina dönsku þýðingu? Ekki önnur en sú, að hæstirjettur yrði að eiga kost á *áreiðanlegri* útlegging á íslenzka textanum, sem þá væri gjörð af þeim, sem til þess væru færir. Það, að ráðgjafinn ásamt konungi undirskrifar hina dönsku þýðing, virðist mjer vera alvarlegt stjórnarskrárbrot, og áskorunin er því mjög hógvær, og alls eigi ókurteis, fyrst þar er annars farið áskorunarveg, sem fara mætti lagaveg. Jeg heyri undir væng, að hæstv. landshöfðingi hneikslast á því, að jeg nefni stjórnarskrárbrot. En það er mjer alveg heimilt; það er opt talað um stjórnskrárbrot á alþingi. Líti menn á alþ.tíð. 1885. Þar var miklu berar talað um stjórnskrárbrot, en hjer er gjört, enda eru slík ummæli ekki annað en skoðun hvers einstaks þingmanns í því efni, og er hverjum alveg frjálst, að láta hana í ljósi. Sjálf stjórnarskráin gjörir ráð fyrir, að ráðgjafinn kunni að brjóta stjórnarskrána; það má setja hann undir ákæru fyrir það; og hvernig gæti það komið fram á þingi, ef enginn þingmaður mætti láta í ljósi það álit sitt, að þetta eða hitt væri brot á móti stjórnarskránni? Það ætti hver þingmaður að greiða atkvæði með tillögunni, því að hún er hinn mildasti og kurteisasti vegur til að fá þessum ófagnaði af komið.

Landshöfðingi: Jeg verð að taka það fram, að mjer finnst að það ætti ekki að þolast að segja það um ráðgjafann, að hann hafi í 12 ár drýgt stjórnarskrárbrot vísvitandi á hverju ári. Það er ekki leyfilegt að segja um hvern einstakan mann, að hann hafi drýgt lagabrot, hvað þá heldur um ráðgjafann. Það er skrítið, að alþingi skuli aldrei hafa orðið vart við þetta mikla stjórnarskrárbrot fyrri en nú, og hafa þó undanfarin ár setið fullkomlega eins miklir skörungar á þingi og nú sitja þar, og ekki fundið neitt stjórnarskrárbrot í þessu. Ef rjetti tungu vorrar væri aldrei misboðið meira en þetta, þá væri sannarlega ekki mikil ástæða til að kvarta yfir órjetti hjer á landi.

ATKVÆÐAGR.: Þingsályktunartill. samþ. með 6 atkvæðum gegn 5 og síðan afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um landskuldargjald á Vestmannaeyjum (73); ein umr.

E. Th. Jónassen: Jeg gjöri ráð fyrir, að háttv. deild sje kunnugt þetta mál af umr. um það í háttv. neðri deild, en jeg skal þó leyfa mjer að skýra það dálítið. Málið er svo vaxið, að afgjald af flestum þjóðjörðum á Vestmannaeyjum er goldið eptir meðalalin í harðfiski, en ekki eptir meðalverði allra meðalverða, eins og annarstaðar á sjer stað. Þessir leiguliðar landssjóðs í Vestmannaeyjum verða harðara úti en allir aðrir leiguliðar hans, er hafa jarðir til ábúðar að sömu gæðum; og þó að landssjóður bíði dálitinn tekjumissi við þetta, er sanngirniskrafa hjer svo mikil, að jeg ætla að ekki megi horfa í það, og vona jeg því að háttv. þm. verði málinu hlynntir.

Landshöfðingi: Það sem sjerstaklega mælir með till. þessari í mínum augum, er sá ójafnrjettur, sem á sjer stað milli ábúenda á jörðum landssjóðs í Vestmanna-

eyjum. Það hefur sem sje verið gjörð sú ákvörðun, að gjalda skuli afgjöld jarðanna þar eptir meðalverði allra meðalverða með því álnatali, sem stungið er upp á af amtsráðinu. En þessi breyting kemst ekki á við hverja jörð fyr en við ábúenda skipti, svo að allir þeir, er eldri ábúð hafa en frá 1880, sitja í dýrari leigumáta, þótt jarðirnar sjeu jafnar að öðru leyti. Af þessu leiðir það, að þegar einhver af jörðum þessum losnar, hlaupa hinir eldri leiguliðar upp til handa og fóta og keppa hver við annan um að ná í þessa nýju jörð, einungis til þess að komast í hinn nýja leigumáta. Þetta getur ekki verið hentugt fyrir jarðirnar nje heldur sanngjarnt, að tveir menn, sem búa á alveg jafngóðum jörðum, þurfi að gjalda misjafnt eptir þær, og þá einmitt sá eldri leiguliði, sem ef til vill er búinn að bæta ábúðarjörð sína, gjaldi hærra eptirgjald eptir hana. Jeg verð því að álíta, að það sje ekki að eins sanngjarnt af þinginu að breyta þessu, heldur og skylda þess, að bæta úr þessum missrjetti leiguliðanna.

Sighvatur Árnason: Af því að jeg er kunnugur þessu máli sem nálægur Vestmannaeyjum og þekki hvernig þessu hagar til, er jeg samdóma hæstv. landshöfðingja um misrjett þann, er á sjer stað í eptirgjaldi eptir landssjóðsjarðir í Vestmannaeyjum, því sú aðferð, sem þar viðgengst nú, tekur sig öfugt út við þá aðferð, sem höfð er við leigumáta á landssjóðsjörðum annarstaðar. Það hefur verið venja, þar sem mönnum hefur þótt leigumátinn of lágur, að þoka honum upp við ábúenda skipti, eins og t. d. hefur viðgengizt í Skaptafellssýslu. En í Vestmannaeyjum verða hinir eldri leiguliðar að bera þetta háa eptirgjald, sem miðað er við harðfisksalin, en hinir yngri leiguliðar komast að sanngjarnari kjörum. Þetta er því ósanngjarnara, sem sumir af þessum gömlu leiguliðum eru heiðarlegir menn, sem hafa gjört ábúðarjörðum sínum til góða. Jeg vil líka minna hina háttv. þingm. á, að 1879 gekk fram í báðum þingdeildum þingsál., sem fór í sömu átt eins og þessi, sem tekur skýlaust fram, að landskuldir á Vestmannaeyjum megi greiða eptir meðalverði allra meðalverða, án þess að bíða eptir leiguliðaskiptum, og það er líka sönnun fyrir því, að það er sanngjarnt að taka þetta mál nú til greina.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþykkt í einu hljóði, og afgreidd síðan til landshöfðingja sem þingsályktun frá báðum deildum alþingis.

Fimmtándi fundur, miðvikudaginn 20. júlí kl. 1. e. h.

Allir á fundi.

Frumv. til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (84, 112); 3. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Það má segja, að nefndinni þótti betri hálfur hleifur en enginn. — Nefndin hefur nú slakað til (112), og vona jeg því, að minni andróður verði gegn frumvarpinu en áður, og að þingdeildin muni samþykkja það.

Jón Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram eða bæta því við, að ástæðan til breytingar nefndarinnar við frumvarpið var það, að nefndin, eða rjettara sagt menn úr nefndinni, hafa borið sig saman við hæstv. landshöfðingja, og hefur það verið tilgangur hennar með þessum breyt.till., að gera frv. svo úr garði, að það þyrfti ekki að eiga von synjunar hjá staðfestingarvaldinu. Jeg kann hinum hæstv. landshöfðingja þakkir fyrir þær bendingar, sem hann hefur gefið mjer í málinu, og vona að breytingartillögur nefndarinnar, sem þannig eru eptir bendingum hans lagaðar, verði samþykktar af hinni háttvirtu deild.

ATKVÆÐAGR.: 1.—5. gr. frv. (84) samþ. hver um sig í einu hlj.

Breyt.till. nefndarinnar nr. 1—4 (112) við 6. gr. samþ. hver um sig í einu hlj.

6. gr. frv. (84) þannig breytt samþ. með 10 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar nr. 5 (112) við 7. gr. samþ. með 10 atkv.

7. gr. þannig breytt samþykkt með 10 atkvæðum.

8.—13. gr. samþ. hver um sig í einu hljóði.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 10 atkv., og afgreitt síðan til neðri deildar.

Frumv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um aðra skipun læknahjeraða (98); 3. umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Þar sem engar breytingar hafa komið fram við frumvarpið, ætla jeg ekki að tala lengra að sinni, en óska einungis að það verði samþykkt af hinni háttv. deild.

Jón Ólafsson: Orsökin til þess að jeg ekki kom fram með neinar breytingar við frumvarp nefndarinnar, var sú, að töluliðir þeir, sem jeg hafði mest á móti, voru samþykktir með svo miklum atkvæðafjölda, að jeg sá, að það var ekki til neins að koma fram með þær, en jeg greiði atkvæði móti frumvarpinu, því jeg hygg að tilgangur flutningsmanns, að fá lækni í Dalasýslu, muni síður nást ef þetta frv. yrði samþykkt, heldur en ef það yrði fellt, því reynslan hefur sýnt, að það hefur varla verið mánaðarlangt útskrifaður kandídat, svo að hann hafi ekki þegar tekið að sjer aukahjeraðs-umdæmi; að Dalasýsla er enn ekki gengin út, er af því einu, að aldrei hafa enn verið til hjer menn í hana embættislausir. Reynslan hefur því enn ekki átt kost á að sýna, að aukalæknisdæmið í Dalasýslu gangi ekki út, þegar maður er til í það. Hinsvegar er það töluverður sparnaður fyrir landssjóð, að halda aukalæknishjeraðinu í Dalasýslu, í stað þess að stofna þar aðal-læknishjerað, bæði hvað launin og eptirlaunaskyldu landssjóðs snertir.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Ástæður háttv. þm. S.-Múlas. (J. Ól.) eru skin-ástæður; þær hafa fyr komið fram, og hafa eins og fengið nokkurs konar hefð á sig; en þær eru allt um það rangar. Hann vill ekki stofna embættin fyr, en nógir menn eru til í þau, eins og að embættin ættu að vera til fyrir mennina, en mennirnir ekki fyrir embættin! Hvað það snertir, að reynslan hafi átt að sýna, að menn hafi ekki verið til að sækja um aukahjeraðsembættið í Dalasýslu, þá er þetta ekki rjett, því fleiri útlærðir menn í læknisfræði hafa verið falaðir í þetta embætti með uppbót launanna af sýslubúum, en enginn hefur verið fáanlegur, þareð þeir hafa getað fengið betri og hægari embætti, þar sem þeir líka vonuðust eptir að fá meiri „praxis“.

Að því er þingdeildarmaðurinn, hinn háttv. 5. kgk. (A. Ó.), hefur minnzt á homöopatha, þá hafa þeir að vísu verið til þar og það „authoriseraðir“, og fengizt við lækningar; en jeg fyrir mitt leyti get ei lengur sinnt þeim fyrir aldurs sakir og embættisanna, og hefi því „resignerað“ þeim starfa. Jeg lifi í þeirri von, að frumvarpið fái góðan framgang hjá hinni háttv. deild.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal leyfa mjer að taka það hjer fram, sem ekki áður hefur verið nógsamlega bent á, að það er engan veginn þýðingarlítið að embættin sjeu til eða að þau sjeu sett á stofn, því það gefur mönnum einmitt hvöt til að læra læknisfræði.

Jón Ólafsson: Það er alveg þýðingarlaus ásæða, að vilja gefa mönnum hvöt til að læra læknisfræði með því að stofna embættin, því nú eru nógir menn að læra á læknaskólanum; en nú sem stendur er enginn til útskrifaður, er geti við embætti

tekið, því þeir, sem til eru, verða ekki „kvalificeraðir“ til þess fyr en að sumri komanda. Ef 6 ný læknishjeruð væru sett á stofn, mundi hvorugur þeirra, sem næstir standa til að fá læknisumdæmi, sækja um læknisembættið í Dalasýslu, því þá mundu þeir verða sjer úti um annað hægra, enda játaði og þm. Dal. (J. G.), að menn hefðu ekki viljað sækja um það embætti, meðan annað betra hefði boðizt, en eins og nú stendur, á annarhvor þeirra sem næstir eru til að fá læknisembætti, ekki kost á að fá annað en einmitt aukalæknishjeraðið í Dalasýslu. Enginn sótti heldur um aukalæknisembættið í Skaptafellssýslu, meðan annað betra bauðst. En þegar annað var útgengið, þá gekk það út, og eins mun fara með Dalasýslu.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Það er ekki rjett skilið af hinum háttv. þingmanni, er síðast talaði, að jeg einblíni á Dalasýslu; minn sjóndeildarhringur er víðari en svo. Jeg skal taka það fram, að út af því, að getið var um, að margir væru hjer að nema læknisfræði, þá þykir mjer ekkert líklegra, en að margir af þeim muni tara at landi burt til þess erlendis að leita sjer atvinnu. Þetta hefur reynslan þegar sýnt; því fyrir nokkru síðan hefur einn læknir farið hjeðan af landi burt í þessu skyni, og hefur að launum fullkomlega sex sinnum meira en læknar eru launaðir hjer á landi.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta það hjá hinum háttv. þingm. S.-Múlasýslu (J. Ól.), er hann sagði, að ekkert útlit væri til þess að fá lækni í embættin, ef frumv. yrði samþykkt. Hann gáði sem sje ekki að því, að læknahjeruðin fjölga ekki í raun og veru eptir frumvarpinu um 6, heldur um 2, því eptir frv. eru hjeruðin 26, en nú eru þau, að meðtöldum 4 aukalæknishjeruðum, 24, og þar sem læknar nú eru skipaðir í 3 af þeim, og lækni vantar að eins í 1 læknishjerað, þá þarf alls 4 lækna til þess, að öll þau hjeruð sjeu skipuð, sem frv. ráðgjörir. Nú eru, eins og háttv. þm. S.-Múlas. (J. Ó.) tók fram, til 2 læknakandídatar og að vori er von á 3, svo að þá er auðsætt, að ekki þarf að kvíða því, að hin fyrirhuguðu embætti verði læknislaus. Hin heiðraða efri deild hefur áður samþykkt líkt frumvarp og þetta, og skil jeg því ekki, að henni blandist nú hugur um að samþykkja einnig þetta frv.

Jón Ólafsson: (Forseti: Þingmaðurinn er þegar tvisvar búinn að taka til máls við þessa umræðu, og má því eigi koma fram með, nema annaðhvort leiðrjetting, eða stutta athugasemd). Það er einungis leiðrjetting sem jeg ætlaði að koma fram með. Hinn hæstvirti landshöfðingi sagði, að 2 læknisefni væru þegar til, og að 2 mundu að vori útskrifast af læknaskólanum; en þetta er ekki nóg; þeir verða ekki strax skipaðir í embættin fyrir það; því þeir þurfa fyrst að fara til Kaupmannahafnar til þess, að fullkomna þar nám sitt, og sá tími, sem þar til gengur, er fram undir 1 ár. Þeir tveir, sem útskrifuðust í vor, eru því eigi tilbúnir nú, en verða það, eins og jeg sagði, fyrst að ári.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 7 atkv. gegn 4, og afgreitt síðan til neðri deildar.

Frv. til laga um brúargjörð á Ölvesá (69, 90); 2. umr.

Forseti: Á frv. því sem hjer liggur fyrir hinni háttv. þingdeild eru 2 flutningsmenn. En af því að þeir geta ekki báðir haft framsögumanns rjettindi, verður að skoða þann sem flutningsmann, er fyr nefnir sig sem uppástungumann, en það er háttv. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.).

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Af því að engar mótbárur hafa komið á móti frv. þessu, finn jeg ekki ástæðu til

að mæla meira með því en jeg tók fram við fyrstu umræðu málsins, fyr en þá ef einhver háttv. þingdm. yrði til að mæla á móti því. Jeg skal að eins minnast á breyt. þær, sem við höfum flutningsmennirnir, komið með við frv. (90); þær eru að eins til skýringar, en eru alls eigi efnisbreytingar, og miða til þess að lögin sjálf beri með sjer, hve háa upphæð borga beri árlega í vexti og afborgun samtals af láninu. Jeg skal svo ekki orðlengja um málið að sinni.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að mæla sem sem bezt með þessu frumv., að það fái góðar undirtektir í háttvirtri þingd. Það hefur ávallt verið viðurkennt af þinginu, að brýn nauðsyn beri til að bættar sjeu samgöngurnar í sunnlendingafjórðungi, eins og gjört er í öðrum fjórðungum landsins með gufuskipaferðunum. Hver sem þekkir til, hve örðugt er að sækja yfir þessi stóru vatnsföll, og hvílíkur farartálmi þau eru á öllum tímum árs, verður að játa, að Árnesingum og Rangvellingum er vorkunn, þó þeir knýi á aptur og aptur til að fá hjálp úr landssjóði, til að bæta úr þessum miklu vandkvæðum. Það er jafnvel varla forsvaranlegt á þessari öld, þegar hegning er lögð við illri meðferð á skepnum, að fara eins með hesta eins og hjer verður ekki hjá komizt, t. d. að haustlagi að sundleggja hesta yfir Ölvesá á Óseyrarnesi, í kulda og ef til vill ísskriði, auk skaða þess og tímatafar, sem af þessu leiðir.

Sjerstaklega vil jeg benda á eitt atriði viðvíkjandi kostnaðinum. Eins og menn muna, var hjer um árið fenginn „ingenieur" til að skoða brúastæðin og gjöra áætlun um, hve dýrar brýrnar mundu verða. Áætlun hans var nokkuð há, eða 168,000 kr. fyrir báðar brýrnar. Í fyrra sumar var einnig hinn norski vegfræðingur, sem hjer var við vegagjörð í Fóvellu-vötnum, fenginn til að fara austur og skoða brúarstæðið á Ölvesá og gjöra áætlun um, hve mikið brú yfir hana mundi kosta. Hann fór og austur og gjörði áætlun um kostnaðinn lauslega, og sagði hann mjer munnlega, að skoðun sín væri sú, að brúin mundi kosta frá 50—60 þúsund krónur, þó nær 50,000. Hann sagði mjer og, að aðalorsökin til þess, að hann hefði komizt að mismunandi niðurstöðu við Vindfeldt-Hansen, væri sú, að járnið væri nú í svo miklu lægra verði en þegar Hansen hefði gjört sína áætlun, en ekki af því, að hann hugsaði sjer brýrnar öðruvísi. Hann lofaði að senda áætlun sína svo fljótt, sem hann gæti, hingað upp; en hún er þó ekki komin enn. En samkvæmt þessu hygg jeg, að óhætt sje að ætla, að kostnaðurinn til brúargerðarinnar muni ekki fara fram úr 60,000 kr., svo að sú upphæð í frv. sje nógu hátt sett.

Jeg vona nú að sjerstaklega þeir þingmenn, sem eru úr þeim fjórðungum landsins, er góðs njóta af gufuskipaferðunum, muni vorkenna bræðrum sínum í sunnlendingafjórðungi, sem ekki njóta hins sama hagnaðar, og vilji unna þeim þess, að fá þessu nauðsynjamáli þeirra framgengt.

Skúli Þorvarðarson: Jeg þarf ekki að vera margorður, því að þingmaður sá, er með mjer er flutningsmaður að frv. þessu, hefur nægilega talað fyrir því. En sjerstaklega er jeg hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir hinar góðu og mannúðlegu undirtektir hans í þessu máli. En af því að jeg er líka flutningsmaður frv., skal jeg leyfa mjer að minnast á þessar breyt., sem við höfum stungið upp á að gjörðar væru við 2. gr. frv., og af hvaða ástæðu það er. Það er einungis vegna þess, að við urðum þess varir við nákvæma yfirvegun, að borgunarákvæðin í 2. gr. frv. eru ekki nógu nákvæmt miðuð við lánupphæðina og afborgunartímann, því að með ákvæðum frv. um að borga á 45 árum með $4^4/_5$ af hundraði á ári, er skuldinni ekki að

fullu lokið á 45 árum, heldur taldist okkur svo til, að þá stæði eptir ógreitt 635 kr. 44 aur. af því umbeðna láni 20,000, svo að ákvæði frv. eru miður rjett í þessu tilliti en æskilegt væri. Þegar við sem sje fórum að leita að hinu rjetta hlutfalli af hundraði hverju til greiðslu vaxta og afborgunar, komumst við ekki nær því en svo, að það væri $4^{661}/_{800}$, en okkur þótti þó óhentugt að hafa svo stórt og óhentugt brot í reikningnum og höfum við þess vegna reiknað út, hve há upphæðin yrði í krónutali á ári með $4^{0}/_{0}$ vöxtum og tilhlýðilegri afborgun á 45 árum, og komumst að þeirri niðurstöðu, að hún yrði 965 kr. 25 aur. Í öðru lagi þótti okkur vel fara á því, að í lögunum sjálfum stæði upphæðin eins og hún átti að greiðast árlega í heilum tölum, svo að það sæist greinilega, hve mikið árlega þyrfti að borga til endurgjalds hinu fyrgreinda láni. Þetta er því sem sagt ekki nein efnisbreyting, heldur að eins til glöggvunar, og vona jeg því að hin háttv. deild fallist á þessa litlu breytingu og enda verði þessu nauðsynjamáli hlynnt.

Jón A. Hjaltalín: Af því að jeg hef haft lítið eitt með þetta mál að gjöra eitt sinn, þá vil jeg leyfa mjer að styrkja það, sem hæstv. landshöfðingi sagði, að kostnaðurinn til brúarinnar á Ölvesá mundi varla yfirstíga 60000 kr. Það var samþ. á þingi 1879, að verja mætti til brúa á Þjórsá og Ölvesá allt að 100,000 kr. Landshöfðinginn skrifaði mjer þá, og bað mig að grennslast eptir því hjá skozkum smiðum, hvað álit þeirra væri á málinu. Þessir skozku smiðir fengu skoðunargjörð Vindf.-Hansens og þegar þeir höfðu skoðað hana, buðust þeir til að láta af hendi járnið smíðað í báðar brýrnar og sent upp til Eyrarbakka fyrir 35,000 kr. Þeir gjörðu einnig uppdrátt af brúnum, og var sá uppdráttur sendur til landshöfðingja. Síðan hef jeg ekki heyrt neitt af þessu máli og þótti mjer illt, að ekki varð meira úr því, því að jeg hefi allt af verið hliðhollur málinu; mun jeg og nú gefa því atkvæði mitt, án þess að lengja meira umræðurnar.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 9 atkv. gegn 2.; breyt.till. við 2. gr. samþ. með 9 atkæðum gegn 2.; 2. gr. þannig breytt og 3.—5. gr. óbreyttar samþ. hver um sig með 9 atkv. gegn 2. Frumvarpið í heild sinni þannig breytt samþ. með 9 atkv. gegn 2, og málinu vísað til 3. umr. með 9 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um bátafiski á fjörðum (C. bls. 75 og nr. 76); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndin hefur samkvæmt bendingum hæstv. landshöfðingja lagað niðurlag 1. gr. í þá átt, að eigi væri vafasamt að lög 14. des. 1877 um ýms atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, næðu í öllum verulegum greinum til laga þessara, eða með öðrum orðum, að samþykktir sem gjörðar væru til að útiloka aðkomandi fiskimenn frá bátafiski á fjörðum, heyrði undir lög þessi. Um málið í heild sinni hafa ekki orðið miklar umræður, og vona jeg að það sje af því, að háttv. þingd. sje nefndinni samdóma í því, að þótt vjer eptir vorum skilningi á gildandi lögum höfum einir rjett til bátafiskis á fjörðum öllum umhverfis landið, þá sje ekki heppilegt nje framkvæmilegt að halda þeim lagaskilningi fram gagnvart samþegnum vorum, einkum Færeyingum, er nú eru farnir að stunda svo mjög bátfiski á Austfjörðum. Það er auðvitað til lítils gagns fyrir lítilmagnann, að halda fast við bókstafsrjettinn, ef hann getur eigi framfylgt honum í verkinu eða stutt hann á líkamlegan hátt. Vjer höfum enga krapta, ekki einusinni eina skútu til að verja oss fyrir yfirgangi utanríkismanna nje samþegna vorra, ef því er að skipta. Nefndin hefur því

farið mjög stutt yfir að sanna og sýna rjett landsmanna einna til bátafiskis á fjörðum, enda þótt hún hefði miklu fleiri ástæður á reiðum höndum til að sanna það. Jeg skal nú leyfa mjer að minnast lítið eitt á það sem stendur í hinu rækilega og röksamlega brjefi ráðgjafans frá 18. apríl þ. á. Í því brjefi ber stjórnin fyrir sig 5. gr. í opnu brjefi 18. ágúst 1786 og I. kap. 1. gr. í tilskip. 13. júní 1787; en hún leitast við að hrekja skilning alþingis á tilsk. $^{13}/_{6}$.1787 I. kap. 2. gr., að því er snertir orðin „under Landet“; það eru þessi orð sem stjórnin leggur aðra þýðingu í en vjer. Hversu mikla virðing sem vjer berum fyrir brjefinu sem rækilegu — því það gjöri jeg sannlega — finnst mjer það þó í þessu atriði ekki svo röksamlegt sem það er röggsamlegt. Ef nú fyrst gætt er að hinum eldri lögum, svo sem tilsk. 1. apríl 1776, 1. gr., og kgsúrsk. 9. apr. 1776, þá er það ljóst og öllum kunnugt, að alla tíð, meðan einokunarverzlunin stóð, var eigi að eins útlendingum eða utanríkismönnum, heldur og öllu þeim, er eigi ráku verzlun hjer á landi, stranglega bannað, nema þeir fengi þar til sjerstakt leyfi, eigi að eins að fiska, heldur og að koma nærri landinu, svo utanfjarðar, sem og inn á flóa og firði, víkur og voga. Fyrst var bannað að koma nær en í 8 mílna eða 8 vikna fjarlægð frá landi, síðan 6 vikna og loks 4 vikna fjarlægð. Þetta er tekið fram í tillögunum til konungsúrskurðar 9. apríl 1776. Í lögunum eru þó tekin fram tvö atriði. Í fyrsta lagi það atriði, að bannað er að koma nokkurstaðar nær strendum landsins, eða eyjum þess, svo sem Vestmannaeyjum, eða Grímsey en 8, 6 eða 4 vikur undan landi, og í öðru lagi er bannað að koma inn á fjörðu, flóa, víkur eða voga, hversu breiðir sem þeir eru, t. d. Faxaflói, enda þótt miðfjarðar sje talsvert lengra til Snæfellsnes eða til Skaga en 8, 6 eða 4 vikur. Hugsunarsambandið milli þessara tveggja atriða er ekki nákvæmlega orðað í nefndarálitinu 1885; þau eru ekki sett þar, eins og á að vera, að vísu aðgreind hvort frá öðru að rúminu til, en jafnframt sett jafnhliða hvort öðru þannig, að þegar annað er bannað, leiði af sjálfu sjer, að hitt sje líka bannað. Að þessi muni vera hinn rjetti skilningur á þessum orðatiltækjum, sýnir 2. gr. í tilskip. 13. júní 1787, þar sem bannað er utanríkismönnum „gaa ind i Landets Fjorder, Bugter og Havne“, og *þá* (“altsaa“) einnig bannað að fiska „under Landet“. Þetta virðist stjórnin skilja eins og stæði: „nálægt landi“ *innfjarðar*; en jeg fæ ekki sjeð, á hverju sá skilningur er byggður. Jeg skal taka dæmi. Ef einhverjum manni er bannað að fara inn í hús, og sömuleiðis bannað að koma nær veggjum hússins en í tiltekna fjarlægð, þá yrði samkvæmt skilningi stjórnarinnar svo að skilja, sem bannað sje að koma nær veggjunum *innanhúss* en svo eður svo, en ekki útanhúss. En mjer finnst auðsætt, að sá sem ekki má fara inn í húsið, hann má heldur ekki koma nærri veggjunum að innan, því að til þess að geta það, þarf hann að brjóta það boðorðið, sem bannar honum að fara inn í húsið. Jeg hef tekið þetta fram skilningi alþingis til stuðnings, eingöngu til að sýna, að nefndin hefur, þrátt fyrir skilning sinn á þessari löggjöf, viljað slaka svo mikið til við samþegna vora og sýna þeim alla sáttgirni og ívilnun, en það gjörir hún einmitt í því trausti, að með því verði vel tryggð atvinna landsmanna, og það miklu betur en nú á sjer stað. Vjer vonum, að Færeyingar, sem hingað til hafa ekki verið sem sanngjarnastir við oss í tillögum sínum, verði nú ánægðir og sýni oss nú ekki meiri yfirgang nje ásælni en Norðmenn, sem að vísu eru og bræður vorir að frændsemi, en ekki samþegnar vorir. Vjer vonum og að yfirvöldin, sem með þess-

um lögum er veitt fullt vald til að útilykja aðkomufiskimenn, hvaðan sem þeir eru, þá er nauðsyn krefur, neyti þessa rjettar síns á tryggjandi hátt fyrir þá aðalatvinnuvegi landsmanna, sem hjer um ræðir. Í þessu trausti hefur nefndin farið meðalveginn, eða, nákvæmara talað, ekki viljað útilykja útlenda fiskimenn frá bátfiski á fjörðum fremur en aðra hjerlenda aðkomumenn. Jeg skal geta þess, að í 2. gr. hefur nefndin orðið: „þarsveitarmenn", og skilur hún við það sama sem hreppsbúar, þeir landsmenn, sem búa í sama hreppi, sem utanhreppsfiskimenn koma til í þeim tilgangi að stunda þar sjávarafla á sinn útveg eður annara út í frá. Nefndin vonar, að það orð geti ekki valdið misskilningi. Að nefndin áleit ekki nauðsynlegt að auka við 2. gr. ákvæðum um, að sveitarstjórnirnar mættu með tilsjón sýslunefndar leggja þetta aukaútsvar á, kom til af því, að vjer vitum ekki betur, en að menn hafi leyft sjer í Reykjavík að leggja aukaútsvar á verzlanir kaupmanna þeirra, sem ekki eru búsettir hjer, og mun það þó ekki heimilað í bæjarstjórnarlögunum. (*Landsh.*: Jú). Þó svo sje nú orðið, áleit nefndin ekki að brýn þörf væri á þessari ákvörðun, því þegar leggja má útsvar á þessa menn, þá verða þeir hinir sömu að gjöra það, sem leggja á öll önnur sveitargjöld. En auðvitað er að útsvar þetta verður á að leggja með sanngirni og eptir tiltalslegum hagnaði af atvinnunni.

Landshöfðingi: Jeg álít óþarft að fara út í það, hvernig eigi að skilja ákvarðanirnar um fiskiveiðar í landhelgi í opnu brjefi 18. ágúst 1786 og tilsk. 13. jún. 1787 eða rifja upp þann ágreining, sem hefur verið á skilningi þeirra. Jeg er hinni háttvirtu nefnd þakklátur fyrir, að hún hefur tekið bendingar mínar um breytingar við 1. gr. til greina; en hún hefur þó eigi gjört það fyllilega.

Jeg tók það fram við 1. umræðu, að það væri ekki nóg, að tilbúning samþykktanna ætti að haga eptir lögum 14. desbr. 1877, en að hegningarákvarðanirnar í lögunum um fiskiveiðar á opnum skipum yrðu einnig að ná til þessara samþykkta. Hin h. nefnd virðist hafa gleymt, að 7. gr. í lögunum 14. desbr. 1877, sem hefur að geyma ákvæðin um hegningu fyrir brot á móti samþykktunum, er úr lögum numin með lögum 4. desbr. 1886, en einmitt þess vegna er nauðsynlegt að skírskota ekki að eins til laga 14. desbr. 1877, heldur einnig til laga 4. desbr. 1886.

Að því er snertir 2. gr., verð jeg einnig að álíta hagfeldara, að ákveðið sje, eptir hvaða mælikvarða skuli ákveða útsvar þessara manna. Hinn h. framsögumaður tók fram, að það væri engin bein lagaheimild fyrir, að leggja útsvar á verzlanir hjer á landi, sem útlendir menn ættu, en slík lagaheimild er einmitt fyrir kaupstaðina. Fyrir Reykjavík er hún að vísu eigi til í sjálfum bæjarstjórnarlögunum frá 15. apríl 1872 heldur í seinni lögum frá 19. október 1877, og þar er beinlínis tekið fram, hvaða sjerstökum reglum skuli fylgja við niðurjöfnun slíks útsvars. Líkum reglum virðist mjer ætti að fylgja við niðurjöfnun útsvars á aðkomna fiskimenn, og ákvæði um það standa í 2. gr. frumvarpsins. Það hefur áður brunnið við, að leggja útsvar eingöngu á eptir efnum og ástæðum, en vitanlega verður hjer eigi farið eptir því, þar sem um útlenda menn er að ræða, heldur verður að fara eptir aflanum.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg játa að mjer hefur yfirsjezt í þessu efni og vil því mælast til, ef forseti hefði ei á móti, að umræðunum væri hætt og málið tekið út af dagskrá. Reyndar vona jeg að þetta mætti ganga til 3. umræðu.

Forseti: Það er á valdi framsögumannsins, að gjöra uppástungu í þá átt;

en án samþykkis deildarinnar verður það ekki gjört.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar nr. 1. (76) við 1. gr. stjórnarfrumv. (C. bls. 75) samþykkt með 11 atkvæðum

Viðaukatill. n. við 1. gr. samþykkt með 10 atkv.

1. gr. þannig breytt og aukin samþ. með 10 atkv.

Breyt.till. nr. 2 samþ. með 10 atkv.

Breyt.till. nr. 3 (ný 2. gr.) samþykkt með 11 atkvæðum.

Breyt.till. nr. 4, að 3. gr. stjórnarfrv. falli burt, var samþykkt með 10 atkv.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagr.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um lagaskóla (100); 1. umræða.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg vona að jeg þurfi eigi að mæla langt fram með þessu frumvarpi, þar eð það er alveg samhljóða frumv. því, sem deildin hefur áður haft til meðferðar, og samþ. var í báðum deildum 1885, að öðru leyti en því, að hjer er skotið inn dálitlum viðauka, svo sem einni línu, en jeg er fús til að kippa burt, ef mönnum þykir frv. óaðgengilegra fyrir hann. Mál þetta fór með bezta byr úr báðum deildum 1885, og vona jeg því að það fái sömu undirtektir nú, þar sem þörfin á lögfræðingum er enn þá brýnni nú en þá, þar sem stjórnin gjörir nú svo stranga kröfu til þess, að sýslumenn geti fengið að sitja á þingi. Þetta er því alveg ný ástæða málinu til meðmælingar. Jeg finn því enga ástæðu til að stinga upp á nefnd, þar eð frumv. er orðrjett tekið upp, og er því öllum þingdm. áður kunnugt.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg var einn af þeim þingmönnum, sem studdu þetta mál 1885, og er því enn hliðhollur í „principinu“. Það hefur verið sagt, að engin þörf væri á lagaskóla, því nú væri engin vöntun á lögfræðingum. Það er að vísu svo, að nú mun að eins 1 sýsla laus á landinu, og 1 lögfræðingur á lausum kjala. *(Landshöfðingi:* Tveir!). Jeg man ei eptir nema einum, og innan skamms von á tveimur frá háskólanum; en það er mjög líklegt, að 2 eða fleiri sýslur losni mjög bráðlega, og er þá ekki að vita, hvort nægir lögfræðingar verða til. En það er ei þetta atriði, sem jeg legg mesta áherzlu á, þegar ræða er um lagaskóla hjer á landi. Menn hafa sagt, að menn ættu ei hægt með að nema lög eins vel hjer og við háskólann; en jeg er ei á þeirri skoðun; jeg held að maður gæti numið lög þó svo væri norður á Kolbeinsey, ef menn hefðu góða kennara, nægar bækur, og náttúrlega citthvað að leggja í ofninn; öðru máli er að gegna með læknaskólann; þeir námsmenn, er á hann ganga, verða að fara á mis við alla þá æfingu, sem þeir fá á spítölum í Höfn, sem stunda læknisfræði við háskólann. En aðalástæðan fyrir því, að jeg held fram lagaskóla hjer á landi er það, að íslenzk lög eru alls eigi kennd á háskólanum. Háskólakennarar nefna að vísu endrum og sinnum íslenzk lög, einkum þegar svo á stendur, að þeir með því geta skýrt óglögga staði í einhverjum dönskum lagaboðum; en það er líka þar með búið; en nú er þörfin á sjerstakri íslenzkri lagaþekkingu ávallt að verða brýnni, eptir því sem hin íslenzka löggjöf eykst og fjarlægist hin dönsku lög. Þetta er það, sem jeg legg sjerstaklega áherzlu á, viðvíkjandi stofnun lagaskól. Jeg skyldi vera ánægður, ef settur væri kennari við háskólann í íslenzkum lögum, eða einhverjum af þeim háskólakennurum í lögfræði, sem nú eru, falið eða gjört að skyldu, að kenna íslenzk lög um að minnsta kosti 1 árs tíma; en það fæst að líkindum eigi, því prófessorarnir mundu telja

sig ófæra til að takast íslenzka lagakennslu á hendur. En það er eitt atriði, sem stjórnin virðist eigi hingað til hafa lagt mikla áherzlu á, en sem jeg verð að leggja næsta mikla áherzlu á; það er peningaspursmálið, kostnaðurinn, sem nú kemur til greina og er næsta mikilsvert, og fyr en jeg sje, hvernig hinum miklu álögumálum, sem nú eru á borði í neðri deild alþingis — á sum þeirra get jeg máske fallizt, sumum er jeg alveg frá hverfur — reiðir af, get jeg eigi lofað atkv. mínu að svo stöddu með þessu máli, fyr en jeg sje, þegar á þingtímann líður, hvernig efnahagur landsins stendur.

Jón A. Hjaltalín: Eins og háttv. 3. kgk. þm. sagði, þá vantar hjer lögfræðinga og varla er hægt að fá mann til að þjóna, ef sýslumanns missir um stund úr embætti; en eg er ekki viss um, að sá vegur, sem hjer er stungið upp á, sje hinn heppilegasti til að bæta úr lögfræðingaskorti. Jeg verð að taka það fram, að jeg get ei nú þegar gefið atkvæði mitt með því, að stofna lagaskóla, einmitt af sömu ástæðum, sem jeg var á móti læknaskipunarmálinu, en hjer er um töluvert meiri kostnað að ræða heldur en í því. Jeg gæti að vísu forðað mjer við ámæli, þótt jeg gæfi frumvarpi þessu atkvæði, með því að jeg gjörði það með þeirri sannfæringu, að stjórnin mundi aldrei samþykkja það. Eg vil benda því til þeirra þingmanna, sem koma með miklar fjárbænir, er eigi verður frestað, að þeir mega ekki greiða atkvæði með öðrum lagafrumvörpum, er krefjast svo mikils fjár, að landssjóður getur varla risið undir, ef þeir vilja hafa nokkra von um að koma sínum bænum fram.

Landshöfðingi: Þingdeildinni eru kunnugar af brjefi ráðgjafans 13. f. m., sem prentað er í Stjórnartíðindunum, ástæður stjórnarinnar fyrir synjun staðfestingar á frv. frá 1885 um stofnun lagaskóla, en ein aðalástæðan, sem þar er tekin fram, er sú, að fjárhagur landsins stæði ekki svo vel, að það gæti bætt á sig þeim árlega kostnaði, sem leiðir af stofnun lagaskóla. Það kom líka fram í umræðunum á þingi 1885 frá mönnum, sem voru að vísu málinu hlynntir, að þeir vildu fá trygging fyrir, að fje væri til. Það var jafnvel gjörð fyrirspurn til nefndarinnar í lagaskólamálinu hjer í deildinni þessu viðvíkjandi, og svaraði þá framsögumaður nefndarinnar, að eigi væri ætlazt til, að lagaskólinn byrjaði þegar undir eins, og ekki fyr en fjárhagur landsins leyfði það. Þegar málið var þannig undirbúið, og það var orðið bert, að tekjur landsins á yfirstandandi fjárhagstímabili mundu alls eigi hrökkva fyrir gjöldunum, þá áleit stjórnin eigi gjörlegt að samþykkja frumvarp, sem hefði önnur eins fjárútgjöld í för með sjer og þetta. Hinn háttv. þm. S.þing. (B. Kr.) kom nýlega með þá sjálfsagt að hans hyggju heppilegu samlíkingu, að þingið væri barnið, og ráðgjafinn faðirinn; en börnin sjá ekki langt fram í tímann; þau vantar alla lífsreynslu, og sjerstaklega kunna þau ekki að meta peningana; þau hafa enga hugmynd um, hvað eitthvað kostar, sem þau langar í, og horfa því ekki í kostnaðinn, en foreldrarnir hafa reynsluna, þau verða að leggja niður, á hverju þau hafa efni, og þegar börnin biðja um eitthvað, sem að vísu kann að vera saklaust og jafnvel gott í sjálfu sjer, en sem er of kostnaðarsamt, verða foreldrarnir að hafa vit fyrir þeim, og veita þeim eigi annað en það, sem ekki að eins er gott og þarflegt, en sem efnin leyfa þeim að veita. Sama er um það, að það getur verið margt, sem er nauðsynlegt fyrir bóndann að afla sjer, en þegar kemur til framkvæmdanna, þá verður hið allra nauðsynlegasta að ganga fyrir því, sem er miður nauðsynlegt, af því efnin vantar, en þau hljóta ávallt að ráða. Það verður

eigi álitið, að stofnun lagaskóla sje eitt af því allra nauðsynlegasta fyrir landið, og sjerstaklega getur fæð lögfræðinganna eigi verið ástæða til að flýta þessu frumvarpi, því að nú sem stendur er að eins eitt sýslumannsembætti laust, en tveir lögfræðingar hjer í landi embættislausir, og þar að auki liggur hjer fyrir frv. til laga um að leggja niður þá einu sýslu er laus er, sem sjerstakt embætti, og verður þá ekkert lögfræðingsembætti á öllu landinu laust sem stendur, ef sameining Stranda- og Dalasýslu fær framgang.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg er öllum hinum háttvirtu þingmönnum, sem talað hafa í þessu máli, þakklátur fyrir undirtektir þeirra, en sjerstaklega hinum 3. kgk. þm. (L. E. Sv.). En af öllu gladdi mig þó ekkert eins mikið, og ræða hæstv. landshöfðingja, því jeg sje af henni, að skilningur hans á svari stjórnarinnar er alveg samhljóða mínum skilningi. Aðalástæða stjórnarinnar gegn málinu er *nú* að eins orðið fjárspursmálið; en hitt, sem áður var aðalástæðan, en nú er orðin aukaástæða að eins, nl. það, að eigi sje nauðsyn á lagaskóla hjer, eða að hann geti ekki orðið að tilætluðum notum, það vona jeg að hverfi bráðum og fjárástæðan verði þá ein eptir, og kalla jeg þá máli þessu allvel borgið. En frumvarpið fer eigi fram á að kennsla byrji þegar í stað. Það er eigi heldur víst, að hæfilegir menn mundu *strax* fást, sem full undirbúnir væru til að takast kennslu á hendur. Þingið mun heldur eigi ætlast til í fjárlögunum, að skólinn skuli byrja á þessu fjárhagstímabili. (*Landshöfðingi*: Jú, það má sjá af 18. gr. fjárlaganna). Ekki enn þá! Þingið getur verið alveg sjálfrátt um það, hvenær skólinn skuli byrja, en á móti því að lög um hann komi út, getur ekkert verið, og er eigi nema gott, því margt má gjöra skólanum til undirbúnings, sem eigi þarf að kosta landssjóð neitt fje, þó kennsla byrji eigi. Menn eru nú farnir almennt að játa nauðsyn skólans, og ber jeg það traust til hæstv. landshöfðingja, að hann eyði aukaástæðunni alveg hjá stjórninni, svo ekki verði eptir nema fjárástæðan ein, og vona jeg þá að málið eigi ekki langt í land.

Benidikt Kristjánsson: Þingmaður Suður-Múlas. (J. Ól.) tók einmitt fram, það sem jeg vildi segja, að það væri ekkert á móti því að semja lög um lagaskólann, þótt hann kæmist eigi strax á. Það er sitt hvað að fá lög, og að láta þau strax koma til framkvæmda. Það er ekkert á móti því að biðja um lagaskólann, þótt menn sjái sjer ei fært að láta hann byrja þegar í stað; það er eins og þegar barnið biður foreldri að láta sig eiga víst að fá eitthvað, þegar það er orðið fært um að borga það, þegar það getur borgað með upptíningnum sínum.

Jakob Guðmundsson: Þegar um eitthvert fyrirtæki er að ræða, þá mega menn eigi einungis taka tillit til kostnaðarins, heldur verða menn og að gæta að, hver nauðsyn sje til, að fyrirtækið fái framgang. Það hafa komið fram ýms ummæli um, að engin nauðsyn væri á að stofna lagaskóla, af því lögfræðingar sjeu nógir til. En jeg er eigi á þeirri skoðun. Jeg hef áður tekið það fram á þingi, að nauðsynlegt og æskilegt væri, að fleiri lögfræðingar væru til en einungis í embættin. Jeg álít það mjög óheppilegt fyrir löggjöf þingsins, að lögfræðingar geti ekki átt setu á þinginu. Ef fáir lögfræðingar eru á þinginu, þá er eigi að búast við, að það geti vandað eins vel löggjöf sína, og gallar þeir, sem stjórnin hefur fundið á lögum frá alþingi, koma eflaust mest af því, að næga krapta af lögfróðum mönnum hefur vantað í þingið. Það getur verið, að stjórnin áliti það nóg, að meiri hluti þeirra 6 konungkjörnu þingmanna, sem eiga sæti á þinginu, eru lögfræðingar, og víst er um það,

að það bætir úr þessu að nokkru leyti, en eigi öllu, því þessir konungkjörnu þingmenn eiga að eins sæti í efri deild; en neðri deild þingsins semur líka lög, og ef þar vantar algjörlega löglærða menn, þá er eigi vel farið, því þótt prestar og læknar sitji í henni og sjeu að vissu leyti menntaðir menn, þá er eigi með því bætt úr þessu vandkvæði, því þeir eru eigi löglærðir. Jeg er prestur og hef eigi minnstu lögfræðislega þekkingu ... *(Forseti:* Þingmaðurinn verður að halda sjer meir við efnið). Jeg er að sýna fram á nauðsyn lagaskóla. Jeg vil taka það fram sem sagt hefur verið, að þó að stjórnin álíti sig verða að hafa vit fyrir þjóðinni eins og faðir fyrir barni sínu, þá álít jeg að erlend og ókunnug stjórn hafi lítið vit á íslenzkum búskap; en jeg álít að þingið ætti fremur en stjórnin að hafa vit á því, hvað þjóðinni er nauðsynlegt; þegar þinginu kemur þó saman um, að nauðsynlegt sje fyrir þjóðina að fá lagaskóla, þá ætti erlend og ókunnug stjórn sízt af öllu að ráða konungi frá að samþykkja þann vilja þings og þjóðar.

Sighvatur Árnason: Jeg hef verið því hlynntur á undanförnum þingum og álitið það þarflegt, að vjer fengjum innlendan lagaskóla, og svo er enn. En þegar jeg lít á fjárhag landsins, eins og hann nú er, og á það, hvað lagaskóli kostar, þá finnst mjer að menn verði að hafa það hugfast, að eitt getur verið þarft, en annað nauðsynlegt. Vjer verðum nú og að gæta þess, að vjer höfum nú annað fyrirtæki að berjast fyrir og að stórfje þarf til að koma því fram. Það er því varasamt á meðan svo stendur að taka líka þetta mál fyrir, sem þó heldur má bíða. Það er að vísu ekki útlit fyrir, að lagaskóli verði stofnaður á þessu fjárhagstímabili, og þegar þess er gætt, þá finnst mjer það ekki gjöra svo mikið, hvort hann er stofnaður að eins lagalega nú, án þess að komast á stofn í verkinu. Jeg er, eins og málið stendur nú, ekki viss um, að jeg greiði atkvæði með því í þetta sinn.

Landshöfðingi: Jeg get ekki verið samþykkur röksemdaleiðslu h. 1. þm. Suð.-Múl. (J. Ól.) og h. þm. S-Þing. (B. Kr.) um það, að þó þetta frv. verði samþykkt af þinginu og staðfest af konungi, þá sje engin þörf á að stofna lagaskóla á þessu fjárhagstímabili. Jeg get ekki fallizt á, að það sje eptirbeytnisverð regla, að samþykkja lög og láta síðan bíða svo og svo lengi þangað til að þau komi til framkvæmda. Stjórninni er enda gefið undir fótinn með því að viðhafa þá aðferð, að samþykkja að vísu lög, en láta við svo búið lenda með þau. Í frv. stendur: Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði. Þar er ekkert kveðið á, hvenær það skuli vera. Jeg álít því, að ef frv. þetta yrði að lögum, þá væri það skylda stjórnarinnar, að framkvæma það ákvæði svo fljótt sem hægt væri. Jeg veit ekki heldur, hvern undirbúning ætti að hafa á næsta fjárhagstímabili, sem ekki kostaði peninga. En mjer finnst þegar búið að kosta töluverðu til undirbúnings lagaskólans, og það þótt hann sje ekki búinn að fá staðfesting konungs. Það hafa komið fram þau mótmæli af hálfu þm. gegn því, að ekki væri þörf á fleiri lögfræðingum, að þótt nógir lögfræðingar væru til í embættin, þá væri eigi að síður þörf á hafa fleiri löglærða menn í landinu. En jeg hygg, að fyrst um sinn muni ekki nokkur lögfræðingur geta hafa hjer ofan af fyrir sjer öðruvísi en í launuðu embætti eða sýslan. Það er því varla við því að búast, að menn fari að kosta til að lesa lög, og eiga þó ekki von á atvinnu á eptir, að minnsta kosti ekki fyr en seint og síðar meir; og þó þeir yrðu teknir öðrum fremur til þingmennsku, þá mundi það ekki verða næg atvinna handa þeim.

Flutningsm. (J. Ól.): Jeg skal leyfa mjer að svara fám orðum mótbárunum móti kostnaðinum. Jeg er samdóma hæstv. landsh., að í sjálfu sjer sje það eðlilegast, að lög komi til framkvæmda sem fyrst eptir að þau eru staðfest. Engu að síður ætla jeg rjettast, að bæta inn í frv. þetta ákvæðum um, að lögin komi þá fyrst til framkvæmda, er þingið veitir fje til skólans; mætti orða þau á þá leið: þó tekur skólinn ekki til starfa fyr en alþingi ákveður honum fje á fjárlögunum. Mjer sýnist það einmitt hafa mjög mikla þýðing, að fá staðfesting stjórnarinnar sem fyrst á þessu máli. Því á hverjum hefur einlægt staðið hingað til, svo að vjer höfum ekki getað fengið lagaskóla? Það hefur verið stjórnin, stjórnin ein og annað ekki. Á meðan alveg er óvíst, hvort stjórnin muni staðfesta frv., þá er engin von að nokkur fari að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann, og nú skal jeg svara því, sem hæstv. landsh. spurði að, hver undirbúningur það væri, sem ekki kostaði peninga. Jeg sagði það nú að vísu ekki, að undirbúningurinn kostaði ekkert; jeg veit að það er fátt hjer á jörð, sem ekkert kostar, en jeg sagði, að hann *þyrfti* ekki að kosta *landssjóð* peninga. Það sem jeg átti við, var, að ef menn vissu að lögin öðluðust konunglega staðfesting, þá er jeg viss um, að sýslumenn eða júridiskir kandidatar, sem hefðu hug á að verða kennarar við skólann, mundu þegar fara að búa sig undir að geta orðið hæfir til að gegna þeim starfa. Og *þingið* þarf ekki að veita þeim einn eyri til þess undirbúnings. Einmitt við það að lögin fá staðfesting, er það unnið, að menn fá *hvöt* til að *búa sig undir* kennarastörf við skólan.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að mjer finnst h. þm. Suð.-Múl (J. Ól.) ekki vera í sem beztri samkvæmni við sjálfan sig í þessu máli og í læknaskipunarmálinu. Það mál vildi hann láta bíða til næsta þings, af því að ekki væru til menn í embættin, en nú vill hann láta samþykkja lög, sem ekki geta komið til framkvæmda fyr en eptir næsta þing. En jeg get ekki einu sinni álitið það rjett, að samþykkja slík lög nú; það væri að taka fram fyrir hendurnar á næsta þingi. Vjer verðum að bíða með lögin eptir þeim tíma, er hægt er að koma þeim í verk.

Flutn.m. (J. Ól.): Jeg leyfi mjer að geta þess, að sú ósamkvæmni sem hæstv. landshöfðingi talaði um hjá mjer, er ekki svo mikil. Í fyrra málinu er um það að ræða, að bæta úr læknaskorti, en hjer ekki verið að berjast fyrir því, að minnsta kosti ekki *því einu*, að bæta úr lögfræðingaskorti, heldur fyrir því, að gjöra *íslenzka* lögfræðinga *betur hæfa* til að gegna embættum sínum, með því að gefa þeim kost á að nema *íslenzk lög*. Jeg vona því, að þegar menn gá betur að, að þeir sjái, að hjer er ekki um neina ósamkvæmni að ræða.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um umsjón og fjárhald Flateyjar og Ingjaldshólskirkju (96); 1. umræða.

ATKVÆÐAGR.: Umræðulaust vísað í e. hlj. til 2. umr.

Frv. til laga um breyting á landamerkjalögunum (95); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vil gjarna styðja þetta litla frv., því að það gjörir þó heldur bót viðvíkjandi landamerkjalögunum. Þó álít jeg ekki brýna nauðsyn á frv. þessu, þar sem enn er eitt ár eptir af fresti þeim, sem mönnum hefur verið gefinn til að skrásetja landamerki og ná samkomulagi um þau. En komi menn sjer ekki saman, þá skil jeg landamerkjalögin svo, að sá maður skuli ekki sæta sektum, sem ekki hefur getað útkljáð um landa-

merki sín, af því hann hefur ekki náð samkomulagi við nágranna sinn, en hefur þó skráð landamerki sín, og sýnt hinum til samþykkis. Þó álít jeg að gott sje að fresturinn sje enn lengdur um nokkurn tíma, því að líkindum mundi það leiða einhverja til sátta og samkomulags, og koma að nokkru leyti í veg fyrir málaferli.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv. gegn 1 atkv.

Frv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (97); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg vil ekki bera á móti því, að mögulegleikar sjeu á að sameina Dalasýslu og Strandasýslu í eitt lögsagnarumdæmi. En eins og nú stendur, er það því skilyrði bundið, að sýslumaðurinn í Strandasýslu vildi bæta við sig Dalasýslu. Það sem mjer þykir sjerstaklega óviðkunnanlegt í máli þessu, er, að því hefur verið dembt undirbúningslausu inn á þing. Mjer finnst, að það hefði átt að gefa sýslubúum í þessum tveim sýslum kost á, að láta í ljósi álit sitt um málið, áður en það kom hingað. Þær hafa að vísu þingmenn hjer á þingi, en mjer er ókunnugt um, hvort þeir eru svo kunnugir vilja kjósenda sinna í þessu efni, að þeir geti fullvissað þingið um hann. Jeg hefði kunnað miklu betur við að heyra hann fyrst, t. d. á þann hátt, að sýslunefndir í báðum sýslunum ljetu í ljósi álit sitt um málið. Sýslubúar mega bezt vita sjálfir, hvað þeim gegnir bezt.

Jón Ólafsson: Jeg er samdóma hæstv. landsh. um, að rjett sje að leita álits hlutaðeigandi sýslubúa áður en mál þetta er til lykta leitt. Og mjer þykir því ískyggilegra að það fái nú framgang, sem jeg efast um, að slíkt sje vilji Dalasýslubúa. Mjer hefur heyrzt á sessunaut mínum (J. G.), að þeim mundi næsta ógeðfellt að vera bæði sýslumannslausir og lækislausir og væri það í sannleika hart, að slá þá tveim slíkum sárum á sama þingi. Jeg verð að telja það gjörræði af þinginu, að ljúka þessu máli *nú*, að sýslubúum *fornspurðum*, og því verð jeg að vera móti frv. á *þessu* þingi.

Sighvatur Árnason: Það vakti í huga mínum einmitt sama ástæða og hæstv. landsh. kom fram með móti frv. Mjer sýnist það mjög sanngjarnt, að sýslubúar fái að segja álit sitt um málið. Hjer er líka á þingi annað samkynja mál, sem er enn þá fráleitara; það er málið um sameining Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu; veit jeg eigi til, að eitt orð hafi verið talað við Rangvellinga um það, og svo er líklega eins um hitt málið. Að minnsta kosti hef jeg ekki orðið var við, að nokkuð hafi komið hjer fram á þingi, er á það bendi. Það er þó hart, að þingið skuli ákveða slíkt með lögum, án þess að leita samþykkis eða álits sýslubúa, að minnsta kosti sýslunefndanna.

Jakob Guðmundsson: Jeg hef að vísu ekki umboð frá sýslubúum mínum til að segja álit þeirra á þessu máli, en það get jeg þó sagt, að jeg hef heyrt ýmsa merka menn í Dalasýslu segja, að af tvennu illu kjósi þeir heldur hið minna, og að heldur vilji þeir sameining sýslnanna, þótt hún auki sýslubúum nokkra erfiðleika, heldur en að vera læknislausir, því það geti þeir ómögulega verið. En eigi hefur mál þetta gengið gegnum sýslunefnd. Dalamenn eru sparsemdarmenn fyrir landsjóð; því væri mjer kært að Dalasýsla væri ekki veitt í bráð, svo að sýslubúum gæfist áður kostur á að láta uppi álit sitt um, hvað tiltækilegt sje að gjöra í þessu máli; getur þá verið, að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje ómögulegt, að sú ráðstöfun haldist framvegis, sem nú er gjörð.

Benidikt Kristjánsson: Nú sem stend-

ur get jeg ekki haft þá eindregnu skoðun, að óhugsandi sje að sameina þessar 2 sýslur, sem hjer er um að ræða. Jeg hygg, að nú muni vera til eins örðug sýsla og Dalasýsla og Strandasýsla sameinaðar. Vil jeg því leggja það til, að hin heiðraða þingdeild verði ekki of bráð á sjer með að fella frv., heldur leyfi því að ganga til 2. umræðu. Að vísu get jeg ekki álitið það skyldu þingsins, að taka til greina vilja sýslubúa, en æskilegast er það, að sýslubúar og þing geti orðið sammála, enda getur það hæglega orðið. Vjer getum vel búizt við, að sama yfirlýsing komi frá Strandasýslu eins og komið hefur frá Dalasýslu, því að mjer heyrðist á þm. Dal. (J. G.), að Dalasýslubúar mundu ekki ófáanlegir til að fallast á sameininguna. Jeg vil því skoða málið betur og leita mjer betri upplýsinga áður en jeg greiði atkvæði móti því.

Sighvatur Árnason: Ef jeg gæti átt von á að fá á þessu þingi upplýsingar frá hjeraðsbúum í málinu, þá mundi jeg glaður greiða atkvæði með því, að það fengi að ganga til 2. umr. Það þarf ekki að taka upp langan tíma fyrir þinginu, þótt því sje lofað að lifa, eins og kallað er, til næstu umræðu. En ef upplýsingar koma eigi frá hjeraðsbúum, þá get jeg ekki gefið frv. atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Mjer þykir ofsnemmt að fella frv. þetta frá umræðum nú þegar, og mun jeg því gefa því atkvæði mitt. Það er sjálfsagt mikilsvert að vita vilja hjeraðsbúa; þó mun það eigi hafa verið regla hingað til, að spyrja eptir honum í slíkum efnum. Ekki mun það hafa verið gjört, þegar Kjósar- og Gullbringusýsla voru sameinaðar; ekki var leitað álits sýslubúa þegar Mýra- og Borgarfjarðarsýsla voru sameinaðar; mjer er kunnugt um það, því að jeg var einn í nefndinni, sem um það mál fjallaði. Þriðja sýslan er Hnappadals- og Snæfellsnessýsla. Ef „gengið er út frá“ höfuðstað landsins, þá fer svo vel á að hafa hringinn í kringum hann fjórar sameinaðar sýslur, sem heita Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðar- og Mýrasýsla, Hnappadals- og Snæfellsnessýsla, og svo loksins Dala- og Strandasýsla. Aptur er jeg heldur mótfallinn því, að Vestmannaeyjar sjeu lagðar undir Rangárvallasýslu; jeg sje að það er erfiðleikum bundið. Jeg vil heldur vera með því, að lærður hreppstjóri sje skipaður í sýslumanns stað í Vestmannaeyjum; þó gegnir reyndar sami sýslumaður störfum í Grímsey og í Eyjafjarðarsýslu. Jeg veit ekki til að sakamál hafi komið fyrir í Strandasýslu nú í 14 síðustu ár. (*Landsh.:* Eigi rjett). Kann vera að það hafi verið eitt, og í Dalasýslu hafa þau verið fá, ef jeg tek undan eitt mál, sem reis af því að fjárskilarjett var rifin. Þegar um sameining sýslna er að ræða, þá er tvennt, sem þarf að hafa fyrir augum: hægðin og hve mikið er að gjöra. Jeg játa, að Strandasýsla er nokkuð löng, en aptur er lítið um kaupstaði þar, nema Borðeyri. (*Landsh.:* Reykjarfjörður og Skeljavík). Á Skeljavík er engin föst verzlun. Það er auðsær tekjusparnaður við það, að sýslurnar sjeu sameinaðar, og hættulegt er það varla, hvað rjettvísina snertir. Dalamenn eru mestu friðsemdarmenn; þeir hugsa mest um lífið og að fá lækni til að treina í sjer lífið.

Skúli Þorvarðarson: Jeg felli mig betur við þá tillögu háttvirtra þm., sem ekki vilja fella frv. við þessa umræðu. Jeg sje ekki að komið sje fram með frv. þetta í öðrum tilgangi, en til að spara fje landssjóðs, og ef það er mögulegt fyrir einn mann að þjóna báðum sýslunum, þá þykir mjer sá tilgangur svo góður, að jeg óska að hann fái framgang. En jeg neita því ekki, að mjer þykir nokkuð vanta á, að næg vissa sje fyrir, að hlutaðeigandi sýslubúar láti sjer vel lynda þessa sameiningu,

meðan ekki er fengið álit þeirra um þetta mál. En jeg held að fá mætti sams konar yfirlýsing hjá h. þm. Strand. (P. Ó.) eins og þm. Dal. (J. G.) hefur gefið hjer í deildinni, og ef þeim ber saman, þá er þó þingið ekki með öllu óvitandi um, að þetta sje ekki gjört á móti vilja sýslubúa; þess vegna verð jeg að álíta rjettara, að láta frumvarp þetta ganga til 2. umr. og sjá þá, hvað setur, með þær upplýsingar sem nú vanta.

Jakob Guðmundsson: Það er ekki ómögulegt að upplýsingar h. þm. Strand. (P. Ó.) á málinu yrðu líkar mínum upplýsingum, og að þeir muni, ef um tvennt er að velja, heldur vilja fá lækni en hafa sýslumann út af fyrir sig, því að læknisþörf þessara tveggja sýslna fellur mjög saman. Mjer er mjög umhugað um, að málið fái að ganga til 2. umr. Ef þessar tvær hlutaðeigandi sýslur vilja leggja á sig þau óþægindi, sem af því leiðir að hafa einn sýslumann saman, og spara landssjóði með því fje, þá finnst mjer það vera siðferðisleg hvöt fyrir þingið til að líta á þörf þeirra á lækni og bæta úr henni.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að ef sýslumaðurinn í Strandasýslu vill taka að sjer að þjóna Dalasýslu, þá mun jeg fyrir mitt leyti stuðla að því, að Dalasýsla verði ekki veitt, fyr en leitað hefur verið álits sýslubúa um málið, og þinginu þar á eptir hefur gefizt nýtt færi á að ráða sameiningunni til lykta.

Jón Ólafsson: Eptir upplýsing hæstv. landshöfðingja finnst mjer öll ástæða fyrir frv. á *þessu* þingi horfin. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að mjer sýnast upplýsingar h. þm. Dal. (J. G.) einmitt benda á það, að Dalasýslumenn muni mótfallnir sameiningunni. Hann sagðist hafa talað um hana við helztu málsmetandi menn heima í hjeraði, og hefðu þeir sjeð, að sameiningin er sparnaður fyrir landssjóð og þeim komið saman um, að til vinnandi væri „af tvennu illu“ að vera heldur sýslumannslausir en læknislausir. Þó treystu þeir sjer ekki til að bera þetta fram á fundi hjeraðsbúa, sem haldinn var fyrir þing, þótt þeir sæju, að það hefði getað stutt læknamál þeirra, og jeg tek það sem vott þess, að þeir hafi sjeð fram á, að þorri manna mundi hafa orðið henni mótfallinn á fundinum.

ATKVÆÐAGR.: Var síðan borið undir atkvæði, hvort frv. skyldi ganga til 2. umræðu. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall; sögðu þá

já:

Jakob Guðmundsson
Arnljótur Ólafsson
Benidikt Kristjánsson
Friðrik Stefánsson
Skúli Þorvarðarson.

Nei:

Jón Ólafsson
E. Th. Jónassen
Jón A. Hjaltalín
Júlíus Havsteen
L. E. Sveinbjörnsson
Sighvatur Árnason.

Frv. þannig fellt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða á Vogavík og Þórshöfn (94); 1. umræða.

ATKVÆÐAGR.: Umræðulaust vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Sextándi fundur, fimmtudag 21. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um aðför (C. bls. 79 og nr. 107);

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Jeg hef ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frumvarp þetta nú. Að eins vil

jeg óska þess, að hin háttvirta deild vilji sýna frumvarpinu hina sömu velvild í dag, og hún hefur sýnt því við hinar fyrri umr., en jeg get eigi annað ætlað, en að breyting sú, sem nefndin hefur stungið upp á við 27. gr., fái góðar undirtektir.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar (107) við 27. gr. frv. (C. bls. 79) samþ. í e. hlj.

27. gr. frv. þannig breytt samþykkt í e. hlj.

Frv. í heild sinni með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði og afgreitt síðan til neðri deildar.

Seytjándi fundur, föstudaginn 22. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Frumv. til laga um bátafiski á fjörðum (118, 122); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndin hefur reynt að bæta úr þeim göllum, sem voru á frv. hennar, og hefur hún fært sjer í nyt hinar góðu bendingar hæstv. landshöfðingja, og komið nú með viðauka, er hún hyggur nægilegan. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið; það er þegar fullkunnugt háttv. þingdeild.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.tillögur nefndarinnar (122) og frumvarpsgr. (118) þannig breytt samþ. hvert út af fyrir sig í einu hljóði.

Frumv. í heild sinn með áorðnum breytingum samþykkt í einu hlj. og afgreitt síðan til Nd.

Frumv. til laga um brúargjörð á Ölvesá (117); 3. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Þessu máli hefur verið tekið svo vel í háttv þingd., að jeg álít enga þörf að tala fyrir því meira en búið er. En þó skal jeg nú við þessa síðustu umr. þess hjer í þessari háttv. þingd. leyfa mjer að tala nokkur orð.

Jeg hef fyrir mitt leyti lagt mig talsvert eptir að yfirvega, hvernig bezt sje varið fjárveitingum úr landssjóði, sem veittar eru í þeim tilgangi, að efla hag landsins og landsmanna, og hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að þingið eigi fyrst og fremst með fjárframlögum sínum að efla samgöngurnar bæði á sjó og landi. Í öðru lagi hef jeg yfirvegað, hvort heppilegra sje að veita fje til fyrirtækja stórt og strjált, eða þá smátt og víða í senn og hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að hið fyrra sje betra og affarasælla heldur en hitt, að brytja fjeð smátt, og veita þannig litla upphæð hingað og þangað til smáfyrirtækja. Jeg þykist hafa dæmin fyrir mjer, því til sönnunar, að lítill árangur sje af hinum smærri fjárveitingum, og einnig, að hin stærri fyrirtækin sýni bæði meiri og varanlegri árangur. Jeg skal nefna 2 dæmi. Það er þá fyrst þetta hús, sem vjer nú erum staddir í. Það er bæði til gagns og sóma fyrir allt landið; vjer vitum að til byggingar þess var varið á annað hundrað þúsund krónum úr landssjóði, og þó var eins og enginn tæki eptir því. En húsið kom upp. Hið annað stóra fyrirtæki, sem jeg vil nefna, eru strandferðirnar. Þær eru líka til verulegs gagns fyrir landið. Og nú vil jeg spyrja: Geta menn nefnt mjer fleiri fyrirtæki, sem *verulegt* gagn sjest af, og veitt hefur verið fje til af landssjóði? Jeg held ekki. Jeg held að hin innlenda yfirstjórn vor hafi nú komizt að sömu niðurstöðu. Hún er nú þegar farin að verja því fje sem mest á einum stað, sem veitt er til vegabóta úr landssjóði, og sjáum vjer nú þegar verulegar umbætur af því fyrirkomulagi hjer fyrir sunnan, þar sem áður var lítill eða enginn sýnilegur árangur. Það er vitaskuld, að hin verklega framkvæmd hefur áður verið líka

í ólagi, enda hefur fjenu áður verið úthlutað í svo marga staði. Jeg vildi láta þessa meiningu mína í ljósi, er jeg hefi komizt að við nokkra yfirvegun, enda sjáum vjer hin sömu dæmi og þessi hjá öðrum þjóðum, sem lengra eru komnar á framfarabrautinni en vjer. Að svo mæltu vil jeg ekki lengja meira umr., en óska að málið verði samþ. af háttv. deild.

Friðrik Stefánsson: Það mun þykja við eiga, þegar um stór fjármál er að ræða, að menn gjöri grein fyrir atkvæði sínu, einkum þegar maður er í stórum minni hluta, eins og jeg er í þessu máli, þar sem jeg var annar af þeim 2 þm., sem greiddi atkv. gegn frv. þessu við 2. umr. þess, og verð jeg því að láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg verð eindregið að vera á móti því, að nú sje veitt fje úr landssjóði til að byggja brú á Ölvesá, sem áætlað er að muni kosta 60,000 kr.

Ástæður mínar fyrir því, að jeg greiði atkv. gegn frv., eru í fyrsta lagi þær, að jeg sje eigi nú sem stendur fje fyrir hendi í landsjóði til svona stórkostlegs fyrirtækis, þar sem nú vantar næstum 40,000 kr. á að tekjur landssjóðs sjeu á móti útgjöldunum, og hljóta því þau útgjöld að leggjast mjög þungt á hann, sem gjört er ráð fyrir í þessu frv.

Aptur á hinn bóginn, þegar jeg lít til þess, hve mikið önnur sýslufjelög hafa í sölurnar lagt til brúargjörða, og sem eru mikið mannfærri í samanburði við sýslufjelög þau, sem hjer eiga hlut að máli, þá verð jeg þess var, að t. d. Skagafjarðarsýsla hefur byggt brýr fyrir rúmar 6000 kr., án þess að fá til þess meiri styrk af landssjóði en einar 300 kr., og hefði nú Árnes- og Rangárvallasýslur gengið til jafns við Skagfirðinga, eptir rjettum hlutföllum og fólksfjölda á báðum stöðum, þá hefðu þær átt að leggja til brúarbyggingarinnar, án þess að fá styrk úr landssjóði, næstum 15,000 kr. Þingeyjarsýsla hefur byggt brú yfir Skjálfandafljót, sem kostaði 20,000 kr., og á hún að borga þar af sjálf 14,000 kr. eða tvo þriðjunga alls kostnaðarins. Eptir sama hlutfalli ættu því Árnessýsla og Rangárvallasýsla að minnsta kosti að leggja fram 30,000 kr. eða helming til jafns við landssjóð, og í þá átt hefðu hinir háttv. flutningsmenn heldur átt að stýla frv. sitt; hefðu þeir gjört það, þá hefði jeg greitt atkv. með því; þeir verða að gæta þess, að þegar maður fær mikla liðsemd hjá öðrum, verður maður að fylgja vel og drengilega sjálfur. Hinir háttv. flutningsmenn hafa sagt, að þessar sýslur hafi engin not af strandferðaskipunum, eða minni not en allir aðrir hlutar landsins; en þetta er ekki nema að sumu leyti satt, því að allar sveitir hjerna megin Ölvesár og uppsveitir Árnessýslu hafa mikil not af komu strandferðaskipanna til Reykjavíkur, svo að að eins þær sveitir, sem eru fyrir austan Ölvesá neðanverða, allt svo Rangárvallasýsla og austurhluti Árnessýslu, hafa minni not af þeim en sumir aðrir. En strandferðaskipin koma heldur ekki nema á eina höfn í Þingeyjarsýslu, og þó er sú sýsla 300 □ mílur, eða jafn stór sem allt Vesturamtið. Þeir kvarta þó ekki, heldur sýna manndóm. Frá Skagaströnd og til Ísafjarðar er líka langur vegur, sem skipið ekki kemur að landinu, nema einstaka sinnum á Reykjarfjörð, sem ekki er teljandi; og hvað er samt gjört fyrir þá landsmenn er þar búa í milli? Enn fremur má telja fleiri hluta landsins, sem ekki hafa gagn af strandferðunum, Þetta segi jeg ekki af því, að jeg vilji ekki styrkja góð fyrirtæki eptir því sem föng eru til, en jeg vil ekki láta þá björlu klingja, að Árnessýsla og Rangárvallasýsla eigi heimting á því, að landssjóður kosti fyrir þá þessar umtöluðu brýr, vegna strandferðanna. Af þessum ástæðum hefi jeg greitt og greiði atkv. móti frv. Jeg get ekki álitið nægilegt fje fyrir

hendi, nje heldur að þessar sýslur hafi neina verulega rjettarkröfu til svona mikils fjárframlags af landssjóði gagnvart öðrum sýslum landsins.

Arnljótur Ólafsson: Jeg var annar sá, er greiddi atkv. móti frv. þessu við 2. umr. og hlýt jeg því í virðingarskyni við háttv. þingd. og einkum við h. háttv. flutningsmenn, að láta í ljósi ástæður mínar fyrir því.

Háttv. þm. Skagf. (Fr. St.) tók margt fram, og voru hans ástæður gildar og góðar. Jeg vil því takmarka mig að eins við 2 atriði.

Í fyrsta lagi verð jeg að segja: hjer vantar allan undirbúning undir þessa tillögu. Hjer kemur í raun rjettri að eins fram bón um 40,000 kr. úr landssjóði og 20,000 kr. að auki til láns, sem síðan á að endurgjaldast á 45 árum. Á þenna hátt er beðið um 60,000 kr., en enginn reikningsbleðill lagður fram. Hjer er enginn undirbúningur, engin reikningsáætlun, hvorki yfir efni, smíði nje annan kostnað. (*Sighv. Árnason:* Það var komið áður). Eptir þeim eldri skýrslum var öll önnur verðhæð sett. Hjer er heldur engin skýrsla um, hve mikið sje goldið í ferjutolla yfir Ölvesá. H. háttv. flutningsm. (Sighv. Árnason) sagði að mikil nauðsyn sje á þessari brú, og er það sama sem að mikil umferð sje yfir ána, og sje nú mikil umferð yfir hana, er auðsætt, að mikið gæti komið inn fyrir hæfilegan brúartoll. Það mun vera bær við hinn fyrirhugaða brúarsporð, og sje brúnni lokað, og umferðin sje mikil, sem jeg ekki rengi, gæti brúartollurinn greitt meira en þær 20,000 kr., sem sýslufjelögin og Suðuramtið eiga að lúka samkvæmt frv. Hjer eru því heimtaðar gefins 40,000 kr., án þess í raun rjettri að hlutaðeigendur vilji leggja nokkuð á sig, því þessar 20,000 kr. eru eigi meira en það sem svarar eins og lágum brúartolli, ef umferðin er eins mikil og sagt er.

Í öðru lagi er það að athuga, að það er alveg nýmæli, að skoða brýr sem landsmál; það hefur aldrei verið áður gjört. Brúin yfir Skjálfandafljót var hjeraðsmál. Úr landssjóði eru á ári veittar 20,000 kr. til vegabóta. Þar af gengur helmingur til fjallvega, sem eptir gildandi lögum eiga að kostast af landssjóði; en hitt gengur til póstvega til styrktar sýslusjóðum, og hefur hingað til ekki verið farið fram á meira en að landssjóður legði fram helming til móts við sýslusjóðina. En hjer í þessu frv. á landssjóður að leggja fram 60,000 kr., eða allt, og fá að eins þriðjung endurgoldinn á 45 árum. Vjer verðum að halda því föstu, hver sje landsmál og hver hjeraðamál, og ekki breyta því nema af góðum og gildum ástæðum.

Í þriðja lagi vil jeg benda háttv. deild á, að það er mjög óheppilegt, að þetta mál kemur fyrst fram í þessari deild, því að hver sem les niðurlag 25. gr. stjórnarskráarinnar, eða þessi orð: „Frv. til fjárlaganna og eins frv. til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir *neðri* deild alþingis“, hann hlýtur að sannfærast um, að neðri deildinni er gefinn forrjettur til að ræða fyrst fjárveitingar til líkra fyrirtækja sem þetta er. Jeg sje, að hinn háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) brosir. En jeg vil spyrja hann: Hvað mundi neðri málstofan í enska ríkisþinginu segja, ef slík mál sem þetta kæmi fyrst fram í efri málstofunni, en gengið væri fram hjá hinni neðri? (*J. A. Hj.:* Neðri deild alþingis hefur ekki enn þá fengið sama rjett, sem neðri málstofa á Englandi). Hvað um það. Hitt veit jeg, að neðri málstofan á Englandi hefur eigi þann skrifaða eða rjettara sagt forrjett, sem neðri deild alþingis hefur; jeg veit ekki til að neðri málstofan hafi á prenti einn einasta staf af þeim forrjetti, sem neðri deild alþingis

hefur í fjármálum, og þó virðir efri málstofan forrjett þennan fyllilega. Þessi rjettur neðri málstofunnar hefur skapazt um langan aldur, og svo mun verða hjer. Því vil jeg að neðri deild alþingis fái að gæta rjettar síns, og þeirrar skyldu sinnar, að hafa meiri og meiri áhrif á fjármál að því einkum, er ný gjöld snertir, því að hún er hin eðlilega þungamiðja í fjármálum eigi að eins hjer, heldur og allstaðar í heimi, þar sem þingfrjáls stjórnarskipun er. Að síðustu vil jeg minnast á það, sem háttv. flutningsmaður (Sighv. Árnason) sagði, að hann hefði sjeð einungis þar árangur af því fje, sem varið er til verklegra eða vísindalegra fyrirtækja, þar sem fjeð var ekki molað í sundur, þá kemur þetta álit hans víst einkum til af því, að hann fer um þann blett landsins, er mestu fje hefur verið varið til. Hann hefur farið Svínahraunsveginn; það er víst ágætur vegur; hann hefur líkað kostað landssjóð um 30,000 kr. En jeg hygg þó, ef hann vildi ferðast um Norðurland, að hann mundi geta fundið ýmsa vegspotta, sem hafa staðið sig eins vel og Svínahraunsvegurinn, að minnsta kosti gamli hluti þess vegar. *(Landsh.:* T. d. Ásarnir!). Nei, heldur mjög víða annarstaðar en á þessum litla spotta. Jeg veit það, að það er mjög æskilegt fyrir háttv. flutningsm. (S. Á.), að einn blettur sje öðrum fremur gjörður vel úr garði, einkum ef hann er kringum fætur hans; en slík meðhaldssemi er til þess að vekja ríg hjá öllum þeim, er verða út undan. Það segi jeg fyrir fram, að Norðlendingar muni ekki una því vel, að öllu fje landsjóðs sje varið til til Suðurlands. *(J. Ól.:* En Möðruvallaskólinn?). Vjer getum ekki borið saman menntamál og samgöngur. Það er allt öðru máli að gegna með hin æðri menntamálin; þau mál hafa jafnan verið talin landsmál, svo sem prestaskólinn, læknaskólinn, og nú er komið nýtt frv. um lagaskóla, ennfremur latínuskólinn, Möðruvallaskólinn og jeg bæti við: Flensborgarskóli; allt þetta heyrir undir hin sameiginlegu landsmál, að minnsta kosti eptir stjórnarhætti vorum, Dana og fl. *(J. Ól.:* En strandferðirnar?). Jeg játa það, að þær eru vega- eða samgöngumál. En landssjóður leggur til þeirra 18,000 kr. árlega, af því að sjerhver hluti landsins nýtur þeirra eptir því sem hann getur. Árnessýsla nýtur þeirra eins og aðrar sýslur. Eða nýtur Skaptafellssýsla þeirra fremur? Rangárvallasýsla hefur beinlínis gagn af þeim, að því leyti sem póstskipin koma til Vestmannaeyja, og óbeinlínis við það, að þeir sækja til Reykjavíkur, sem nýtur þeirra fullkomlega. Jafnvel nýtur þeirra við í verðlaginu á Eyrarbakka, því þar eru nú orðnir 3 kaupmenn, og mundu þeir ekki geta haldið sama verðlagi nú sem fyr, þar sem þeir hafa við hlið sjer hið góða verðlag bæði í Reykjavík og Hafnarfirði, ef það væri ekki fremur að þakka góðsemi eða værugirni landsmanna þeirra sem að sækja, heldur en af því, að þeir gætu eigi, ef þeir bæri dug til, haft not af því góða, sem gufuskipaferðirnar hafa í för með sjer. Ennfremur, maður sá, er vildi láta af hendi járnið til brúnna, bauðst til að flytja það upp á Eyrarbakka; hvað gæti þá verið á móti því, að þeir gætu fengið annað skip en póstskipið til að koma upp á Eyrarbakka? Póstskipin koma ekki á Borðeyri, en Slimon kemur þangað á hinu stóra gufuskipi sínu Camoens, og það gjörir hann ekki fyrir póststjórnina, ekki fyrir beiðni alþingis, nje frv. frá þingmönnum, heldur fyrir samtök Húnvetninga, Strandamanna og jafnvel Dalamanna. Hví skyldu Árnesingar og Rangvellingar eigi geta haft lík samtök og fengið skip til að koma á Eyrarbakka? Ennfremur vil jeg segja: hvað fær Norðurland, Austfirðir og Vestfirðir fyrir það, að vera

opt mikinn hluta sumars umgirt af ís? *(J. Ól.:* Kostar landssjóður ísinn?). Nei, en gufuskipsferðirnar kosta landssjóð jafnmikið, hvort sem ís hamlar uppsigling á Norðurland og Austfirði eða ekki. Og þar með er því svarað. En hvern rjett hafa þá Árnesingar til að heimta stórfje úr landssjóði í notum gufuskipsferðanna?

Í einu orði sagt, hvernig sem jeg lít á þetta brúarmál, er það nýmæli, að kosta það af landssjóði, eins og það væri landsmál, þar sem það er að eins hjeraðamál, er í hæsta lagi gæti vænzt styrks af landssjóði, en ekki þess, að vera nær því eingöngu kostað af almannafje. Það er ennfremur í ósamkvæmni við anda 25. gr. stjórnarskrárinnar og þetta hljóta að sjá hinir háttv. þingm., sem sitja í þessari hátttv. deild, þangað kosnir og valdir sem hinir ráðnu og rosknu, eða stilltu og ráðsnjöllu menn, bæði af konungi svo og af öllu þinginu, til þess að fá notið þess heiðurs, að fá sæti í þessari háttv. þingd. Það er satt: einn af þeim þjóðkjörnu er ungur maður, en hann hefur líka hlotið þetta heiðurssæti fyrir aðra sjerstaka verðleika en aldurinn o. s. frv. *(Forseti:* Jeg vil biðja háttv. þm. að víkja eigi langt frá efninu). Í einu orði: Jeg er á móti þessu frv.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að víkja orðum mínum lítið eitt að þm. Skagf. (Fr. St.). Hann var mjög mótfallinn því, að þessi lög, sem hjer er um að ræða, fengju framgang á þessu fjárhagstímabili, og taldi sem orsök til þess örbyrgð landssjóðs; en jeg vil þá færa til aðra ástæðu fyrir því, að byrja verk þetta einmitt *nú*; hún er sú, að nú verður verkið ódýrra en nokkru sinni áður, og ódýrra en að öllum líkindum verður á öðru fjárhagstímabili hjer frá; því nú er járn miklu ódýrara en það hefur nokkru sinni verið, og álít jeg því mjög hyggilegt, að ráðast í þetta fyrirtæki *einmitt nú*, fyrst efnið er ódýrara en áður, og er það því sterk ástæða fyrir, að frv. fái famgang *nú þegar*. Eins og þingdm. muna, skýrði h. hæstv. landshöfðingi um daginn frá áætlun Hovdenaks um kostnaðinn við brúarbygginguna, og byggist sú áætlun, að því hvað hún er lág, á ódýrleik járnsins. Þingm. Skagf. (Fr. Stef.) lagði áherzlu á, hvað sýslurnar sjálfar legðu lítið fje til; en 20,000 kr. er ekki neitt lítið fje. Helminginn (10 þúsund) þar af borga bæði sýslufjelögin til samans; en hinn helmingurinn er borgaður úr jafnaðarsjóði suðuramtsins. En hver borgar fje í jafnaðarsjóð? Þessar sýslur taka svo mikinn þátt í því, að af þessum 20,000 kr. mun óhætt að fullyrða, að sýslur þessar gjaldi 15,000 til 16,000 kr., og er það ei lítill þungi, sem sýslur þessar þannig bæta á sig.

Hinn 5. kgk. þm. (A. Ó.) kom með margar mótbárur, og ein var sú, að umferðin um brýrnar mundi verða svo mikil, að brúartollurinn gæti svarað vöxtum af kostnaðinum; sama hefði fyrirfram mátt segja um strandferðirnar, sem eru notaðar til vöruflutninga, sem svo mikið fje kemur inn fyrir. Þingm. taldi það og nýmæli, að skoða þetta samgöngumál sem landsmál að miklu leyti, en það hlýtur að skoðast svo, fyrst strandferðirnar eru skoðaðar það, og þær eru skoðaður svo að *öllu* leyti. Brýrnar verða hið sama fyrir þessa landshluta, sem strandferðirnar fyrir hina aðra. Jeg vona, að við komumst svo langt, að landssjóður hjálpi eigi að eins hjer heldur *alstaðar* annarstaðar, sem líkt stendur á, hvervetna þar sem *þörf* er á stórfyrirtækjum, sem ofvaxin eru einstökum hjeruðum, og hætti að vera svo þröngsýnn, að vilja eigi veita fje til slíkra þarfafyrirtækja, *hvar* sem þau eru hjer á landinu. Og þegar 18 þús. kr. er *árlega* varið til strandferða, sem Árness og Rangárvallasýslur ásamt Skaptafellssýslum fara alveg á mis við, þá væri eigi

of mikið, að 40 þús. sjeu veittar *einu sinni fyrir allt* til þessa fyrirtækis, þar sem Skaptafellssýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla og Reykjavík hafa líka mikið gagn af því.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Þ.m. S.-Múlas. (J. Ól.) hefur að mestu tekið af mjer ómakið, en jeg vil þó að eins bæta fáum orðum við. Mjer datt í hug, þegar sessunautur minn, þingmaður Skagf. (Fr. St.) stóð upp, að hann hefði nú fyrst á þessu þingi fengið málið, til þess að mæla á móti þessu frv.. Ástæður hans eru ljettvægar, og dæmi það, sem hann kom með, að Skagafjarðarsýsla hefði án styrks úr landssjóði kostað 6000 þús. upp á brýr, er ekkert í samanburði við þann kostnað sem Árnes- og Rangárvallasýsla leggja á sig, og til þessarar brúargjörðar, sem hann minntist á, var eigi heldur farið fram á styrk úr landssjóði. Það er eigi að vita nema hann hefði fengizt, en menn eru ei vanir að bjóða styrk óbeðið; svo ber líka að gæta þess, að Þjórsárbrúin er eptir, sem þingmaðurinn mun ekki ætlast til að landssjóður kosti að öllu leyti.

Viðvíkjandi orðum hins 5. kgk. þm. (A. Ó.) vildi jeg bæta dálitlu við, það sem þingmaður S.-Múlas. (J. Ól.) sagði á móti ræðu hans. Hann talaði um að málið vantaði algjörlega allan undirbúning og skýrslur, en jeg hugsaði að hann væri ekki alveg minnislaus. Það er eigi langt síðan landshöfðingi lýsti fyrir þingd. kostnaðinum eptir áætlun þeirri, sem Windfeldt-Hansen hefur gjört um brúarkostnaðinn og líka sögn Hovdenaks þar um, og það finnst mjer lýsa vantrausti og miskilningi, að vilja reiða sig fremur á skýrslur en greinilega sögn áreiðanlegra manna, einkum þar sem hún er með fram byggð á skýrslum, eins og þessi yfirlýsing landsh. var byggð á skýrslu skriflegri og munnlegri frá tveimur verkfræðingum. Hann kvað það vera nýmæli, að slík fjárfrumv. væru lögð fyrst fyrir efri deild, en það er alls eigi nýmæli, ef mig minnir rjett. því stjórnin sjálf lagði bankamálið fyrst fyrir efri deild, sem ekki var svo mjög lítið fjárspursmál, og hinn háttv 5. kgk. (A. Ó.). hafði ekkert á móti því. *(Arnlj. Ól.:* Jeg var þá eigi hjer). Það hefur gjört. En jeg ætla að vona að ræða hins háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafi eigi verkað svo, að h. þingd. hafi snúizt hugur með málið síðan seinast og vil jafnvel vona, að hinn 5. kgk. þm. (A. Ó.) komist til hinnar meiri þekkingar og greiði eigi heldur atkv. á móti frv.

Jón A. Hjaltalín: Mjer datt í hug þegar hinn 5. kgk. þm. (A. Ó.) fór að krefjast skýrslna í þessu máli: hann gáði seint að reiðast, þar sem hann fer fyrst að biðja um skýrslur og gögn í málinu við 3. umr. Það lítur næstum því svo út, eins og mótmælendur frv. hafi eigi komið með þetta fyrri, til þess að skýrslur og upplýsingar gæti eigi komizt að við umræður í þessari deild. Eitt af því sem þm. þótti vanta, var skýrsla um áætlun ferju- og brúartolls. Það er sannast að segja, að oss langar til að tolla í tízkunni, eins með að tolla brýr sem annað, þótt vjer sjeum $^1/_2$, 1 og jafnvel 2 öldum á eptir tímanum. Að vísu hafa brýr verið tollaðar á Englandi, en þegar jeg var þar, voru örfáar brýr, sem tollaðar voru, og var almennt álitið að rjettast væri að afnema alla tolla af þeim, enda voru nokkrir þess konar tollar afnumdir meðan eg var þar. Hinn 5. kgk. þm. (A. Ó.) áleit að brúarmál væri hjeraðsmál en eigi landsmál, en jeg álít brúamál alveg sama sem vegamál, og mín meining er sú, að ekkert landsmál fremur vegunum ætti að álítast landsmál, og ef þau eru hjeraðsmál, þá væri þörf á að gjöra þau að landsmálum. Það er hraparlegt til þess að vita, að mörgum þúsundum hefur verið

svo að segja varpað í sjó þar sem fengizt hefur verið við vegagjörðir og það jafnvel í Norðurlandi, eins og hinn 5. kgk. þm. hefur sjeð, hafi hann farið til Akureyrar, og ef nokkurn tíma á að verða gagn af vegagjörðum, þá verða þær að verða að landsmálum, að minnsta kosti ættu póstvegir að álítast landsmál, svo einhver eining geti komizt á lagningu þeirra og stjórn, og sömu reglunni sje fylgt alstaðar. Hið sama má segja um brýr, að kostnaðurinn ætti eigi eingöngu að lenda á hjeraðsbúum. Ef brýrnar kæmust á, má telja víst, að ei líði á löngu áður vagnvegur kæmi alla leið austur í Rangárvallasýslu. Jeg tek það upp aptur, að því fyr sem póstvegir verða að landsmálum, því betur er farið. Hinum 5. kgk. þm. þótti og óheppilegt, að þetta mál skyldi vera lagt fyrir efri deild, en eigi neðri; en mjer finnst ekkert óheppilegt í því. Mjer hefur aldrei dottið annað í hug, þótt það standi, að fjármál skuli fyrst leggjast fyrir neðri deild, en að efri deild hefði líka jafnt atkvæði í þeim málum ásamt neðri deild. Jeg bið þm. fyrirgefningar á því, að jeg brosti, þegar hann talaði fyrst, það leiddi hann út á þá villuvegu að jafna sambandi efri og neðri deilda hjer saman við sambandið milli house of Lords og house of Commons á Englandi; því að það er svo ólíkt, sem nokkrir hlutir geta verið. Þegar samband þeirra er orðið hið sama, skal jeg svara spurningu h. 5. kg. þm., en fyr ekki.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg get glatt hinn heiðraða flutningsm. (S. Á.) með því, að ræða 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafði eigi hin minnstu áhrif á mig. Hinn heiðraði þingmaður hefur í þessu máli komið fram sem málflutningsmaður hreppapólitíkar og neðri deildar. Hreppapólitík er alls ekki lofsverð, og að því snertir málflutning hans fyrir neðri deild, þá veit jeg ekki hvort hún muni vera honum þakklát fyrir málsvörnina; en jeg hygg, að hún muni bezt sjá sjálf fyrir sjer. En sízt sýnist mjer eiga við fyrir þm. hjer í deild, að vera að reyna til að rýra vald efri deildar.

Hvað viðvíkur fyrirtæki þessu, þá er spurning um, hvort það sje nauðsynlegt, og það er það í mesta máta, og jeg álít það mjög heppilegt að það fái framgang. Jeg er mjög kunnugur í sýslum þessum, en hinn háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) mun vera mjög ókunnugur. Þessar ár eru hinn versti þrepskjöldur fyrir öllum samgöngum og viðskiptum. Fyrir norðan eru örfáar ár, sem eigi má fara á vöðum, t. a. m. á Skjálfandafljóti eru ótal vöð, en Ölvesá er hvergi reið, nema á einu vaði upp í Hreppum, sem fara má þegar hún er örlítil, og annað er til upp í Biskupstungum, en vöð þessi liggja á svo óhentugum stað, sem umferðin er minnst. Hið sama er að segja um Þjórsá. Á henni er að eins eitt vað nokkru neðar en vaðið á Ölvesá í Hreppunum, sem lestamenn geta eigi notað, og þegar menn gæta að, að ár þessar eru í fjölmennu hjeraði og flestir, sem í því búa, verða að sækja yfir þær og þær opt alótærar á vetrum fyrir jakaburði og vexti, þá segi jeg að sje hin mesta nauðsyn á, að brúa þær. En þá kemur sú spurning til umræðu: Eru hjeraðsbúar einir færir um að bera þann kostnað? og þeirri spurningu verð jeg að neita, og þegar svo er, þá verður þetta að skoðast sem landsmál og landssjóður að leggja fje til. Hann er og fullkomlega fær um það. Jeg veit eigi hvað það á að þýða, að hrúga árlega saman fje í viðlagasjóð að eins fyrir eptirkomendurna, en vilja ekkert gjöra fyrir þá, sem nú lifa. Jeg vona, að þingdm. sjái nauðsyn þessa máls og að þeir álíti sjer skylt, að vera því hlynntir.

Skúli Þorvarðarson: Ýmsir háttv. þingdm. hafa mælt vel á móti þeim ástæð-

um, sem þessir tveir þm. hafa komið með á móti frumv. þessu, h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.); en jeg ætla þó lítið eitt að minnast á þær. Þm. Skagf. (Fr. St.) sagði að vantaði til þessa fyrirtækis fje, því landssjóður hefði nú lítið úr að spila. Það er vopn sem alþekkt er, og ætíð hefur verið beitt á brúarmálið sem aðalmótbáru, frá fyrstu byrjun þess 1877 og allt til þessa tíma, en það er eigi satt. Allt til þessa hefur það verið mögulegt að framkvæma þetta fyrir fjeskorti, sem þingmanninum er eins kunnugt og mjer. Hann talaði einnig um, að þessar sýslur, Árnes og Rangárvalla, gætu haft not af strandferðunum ekki síður en aðrir landshlutar, en það get jeg ekki skilið. Jeg sje engin líkindi til, að strandferðirnar geti orðið notaðar, nema í mesta lagi af 4 hreppum Árnessýslu; en þeir, sem eigi hafa not af þeim og bíða baga af því, að verða að sækja yfir báðar þessar stórár, eru eigi fáir, þar sem íbúatala í Vesturskaptafells, Rangárvalla og Árnes sýslum á milli Þjórsár og Ölvesár er 12 þúsund eða $^1/_6$ allra landsmanna, ef jeg man rjett eptir seinustu fólkstalsskýrslu, og þar sem þessi fólkstala fer að mestu leyti, já, að öllu leyti á mis við not strandferðanna, þá er eigi of mikið gjört fyrir hana, þó þetta frumv. fái framgang, í samanburði við aðra hluta landsins.

Mjer finnst það vera nokkuð ótímabært og koma eins og menn segja úr sauðarleggnum hjá h. 5. kgk. þm. að fara nú fyrst við 3. umræðu að kvarta um, að skýrslur og áætlanir vanti um ferjutolla á Ölvesá yfir fleiri ár, áætlaðan kostnað til að byggja brú á Ölvesá og fleira og fleira; en bæði kalla jeg þetta litlar ástæður og óþarfar, og svo mundi hann verða málinu jafnhollur sem nú, þótt þetta hefði ekki vantað. Honum þótti það og óheppilegt og nýmæli, að mál þetta, sem snertir fjárveitingar, kæmi fyrst fyrir efri deild; en til hvorstveggja hefur honum verið svarað maklega og sleppi jeg því. Hvað viðvíkur samanburði hans á hjeraðsmálum og landsmálum, þá get jeg ómögulega verið honum samdóma, því mjer sýnist þetta stórmál, bæði sem fjármál og framfaramál, hljóti að skoðast mikið fremur sem landsmál, nema ef það er meining hans að 2 sýslur geti komið brúnni á af sínum ramleik, en það held jeg sje meira en meðalósanngirni. Jeg vil eigi horfa á einn landshlut í senn, heldur skoða alla framför, hvar sem er, sem landsframför og þjóðarhag og hvert velferðarmál sem landsmál, og vona jeg staðfastlega, að hinir háttvirtu þingdm. verði á sömu skoðun, og taki eigi tillit til mótmælaástæðu hins h. 5. kgk. þm., heldur greiði atkvæði með frumvarpinu samkvæmt hinum góðu og mannúðlegu undirtektum flestra h. þingdm. í þessu stóra máli.

Jakob Guðmundsson: Af því að mjer finnst það alls ekki eiga við, að bera brúarmálið saman við annað, en önnur samgöngumál, eða kostnaðinn við þær saman við annað, en kostnað til samgangna, þá er það ekki til annars en eyða tíma að blanda öðrum málum saman við það mál. Það er búið að sýna það og sanna, að Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Skaptafellssýsla hafa ekki gagn af strandferðunum, og þá vona jeg að flestir landsbúar sjeu svo sanngjarnir, að þeir vilji, að reynt sje að bæta þessum sýslum þetta að nokkru, og horfi ekki í að leggja fram nokkrar krónur til að gjöra samgöngur greiðari fyrir þá. Þótt strandferðirnar sjeu til bóta, eins og þær nú eru, þá finna menn þó til þess, að þeim er ábótavant og má búast við, að innan skamms verði að kosta enn meiru fje til þeirra, og á móti því munu menn í þessum 3 sýslum naumast verða. Það eru, eins og jeg hefi sagt, 3 sýslur, sem not hafa af brúnum, og þá ættu þær

allar að leggja sinn skerf til þeirra. En af hverju er þá ekki gjört ráð fyrir að Skaptafellssýsla leggi eitthvað til, meir en þá hlutdeild, sem hún tekur í jafnaðarsjóðsgjaldinu? Mun það ekki vera af því, að menn kannast við, að hún sje verst farin fyrir samgönguleysi og útarmaðri en nokkur önnur sýsla á landinu. Jeg er sannfærður um að Rangárvalla- og Árnessýsla tapa 50% af ágóðanum af verzlun á vörum sínum fyrir örðugleika sakir, en Skaptafellssýsla 100%; það þarf ekki annað en að bera verðlag þar saman við verðlag annarstaðar til að sjá þetta. Jeg held það sje ekki satt, sem sagt hefur verið hjer í deildinni, að Skaptfellingar búi betur en aðrir landsmenn. Þeir verða að svelta tímunum saman, af því að þeim er ómögulegt að ná í björgina. Jeg held það sje kominn tími til að hjálpa þeim til að bæta svo lítið úr samgönguleysinu og gjöra þeim mögulegt, að hafa meira samblendni við landa sína en verið hefur. Samgönguleysið hefur legið á þeim eins og martröð, þeim sjálfum til skaða og öllu landinu til skaða. En hverjum til gagns? Útlendum kaupmanni á Eyrarbakka, sem flytur verzlunararðinn út úr landinu. Reykjavík, höfuðstaður landsins, mundi hafa mikinn hag af því, ef brýrnar kæmust á; þá gæti hún miklu betur átt verzlunarviðskipti við þessar fjölmennu sýslur, og bærinn mundi sjálfsagt stórum auðgast. Í stuttu máli, sá hagur sem landið hefði af brúnum, er tortalinn, en mikill mundi hann verða, og mun jeg með glöðu geði og óhikað greiða atkvæði með frumvarpi því sem hjer liggur fyrir.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get ekki sagt eins og h. 3. kgk. (L. E. Sv.) sagði, að ræða hans hafi ekki fengið á mig, en hún fjekk mest á mig af því hann talaði um svo margt, sem jeg talaði alls ekki um. Jeg bar aldrei á móti því, að nauðsyn væri á brúnum, en jeg sagði, að ef umferðin væri svo mikil sem sagt hefur verið, þá mundi mega leggja á brúartoll, sem borgaði meir en þessi 20,000 kr., sem sveitirnar eiga að borga. Jeg talaði heldur aldrei um fjeskort í landssjóði; jeg veit að vjer eigum viðlagasjóð og í honum fram undir eina miljón króna eða 892,000 kr. fyrir utan þessar 100,000 kr., sem hurfu úr innskriptarskýrteinunum. *(Landsh.:* Hurfu?). Hann ber líka upp á mig hreppapólitík, en hann man sjálfsagt ekki eptir að jeg sagði við 1. umr. málsins, að einmitt þessi aðferð eða betliræn mundi einmitt verða til að vekja upp hreppapólitík um allt land, því að þá mundu þeir, sem slík fyrirtæki ætluðu að framkvæma, leita fulltingis landssjóðs, og þeir, sem fje hafa fengið að láni til slíkra fyrirtækja, biðja um uppgjöf á láninu. Þá mundi verða komið og beðið um uppgjöf á lánum til brúarinnar á Skjálfandafljóti, og þá mundu menn streyma að hvaðanæfa og biðja um fje til að byggja brýr fyrir; því nóg er af ám á Íslandi, sem þægilegt væri að brúaðar væru. Jeg leyfi mjer að eins að minna h. 3. kgk. (L. E. Sv.) á Jökulsá á Fjöllum, sem hann mun þekkja betur en jeg; hún er ekki reið milli fjalls og fjöru. Munu Þingeyingar ekki koma bráðum og biðja um brú á hana? Mig furðar á að h. 3. kgk. (L. E. Sv.) skuli ekki vilja gefa gaum að því, er jeg sagði um neðri deild, að hún ætti að byrja á þeim málum, er um fjárframlög væri að ræða. Mjer virðist vjer hjer taka fram fyrir hendurnar á h. Nd. og leitumst við að veikja þá yfirburði, sem stjórnarskráin veitir henni í fjármálum; en til þess vil jeg ekki verða, og svo fús sem jeg þó er að halda uppi heiðri þessarar deildar í öllu með h. 3. kgk. (L. E. Sv.), þá vil jeg eigi verða með honum í því að gjöra það um of, eða með því að skerða vald Nd.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla ekki að tala langt, en leyfi mjer að eins að

svara h. 5. kgk. (A. Ó) fáum orðum. Hann var að tala um að vantaði skýrslu um ferjutolla, svo að hægt væri að miða brútolla við þá. Það er auðheyrt á öllu að hann er ókunnugur austanfjalls. Það lítur svo út að hann viti ekki, að brúarstæðið er ekki nálægt bæjum. (*A. Ó.*: Jú, Selfossi.) Ef brúartollur er lagður á, þá verður að kosta mann við brúna, og það er mjög vafasamt hvort það muni borga sig. En hann skilur máske svo mikið í þessu máli, að hann sjái að ef brúartollur er lagður á, þá kemur hann mest niður á Rangárvalla- og Árnessýslu. Þó hann jeti sig þannig upp aptur, það gjörir þingm. ekkert til.

Jón Ólafsson: Af því að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) talaði svo mikið um, að sú stefna sem tekin er í þessu máli mundi verða til að innleiða hreppapólitík, þá getur það ekki náð til mín eða míns kjördæmis; það hefur engan hag af, þó brúarmálið fái framgang, og þó mun jeg hiklaust greiða atkvæði með því, eins og jeg ávallt hefi gert á þingi. En jeg skal að eins benda á eitt máli þessu til styrkingar og til skýringar því, hvað er sannarlega víðsýn og þjóðþörf pólitík og hvað sannnefnd hreppapólitík: hve mikið ætli að Danmörk, Noregur eða Svíþjóð hefðu af járnbrautum, ef sú hreppapólitík hefði drottnað þar, að þær skyldu eigi kostaðar af landsfje? Þegar fyrsta járnbraut var byggð í Noregi, náði hún að eins frá Kristíaníu til Kongsvinger, einar 14 mílur, og stóð svo langt árabil. Hefði samskonar hreppapólitík drottnað hjá Norðmönnum, sem hingað til hefur ríkt hjer á þingi, þá hefði þeir átt að heimta, að Akerhús-umdæmið eitt kostaði þessa járnbraut, en eigi landssjóður. En *brýr* yfir *stórvötn* eru alveg samskonar fyrirtæki fyrir oss og jafn þýðingarmikil, eins og járnbrautir fyrir önnur lönd.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 atkv. móti 2, og afgreitt síðan til neðri deildar.

Frv. til laga um lagaskóla (100,126); 2. umræða.

Forseti ljet samkvæmt 23. gr. þingskapanna ganga til atkvæða um, hvort viðaukatill. þingskj. 126, er eigi hafði verið útbýtt fyr en þá í fundarbyrjun, mætti takast til greina við þessa umræðu, og var það samþykkt í e. hlj.

Jón Ólafsson: Viðaukatillaga mín (126) miðar til þess að mæta þeim á miðjum vegi, sem málinu voru hlynntir við 1. umræðu, en ljetu í ljósi ótta fyrir, að stofnun lagaskólans mundi baka kostnað á þessu fjárhagstímabili. Að öðru leyti er viðaukatillagan alveg samkvæm ákvæðum nefndarinnar í þessu máli 1885. Með viðaukatillögunni er fengin trygging fyrir því, að skólinn verði ekki stofnaður *fyr* en alþing sjer sjer fært að veita fje til hans. Jeg veit það mun komið með þá viðbáru, að nógur tími sje til að stofna skólann með lögum, þegar fje sje fyrir hendi til að koma honum á stofn. En jeg svara því svo, að það er ekki þýðingarlaust að fá lögin, þótt vjer fáum ekki skólann þegar í stað, því að ef stjórnin staðfestir lögin, þá er *vissa* fengin fyrir að skólinn muni verða stofnaður, undir eins og fje og kennara-efni eru fyrir hendi. Þá geta menn farið að búa sig undir kennarastarfann, því þá á þingið ekki lengur samþykkið undir högg að sækja. Jeg vona því að þeir, sem málinu eru hlynntir, greiði því nú atkvæði sitt, þegar þessi trygging er fengin, sem viðaukatillagan veitir.

E. Th. Jónassen: Jeg vildi áður en gengið er til atkvæða láta í ljósi skoðun mína á málinu; get jeg gjört það í stuttu máli, því að jeg er í flestu samdóma h. 3. kgk. (L. E. Sv.) um það. Jeg hef þá skoðun að lagaskóli hjer á landi

sje gagnlegur í sjálfu sjer; en það er ekki nóg; það er ekki ætíð hægt að koma því fram í bráð, sem í sjálfu sjer er gott og nauðsynlegt, og jeg er samdóma þeim mönnum, sem ætla að ekki sje nú til nægilegt fje til að stofna lagaskóla. Eptir frv. þurfa 6000 krónur á ári í laun handa kennurunum; auk þess er ýms annar kostnaður við skólann, svo sem til húsnæðis, ljósa, eldiviðar og ölmusustyrks handa nemendum, því að jeg sje enga ástæðu til að þeir fái ekki styrk eins og þeir, sem ganga á prestaskólann og læknaskólann. Það mun fremur vera of lágt en of hátt, þótt gjört sje ráð fyrir að þetta allt nemi 2000 kr. á ári. Það er því víst óhætt að gjöra ráð fyrir, að skólinn muni kosta 8,000—10,000 kr. á ári. Vjer verðum að muna eptir því, að vjer höfum hjer í deildinni nýlega samþykkt tvenn lög, sem hafa mikinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð á fjárhagstímabilinu, og ekki er útsjeð um að fleira kunni að koma enn, sem ekki verður neitað. Oss er það einnig kunnugt, að fjárhagur vor nú er ekki góður, og þá er um það að ræða, hvort ekki muni vera bráðari þörf á öðru fyrir landið en lagaskóla, til að mynda að bæta samgöngur og vegi o. s. frv. Jeg veit að háttv. flutningsmaður (J. Ól.) muni segja, að viðaukatillagan bæti frumvarpið, en jeg kann ekki við, að alþingi gefi út lög, sem segi að þau komi eigi til framkvæmda fyr en fje sje til. Mun eigi vera rjettara að geyma að semja þau þangað til fjeð er fyrir hendi? Af þessari ástæðu er það, að jeg greiði ekki atkvæði með frv. *að þessu sinni*, en get þess jafnframt, að jeg álít, að lagaskólinn sje gagnleg stofnun fyrir landið, og það sje að eins um tímaspursmál að ræða, hvenær lagaskólinn getur komizt á.

Jón Ólafsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að svara háttv. 2. kgk. (E. Th. J.) því, að þar sem mótbárur hans að eins snerta kostnaðinn, þá er loku skotið fyrir þær með viðaukatillögunni. En hvað það snertir, að óviðkunnanlegt sje að samþykkja lög, sem ekki komi strax til framkvæmda, þá er það ekki eins dæmi með þessi lög; alþing hefur áður samþykkt slík lög, bæði um spítala-stofnun frá 1875 og búnaðarskólalög 12. febr. 1872; hjer stendur líka alveg *sjerstaklega* á, þar sem *þarf* töluverðan *tíma* frá því að lögin eru staðfest og þangað til skólinn kemst á fót, og það eigi að eins af hálfu hins opinbera, heldur einkanlega þurfa þeir menn að búa sig undir, sem að ætla að verða kennarar á skólanum, en þeir hafa enga hvöt til að byrja á þeim undirbúningi, fyr en lögin eru orðin staðfest. Eins og jeg benti áður á, þá hefur þingið alveg í hendi sinni að veita ekki fje til skólans fyr en það álítur sig fært til þess, og eigi fyr en það álítur að þeir andlegir kraptar sjeu til í landinu, sem þurfa til að geta haldið uppi kennslu við skólann.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg játa það, að jeg kann ekki við viðaukatillöguna, en þó að mjer þyki hún ekki sem formlegust, mun jeg þó gefa frv. með henni atkvæði mitt, því að það er satt, að ástæður þær, er háttv. flutningsmaður (J. Ól.) bar fram, hafa talsvert við að styðjast. Fyrst aðalástæða stjórnarinnar gegn því að samþykkja lögin var fjárskortur, þá sje jeg eigi betur en að henni sje nú hrundið með viðaukatillögunni.

Sighvatur Árnason: Jeg vil taka undir með háttv. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.), en fyrir viðaukatillöguna mun jeg greiða atkvæði með frv.; áður var jeg í vafa um það, vegna kringumstæðanna. Nú er það á valdi þingsins, eptir viðaukatillögunni, hvenær það veitir fje til skólans, og ef lögin öðlast staðfesting með þessum viðauka, þá er þó það unnið, að ekki þarf á öðru að standa en fjenu, að skólinn geti komizt upp.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg skal einungis geta þess, að það var ekki meining mín að greiða atkvæði með viðaukatillögunni, nema því að eins, að eigi yrði veitt fje til skólastofnunarinnar á þessu fjárhagstímabili.

Jón A. Hjaltalín: Mjer finnst þingið ekki eins frjálst í atkvæði sínu, ef það samþykkir frv. með viðaukatillögunni. Jeg er hræddur um, að það þykist bundnara en ella við að koma upp skólanum, þótt erfitt sje. En jeg vil ekki að mínu leyti verða til að leggja band á alþingi, og af því mun jeg ekki gefa frumvarpinu atkv. mitt.

Jón Ólafsson: Jeg skal að eins benda háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) á eitt. Ekki hafa lögin um spítalastofnun orðið sjerlega sterkt band á þingið, svo að það hafi flýtt sjer að koma spítölum upp, þótt eigi hafi verið fje til. En hvað það snertir, *hvenær* veita eigi fje til lagaskólastofnunarinnar, þá er *mjer* ekki einu sinni í hug að greiða atkvæði með, að það verði gjört á *þessu* fjárhagstímabili, sem í hönd fer næst.

Landshöfðingi: Menn muna þó víst eptir, að til er í fjárlögunum grein sem heitir 18. gr. Í henni segir, að ef þessi og þessi lög öðlist gildi á fjárhagstímabilinu, þá breytist upphæðirnar í fjárlögunum eptir því. Mjer þætti gaman að vita, hvort þetta frv. yrði ekki tekið upp í 18. gr. (*J. Ólafsson:* Nei). Ef það er ekki vilji þingsins að fá lagaskólann stofnaðan á þessu fjárhagstímabili, þá sje jeg ekki ástæðu til að samþykkja frv. nú. Mjer finnst lagaákvæðin um spítalastofnunina ekki sjerlega eptirbreytnisverð, þau voru samþykkt 1875, en þó er ekki enn farið að stofna spítala samkvæmt þeim. Það mundi eigi þykja fallegt, ef nú yrðu í ár samþykkt lög um lagaskóla, en hann ekki kominn á stofn 1899. Um búnaðarskólana var allt öðru máli að gegna en hjer er. Þar var verið að útvega fje til stofnunar þeirra, en svo er eigi hjer Jeg er hræddur um að þótt þingið vilji taka fram fyrir hendurnar á komandi þingum með því að samþykkja þessi lög, þá muni stjórnin ekki vilja taka fram fyrir hendurnar á sjer með því að staðfesta lög, sem ekki má fara að framkvæma fyr en eptir langan tíma.

Jón Ólafsson: Þegar jeg nefndi spítalana og búnaðarskólana, þá var það ekki af því að mjer þætti sú aðferð *í sjálfu sjer* eptirbreytnisverð, þegar ekki sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, til þeirrar frábrigðni frá reglunni, heldur til að sýna að hjer sje ekki um eins dæmi að ræða. Og eins og jeg hef bent á áður, þá *eru* hjer *alveg sjerstakar ástæður fyrir hendi*, fyrir því, að lög þessi *öðlist gildi* nokkru *áður* en þau *koma til framkvæmda*, og jeg gat ekki sannfærzt af ræðu hæstv. landshöfðingja um að þær ástæður væru ógildar, því að hann gekk alls ekki inn á þær eður ræddi þær. Eins og jeg hef áður sagt, þá er fyrst fengin veruleg hvöt til að búa sig undir að geta orðið kennari við skólann, þegar vissa er fengin fyrir, að hann komi upp. Jeg veit ekki hvað stjórnin hugsar, en engin frágangssök sýnist mjer það fyrir hana að staðfesta lögin, þó þau komi ekki til framkvæmda á þessu fjárhagstímabili, því að ekki er þar fyrir gjört ráð fyrir að stofna fyrst skólann einhvern tíma í fjarlægri framtíð, heldur *svo fljótt sem unnt er*, máske undir eins á *næsta* alþingi; það er komið undir tíðarfari og öðrum atvikum, sem vjer nú fáum ekki fyrir sjeð.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 2.

2. gr. samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

3. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

4. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

5. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

Viðaukatill. aptan við frv. sem verður 6. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 2.

Frumvarpið þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 2.

Málinu vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 4.

Frumv. til laga um umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju og Ingjaldshólskirkju (96); 2. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg hef haft nokkur afskipti af þessu máli, að því leyti er Flateyjarkirkju snertir, og er því nokkuð kunnugur; jeg get eigi annað sagt, en að boð safnaðarins í Flateyjarsókn sje aðgengilegt fyrir landssjóð. Hin svonefnda skuld sem kirkjan stendur í við landssjóðinn fæst aldrei borguð, og er því enginn missir í fyrir hann, að gefa skuldina eptir. Kirkjan, sem, að því er mig minnir, er byggð fyrir rúmum 40 árum, er farin að ganga af sjer, og þarf aðgjörðar við; var það og afráðið, að gjöra eitthvað að kirkjunni 1885, en með því alþingi þá hreyfði því, að reyna skyldi, að fá söfnuðina til að taka kirkjur landssjóðs að sjer, var aðgjörðinni frestað. Að vísu er gjört ráð fyrir því, að kirkjan verði afhent með hæfilegu álagi, og er eigi hægt að segja fyrir, hve mikið álagið verði, en þótt það nú yrði ríflegra en menn ætla, þá tel jeg það samt betra, að greiða þetta álag, en að kosta fullkomna aðgjörð á kirkjunni og hafa ábyrgð á henni framvegis. Jeg álít það beinlínis heppni fyrir landsjóð að sleppa kirkjunni; jeg hika mjer því eigi við, að gefa þessu máli atkvæði mitt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. í heild sinni samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umræðu í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á landamerkjalögunum (95); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr í e. hljóði.

Frv. til laga um löggilding á Vogavík og Þórshöfn (94, 127); 2. umr.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins að segja nokkur orð, af því jeg hef komið fram með viðaukatillögu (127) við þetta frv., samhljóða annari, er jeg bar fram hjer áður í öðru máli. Jeg gef atkvæði mitt fyrir löggilding þessara verzlunarstaða, því jeg efast ekki um, að hún muni vera nauðsynleg fyrir hjeraðsbúa, úr því þeim er svo annt um, að fá þessar hafnir löggiltar, að þeir á hverju þingi beiðast þess. Hinsvegar veitir viðaukatill. mín heimild til, að verzlað sje með allt það, sem nauðsynlegt er og ónauðsynlegt líka, en að verzla þar með áfenga drykki vil jeg ekki leyfa; því að það tel jeg meira en ónauðsynlegt; jeg tel það *skaðlegt, — banvænt;* jeg vorkenni hjeraðsbúum ekkert þó þeir þyrftu að sækja sjer sopann lengra að. Sem sagt, jeg greiði atkvæði *með* frumv., ef breyt.till. kemst að.

E. Th. Jónassen: Jeg get ekki verið á sama máli, og hinn heiðraði þingm. S.-Múlas. (J. Ól.). Hann vill alstaðar löggilda hafnir til verzlunar. En jeg álít rjett, einungis að löggilda þá staði, þar sem brýn þörf er fyrir hendi, að löggilding fáist, en greiði atkvæði mitt móti öllum óþörfum löggildingum verzlunarstaða, og sje nokkur löggilding óþörf og ónauðsynleg þá er það einmitt löggilding Þórshafnar og Vogavíkur, því þessar hafnir er sannarlega engin nauðsyn á að löggilda, með því þeir menn, sem búa nálægt þessum 2 stöðum, eiga ekki langt í kaupstað. Það sem ennfremur talar á móti löggildingunni er, að á Þórshöfn er mjög lítil höfn og grunn, sem ekki verður notuð nema af mjög fáum skipum í senn. Það er einungis Miðnes-

hreppur, auk Hafnahrepps og kannske Grindavíkur, sem mundu sækja þar að, og þar gæti ekki þrifizt nema ein sölubúð, sem ekki mundi til mikils hagnaðar fyrir hjeraðsbúa, heldur miklu fremur til hins verra. Hjer við bætist, að kaupmenn í Keflavík flytja hjeraðsbúum árlega svo að segja allar þeirrar nauðsynjar heim í hlaðið, og sækja fiskinn til þeirra. Hið sama gildir um Vogavík, og sje jeg því heldur eigi neina nauðsyn bera til að löggilda hana. Fjarlægðin frá Keflavík er ekki stór, og margir kaupmenn hafa þar salthús ýmist að eign eða leigu og láta þeir þar úti salt til hjeraðsbúa á veturna; kaupmenn senda og á sumrin skip sín á Vogavík til að taka þar við fiski hjá bændum og flytja til þeirra þungavöru. Þar er og ein sveitaverzlun í hreppnum, og mundu íbúar þar fá fleiri, ef þeir óskuðu þess og þess gerðist þörf. Auk þess er Vogavík vond höfn, einkum getur þar verið hættulegt fyrir skip að liggja þegar hvasst er af landnorðri, og í höfninni liggur sker, sem skip hafa brotnað á. Það er því ólíklegt, að kaupmenn í Keflavík eða Reykjavík taki sig upp og flytji til Voga og fari að stofna þar kaupstað. Ef frumvarp það til laga um verzlun lausakaupmanna, sem borið hefur verið upp nú hjer í deildinni, verður samþykkt, sem jeg vona, þá bæta þau lög líka mikið úr þeirri þörf, sem sagt er að sje fyrir hendi, þegar verið er að biðja um löggildingu nýrra verzlunarstaða svo að segja við hvern fjörð og vog, þar sem er skipgengt.

Benidikt Kristjánsson: Jeg er ókunnugur, og mjer að eins kunnugt, að vondir vegir eru hjer víða suður með sjó, eins og líka það, að uppástungur hafa hingað komið hvað eptir annað um að löggilda hafnir, sem hjer ræðir um, og það frá kunnugum mönnum; en hvað sem því líður, þá hafa frv. verið felld nú fyrir skemmstu hjer í deildinni um að löggilda verzlunarstaði, sem, að minnsta kosti annar, hefði miklu fremur átt að löggildast. Orsökin til þess var sú, að þingdeildin ekki vildi samþykkja viðaukatillöguna við annað frv. nje heldur hitt án viðaukatillögunnar. Jeg þykist nú sjá forlög þessa frumvarps, ef veðurbreyting hefur eigi orðið hjá deildinni. Af því jeg vil styðja þetta mál að því leyti jeg get, og yfir höfuð er hlynntur fjölgun verzlunarstaða, þá hef jeg í hyggju við 3. umræðu að koma fram með viðaukatill. við viðaukatill. h. háttv. þm. S-Múl. (J. Ó.) í þá átt, að við sje bætt þessum orðum: „þangað til að föst verzlun kemst á“. Kæmist þetta að, þá væri það ekki eins fráfælandi, og þingið viki þá ekki frá þeirri stefnu, sem það áður hefur fylgt.

Skúli Þorvarðarson: Jeg ætla ekki að vera langorður. Það er einkum um Þórshöfn, að jeg vildi tala fáein orð, því þar þekki jeg nokkuð til; jeg hefi verið þar sjómaður í næstu verstöð, Höfnum. Jeg hef alltaf heyrt talað um, að það mundi bæði vera gott og hagfellt fyrir þá, sem þar búa í nánd, að fá þar löggiltan verzlunarstað. Það er satt, að það er ekki langur vegur þaðan til Keflavíkur, en sjóleiðin þar á milli er bæði ill og erfið, því að á þeirri leið er ill röst yfirferðar og útgrynni og skjerótt meðfram ströndinni, sem liggur fyrir opnu hafi. Hvað vörumagninu viðvíkur, þá hefur það verið talsvert bæði í Grindavík, Höfnum og á Miðnesi, og álít jeg því gott og nauðsynlegt að verzlun kæmist þar á fót. H. háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók það fram, að kaupmenn flyttu vörur til Þórshafnar; þetta getur verið; en heyrt hefi jeg sagt, að þeir væru tregir til þess, og að vörukaup þar væri verri en í Keflavík, eða annarstaðar, ef kaupmenn flyttu þær. Þó landvegurinn til Keflavíkur sje stuttur, þá eiga hjeraðsbúar ekki nóg af hest-

um til flutninga á nauðsynjavörum sínum. *(E. Th. J.:* Nóg). Ekki svo jeg viti til. Jeg vil gjarnan að það takmark, sem viðaukatillagan fer fram á, verði sett við verzlunarstaði þá, sem verið er að smíða, því sala áfengra drykkja er óþörf og skaðleg í alla staði. Jeg ætla að greiða atkvæði mitt með viðaukatillögu þeirri, sem hinn háttv. þm. Suður-Þingeyinga boðaði að hann mundi koma fram með við 3. umræðu þessa máls. Í öllu falli sýnist mjer sjálfsagt að frumv. gangi til 2. umr.

Jón Ólafsson: Hvað þörf eða nauðsyn löggildingarinnar viðvíkur, þá reiði jeg mig alveg á sögusögn hjeraðsbúa og annara kunnugra manna, og beygi mig alveg undir vilja þeirra í því tilliti; þeir eru færastir til að dæma um það, og jeg vil gefa þeim fullt frelsi til þess. Jeg vil nú sem jafnan áður á þingi leyfa allar þær löggildingar, sem hjeraðsbúar álíta sjer þarfar, svo framarlega sem engir sjerstakir staðarlegir annmarkar eru á því, að hafa eptirlit á tollgreiðslunni. Hinn háttv. þm. S-Þing. (B. Kr.) var að tala um að viðaukatillaga mín mundi valda ósamkvæmni eða ósamræmi. En má jeg spyrja, er hjer nokkur þörf á samræmi? eða eru öll vor lög í samræmi? Eða eru öll vor löggildingalög í samræmi? Jeg neita báðum spurningunum. Það er vanakredda ein, að vera að strembast við þýðingarlaust samræmi; enda hefur það ekki átt sjer stað til þessa. Frá 1854 og til þess fyrir fáum árum urðu utanríkisskip öll að fá fyrst afgreiðslu á einni af hinum 6 aðalhöfnum. Var löggilding þeirra þá í samræmi við hinar almennu löggildingar hinna kauptúnanna? Svo leyfðum við sýslunefndum að löggilda hvern bæ sem þeim þóknast til sveitaverzlunar, en þó án leyfis til að selja áfenga drykki. Hvar er svo samræmið? Lausakaupmönnum er leyft að verzla hvar sem vill, en þó ekki allstaðar með áfenga drykki. Og svo eru menn að tala um samræmi og ósamræmi! Nei, samræmi á sjer ekki stað áður í verzlunarlöggjöf vorri, og *þess er engin þörf.*

Hvað viðaukatillögu þingm. S.-Þing. (B. Kr.) snertir, þá greiði jeg atkvæði móti henni, og verði hún samþykkt af deildinni, þá greiði jeg atkvæði *móti* frv., og skal jeg jafnframt leiða athygli þingdeildarmanna að því, að ef frumvarpið verður fellt, þá eru það *þeir* þingmenn í hinni háttvirtu deild, sem bera ábyrgðina fyrir það, sem ekki vilja þiggja löggildinguna án brennivíns; það eru *þeir* en *ekki jeg*, sem meina þá hjeraðsbúum að fá uppfylltar sínar þarfir, hvort heldur sannar eða ímyndaðar. *Jeg* þvæ *mínar* hendur í blóði þessa frumvarps.

Jakob Guðmundsson: Af því jeg er persónulega kunnugur þarna suðurfrá, skal jeg ekki láta hjá liða að geta þess, að bæði á Vogavík og Þórshöfn eru miklu betri og áreiðanlegri hafnir en í Keflavík, því þar er einhver hin versta höfn í miklum norðanveðrum; menn eru hjer að biðja um að löggilda þær hafnir, sem betri eru en Keflavík. Það er annars undarlegt, þegar ókunnugir menn eru að hafa á móti því, að landsmenn fái þarfir sínar uppfylltar og það því fremur, sem þessi bæn hjeraðsbúa ekki kostar neitt fje úr landsjóði. Jeg veit ekki hverjir hjer eru kunnugir þörfinni, ef ekki hjeraðsmenn sjálfir. Það er því ekki rjett að neita þeim.

L. E. Sveinbjörnsson: Þm. S.-Þing. (B. Kr.) og þm. Árn. (Sk. Þ.) tóku það fram, að aðalástæðan fyrir löggildingunni væri sú, að vegirnir þar suðurfrá væru vondir yfirferðar og illir til aðflutninga; jeg sem hefi verið þar sýslumaður um nokkur ár, er vegum þessum kunnugur, og verð að neita því, að vegirnir sjeu eins og þeir segja. Að vísu er vondur

vegakafli milli Vogavíkur og Hafnarfjarðar, en bændur flytja að heita má aldrei neitt landveg, og því þurfa þeir ekki að nota þenna veg, því sjóleiðin er greið og góð.

Hvað veginn frá Keflavík út á Miðnes snertir, þá geta menn ekki sagt, að hann sje vondur, og vegurinn þaðan inn í Voga er góður, og hesta eiga hjeraðsbúar þar ekki fáa. Mjer er kunnugt, að kaupmenn hafa sent vöruflutninga á Þórshöfn og þar er allgóð höfn, þegar inn er komið fyrir smærri skip, en hvað Vogavík snertir, þá er hún engan veginn góð skipalega, en aptur hefur skipalegan í Keflavík batnað við þær tilfæringar, sem þar eru komnar á.

Sighvatur Árnason: Jeg sje í raun-inni enga brýna nauðsyn til að löggilda þessa verzlunarstaði, en það getur að vísu verið að löggilding þeirra gjöri hjeraðsbúum hægara fyrir; en hjer er annað mál á ferðinni, sem sje frumv. um lausakaupmenn, sem bætir úr þörfinni. Allt um þetta ætla jeg ekki að greiða atkvæði móti frumvarpinu í þetta sinn; því mjer getur skilizt að viðaukatillaga þm. S.-Þing. (B. Kr.) kunni að bæta svo úr skák, að jeg geti aðhyllzt það.

Forseti: Það hefur komið fram áskorun frá 1. 2. 3. og 6. konungkjörnu þingmönnum um að umræðunum sje hætt, og bið jeg þá að standa upp, sem umræðunum vilja hætta. Var síðan samþykkt í einu hljóði, að þeim skyldi hætt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 6 atkv. móti 5.

Viðaukatillaga samþykkt með 6 atkvæðum móti 4.

Frumvarpið þannig samþykk með 6 atkvæðum móti 4.

Málinu vísað til 3. umræðu með 9 samhljóða atkvæðum.

Frv. til laga um lausakaupmenn (60,113); frh. 1. umr.

Framsögum. (Benidikt Kristjánsson): Við byrjun 1. umræðu ljet jeg í ljós skoðun mína á nytsemd þess fyrir landsbúa, að lausakaupmenn fengju meira frelsi en nú er, og skal jeg ekki taka það upp aptur, er jeg þá sagði. En nefndin hefur jafnframt tekið til greina aðra hlið málsins, þá hliðina, að verzlun lausakaupmanna er einnig arðsöm fyrir þá sjálfa. Jeg er líka á þeirri skoðun. En af því að lausakaupmenn eru ekki búsettir hjer á landi, þá er ekki hægt að leggja á þá aukaútsvör, því hefur nefndin komið fram með þá breyting, að takmarka nokkuð rjett þeirra í þessu tilliti í samanburði við það, sem var í upprunalega frumvarpinu og við það sem nú er. Það er alkunnugt að nú þurfa lausakaupmenn ekki að leysa leyfisbrjef, til að verzla á löggiltum höfnum, en nú er farið fram á að svipta þá þessu gjaldfrelsi. Önnur breytingin er sú, að þeir verði að leysa leyfisbrjef í hverju lögsagnarumdæmi, sem þeir verzla í. Með þessu virtist nefndinni að fást mundi hæfilegt gjald frá lausakaupmönnum til sveitarfjelaganna, en þótti þeim af annari hálfu gefið það frelsi með lögunum, sem mundi vega upp á móti álögunni. Af því að engin mótmæli hafa komið fram gegn frumvarpinu, þá sje jeg ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum að þessu sinni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umræðu með 9 atkv. móti 2.

Átjándi fundur, laugardag 23. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga viðvíkjandi lokuðum bögglum með póstum o. s. frv. (128); 1. umr.

Jón Ólafsson: Þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, er svo lagað, að það

hlýtur að verða talsvert umhugsunarefni. Fyrst er það að hjer er gengið þvert ofan í stefnu þingsins 1881; hjer er á ný farið fram á að demba vöruflutningum á pósta. En úr því að háttv. neðri deild fór að endurskoða lögin 4. nóv. 1881, þá furðar mig, að hún skyldi ekki leiðrjetta bersýnilega yfirsjón, sem orðið hefur í orðun þeirra laga, og sem veldur því, að pundsböggla má senda alveg *ókeypis* með strandferðaskipunum. Þetta, sem hver maður hlýtur að reka sig á, sem nota þarf póstlögin, hefur hinni háttvirtu neðri deild yfir sjezt.

Loks virðist mjer að það hefði mátt taka lögin frá 4. nóv. 1881 upp í þetta frv., öll saman, og lagfæra það, sem ábótavant var við þau, en vera eigi ávallt að koma með þessar smábreytingar, sem hver um sig er að eins lítill snepill. Það er mikill trafali fyrir póstafgreiðslumennina og eins almenning að hafa þenna urmul af gildandi lagaboða-sneplum til að fara eptir. Jeg legg því til að lögin frá 1875 og 1881 sjeu dregin saman í eina heild og álít jeg bezt væri að setja nefnd til þess að íhuga þetta, en skal þó draga að stinga upp á nefndinni þar til í umræðu lok, svo að jeg skeri ekki niður umræðurnar, því að þær geta orðið til leiðbeiningar væntanlegri nefnd.

E. Th. Jónassen: Jeg álít að öllum hljóti að sýnast breyting, sú, sem 1. gr. þessa frumvarps fer fram á, mjög nauðsynleg, því þótt menn hafi flutt ýmsan óþarfa með póstum, þá hefur mönnum hingað til verið það næsta kostnaðarlítið; en það hefur orðið póstum til tafa og afleiðingin orðið, að póstar hafa jafnvel stundum sökum hinna miklu ónauðsynlegu bögglasendinga alls eigi komizt áfram á vetrardag, þar sem þeir hæglega hefðu getað það, ef þeir að eins hefðu þurft að flytja laus brjef og fáar og ljettar sendingar. En úr þessum vandkvæðum bætir 1. gr. mikið, með því burðargjaldið er hækkað. En á hinn bóginn sýnist mjer 2. gr. mjög varúðarverð. Jeg álít að það sje eigi gott að taka þessa heimild frá póstafgreiðslumönnum; jeg veit heldur eigi til að kvartað hafi verið yfir því að þeir hafi misbrúkað þessa heimild. Jeg álít að ef þessi heimild væri tekin frá póstafgreiðslumönnum, þá mundu menn senda svo mikið með póstum af ónauðsynlegum sendingum, að póstar kæmust eigi með það áfram nema mjög seint; því þeir fá opt mjög vont veður og hestar þeirra opt eigi í góðu standi og vegir slæmir, og afleiðingin yrði sú að nauðsynleg brjef og sendingar kæmust miklu seinna til viðtakanda en annars þyrfti að vera, ef póstar á vetrum væru skyldugir að flytja hverja sendingu, sem komið er með til póstafgreiðslumanns, hversu mikið sem hún kann að vega yfir 1 pd. og hversu sem kann að standa á veðri og færð, og það væri alls eigi hentugt fyrirkomulag á póstferðum. En 1. gr. gef jeg óhikað atkv. mitt.

Jón Ólafsson: Jeg er samdóma háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um, að póstarnir kynnu að verða brúkaðir til ónauðsynlegra flutninga, ef 2. gr. fengi lagagildi og því finnst mjer ónauðsynlegt að taka heimild þá af póstafgreiðslumönnum, sem þeir nú hafa samkvæmt lögum $^4/_{11}$. 81, til að synja viðtöku þunga-sendingum um hávetrartímann. Jeg veit eigi til að það hafi vakið neina óánægju meðal almennings, nje að póstmenn hafi farið illa með heimild þessa. Jeg hef að eins heyrt getið um tvö tilfelli: Annað var að prestur einn í Húnavatnsýslu, sem, eins og til kann að bera, bar brátt að fyrir með að þurfa allt í einu að gifta sig um vetrartíma, gat eigi fengið giptingarfrakkann sinn (eða kjólinn?) í tækann tíma, af því að hann gat eigi fengið hann með pósti. Hitt dæmið sagði neðri deildar maður mjer, hjer á dögunum, að það hefði verið stór-

mikið mein merkum manni í Dalasýslu í vetur sem leið, að hann gat eigi fengið grænsápudunk sendan hjeðan vestur í vetur; en að búa til lög vegna eins skyndigiptingar-frakka og eins grænsápu-dunks finnst mjer amstur um skör fram. Sem sagt finnst mjer frv. þurfa mikillar lagfæringar við, og sting því upp á þriggja manna nefnd í málinu.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. í einu hljóði.

Í nefndina voru kosnir:
Jón Ólafsson með 10 atkv.
E. Th. Jónassen með 7 atkv.
Jón A. Hjaltalín — 6 —

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum. um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (129); 1. umr.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Í frumv. þessu stendur: Vestmannaeyjasýslu og Rangárvallasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi svo fljótt sem því verður við komið. Ef jeg má skilja þetta svo fljótt sem því verður viðkomið eins og jeg álít, þá skal jeg gefa frumv. atkvæði mitt. Mitt álit er það, að því verði eigi viðkomið fyr en búið er að brúa sundið milli eyjanna og meginlands.

Jón Ólafsson: Jeg er samdóma hinum háttv. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.) um, að þessari sameiningu mundi eigi verða við komið fyr, en búið væri að „brúa sundið". Þegar umræðurnar urðu um þetta í neðri deild, töldu þeir, sem um það töluðu, sjálfsagt, að sýslumaðurinn sæti í Rangárvallasýslu; en þeir hafa þá eigi gætt að því, að Vestmannaeyjar eru einn af þeim 6 lögboðnu *aðal*-verzlunarstöðum landsins, og er þar fangahús og lögboðið spítalasetur, og er sýslumanns og læknissetur þar að lögum, og úr því ekkert er með berum orðum ákveðið í frv. þessu um breyting á þessu, þá er sýslumanns-setrið í Vestmannaeyjum sjálfsagt óbreytt, svo það yrði þá Rangárvallasýsla, sem yrði sýslumannslaus eptir þessu frv. Mjer þætti miklu nær sanni, að stinga upp á sameiningu Árnes- og Rangárvallasýslu. Reyndar yrði fólksfjöldinn mikill, hjer um bil 12 þús.; en það er eigi eingöngu komið undir fólksfjöldanum, heldur og, að hjeruðin sjeu umferðahæg; slík sameining væri eigi óhugsandi. Jeg vil því eigi fella frv. alveg, heldur breyta því, svo að í stað Vestmannaeyjasýslu kæmi Árnessýsla, „svo fljótt sem því yrði viðkomið", en það gæti eigi verið fyr en búið væri að brúa Ölvesá og Þjórsá, en þá verða líka báðar þessar sýslur ljettari yfirferðar en t. d. á vetrum Þingeyjarsýsla og á öllum tímum árs ljettari en Skaptafellssýslurnar, og í þessu sýslufjelagi yrði eigi nema alls einn kaupstaður eða svo að kalla, því að það er svo stutt á milli Eyrarbakka og Þorlákshafnar. Ef þetta kæmist á, þá gæti það að öllum líkindum greitt mikið fyrir brúarmálinu, því jeg ímynda mjer, að neðri deild samþykki miklu fremur brúarmálið, ef spöruð yrðu einhver önnur útgjöld landssjóðs. Þetta er ekkert óhugsandi og vil jeg því stinga upp á nefnd til þess að íhuga málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 7 atkv. móti 2.

E. Th. Jónassen: Báðir hinir háttv. þingmenn, er síðast mæltu, tóku það skýrt fram, að sameining Rargárvalla- og Vestmannaeyjasýslu væri eigi gjörleg, og er jeg þeim alveg samdóma um það; auk þessa var það tekið fram af 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að þetta frumv. kæmi í bága við hina eldri löggjöf, því Vestmannaeyjar væri einn af þeim 6 löggiltu verzlunarstöðum, þar sem sýslumenn eiga að vera, og yrði þannig Rangárvallasýsla sýslumannslaus. Jeg skil heldur ekki í, hvernig það væri mögulegt, að sami maðurinn þjónaði báðum sýslunum, þar sem svo er ástatt, að ekki gefur 2 til 3 mánuðum

saman, milli lands og eyja. Jeg álít því þessa sameiningu mjög svo vanhugsaða, og jeg er sannfærður um, að stjórnin ekki mundi geta staðfest lagaboð hjer að lútandi. Jeg greiði þess vegna atkv. mitt móti því, að málið verði látið ganga til 2. umræðu. Það er ekki nema til að tefja tímann, að hafa langar umræður um þetta mál. Kunnugir menn í neðri deild hafa nákvæmlega lýst því, að sameiningin væri ómöguleg. Það væri rjettast að fella málið strax.

Sighvatur Árnason: Hinir háttvirtu þingdeildarmenn, er áður hafa talað í málinu, hafa þegar tekið fram ómögulegleikann á sameiningu þessara tveggja embætta. Jeg er viss um, að það einmitt hefur verið ókunnugleiki, sem hefur valdið því, að þetta frumv. hefur komið fram í neðri deild. Viðvíkjandi því, sem háttv. þingm. Suð.-Múlas. (J. Ol.) tók fram, um sameiningu Árnessýslu og Rangárvallasýslu, þá skal jeg játa það, að hjer er mögulegleiki til staðar, ef brýr kæmust á Þjórsá og Ölvesá. Jeg mundi skoða huga minn, áður en jeg greiddi atkvæði móti þessari uppástungu, ef hún gæti orðið til þess að hjálpa við brúarmálinu; en að öðru leyti er hún heldur snemma uppborin. Sem sagt: sameiningin er ekki óhugsandi, ef brýr kæmust á árnar.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg sje ekki svo mikið því til fyrirstöðu að sameina Árness- og Rangárvallasýslur, þegar búið er að brúa Ölvesá og Þjórsá; sú sýsla yrði samt ekki erfiðari og ekki eins erfið og t. a. m. Þingeyjarsýsla, og er þó vel kleyft fyrir 1 mann að þjóna henni; hin sameinaða sýsla yrði og mun hægri en ef Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslur yrðu sameinaðar, sem nú reyndar er óhugsandi. Þess er einnig getandi, að svo mikið fje mundi sparast við sameining Árness- og Rangárvallasýslu, að það væri nægilegt til að greiða vexti af því fje, er landssjóður legði til brúnna.

Jakob Guðmundsson: Jeg legg það til að málið verði látið ganga til annarar umræðu. Skilyrðin fyrir sameiningu Árness- og Rangárvallasýslu hafa verið tekin fram, en jeg vil leiða athygli hinnar háttvirtu þingd. að því, að sá, sem yrði sýslumaður í þeim sameinuðum, hefði margfalt meiri kostnað og þyrfti því meiri laun úr landssjóði.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vil skoða þetta mál út af fyrir sig, en sameining Árness- og Rangárvallasýslu getur beðið síns tíma. Jeg kann ver við að ræða um þessi tvö málefni í sameiningu; jeg vil ekki svo sem leitast við að bæta þetta frumv. með hinu; jeg ræð til að fella þetta frv. strax, því það er hreinn ómögulegleiki að sameina Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu, því náttúran hefur skipt Rangárvallasýslu svo frá Vestmannaeyjum, að mjer sýnist annaðhvort sje, að svifta Vestmannaeyjar alveg því, að hafa nokkra lögreglustjórn, eða að hún sje á Eyjunum sjálfum, enda hefur kaupstaður Eyjanna þann rjett, eins og hinn 1. þm. S.-Múlas. (J. Ól.) tók fram.

Jón Ólafsson: Ef málið kemst til 2. umr., þá hefi jeg í hyggju að koma fram með breytingaratkvæði, til þess að hjálpa við brúarmálinu. Eins og hinn háttv. varaforseti (L. E. Sv.) tók fram, þá sparast svo mikið fje fyrir landssjóð, að það mundi borga hjer um bil árlega vexti af láninu til beggja brúnna; launin í Rangárvallasýslu eru 3000 kr. og í Árnessýslu 3500 kr.; jeg vil nú setja að sýslumaðurinn í þeim sameinuðum fengi 3500 kr., eða þó hann væri látinn hafa 1—2 hundrað kr. meira sakir sameiningarinnar, þá yrði þó sparnaðurinn þjett við 3000 kr. árlega. Hvað erfiðleikann með að þjóna Árness- og Rangárvallasýslum sameinuðum snertir, þá er bæði Þingeyj-

arsýsla og Skaptafellssýsla erfiðari yfirferðar, sjer í lagi ef Þjórsá og Ölvesá yrðu brúaðar.

Skúli Þorvarðarson: Jeg fellst fúslega á orð háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að Árness- og Rangárvallasýslum sameinuðum yrði eigi örðugra að þjóna, en sumum öðrum sýslum landsins, ef Þjórsá og Ölvesá yrðu brúaðar; en jeg held því föstu, að jeg kann ekki við að blanda þessum tveim málefnum saman.

Sighvatur Árnason: Jeg er alveg á sama máli og hinn háttv. þm. Árn. (Sk. Þ.) og vil að frv. verði fellt frá nefnd, því hitt yrði allt annað mál og yrði að vera allt öðru vísi orðað, og ætti að koma fram sjerstakt frv. um það, en fella þetta frumvarp; því slík sameining bíður ekki svara.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá nefnd með 7 atkv. móti 3, og sömuleiðis fellt frá 2. umr. með 7 atkv. gegn 3.

Frv. til viðaukalaga við lög. 29. febr. 1884, er breyta tilskipun 5. septembr. 1794 (124); 1. umr.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Frumv. þetta, sem jeg og háttv. 5. kgk. (A. Ó.) erum flutningsmenn að, er þannig undir komið, að kjósendur mínir skoruðu á mig og samþingismann minn, á undirbúningsfundinum, að við flyttum þetta mál hjer á þingi, og ástæða fyrir því var sú, að nokkrir Skagfirðingar sem fengust við lækningar voru kærðir fyrir þær af hjeraðslækninum þar. Bæði hjeraðsrjettur og yfirrjetturinn sýknuðu þá, en hæstirjettur dæmdi þá í sekt, eptir 30. gr. í gamalli tilskipun, sem hann gróf upp, frá 4. desbr. 1672; eptir þessari tilsk. mega þeir lækna, en ekki láta úti meðul. En hvernig eiga menn að lækna án meðala? Þessu áhugamáli kjósenda minna vona jeg hin háttvirta þingd. gefi góðan gaum, og taki mál þetta til meðferðar, að öðru leyti er það svo óbrotið og ljóst, að eg finn ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það að svo stöddu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Nítjándi fundur, mánudaginn 25. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynning um, að í nefndinni um frv. viðvíkjandi lokuðum bögglum með póstum á vetrum væri Jón Ólafsson kosinn formaður og framsögumaður, og Jón A. Hjaltalín skrifari

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (143); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg hef ekkert að taka fram nú við 3. umr. annað en það, að jeg vona að þeir háttv. þm. sem verið hafa á móti frv. að eins kostnaðarins vegna, geti nú greitt atkv. með því, eptir að hafa heyrt það tekið fram við aðra umr. þess, að ekki er ætlazt til að það baki neinn kostnað á næsta fjárhagstímabili.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 7 atkv. gegn 4, og afgreitt síðan til Nd.

Frv. til laga um umsjón og fjárhald Flateyjar- og Ingjaldshólskirkna (96); 3. umræða.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust með 10 samhlj. atkv., og afgr. síðan til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á landamerkjalögunum (95); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust í e. hlj., og afgreitt síðan til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding Vogavíkur og Þorshafnar (147); 3. umr.

Benidikt Kristjánsson: Við 2. umr.

þessa máls gjörði jeg ráð fyrir því, að koma fram með viðaukatillögu við þetta frv. En við ítarlegri yfirvegun hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir þann viðauka, sem jeg hafði hugsað mjer, mundi verða hið sama ósamræmi milli þessa og annara laga frá þinginu um löggilding verzlunarstaða, úr því að sú viðbót er komin að á frv., sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) kom með við 2. umr. Jeg vil biðja háttv. þingd. að fyrirgefa mjer þetta, og líta ekki svo á, sem jeg hafi viljað gjöra gabb að henni, heldur trúi þeirri játning minni, að jeg gjöri apturhvarf frá þeim glapvegi, sem við sjálft lá, að jeg hefði villzt út á.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa það, að sú breytingaruppástunga, sem háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) ráðgerði við 2. umr. þessa frv., greip svo huga minn, að jeg gaf því fúslegar atkvæði mitt en annars til annarar umræðu; en úr því þessi viðaukatillaga hefur ekki komið fram, ímynda jeg mjer að dagar þessa frv. sjeu þegar taldir.

Jón Ólafsson: Jeg leyfi mjer að óska þess, að nafnakall verði viðhaft þegar gengið er til atkvæða um frumv. þetta. Jeg lýsti því yfir við 2. umr., að það er *ekki* mjer að kenna, þó frv. um löggilding verzlunarstaða sjeu felld í þessari háttv. deild, og þvæ jeg því hendur mínar. En nú sje jeg mig settan í gapastokkinn í einu dagblaði fyrir það, að jeg verði til þess að fella þau frv.; þessvegna vil jeg að menn sjái, hverjir það eru, sem fella þau.

Forseti: Samkvæmt þingsköpunum þurfa 3 háttv. þingmenn að óska þess áður en atkvæðagreiðsla byrjar, að greitt sje atkvæði með nafnakalli.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra þá athugasemd viðvíkandi því, sem háttv. 1. þm. S.-Múl (J. Ól.) sagði, að jeg get ekki litið sömu augum sem hann á vörn þá, sem hann færði fyrir sjer í þessum löggildingarmálum. Jeg er sannfærður um, að t. d. frv. til laga um löggilding Arngerðareyrar hefði fengið framgang í þessari háttv. þingd., ef þessi aukabesefi eða aptanihnýtingur hefði ekki innkomið frá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól). Það er því eiginlega hann sjálfur eða þessi viðauki hans við frumv., sem veldur því, ef þeir, sem greiddu atkv. með frv. við 2. umr., greiða nú atkv. móti frv. Jeg vil leggja áherzlu á það, að það er eingöngu sökum viðaukans.

Forseti: Þessir háttv. þingmenn hafa óskað nafnakalls: Jón Ólafsson, Jakob Guðmundsson og Benidikt Kristjánsson.

ATKVÆÐAGR.: fór þannig fram:

Já sögðu:

Jakob Guðmundsson
Jón Ólafsson
Friðrik Stefánsson
Skúli Þorvarðarson.

Nei sögðu:

Arnljótur Ólafsson
Benidikt Kristjánsson
E. Th. Jónassen
J. A. Hjaltalín
Júlíus Havsteen
L. E. Sveinbjörnsson
Sighvatur Árnason.

Frv. þannig fellt með 7 atkvæðum gegn 4.

Frv. til laga um verzlun lausakaupmanna (60,113); 2. umr.

Framsögumaður (Ben. Kristjánsson): Við 1. umræðu þessa máls drap jeg að eins lauslega á þær breytingar, sem nefndin hefur gjört við hið upphaflega frv., og skal því auka nú nokkru við það.

1. gr. frumv. hefur nefndin umskapað og algjörlega breytt á þann hátt, að hún hefur með þessari grein lagt gjald á

lausakaupmenn fyrir það, að verzla álöggiltum höfnum, sem ekki hefur áður kostað þá neitt samkvæmt gildandi lögum. Í hinu upphaflega frv. var gjört ráð fyrir, að þeir verzluðu eigi annarstaðar en á löggiltum höfnum, nema því að eins, að þeir greiddu 50 kr. fyrir það leyfi, og átti það leyfi að gilda fyrir allar hafnir um eitt ár; en þessu hefur nefndin breytt á þann hátt, að leyfið kosti að sönnu 50 kr., en veiti eigi lausakaupmanninum heimild til að verzla annarstaðar en á þeim höfnum, eða vogum, sem eru í því lögsagnarumdæmi, sem leyfið er veitt í. Þetta eru að sönnu þyngri kvaðir, heldur en við hefur gengizt hingað til, og einnig þyngri en til er tekið í frv., en á hinn bóginn er bætt úr skák fyrir lausakaupmönnum með því, að þeir geta fyrir þetta leyfi verzlað jafnt á ólöggiltum höfnum sem löggiltum, en með því móti að leysa leyfisbrjef í hverju því lögsagnarumdæmi, sem þeir verzla í.

Auk þess hefur nefndin gjört ýmsar aðrar breytingar, en þær eru ekki efnisbreyt., heldur að eins til skýringar, t. d. við 3. gr. frv. Hin 3. breyt. nefndarinnar, sú, að skjóta inn nýrri grein, sem verður 4. gr., er ekki heldur efnisbreyt. En hún er nauðsynleg skýring, því að málsgrein sú, er stungið er upp á að nema úr gildi í lögum 7. nóv. 1879, er um heimildarleysi fyrir lausakaupmenn til að verzla á ólöggiltum höfnum, sem reyndar að sjálfsögðu missir gildi sitt með þessum lögum. Af þessum breytingum nefndarinnar leiddi ennfremur sú breyting, sem nefndin hefur stungið upp á við fyrirsögn frv. á þingskjali nr. 148, því að frv. hljóðar nú um verzlun lausakaupmanna bæði á löggiltum og ólöggiltum höfnum.

Háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) hefur auk þess komið með eina breytingartill. sem gengur út á það, að veita hreppsnefndum leyfi að leggja aukaútsvar á lausakaupmenn. Það er auðsær tilgangur háttv. þingmanns. Honum hefur þótt lausakaupmenn öðlast með þessu frv. þýðingarmikil rjettindi, án þess að tilsvarandi álögur komi á þá í móti. En eptir því sem lög standa nú til, er víst ekki heimilt að leggja aukaútsvar á lausakaupmenn, sem ekki eru búsettir í landinu sjálfu, og hafa ekkert heimilisfang, og sömuleiðis mega þeir *nú* verzla á löggiltum höfnum án þess að borga nokkuð fyrir til sveitar. Þessi viðaukatill. háttv. þm. (J. A. Hj.) gjörir því mikið stökk frá því sem nú er, og jeg hygg að hún fari oflangt í því, að þyngja lausakaupmönnum, því atvinnuvegur þeirra er ekki svo arðsamur, að eigi megi með of þungum álögum fæla þá frá landinu, og ef ákvæði þessara laga yrðu því valdandi, ætla jeg árangur þeirra mjög óheppilegan og gagnstæðan tilganginum, því að enginn getur neitað því, að verzlun þeirra er bæði æskileg og til hagsmuna fyrir landsmenn. Jeg hygg því, að það sje mjög hæpið, að heppilegt sje að leggja aukaútsvar á menn, sem ekki hafa heimilisfang í landinu sjálfu. Jeg veit að vísu, að í lagafrv. um bátafiski á fjörðum, sem nýlega hefur samþykkt verið í þessari háttv. þingd., er svo gjört; en þar er sú álaga bundin því skilyrði, að þeir stundi atvinnuveg sinn að minnsta kosti 4 vikur.

Það er því auðsætt, að háttv. tillögumaður (J. A. Hj.) fer talsvert lengra en jafnvel þar er gjört. Þess ber líka vel að gæta, að í frumvarp. um bátafiski á fjörðum er tekið tillit til þess, að veiði útlendra eða aðkominna sjómanna hjer við land eða í einstökum sveitum hnekkir fremur atvinnu landsmanna sjálfra eða sveitarmanna; en verzlun lausakaupmanna er þvert á móti einmitt til gagns og hagnaðar fyrir landsmenn sjálfa og sjer í lagi þau sveitafjelög, sem verzla við þá. Jeg hygg því, að eptir tillögum nefndar-

innar sje svo langt farið í þá átt að leggja gjöld á lausakaupmenn, sem gjörlegt er að fara að svo stöddu. Vjer getum hugsað okkur það dæmi, að lausakaupmaður kemur á Akureyri og leysir þar leyfisbrjef fyrir 50 kr. og verzlar þar lítinn tíma. Svo koma til hans Eyfirðingar, sem búa vestanfjarðar, og biðja hann að koma út á Hjalteyri og verzla þar. Hann gjörir það og leysir leyfisbrjef þar til þess staðar fyrir 50 kr., því Hjalteyri er í öðru lögsagnarumdæmi. Svo ganga frjettir af þessum lausakaupmanni og því, hve gott sje að verzla við hann, svo að bændur á Svalbarðsströnd biðja hann að koma á Svalbarðseyri og verzla þar. Það kostar líka 50 kr. leyfisbrjef, svo að lausakaupmaðurinn hefur þannig þurft að greiða 150 kr. fyrir að fá að verzla á þessum litla parti af Eyjafirði. Ennfremur er þess að gæta, að varhugavert er að fá hreppsnefndum í hendur þennan rjett til að leggja aukaútsvar á lausakaupmenn, einkum ef menn hugsuðu sjer það tilfelli, að einhver af hinum föstu kaupmönnum sæti í hreppsnefnd og hefði þar mikið að segja, því að þá er hætt við að aukaútsvarið kynni ef til vill ekki að verða metið svo sanngjarnlega.

Jeg verð því að álíta að ekki sje rjett að taka svo stórt stökk nú í álögum á lausakaupmenn, þar sem þeir nú eru gjaldfríir, enda þótt rjettur þeirra til verzlunar sje rýmkaður.

E. Th. Jónassen: Jeg var þegar í fyrstu hlynntur þessu frumvarpi þegar það kom fram, og nú, er hin háttv. nefnd hefur breytt því á betri veg, er jeg henni samdóma um, að það hafi í sjer fólgna talsverða rjettarbót. Að vísu er með verzlunarlögunum 7. nóv. 1879 fastakaupmönnum veitt heimild til að verzla hvar sem þeir vilja við land, og lausakaupmönnum á löggiltum höfnum, og skyldu menn því ætla að landsmenn gætu fengið vörur fluttar á þær hafnir, er hentugar eru þeim; en reynslan hefur sýnt, að þetta hefur ekki ætíð viljað heppnast, t. d. með þungavöru og þá einkum timbur, sem mest er flutt til landsins frá Noregi. Í stað þess að hafa leyfi til að koma á hinar ólöggiltu hafnir, hafa timburkaupmenn orðið að selja fastakaupmönnum afganginn af farmi sínum, og bændur svo orðið að sækja timbrið til þeirra í kaupstaðina, og hefur þetta tafið fyrir byggingum og gjört þær dýrari. Ef þessi lög, sem hjer eru nú fyrir h. háttv. deild, næðu fram að ganga, gætu Norðmenn flutt farm sinn á hverja höfn sem þeir vildu, og sem hentugastar væru til að sækja að fyrir bændur, og gæti það orðið til mikils hagnaðar fyrir bændur. Það var t. d. tekið fram um daginn hjer í þessari háttv. þingd. um Arngerðareyri, að þangað yrði hægara að sækja fyrir þá, semannars eru bundnir við Ísafjörð og ættu erfitt með að sækja þaðan, og hið sama getur maður hugsað sjer með fleiri staði. Bændur gætu, ef þetta framvarp yrði að lögum, pantað sjer heila saltfarma, svo og af timbri og kolum og annari þungavöru, og fengið þá farma upp á þær hafnir, sem þeim eru hentugastar. Það er því mikil rjettarbót að lögum þessum.

Jeg er einnig samdóma háttv. nefnd um það, að rjett sje að lausakaupmenn leysi leyfisbrjef í hverju lögsagnarumdæmi, sem þeir ættu að verzla í; en aptur á móti er jeg í nokkrum vafa um breytingartillögu háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) viðvíkjandi því, að leggja á þá aukaútsvar. Jeg verð að vera háttv. framsögumanni (B. Kr.) samdóma í því, að ekki sje ráðlegt að þyngja á lausakaupmönnum svo mikið allt í einu. Það getur líka orðið mjög erfitt fyrir niðurjöfnunarnefnd, að framfylgja þeim rjetti sínum, þegar lausakaupmaður liggur mjög stutt á einhverri höfn, máske ekki nema eina viku,

enda kann jeg ekki við að lagt sje aukaútsvar á þá fyrir svo stuttan tíma. Jeg álít miklu nær, ef menn vilja láta lausakaupmenn gjalda meira fyrir verzlunarrjettindi sín hjer við land, að þá sje hækkað gjaldið fyrir leyfisbrjefið.

Jeg vona sem sagt, að þetta frv. fái að ganga gegnum þessa háttv. deild, því jeg álít mikla bót að því frá því sem nú er.

Jón A. Hjaltalín: Það var rjett tilgáta hjá háttv. framsögum. (Ben. Kr.), að jeg með viðaukatillögu minni hafði tillit til þess, að lagt væri sveitarútsvar á þá menn, sem bæði hefðu mikinn arð af atvinnu sinni, og tækju hann á skömmum tíma. En mjer finnst, að hinn háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) og háttv. framsögumaður hafi eigi sjeð út fyrir lausakaupmennina, en jeg lít hjer á hag bænda, sem bera öll sveitarþyngslin. Mjer finnst að hver sem hefur arðsama atvinnu í hreppnum, eigi að greiða útsvar, sem fari eptir upphæð arðsins, en eigi að metast eptir því, hvort arðsins sje aflað á skömmum tíma eða ekki.

Oss er öllum kunnugt, hve öðrugt mönnum fellur að standast þær álögur, sem á þá eru lagðar. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje óviðurkvæmilegt, eins og á sjer stað í mínum hreppi, að menn komi úr öðrum hreppum og frá útlöndum, græði stórfje á þeim stöðum, sem þeir um stundarsakir setjast að á, já svo þúsundum skiptir, án þess einn eyrir sje lagður á þá til sveitar þar; jeg fæ því ekki sjeð að það sje nein ósanngirni í því, að lausakaupmenn gjaldi útsvar af gróða sínum, þó þeir afli hans á skömmum tíma. Dæmi hins háttv. framsögum. sannar ekkert á móti minni breytingartillögu, heldur mót frumvarpinu sjálfu. Á Akureyri verzla margir úr Skagafirði og Þingeyjarsýslu. Á Hjalteyri mundu menn eigi að eins ækja úr sveitinni þar í kring, heldur einnig úr Skagafjarðarsýslu; og á Svalbarðseyri mundi sækja allur vesturpartur Þingeyjarsýslu.

Jeg held því, að hinn háttv. framsögum. miklu fremur megi vera mjer þakklátur fyrir breytingartillögu mína, en hið gagnstæða.

Jakob Guðmundsson: Hið upprunalega frumv. fellur mjer vel í geð, og því gef jeg atkvæði mitt fyrir því. Þessi breytingartillaga er auðsjáanlega gjörð til að koma meiri jöfnuði á milli lausakaupmanna og þeirra kaupmanna, sem reka fastavrerzlanir, því fastakaupmenn gjalda til sveitar og líka faktórar þeirra. En spurningin er hjer, hvernig þetta verður gjört á sem hagfeldastan hátt. Eptir frumvarpinu er gjaldið ákveðið 50 krónur, hvort lausakaupmaðurinn hefur mikla eða litla verzlun; þetta er mjög hátt gjald, því það liggur mikill kostnaður á því að flytja salt og kol, í samanburði við það verð, sem þessar vörur eru í; sama er að segja um flutning á timbri; það er í litlu verði í samanburði við flutningskostnaðinn, og gróði lausakaupmannsins á sölunni á þessum vörum verður því ekki stór; en hins vegar er það lífsspursmál fyrir bændur, að geta fengið þessar þungavörur fluttar svo að segja heim til sín. En þegar nú til breytingartillögunnar kemur, um að leggja útsvar á lausakaupmenn, þá sje jeg að hinn háttv. 6. kgk. þingmaður, þegar hann kom fram með hana, hefur haft hliðsjón eða tillit til frumvarpsins um bátafiski á fjörðum. En þegar jeg ber þessi tvö frumvörp saman, þá er hjer tvennt ólíkt. Bátafiski á fjörðum er stundað ekki einungis af útlendum mönnum, heldur og af innlendum annarstaðar frá; þeir koma einungis í von um hagnað, gjöra innbúum opt og tíðum átroðing, og valda skemmdum; það er því auðvitað bæði rjett og sanngjarnt, að á þessa menn sje lagt sveitarútsvar. — Lausakaupmennirnir aptur á

mót koma til þess beinl. að gjöra sveitabúum gagn. (*J. A. Hj.*: Ekki sjálfum sjer?). Lausakaupmaðurinn er búinn að gjöra hreppnum gagn, þegar hann hefur borgað 50 kr. í sýslusjóð, því hreppurinn á þar tiltölulegan hluta. Með því að leggja sveitarútsvar á lausakaupmanninn, er þessvegna lagt tvöfalt gjald á hann. Þessi breytingartillaga gjörir því ekki nema illt, því hún fælir lausakaupmanninn frá að koma, og sviptir þannig bændur því gagni og þeim hag, sem þeir annars hefðu við komu hans og gjörir þannig sveitarfjelaginu skaða. Jeg álít því fráleitt að fallast á breytingartillöguna, og greiði atkvæði mitt móti henni.

Júlíus Havsteen: Jeg er hræddur um, að ef þessi breytingartillaga verður að lögum, þá muni það fæla lausakaupmennina frá að koma. Eins og hinn háttv. 2. kgk. þm. og h. þm. Dal. (J. G.) tóku fram, hefur þetta sjer í lagi þýðingu að því leyti er snertir flutning á kolum og timbri, og jeg þykist vita, að timbur geti kaupmenn ekki selt eins ódýrt og aðkomandi norskir lausakaupmenn. Þegar nefndin ræddi þetta mál, komst hún, eptir nákvæma yfirvegun, að þeirri niðurstöðu, að gjaldið fyrir vezlunarleyfið ekki mætti vera hærra en 50 krónur. Af þessum ástæðum verð jeg að greiða atkvæði móti viðaukatillögunni.

Arnljótur Ólafsson: Jeg fyrir mitt leyti er vel ánægður með frumvarpið eins og það kom frá nefndinni. Það er einungis ein athugasemd, sem jeg hef að gjöra; það er skýrt tekið fram í 1. gr., að lausakaupmenn skuli leysa leyfisbrjef í hverju lögsagnarumdæmi. Þegar jeg athuga viðaukatillögu hins háttv. 6. kgk. þingm., þá verð jeg að játa, að mjer finnst hún vera á sanngirni byggð og í rauninni samkvæm landslögum og venju og því, sem kom fram í frumvarpinu um bátfiski á fjörðum; en jeg sje aptur tormerki á því, að fallast á hana. Það er sem sje ekki víst, að lausakaupmaðurinn liggi svo lengi, að sveitarstjórnin geti verið búin að jafna á hann útsvarinu áður en hann fer, og það er eigi sanngjarnt að hann svari til sveitar, ef hann flytur eingöngu vörur, þótt hann verzli jafnframt lítið eitt fáa daga. Þingmenn verða líka að gá að því, að sá sem geldur í sýslusjóð, geldur með því óbeinlínis til hreppsins; því vitanlegt er, að því meiri tekjur, sem sýslusjóðurinn hefur, því minna þarf hver hreppur að skjóta til hans. Jeg væri heldur til með að hækka gjaldið fyrir leyfisbrjefið, en sje þó agnúa á því, því ekki mundu lausakaupmenn gjöra sjer ferð til að verzla, einkanlega þegar um lítið væri að gjöra, ef gjaldið væri mjög hátt. Jeg játa það, að 50 kr. er ekki mikið gjald, ef lausakaupmaðurinn liggur lengi á sama stað og verzlar mikið, eins og t. a. m. á Húsavík. Ef hinn háttv. 6. kgk. þm. vildi binda útsvarsskylduna við tiltekinn tíma, eða kveða á, hve langan tíma lausakaupmaður ætti að verzla til þess að hann yrði útsvarsskyldur, t. a. m. þrjár vikur, eða og að hann lægi á höfn í sama hreppi mánaðartíma, því þótt þeir megi eigi verzla lengur 4 vikur en þá mega þeir liggja lengur en mánuð; — á Kópaskersvog til dæmis mun vera lengi legið, því höfnin kvað vera ágæt og hin inndælasta — þá mundi jeg gefa viðaukatillögu hans atkvæði mitt, ef breyting á henni kæmi fram við 3. umr. í þessa átt.

Sighvatur Árnason: Jeg get ekki verið þeim samdóma, sem vilja íþyngja lausakaupmönnum meir en frumv. gjörir. Öllum er kunnugt, hvernig verzlunarásigkomulagið hjer á landi er, og það hefur verið mjög tíðrætt um, að það þyrfti endurbóta við. Það, að gjöra lausakaupmönnum aðganginn að landinu hjer og hvar greiðari, bætir úr. Jeg get ekki fellt mig við viðaukatillögu hins háttvirta

6. kgk. þm. (J. A. Hj.) og gef henni ekki atkv. mitt, af því hún er svo viðtæk, að hugsanlegt er, að hún yrði ósanngjörn í framkvæmdinni, og þó hún yrði að lögum, mundi erfitt verða og á völtum fæti að framkvæma hana, því ekki yrði útsvarið lagt á lausakaupmann með neinni sanngirni fyr en hann væri búinn að verzla á þeim og þeim staðnum, og svo væri hann máske farinn út á hafið, þegar hreppsnefndin tæki sig til að jafna á hann; og hvað yrði svo úr gjaldinu? Mjer finnst þingið ætti ekki að leiða slíkt í lög, því bæði yrði það óvinsælt og óhentugt til framkvæmda. Jeg vil heldur ekki hækka gjaldið fyrir leyfisbrjefið. Það getur verið, að lausakaupmaðurinn hafi mikið að verzla með, og hljóti því, til þess að geta selt vöru sína, að koma á marga staði, og þá fer gjaldið fyrir leyfisbrjefin að draga sig saman og verða ef til vill allt of hátt til þess að landsmenn gætu fengið að njóta góðra kaupa, auk heldur ef gjald þetta væri hækkað, og í tilbót gæti það fælt lausakaupmanninn frá að verzla við landsmenn.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Það var tvennt, sem hinn háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) áleit sjálfsagt um lausakaupmanninn, sem sje, að hann hefði bæði fljótan og mikinn ágóða af verzlun sinni. Það lítur út fyrir að hann álíti, að lausakaupmaðurinn þurfi ekki að verja nema þeim stutta tíma til verzlunar sinnar, sem gengur til hennar hjer á landi; en háttv. 6. kgk. þm. (J. A Hj.) verður þó að gá að því, að lausakaupmaðurinn þarf tíma til, bæði að sigla hingað til lands og frá landi, eins til þess að kaupa inn verzlunarvörur sínar og selja þær vörur, er hann tekur fyrir varning sinn; til þess gengur talsverður tími fyrir lausakaupmanninn. Það getur nú verið, að hann hafi góðan ábata, en það er því að eins, að hann geti selt sjer í hag, en hagur verzlunarmanna er valtur. En jeg hygg, að ábatinn verði ekki svo mikill, þegar um þungavöru er að ræða, t. a. m. salt, kol, timbur, kornvöru o. s. frv., en þessar vörutegundir æskja menn helzt að fá hjá lausakaupmönnum, og á þessum vörum græða þeir minnst. Jeg er líka sannfærður um, að, ef útsvar væri lagt á hann, þá mundi hann hafa vit á, að leggja það á vörurnar, og fær sveitin að borga það er hún hefur tekið. Það er líka eitt atriði hjer, sem jeg vil leyfa mjer að taka fram, og það er, að þegar útsvarinu er jafnað á hann, þá er hann ekki við, og er þannig, ef hann er óánægður með álöguna, sviptur þeim rjetti, sem hann að lögum á að hafa, til að geta komið fram með umkvörtun gegn útsvarinu, og bera hönd fyrir höfuð sjer. Með því að borga leyfisbrjefið, geldur hann til sveitar. Jeg tek með þökkum öllum þeim breytingum, sem fram kunna að koma, frumvarpinu til bóta. Það gladdi mig að hinn háttv. 5. kgk. þm. boðaði, að hann mundi koma fram með breytingartillögu til skýringar við 3. umr., en ef hún á að vera við 1. gr. frumvarpsins, þá er hún ekki nauðsynleg, því 1. gr. er fullljós, og þingdeildarmönnum skiljanleg. Mig furðar annars á því, að hinn háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) skyldi efast um, — jafn skarpskyggn og hann er — að 1. gr. væri full ljós.

Jón A. Hjaltalín: Mjer sýnist sem hinn háttv. þm. Dal. (J. G.) og framsögumaður (B. Kr.) hafi vaknað til nokkurs konar meðaumkvunarsemi þegar um útlendinga er að ræða, og munað þá eptir textanum: „Þjer voruð og útlendingar á Egyptalandi“. Þeir segja sem svo: Þessir menn eru útlendir og má ekki snerta þá með neinum álögum, sem innlendir verða að bera. Þessi vorkunnsemi er að vísu mikið falleg, ef menn væru þá samkvæmir í þesskonar lögum, en jeg fyrir

mitt leyti vildi heldur fara eptir málshættinum, sem segir, að velgjörðasemin eigi að byrja heima.

Jeg skil yfir höfuð eigi í því, hvernig þeim, sem gáfu lögunum um bátafiski atkvæði sitt, fer að sýnast þessi viðaukatillaga óhafandi, því að þó sagt hafi verið, að fiskimenn kæmu að eins til þess að skemma fyrir þarlendum mönnum, þá hafa þó aðkomandi fiskimenn verið landsmönnum meðfram til gagns. Þó að menn hafi verið óánægðir með þeirra komu, þá hafa menn þó lært mikið af þeim. Eg veit það í mínu hjeraði, að menn hafa lært svo fiskiaðferð af útlendum fiskimönnum, að þeir hafa með veiðum sínum haldið lífi bæði í mönnum og skepnum. og það síðast í vetur. Með veiðiaðferðum fyrri tíma mundi það eigi hafa tekizt.

Þar sem menn segja að verzlun lausakaupmanna sje eigi arðsöm, þeir selji að eins þungavöru, kol, salt og timbur, þá er reynslan sú, að þeir selja miklu meira af svo kölluðu krami en af þungavöru, salti eða kolum, því að kramið gengur einmitt vel út hjá þeim, af því það kann að vera ódýrara hjá þeim heldur en hjá föstu kaupmönnunum, og af þeirri verzlun hafa þeir stórmikið gagn. Og jeg er enn á því að þeir verji stuttum tíma, til að taka þenna ágóða, en eigi öllu árinu, og væri því eigi síður sanngjarnt að leggja á þá útsvar, en fiskimennina. En hvað sem nú þessu líður, þá skal jeg ekki orðlengja um þessa viðaukatillögu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg þakka h. þm. S.-Þing. (Ben. Kr.) fyrir góð ummæli hans til mín. Eigi að síður, hvort sem það er af skilningi eða vanskilningi — þá virðist mjer orðin í 1. gr.: „því lögsagnarumdæmi, sem leyfið er *í veitt*“ geta verið misskilningi undirorpin. Setjum svo að lausakaupmaður komi á Akureyri og fái leyfisbrjef hjá bæjarfógetanum til að verzla þar. Eptir frv. eru engin vandkvæði á að fá þetta leyfisbrjef; en nú segir sami lausakaupmaður við bæjarfógetann: „Mig langar til að verzla dálítið út á Hjalteyri; viljið þjer ekki gjöra svo vel og láta mig fá leyfisbrjef til þess“. „Jú, en það er nú dálítill hængur á því, segir sýslumaður; jeg má ekki gefa út leyfisbrjefið hjer, jeg verð að fara út fyrir Glerá til þess, því að leyfisbrjefið gildir ekki nema í því lögsagnarumdæmi, sem það er veitt í“. En til þess nú að forðast þennan misskilning og þessi vandkvæði, þarf ekki annað en að breyta orðunum „*í veitt*“, í „veitt fyrir“. Þetta er að eins bending fyrir háttv. framsögumann (B. Kr.). Ef honum finnst hún á rökum bygð, þá er jeg viss um að hann mun taka hana til greina, og vil jeg að hann orði breytinguna sjálfur, því þá mun hún verða frambærilegri.

Jón Ólafsson: Þrátt fyrir athugasemd háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hygg jeg að 1. gr. frv. muni eigi verða misskilningi undirorpin. Jeg hygg að leyfisbrjefið fyrir Akureyri verði undirskrifað þannig: „Skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri“, en leyfisbrjef fyrir Eyjafjarðarsýslu verði stýlað sem útgefið á: „Skrifstofu Eyjafj.-sýslu“; hygg jeg, að engum öðrum en h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) blandist þá hugur um, að fyrra leyfisbrjefið gildi að eins fyrir Akureyri, en hitt síðara eingöngu fyrir Eyjafjarðarsýslu. Að öðru leyti skal jeg játa, að breytingartillaga háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) er jafn skaðlaus sem hún er þarflaus. Jeg verð að segja það, að jeg er alveg samdóma ástæðum þeim, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) bar fram til stuðnings breytingartillögu sinni, en ályktanir þær, sem hann dróg út af ástæðum sínum, voru naumast rjettar. Jeg er honum samdóma um, að rjettlátt sje að leggja gjald á útlendinga, sem reka hjer lausaverzlun, og það var nefndin öll, og að eigi sje ástæða til að láta þá sleppa betur en fiskveiðamenn, en jeg held að nefndin

hafi gætt þess; hún hefur lagt gjöld á lausakaupmennina, með því að gjöra þeim að skyldu að kaupa leyfisbrjef til verzlunar árlega í hverju lögsagnarumdæmi, sem þeir vilja verzla í. Hvorirtveggju koma þá til að gjalda af atvinnu sinni, aðkomandi fiskimenn og lausakaupmenn, en munurinn er að eins sá, að lausakaupmennirnir eiga að greiða gjald sitt í sýslusjóð, en fiskiveiðamennirnir í sveitarsjóð. Orsökin til þess að nefndin kaus það, að láta lausakaupmenn greiða gjald sitt í sýslusjóð, var sú, að henni þótti sem gjaldið mundi koma jafnara niður á þann hátt, og verða fastákveðnara, og að hægra mundi að innheimta það; því eins og háttv. 5. kgk. (A. Ó.) tók fram, gæti stundum orðið nærri ómögulegt að heimta inn sveitagjöld af lausakaupmönnum. Það getur vel komið fyrir, að t. d. timburkaupmenn geti selt farm sinn á 2—3 dögum og siglt síðan burt, og þá eru mest líkindi til, að hreppsnefnd verði ekki búin að halda fund með sjer og ákveða þeim sveitargjald á meðan þeir eru innan umdæmis hennar. Nefndin kaus einmitt þessa aðferð, að láta lausakaupmenn leysa leyfisbrjef til verzlunar, af því að hún áleit hana „praktiskari", heldur en þá aðferð, að leggja á þá sveitarútsvar. Af þessu leiðir, að þótt jeg sje samdóma ásæðum háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), þá leiðir ekki af því, að vjer nefndarmenn verðum samdóma breytingartill. hans, því að nefndin þykist hafa náð tilganginum á „praktiskan" hátt.

ATKVÆÐAGR. (60, 113, 148, 149): 1. breyt.till. N. við 1. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. J. A. Hj. við 1. gr. felld með 7 atkv. gegn 4.

1. gr. hins upphaflega frumv. þar með fallin.

2. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.

2. breyt.till N. við 3. gr. samþykkt í einu hljóði.

3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

3. breyttill. nefnd., ný grein 4. gr., samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. samþ. án atkvæðagr.; — 5. gr. (4. gr.) samþ. í einu hljóði.

Breytingartillaga við fyrisögnina samþykkt í einu hljóði. Fyrirsögnin breytt samþykkt í einu hljóði.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði. — Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um söfnunarsjóð Islands (140); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað umræðulaust til 2. umræðu með 10 atkvæðum móti 1.

Frv. til viðaukalaga við lög 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (139); 1. umræða.

Flutningsm. (Benidikt Kristjánsson): Háttv. þingdm. mun kunnugt, að fyrir h. neðri deild hefur komið frv. um að nema úr gildi 4. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, en setja ný ákvæði í stað hennar; h. deild mun það einnig kunnugt, að frv. þetta var fellt í neðri deild með 11 atkvæðum móti 11. Eins og jeg gat um, fór frv., sem kom fram í Nd. fram á, að 4. gr. áðurnefndra laga væri úr gildi numin, en þetta frv. gjörir ráð fyrir að hún sje látin haldast.

Eptir því sem farið var fram á í frv. Nd., þá átti, þegar um það var að ræða, að breyta skipun prestakalla og sóknar, að bera það mál fyrst undir söfnuði, hjeraðsfundi og biskup. Þegar samþykki þessara hlutaðeigenda var fengið, átti að vísu að leita samþykkis landshöfðingja á breytingunni, en þó átti að bera málið undir næsta alþingi, og gat þá alþingi breytt til, eins og því sýndist, skipun þeirri sem þannig var gjörð, en ekki átti að leita álits safnaðanna um það, hvernig þeim geðjaðist sú breyting, og virð-

ist svo, sem þeir hafi átt að hlíta henni. Hjer í þessu frv. er nokkuð öðruvísi að farið. Alþingi er að vísu veittur atkvæðisrjettur í málinu, en ef söfnuðunum líka ekki aðgjörðir þess, þá geta þeir horfið frá breytingunni. — Í 1. gr. prestakallalaganna 27. febr. 1880 eru talin upp prestaköll, er vera skuli; það liggur því beint við, að lög þurfi til að breyta því sem þar er ákveðið. Þrátt fyrir það er svo sagt í 4. gr., að ef söfnuðir vilji breyta skipun sókna eða brauða, og hjeraðsfundur samþykki, þá sje rjett að landshöfðingi með ráði biskups staðfesti breytinguna. Í ákvæðum 1. gr. og 4. gr. virðist því vera ósamhljóðun. Þegar um lítilfjörlegar breytingar er að ræða, svo sem að taka bæi einn eða fáa frá einni sókn og leggja til annarar og þesskonar breytingar í smærri stýl, þá er að vísu eðlilegt að ekki þurfi annað en leita staðfestingar umboðsstjórnarinnar, ef prestaköllin halda tölu sinni eptir sem áður og tekjum að mestu. En ef breytingarnar eru í stórum stýl, þá getur orðið spursmál um töluverða breyting á tekjum prestakallanna, og þessi breyting getur orðið á tvennan hátt; hún getur haft það í för með sjer, að prestaköllum fjölgi, svo að við næstu prestaskipti verði ekki álitið lífvænt í hinum nýju prestaköllum og enginn sæki um þau. Hvað getur þá landsstjórnin og söfnuðirnir gjört? Þeir geta ekki veitt fje til prestakallanna, heldur verða að leita alþingis með það. Þannig er það auðsætt, að ef ákvæði 4. gr. eru teygð um of, þá geta þau leitt í ógöngur fyrir söfnuði, hjeraðsfundi, biskup og landshöfðingja. Reyndar álít jeg, að þegar slík breyting er komin á með samþykki allra hlutaðeigenda, þá sje alþingi siðferðislega skyldugt til að veita fje til þess að hún geti orðið annað en nafnið tómt, og að brauðin standi ekki óveitt árum saman. En sje svo, þá ímynda jeg mjer líka, að þegar hið gagnstæða kemur fyrir, þá hafi þingið að hinu leytinu rjett til að hafa afskipti af málinu. Ef tvö brauð í betra lagi eru sameinuð, eptir að söfnuður, hjeraðsfundur, biskup og landshöfðingi hafa komið sjer saman um það, þá er auðsjeð, að hið sameinaða brauð má vera tekjuminna en hin bæði til samans. Setjum svo, að Grenj.st. og Múli væri nú að lögum tvö prestaköll, og söfnuðirnir hefðu farið fram á að Grenjaðarstaður og Múli væru sameinaðir, eins og líka vel er hægt, því að brauðið yrði ekki erfiðara en mörg önnur brauð hjer á landi, og ef svo hjeraðsfundur, biskup og landshöfðingi hefðu samþykkt sameininguna, mundi þá eigi gengið fram hjá fjárforræðisrjetti alþingis? Eins og það er skylda alþingis, að veita fje rýrum brauðum, eins er það skylda þess og rjettur, að taka fje frá brauðum, sem við sameiningu verða betri tiltölulega en önnur brauð. Það er gjört ráð fyrir, að þegar þau brauð, sem jeg nefndi, verði sameinuð í verkinu, þá skuli goldnar frá þeim 1700 kr., og þó ein sókn tekin frá hinu sameinaða brauði, svo að tekjur þess munu verða um 1900 kr. minni en tekjur beggja brauðanna eru nú. Menn verða að játa, að annað eins tilfelli og þetta geti komið fyrir. Jeg legg áherzlu á það, að eins og þingið er *skyldugt* að að bæta upp brauð, eins hefur það *rjett* til að taka nokkuð af tekjum frá brauði, þar sem því sýnist ástæða til þess. Jeg verð líka að leggja áherzlu á það, að landshöfðingjarnir hafa eigi skilið á sama hátt 4. gr. laga þeirra, sem hjer ræðir um. Hinir fyrverandi landshöfðingjar álitu, að þeir gætu ekki lagt fullnaðarúrslit á um breytingar prestakalla. Núverandi landshöfðingi álítur, að hann geti það. Hjer er auðsjáanlega um annaðhvort að gjöra, að landshöfðingjarnir skilja lögin beinlínis sinn á hvern hátt, eða hinir fyrverandi landshöfðingjar hafa álitið, að

hjer væri lagt það mál á þeirra vald, sem ekki ætti að vera á þeirra valdi. Jeg er helzt á því, að ákvæði 4. gr. sjeu of óákveðin og ekki í fullu samræmi við 1. gr. Það má vænta þess af alþingi, að það gæti allrar sanngirni í brauðaskipunarmálum, svo að þeim sje vel komið í höndum þess. En að öðru leyti verð jeg að játa, að mjer þykir alþingi hafa ofmikil yfirráð yfir kirkjunni, þar sem ekki er með lögum ákveðin trúarjátning þingmanna; en það tekur ekki til þessa máls. Í öllu falli væri æskilegt, að ákvæði 4. gr. væru ákveðnari en þau eru, því að það er kostur við öll lög, að þau sjeu sem ótvíræðust.

E. Th. Jónassen: Jeg leyfi mjer að koma fram með litla athugasemd eða fyrirspurn til háttv. forseta. Jeg sje ekki betur en að þetta sje alveg sama mál og það, sem nýbúið er að fella í neðri deild, en komi hjer að eins fram í nokkuð öðru formi. Því vil jeg, sem nýr þingmaður, spyrja, hvort það hafi verið venja að undanförnu, að taka mætti upp á sama þingi það mál, sem þegar hefur verið fellt, og hafi það ekki verið venja, þá sýnist mjer full ástæða til að vísa þessu máli frá.

Friðrik Stefánsson: Jeg get ómögulega gefið frv. eins og það liggur fyrir, atkv. mitt, af því að mjer finnst það takmarka svo mjög það frelsi safnaða, sem þeim er veitt í 4. gr. laga 27. febr. 1880. Ef sameining brauða ætti í hvert sinn að bíða eptir samþykki alþingis, sem ekki kemur saman nema annaðhvort ár, þá gæti það haft í för með sjer margfalt óhagræði fyrir söfnuðina, og sameiningin þannig farizt fyrir, hversu hagfelld sem hún væri. Líka þykir mjer það ekki heppileg nje viðkunnanleg ákvörðun í frv., að ef alþingi hreyfir ekki málinu, eða þegir, þá skuli sameiningin og fá fullnaðargildi; svo mikið er óhætt að segja, að sú aðferð er óvanaleg. Jeg álít það yfir höfuð mjög óhagfellt fyrir þingið, að vasast meir en þörf gjörist í prestakallamálum. Það hefur þegar riðið sjer þann hnút þar, sem full erfiður verður að leysa, þótt það láti hjeraðafundi og söfnuði hafa sem mest óskorað vald í kirkjumálum sínum, en gera þeim enga etjukosti. Það er að mínu áliti að eins fjárspursmálið, sem hjer getur komið til greina. Það er auðvitað að ef tvö brauð væru sameinuð, sem til samans hefðu 2000 kr. tekjur, þá væri ástæða til þess að töluvert árgjald væri greitt frá sameinaða brauðinu. En það mætti kveða svo á, að ef eitthvert brauð yrði eptir sameininguna hærra metið en t. d. 1400 kr., þá skyldi greitt frá því það sem fram yfir væri, ef úr landssjóði þyrfti að gjalda til brauða í prófastsdæmi því sem hið sameinaða brauð væri í, því að jeg kann svo vel við, að hvert prófastsdæmi beri sig sjálft í tilliti til prestsgjaldanna. Ef aptur á móti brauð eru bútuð í sundur og gjörð helmingi fleiri, eins og hinn háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) bjóst við í ræðu sinni, að mundi geta átt sjer stað, þá álít jeg að ekki þurfi að óttast það; en kæmi það fyrir, þá mun landsstjórnin ekki sjá sjer fært að leggja fullnaðar-samþykki sitt á þá sundurskipting, fyr en alþingi hefur veitt það fje, sem þörf er á, og hefur það þá í hendi sinni, hvort sundurskipting brauðanna geti átt sjer stað. Jeg mun óhikað greiða atkvæði móti frv., því að jeg álít, að með því að samþykkja það, sje rjettur safnaðanna fyrir borð borinn.

Arnljótur Ólafsson: Þm. Skagf. (Fr. St.) tók nú að miklu leyti fram það, sem jeg vildi, og er jeg honum alveg samdóma. Fyrir því vil jeg snúa mjer einungis að einu atriði þessara viðaukalaga, og sem jeg álít aðalatriðið. Eptir þessu frumv. til viðaukalaga við 4. gr. prestakallalaganna finnst mjer vera gengið miklu lengra en gjört var með frumv. því, sem kom fram í neðri deild. Í þessu frumvarpi er

gengið svo langt, að hversu lítil breyting sem gjörð er milli sókna eða brauða, þá skal breyting sú eigi gilda nema til næsta alþingis og hún verði samþykkt af því, þar sem í frumv. neðri deildar var farið fram á, að svo skyldi vera einungis í þeim tveim tilfellum, er ræða væri um niðurlagning eður þá um sameining brauða. Jeg vil spyrja háttv. flutningsmann (B. Kr.), hvar finnur hann dæmi til þess í löggjöf vorri, að löggjafarvaldið takmarki svo umboðsvaldið, eins og hjer er farið fram á? Eptir þessu frv. má frakvæmdarvaldið, þ. e. sóknarnefnd, hjeraðsfundur, biskup og landshöfðingi, eigi gjöra til fullnaðar hina minni breyting á skipun sókna, eigi taka einn bæ frá einni sókninni í sama brauði og leggja til annara, nema alþingi gjaldi þar til samkvæði sitt eptir á. Ef jeg skil rjett, þá er í stjórnarskipun vorri dregin sú merkjalína milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins, sem eigi getur samrýmzt við efni frumv. þessa. Hjer er umboðsvaldið dregið undir löggjafarvaldið. Jeg vil spyrja: Er þetta samkvæmt 1. gr. stjórnarskrár vorrar? Nei, því eptir þessu má framkvæmdarvaldið ei framkvæma neitt til fullnaðar, nema það komi til samþykkis löggjafarvaldsins á eptir, og því merkilegri er þessi nýja regla hjer, sem konungdómurinn hefur meira vald í kirkjulegum málum, en öðrum; kirkjujarðir má t. d. selja með samþykki umboðsstjórnarinnar, en umboðsvaldið má eigi flytja bæ til frá einni sókn, og leggja til annarar. Jeg skal svo eigi tala meira að sinni, en óska skýringar hins háttv. framsögumanns, er geti sannfært mig um, að frv. þetta sje í samkvæmni við 1. gr. stjórnarskrárinnar.

Flutningsmaður (Benidikt Kristjánsson): H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) álítur, að með þessu frumvarpi sje tekið fram fyrir hendurnar á framkvæmdarvaldinu, ofan í ákvæði 1. gr. stjórnarskrárinnar, en jeg álít, að það haldi sínum rjetti óskertum til þess að framkvæma lög, og mun það vera kjarni ákvæðanna í 1. gr. stjórnarskrárinnar, en ekki sá, að lög megi ekki takmarka verksvið umboðsvaldsins í neinu eða breyta lagaákvæðum, sem snerta það. Lögin frá 27. febr. 1880 segja í 1. gr. „Á Íslandi skulu vera þessi prestaköll“; en hjer er eigi spursmálið um það, að verið sje að banna framkvæmd á þessari grein, en það er 4. gr., sem mjer finnst að standi eigi í fullu samræmi við 1. gr., og því hef jeg farið fram á að henni verði breytt. Mín meining er alls eigi sú, að draga öll völd úr höndum safnaðanna. Jeg skal að öðru leyti eigi neita því, að gjöra mætti breytingar til bóta á orðfærinu á frumvarpinu, og ef hinn háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) vildi leggja rækt við frumvarpið og koma með breytingartillögu í þá átt, þá skal jeg vera honum mjög þakklátur.

Landshöfðingi: Jeg var hjer eigi viðstaddur, þegar umræðurnar um þetta mál byrjuðu, því satt að segja hjelt jeg, að þetta mál mundi ekki koma til umr., af því að það væri ekki borið upp í rjettu formi. Hjer er ekki að ræða um frumv., heldur um lög. Fyrirsögnin er „viðaukalög“, ekki frv. til viðaukalaga. Á þingdeildin þá að fara að ræða lög? Flutningsmaður er hættur við að búa til frumvörp, en býr nú sjálfur til lög. Lög þessi hafa áður verið borin upp sem frumvarp í neðri deild, og voru þá felld. Að vísu koma þau hjer eigi fram í alveg sama búningi, heldur lítið eitt breytt. Það hefur verið siður, þó það sje ekki beinlínis bannað í þingsköpunum, að bera ekki frumvörp, sem felld hafa verið í annari deildinni, upp í hinni, nema hvað það kann að hafa komið fyrir, að partar af frumvörpum, sem felld hafa verið í annari deildinni, hafa verið bornir upp í hinni. Einmitt þessi venja hefur leitt af sjer aðra venju,

sem sje þá, að forsetar deildanna skýra hver öðrum frá í hvert skipti sem frv. er fellt í annari hvorri deildinni, og það gjöra þeir aptur einmitt til þess, að frv. verði eigi tekið upp aptur í deildinni. Jeg bjóst því við, að frumvarp þetta yrði þegar fellt og kæmi eigi til umræðu.

Jón Ólafsson: Það eru einmitt hinar sömu ástæður, sem koma mjer til að gefa þessu frumvarpi atkvæði mitt, sem þær, er hinn háttvirti þm. Skagf. (Fr. St.) tilfærði fyrir því, að hann gæti *eigi* gefið því sitt atkvæði. Jeg skoðaði þetta strax sem frumvarp, en eigi lög, enda gæti það verið gáleysi skrifstofunnar eða prófarkalesaranna að kenna. Hins vegar er talað um, að alþingi hafi afgreitt lög, þó konungur hafi enn eigi staðfest þau, og auðvitað er frumvarpið frumvarp, hvort heldur sem það er kallað svo eða ekki; það er lítilfjörlegt formsatriði, en hefur eigi neina verulega þýðingu. Því lagafrumv., sem lá fyrir í neðri deild, um breyting á lögum 27. febr. 1880, hefði jeg eigi getað gefið atkvæði mitt; en hjer er farið fram á talsvert annað. Jeg hlustaði á umræður um þetta í neðri deild og ástæður þær, sem hinn hæstvirti landsh. tók þar fram á móti frumvarpinu, og það frumvarp hefði jeg ekki getað samþykkt, því eptir því gátu söfnuðirnir átt á hættu að fá bæn sína samþykkta með nýjum skilyrðum, sem þeim eigi líkaði, en í þessu frumvarpi er synt fyrir það; er hjer reynt til að tryggja rjett safnaðanna, að þeir fái annaðhvort já eða nei. En þannig lagað frumvarp kom aldrei til umræðu í neðri deild, en nokkrir af andmælendum frumvarpsins í neðri deild hafa sagt mjer, að hefði frumv. verið svona lagað, þá mundu þeir hafa gefið því atkv. Þetta er því alveg nýtt frumvarp að efni. Einmitt af því að jeg fellst á ástæðu hins háttv. þm. Skagf. (Fr. St.), einmitt af því að jeg vil ekki bera fyrir borð rjett safnaðanna, eins og jeg heldur ekki vil kasta útbyrðis rjetti alþingis, þá þætti mjer æskilegt, að þetta yrði að lögum. Hjer er farið fram á, að breyting á sóknaskipun eða niðurlagning kirkna geti ei fram farið án samþykkis löggjafarvaldsins, enda getur slíkt haft þýðingu í fjárhagslegu tilliti, því við það, að kirkja eða brauð er lagt niður, þá aukast tekjur annarar kirkju, eða brauðs, og er þá brauðið orðið hægra, og svo getur komið til álits, hvort eigi skuli gjalda í landssjóð af þessu sameinaða brauði, bæði sakir tekjuhæðarinnar, og hægðarinnar, því gjaldið fer eigi eingöngu eptir tekjuhæðinni, heldur líka eptir hægðinni. Jeg tek það aptur fram, að þetta finnst mjer einmitt gott við frumv., að eptir því eiga allar breytingar á brauðum að ná til alþingis. H. 5. kgk. þm. (Arnlj. Ól.) lagði áherzlu á, að undarlegt væri, að leita samþykkis þingsins um einn bæ, hvort að leggja mætti hann til annarar sóknar; það væri það að vísu, en það getur eins vel verið um marga — um 10—20 — bæi að ræða eða fleiri. Jeg get hugsað mjer gamlan prest, sem vildi leggja nokkuð af sókninni til nábúasóknar og kæmi sjer saman um það við hlutaðeigandi, og söfnuðirnir hefðu ekki á móti því, en þegar prestaskipti yrðu... *(E. Th. J.:* Þm. gleymir hjeraðsfundinum), — þeir munu optast fúsir á að samþykkja það, sem söfnuðirnir segjast vilja, þegar sá, sem hlut á að máli, er líka viðstaddur, — sem sagt, undir eins og prestaskipti yrðu, og ungur maður, sem ekki teldi eptir sjer örðugleika, ef tekjur bættust við á móti, fengi brauðið gamla prestsins, þá mundi koma kvörtun til þingsins um, að brauðið væri of tekjulágt, og að það hefði eigi það, sem því bæri. Jeg sje því eigi annað en að frumv. þetta innihaldi verulegt nýtt og gagnlegt. Þegar frumv. kemur til 2. umr. *(L. E. Sv.:* „Ef"), þá má gjöra við þann formgalla, sem á fyrirsögn þess

þykir vera. Jeg vil því eigi fella þetta frumv., heldur gef jeg því atkv. mitt.

Landshöfðingi: Meining mín áðan var sú, að háttv. forseti útaf athugasemdum mínum um frumvarp þetta, mundi skera úr því, hvort það ætti að ræðast hjer í deildinni, en þar sem jeg sje, að hann hefur eigi sinnt þeim, skora jeg nú á hann, að skera úr þessu ágreiningsatriði.

Forseti (*Árni Thorsteinson*): Jeg get eigi álitið, að mjer sem forseta beri, eins og mál þetta er vaxið, að dæma um það, hvort það sje lögmætt að ræða þetta mál eða eigi; en þess skal jeg í fyrsta lagi láta getið, að því hefur vanalega verið fylgt á þingum, að sama mál, sem hafði verið fellt í annari deildinni, væri eigi tekið upp í hinni. Þegar mál þetta kom fram, þá fannst mjer það vera líkt og það, sem áður var fellt, en áleit þó vafasamt, hvort það væru alveg hin sömu ákvæði í frumv. þessu, sem í því, sem fellt var, og að um það mætti lengi þrátta, en að mjer bæri eigi að dæma um það sem forseta, úr því frumvörpin eigi voru samhljóða. Jeg var því eigi á móti að taka frumv. til 1. umræðu, af því jeg gat eigi álitið rjett, að vera að banna þingmönnum uppástungurjett þann, er þeim tilkemur eptir stjórnarskránni, og í fullu trausti þess, að þingið sýndi samkvæmni, tók jeg það upp á dagskrá. En hvað viðvíkur þeim galla, að flutningsmaður hefur kallað frumv. lög, þá skora jeg á hann að leiðrjetta það undir næstu umræðu, ef til kemur. Jeg þykist þannig hafa skýrt frá ástæðunum, til þess að jeg tók málið upp á dagskrá, en að öðru leyti álít jeg, að það sje á valdi þingd., að skera úr því, hvort rjett sje, að ræða málið eða eigi.

Landshöfðingi: Jeg vil þá leyfa mjer að æskja þess, að það verði borið undir atkv. deildarinnar, hvort halda skuli umræðunum áfram.

ATKVÆÐAGR.: Þingdeildin hafnaði því með 6 atkvæðum gegn 4, að málinu væri vísað frá 1. umr. Síðan var málið fellt frá 2. umr. með 6 atkvæðum gegn 5.

Tuttugasti fundur, þriðjudag 26. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema forseti (Á. Thorsteinson), er hafði tilkynnt forföll sín, svo að varaforseti, L. E. Sveinbjörnsson, gegndi forsetastörfum.

Frv. til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794 (124,156); 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Frumvarpi þessu var svo vel tekið við 1. umr. þess, að jeg finn ekki ástæðu til að mæla margt með því. Að eins skal jeg geta þess, að breytingartill. sú, er fram er komin við frv. frá mjer og meðflutningsm. (A. Ó.) mínum, er ekki einu sinni orðabreyting, heldur að eins breyting á setningaskipun 1. gr. Jeg vona því að hún geti ekki orðið því að fjörlesti.

Jeg skal taka það fram, að ástæðan til þess að þetta frv. er fram komið, er hin mikla nauðsyn á læknishjálp, þegar líf og heilsa er í veði, — en ómögulegt er að ná til hinna lærðu lækna, sem mjög opt á sjer stað, enda virðist það vera hvort á móti öðru, að skottulæknar megi lækna, en hafi ekki heimild til að láta úti meðöl. Læknaþörfin er svo mikil hjer á landi, að ekki mundi af veita að hinir lærðu læknar væru tveim þriðjungum fleiri, ef ei mætti aðra nota, sakir strjálbyggða landsins, stærðar hjeraða, og vondra vega og annara annmarka, en til að koma læknaskipuninni í það horf, þarf stórfje, sem við höfum ekki ráð á, nú sem stendur. Jeg vona því, að frv. verði látið ganga til 3. umræðu.

E. Th. Jónassen: Jeg verð að líta

öðruvísi á þetta mál en háttv. flutningsmaður (Fr. St.) þess. Það er ýmislegt athugavert við það, að gjöra að lögum slíkt frumv., sem þetta er. Það er vitaskuld, að þegar búið var að gjöra það að lögum, að hver maður sem vildi, gæti fengizt við lækningar, var hin næsta afleiðing, að allir vildu fá að selja meðöl. Þetta áttu menn að athuga, þegar lögin voru samin. En jeg verð að álíta það mjög hættulegt og skaðlegt, að hver maður, sem gefur sig út fyrir skottulækni, — að jeg leyfi mjer að viðhafa það orð, úr því háttv. flutningsmaður (Fr. St.) við hafði það, — hafi leyfi til að setja saman meðöl eða láta úti og kaupa þau hjá hverjum lyfsala ríkisins, sem þeir vilja. Jeg trúi ekki þeim mönnum fyrir því, þar sem líf manna er í veði, ef í ólagi fer. Jeg get ekki borið traust til þeirra manna, sem ekkert skyn bera á efnafræði, að setja saman meðul. Það eru lyfsalarnir einir, sem maður verður að bera fullt traust til í þeim efnum. Og hvernig eiga þessir skottulæknar að geta dæmt um þau meðöl, sem þeir fá? Jeg álít háskalegt að fá slíkum mönnum, alveg máske ólærðum, slíkt leyfi í hendur. Jeg verð að ætla, að þeir geti, eins og aðrir læknar, og það hinir lærðu læknar, keypt meðöl sín hjá lyfsölumönnunum tilbúin. Jeg vil ekki að hver maður, hversu óvandaður sem hann kann að vera, geti sjálfur búið til meðöl sín. Jeg álít það hvorki gjörlegt nje heppilegt, og get því ekki gefið þessu frv. atkvæði mitt.

Jón Ólafsson: Jeg þykist sjá, að höfundar þessa frv. vilja með því rýmka atvinnuvegina. Frv. gengur auðsjáanlega út á það, enda eru höfundarnir báðir forkólfar atvinnufrelsisins. En mjer þykir það þó undarlegt, að sjerstaklega háttv. 5. kgk. (A. Ó.) og enda báðir, sem bera fyrir brjósti jafnrjett og vilja halda því fram, skuli vilja innleiða slíkt misrjetti, sem fólgið er í ákvæðum þessa frv. Jeg gæti vel skilið það, ef þessir háttv. flutningsmenn frv. vildu leyfa *öllum* læknum að kaupa meðöl sín, hvar sem þeir vildu, og í því skyldi jeg fylgja þeim; en að þeir skuli vera þeir harðstjórar við hina lærðu lækna, að setja skottulæknana skör ofar en þá, það get jeg ekki fundið neina ástæðu til. Jeg er hræddur um, að þetta verði til þess, að vekja óánægju milli skottulæknanna og hinna lærðu lækna. Það er mjög óviðkunnanlegt, að rýmka á þennan hátt rjett skottulækna til meðalakaupa fram yfir það leyfi sem hinir löggiltu læknar landsins hafa. *(A. Ó.:* Hvaða leyfi?). Hinn háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) veit það víst, að hinir löggiltu læknar eru bundnir við að kaupa meðöl sín, *ekki* hjá lyfsölumönnum *ríkisins*, heldur hjá lyfsölumönnum þeim, sem eru *hjer* á landi; meira að segja, hver læknir er einbundinn við sinn lyfsala. *Þeir* mega ekki hlaupa til hins fyrsta bezta „materialista“ og kaupa hjá honum „controllaust“ hvern óþverra, sem vera skal. En hví vilja menn þá leyfa skottulæknunum að gjöra þetta? Eru *þeir* þeim mun *betur að sjer*? Er svo mikið þekkingardjúp eða vanþekkingardjúp staðfest á milli þeirra, að hinir lærðu læknar eigi að rjettu að setjast þessari skör neðar? Jeg skil ekki að þessir forkólfar atvinnufrelsis og jafnrjettis skuli ekki fyrst eða að minnsta kosti jöfnum höndum vilja rýmka rjett hinna lærðu lækna til meðalakaupa, heldur auka misrjetti milli hinna lærðu og ólærðu lækna á þennan hátt. Jeg vil að minnsta kosti geyma atkvæði mitt og greiða það ekki fyrir þessu frv. fyr en jeg sje, að háttv. flutningsm. (A. Ó., og Fr. St.) hafa komið fram með þau ákvæði í frv. sínu, er betur styðja jafnrjettið, en frv. þetta gjörir eins og það nú er.

Flutningsm. (A. Ól.): Jeg heyrði eigi upphaf hinnar snjöllu ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), en skal þó leitast við að

svara því, sem jeg heyrði. Háttv. þm. (J. Ól.) talaði um, að skottulæknum væri í þessu frv. veittur meiri rjettur en hinum reglulegu læknum, að því leyti sem þeim er veitt leyfi til að kaupa meðöl sín hjá lyfsölumönnum ríkisins, en eru eigi, eins og hinir föstu læknar, bundnir við lyfsölumenn landsins. Þetta er satt. En ástæðan til þessa ákvæðis í frv. er sú, að þau meðöl, sem smáskamtalæknar nota, eru eigi til í lyfsölubúðum landsins, nema hjer í lyfsölubúðinni í Reykjavík. Jeg skyldi ekki vera á móti því, að frv. væri breytt í þá átt, að þeir smáskamtalæknar sem eru í umdæmi Reykjavíkur skyldu kaupa meðöl sín hjer; en hitt væri ójafnræði, að þeir smáskamtalæknar, sem eru í lögsagnarumdæmi Stykkishólms, Ísafjarðar og Akureyrar, mættu ekki kaupa meðöl sín annarstaðar en í Reykjavík, fyrst þeir geta ekki fengið þau annarstaðar í landinu. Það væri ekki jöfnuður; en mjer skildist á orðum h. þm. S.-Múl. (J. Ól.). að hann hefði ekkert á móti því, að smáskamtalæknar hefðu sama rjett sem aðrir læknar. En hitt, að það sje forrjettindi að trúa smáskamtalæknum fyrir að setja saman meðöl, skil jeg ekki hvar hann fær út úr frv. þessu. Jeg veit ekki betur en stórskamtalæknar hafi leyfi til að setja saman meðöl sín úr meðalaefnum þeim, sem þeir fá í lyfjabúðunum, rjett eins og smáskamtalæknar gjöra. Jeg þekki ekki, að til sjeu „materialistar“ í smáskamtameðölum; efnin sem smáskamtalæknar fá, þurfa þeir eigi annað við að gjöra en að þynna þau út á sama hátt sem stórskamtalæknar gjöra við ýms meðöl, sem þeir kaupa í lyfsölubúðum, svo sem ýmsar „tinctúrur og málma“. Jeg get því ekki sjeð, að frv. þetta fari fram á neinn þann rjett smáskamtalæknum til handa, er á við þá eina, en ekki líka við stórskamtalækna, eða veiti smáskamtalæknum nokkurn rjett fram yfir hina, nema að því leyti sem þeim er leyft að kaupa meðöl sín innan ríkis, þar sem þau eru eigi til í landinu sjálfu.

Jeg skal svo víkja lítið eitt að breyt till. minni á þingskj. 156. Hún er svo til komin, að orðalag 1. gr. frv. gat misskilizt og hefur enda verið misskilið í prentuninni. Meiningin í 1. gr. á sem sje að vera sú, að þeim mönnum, sem ekki eru löggiltir, skuli veitast rjettur til að láta úti og selja, til jafns við reglulega lækna, meðöl þau er þeir nota við lækningar sínar. En eptir orðasetning frv. gat þetta misskilizt.

Jeg þarf naumast að taka það fram, að eptir lögum 29. febr. 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794, er ólöggiltum læknum leyft að hafa um hönd lækningar á allan sama hátt, sem hinum reglulegu læknum, að eins er því bætt við, að ef þeir gjöra skaða, þá varði það sektum, þar sem ekki verður haft á löggiltum læknum, þótt sjúklingur deyi rjett þá er hann er búinn að fá inn meðöl frá þeim. Úr því nú ólærðum læknum er með lögum 29. febrúar 1884 veittur þessi rjettur að lækna, þá getur ekkert verið á móti því, að veita þeim leyfi til líka að láta þau meðöl úti, er þeir lækna með.

2. gr. frv. er samkvæm lögum 29. febr. 1884, og leggur sekt við, ef þessir menn verða uppvísir að því, að gjöra skaða með meðalaútlátum eða meðalasölu; það á að varða sömu hegningu, sem þeirri, er sett er í þeim lögum. Enn fremur er í þeirri gr. bætt við, að það skuli varða allt að 200 kr. sektum, ef þeir brjóta gegn einkaleyfi lyfsölumanna.

Í einu orði að segja: Þetta frv. er alveg samhljóða og eðlileg afleiðing af lögum 29. febr 1884.

Jeg skal bæta því við í sambandi við þetta, að þar sem hinum ólærðu læknum eru sett takmörk fyrir því í þessu frv., hvar þeir skuli kaupa meðöl sín, þá

hafa þeir hingað til keypt meðöl sín frá Þýzkalandi, og ekki verið dæmdir fyrir það. Þeim eru þá í þessu frumv. sett takmörk með því, að þeir eru bundnir við að kaupa meðöl sín hjá lyfsölumönnum ríkisins.

Skúli Þorvarðarson: Það hefur verið talað bæði með og mót frv. því, sem hjer liggur fyrir, og skal jeg í fám orðum láta í ljósi meiningu mína um það. Jeg þykist þekkja það, að það er mikillega þörf á fleiri læknum í landinu; hefur það verið látið í ljósi bæði hjer á þinginu og víðar. Menn hafa mikið brúkað skottulækna í seinni tíð, homópata hingað til, og hef jeg ekki tekið eptir því, að það hafi orðið að skaða. Það hafa margir reynt hjálp þeirra; og fyrir þessar ástæður hallast jeg fremur að frv., og mun gefa því atkvæði mitt. Þar sem sumir háttv. þm. hafa haft á móti því, að trúa ólærðum læknum fyrir því, að setja saman meðöl, þá verð jeg að treysta því, enda veit jeg til, að það sje satt sem hinn háttv. 5. kgk. (A. Ó.) sagði, að þeir fengju meðöl sín samsett, svo þeir þurfi eigi annað en þynna þau. Það er vitaskuld, að það kann að vera misrjetti, að smáskamtalæknar megi fá meðöl sín frá útlöndum, en hinir lærðu læknar skuli vera bundnir við lyfsölumenn á landinu sjálfu. En mjer finnst meira mæli með frv. sú nauðsyn, sem á því er, að þessir ólærðu læknar megi selja meðöl sín, því annars eru lögin 29. febr. 1884 þeim að engum notum, ef þeir ekki mega fá leyfi til að ná í meðöl sín þaðan sem þeir geta fengið þau, eins og gjört er ráð fyrir í þessu frv. Af þessum ástæðum gef jeg atkvæði mitt með þessu frumvarpi.

Jakob Guðmundsson: Jeg er samdóma háttv. 1. þm. S.-Múl. (Jóni Ólafss.) um það, að það er mjög óþægilegt, jafnvel sorglegt, að lög skuli banna lærðum læknum að panta meðöl sín annarstaðar frá, en frá lyfsölum hjer á landi, og það því fremur sem lyfsölubúðir eru hjer svo strjálar, að margir læknar eiga hægra með að fá meðöl sín frá Kaupmannahöfn en frá þeim. Jeg hygg að þetta sjeu gamlar eptirstöðvar af einokun fyrri tíma. Jeg hef jafnvel orðið þess var nú á hinum síðustu dögum, að sumir lyfsalar álíta, að umdæmum sje þannig skipt, að mönnum sje ekki heimilt að fá meðöl sín frá annari lyfjabúð landsins en þeirri, sem er í því umdæmi; þessi skoðun hefur komið háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) til að finna að þeim misrjetti, sem á yrði, ef hinum ólærðu læknum yrði leyft að kaupa meðöl sín annarstaðar en hjá lyfsölumönnum landsins, eins og farið er fram á í frumvarpi þessu.

H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) kvaðst eigi vita til, að meðöl smáskamtalækna fengjust hjer í lyfjabúðum landsins annarstaðar en lítið eitt í Reykjavík. Jeg hygg, að þetta muni satt vera. Jeg hef sjálfur farið þess á flot við lyfsölumanninn í Stykkishólmi, að hann útvegaði sjer og hefði til sölu meðöl smáskamtalækna, en hann færðist undan því, og kvaðst vera hræddur um, að það mundi ekki svara kostnaði; en skyldaður mun hann víst ekki verða til þess; að minsta kosti hef jeg ekki þorað að fara fram á það. En lyfsalinn hjer í Reykjavík mun af sjálfsdáðum hafa fengið sjer þess konar meðöl. Fyrst fjekk hann þau frá Danmörku, frá hinum sama manni, sem jeg fjekk meðöl mín um árið, sem mest varð rekistefnan út úr. En eptir að jeg hafði rjettlætt meðöl mín með því, að láta senda þau heilbrigðisráðinu í Danmörku og rjettlætt sjálfan mig með því að fá lækningaleyfi, minntist jeg eitt sinn á það við lyfsalann hjer í Reykjavík, að jeg hefði fengið meðöl frá Leipzig, og gæti ekki neitað því, að mjer hefði reynzt þau öllu betur. Þetta varð til þess, að hann fjekk sjer líka smá-

skamtameðöl frá Leipzig, og þetta mun hann gjöra sem meðalakaupmaður, án þess að hann sje skyldugur til að hafa í lyfjabúð sinni þess konar meðöl. Og þegar nú lyfsölumenn landsins eru ekki skyldugir að hafa smáskamtameðöl, er það ósanngjarnt, að meina smáskamtalæknum að fá meðöl sín þaðan, sem þeir geta fengið þau. Að þessu leyti þola hinir föstu læknar og smáskamtalæknarnir engan samanburð. En hitt skal jeg játa, að jeg skyldi manna fúsastur vera með til þess að búa til þau lög, sem næmi úr lögum þessa meðalaeinokun. En viðvíkjandi því að smáskamtalæknar mundu misbrúka það leyfi, sem þeir fengju, til að setja saman meðöl sín, þá hygg jeg að engin hætta sje á því. Jeg á bók eina, er heitir „Pharmacopæa homöopathica polyglotta", af því hún er á 5 tungum og er í henni gjörð grein fyrir, hvernig smáskamtameðöl eru tilbúin. Jeg fjekk mjer ekki þessa bók af því, að jeg ætlaði mjer að búa til þess konar meðöl, heldur fjekk jeg mjer hana að gamni mínu til fróðleiks, — og heyri það allur lýður — af monti, svo að jeg gæti, þegar jeg ætti tal við hina lærðu allopathalækna, gjört dálitla grein fyrir úr hverju meðöl mín væru og hvernig þau væru tilbúin. En það þori jeg að fullyrða, að ekki er hætt við að smáskamtalæknum detti í hug, þó þeir hefðu slíka bók, að panta frumefnin í meðöl sín, og búa þau sjálfir til. Og í annan stað skal jeg geta þess, að þessi lyfsölumaður í Leipzig, er jeg átti viðskipti við, mun ekki leyfa sjer að láta úti skæð eiturmeðöl, nema í 3. þynningu t. d. arsenicum.

Það væri mjög undarlegt, ef þeir menn, sem hafa leyfi til að lækna, skyldu ekki geta fengið meðöl sín þaðan, sem hægt væri að fá þau, fyrst þau ekki eru til í landinu sjálfu. Og þótt þau væru til hjer á lyfsölubúðum, lyfsalinn hefur ekkert vit á því, hvort þau eru gagnleg eða skaðleg, hann getur að eins lesið nöfnin, sem á þeim standa, en uppleyst þau og rannsakað geta þeir einir, sem hafa chemisk verkfæri til þess. Jeg man það glöggt um árið, þegar myglaði og músjetni pokinn var tekin upp hjerna fyrir rjetti með meðölunum góðu, þá skildi jeg nöfnin á meðölunum, af því að jeg hafði lært málfræði, landlæknirinn skildi líka eiturnöfnin, en hann skyldi eða vissi ekkert um, hvernig þau voru saman sett. Hann dæmdi þau eitur og bannaði mjer að brúka þau; en hið konunglega heilbrigðisráð lýsti þau óskaðleg og sá ekkert á móti því, að hverjum manni, sem vera skyldi, leyfðist að brúka þau.

E. Th. Jónassen: H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) og hinn háttvirti. þm. Dala. (J. G.) hafa haldið hjer alllangan „homöopathiskan" fyrirlestur. Þeir ganga út frá, að hjer sje að eins að ræða um sölu homöopathiskra meðala, en það dugar ekki að einblína á þetta; menn verða að taka lagaboðið eins og það er, og það talar alveg almennt um meðalasölu, bæði homöopatha og allopatha. H. 5. kgk. þm. (A. Ólafss.) sagði, að það mundi verða sjeð um að þessi meðöl yrðu ekki seld of dýrt. En hver „controllerar" það? Menn hafa sagt, að það væri bæði leitt og slæmt, að leyfa lyfjabúðunum að hafa þessa einokun með sölu meðalanna; en jeg gæti sjeð, hvað margir mundu fást til að koma lyfjabúðunum á stofn, ef einkaleyfin væru tekin frá þeim; jeg er sannfærður um, að enginn mundi þá fást til þess; þeir sem annað segja hafa ekki hugmynd um, hvaða kostnað það hefur í för með sjer, að setja niður lyfjabúð og útbúa sig með allt, sem þar til heyrir; auk þess standa lyfjabúðirnar undir umsjón landlæknis, er á að hafa gætur á því, að meðölin þar sjeu ávallt í góðu lagi; en í því er mikil trygging fyrir allan almenning.

Sighvatur Árnason: Þegar jeg las

þetta frumv., datt mjer í hug, að efnið í því lægi meira á milli línanna en í línunum sjálfum; þetta er nú líka komið fram í umræðunum. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett, að ganga eins vítt og frumvarpið gjörir, því að leyfa hverjum einum að láta af hendi og selja meðöl, sem heilsa og líf manna getur verið komið undir, sjerstaklega allopathisk meðöl, álít jeg með öllu ófært. Það getur verið að annað gildi um homöopathana, en því tóku þá flutningsmennirnir það ekki fram í frumvarpinu um þá? Jeg veit að homoöpathar hafa hjálpað mörgum, en það má eigi blanda þeim saman við allopathiska skottulækna, og get jeg því eigi fallizt á það að þessu leyti. Jeg álít ófært að útvíkka leyfið til meðalakaupa fyrir allopathiska skottulækna, og geta þeim þannig meira leyfi í nefndu tilliti en lögskipuðum læknum. Það er og óþarft fyrir allopath. skottulæknana, því þeir geta æfinlega haft sín góðu húsráð, þó eigi hafi þeir mikið af meðölum handa á milli; hitt væri bæði hættulegt og til að spilla þeirra góðu húsráðum. En gætu flutningsmenn frumvarpsins lagað það svo, að það eingöngu snerti smáskamtalækna, en sleppti hinum, þá væri jeg með að geta frumvarpinu atkvæði mitt.

Jón Ólafsson: H. 5. kgk. þingm. (A. Ó.) hjelt, að hinir lögskipuðu læknar á Íslandi hefðu ótakmarkað leyfi til að setja saman meðöl; en þetta er ekki rjett, því í „Instrúxi“ fyrir landlækni er í 19. gr. tekin fram undantekning með lyf úr efnum, sem keypt eru úr lyfjabúðum, en í frumvarpi hinna háttv. flutningsmanna er allopathiskum skottulæknum gefið meira vald til, eða frekara leyfi til meðalasölu, en lögskipuðum læknum; hefðu flutningsmenn frumvarpsins gefið hinum lögskipuðu læknum sama vald, eða rýmkað á sama hátt leyfi til þeirra meðalasölu, þá hefði jeg gefið frumvarpinu atkvæði mitt, en meðan það er ekki gjört, get jeg það ekki, því jeg vil ekki vera með til að auka misrjetti.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal geta þess, út af ágreiningi þeim, sem kominn er fram í málinu, að við flutningsmennirnir næstum eingöngu höfðum smáskamtalækna fyrir augum, þegar við sömdum frumvarpið, því nú eru ekki stórskamtandi skottulæknar til í norðurlandi svo teljandi sje, eða enginn í Þingeyjar Eyjafjarðar og Skagafjarðarsýslum, en bara einn einasti í Húnavatnssýslu. Ásetningur okkar var sá, að samveikislæknar mættu kaupa meðöl sín í Danmörku, þegar þau ekki fengjust hjer á landi. Jeg er því fús til að breyta frumvarpinu á þá leið, að samveikislæknar fái rjett til að kaupa meðöl sín í ríkinu, en gegnveikislegir skottulæknar sjeu þar þá undanskildir, ellegar þá að fella úr, hvar kaupa skuli meðölin. Jeg vil benda hinum háttv. 2. kgk. þingmanni á það, að jeg veit ekki betur, en að maður fyrst verði sekur, þegar maður hefur brotið. (*E. Th. J.:* Á ekki við). Jú, hinn háttv. 2. kgk. verður þó að kannast við það, að manni verður ei hegnt fyrir það, þó hann seinna kynni að verða brotlegur, því hugsanir og áform eru eigi saknæm fyr en þau koma fram í verki. Jeg skal fúslega taka öllum góðum bendingum, og hef í hyggju að breyta 1. gr. í þá átt, sem þegar hefur verið tekið fram. Mjer datt ekki hug, að leggja neina meiningu milli línanna. Jeg vona svo góðs af hinni háttv. þingdeild, að hún styðji frumvarpið, þó að það sje ekki með öllum atkvæðum, þá með yfirborði þeirra.

Friðrik Stefánsson: H. þingm. Dal. (J. G.) og 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafa þegar tekið flest það fram gagnvart þeim, sem talað hafa á móti frumvarpinu, er jeg vildi sagt hafa. Þm. S.-Múl (J. Ól.) sagði, að við flutningsmenn þessa frumvarps vær-

um forkólfar alls atvinnufrelsis, en jeg fæ ekki betur sjeð, en að hann sjálfur vilji vera það; en hvernig tekur hinn háttv. þingmaður sig út sem forkólfur atvinnufrelsisins í þessu máli? Hann vill breyta frumvarpinu með tilliti til hinna lögskipuðu lækna; en þessir læknar hafa að mínu áliti nóg atvinnufrelsi, og þar að auki laun úr landssjóði. Enda hefur engin umkvörtun komið frá þeim um takmörkun á atvinnufrelsi þeirra. Ef hann vildi bæta kjör þeirra, þá hefði hann átt að koma fram með nýtt sjerstakt frumvarp, en að breyta þessu frv. á þann hátt, sem hann hefur farið fram á, væri að eins til að fella þetta frv., og væri það allt annað en að efla atvinnufrelsi hinna ólærðu lækna; en aptur á hinn bóginn er jeg ekki svo á móti þeirri breytingu þm. S.-Múl., (J. Ól.) jafnvel þó jeg álíti hana óþarfa, að þessi lög næðu að eins til smáskamtalækna, því næstum allir hinir ólærðu læknar fást eingöngu við þær; skal jeg svo ekki fjölyrða meira um frv. þetta, en treysti því, að hin heiðraða deild láti það ganga til 3. umr.; því það er að mínu áliti, og margra annara, mikið nauðsynjamál, og væri sannarlega hart, ef það næði ekki fram að ganga.

Benidikt Kristjánsson: Það er að eins fátt, sem jeg hef að taka fram. Það gladdi mig að vísu, að hinn háttv. flutningsmaður vildi breyta orðum 1. gr.; en þótt hann ekki hafi boðað það, mundi jeg samt hafa gefið frumvarpinu atkvæði mitt; í rauninni sje jeg ekki, að nauðsyn beri til, að breyta orðum 1. gr.; því að í 2. gr. eru sett þau ákvæði, sem taka af öll tvímæli. Það liggur í hlutarins eðli, að það verður að veita „homöopöthum“ leyfi til að kaupa meðöl á einhverri lyfjabúð í ríkinu, en binda þá ekki við lyfjabúðir hjer á landi, einkanlega þegar hjer á landi ekki er nema ein lyfjabúð, sem hefur nokkuð af homöopathameðölum.

ATKVÆÐAGR. (124,156): Breyt.-till. við 1. gr. samþ. með 7 atkvæðum gegn 4; 1. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 3 þm., Arnlj. Ólafssonar, Friðr. Stefánssonar, og Skúla Þorvarðarsonar, og sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðmundsson	Jón Ólafsson
Arnlj. Ólafsson	E. Th. Jónassen
Ben. Kristjánsson	Sighvatur Árnason.
Friðr. Stefánsson	
J. A. Hjaltalín	
Júl. Havsteen	
Skúli Þorvarðarson.	

2. grein samþykkt einu hlj.

3. grein samþykkt einu hlj.

4. grein samþykkt með 8 atkvæðum gegn 2.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt með 8 atkvæðum gegn 2. Málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um sameining Árness- og Rangárvalla sýslna (155); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg er eigi kunnugur í þessum tveim sýslum, en þó þykis jeg vita að fleiri ár og fleiri torfærur sjeu í þeim, en Þjórsá og Ölvesá, og jeg álít, að það sje hverjum manni auðsætt, að embættisannir sýslumannsins í hinum sameinuðu sýslum muni tvöfaldast í samanburði við það, sem nú er í hvorri sýslunni fyrir sig; jeg gjöri einnig ráð fyrir, að sýslurnar verði eins eptir sem áður tvö sýslufjelög, og að hreppaskipunin verði hin sama og áður var.

Þrátt fyrir þetta, þá er sýslumanninum í þessum sameinuðu sýslum ætluð hin sömu laun og sýslumaðurinn nú hefur í annari þeirra. Í annan stað verð jeg yfir höfuð að álíta, að sameining á sýsl-

um sje ísjárverð; lögsagnarumdæmi landsins eru að minni hyggju flestöll of stór og örðug, og væri rjettara að skipta þeim sumum, en að vera að sameina þau. Ennfremur er í frumvarpinu sameining þessi sett í samband við brúargjörðina á Ölvesá og Þjórsá. Jeg get þó eigi ímyndað mjer, að flutningsmaður (J. Ó.) vilji, að sýslumaðurinn í hinum sameinuðu sýslum eigi að borga brýrnar. Líka finnst mjer, að frv. þetta komi eigi fram á rjettum tíma, því þó að brýrnar komist á einhvern tíma, þá getur liðið langur tími áður en sameiningunni verður komið við. Það er enn eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Það er eigi langt síðan að hjer kom fyrir deildina frumvarp um að sameina Dala- og Strandasýslu, en þá var það tekið fram, sem ein af aðalástæðunum á móti frumvarpinu, að eigi hefði verið leitað álits hjeraðsbúannna sjálfra um sameininguna. En nú vil jeg spyrja, hefur verið leitað samþykkis eða álits hjeraðsbúa í Árness- og Rangárvallasýslum um þetta? Nei. Að endingu leyfi jeg mjer að vara hina háttv. þingdeild við, að sýna ósamkvæmni við sjálfa sig, með því að samþykkja nú þetta frumvarp sem hjer liggur fyrir; en eins og hin háttv. þingdeild man, var frumvarpið um sameining Dalasýslu og Strandasýslu fellt.

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Jeg hef eigi getað sannfærzt af ræðu hins háttv. 1. kgk. þm. um það, að ótiltækilegt væri, að sameina sýslur þessar, og það væri eigi kleyft að þjóna þeim. En hitt er annað mál, hvort launin mættu eigi vera dálítið hærri, og það get jeg vel gefið eptir, et að þingd. kæmi saman um það. Þegar jeg samdi frumvarpið, var jeg í vafa um, hvort jeg ætti að setja launin hærri, en jeg áleit, að hversu hátt sem þau yrðu sett, mundi allt af koma breytingartillaga um, að hafa þau hærri og því þótti mjer bezt, að hafa vaðið fyrir neðan sig og ákveða launin eigi of hátt í fyrstunni. Það er eigi alveg rjett, sem hinn háttv. 1. kgk. þm. ályktaði, að erfiðleikarnir á því að þjóna þessum sameinuðu sýslum yrði tvöfalt meiri en nú væri að þjóna annari. Jeg vil minna hinn háttv. 1. kgk. þm. á skilyrðið; þegar Ölvesá og Þjórsá eru brúaðar, þá verður yfirferðarhægðin svo margfalt meiri en nú er, en því skal jeg eigi neita, að munurinn á erfiðleikunum við það, sem nú er í annari, verður nokkur. Jeg skal taka það fram, að jeg er eigi á meðal þeirra manna, sem skilyrðislaust vilja prútta öll laun embættismanna niður. Jeg hef opt verið með því, að laun sumra þeirra embættismanna, sem yrðu að vera búsettir í kaupstað og nú eru lægst launaðir, væru fremur of lág en of há, eins og jeg álít laun ýmsra hinna hæstlaunuðu of *há;* aptur á hinn bóginn finnst mjer ófært, að bera meira fje en 3500 kr. á þá embættismenn, sem eru búsettir upp í sveit, og fyrir þann, sem hefur bú, álít jeg alveg nóg 3500 kr.; en þó að sýslan yrði umfangsmikil, þá sje jeg eigi ástæðu fyrir það, að hækka laun sýslumannsins, ef hann þarf eigi að leggja í sjerlegan aukakostnað, en hjer þyrfti hann auðvitað, að leggja nokkuð meira í kostnaðinn við hestahald, og því skyldí jeg eigi hafa á móti því, að laun hans væru hækkuð *dálítið,* en væru laun hans hækkuð upp í 6500 kr., þá væri mín meining, að sýslumaðurinn gæti vel borgað brúarkostnaðinn. Því skal jeg ekki neita. H. 1. kgk. þm. þótti þetta frumvarp koma of snemma, en það get jeg eigi álitið, að því sje svo varið; því brýrnar geta þá og þegar komizt á, og er þá eigi óhagkvæmt að sá, sem sækir um sýsluna, viti hvað hann á í vændum, en mjer skildist á hinum háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen), að sameiningin yrði að bíða eptir því, að báðar sýslur losnuðu, en samkvæmt 44. gr. stjórnarskrárinnar má flytja þá menn til í embættum, sem ekki eru *eingöngu* dómarar. *(A. Ól.:*

Flytja?). Já, jeg get ei skilið annað, en að embættismaður sje „fluttur", ef að sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu væri færður norður í Eyjafjarðarsýslu, og það heimilar stjórnarskrá vor, svo framarlega sem embættismaðurinn missir einskis af tekjum sínum.

Sighvatur Árnason: Jeg játa með háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen), að hjer er í stórt ráðizt, að sameina þessar tvær sýslur, og fyrir fólksfjöldans sakir er hjer um stærra að ræða en nokkursstaðar annarstaðar, þar sem sýslur hafa verið sameinaðar. En þó vil jeg ekki segja, að ókleyft sje að þjóna þessum sýslum í sameiningu, þegar brýrnar eru komnar á. En þess er að gæta, að því meiri sem fólksfjöldinn er, því fleiri störfum er þar að gegna og við því að búast, að sum þeirra geti fremur dregizt úr hömlu, mönnum til baga og óhagræðis. Það þarf því röksamlegan sýslumann til að gegna slíku umdæmi, ef vel ætti að fara. Þó vil jeg, eins og málinu horfir nú við, ekki vera á móti frv. þessu; jeg vil ekki vera á móti því, af því að bæði vil jeg — og jeg veit að sýslufjelag mitt vill líka mikið til vinna, að brýr komizt á Þjórsá og Ölvesá. Og ef jeg get búizt við, að frv. þetta flýti fyrir brúargjörðinni, þá mun jeg gefa því atkvæði mitt. En það verð jeg að játa með háttv. 1. kgk. þm. (J. Havsteen), að hjer er í raun og veru byrjað á að smíða negluna á undan bátnum. En jeg veit, að háttv. 1. þm S.-Múl. (J. Ól.) hefur í góðum tilgangi komið með frumvarp þetta, ef verða mætti, að það flýtti fyrir brúarmálinu, og ann jeg honum fyrir það. Á þessu stigi málsins sje jeg ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en skal að eins geta þess viðvíkjandi örðugleikunum, að í hinum sameinuðu sýslum mundu verða yfir 20 þinghár. Þetta gefur dálitla hugmynd um örðugleikana, bæði fyrir sýslumann að þjóna sýslunni, og sýslubúa að leita hans, og sýnir, að hjer væri í stórt ráðizt til sameiningar og í raun og veru of mikið til unnið.

Júlíus Havsteen: Í tilefni af orðum háttv. 1. þm. Rangv. (S. Á.) skal jeg stuttlega taka það fram, að jeg get ekki fellt mig við, að þetta mál sje sett í samband við brúarmálið. Hlutaðeigendur eiga að minni hyggju fulla rjettarkröfu á, að fá brýrnar, og þurfa því ekki að kaupa þær með því að sameina tvö stór sýslufjelög í eitt sýslufjelag, sem yrði næsta örðugt að þjóna. Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, skal jeg gjöra þá athugasemd, að verk sýslumannsins í hinum sameinuðu sýslum aukast ekki eingöngu við það, að ferðalög hans aukast, heldur aukast og hin eiginlegu embættisstörf hans. Jeg legg ekki svo mikla áherzlu á launin, því það getur vel verið, að þegar þessi fyrirhugaða sameining einhvern tíma kemst á, þá verði sú gullöld runnin upp hjer á landi, að 3500 kr. verði eins mikils virði og 6000 kr. nú. Jeg skal ekki fara út í neitt þras um það, hvort lög þessi sjeu borin upp í ótíma eða eigi, nje heldur um rjettan skilning á því, hve nær rjett sje að flytja menn úr einu embætti í annað; en hinn háttv. þm. (J. Ól.) svaraði ekki því atriðinu í ræðu minni, að þingdeildin yrði ósamkvæm sjálfri sjer, ef hún samþykkti frumvarpið. Nýlega þótti nauðsynlegt að leita álits sýslubúa um sameining Dalasýslu og Strandasýslu, og ástæða til að fella frumvarp um það, af því að það vantaði; hjer stendur eins á, og því skyldi ekki jafn nauðsynlegt, að leita álits sýslubúa í Rangárvalla og Árnessýslu eins og í Dala- og Strandasýslu? Jeg verð enn að láta það álit mitt í ljós, að jeg tel mjög óráðlegt að sameina þessar stóru sýslur.

Arnljótur Ólafsson: Jeg fæ ekki dulizt þess, að mjer finnst þetta frumv. alveg sjerstaklegs eðlis. Mjer sýnist það ekki

vera frv. til laga, heldur frv. til tilgangs eða áforms, með því að það er ólíkt öllum öðrum lögum að því, er tímatiltekninguna snertir. Í því stendur, að þá búið er að brúa Þjórsá og Ölvesá, skuli eitthvað gjörast. En hvenær á það að gjörast? Getur háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) nefnt eitthvert líklegt tímatakmark eður eindaga? Hann óskar sjálfsagt, að árnar verði brúaðar sem fyrst. En varla mun honum dyljast, að hann veit alls ekki, hvenær það muni verða. Gott má þykja, ef brýrnar verða komnar á um aldamótin, því til eru margar aðrar stórar ár á póstvegum hjer á landi en þessar tvær, og þær þarf líka að brúa. Af þessu leiðir, að óvíst er hvenær þetta eitthvað á að gjörast. Í frv. er nú sagt, að þá, en hvorki fyr nje síðar, skuli sameina sýslurnar. En á nú að gjöra það, hvort sem það þykir þá ráðlegt eða óráðlegt, mögulegt eða ómögulegt, hvort sem landsstjórn og þingi þykir það þá tiltækilegt eða ekki? Enn fremur segir í frv., að sýslumannslaunin skuli vera 3500 kr., og þá sjálfsagt hvort sem þau verða þá langt of lítil eða ekki. Vjer vitum, hve hæpið það er, að fastákveða laun í peningum fyrir langan tíma, því að ef landsmönnum fer fram, sem vjer allir óskum og vonum, þá rýrna peningar í verði, og með framförunum fylgir jafnan, að þá fjölga lífskröfur eða þarfir manna, og þá engu síður þarfir embættismanna en annara, og af því leiðir, að þeir þurfa meira fje til að fullnægja þeim. Mjer finnst nú í raun rjettri einskonar lokleysa að segja, að eitt skuli gjört, hvort sem það sje ráð eða ráðleysa, og að það skuli gjört einhvern tíma á alveg ótilteknum ókomnum tíma. Jeg skil ekki í slíkum lögum. Jeg veit ekki til að vjer semjum nokkur lög, sem ekki skuli koma til fram kvæmda annaðhvort skjótt eða þó á næsta fjárhagstímabili. Þessi aðferð er einmitt sú, að grípa fram fyrir hendurnar á komandi þingum. Jeg get ekki sjeð, að þetta frumv. styðji hið minnsta að því, að þessar tilnefndu ár verði brúaðar. Ef það verður gjört, þá verður það gjört af allt öðrum ástæðum en þeim, að tjeðar sýslur skuli jafnframt sameinaðar. *(Sighvatur Árnason:* Fjárspursmálið?), Það er ekki fjárspursmálið út af fyrir sig, sem um er að ræða fyrir mjer, heldur hitt, hvort landssjóður skuli taka að sjer að brúa allar stórár á póstvegum í landinu. Mjer dettur ekki í hug, að mæla móti gagnsemd brúa, en hitt verðum vjer vandlega að íhuga, að ef veitt er fje til að brúa þessar 2 stórár, þá erum vjer komnir á þann rekspöl, að vjer verðum að brúa 10—12 aðrar stórár á kostnað landssjóðs. Þessa afleiðing verðum vjer að gjöra oss ljósa, áður en vjer leggjum fram fje úr landssjóði, til að brúa Þjórsá og Ölvesá. Það hefur verið tekið fram, að í Árness- og Rangárvallasýslum væru yfir 20 þinghár; þar eru 11—12000 manns eða fullur sjöttungur landsbúa. Er þetta út af fyrir sig ekki nóg til að sýna, hverjum örðugleikum það er bundið, að sameina þessar tvær sýslur? Jeg játa að þetta frv. muni hafa verið borið fram í góðum tilgangi, en það er ekki nóg, og mjer datt í hug það sem skáldið Milton segir: „The hell is paved with good intentions“ (víti er gólflagt með góðum áformum), og vil jeg eigi styðja að því, að slíkt gólf verði lagt í löggjöf efri deildar.

Skúli Þorvarðarson: Mjer lízt ekki á að frv. þetta ætli að fá góðan byr hjer í deildinni, enda játa jeg, að ástæður 1. kgk. þm. (J. Havsteen) hafa við mikil rök að styðjast. Þessar sameinuðu sýslur verða mannfleiri en nokkur önnur sýsla hjer á landi. En eins og málið liggur hjer fyrir, er að eins um sameiningu að ræða þegar hin mikla vegabót er komin á, að Þjórsá og Ölvesá verði brúaðar, og þá tel jeg sameininguna ekki óframkvæm-

anlega. Það er auðsætt, að bæði verður tollheimta örðugri í hinum sameinuðu sýslum, og eins ferðalög, því að í þeim báðum eru 23 þinghár; það getur því ekki borið sig, að sá maður sem þjónar báðum sýslunum, fái ekki meir en 3500 kr. í laun, jafnt og sýslumaðurinn í Árnessýslu einni saman fær nú. Það hefur verið borið fram, að frv. væri borið fram á óhagkvæmum tíma og fyrir sig fram. Jeg get ekki neitað því, að svo sje. Hjer er um tvö skilyrði að ræða, sem óvíst er hve nær verða til staðar; hið fyrra er að árnar verði brúaðar, en hið síðara að sýslurnar losni; þá fyrst koma lög þessi í framkvæmd, og eru að minni meiningu ekki ómöguleg. Líka hefur verið minnzt á, að hjer sje um samkynja mál að ræða og sameining Dala- og Strandasýslu, og að fyrst því hafi verið hafnað hjer í deild, þá sje ósamkvæmni að fara ekki eins með þetta. Jeg finn, að þetta er líka ástæða. En jeg finn vel, að tilgangur háttv. flutningsmanns (J. Ól.) hefur verið góður, og hann mun hafa ímyndað sjer, að frumv. greiddi fyrir brúarmálinu, sem að vísu hefur átt góðum undirtektum að fagna hjer í deild, þótt það hafi mætt mótmælum frá að eins tveim deildarmönnum; en hætt er við, að það muni eiga erfiðara uppdráttar í háttv. Nd. Og jeg veit, að háttv. flutningsmaður (J. Ól.) hefur komið með frv. til að greiða málinu veg gegnum Nd. Af því að jeg er kunnugri málinu en flestir aðrir þingdeildarmenn, þá get jeg tekið undir með h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að jeg veit, að hlutaðeigandi sýslur vilja leggja hart að sjer og mikið til vinna til að geta fengið brýrnar, ekki einungis með fjártillagi, heldur líka mundu þær vilja til vinna, þótt embættisrekstur lögreglustjóra væri eitthvað seinlegri eða sljórri heldur en bezt mætti vera, þó þeim mætti samt mikið við bregða við þá lögreglustjórn, sem þeir hafa átt að venjast nú um nokkur ár. Og þegar jeg legg þetta allt saman, mun jeg verða með því að frv. fái að ganga til 2. umræðu. Máske h. flutningsmanni (J. Ól.) hugkvæmist að laga það á einhvern hátt, svo að það verði aðgengilegra fyrir þingdeildina, við hina síðari umr. frv.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Það hafa komið fram æði-margar mótbárur gegn frv. þessu, en sjerstaklega skal jeg minnast á tvær af þeim. Sumum sýnist brúargjörðin og sameining sýslnanna ekki eiga nokkuð skylt saman. En það þykir mjer undarlegt, ef ekki er meiri ástæða til að sameina sýslurnar, þegar miklu hægra er orðið að fara um þær en áður. Það er því auðsætt samband milli þessara tveggja mála, skoðað frá þessu sjónarmiði. Í neðri deild mun einkum lögð áherzla á fjárspursmálið; það er því gott að sýna fram á, að það *borgi* sig að brúa árnar, með því að þá geti þær sýslur orðið sameinaðar, sem eigi geti orðið það að öðrum kosti. Hjer má og finna náið samband milli þessara tveggja mála. Það hefur verið sagt, að þetta frv. væri of langt á undan tímanum, því að ekki væri hægt að segja, hvort þau laun, sem ákveðin eru í því, yrðu hæfileg, þegar lögin kæmu til framkvæmda, þá yrði, ef til vildi, sú gullöld runnin upp á Íslandi, að 3500 kr. nú yrðu jafnar 6000 kr. þá, og h. 5. kgk. (A. Ó.) ítrekaði það, að launin gætu þá verið oflítil eða of mikil; en þau geta líka verið hæfileg. Jeg skil ekki, að hann viti svo fram í tímann, að hann geti nokkuð fremur sagt um, hvort launin muni verða oflítil, heldur en að þau verði hæfileg eða ofmikil. H. þm. (A. Ó.) kannast víst við, að sá, sem sannar of mikið, sannar ekki neitt. Það er eins um þessi launalög, eins og öll önnur launalög, að launin eru ákveðin fyrir fram. Jeg veit ekki betur en að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafi á þingi 1879 tekið þátt í lögum um breyt-

ing á skipun prestakalla. Þar var farið fram á, að breyta tekjum presta eptir hægðinni við að þjóna embættunum og lög búin til um það efni. Nú eru liðin 8 ár síðan, og þó eru þessi lög ekki komin til framkvæmda alstaðar enn, og getur vel verið að nokkur tími líði enn, þangað til þeim verður við komið alstaðar. Að minnsta kosti er ekki ólíklegt að lengri tími líði frá því að þau voru gefin út og þangað til þau koma fullkomlega til framkvæmda, en frá því að þau lög, sem hjer er um að ræða, koma út og þangað til brýr komast á Þjórsá og Ölvesá. Það er alls eigi dæmalaust, að lög hafi verið samin, þótt þau hafi ekki átt að koma til framkvæmda *á fjárhagstímabilinu*. Með lögum 12. febr. 1872 var ákveðið, að stofna skyldi spítala í aðalkaupstöðum landsins, þegar tiltækilegt væri. Ekki er farið að framfylgja þeim lögum enn. Með lögum sama dag (12. febr. 1872) var kveðið á að stofna búnaðarskóla einn í hverju amti, en ekki hef jeg orðið var við, að þau sjeu enn fyllilega komin til framkvæmda; að minnsta kosti leið langur tími frá því að lögin komu út, þangað til þau komu til framkvæmda. Það er æskilegt, að hver sem sækir um embætti í þessum tveimur sýslum, viti við hverju hann má búast þegar brýrnar komast á, og með tilliti til þess, er þetta frumv. ekki borið upp í ótíma. Jeg skal leyfa mjer að minna hinn 1. kgk. þm. (J. Havsteen) á, að í 44. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Þeim dómendum, sem *ekki* hafa að auk umboðsstörf á hendi, *verður ekki* vikið úr embætti, og *ekki* verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Af því er auðsætt, að flytja má úr einu embætti í annað dómendur, sem *hafa* umboðsleg störf á hendi, og að því mætti flytja *sýslumanninn* úr annari sýslunni í annað embætti, þegar laust væri, og brýrnar væru komnar á, og þannig koma sameiningunni á. Það er rjett, að gjöra mun á því, hve mikið hin eiginlegu embættisstörf aukast við sameininguna, og á því, hve mikið ferðir og ferðakostnaður eykst. Jeg gjöri ekki svo mikið úr ferðakostnaðinum, því að sýslurnar verða svo miklu hægri yfirferðar þegar brýrnar eru komnar á. En sú aukning ætti helzt að valda launahækkun. En embættisstörfin munu ekki aukast meir en svo, að þau verði fullkleyf einum manni. Embættisstörfin fara ekki eingöngu eptir mannfjölda. Í Reykjavík munu koma fyrir fleiri mál á ári hverju en í nokkru öðru lögsagnarumdæmi á landinu, og þótt lögsagnarumdæmi bæjarfógetans í Reykjavík sje ekki erfitt yfirferðar, þá mun þó ekki jafn erfitt að þjóna nokkurri sýslu og því. Jeg hygg, að þessar sameinuðu sýslur verði hægri yfirferðar, en bæði Þingeyjarsýsla og Skaptafellssýslur, og enda hægri en Ísafjarðarsýsla, og sjálfsagt mundu embættisannir sýslumannsins í þeim ekki verða helmingur eða jafnvel ekki þriðjungur við embættisannir bæjarfógetans í Reykjavík.

E. Th. Jónassen: Jeg er yfir höfuð samþykkur þeim þm., sem talað hafa á móti þessu frumvarpi, og jeg get eigi skilið, hvernig hinir háttv. þm. Rangárvallasýslu og Árnessýslu (S. Á. og Skúli Þorv.) fara að gefa frumvarpinu atkvæði sitt einungis vegna brúarmálsins. Ef að neðri deild vill eigi samþykkja brúarmálið, nema frumvarp þetta fái framgang, þá vil jeg þó ekki kaupa samþykki hennar með því, að greiða atkvæði með þessu frumvarpi. Efri deild hefur gjört hreint fyrir sínum dyrum í brúarmálinu, og felli hin háttv. neðri deild það, þá á hún ein sök á því, en eigi efri deild. Yfir höfuð finnst mjer sambandið milli brúnna og sameiningarinnar mikið laust, og engin vissa fyr-

ir, að sameiningunni yrði strax við komið, þó brýrnar kæmust á. Viðvíkjandi launum sýslumannsins, þá hefði jeg kunnað betur við, að þar hefði staðið, að þau skyldu vera eptir því, sem síðar yrði ákveðið með lögum. Annars álít jeg, að svo stóru umdæmi yrði eigi hægt að gegna svo í lagi færi, af 1 sýslumanni, þar sem í þeirri sýslu eru 12000 manns.

Landshöfðingi: Jeg ætla að lýsa því yfir, að þegar jeg sá þetta frumvarp, þá rak mig í „rogastans"; jeg ætlaði ekki að trúa mínum eigin augum, að í þessari deild, sem nýbúin var að fella frumvarp um sameiningu Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu og annað frumvarp um sameiningu Dala- og Strandasýslu, skyldi koma fram frumvarp um, að sameina Rangárvalla og Ánessýslu og flutningsmaður þess skyldi einmitt vera sá þm., sem tærði svo ljósar og gildar ástæður fyrir því, að það væri ekki takandi í mál að sameina hinar fyrnefndu sýslur. Eins og jeg sagði áðan, þá kom þetta mjög flatt upp á mig; en nú heyri jeg ástæðurnar, sem eru, að kaupa brýrnar á árnar með þessu frumvarpi, nefnilega með því að spara svo mikið fje í sýslumannalaununum, að það svari rentumissinum af tillagi landssjóðsins til brúargjörðarinnar. Jeg hef hingað til verið hlynntur brúarmálinu; en ef að þetta frumvarp verður samþykkt at þessari þingdeild til þess að kaupa með því brýrnar, þá verð jeg að hætta við að halda fram með þeim. Fáist brýrnar ekki með öðru móti, þá vil jeg ekki kaupa þær svo dýrt, heldur munu bæði frumvörpin fá líkar undirtektir hjá mjer, og verði sú niðurstaðan, að brúarmálið fái ekki framgang í neðri deild nema með því skilyrði, að þetta frumvarp fái einnig framgang, þá skal jeg lýsa því yfir, að það mun ekki bæta fyrir brúarmálinu, því jeg mun gjöra allt mitt til, að þetta frumvarp verði eigi að lögum. En jeg ímynda mjer, að neðri deild gangi aldrei í þessa gildru, enda hef jeg sjeð menn þar vera að brosa að því, að efri deildar menn skyldu halda, að þeir væru svo grunnhyggnir, að þeir ljetu ginna sig í svo bersýnilega gildru með svo ljelegu agni.

Sighvatur Árnason: Jeg var nú nærri því fallinn frá orðinu, en meining mín með því að biðja um orðið var sú, að jeg ætlaði að stinga upp á nefnd í málinu, svo að hún geti íhugað málið og jafnframt geymt það, þangað til maður sæi, hvað brúarmálinu liði. En sje það satt, sem landshöfðingi sagði, að menn væru í neðri deildinni að gjöra gys að því, þá væri bezt að fella það strax; en jeg efast nú um, að svo sje almennt í hinni heiðruðu neðri deild, þó einhver kunni að hafa skotið honum því í eyra. Jeg vil því stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá nefnd með 5 atkvæðum gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðmundsson	Arnlj. Ólafsson
Jón Ólafsson	Ben. Kristjánsson
J. A. Hjaltalín	E. Th. Jónassen
Sighv. Árnason	Friðr. Stefánsson
Skúli Þorvarðarson	Júlíus Havsteen.

Síðan var málið fellt frá 2. umr. með 6 atkvæðum gegn 4.

Tuttugasti og fyrsti fundur, miðvikudag 27. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um verzlun lausakaupmanna (159); 3. umr.

Framsögum. (Benidikt Kristjánsson): Eptir þeim góðu undirtektum, sem frumvarp þetta hefur fengið hjá háttv. deild hingað til, þá álít jeg ekki að svo stöddu að jeg þurfi að halda vörn uppi fyrir frv. þessu, því sú eina breytingartillaga, sem

komið hefur, var felld við 2. umr. og síðan hefur engin komið. Að vísu ráðgjörði hinn háttv. 5. kgk. að koma með breytingartillögu við 1. gr., en jeg sje, að hann hefur horfið frá því aptur, enda held jeg, að hennar hefði eigi verið þörf. Jeg vil lýsa yfir því, að jeg treysti h. deild eptir undirtektum hennar áður, til þess að samþykkja nú þetta frumv. eins og það liggur fyrir.

Sighvatur Árnason: Um leið og mál þetta leiðist til lykta, þá vil jeg lýsa skoðun minni á því í sambandi við löggilding nýrra verzlunarstaða. Ef frumvarp þetta yrði að lögum, sem jeg vona, þá álít jeg að með því sje fullnægt þörfum landsmanna til löggildingar á nýjum verzlunarstöðum, og að með því sje sneitt hjá annmörkum þeim og ókostum, sem vant hefur verið að fylgja verzlunarstöðum og hafa komið meir eða minna fram. Jeg tek þetta fram til þess að menn sjái, að eigi sje ástæða til að ámæla deildinni fyrir að hafa fellt löggildingarnar. Jeg álít, að deildin gjöri rjett í því, að fella löggildingarnar en samþykkja þetta frumvarp, og að betra hefði verið, að svona hefði fyr verið ráðið úr þessum þörfum landsmanna; „en betra seint en aldrei“.

Jón Ólafsson: Jeg þarf eigi að fara mörgum orðum um frumvarpið sjálft, því það hefur engum mótmælum mætt, en það eru orð þm. Rangv. (S. Á.), sem gáfu mjer tilefni til að tala fáein orð. Jeg fæ ekki annað sjeð, en að frumvarp þetta standi í sáralitlu sambandi við löggilding nýrra verzlunarstaða, og sje því jafnvel alveg óviðkomandi. Jeg veit ekki hvað þm. (S. Á.) meinar með því, að þetta frumv. bæti úr skorti á löggiltum verzlunarstöðum. Jeg sje reyndar vel, að eptir þessu frumvarpi verður auðgreiddur aðgangur fyrir sveitaverzlunarmenn til að kaupa slatta af óseljanlegu rusli af lausakaupmönnum og geta prangað með það aptur með uppsettu verði, því ef það væri sveitaverzlunarmaður á Arngerðareyri, þá gæti hann fengið lausakaupmann til þess, að sigla inn til sín, og þegar ekkert gengi út hjá honum, þá gæti hann sjálfur keypt af honum allan farminn; þetta heimilar frumv., en það er magur kostur við það. Það bætir ekki úr hinni þörfinni, sem er verulegri, þörfinni á að sveitaverzlunarmaðurinn eigi kost á að kaupa vörur sínar á bezta markaði erlendis og fá þær fluttar beint til sín, án óþarfa króka-kostnaðar. Frv. opnar að vísu veg til að fara í kringum lögin með því, að sveitaverzlunarmaður, sem fær skip ytra frá, fer fyrst á löggilta höfn og verzlar sem lausakaupmaður þar í nokkra daga, siglir svo þangað sem hann hefur sveitaverzlun og selur sjálfum sjer allan farminn. En kátlegt er, ef þetta er sá rjetti vegur til þess að bæta úr löggildingaleysi. Það er að minnsta kosti mjög krókótt leið til löggildingar. Allt um það, þá er það sjerlegur kostur við frumv., að það leggur gjald á lausakaupmenn, sem ei var áður, og það bætir mikið úr áður veranda misrjetti, þó það bæti eigi úr löggildingarskorti.

Jakob Guðmundsson: Skoðun mín á þessu máli liggur mitt á milli skoðunar þm. Rangv. (S. Á.) og h. háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Jeg get eigi annað en verið samdóma þm. Rangv. um það, að þetta frumvarp bæti mikið úr löggildingarleysinu, því það, að sveitakaupmaðurinn á Arngerðareyri, sem þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók til dæmis, getur keypt það af skipsfarminum, sem íbúarnir kaupa ekki, þá sparar það honum aðflutningskostnaðinn, svo hann getur selt vörurnar með minna verði, heldur en ef hann þyrfti að sækja þær með ærnum kostnaði langar leiðir.

En á hinn bóginn eru líka til staðir í kringum landið, sem ómögulegt er fyrir lausakaupmenn að verzla á, af því að

skip geta eigi legið þar nema í einstökum staðviðrum. Mjer datt það í hug, þegar jeg leit á frumvarpið hjerna á borðinu hjá mjer um löggilding á Vík í Skaptafellssýslu, því þar getur skip eigi legið nema í eindreginni norðanátt. Bæði þar og allstaðar annarstaðar, þar sem eins stendur á, er lífsnauðsynlegt, að löggilda verzlunarstaði til þess að menn geti dregið að sjer allar nauðsynjavörur, þegar veður leyfir, og verzlað þar með þær þess á milli.

Sighvatur Árnason: Þm. S.-Múl. (J. Ól.) hafði á móti því, að frumvarp þetta bætti úr skortinum á löggildingum. En jeg vil þá minna hann á það, sem hann sjálfur hafði fyrir ástæðu, til þess að fá löggilta verzunarstaði, nefnilega það, að nauðsynlegt væri, að fá greiða flutninga á allri þungavöru, svo sem salti, kolum og timbri, sem rjett er. En jeg vil þá spyrja, hvort þetta bætti eigi úr því. Það er gefin setning, að lausakaupmenn flytji korn, salt, kol og timbur, og, ef þetta er rjett, hvað vantar þá á, að úr þörfinni sje bætt? Er hún sú, að fá kram flutt til sín eða annað óþarflegra eða skaðlegra, sem heldur mönnum föstum við búðarborðið? Jeg held ekki. Jeg held, að þetta frumvarp bæti úr hinum brýnustu þörfum eins og jeg tók fram áður, en sneiði hjá ókostum þeim, sem fylgja mörgum verzlunarstöðum; því maður getur eigi neitað því, að maður hefur sjeð þess dæmi, að kaupstaðirnir hafa leitt af sjer volæði og örbyrgð þeirra, sem í kringum þá búa; en auðvitað er það fyrir vanbrúkun þeirra.

Framsögum. (Ben. Kristjánsson): H. þingd. hefur líklega tekið eptir því, að jeg tók það fram, að þetta frumvarp ekki stæði í neinu beinu sambandi við löggilding nýrra verzlunarstaða, en að það væri þó til þess, að bæta úr skorti á þeim, og það stendur að því leyti óbeinlínis í sambandi við löggilding nýrra verzlunarstaða, sem það veitir lausakaupmönnum leyfi til að flytja vörur sínar eins á ólöggilta sem löggilta verzlunarstaði. Það er því eðlilegt, að fastir kaupmenn muni í lengstu lög hlífa sjer við að sigla skipum sínum á ólöggiltar hafnir, sem auðvitað hefur kostnað, umsvif og nokkra hættu í för með sjer, þegar við enga væri að keppa og þeir gætu gjört ráð fyrir, að menn frá þeim stöðum neyddust til að sækja vörur til þeirra og flytja. Jeg ímynda mjer, að þessi tregða ekki komi fram, þegar um fleiri fasta kaupmenn er að ræða; og að frumvarp þetta mundi verða til þess, að hinir einstöku föstu kaupmenn færu einnig að senda skip sín með vörur til verzlunar á löggilta staði. Að þessu leyti, þegar við lausakaupmenn væri að keppa, bætir frumvarpið úr skorti á löggiltum verzlunarstöðum.

Jón Ólafsson: H. þm. Dal. (J. G.) taldi bót í frumvarpinu, þar sem það gæfi lausakaupmönnum leyfi til að sigla á hverja höfn sem væri og verzla þar; það getur nú verið, að það sjeu hlunnindi, að sveitakaupmenn gætu keypt af þeim slatta, en dýrari verða þeir heldur en kaup frá fyrstu hönd; jeg álít bezt og hagkvæmast, að hafa sem fæsta millimenn, en kaupa vöruna sem beinustu leið. Ef þetta frumvarp verður að lögum, þá er munurinn á því, sem það veitir, og hinu, sem vinnst við löggildingar nauðsynlegra staða, sá, að lausakaupmenn mega koma á hverja höfn, sem þeir vilja og verzla þar, en það eru ekki allir, sízt hinir fátækari, sem geta keypt vörur af þeim, þann stutta tíma, sem þeir liggja, já, vita ekki einu sinni, hve mikils þeir kunna að þarfnast, t. a. m. sjómaðurinn missir opt og tíðum veiðarfæri sín, en hann getur eigi verið að byrgja sig undir ókominn missi þeirra, og margir hafa ekki efni á að sæta allri ársverzlun á einum árstíma. Öll lausakaupaverzlun er skrælingja verzlun; vjer erum

ekki enn á því reki, að geta losað okkur við hana að öllu, og því er ekki annað en að reyna að gjöra hana sem skaplegasta að sinni; en sú tíð mun koma, að vjer sjáum, að landið er betur farið með fjölmennri stjett smákaupmanna, sem bera landsins byrðar, heldur en með lausakaupum við útlend aðskotadýr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþykkt með 10 samhlj. atkvæðum og síðan afgreitt til Nd.

Frv. til laga um Söfnunarsjóð Íslands (140); 2. umr.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hygg að hjer sje að ræða um frumv., sem vel og vandlega er úr garði gjört og mikið hefur verið hugsað um, bæði áður en það kom inn á þing, og eins af háttv. neðri deild; en við yfirlestur frumvarpsins hefur mjer þó virzt, að á einstöku stöðum væri nauðsynlegt, að ákvæði þess væru skýrari og breytingar væri á þeim gjörðar sumstaðar. Að vísu vísaði efri deild frv. þessu umræðulaust til 2. umr., og án þess að stungið væri upp á að setja nefnd í málinu; það getur nú verið, að til þess að setja nefnd í málið hafi ekki verið nein brýn ástæða, en að engar breytingartill. hafa komið fram við þessa 2. umr., finnst mjer þó varúðarvert, einkum þegar litið er til þess, að frumvarpið leggur landssjóði ábyrgð á herðar og eru t. a. m. ákvæðin í 13. gr. íhugunarverð, þar sem framkvæmdarstjóri og gjaldkeri ekki setja neitt veð fyrir fje stofnunarinnar gagnvart landssjóði, fyr en þeir fá þóknun fyrir starfa sinn, sem eptir frv. getur orðið langt að bíða. Það getur verið, að það sje hart fyrir framkvæmdarstjóra og fjehirði, að setja veð, meðan þeir eru launalausir, en það er líka hart fyrir landssjóð og landsstjórn, sem á að hafa ábyrgð gagnvart, þeim sem hafa viðskipti við stofnunina og eptirlit með henni, að hafa ekkert veð til tryggingar. Jeg tek þetta að eins fram, en það er eigi það eina, sem þyrfti að íhuga. Svo vanta og ákvæðin um, hve nær stofunin eigi að byrja störf sín, og komast í samband við landssjóð. Alþingi á að kjósa sýslunarmenn við stofnunina. Jeg get því ekki skilið að stofnunin geti byrjstörf sín, fyr en reglulegt alþingi kemur saman næst á eptir, þegar lögin eru staðfest og hefur kosið sýslunarmennina. Þetta og annað fleira þarf að umbæta í frumvarpinu. Jeg álít því nauðsynlegt, að 2. umræðu verði frestað og sting upp á að 3 manna nefnd verði sett til að íhuga það.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþ. með 6 atkv., og þessir kosnir:

Benidikt Kristjánsson	með	10 atkv.
L. E. Sveinbjörnsson	—	6 —
Arnljótur Ólafsson	—	5 —

Frv. til laga um böggulsendingar (128,163); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. deild hefur fyrir sjer álit nefndarinnar í máli þessu (163), og eins og sjá má af því, hefur nefndin aðhyllzt það úr hinu upphaflega frumvarpi Nd., að hækka burðareyri undir böggulsendingar um hávetur, en hins vegar gat nefndin ómögulega fallizt á, að gjöra póststjórninni það að skilyrðislausri skyldu, að taka á móti til flutnings sendingum þyngri en eitt pund. Nefndin komst að þessari niðurstöðu í fyrsta lagi af því, að það er þó eiginlegt ætlunarverk pósta, að vera einungis brjefberar, en með brjefum eru í póstlögum vorum talið prentað mál í krossbandi. Þettað tvennt, brjef og prentað mál í krossbandi, áleit nefndin að ætti að sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru, og að sem mest ætti að greiða fyrir flutningi þessa hvorstveggja. En ef haldið væri ákvæðum Nd. og póstar gjörðir að klyfberum eða varningsflytjurum, þá var nefndin hrædd um, að það yrði til að hindra, að brjefa viðskipti manna yrðu sem greiðust.

Og þótt burðareyrir yrði hækkaður undir sendingar, þá mundi sú hækkun aldrei verða samsvarandi örðugleikunum, sem af því leiddi, nje borga þann kostnað, sem flutningur sendinga á vetrartíma hefur í för með sjer. Nefndinni fannst því síður ástæða til að skylda póststjórnina skilyrðislaust til að taka á móti öllum sendingum, sem í lögum 4. nóv. 1881 er *heimilað* að flytja með póstum böggulsendingar að svo miklu leyti sem póstmenn álíta, að hægt sje; og nefndinni var ekki kunnugt, að óánægja hafi verið yfir því við póststjórnina, að hún hafi neitað að ástæðulausu að flytja sendingar. Það þarf líklega ekki að taka fram, að það sem póststjórnin einu sinni *hefur* tekið til flutnings, það er heimildarlaust að skilja eptir á leiðinni. Jeg hygg að póststjórnin hafi einmitt verið mjög eptirlát við menn með að flytja böggulsendingar, og að það sje því, eins og jeg tók áðan fram, óþarfi að gjöra henni að skilyrðislausri skyldu að taka á móti öllum böggulsendingum, en mundi hafa bæði kostnað og önnur óhagræði í för með sjer. Í öðru lagi skal jeg geta þess, að nefndin hefur sameinað lögin frá 4. nóv. 1881 við þessi lög; bæði er það, að þau lög eru stutt og auk þess hefur nefndin gjört breyting á tveim af fjórum greinum tjeðra laga, og þótti henni því rjettast, að sameina þau alveg þessum lögum, þar sem svo lítið stóð eptir af þeim, með því það er líka æfinlega betra að hafa eigi fleiri lög en þörf gjörist. Í þriðja lagi hefur nefndin breytt þungatakmarkinu á krossbandssendingum, og hefur hún þar haldið í sömu stefnu og gjört var 1881. Áður var fjórðungur úr pundi eða 25 kvint hið lægsta þyngdartakmark, sem burðargjald var ákveðið fyrir; þá var það fært niður í 10 kvint og kveðið á, að gjalda skyldi 3 aura undir hver 10 kvint; reyndar varð þetta gjald jafn hátt fyrir pundsböggla eins og áður var, nefnilega 30 aur., en eigi að síður gjörðu þessi ákvæði mönnum töluverðan hægðarauka og enda sparnað. Nú hefur nefndin enn fært sig niður og sett lægsta þyngdartakmark 5 kvint, því að fjölmargar krossbandssendingar eru ekki þyngri en það; hún hefur og ákveðið burðargjaldið fyrir hver 5 kvint 1 eyri, því að bæði þótti henni ópægilegt að hafa það $1^1/_2$ eyri, og auk þess veit hún, að það er stefna flestra ef ekki allra annara þjóða, að hafa heldur lægra burðargjald fyrir prentað mál en skrifuð brjef. Þetta eru helztu breytingar nefndarinnar og vona jeg að málið verði ekki óaðgengilegra í augum h. deildar en það var áður. Að jeg vakti svo nákvæmlega máls á breytingum nefndarinnar, kom af því, að jeg vildi leiða athygli h. deildarmanna að þeim, svo að þeim gæfist kostur á að koma enn með breyt.till. við frumv. til 2. umræðu, ef þeim þætti þess þörf.

Sighvatur Árnason: Af því að sú er orðin niðurstaðan, að nú sje framhald 1. umr. máls þessa, eins og líklega er rjettast, þótt á dagskránni standi, að það sje 2. umr., þá vil jeg geyma að færa ástæður fyrir breytingartill. minni til 2. umr., af því að breytingin snertir sjerstaka grein í frv.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði

Tuttugasti og annar fundur, fimmtudaginn 28. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Frumv. til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794 (170, 173, 181); 3. umr.

Arnljótur Ólafsson: Við tillögumennirnir höfum reynt að breyta 1. og 4. gr. frv., eins og h. deild getur sjeð á þingskjali 173 og 181; breytingar þessar fara í þá stefnu, að gjöra málið aðgengilegra

fyrir þá, sem heldur töluðu á móti því við 2. umr., eða með öðrum orðum 1. gr. frv. og raunar allt frv. er nú stýlað til smáskamtalækna; því höfum vjer sett í upphafi greinarinnar „hafa um hönd lækningar“ þessi orð: „er hafa um hönd smáskamtalækningar“. Þar næst höfum vjer farið fram á að fella úr orðin: „til jafns við reglulega lækna“. Jeg get þess að eins, að í breyt.till. er misprentan; þar hefur fallið úr orðið „til“. Í þriðja lagi leiddi það af sjálfu sjer, að niðurlag 1. gr. fjelli burt, bæði sem afleiðing af hinum breytingunum við 1. gr. og einnig þótti óþarfi að hafa þetta ákvæði í 1. gr., þar sem í 2. gr. er tekið fram, að fyrir brot gegn einkaleyfi lyfsölumanna skulu koma sektir allt að 200 kr. Með þessum ákvæðum þótti fulltryggður einkarjettur lyfsölumanna hjer á landi. Aptan við 4. gr. þótti þörf að bæta við þessum orðum: „að því sem snertir smáskamtalækna“; að öðru leyti er sú gr. óhögguð. Jeg skal geta þess, að af því að hæstirjettur hefur dæmt í sektir einn af þeim þrem mönnum, sem ákærðir voru í Skagafirði fyrir smáskamtalækningar, þá var nauðsynlegt að taka þetta fram. Jeg vona að h. deild fallist nú á frv., því að þessar breytingar hafa verið gjörðar samkvæmt athugasemdum þeim, sem komu fram við það af þeirra hálfu.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.till. á þingskjali 173 samþykktar hver um sig í einu hljóði.

1. grein frumv. (170) þannig breytt samþ. með 10 atkv.

Breyt.till. á þingskjali 181 samþykkt í einu hlj.

4. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. gegn 1.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 10 atkv. gegn 1, og afgreitt síðan til Nd.

Frumv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni o. s. frv. 7. nóv. 1879 (166); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg stend að eins upp til að stinga upp á því, að sett verði nefnd í þetta mál, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt í e. hlj., og þessir kosnir:

Júlíus Havsteen með 8 atkv.
Arnljótur Ólafsson með 6 atkv.
Sighvatur Árnason — 6 —

5 atkvæði fengu: Jak. Guðmundsson., B. Kristjánsson, E. Th. Jónassen, Jón A. Hjaltalín og L. E. Sveinbjörnsson; voru valdir af þeim með hlutkesti:

E. Th. Jónassen og
J. A. Hjaltalín.

1. umræðu síðan frestað.

Frv. til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876 (167); 1. umr.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg vil álíta, að eigi sje síður nauðsynlegt, að setja nefnd til að íhuga þetta frv. en það sem nú nýlega var kosin nefnd í. En þar sem öll þessi tollmál, sem höfð eru nú á prjónunum, eru svo skyld hvert öðru, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að þessu máli sje vísað til nefndar þeirrar, sem nú nýlega var kosin.

ATKVÆÐAGR.: Sökum óglöggrar atkvæðagr. var haft nafnakall um, hvort vísa skyldi þessu máli til nefndar þeirrar, er kosin var í málinu næsta á undan, og sögðu

já:	*nei:*
Arnl. Ólafsson	Jak. Guðmundsson
Ben. Kristjánsson	Jón Ólafsson
E. Th. Jónassen	Friðrik Stefánsson
J. A. Hjaltalín	Skúli Þorvarðarson
Júlíus Hafsteen	
Lárus E. Sveinbjörnsson	
Sigh. Árnason	

Var sú uppástunga þannig samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

1. umr. síðan frestað.

Frv. til laga um forðabúr og heyásetning (168); 1. umr.

Jón Ólafsson: Mjer virðist tilgangur þessa frv. svo góður, að það þurfi íhugunar við. Mjer þykir heldur ekki vonlaust, að tilganginum megi ná með dálitlum breytingum á frumv., og fyrir því væri það skaði, ef þeir gallar, sem eru nú á því, yrðu þess valdandi, að það yrði nú fellt. Jeg vil því leggja til, að kosin sje nefnd í það, og leyfi mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt í einu hlj., og kosnir:

Benidikt Kristjánsson með 5 atkv. 4 atkv. hlutu: Jón Ólafsson, Arnljótur Ólafsson, Friðrik Stefánsson og E. Th. Jónassen.

Kosnir með hlutkesti:
Jón Ólafsson og
E. Th. Jónassen.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðaströnd í Fáskrúðsfirði (179); 1. umræða.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Það hefur legið hjer áður fyrir bænarskrá á fleiri þingum um að fá löggildingu á þessum stað. Nú hafa hinir sömu beiðendur ítrekað bæn sína, og enn á ný sent bænarskrá til þingsins. Orsökin til þessa er sú, að í næsta kaupstað er erfitt að sækja fyrir hjeraðsbúa, sjóleið þangað löng, og yfir reginhaf að fara. Á hinn bóginn er talsvert vörumagn á þessum stað, og aðsókn þangað mikil af útlendum sjómönnum; það er óhætt að segja, að þangað koma á annað hundrað skipa árlega, og veldur þessi aðsókn ekki litlum viðskiptum. Hjer við bætist, að undan Búðaströnd er einhver hin ágætasta höfn, og leiðir þar af, að hún er aðalstöð fyrir útlend fiskiskip við austurland. Sú ástæða gegn frumvarpinu, að enginn muni vilja byggja þar eða verzla, ef eigi verði þar höfð brennivínssala, hefur eigi fælt mig frá, að orða það eins og jeg hef gjört, því einmitt frá ýmsum hinum sömu beiðendum liggja frammi fyrir þinginu bænaskrár á lestrarsalnum um takmörkun á vínsölu og um hækkun tolls á alls konar áfengum drykkjum. Jeg er því ekki hræddur um, að hin háttv. deild muni vilja veita þeim það nauðugum, sem þeir *ekki* biðja um, eða að hún muni vilja troða upp á þá, að þeim nauðugum, leyfi til að verzla með áfenga drykki. Að svo mæltu vona jeg, að hin háttvirta þingdeild gefi frumvarpinu góðan byr, og skal jeg að lokum taka það fram, að tollheimta er þar mjög hæg, því þar í sveit er hreppstjóri, sem fyrir hönd sýslumannsins hefur innheimtu á skipagjöldum, og hjer yrði ekki um annan toll að ræða, en tóbakstoll og útflutningstoll.

Benidikt Kristjánsson: Jeg get ekki annað en látið gleði mína í ljósi yfir því, að beiðendurnir ekki óska leyfis til að verzla með áfenga drykki, og því vona jeg að hinn háttvirti flutningsmaður taki aptur þetta skott, sem hann hefur bætt aptan við frumvarpið; er engin ástæða til að gruna þá um, að þeir kaupi vínföng meir en góðu hófi gegni. Jeg legg það til, að þetta mál verði látið ganga til 2. umræðu, í þeirri von, að flutningsmaður finni ekki ástæðu til að halda þessum viðauka sínum við frumvarpið. Það er engan veginn meining mín, að vilja troða upp á Fáskrúðsfirðinga leyfi til að verzla með áfenga drykki, heldur er ástæða mín fyrir því, að viðaukanum sje sleppt, sú, að vilja komast hjá ósamræmi í löggjöfinni, þar sem slíkt ákvæði aldrei áður hefur verið sett í sams konar lög. Jeg vil benda hinni háttvirtu deild og þeim, sem halda

viðaukanum fram, á, að það mundi líta illa út, ef löggjöfin bannaði fastakaupmönnum að verzla með áfenga drykki, en leyfði lausakaupmönnum að gjöra það, svo sem kveðið var á í frumv. um verzlun lausakaupmanna, sem nýlega er farið frá deildinni.

Jeg vona því, eins og jeg sagði áðan, að flutningsmaður taki aptur viðauka sinn.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal að eins svara h. þm. S.-Þing. (Ben. Kr.) því, að það eru til timburhús á Fáskrúðsfirði, sem notuð mundu verða við verzlun, og þar eru menn, sem hafa sveitaverzlun, en þeir verða fyrst að fara á aðra höfn til að útvega sjer verzlunarvörur, og er þetta töluverður bagi fyrir þá og kostnaður. Jeg þekki hjeraðsbúa þar svo vel, að jeg er viss um, að þeir vildu eigi löggildinguna, ef þeir vissu, að af því fylgdi, að hver sem vildi, fengi leyfi til, að setja þar upp verzlun með áfenga drykki handa Frökkum, sem þá mundu veltast hundruðum saman blindfullir út yfir sveitina, eins og önnur Egiptalands-plága; þeir óska ekki að innleiða í sveit sína óreglu og brennivínssölu. Jeg get ekki skilið hvaða kappsmál það getur verið fyrir þm. S.-Þing. (B. Kr.), að vilja „oktroyera“ upp á þá leyfi til verzlunar með áfenga drykki.

Arnljótur Ólafsson: Jeg sje eigi eptir lýsingu h. flutningsmanns (J. Ól.) að það sje nokkur ástæða til þess að löggilda þenna stað, því þegar þar er komin upp sveitaverzlun og skip sækja þangað, þá þarf eigi annað en að skipin komi á Eskifjörð til þess að sýna þar skipaskjölin, áður en þau fara til Fáskrúðsfjarðar. *(J. Ólafsson:* Hvað kostar það?). Það kostar eigi annað en að skipsstjóri verður að afhenda skjöl sín og skilríki og greiða tollinn, ef hann hefur tollskyldar vörur. Ef nú lausakaupmannafrumv. verður samþykkt af alþingi og konungi, þá er ekkert á móti því, að lausakaupmenn geti farið inn á Fáskrúðsfjörð eins og á hverja aðra höfn, þegar þeir hafa fengið sjer leyfisbrjefið. Mjer virðist það undarlegt, að það er eins og menn beri svo mikið vantraust til sveitaverzlana og vilji endilega fá löggilta verzlunarstaði fyrir útlendinga. Mjer finnst, ef staðurinn er vel lagaður til kaupstaðar, en það er, að höfnin sje góð, og vörumagnið nægilegt, þá sje einmitt æskilegt að landsmenn stofnuðu þar sjálfir sveitaverzlun, en opnuðu hann eigi handa erlendum kaupmönnum. Þannig hefur t. d. á Hjalteyri við Eyjafjörð verið komið upp sveitaverzlun, og hefur sá staður gjört sama gagn ólöggiltur, eins og þótt hann hefði verið löggiltur, enda er engin epirsókn, það jeg veit til, hjá Eyfirðingum að fá Hjalteyri löggilta. Það leiðir heldur engan veginn af löggildingunni, að vátryggisfjelögin verði fúsari á að vátryggja skipin, því þau fara eingöngu eptir áreiðanlegum skýrslum um það, hvort höfnin er góð eða vond. Þar sem flutningsmaður heldur svo fast fram viðaukabitlingi sínum, þá verð jeg að leyfa mjer að segja, að þessi aukabitlingur eigi engan veginn það meðhald skilið. Jeg fæ sannarlega eigi sjeð, að þessi orð frumv.: „Eigi veitir þó löggilding þessi heimild til að verzla þar á landi nje sjó með áfenga drykki“ aptri því á nokkurn hátt, að slík heimild sje veitt með öðrum landslögum; frumv. útilykir öldungis ekki heimildina í nokkrum öðrum lögum en í frumvarpinu sjálfu. Klausa þessi er því, að minni hyggju, næstum gagnslaus, því það eina sem hún gjörir er það, að búsettir kaupmenn þar mega eigi verzla með áfenga drykki; en veitingahús má hafa þar, og lausakaupmenn mega verzla þar með vín, ekki eptir löggildingunni, heldeptir gildandi lögum, og einkum lausakaupmannafrv. Jeg vil því ráða hinum háttvirta flutningsmanni til þess að taka

frv. aptur, eða, ef hann vill ná sínum eflaust góða tilgangi, að nema þá brott þenna viðauka. Jeg tel nú víst, að flutningsmaður hafi brjef frá *öllum* hjeraðsbúum kringum Fáskrúðsfjörð, þess efnis, að banna þar alla verzlun með ölföng nema gosdrykki, en hann þarf meira með; hann þarf að hafa brjef líka frá *öllum* útlendingum á þessum hátt á annað hundrað skipum, sem þar koma.

Benidikt Kristjánsson: Jeg vil að eins taka það fram, að jeg get eigi sjeð hvaða ástæðu flutningsm. (J. Ól.) hefur til þess að segja, að jeg vilji „oktroyera" upp á menn brennivínsverzlun, því þó að viðaukinn sje numinn burt, þá er ekkert orð í frv., sem bendir til þess, að þeim sje skipað að hafa vínverzlun og því er það ekki rjett, að segja það sje að „oktroyera" vínsölulög, sem farið er fram á í fyrri málsgrein frv., þar sem vínsala er ekki nefnd á nafn, þótt leyfi til hennar felist í þessari löggildingu sem öllum öðrum. Mjer er heldur eigi kunnugt, að þessir menn úr Fáskrúðsfirði hafi óskað þess, að vín mætti eigi selja á þessum stað. Og ef menn þar eigi óska eptir vínsölu, þá er því síður ástæða til þess að hafa þenna viðauka, því þá er eigi hætt við, að vínsöluverzlun mundi borga sig þar.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): H. þm. S.-Þing. (B. Kr.) getur eigi skilið það, að það sje að oktroyera upp á menn vínverzlun, að leyfa hverju aðskotadýri, sem vill hafa sig til þess, að verzla með vín þar sem menn ekki vilja hafa það; en jeg get vel skilið það; því þó hjeraðsbúar kæri sig eigi um að verzla með vín, þá munu þeir, sem vilja græða á illum girndum annara, ekki spyrja sveitarmenn um leyfi til að „etablera" vínverzlun, ef lögin heimila hana. En hvað snertir ástæður 5. kgk þm. (A. Ó.), að það væri eigi annað, ef sveitaverzlun vildi fá vörur með skipum, en að þau sigldu fyrst inn á Eskifjörð eða Seyðisfjörð, þá lýsir það ókunnugleik þm. í þessu hjeraði; því þá ekki Berufjörð? *(A. Ól.:* Þar er ekki sýslumaður). En þar er þó tollur greiddur og gengur alveg eins vel með tollgreiðsluna þar eins og annarstaðar. En háttv. þm. hefur eigi svarað mjer því, hvað það kostaði, að skip yrði að fara inn á aðrar hafnir, áður en þau færu þangað sem þau ætluðu. Hafi hann eigi vitað það, þá skal jeg fræða hann um það. Undanfarandi ár hafa verið beinar samgöngur frá útlöndum til Fáskrúðsfjarðar í desbr., janúar, febrúar, einmitt þegar menn höfðu mesta þörf á að fá vörur frá útlöndum; en hvað kostar það fyrir skip að mega til að sigla á hafnir, þar sem þau annars þyrftu ekki að koma, um hávetur og þar sem fullt er af skerjum og illt til innsiglingar? Það gæti kostað 1, 2, eða 3 vikna tíma, þegar illa tekst til, og það er dýrt, hvort heldur um gufuskip er að ræða eða seglskip, og hlýtur að leggjast á vöruna. Og þessi skip, sem koma á Fáskrúðsfjörð, koma til síldveiða, og þegar síldveiði er og þau þurfa að flýta sjer, þá efast jeg um að þau mundu fást til þess að fara inn á aðrar hafnir, en þó að þau nú fengjust til þess, þá gjörir það vöruflutninginn dýrari, þar sem þau yrðu að fara á aðrar hafnir, og það er að leggja mönnum kostnað á herðar þar sem engin nauðsyn er á því. Fáskrúðsfjörður er einmitt sá staður, sem hefur langmest þörf á löggildingu af öllum þeim stöðum, sem komið hefur verið með til þingsins til þess að fá löggildingu á.

Jeg get eigi verið hinum háttv. þm. samdóma um, að viðaukalillaga mín sje gagnslaus, því ef hún ekki væri, þá gæti eins og jeg sagði áðan hver utanhjeraðsmaður komið þangað og „etablerað" brennivínsverzlun, en þó einhver vildi setja þar

upp veitingahús, þá fær hann það eigi nema með samþykki hjeraðsbúa.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umræðu með 6 atkvæðum gegn 3.

Tillaga til þingsályktunar um umsjón og fjárhald kirkna landssjóðs (172); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umræða samþ. í einu hljóði.

Tuttugasti og þriðji fundur, föstudag 29. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefndinni um heyásetning væri kosinn formaður E. Th. Jónassen, og skrifari Jón Ólafsson; í nefndinni í tollfrumvarpsmálunum Júlíus Havsteen formaður og J. A. Hjaltalín skrifari, og í nefndinni í málinu um Söfnunarsjóð Íslands Benidikt Kristjánsson formaður og skrifari Arnljótur Ólafsson.

Frv. til laga laga um böggulsendingar (128,163,176); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Við 1. umræðu þessa máls skýrði jeg frá hinum helztu breytingum þeim, er nefndin hefur gjört á þessu frumvarpi. Jeg vona því, að þær sjeu ljósar fyrir háttv. þingd. og hef jeg því engu nýju við að bæta.

Hjer er og komin ný breytingartillaga, sú, er háttv. þm. Rangv. (S. Á.) ráðgjörði við 4. gr. frv. nefndarinnar, í þá átt, að gjaldið fyrir böggulsendingar sje 15 aurar fyrir hver 25 kvint, en ekki 25 aurar, eins og nefndin hefur stungið upp á og farið er fram á í frv. háttv. neðri deildar. Jeg get sagt fyrir mitt leyti, að það liggur mjer í ljettu rúmi, hvort ofan á verður, og gjöri jeg hvorugt að kappsmáli. Það hefur vakað fyrir háttv. þm. (S. Á.), að ljetta fyrir pundssendingum um vetrartímann með póstunum, þar sem það gagnstæða var eiginlega tilgangur nefndarinnar. Í frv. háttv. neðri deildar var póststjórnin skylduð til að taka þyngri böggla en 1 pund, en gjaldið undir hver 25 kvint sett 25 aurar, svo að breytingartillaga þm. (S. Á.) er nokkurs konar meðalvegur milli beggja.

Sighvatur Árnason: H. framsögum. (J. Ól.) hefur lýst því yfir, að hann hafi ekki mikið á móti breytingartill. minni, svo að jeg þarf því síður að mæla mikið fyrir henni. Ástæður mínar fyrir þessari breytingartill. eru þær, að jeg álít, að með þessu háa burðargjaldi, 25 aur. fyrir hver 25 kvint, sje mönnum sama sem fyrirmunað að senda að vetrinum til sendingar eða lokaða böggla með póstum, því það má vera mikill dýrindishlutur, sem menn vilja vinna til að borga eina krónu undir hvert pund. Það er kunnugt, að eptir þeim lögum, sem nú eru, þarf að borga 30 aura undir hvert pund í lokuðum bögglum, en eptir frumvarpi þessu og tillögu háttv. nefndar er þetta gjald meira en þrefaldað að vetrinum til, en mjer virðist nógu langt farið að hækka burðargjaldið um helming, þannig, að það verði 60 aurar undir pundið, eins og breytingartillagan fer fram á. Jeg skal fúslega játa, að það þarf að vera þröngum takmörkum bundið á vetrum, að senda böggla með póstum, svo að menn ekki gjöri leik til þess að ofhlaða sendingum á þá, en þó má ekki fara svo langt, að menn sjeu alveg fældir frá því. En eptir frumvarpinu sjálfu og eins tillögu nefndarinnar verður gjaldið svo tilfinnanlegt, að menn hljóta að neyðast til að hætta við nær því allar sendingar á vetrum, nema þá peningasendingar, sem þó ekki er nú orðið um að tala nema pappírspeninga, svo að póstar eptir þetta að vetrinum til mundu að eins flytja brjef og prentað mál, og verða með þessu lagi gjörðir að eins konar pappírs- og brjefa-

dúfum. Að öðru leyti líka mjer vel breyt. háttv. nefndar og er frv. mikið bætt með þeim frá því sem áður var.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg er samdóma háttv. þm. Rangv. (S. Á.) um það, að það yrðu ekki nema dýrindishlutir, það er að segja, hlutir, sem mikið ríður á, sem mundu verða sendir með póstum að vetrinum til, ef burðargjaldið verður sett 25 aura fyrir hver 25 kvint, og það var einmitt tilgangur nefndarinnar, að fyrirbyggja það, að öðrum hlutum en þeim, sem væru mjög áríðandi, væri hrúgað á póstana á vetrarferðum, og með því væri tálmað flutningi á brjefum og blöðum. Þær helztu böggulsendingar, sem sendar eru með póstum að vetrinum til, auk krossbandssendinga, er ýmislegur smá-búðarvarningur, sem menn vanhagar um út um landið, svo sem tvistur og þess háttar, sem bútað er niður í smáböggla. Þess háttar munir geta ekki talizt lífsnauðsynlegir og mættu geymast að senda til þeirra tíma, þegar ferðir póstanna eru greiðari. Enda er ekki örðugra fyrir sveitamenn að byrgja sig að sumrinu til með þess háttar heldur en veslings fjarðarbúana, sem háttv. þm. Rangv. (S. Á.) vorkennir eigi að byrgja sig hjá spekúlöntum á sumrinu til alls ársins. Það kunna líka að vera ýmsir að vetrinum til, sem eru tóbakslausir og þurfa að fá sjer tóbaksmola. Jeg er sjálfur tóbaksmaður og mundi ekki víla fyrir mjer að gefa krónu undir pundið, ef jeg þyrfti að fá mjer tóbak með póstum að vetrinum til; munurer ekki svo stór frá því sem nú er. Annars er enginn „princip"-munur á tillögum nefndarinnar og breytingartill. háttv. þm. (S. Á). Munurinn er að eins sá, að nefndinni þykir hann fara of skammt í hækkuninni frá því sem nú er, en honum þykir nefndin fara of langt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get ekki annað en stutt breytingartillögu háttv. 1. þm. Rangv. (S. Á.). Ef breytingum nefndarinnar verður haldið, þá álít jeg að komi fram of mikill ójöfnuður á burðargjaldi undir lokaða böggla og krossbandssendar, og slíkt má ekki eiga sjer stað í lögum. Jeg skal segja háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að það getur verið áríðandi að fá tvist sendan með póstum, þegar svo stendur á, að sá, sem vill koma upp dúk, getur ekki haldið áfram að vefa hann, af því að hann vantar tvist í fyrirvafið. *(J. Ól.:* Það er hægt að kaupa tvistinn hjá lausakaupmönnum á sumrin). Það er ekki alltjend hægt, ekki einu sinni á Búðaströnd við Fáskrúðsfjörð. Tvistur fæst ekki einu sinni ætíð á Akureyri á vetrum, hvað þá í smákaupstöðunum. Vjer megum ekki setja svo háan burðareyri undir böggla að það fæli menn alveg eða mjög svo frá að nota póstana; vjer verðum líka að hugsa um að hafa tekjur af póstflutningunum, en varla er gjörandi ráð fyrir þeim miklum, ef fylgt er lögum nefndarinnar, að taka í burðargjald 1 krónu undir hvern lokaðan pundsböggul; nær vegi er að það sjeu 60 aurar, eins og farið er fram á í breytingartillögu háttv. 1. þm. Rangv. (S. Á.) og þó er það þrefalt svo hátt gjald sem undir jafn þunga krossbandssending. *(E. Th. J.:* Prentað mál). Mjer þykir nóg að burðargjaldið sje þrefalt hærra á lokuðum bögglum en prentuðum krossbandssendingum, því að með allri virðing fyrir prentuðu máli, þá getur þó á stundum það verið prentað, sem ekki er meir í varið en tvist í dúk til að klæðast af. *(J. Ól.:* Fróði?).

ATKVÆÐAGR.: Breytingartillögur nefndarinnar (163) nr. 1.—3. aptur að „25 aur." síðustu málsgrein (í 4. gr.) samþ. hver um sig í e. hlj.

Breytingartill. 176 samþ. með 7 atkvæðum gegn 4.

4. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj. Ennfremur 4. og 5. breyt.till. nefndarinn-

ar (163) samþ. í e. hljóði. Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (186,196); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Þetta er nú, eins og kunnugt er, 1. umræða þessa máls, svo að jeg finn ekki ástæðu til að þessu sinni að tala fyrir breytingu þeirri, sem jeg hef komið með (195), en get þess að eins, að breytingartillaga mín er svo til komin, að sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu skrifaði nýlega hingað þm. V.-Skapt. (Ó. P.) að hinir ábúendur jarðar þeirrar, sem hjer ræðir um, æski að fá ábúðarhluta sína keypta með sömu kostum og hjer er tekið fram í frv. Áður hafði að eins komið fram beiðni frá einum af þrem ábúendum jarðarinnar um að fá keyptan sinn ábúðarhluta

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um umsjón og fjárhald kirkna landssjóðs (172); ein umr.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, en að eins vekja athygli háttv. þingm. á því, þótt þeim að visu muni það kunnugt, að landssjóður hefur óhag af að eiga þessar kirkjur; það væri því æskilegast, ef söfnuðirnir vildu taka þær að sjer, og það því fremur, sem viðhald þeirra er dýrara fyrir landssjóð, en ef söfnuðirnir vildu annast þær sjálfir; þetta sjest bezt af reikningum landssjóðskirknanna. Jeg er því meðmæltur þessari þingsályktun, því að það er auðsær hagur fyrir landssjóð að losast við umsjón og fjárhald þessara kirkna sinna, og það þótt hann þurfi að leggja talsvert í sölurnar í eitt skipti fyrir öll. Það er sjálfsagt að landssjóður verður að skila kirkjum sínum sómasamlega í hendur safnaðanna með hæfilegu álagi, en í það ætti ekki að horfa, með því það líka er næsta óeðlilegt, að landssjóður eigi kirkjur út um allt land.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. í e. hlj., og afgreidd síðan til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Tuttugasti og fjórði fundur, mánudag 1. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðarströnd við Fáskrúðsfjörð (179); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Með því að að engin breytingartillaga hefur komið við frv., þá álít jeg að jeg þurfi eigi að tala mikið fyrir því, því jeg get eigi talið annað en sjálfsagt, að allir þeir, sem við fyrri umræðu gáfu málinu atkvæði, gjöri það einnig nú.

Benidikt Kristjánsson: Háttv. deild man víst eptir því, að jeg ljet það í ljósi við 1. umræðu að jeg gæfi atkvæði með því að málið gengi til þessarar umræðu, í þeirri von, að það kæmi breytingartillaga við það, en nú hefur engin komið og verð jeg því að lýsa því yfir, að jeg get eigi, eins og frv. er orðað, gefið því atkvæði; því þegar menn aðgæta lausakaupmannalögin, sem leyfa þeim að verzla með vín á löggiltum höfnum, en nú ætla menn að löggilda höfn þar sem bannað væri að verzla með vín, þá sýnist mjer eins og þingd. kæmist í mótsögn við sjálfa sig, sem hlyti að taka sig hlægilega út fyrir allra augum. Jeg verð að ætla, að ef þingið samþykkti þetta frumvarp og konungur staðfesti það á undan lausakaupmannalögunum, þá væri einmitt ákvæði þessa frumvarps upphafin með lausakaupmannalögunum, að því til þeirra kemur, ef þau fengju staðfestingu, og frá mínu sjónarmiði, þá væri ekkert frá þeirri hlið

á móti því að hleypa frv. áfram, ef að lausakaupmannalögin væru staðfest á eptir, en jeg vil eigi greiða atkvæði með því, sem af þingsins hálfu lýsir ósamkvæmni, enda vita menn ekki, hvort það rætist í þessu máli, að hinir fyrstu verði seinastir o. s. frv.

Júlíus Havsteen: Jeg gæti nú reyndar fallið frá orðinu, því meining mín var að eins að minna deildina á, að hún hefur nýlega fellt löggilding verzlunarstaða og að hún mundi því komast í mestu ósamkvæmni við sjálfa sig, ef hún færi að samþykkja þetta frv.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg ætla lítið eitt að víkja orðum mínum að háttv. þm. S.-Þing. Hann hafði það sjerstaklega á móti frumvarpinu, að það kæmi í bága við lausakaupmanna frv., nema þetta frv. væri samþykkt á undan; en það fæ jeg ekki sjeð; þótt þessi löggilding verði samþykkt af þingi og staðfest af konungi, þá tekur hún eigi af það leyfi, sem veitt var lausakaupmönnum til þess að verzla með vín á almennt löggiltum höfnum eða höfnum, sem löggiltar hafa verið til *allrar* verzlunar *almennt*, heldur *að eins á þessari* höfn og *þeim* höfnum, sem kynnu að verða *undanteknar;* og jeg skil eigi, þótt alþingi hafi gefið út lausakaupmannalögin, að þau hafi bundið svo hendur þess að það sje skyldugt til þess að heimila brennivínsverzlun alstaðar og um aldur og æfi. Þetta er því engin ástæða hjá háttv. þm; en það lítur svo út, sem hann sje búinn að taka alveg spánýtt ástfóstur við brennivínið.

Hvað viðvíkur mótbárum háttv. 1. kgk. þm. (J. Havsteen), þá sýnast þær í fljótu bragði að hafa nokkuð til síns máls, þar sem þingd. hefur áður fellt 4 löggildingar; en ef gætt er að ástæðunum til þess, þá verður hjer öðru máli að gegna. Ástæður þær, sem mótstöðumennirnir báru fyrir sig og sem umræðurnar bera með sjer, voru, að ef löggildingarnar yrðu samþykktar með breytingartillögunum, þá fengju beiðendurnir *eigi það, sem þeir vildu;* ósk þeirra væri eigi uppfyllt nema brennivínsverzlun fylgdi með, en afleiðingin ætti eigi að verða *sú*, að neita beiðendum, sem *eigi kæra sig um* brennivínssölu, um löggilding, nema brennivínsverzlun fylgdi með. Flutningsmenn hinna frumvarpanna höfðu farið fram á almenna löggilding, og er það gat eigi gengið fram, var frumvarp þeirra fellt; en jeg hef sem flutningsmaður þessa frumvarps ekki farið fram á almenna löggilding, og er hart að neita mjer um það, sem jeg bið um, *af því*, að jeg vil ekki þiggja *meira* en jeg bið um! Í fyrra tilfellinu gátu mótstöðumennirnir sagt: „Vjer viljum eigi veita löggildingarnar með þeirri takmörkun, sem beiðendurnir geta eigi sætt sig við“, og þar er mótbára þeirra á skiljanlegum grundvelli byggð; en hjer hafa beiðendurnir sjálfir ekki óskað eptir brennivínssöluleyfi og þá sýnist að hinir háttv. þm. gætu eigi gefið atkvæði á móti þessu frv., nema þeir vildu oktroyera upp á þá brennivínssölu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að lýsa yfir því áliti mínu, að frv., eins og það nú er, sje engan veginn samkvæmt ósk beiðenda. Þeir beiddu að eins um, að Búðaströnd yrði löggiltur verzlunarstaður, en eigi um að þar mætti eigi verzla með áfenga drykki; það er viðbót frá flutningsmanni sjálfum. *(J. Ól.:* Bænarskrár í þá átt liggja á lestrarsalnum). Það er alls ekki sannað, að þessar bænarskrár sjeu ósk kauptúns-beiðendanna. (*J. Ól.:* Nöfnin sýna það!). Og því síður er hitt sannað, að þó þessi bæn væri komin úr þeirra flokki, að hún sje komin nema frá mjög litlum hluta þeirra, sem hlut eiga að máli. Mjer vitanlega hefur engin ósk um þetta komið frá mönnunum á þessum hátt á annað hundrað skipum nje frá öðrum hjeraðsbúum, er sækja munu kaupskap að Búðaströnd. Í annan

stað álít jeg það áhættu fyrir flutningsmann, að fara fram á að staðurinn sje löggiltur, fyrir því að þá kann vínverzlun að komast þar á fót; en hann veit, að sje þar eingöngu sveitaverzlun, má eigi verzla með vín. Enn fremur er auðsætt, að þessi lög koma í bága við lausakaupmannalögin, og eins og háttv. þm. S.-Þing. (Ben. Kr.) tók fram, hafi jeg skilið hann rjett, þá munu lausakaupmannalögin, ef þetta yrði staðfest á undan þeim, veita lausakaupmönnum heimild til þess, að verzla á Búðaströnd með áfenga drykki. Háttvirtur flutningsmaður (J. Ó.) veit, að yngri lög aftaka hin eldri, ef þau verða eigi samrýmd við þau. Af þessum ástæðum og svo til þess að verða að vilja flutningsmanns, svo að hann fái vilja sínum framgengt, að eigi verði seldir áfengir drykkir á þessum stað, mun jeg greiða atkvæði á móti löggildingunni.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal að eins taka það fram gegn því, sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) og h. þm. S.-Þing. (Ben. Kr.) sögðu, að það er lang sótt ástæða fyrir því, að fella þetta frumvarp, að ef þetta frumv. yrði *fyr* staðfest sem lög, en lögin um lausakaupmenn, þá mundi bæði koma fram mótsögn í löggjöfinni, og lausakaupmannalögin sem síðar staðfest mundu upphefja hin fyrri. En þetta er ekki rjett ástæða, því þó að aldrei nema þetta frv. yrði *fyr* að lögum, þá gæfu þó lausakaupmannalögin, enda þótt þau væru síðar staðfest sem lög, lausakaupmönnum enga heimild til að verzla með áfenga drykki á *þessum* stað, sem *beinlínis* og með berum orðum er *undantekinn* hvað verzlun með áfenga drykki snertir. H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði og, að í bænarskránni lægi engin beiðni frá Fáskrúðsfirðingum um, að vera án þessa leyfis til að selja áfenga drykki. Það er satt; ekki í sömu bænarskránni; en það er á lestrarsalnum bænarskrá úr Fáskrúðsfirði: þar sem beðið er um, að það sje lagt blábert bann við vínsölu yfir höfuð í smáskömtum. Þar sem hinn sami háttvirti þingmaður sagði, að hann mundi greiða atkvæði móti frumvarpinu til þess að styðja bindindismálefnið, þá get jeg ekki tekið þessi orð hans sem töluð í alvöru, heldur að eins sögð í gamni, því það er alkunnugt, að hann 1881 barðist mjög svo fyrir leyfinu til að selja áfenga drykki, og var öruggur móti því að takmarka það. *(A. Ó.:* Stuart Mill). Jeg hygg, að háttv. 5. kgk. þm. (A. Ólafsson) meti *sín eigin* orð meir en hans. Það er eitt af því fáa, sem hinn háttv. þingmaður hefur verið óbreytilega staðfastur í, það er að berjast fyrir Bacchusi, og gegn bindindi. Það, sem okkur skilur, háttv. 5. kgk. og mig, er, að hann ekki vill löggilda neinn verzlunarstað nema með leyfi til að selja áfenga drykki, hvort sem slíks leyfis er óskað eða ekki, en jeg gef aldrei atkvæði mitt með því, að innleiða brennivínsverzlun á *nokkrum stað*.

Benidikt Kristjánsson: Þar sem h. flutningsmaður (Jón Ólafsson) alltaf er að tala um, að vjer andmælendur frumvarpsins sjeum að troða eða „oktroyera“ leyfi til vínsölu upp á beiðendurna, þá er það alls ekki meining okkar, en beint bann viljum vjer ekki setja í frumv. á móti vínsölu, og þar sem hann enn fremur ber það fram til stuðnings frumvarpinu, að Fáskrúðsfirðingar hafi beiðzt þess, að blábert bann yrði lagt við allri vínsölu yfir höfuð í smáskömtum, þá er hugsandi, að þeir heldur hafi óskað að fá leyfi til að verzlað yrði hjá þeim með áfenga drykki í stórskömtum eða tunnutali. — Jeg skal að öðru leyti leyfa mjer að minna á, að löggildingin er ekki einungis fyrir þá, sem biðja um hana, heldur er hún einnig fyrir þá mörgu, sem þangað sækja að; hinn háttv. flutningsmaður hefur sjálfur margopt tekið það fram, að þangað sæktu hátt

á annað hundrað skipa, og svo mundu margir aðrir landsbúar sækja verzlun þangað; en engir þessara manna hafa beðið um það, sem hjer er farið fram á, en þó nú aldrei nema engir aðrir sæktu þangað verzlun, en beiðendurnir einir, þá verður þó h. þingd. að taka það til greina, að hún er hjer að semja lög fyrir alda og óborna, eða fyrir lengri tíma. Löggildingin hefur almenna þýðingu í tilliti til tíma og rúms, eptir því sem atvik liggja til.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Það sannast hjer, sem opt, að þegar menn eru í vandræðum með að færa ástæðu fyrir máli sínu, þá gjöra menn sjer allt að ástæðum og eru ekki vandir að þeim. Líkt fer andmælendum frumvarpsins hjer, þegar þeir eru að telja það sem ástæður gegn frumvarpinu, að hafa eigi tillit til beiðni eða óska frakkneskra og enskra „duggara", er sæki þangað á hátt á annað hundrað skipum. En má jeg spyrja: hverjir eru það, sem bera bölið af afleiðingum vínsölu? Hverjir átroðninginn, spellvirkin? Hverjir eru það, sem gjalda til sveitar? Eru það ekki landsmenn sjálfir, beiðendurnir? Hverjir eru það, sem gjöra óskunda? Eru það ekki hinir útlendu „duggarar"? Hvaða rjett hafa þeir (duggararnir) til atkvæða í þessu máli? Hvenær og hvernig og í hvers notum hafa þeir orðið atkvæðisbærir í íslenzkum sveita eða landsmálum? Jeg vil að mínir háttv. mótstöðumenn svari mjer því, áður en þeir fara að „citera" í vilja og óskir þessara útlendu „duggara" og brúka *þær* sem ástæður gegn frumvarpinu. Slík aðferð er fátæktar-vottorð h. háttv. andmælenda, sem sannar, hve snauðir þeir eru að góðum og gildum röksemdum. Gagn það, sem frumvarpið mundi koma til leiðar, er óefað, og að það væri fyrir beztu líka fyrir útlendinga, það sjest bezt á því, sem skeði í Hafnarfirði í *gær*; þar drukknuðu 2 útlendir menn á bát drukknir. (*J. Havsteen:* Nei, þeir voru ekki drukknir). Jú. þeir *voru* drukknir; svo sagði mjer í gær sannorður og merkur maður, sem kom að sunnan í gærkvöldi. Útlendingar mundu liggja skemur sjer og öðrum til skaða inni á höfnum, og gjöra minni óskunda, ef þetta frumvarp yrði að lögum, og vjer erum hjer að ræða um löggildingu *fyrir landsmenn* vora, en *ekki* fyrir *útlenzka duggara.*

Skúli Þorvarðarson: Það er þegar búið að taka það fram, sem jeg hafði í hyggju að segja; en jeg skal geta þess, að jeg yfir höfuð er fús á, að gefa þeim löggildingum verzlunarstaða atkvæði mitt, sem beðið er um. Mjer þykir því illt, ef þessi viðbætir, um bannið á sölu áfengra drykkja, yrði til þess að fella frumvarpið, og hef þá von til hins háttv. flutningsmanns, að hann taki hann aptur; það er eins fyrir mjer og mörgum öðrum, að jeg álít viðbætirinn auka misrjetti manna á meðal, þar sem hann er svo víðtækur, að hann nær til fleiri en þeirra, sem eru innanhrepps á Fáskrúðsfirði, og biðja um löggildinguna. Jeg tek það upp aptur, að mjer þykir það mjög leitt, ef þetta frv. ekki fær fram að ganga, og jeg gef atkvæði mitt fyrir því, að það verði látið ganga til 3. umr., ef jeg má eiga von á því, að hinn háttv. flutningsmaður muni við 3. umr. nema viðbætirinn burtu; h. flutningsmaður (J. Ólafsson) má bezt þekkja, hvort hollara er, að fá ekki þessa löggildingu sem frv. fer fram á, eða hitt, að taka í burtu vínsölubannið, og fá löggildinguna samþykkta hjer í deildinni.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal fúslega svara háttv. 2. þm. Árn. (Sk. Þ.), að mjer datt ekki í hug að koma með nokkra breyting á frumv. í þá átt, sem hann fer fram á, því að jeg vil heldur að frv. falli, en koma með hana. Jeg vil ekki kaupa löggildinguna af h. þingd. fyrir það verð. Það er undarlegt, að setja

mönnum þannig stólinn fyrir dyrnar og kúga upp á þá drykkjuskap; þó er það auðvitað á valdi háttv. þingd. að bjóða slíka kosti, en það er líka á valdi hins málsaðilans, að ganga ekki inn á kaupskapinn, heldur segja *nei* við honum, og það gjöri jeg hiklaust!

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt með 8 atkv. gegn 3.

Frumv. til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun = frumv. til laga um böggulsendingar (206); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Hjer liggja nú engar breytingartillögur fyrir og finn jeg því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið. Við 2. umr. var samþykkt breyt.till, sem nefndin var ekki svo óánægð með, að hún fyndi ástæðu til að mótmæla henni. Vona jeg að frv. þetta gangi nú fram mótmælalaust.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið samþykkt í einu hljóði og afgreitt síðan til neðri deildar.

Tuttugasti og fimmti fundur, þriðjudaginn 2. ágúst kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (185, 195); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg er reyndar ókunnugur flestum af þessum jörðum, nema sumum í Skaptafellssýslu, og verð jeg að álíta, að á þær sje sett fullkomlega svo hátt verð, að landsjóður sje alveg skaðlaus, þótt hann selji þær við því verði. Að því er snertir eyðijörðina Efri-Strönd, sem nefnd er undir tölulið 8, þá álít jeg að landssjóður megi þakka fyrir að fá þessar krónur fyrir hana, því þessi eyðijörð er næstum gjörsamlega orðin eyðilögð af sandfoki og liggur framvegis undir algjörðri eyðileggingu. Svo ætla jeg að minnast lítið eitt á breytingartillögu mína undir 14. tölul. Jeg gat um það við 1. umræðu, hvers vegna jeg kæmi með þessa breytingartillögu; því var nl. svo varið, að einn af þeim þremur ábúendum á Hvoli hafði í tæka tíð falað sinn $^1/_3$ til kaups, en um það leyti að frumvarpið var að enda sinn gang í neðri deild, kom brjef til þingmanns V.-Skaptfellinga frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu þess innihalds, að hinir tveir ábúendurnir einnig óskuðu að fá sína parta til kaups, og beiddu þingmann sinn að bera þetta fram á þinginu; en vegna þess að hann fjekk beiðnina of seint, mæltist hann til við mig, að jeg kæmi hjer í þessari háttv. deild fram með þessa breytingartillögu mína. Jeg skal geta þess, að kaupverðið á þessum $^2/_3$ er sett alveg í sama hlutfalli og hitt kaupverðið á hinum $^1/_3$ jarðarinnar. Jeg skal svo ekki fjölyrða þetta, en vonast til þess, að hin háttv. deild ekki síður vilji selja alla jörðina Hvol en $^1/_3$ úr henni, og að hún þannig gefi breytingartillögu minni atkvæði sitt.

Jakob Guðmundsson: Jeg er reyndar ekki kunnugur, en jeg hef heyrt að ábúendurnir á Hvoli væru þrír, og hver um sig óskaði að fá sinn ábúðarhluta keyptan; en jeg veit ekki, hvort það er rjett fyrir þingdeildina, að styðja að margbýli; jeg hefði því kunnað betur við, að einn ábúendanna hefði boðizt til að kaupa alla jörðina, en það verður að vera á valdi þeirra, sem mæla með breytingartillögunni, hvort þeir álíta sveitar- og sýslufjelaginu hollara margbýli á jörðum en fábýli.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. (195) við 1. gr. 14. samþ. með 10 atkv.

1. gr. þannig breytt og 2.—3. gr. samþ. hver um sig í e. hlj.

Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um sölu þjóðjarða (201); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að þriggja manna nefnd sje sett í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Var síðan samþ. í e. hlj., að kjósa skyldi 3 manna nefnd og fresta 1. umræðu. Í nefndina voru kosnir:

Jakob Guðmundsson með 9 atkv.
Jón Ólafsson — 6 —
Friðrik Stefánsson — 5 —

Frv. til laga um þingfararkaup (207); 1. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Eins og kunnugt er, vorum vjer nokkrir þingmenn kosnir í nefnd til þess að stinga upp á lögum um þetta efni, sem hjer liggur fyrir, og eptir því sem okkur þótti heppilegast, þá tókum vjer þá aðferð, að fastákveða ferðakostnaðinn eptir landferðum, en sem við er að búast verða víst misjafnir dómar um það, hvernig nefndinni hafi tekizt að leysa af hendi þetta verk, því það er sannkallað vandaverk og erfitt að gjöra svo öllum líki. Jeg skal geta þess, að nefndin sá sjer ekki fært af ýmsum ástæðum að fylgja kjördæmum, því að því færri sem umdæmin eru, því meiri verður ójöfnuðurinn, en því fleiri sem þau eru, því minni verður hann, en ómögulegt er að sneiða hjá því, að ekki verði ávallt nokkur ójöfnuður, einkum þar sem þm. kynnu að búa við takmörkin sinn í hvoru umdæmi. Það mundi verða ómögulegt að komast hjá öllum ójöfnuði, þó að menn tæru að skipta landinu í þingfararumdæmi eptir hreppum, en auðvitað minnkaði ójöfnuðurinn allt af, eptir því sem umdæmin yrðu fleiri og ummálsminni. Nefndin hefur því í þessu þótzt fara meðalveg, að skipta landinu í 24 þingfararhjeruð og hefur hún í þeirri skiptingu tekið tillit til landslags og vegalengdar, því svipaðir erfiðleikar eru opt á því, að ferðast úr fleirum kjördæmum og vegalengd svipuð, og aptur getur verið ólíkt úr ólíkum hlutum sama kjördæmis. Nefndin vonar, að þingd. verði henni samdóma um að meginreglan, sem hún hefur farið eptir, sje rjett, þótt ágreiningur geti orðið um, hvernig henni er beitt í hinum einstöku atriðum, en ef deildin er samdóma nefndinni um það, að meginreglan sje rjett, þá er mikið unnið. Jeg skal benda á það almennt, að mismunurinn á ferðakostnaðinum kann í fljótu bragði að sýnast undarlegur, og kemur það til af því, að margar reglur má viðhafa til þess að mæla ferðakostnaðinn eptir, en það var von okkar í nefndinni, að ef maður vissi höfuðaðferð hennar, þá myndu ákvæðin sýnast ljósari og mismunurinn ekki eins undarlegur. Jeg skal því taka það fram, að nefndin tók sjer þá aðalreglu, að hún gjörði mun á því, hvort þm. væru úr hinum nálægari þingfararhjeruðum og gætu sent hesta sína heim aptur, eða þeir væru úr fjarlægari hjeröðum og yrðu að halda hestunum hjá sjer allan tímann, en þetta gjörir auðsjáanlega mikinn mun, því þeir sem nær eru geta ekki reiknað sjer hestaleigu nema fyrir þann tíma, sem þeir eru á ferðinni, en hinir fyrir allt sumarið, en aptur áleit hún, að þeir, sem nær væru, þyrftu að taka fylgdarmann til þess bæði að flytja hestana heim aptur og koma með þá til baka, en hinum ætlaði hún fylgdarkaup hvern dag eptir því sem hún áleit að þeir gætu komizt af með, einkum þar sem fleiri en einn gætu verið um sama fylgdarmanninn. Nefndin gjörði sjer og grein fyrir, hvað marga hesta mundi þurfa úr hverju þingfararhjeraði og hefur leitazt við að afla sjer upplýsinga um, hver hestaleiga sje venjuleg úr hverju hjeraði; hún hefur og gjört mun á ferðinni til þings og frá þingi úr Norðurlandi austan Miðfjarðarár, því t. a. m. að vorinu verður að fara suð-

ur Holtavörðuheiði, en norður má aptur fara Grímstunguheiði og gjörir það strax töluverðan mun.

Það getur nú verið, að önnur aðferð hefði verið betri eða rjettari, en nefndinni hefur eigi hugkvæmzt hún. Það var aðalætlun nefndarinnar, að ákveða það kaup sem hver þm. gæti sómasamlega ferðazt fyrir, og fannst henni hún velja þá upphæð, sem hver þm. gæti verið þekktur fyrir að setja á ferðakostnaðarreikninginn. Hvað viðvíkur þeim þm., sem fara með strandferðunum, þá áleit nefndin, að það þyrfti ekkert að tiltaka annað, en að þeim væri borgað eptir því sem ferðin með þeim kostaði, þeir fengju borgaðan kostnaðinn við að komast á skip eða af, en borgun fyrir það þótti nefndinnni heppilegast að ákveða. Ferðakostnað til skips hefur hún farið fram á að ákveða eptir meðaltali eptir því, hversu langt menn eiga að sækja á hafnir. En þegar óvænta farartálma svo sem ís eða annað þess konar bæri að höndum, eins og kom fyrir seinast í ár, þá áleit nefndin að ekkert *fast* yrði ákveðið, svo sanngjarnt væri, en að kostnaðurinn yrði þá goldinn eptir því, sem nefnd, er til þess væri kjörin af þinginu, ákvæði og áliti rjettast. En þá mundu aðalreglur þessarar áætlunar hafðar til mælikvarða að því leyti sem nefndinni sýnist tiltækilegt, og þetta gæti þá orðið þeirri nefnd til leiðbeiningar. Jeg finn svo eigi ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Nefndin áleit, að hún gjörði með þessu þingfararkaup þm. sanngjarnt og einkum með því, að gjöra það fast ákveðið, því það er sannarlega óviðkunnanlegt, þegar munar mikið á reikningnum árlega hjá sama þm., þótt ekki verði sjeð að hann hafi kostað nokkru meira til í eitt skipti en önnur; og það getur ekkert verið á móti því, að fast ákveða þingfararkaupið, et það er eigi gjört af óþarflega skornum skammti, en það vildi nfd. reyna að synda fyrir.

Júlíus Havsteen: Hina háttv. þm. rekur víst minni til að jeg var því þegar í upphafi mótfallinn, að nefnd væri sett til þess, að taka til rannsóknar spursmálið um endurgjald á ferðakostnaði alþingismanna. Jeg áleit og álít enn, að það væri að kasta skugga á alþingi og alþingismenn, að ákveða nú fast endurgjald fyrir ferðakostnað þeirra, bæði að því leyti, sem með því væri dróttað að þm., að þeir áður hefðu gefið hærri reikninga fyrir ferðakostnaðinum, en þeir í raun rjettri hefðu kostað til, og svo líka að því leyti, sem með ákvæðum um fast endurgjald væri látið í ljósi, að alþingismenn væru eigi færir um að úrskurða ferðakostnaðarreikninga, og hefðu eigi einurð á að færa niður endurgjalds-upphæðina hjá hverjum einstökum þm., ef það þætti of hátt í reikningi hans.

Jeg bjóst eigi við neinu góðu af nefndinni í þessu máli, enda hefur það nú líka komið fram, en eitt þyki mjer mjög skrítilegt hjá hinni háttv. nefnd, sem er það, að hún ákveður fast endurgjald fyrir landferðakostnað, en eigi fyrir kostnað við þingferð á sjó; því það sjer þó hver maður, að hestaleiga o. s. frv. getur eins breytzt eins og fargjald með strandferðaskipum, og er því engin ástæða til að fylgja öðrum reglum um ferðakostnað á sjó en á landi. Þegar menn koma til 9. gr. frv. reka menn sig á nefnd, sem setja skal til þess að rannsaka reikninga; þar er nefnd trúað, og því má þá ekki trúa nefnd til þess að rannsaka ferðakostnaðarreikninga alþingismanna yfirhöfuð? Mjer finnst því þannig einnig vera mikil ósamkvæmni í frv. Auk þess eru þær þingfararupphæðir, sem tilteknar eru í 3. gr frv., eigi nema helmingur þess, sem landferðir fram og aptur kosta. Jeg get fyrir mitt leyti sýnt og sannað, að mjer, sem er í hinu svonefnda 20. þingfararhjeraði, nægir eigi sú upphæð, sem ákveðin er fyrir

ferð þaðan, nema til þess að fara fyrir hana aðra leiðina, því mjer veitir ekki af 5 hestum; og 30 kr. kostar hesturinn af Akureyri og hingað suður, þótt þeir sjeu sendir strax heim aptur, og svo þykist jeg þurfa að hafa fylgdarmann. Jeg get því ekki getið þessu frv. atkv. mitt, eins og það er, en jeg get heldur eigi verið að fást við að koma með breytingaruppástungur við það, því þá þyrfti í rauninni að breyta því frá upphafi til enda. Jeg vil helzt fella þetta frumv. strax, og vona jeg að fleiri verði með mjer í því.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Út af því sem háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen) talaði um, skal jeg geta þess, að það er ekki nefndin sjálf, sem hefur valið sjer þetta hlutverk, heldur háttv. deild, sem með atkvæðafjölda samþykkti þá tillögu, að setja nefndina til að koma fram með tilögur sínar í þessu máli, og með atkvæðagreiðslu sinni hefur því háttv. deild sjálf játað, að nauðsyn bæri til að setja einhverjar fastar reglur fyrir ferðakostnaði þingmanna; öðruvísi gat nefndin ekki skilið ætlunarverk það, sem deildin fól henni á hendur, eptir því sem umræður fjellu þá hjer í deildinni. Þetta hlutverk hefur nú nefndin reynt að leysa af hendi með því að koma fram með frv. þetta. Það er öldungis ekki nauðsynlegt heldur, að skilja svo þennan vilja háttv. deildar, eins og h. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen) vildi gjöra, að með því sje í ljósi látið mistraust til nefnda þeirra, er hafa úrskurðað reikningana, eða vantraust til þingmanna, hvort heldur þeirra sem nú eru eður þeirra sem síðar munu verða, um það, að þeir sjeu eigi færir um að leggja úrskurð á ferðakostnaðarreikninga þingmanna sjálfra, heldur hitt, að reyna að koma í veg fyrir þann misjöfnuð, sem átt hefur sjer stað á ferðakostnaðarreikningum, þar sem að undanförnu hefur komið fyrir, að reikningum 2 þingmanna, sem búið hafa rjett að kalla á sama bæ, hefur munað nálega $^1/_3$ allrar upphæðarinnar, og að á hinn bóginn sami þingmaður, búsettur á sama stað sem áður, gefur ferðakostnaðarreikning á öðru þinginu nær því helmingi hærri en hann hefur gefið á hinu, enda þótt veður og færð sje ekki mismunandi. Það er líka allt annað að segja, að þingið sje ekki *fært* um að dæma ferðakostnaðarreikningana, en að segja, að það sje mjög *óþægilegt* fyrirþingmenn að vera dómara í sjálfs síns sök í þeim efnum. Það hefur stundum komið fyrir, að ferðakostnaðarreikningur þingmanns hefur verið settur niður, og hefur þá ástæðan hlotið að vera annaðhvort sú, að þingmaðurinn hefur ekki verið fær um að semja reikninginn og hann hefur sett hann of háan, eða þá hitt, að þingnefndin hefur ekki verið fær um að úrskurða hann og borgað þingmanninum of lítið. Það er nú einu sinni svo leiðis, að mennirnir eru ekki eins og þeir ættu að vera. Það hefur líka komið fyrir, að nefndin hefur *fært upp* ferðakostnaðarreikninga þingmanna, og úrskurðað þeim *hærri* upphæð en þeir höfðu *sjálfir* reiknað sjer — sjálfsagt af því, að hún hefur ekki álitið þá sjálfa hafa rjetta tölu á útgjöldum sínum!!

Það getur verið að nefndin finni ástæðu til, að setja niður ferðakostnaðarreikning þingmanns, enda þótt hún sje sannfærð um, að þingmaðurinn hafi kostað því til, er reikningurinn ber með sjer, af því að hún álíti, að hann hafi ferðazt dýrara en ástæða var til. Þetta er mjög óþægilegt fyrir reikninganefndina. Jeg man einmitt eptir því, að ferðakostnaðarreikningur eins þingmanns úr einu kjördæmi í Vesturamtinu var settur niður hjer um árið um 10—20 kr., þótt nefndin efaðist alls eigi um, að þingmaðurinn hefði kostað því til, sem á reikningnum stóð. Henni mun hafa þótt sá kostnaður hærri en *þörf*

hefði verið. Slíkt hlýtur að vera mjög óþægilegt fyrir nefndina og þingmenn.

Annað atriði er það, að menn mæla ekki ætíð öðrum með sama mæli sem sjálfum sjer. Jeg skal taka eitt dæmi því til sönnunar. Jeg ferðaðist í vor til að sækja skuld á hendur eins vinar míns, fyrverandi þingmanns, og á kostnað hans. Jeg gaf honum svo reikning fyrir ferðinni. Honum þótti sá reikningur óguðlega hár, og þó var hann mun lægri en sá reikningur, sem hann sjálfur hafði gefið á þingi fyrir að ferðast sömu vegalengd og vel að merkja: minn reikningur fól í sjer eigi að eins ferðakostnað, heldur og *ómakslaun*, og var *samt* lægri en reikningur hans yfir ferðakostnaðinn *einan*. Hann mun hafa álitið, að það væri allt öðru máli að gegna, þegar landssjóður borgaði.

Það er öldungis víst, að menn reikna og mæla með tveimur stikum. Það væri því gott, ef hægt væri að finna einhverja meðalalin, og það hefur nefndin reynt að gjöra.

Jón A. Hjaltalín: Jeg var einn af þeim sem gaf atkvæði mitt fyrir því, að þessi nefnd væri kosin, og er jeg henni mikillega þakklátur fyrir flestar tillögur hennar, og einkum þó það, að hún hefur sett fyrir ferðirnar fast ákveðnar reglur. Það liggur ekki fyrir nú, að fara út í hin einstöku atriði eða tala um, hvort upphæðirnar sjeu settar of hátt eða of lágt frá hinum einstöku hjeruðum. Aðalatriðið er það, að ferðakostnaðurinn er fast ákveðinn, svo að hver þingmaður getur hagað ferð sinni eptir því. Þar með er þó ekki víst, að jeg greiði atkvæði hverjum lið eða hverri grein frumvarpsins, en fljótt á að líta virðist mjer ekki fjarri sanni það, sem háttv. nefnd hefur stungið upp á.

Júlíus Havsteen: Jeg gat ekki fengið annað út úr ræðu háttv. framsögumanns (J. Ól.), en að nefndir þær, sem að undanförnu hafa fjallað um ferðakostnaðarreikninga þingmanna, hafi gjört skyldu sína, og það jafnvel þótt þær hafi sett upp reikningana; það er að sönnu miður til fallið, en þó ekki vítavert. H. þm. (J. Ól.) sagði, að það væri mjög leiðinlegt verk, að úrskurða reikninga og lagði svo mikla áherzlu á það. En það kemur varla sá dagur, að umboðsvaldið þurfi eigi að úrskurða reikninga, — og þótt ýmisleg verk í lífinu sje miður skemmtileg, þá verða þau að framkvæmast samt; sjeu reikningar færðir niður, verða hlutaðeigendur að láta sjer það lynda. Jeg hef hugsað mjer, að það gæti stutt það fyrirkomulag sem nú er, ef þingmenn ættu að votta upp á æru og samvizku, að reikningar sínir væru rjettir. Það gjörði nefndunum hægra fyrir, þegar þær eru svo hörundsárar, að þær vita ekki hvað þær eiga að gjöra.

Jeg get ekki greitt atkvæði með þessu frumvarpi.

Arnljótur Ólafsson: Jeg var einn af þeim þm. sem greiddu atkvæði móti því, að kjósa nefnd í þetta mál, af líkum ástæðum sem þeim er h. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen) hefur tekið fram. Ein ástæða mín var þó, er jeg verð að ítreka, því að hún kemur berlega fram í frumvarpi h. nefndar. Ástæðan er sú, sem og nefndin hefur fundið að er sönn, að það er ómögulegt með föstum tölum að ákveða *rjettan* ferðakostnaðinn eptir öllum atvikum, svo sem veðri, torfærum o. s. frv. Þetta sjest glöggt af 8. og 9. gr. frumvarpsins; og eitt er þó enn ótalið, sem er það, að embættismaður getur opt sökum embættisanna ekki komizt með gufuskipunum og verður því að fara landveg nokkrum dögum síðar en skipið. Þetta hefur komið fyrir sjálfan mig. Þetta hefur þær afleiðingar að fæðispeningarnir verða minni en ferðakostnaðurinn meiri. Jeg hygg í raun rjettri, að það sje óþarfi að ætla, að

þingmenn telji sjer *almennt* í ferðakostnað meira en þeir þurfa til að kosta.

Jeg vil taka til dæmis 20. tölulið. Það er öldungis rjett sem háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen) tók fram, að sá ferðakostnaður, sem ætlaður er úr því eða því þingfararhjeraði, nægir að eins fyrir aðra ferðina landveg. Jeg vil bæta við að líkt er ástatt með 9. tölulið. Sá þingfararkostnaður sem úr því hjeraði er áætlaður er talsvert minni — og þó er hann hærri en sá í 20. tölulið — en kostnaður sá, er jeg veit til að þingmaður þaðan hefur greitt, einkum ef hann á að fara alla leið til baka.

Jeg held, að sú eina þýðing, sem nefndarálit þetta getur haft, sje sú, að málið nái eigi fram að ganga, heldur verði ferðakostnaður sá, er það til tekur, hafður sem sýnishorn af tillögum viturra og rjettsýnna manna í háttv. efri deild, og því sem mælikvarði handa nefnd þeirri, sem hjer eptir á að úrskurða ferðakostnaðarreikninga þingmanna. Ef þingið sæi sjer fært eptir svo sem 2—4 ár að taka þetta mál upp aptur, þá álít jeg fyrst tíma til kominn að búa til lög um það, með því þá er búið að reyna mælikvarðann. Ef vjer hröpum nú að því að búa til lög um þetta mál og setja því fastar reglur, mun sú niðurstaðan verða, að þingmenn verða, óánægðir og óska breytinga á þessum lögum og svo verður annað eins umtal út úr öllu saman eins og orðið hefur út úr prestakallalögunum, og verður sá kostnaður, sem það hefur í för með sjer, meiri en sá ofvöxtur, sem nú kann að eiga sjer stað í reikningunum.

Jeg verð að segja, að mjer þykir það neyðarúrræði að þurfa að setja föst lög um ferðakostnað þingmanna, hvernig sem á kann að standa. Það er hvorki hægt nje heldur rjett í hverju tilfelli, því stundum verður upphæðin of há og stundum of lág.

Jeg hygg h. nefnd megi vel við una, þótt þetta frv. hennar nái ekki fram að ganga. Hún hefur gjört sitt bezta til, komið fram með frumv. byggt á ástæðum, sem að sumu leyti eru rjettlátlegar og sanngjarnlegar sem mælisnúra eða rjettiskið. Þótt jeg gleðjist yfir þessu og kunni að greiða atkvæði með frumv. við þessa umræðu, mun jeg greiða atkvæði móti því, að það gangi fram við 3. umræðuna.

Jakob Guðmundsson: Háttv. 1. kgk. (J. Havsteen) sagði, að nefndin hefði verið ósamkvæm sjálfri sjer, er hún hefði fastákveðið kostnað til landferða þm., en ekki til sjóferða þeirra; en þetta er eigi svo. Nefndin hefur ákveðið þær, og meir að segja, hún hefur enda nákvæmlegar ákveðið ferðakostnað til skips og frá en annan ferðakostnað. Hjer er nú að eins um það að ræða, hvort eigi að fastákveða fararkaup þingmanna eða eigi; nú á ekki við að fara út í einstakar greinar eða finna að einstökum atriðum frumv. Ef málið fær framgang í báðum deildum, þá hefur hver þm. tækifæri til að koma með uppástungur, sem honum þykja sanngjarnari en tillögur nefndarinnar, og verður það komið undir rökfærslu hans, hvort breytingartill. hans fær framgang eða eigi. En hvort sem málið í heild sinni nær fram að ganga eða eigi, þá tel jeg mikið unnið við, að það hefur verið rætt hjer í deildinni og íhugað í nefnd, og bezt væri að það yrði rætt í báðum deildum. Það gefur þm. kost á að skoða málið frá ýmsum hliðum og óneitanlega er nokkur stuðningur í bendingum nefndarinnar. Háttv. 5. kgk. þm. (A. O.) færði það einkum á móti frv. þessu, að svo bágt væri að búa til lög um þetta efni, sem átt gætu við til langframa, og minnti á prestakallalögin til viðvörunar. Það er alveg satt, að full reynsla er fyrir því, að bágt er að búa til lög, sem átt geti við um ald-

ur og æfi. En á það að aptra mönnum frá að búa til nokkur lög? Hver mun nokkru sinni geta sagt: Nú hef jeg hitt hið eina sanna rjetta og óbrigðula. Ávallt þegar lög eru gefin, verður að sníða þau eptir ástandi yfirstandandi tíma, og eptir því útliti, sem þá er; sömu reglu verður að fylgja með þessi lög. En vel getur verið, að eptir 20—30 ár verði komið allt annað ástand hjer, og annaðhvort miklu ódýrara eða dýrara að ferðast um landið en nú er, en þá má líka breyta lögunum og laga þau eptir því, sem þá á við.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er nefndinni þakklátur fyrir gjörðir hennar. Jeg er einn af þeim, sem álít það gott að fararkaup þingmanna sje fastákveðið. Það vita allir og ekki er hægt að breiða yfir það, að stundum hafa verið misfellur á ferðareikningum þingmanna, og að nefndin, sem hefur átt að fjalla um þá, hefur þó kynokað sjer við að setja þá niður. Þetta hafa menn játað með sjálfum sjer, og hví skyldi þá ekki líka mega gjöra þá játning opinberlega? Jeg tek það upp, að jeg er nefndinni þakklátur fyrir það, hvernig hún hefur leyst starf sitt af hendi, þótt vera megi að ástæða sje til að breyta ákvæðum hennar í einstökum atriðum, en til þess er nægur tími enn, og mun jeg fúslega bæði styðja að því og einnig gefa frv. atkv. mitt.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um málið; þó skal jeg minnast á tillögu háttv. 1. kgk. (J. Hav.), að það mundi verða til bóta ef þingmönnum yrði gjört að skyldu, að vitna upp á æru og samvizku, að reikningar þeirra væru rjettir. Jeg sje ekki hver bót væri að þessu. Þingmenn hafa náttúrlega að undanförnu gefið reikningana upp á æru og samvizku, eða að minnsta kosti mun h. 1. kgk. þm. (J. Havsteen) og allir verða að ganga út frá því. En hvernig færi nú ef þessi æru- og samvizkutrygging yrði til þess, að einhver gamall þingmaður gæfi mun lægri reikninga eptir en áður? Mundi það ekki kasta þeim skugga á hann, að hann hefði áður gefið samvizku-*lausa* reikninga? Jeg held að hverjum þm. muni þykja þægilegra að hafa fast ákveðna ferðapeninga, en vera undir þessari samvizkuþvingun. Jeg hef tvívegis verið þingmönnum samferða landveg úr einu hinu fjarlægasta hjeraði landsins. Jeg hef optar farið milli austurlands og Reykjavíkur; alls hef jeg farið fimm sinnum þar á milli, tveim sinnum norðanlands og þrem sinnum sunnanlands. Auk þess hef jeg og farið skemmri eða lengri part leiðar á landi. Ætti jeg að segja upp á æru og samvizku, þá mundi jeg segja, að þeir hefðu ekki kostað því til ferða, sem þeir gáfu reikning fyrir. Jeg skal enn taka fram eitt dæmi. Þegar jeg kom af Þingvallafundi 1885, þá hitti jeg á leiðinni einn af þingmönnum með tvo hesta uppgefna; jeg spurði hann að, hvort hann hefði ekki haft fleiri hesta að heiman. Hann kvaðst hafa haft þriðja klárinn horaðan, en hann hefði uppgefizt á leiðinni. Fylgdarmannslaus var hann þá. Af hendingu sá jeg síðar ferðareikning þessa sama þingmanns, og taldi hann þar, að hann hefði haft 5 hesta og fylgdarmann alla leið, og þó hafði hann farið fylgdarmannslaus mestalla leið. Jeg veit að reiknaðar hafa verið á annað hundrað kr. fyrir rúma dagleið hjeðan frá Reykjavík, og eptir því ættu að kosta að minnsta kosti 1000—1200 kr. að ferðast austan úr Múlasýslu og til Reykjavíkur og til baka aptur. Ef svona dýrt væri í raun og veru að ferðast hjer, þá mundi varla nokkur maður leggja upp að fara bæjarleið að heiman í sjálfs síns þarfir, nema líf lægi við. Jeg hygg að frv. vort muni verða til bóta; en það tek jeg fram, að það er mesta vandamál að

ákveða ferðakostnað einmitt hæfilegan og eptir rjettum hlutföllum; en nálægt hinu rjetta má komast. Og ekki ætti oss miklu síður að vera ófært að ákveða ferðakaup þingmanna vorra en öðrum þjóðum er það. Þar er það að minnsta kosti víða ákveðið eptir mílnatali, og það þótt mikill munur sje á hvort þingmaðurinn þarf að ferðast á gufuskipi, járnbraut eða vagni með hestum fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 atkv. gegn 1.

Frumv. til laga um afnám laga 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps og Skagatáar (202); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki neitað því, að mjer finnst það mjög svo óheppilegt, að dómstólarnir hafa skilið lögin frá 16. desbr. 1885 gagnstætt tilgangi þeirra, og er því nauðsynlegt, annaðhvort að afnema þau eða gjöra þær breytingar á þeim, svo að þau verði viðunandi; en af því jeg er ókunnugur, þá treysti jeg mjer ekki til að koma fram með þær breytingar við þetta frumvarp, sem nauðsynlegar kunna að vera, og sezt því nauðugur niður, bæði vegna hinna lifendu, og enda sumra hinna dauðu, sem mundu hafa óskað að lögum þessum hefði heldur verið breytt í hagfelda og praktiska stefnu, heldur en að þau væru felld með öllu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um vegi (215); 1. umræða.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti álít frumvarp þetta þýðingarmikið og hygg því að hin háttv. deild ætti nákvæmlega að yfirvega það. Jeg skal játa það, að frv. er allvel úr garði gjört hjá hinni háttv. neðri deild, en af því til-gangur frumvarpsins er, að tæma allar ákvarðanir um vegamál, og nema úr gildi tilskipun 15. marz 1861 og lög nr. 19 frá 15. oktbr. 1875, þá má nærri geta, hvort eigi sje full ástæða til að leggja sig til við og vanda þetta mál; og auk þessa hefi jeg fundið í frumvarpinu nokkra staði eða ákvæði, sem athugaverð eru. Þegar þessa alls er gætt, leyfi jeg mjer að leggja það til, að nefnd verði kosin til að íhuga málið, og sting upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt var með 9 atkv. gegn 1, að kjósa 5 manna nefnd og fresta 1. umr.

Í nefndina voru kosnir:

Júlíus Havsteen	með	10 atkv.
Sighv. Árnason	—	9 —
E. Th. Jónassen	—	8 —
B. Kristjánsson	—	7 —
Sk. Þorvarðarson	—	6 —

Tuttugasti og sjötti fundur, miðvikudaginn 3. ágúst kl. 1. e. h.

Allir á fundi nema 2. þm. Árn. (Sk. Þorvarðarson), er hafði tjáð forföll svolátandi:

„Vegna sjúkdómstilfellis, sem mjer er viðkomandi, leyfi jeg mjer að óska, að hinum háttvirta forseta efri deildar alþingis mætti þóknast að veita mjer burtfararleyfi frá þingsetu um næstu 2 daga, og ennfremur, ef jeg móti von tefðist lengur fyrir ófyrirsjeð forföll, að leita þá samþykkis hinnar heiðruðu efri deildar þar að lútandi".

Þessu samkvæmt fjekk nefndur þingmaður 2 daga burtfararleyfi.

Forseti gat þess, að í nefndinni um sölu þjóðjarða væri Friðrik Stefánsson kosinn formaður og Jakob Guðmundsson skrifari, og í nefndinni í málinu um vegafrumvarpið væri Júlíus Havsteen kosinn formaður og Benidikt Kristjánsson skrifari.

Frum. til viðaukalaga við útflutningalögin 14. jan. 1876 (222); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er, eins og deildinni er kunnugt, sprottið af hinni brýnu nauðsyn, sem reynslan þegar er búin að sýna og hefur nú seinast í sumar sýnt, að er á því, að vernda rjett hinna einstöku útfara og sveitarfjelaganna yfir höfuð gagnvart útflutningastjórum eða umboðsmönnum þeirra. Jeg skal geta þess, að frumvarpið er orðið til eptir hvötum frá hinum hæstv. landshöfðingja, og er því honum einum að þakka sú gagnsemd, sem jeg er viss um að að því verður, ef það verður að lögleitt. Jeg vona að allir sjeu mjer samdóma um það, að hjer er að ræða um það vandræðaástand, sem brýn þörf er á að reisa skorður við. Það virðist svo sem útflutningastjórarnir ekki hafi hingað til skilið útflutningalögin frá 14. jan. 1876 samkvæmt tilgangi laganna, því þegar útfararnir hafa verið búnir að selja eigur sínar til þess að komast af stað, þá hafa þeir verið búnir að binda sig gagnvart útflutningastjórunum, án þess að á hinn bóginn væri gefin nokkur eiginleg skuldbinding af þeirra hálfu til að koma útförunum alla leið til hins fyrirheitna staðar. Úr þessum vandræðum vill þetta frumvarp bæta. Það er heldur ekki nema sanngjarnt, að útflutningsstjórarnir líka taki upp á sig skuldbindingu gagnvart útförunum, og gefi þeim skilyrðislaust skriflegt loforð um flutninginn fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Reynslan er þar að auki margopt búin að sýna, að það hefur verið farið í kringum lögin frá 14. jan. 1876; menn hafa þannig strokið hjeðan á burt frá stórskuldum, hafa enda legið hjer fyrir utan eyjar og á höfninni og komizt um borð, og þannig komizt með. Jeg vona því að hin háttv. deild sjái gagnsemi þá, sem frumvarp þetta hefur fyrir augum og að það sje meining þess að afstýra þeim vandræðum, sem hingað til í þessu efni hafa átt sjer stað, og vona jeg því, að frumvarpið fái góðan framgang hjá hinni háttv. deild.

Landshöfðingi: Jeg er hinum háttv. flutningsmönnum þakklátur fyrir, að þeir hafa komið fram með þetta frv., og vona jeg, að það fái góðar undirtektir hjer í deildinni, því það hlýtur öllum að vera ljóst, að það er nauðsynlegt að setja útflutningastjórunum strangar reglur til þess að tryggja rjett þeirra, sem fara vilja af landi burt, að þeir sjeu eigi dregnir á tálar um burtfarartímann og annað þess konar. Flutningsmaður hefur svo nákvæmlega lýst tilgangi frumv. og hvernig það er til komið, að jeg álít óþarft að tala meir um það. En jeg vildi leyfa mjer að drepa á, þó það sje 1. umr., að það einasta væri, að ákvæði 2. gr. kynni að þykja óviðfeldin. Það kynni að þykja hart, að útflutningsfjelagið yrði að borga bætur þegar ís tálmaði, en eins og frv. nú er orðað, þá mundi þær eigi vera fólgnar í öðru en því að útvega fólkinu húsnæði og viðurværi meðan það bíður eptir útflutningsskipinu og sýndist það eigi vera neitt háskalegt, enda er, eins og hinn háttv. flutningsmaður tók fram, líkt ástatt með útflutningsfjelög á Skotlandi og þykir eigi hafa neitt slæmar afleiðingar. Jeg skal því leyfa mjer að gefa frv. þessu beztu meðmæli mín.

Sighvatur Árnason: Jeg er alveg sammála hinum háttv. flutningsm. og hinum hæstv. landshöfðingja, að þetta er mesta nauðsynjamál, og að þörf væri á að setja útflutningsstjórunum strangari reglur; það sýna þau dæmi, sem hafa komið fyrir á þessu vori, en af því að það er 1. umr., þá á eigi við að fara út í einstakar greinar, en mjer hefur samt

dottið í hug, hvort 3. gr. væri eigi athugaverð, hvort eigi mætti fara svo í kring um hana að lögin næðu eigi tilgangi sínum. Jeg mun því reyna að hugleiða þetta betur undir næstu umræðu, og máske koma með breytingartillögu við hana.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Tuttugasti og sjöundi fundur, föstudag 5. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (219); 1. umræða.

Jón Ólafsson: Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er vel kunnugt háttv. deild; það er í raun og veru ekki nýtt frumvarp, og þingd. er líka kunnugt, hvernig því hefur gengið gegnum neðri deild, og það er enginn vafi á því, að það muni vera einnig þessari deild hið mesta áhugamál, sem hún fær til meðferðar á þessu sumri. Það er að sönnu satt, að þetta frv. hefur ekki fengið með sjer eins mikinn atkvæðafjölda nú sem áður, en að þessi atkvæðagreiðsla þýði ekki það, að áhuginn á málefninu sje minni nú en verið hefur, það lýsti sjer bezt í því, að þingmenn neðri deildar greiddu atkvæði *með* hverri einstakri grein nær því í einu hljóði. Það sem því skilur með mönnum, er einungis aðferðin, sem hafa skal nú á þinginu, hvernig hentast og tiltækilegast sje eptir kringumstæðum að halda málinu áfram. Ágreiningurinn er um *veginn*, en ekki um *takmarkið*.

Menn hafa mikið rætt um vilja þjóðarinnar nú á þinginu í þessu máli. Menn hafa vitnað í fundargjörðir frá 2 eða 3 kjördæmum, sem lagt hafa til að málið yrði ekki tekið til meðferðar nú á þinginu, sakir þess kostnaðar, sem það hefði í för með sjer. En jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að það hafa ekki komið fram frá einu einasta hjeraði ummæli um, að framgangur málsins væri ekki æskilegur í sjálfu sjer. Ekki eitt einasta hjerað efast um það á nokkurn hátt, að í sjálfu sjer sje æskilegt að málið fái framgang; það er að eins, hvern *veg* skuli velja, sem menn greinir á um. Það eru að sönnu ekki komnar fundargjörðir úr öllum kjördæmum landsins; en þau kjördæmi, sem engar fundarskýrslur hafa sent, má álíta að vilji halda málinu áfram, eins og þau sýndu með síðustu kosning til alþingis. *(J. A. Hj.:* Nei!). Jú, svo framarlega sem eitthvert kjördæmi hefur ekki látið í ljósi, að vilji sinn sje breyttur frá því í fyrra, þá hljóta menn að álíta, að vilji þess sje hinn sami nú sem áður. Hvaðan 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) hefur það gagnstæða, verður hann að sanna, fyrst ekkert er komið frá þessum hjeraðsmönnum sjálfum, en beri vott um það, að þeirra skoðun hafi breytzt. Það getur enda vel skeð, að til sjeu fundarskýrslur, sem með vilja eru ekki lagðar fram hjer á þingi. Svo mikið er að minnsta kosti víst, að úr því hjeraði, sem jeg er þingmaður fyrir, sjest á þingi engin fundarskýrsla, og þó hjelt hinn þingmaður kjördæmisins fund með kjósendum okkar, og *hann* brýndi fyrir mönnum að halda skyldi *ekki* máli þessu fram á þingi nú, en *allir* á fundinum, nema hann einn, vildu halda málinu áfram á þessu þingi. *(Landshöfðingi:* Hver hefur sagt þetta?). Jeg segi það, og mjer er fullkunnugt um það, sem jeg hjer segi, enda þarf ekki annað en spyrja h.? þm. S.- Múl. (L. H.), til þess að komast að sannleikanum í þessu efni. Jeg þekki *hann* of vel til þess, að ætla honum að hann muni bera móti því, sem satt er. Hversvegna fundarskýrslan ekki hefur verið lögð fram? Ja, það veit jeg ekki; það má hann bezt vita. Svo mikið er

víst, að allir á fundinum nema hann ljetu í einu hljóði í ljósi, að nauðsyn bæri til að halda málinu áfram, *eins og áður*, nú á þinginu. Og *það* er þó sterkasti votturinn um áhuga manna á málinu, þegar kjósendur láta svona eindregið álit sitt í ljósi *þvert ofan í* tillögur þingmanns síns.

Sem sagt, enginn í háttv. neðri deild sem talaði á móti frv., hefur látið það í ljósi, að þjóðin sje farin að dofna með áhugann á þessu *máli í sjálfu sjer*; að eins hefur menn greint á um *veginn* sem fara skuli til að halda því fram.

Háttv. landshöfðingi hefur látið það í ljósi við umræðu þessa frumvarps í háttv. neðri deild, að það væri enn óaðgengilegra fyrir stjórnina en frumvarp það, er samþykkt var á þingi 1885 og 1886; en *í hverju* það er óaðgengilegra, um það vöðum við í villu og svíma; það vantar oss að heyra. (*Landsh.:* Það er tekið fram í umr. í Nd.) Svo mikið er þó víst, að ýmsar misfellur á frv. frá 1885 eru lagaðar í þessu frumvarpi, þær sem andmælendur þess frumv. fundu þá á því fyrir stjórnarinnar hönd. Að *því* leyti getur þetta frumvarp ekki verið óaðgengilegra fyrir háttv. stjórn, en hitt var. En jeg fyrir mitt leyti get ekki lagt svo mikla þýðingu í það, hvort þetta frumvarp er óaðgengilegra, en hitt frumvarpið var, fyrir háttv. stjórn, þegar við þá stjórn er að eiga, sem hefur lýst yfir því, að hún ekki vilji aðhyllast *neinar* breytingar á stjórnarskrá vorri. *Sú* stjórn getur ekki búizt við, að þingið geti tekið tillit þess, þegar hún segir: Jeg vill *alls engar* breytingar hafa. Það væri allt öðru máli að gegna, ef vjer ættum því að fagna, að stjórnin ljeti í ljósi *nokkurn* vilja sinn um *nokkurt* atriði, *nokkurn* vott um *nokkra* tilslökun í *nokkru* atriði; þá væri hin mesta ástæða til að taka hennar vilja eptir fremstu föngum til greina og rjetta hendina á móti henni. Það væri hin mesta hvöt til þess, að mæta henni á miðri leið eða lengra, og teygja hendina svo langt fram til hennar, sem frekast væri auðið. Jeg segi fyrir mitt leyti: jeg er allt af opportúnisti, og vil miklu heldur vinna á, þótt lítið sje, heldur en berja höfði við stein og verða ekkert ágengt. En þegar stjórnin *neitar með öllu að mæla þingið máli*, þá hefur þingið ekki annað að gjöra, en fyrir sitt leyti að láta í ljósi, hverjar breytingar sjeu nauðsynlegastar, æskilegastar og hagkvæmastar að þess áliti, án tillits til, *hverjum* breytingum stjórnin geti tekið; til þess verður ekki tillit takandi *svo lengi* sem hún þykist *engum* breytingum vilja taka. Það er engin ástæða til fyrir þingið að slá af, fyr en það hefur einhverja von um samkomulag við stjórnina. Fyrir þingið er ekki annað að gjöra en að „formúlera“ sem skýrast óskir þjóðarinnar, svo að þær verði stjórninni kunnar, og geti svo verið undirstöðuatriði fyrir stjórnina, ef hún vildi koma á móti oss, reyna samkomulag við oss, og koma sjálf með frumvarp. Jeg segi fyrir mig, þótt jeg vilji fylgja þessu máli með engu minni áhuga en nokkur annar þingm. í þessari deild eða þinginu yfir höfuð, þá skyldi jeg vera manna fúsastur til samkomulags, et jeg sæi *nokkra* tilslökun frá stjórnarinnar hlið; en hana vantar enn *með öllu*.

Jeg skal ekki fara út í efni frumvarps þessa, jeg finn ekki ástæðu til þess að svo komnu. Jeg álít líka óþarft að setja nefnd í það; málið er svo margrætt á undanförnum þingum, milli þinga og nú síðast í háttv. Nd. En þess væntum vjer og öll þjóðin í heild sinni af sjerhverjum þingmanni, hverrar skoðunar sem hann er um efni máls þessa, að vjer látum í ljósi yfirdrepslaust og hiklaust, hvað vjer viljum og ekki viljum, — *förum enga krókvegi*, en göngum hreint og beint og drengilega að verki.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leyfa

stjórnarmálinu í ávarpsformi“, og loks er í mjer að athuga eina spurningu á þessu stigi málsins, og hún er sú: Hvert er upphaf þess og hvert tilefni hefur valdið því, að mál þetta er nú komið inn á þing? Það sje fjarri mjer að segja, eins og stendur í Austurför Kyrosar (Anabasis): „Hver leiddi asnann inn í herbúðirnar?“ Það sje fjarri mjer að segja eins hjer. En nú sem jeg athuga hver árangur hingað til hefur orðið af aukaþinginu 1886, þá finnst mjer ástæða til að spyrja: Hvernig stendur á því, að þetta frumvarp er nú komið inn á næsta þing eptir 1886, nær því óbreytt frá því sem það var þá? Jeg gæti ímyndað mjer að ástæðan sje sú, að hjer liggi til grundvallar eindreginn þjóðvilji, sem skorar á fulltrúa sína að bera fram þetta mál. Í háttv. Nd. hefur verið sagt og það af háttv. framsögumanni þessa máls, sem einna handgengnastur er þjóðviljanum — jeg játa það — að þjóðviljinn væri nú ekki orðinn eindreginn, heldur væri hann tvídeildur. En háttv. framsögumaður gaf ekki greinilegt yfirlit yfir deiling þjóðviljans. Jeg hef því farið yfir allar þær fundarskýrslur í kjördæmum landsins, sem komið hafa til þingsins, og hef jeg leyft mjer samkvæmt þeim að draga upp nokkurs konar kort af þjóðviljanum á Íslandi nú í þessu máli. Jeg skal þá leyfa mjer að fara yfir þennan uppdrátt eða kort í stuttu máli.

Eins og kunnugt er, er landinu öllu skipt í 21 kjördæmi, með því að Skaptafellssýslu er skipt í 2 og Þingeyjars. sömuleiðis.

Úr Austur-Skaptafellssýslu eða 1. kjördæminu en engin fundarskýrsla komin. Í Vestur-Skaptafellssýslu hafa menn látið vilja sinn þannig í ljósi, að málið yrði tekið fyrir á þinginu. Í Vestmannaeyjasýslu hefur „tíminn þótt óhagkvæmur“. Í Rangárvallasýslu vilja menn halda málinu fram „með ýtrasta fylgi“. Í Árnessýslu álíta menn aptur á móti að „heppilegast sje að hreyfa því ekki“. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu var mótmælt, að taka málið fyrir á þinginu, af öllum atkvæðum fundarmanna nema einum. En af því að mótmæli hafa komið fram gegn fundarskýrslu þessarar sýslu, skal jeg leyfa mjer að lesa upp það, sem í henni stendur um þetta atriði. Þar segir svo um þá spurning hvort málið skuli tekið fyrir á þingi nú: „Var því mótmælt með öllum atkvæðum gegn einu“. *(J. Ól.:* Hve margir voru á fundi?) Það stendur ekkert um það í fundarskýrslunni, enda gildir það einu, skýrslan er jafnrjett fyrir því. En þessi eini, sem var á móti öðrum fundarmönnum, er nefndur Björn bú .... búflækingur, nei búslæpingur. Nei jeg bið fyrirgefningar, — búfræðingur mun það eiga að vera; það er svo vont að lesa það. Úr Reykjavík er enginn þjóðvilji fram kominn. Úr Borgarfj.s. sömuleiðis. Í Mýras. vilja menn „halda málinu hiklaust áfram. „Í Snæfellsnes.- og Hnappads.s. vilja menn halda því áfram“ í líka stefnu sem 1886“. Í Dalasýslu vilja menn halda áfram „frv. óbreyttu í aðalatriðum frá 1885 og 1886“. Úr Barðastrandarsýslu eru engar fundarskýrslur komnar. Úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað eru komnar 7 áskoranir, sem allar fara fram á, „að fylgja fast fram stjórnarskrármálinu“. Í Strandasýslu leggja menn til „að konungi sje sent ávarp eða þingsályktun til þess að fá að vita vilja stjórnarinnar af eða á“. Í Húnavatnssýslu er lagt til, að sent sje frá þinginu „ávarp og beðið um frumvarp lagt fyrir alþing 1889“. Í sömu átt er farið í Skagafjarðarsýslu. Úr Eyjafjarðarsýslu og frá Akureyri er lagt til „að halda málinu áfram, þó svo að eigi valdi þingrofi“, og því ekki með frumvarpinu. Í Suður-Þingeyjarsýslu vilja menn að þingið semji „nýtt frumvarp, sam fari fram á alinnlenda stjórn“. Í Norður-Þingeyjarsýslu vilja menn að haldið sje „í sömu stefnu sem 1885 og 1886“. Í Norður-Múlasýslu vilja menn „halda fram stjórnarmálinu! ávarpsformi“, og loks er í

Suður-Múlasýslu enginn þjóðvilji sýnilegur fram kominn. Það lítur út fyrir, að kjósendur háttv. þingm. S.-Múl (J. Ól.) sjeu gengnir í þjóðvilja-bindinni.

Þegar jeg nú lít yfir þetta kort og skipti því í 3 flokka, og set í fyrsta flokk þá, sem vilja halda málinu áfram í lagafrumvarpi, í annan flokk hina sem eru á móti því, að halda því áfram í lagafrumvarpi, og í þriðja flokk þá, sem engin yfirlýsing er frá komin, þá fæ jeg út að 8 kjördæmi eru í fyrsta flokki, sem halda vilja málinu áfram í lagafrumvarpi, og sömuleiðis 8 kjörþinghár, sem eru meira eða minna á móti þeirri meðferð málsins, og segja, að tíminn sje óhentugur, eða þá vilja senda ávarp eða eru alveg á móti málinu, að minnsta kosti nú sem stendur. En það er mikill munur á þeim tvennum 8 kjördæmum, sem eru með og móti frumvarpinu; því að þau 8 sem frv. vilja, — en það er 2., 4., 9., 10., 11., 13., 18., og 19. kjördæmið — eru flest svo fámenn, að þau kjósa samtals að eins 10 þingmenn, þar sem hin 8 kjördæmi, sem móti eru frumvarpinu, en þau eru 3., 5., 6., 14., 15., 16., 17. og 20. kjördæmið, kjósa samtals 14 þingmenn. Þá er eptir í þriðja flokki 5 kjördæmi, það er að segja 1., 7., 8., 12. og 21. kjördæmið, sem kjósa einungis 6 þingmenn, sem engin yfirlýsing er frá komin, eða sem eigi hafa látið uppi vilja sinn. Með hverjum flokknum á nú að telja þessi 5 þögulu kjördæmi? Ef fara skyldi eptir þingsköpum og fylgja dæmi háttv. forseta, þá er reglan sú, sem við allir vitum, að telja þá með meiri hlutanum. Vjer fáum þá út 20 atkvæði gegn 10, ef vjer fylgjum reglu þeirri, er þingsköpin setja. En það er ekki eingöngu eptir þingsköpum, að þá aðferð ber að hafa, heldur einnig eptir sjálfu efninu eða eðli málsins, því að sá sem ekki hefur látið í ljósi nokkurn vilja sinn í einhverju máli, hann hefur engan sýnilegan þjóðvilja í því máli. Hversu sólgnir sem vjer erum í þjóðviljann, getum vjer ekki lengra farið en að hinum sýnilega þjóðvilja. Málið stendur því svo: kjördæmi 20 þingmanna eru á móti lagafrv., en kjördæmi 10 þingmanna með. Það hryggir mig sannarlega djúpt, að h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skuli sitja þjóðviljalaus af hinum sýnilega þjóðvilja í þessu máli hjer á þingi, þar sem hvorki hans kjördæmi nje heldur Reykjavík, íbúðarstaður sjálfs hans, hefur látið í ljós nokkurn vilja. Það lítur svo út sem bindindisfjelag hans hafi „smittað“ einnig þjóðviljann í stjórnarbótarmálinu alstaðar í kringum hann.

Jeg skal nú leyfa mjer þessu næst að hreyfa annari spurningu, og það eigi frá stjórnarinnar hálfu, heldur einmitt þjóðarinnar. Spurningin er sú: hver gæði og hverjir yfirburðir eru það, sem þetta frv. hefur fram yfir þá stjórnarskipun, sem vjer nú höfum? Mjer er svarað af formælendum frv. á þinginu og í dagblöðunum, að þetta frumvarp hafi þann forkost, að eptir því sje stjórnin *innlend* og með *ábyrgð* fyrir þinginu og þjóðinni. Hver merking liggur nú í þessum orðum: innlend stjórn og ábyrgð? Vjer *höfum* innlenda stjórn og ábyrgð. Í frv. þessu er ákveðið um ábyrgðina, á líkan hátt sem segir í vorri stjórnarskrá, að ábyrgð ráðgjafa skuli ákveðin með lögum. Innlenda stjórn höfum vjer frá hinu lægsta stigi upp til hins æðsta, frá hreppsnefndum, sýslunefndum, amtsráðum, og heilu leiðina allt upp til ráðgjafans. Það getur því ekki verið merking orðanna, að gjöra stjórnina innlenda, í sama skilningi sem hún er það nú, heldur hitt að gjöra hana að minnsta kosti innlendari en hún er nú. Jeg skal játa að frv. gjörir stjórnina innlendari í ýmsum smærri atriðum en hún er nú; en hitt virðist mjer auðsætt, að frv. gjörir stjórnina hvorki alinnlenda nje með fullri ábyrgð fyrir

þinginu. Þetta skal jeg nú leitast við að sýna með sem fæstum orðum.

Eptir 1. gr. frumv., sem er sjálfstæð grein og skilyrðislaus, hefur konungur framkvæmdarvaldið, og það skilyrðislaust; eptir 3. gr. frv. hefur konungur æðsta valdið yfir öllum sjerstaklegum málefnum landsins, en með skilyrði, takmörkunum eður skerðing. Vald það er konungi er gefið í 6. gr. sbr. 8. gr., er aptur skilyrðislaust eða afdráttarlaust. Sama er að segja um vald konungs eptir 19. og 71. gr. frumv. En í 7., 16. og 17. gr. er konungsvaldið deilt milli konungs og landsstjóra, þó að líkindum svo, að konungur á að ráða deilingunni eða vera „divisor“. Af þessu stutta yfirliti finnst mjer auðsætt, að frv. þetta gjöri mjög lítið í því, að gjöra stjórnina *alveg* innlenda. Ef jeg man rjett, lagði þó háttv. framsögum. (Ben. Sv.) í neðri deild þunga áherzlu á þetta atriði, að frumv. gjörði stjórnina *alinnlenda* með *fullri ábyrgð* fyrir þinginu. Jeg skal ennfremur taka dæmi, til að sýna, hve tvírætt og veilt frumvarpið er.

Í 7. gr. síðari málsgrein stendur: „Undirskript konungs eða landsstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum“. Hvaða ráðgjafi eða ráðgjafar eru þetta? Eru það ráðgjafar konungs eða ráðgjafar landstjórans? Það er öldungis ótiltekið. *(Ben. Kr.:* Það er gefið). Nei, þvert á móti, því að eptir 11. gr. grundvallarlaganna samanborinni við 6. gr. stöðulaganna, sem ákveður, að æðsta stjórn hinna íslenzku mála sje í Kaupmannahöfn, — er svo fyrirmælt, að konungur hefur *æðsta* vald yfir öllum málefnum *ríkisins* og að þetta vald geti hann framkvæmt *eingöngu* með ráðgjöfum *sínum*. Konungur getur eptir þessari grein eigi framkvæmt vald það, er hann hefur eptir 1., 3., 6., 19. og 71. gr., nema *einungis* með fulltingi ráðgjafa *sinna*, þ. e. þeirra ráðgjafa, er hann sjálfur til nefnir. Hvernig verður það nú samrýmt við 6. gr. stöðulaganna og 11. gr. grundvallarlaganna, að konungur framkvæmi vald sitt með ráðgjöfum, er landsstjóri kýs út á Íslandi? Það er mjer öldungis óskiljanlegt. Ennfremur er aðgætandi, að í 11. gr. grundvallarlaganna þýðir orðið „ríki“ sama sem alríkið, þ. e. Danaveldi, og þá Ísland með, og konungur hefur nú samkvæmt þeirri grein æðsta valdið með fulltingi ráðgjafa *sinna*. Jeg vona að háttv. sessunautur minn (Ben. Kr.), sem er svo vel að sjer í stjórnmálum, sjái það og viti, að ábyrgðarlaus konungur og ábyrgður ráðgjafi hans eru óaðskiljanlegir í hverju stjórnskipulegu riki. Það er aðaleinkenni stjórnskipulegs konungdóms, að konungsvaldið kemur til framkvæmdar eingöngu eptir samráði við ábyrgð ráðgjafa; að ráðgjafinn er fyrst í ráðstefnu með konungi, ályktar ásamt honum og skrifar síðan undir með konungi. Undirskriptin er bara hið sýnilega tákn þess, að þeir hafi orðið á eitt sáttir, þannig, að ráðgjafinn ber ábyrgðina. Hvernig geta menn nú hugsað sjer að með frv. þessu sje Íslands ráðgjafi fluttur út til Íslands og aðgreindur frá konungi sínum, þvert ofan í þá almennu stjórnskipulegu reglu eða lög, að þeir ráða ráðum sínum og álykta saman? Menn vita og í annan stað, að það hefur enga þýðingu að konungur skrifi undir með öðrum manni, en einmitt með ráðgjafa sínum. Afleiðingin af því, að konungur skuli undirskrifa lög og sjórnarráðstafanir með landsstjóraráðgjafa, yrði því sú, að konungur hlyti að brjóta á móti 11. grein grundvallarlaganna og 6. gr. stöðulaganna. En nú getur konungur ekki brotið grundvallarlögin nje stöðulögin, heldur verður hann að fá hinn ábyrga ráðgjafa til að gjöra það; en brjóti ráðgjafi ákvæði þessara greina, á ríkisþing Dana sök á honum fyrir það.

Ef þetta frv. á að gefa oss alinnlenda stjórn, þá verður það að flytja bæði konung og ráðgjafa hans inn í landið, og skal mjer vera ánægja að heyra, hvernig h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og þm. S.-Þing. (B. Kr.) fara að sýna og sanna h. háttv, efri deild, að konungur sje í og með frv. þessu fluttur með ráðgjafa sínum inn í landið. En jeg vil segja meira: þó þeir gætu nú sannað þetta, sem ómögulegt er að þeir geti sannað, þá er það samt ekki nægilegt. Þeir verða að flytja konungdóminn enn lengra; þeir verða að flytja hann út fyrir Danaveldi, því að þótt konungur sje fluttur til Íslands er hann samt innan ríkis síns, og meðan gildir 11. gr grundvallarlaganna, að konungur hafi æðsta ríkisvaldið og framkvæmi það eingöngu með fulltingi ráðgjafa *sinna*, en ekki ráðgjafa annars manns.

Jeg ímynda mjer, að þetta mál sje enn svo flókið, að eigi muni af veita að nefnd sje í það sett. En að svo stöddu vil jeg þó ekki stinga upp á nefnd; en mun gjöra það síðar, ef enginn annar verður til þess.

Sighvatur Árnason: Af því búast má við, að mál þetta muni ei verða lengi til umræðu í þetta sinn í þessari deild, þá ætla jeg að lýsa meiningu minni um það með nokkrum orðum. Hvenær svo sem stjórnarbótarmál vort kemur hjer inn á þing, þá er jeg allt af með því, að það fái góðan framgang, því það er mín innilega sannfæring, að vjer Íslendingar eigum eptir vorum fyllstu þörfum og þjóðarrjetti að kappkosta að ná eða verða alinnlendrar stjórnar aðnjótandi; því jeg er sannfærður um, að ef vjer fengjum alinnlenda stjórn og löggjöf, þá mundi það verða okkur til meiri framfara en nokkuð annað. (*Landshöfðingi:* Meira en brýnar?). Já. (*Landshöfðingi*: Þá þurfa ei brýr). Jeg álít líka, að umboð mitt frá kjósendum mínum frá 1886 sje ekki enn á enda, og þar að auki skoruðu kjósendur mínir eindregið á mig nú, að framhalda stjórnarskrármálinu. Jeg skal játa það, að jeg ekki er bundinn við kjósendur mína, heldur míña eigin sannfæringu, en það er mín innilega sannfæring, að það sje landi voru fyrir beztu, að halda þessu máli áfram með þeirri, von að það fái framgang áður langt um líður. Jeg vona líka, að þeir, sem nú eru á móti því, að þeim seinna muni snúast hugur í þessu tilliti.

H. 5. kgk. var að rekja feril þjóðviljans og komst að þeirri niðurstöðu, að hann enginn væri í þessu máli, eða rjettara, að þjóðviljinn í þessu máli væri í minni hlutanum; en jeg held hið gagnstæða; hann tók ei fram, hversvegna menn nú væru hikandi í þessu máli. Þeir fáu, sem eru á móti því núna að halda stjórnarskrármálinu áfram, eru einungis þeir, sem horfa í krónurnar, eða í kostnaðinn við aukaþing; en jeg þori að segja og það með fullum sanni, að meiri hluti þjóðarinnar eða yfirborð hennar vill í raun og veru halda málinu áfram. En setjum nú svo að einhver minnihluti væri til, á þann bóginn, að hafa í móti málinu, sem alls ekki er til meðal þjóðarinnar eða þeirra manna, sem hafa nokkra meiningu í málinu, heldur eru einungis hjer á þinginu nokkrir menn á móti málinu, hefur þá eigi fyr verið svo hjá oss, þegar um stjórnarmál vor hefur verið að ræða hjer á þingi? Hvernig var ekki hjer á árunum? Jeg skal ekki minnast á þjóðfundinn sæla 1851; en 1865 var stjórnarbótarmálið hafið aptur að mig minnir, það vill segja: þá var fjárhagsmálið lagt fyrir þingið; þá myndaðist meiri og minni hluti á þinginu; minni hlutinn var á stjórnarinnar bandi, en meiri hlutinn ekki. Svo kom stjórnarmálið aptur fram á ný 1867, og þá fór svo, að meiri hlutinn kom máli sínu fram á þinginu, en stjórnin gefur

minni hlutanum þá meðhald sitt, þegar málið kom til hennar; svipað þessu gekk málinu 1869 hjer á þingi. 1871 var minni hlutinn í þinginu orðinn svo mannmargur, að atkvæði voru 10 móti 15; 1873 voru þau 8 atkv. gegn 16. En hvað skeði svo? 1874 færði hans hátign konungurinn okkur stjórnarbót, sem að mestu leyti var sniðin eptir því, sem meiri hlutinn hafði farið fram á. *(Landshöfðingi* og *A. Ó.:* Nei). Jeg sný ekki frá því, stjórnarskráin kom út í flestum atriðum eins og meiri hlutinn vildi hafa hana. *(Landshöfðingi:* Hvað er þá að?). Hvað varð þá úr öllum mótbárum minni hlutans? Þær hurfu undir allar hellur. Með því að halda fram þessari endurskoðuðu stjórnarskrá, og með því að halda málinu áfram, vona jeg, að vjer, standandi á rjetti hinnar íslenzku þjóðar, vinnum það áður en langt um líður eptir stefnu tímans; stefna tímans er máttug, hún ryður steinunum úr götu sinni. Jeg skal að eins geta þess, eða vikja að því, að jeg álít kostnaðinn við aukaþing að eins hjegóma. Jeg er ekki svo veiktrúaður, að jeg ekki álíti, að hagur vor geti batnað aptur innan skamms, til að rjetta við hag landssjóðsins, þó að vjer í þessu velferðarmáli kostum nokkrum krónum til, úr því það er eindreginn vilji þjóðarinnar, að fá þá rjettarbót, sem í frumv. liggur; h. 5. kgk. (A. Ólafsson) veit vel, þó hann ekki játi því nú, að þetta *hik* hjá mönnum í málinu einungis er tímaspursmál.

Landshöfðingi: Jeg er h. þm. Rang. (S. Á.) þakklátur fyrir það, að hann rakti sögu þessa máls hjer á þinginu; hann sýndi fram á, að þingið hefði haldið sömu kröfu fram í stjórnarskrármálinu þing eptir þing, 1867, 1869, 1871, og svo hefði því loksins, 1873, þótt ráðlegast að „kapítúlera", og biðja hans hátign konunginn að gefa okkur stjórnarskrá eptir hans eigin vild; ef ályktun ætti að draga af þessu, þá ætti árangurinn af þessari nýju stjórnarskrárbaráttu að verða sá, að þingið fitjaði upp frumv. til endurskoðaðrar stjórnarskrár 1885, 1887 og 1889 með aukaþingi hvert ár þar á milli, og síðan loksins „kapítúleraði" 1891, og gæfi konungi sjálfdæmi að gjöra þær breytingar á stjórnarskránni, sem honum þætti nauðsynlegar; þetta sýndist, eptir reynslunni, að vera sú niðurstaða, sem menn ættu að komast að. Þingmaðurinn tók það fram, að það væri einungis fáir menn, sem hefðu verið á móti því, að stjórnarskrármálinu væri hreyft að þessu sinni, en hann færði engar ástæður fyrir því; en eptir hans eigin orðum utan þings voru jafnvel margir menn í hans eigin kjördæmi, Rangárvallasýslu, mótfallnir því, að málið kæmi fram nú á þessu þingi, en það voru einstaka gasprarar á kjörfundinum á Hvoli, sem tengu því framgengt, að skorað var á þingmennina að styðja málið; enda er það og ólíkt Rangárvallasýslubúum, að vilja kasta út svo sem 20000 kr. í eins árangurslaust fyrirtæki eins og aukaþing 1888. Jeg álít, að um þetta mál þurfi ekki langar umræður að þessu sinni, en álít sjálfsagt, að deildin kjósi nefnd í málið, því hjer er komið fram frumvarp, sem talsvert er breytt frá því, sem kom frá þinginu 1886. Það væri líka skrítið, ef deildin nú ekki setti nefnd í málið, þegar hún skipaði nefnd í það 1886, þó það væri þá óbreyttt eins og það hafði verið samþykkt 1885.

Benidikt Kristjánsson: Hæstv. landshöfðingi benti á, í tilefni af ræðu 1. þm. Rangv. (S. Á.), að reynslan hefði sýnt, að þingið mundi gefast upp, eða „kapítúlera" í þessu máli, en jeg vil út af þessu taka það fram, að það er sitt hvað, ráðgefandi þing og löggefandi þing, og jeg treysti því, að reyndin muni sýna, að margir eru og muni verða móti „kapítúlatión" í þessu máli, eins og jeg líka vona, að löggjafarþingið ekki „kapítúleri", meðan ástæðurn-

ar gegn stjórnarskrármálinu ekki eru betri en þær sem þegar hafa komið fram. Jeg gladdist við ræðu hins háttv. 5. kgk. þingmanns, ekki einungis af því, að hann ávarpaði mig, sem sat þegjandi við hlið honum, heldur hvað helzt af því, að hann lagði svo mikla áherzlu á þjóðviljann í þessu máli, sem eptir ætti að fara, en jeg virkilega hryggðist jafnframt af því, að geta ekki orðið honum samferða, þegar hann fór að reikna þjóðviljann út, eða hver hann væri; þetta getur nú máske komið til af skilningsleysi mínu, og er það þá því hryggilegra fyrir mig; h. 5. kgk. (A. Ól.) sagði, að í 8 kjördæmum hefði þjóðviljinn verið mótfallinn stjórnarskrármálinu, en svo urðu sum kjördæmin hjá honum tvöföld í röðinni, svo þau urðu alls 14. Jeg hef fljótlega farið yfir 15 fundargjörðir, þær sem hjer eru á þingi, og get ei betur sjeð en 9 kjördæmi vildu halda stjórnarbótarmálinu fram nú á þessu þingi, og þegar Suður-Múlasýsla er talin með, eins og h. þm. S.-Múlas. (J. Ólafss.) taldi óhætt, þótt þaðan hafi engin fundargjörð verið lögð fram, þá eru þau 10. Það var rjett hermt, að 2 kjördæmi voru mótfallin því, en þó þannig, eða af þeirri ástæðu, að málið væri nú í ótíma upp borið; enda geta menn ekki láð, þó sumir sjeu svo gjörðir, að þeir vilji leggjast upp í rúm og fara að sofa, þegar þeir eru bæði svangir og kaldir; hjer eru því 10 kjördæmi, sem vilja hiklaust og eindregið halda stjórnarskrármálinu áfram, svo að það verða að eins 3 eptir, sem fara vilja ávarpsveginn. Um þjóðarviljann í þeim kjördæmum, sem engar fundargjörðir eru frá komnar, hefi jeg sömu skoðun sem 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Jeg sje því ekki betur, en að reikningur h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sje farinn út um þúfur; honum ferst líkt og skólapiltinum, sem hjelt, að það væri *lengd* armanna en ekki gleidd hornsins, sem ákvæðu stærð þess. Jeg hygg að hjer sje komið svo mikið fram, að menn þurfi ekki að vaða reyk um þjóðviljann, og því gladdi það mig, að h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) lagði svo mikla áherzlu á hann. En eitt þykir mjer undarlegt, og það er, að þingmenn hafa aðrar ástæður móti stjórnarskrármálinu en stjórnin sjálf; þingmenn hafa sínar ástæður út af fyrir sig, og stjórnin sínar. Jeg held, að menn eptir atvikum fremur eigi að taka ástæður stjórnarinnar til greina en þingmanna, því hún ræður úrslitum málsins að lokum. En hver er nú ástæða stjórnarinnar? Hún er sú, að þessi breyting stjórnarskrárinnar, sem farið er fram á, veiki alríkisböndin, eða veiki samband það, sem Ísland stendur í við alríkið. Og hver eru þá þessi bönd? Jeg get ekki sjeð, að það sje nokkurt það ákvæði í frumvarpinu til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga frá nefndinni í h. neðri deild, sem gangi út á, að veikja alríkisböndin. Eptir stöðulögunum, þá er Ísland óaðskiljanlegur hluti alríkisins eða Danaveldis; jeg veit ekki annað en að þetta ákvæði standi alveg óhaggað, og að ekkert standi í frumvarpinu, er veiki þetta ákvæði. Nei, stöðulögin standa enn fullgild eða í fullu gildi, óhögguð og óbreytt, og það eru þau, sem halda tengslunum við alríkið. Megintengsli þau, er binda Ísland við alríkið, eru fólgin í ákvæðum stöðulaganna frá 2. jan. 1871 um hin sameiginlegu mál og þau standa óáhrærð af þessu frumvarpi, enda verður þeim eigi breytt, nema með samkomulagi við hið almenna löggjafarvald ríkisins, og að ákveða nákvæmar, en þegar er gjört, um þau, þeim til tryggingar, stendur opin vegur, hvort heldur alþingi, ríkisdagurinn eða ráðgjafastjórnin vill hefja máls á því. Hjer er að ræða um hin verulegu sameiningarbönd alríkisins. En að því er kemur til hinna sjerstaklegu mála, er að ræða um sjálfsforræði það, sem stjórnarskráin hefur veitt Íslendingum,

og persónulegt samband þess við alríkið. Í 2. gr. stöðulaganna eru talin upp hin sjerstaklegu mál, sem alþingi hefur löggjafarvaldið í, í mótsetning við hin sameiginlegu mál, þar sem ríkisdagurinn hefur löggjafarvaldið; en það að konungur hefur staðfestingar- og neitunarvaldið í hinum sjerstaklegu málum, heldur tengslunum milli vor og alríkisins að því er til þessara mála kemur. Frumvarpið fer ekkert fram á að hagga þessu sambandi; einungis æskir það þess, að milliliðurinn milli vor og konungsins verði öðruvísi skipaður. Ísland hefur að vísu sinn ráðgjafa *út af fyrir sig,* en það verður lítið úr þessum orðum: *út af fyrir sig,* þegar ráðgjafinn í öllum málum, einnig hinum sjerstaklegu, er bundinn við atkvæði ríkisráðsins. H. 5. kgk. þm. (A. Ó). minntist á ábyrgð ráðgjafans. Jú, konungur setur landshöfðingja á ábyrgð ráðgjafans, eptir ákvæði stjórnarskrárinnar; ráðherrann er ekki hjer á landi. Jeg vil því spyrja h. 5. kgk. (A. Ó.), hvernig eigum vjer að kalla ráðgjafann til ábyrgðar? Hann er ekki einn um hituna, nei hann er bundinn við ríkisráðið, sem Danir sjálfir hafa engri ábyrgð komið fram á hendur. Hvernig fer þá fyrir oss Íslendingum? Það er sama sem, að vjer höfum ábyrgðarlausan ráðgjafa. Jeg vildi feginn óska, að geta litið eins á málið og h. 5. kgk (A. Ó.) og stjórnin, en því miður: jeg get það ekki, og meðan sannfæring mín býður mjer, að líta á málið öðru vísi en stjórnin, eða eins og jeg gjöri nú, þá segi jeg hana hreint og beint, eins og mjer býr í brjósti.

Júlíus Havsteen: Af því að jeg álít eigi síður ástæðu til að setja nefnd í þetta mál í þessari h. þingd., heldur en í h. neðri deild, leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Forseti: Áður en umræður byrjuðu var mjer fengin skrifleg ósk frá 4 háttv. þingm. um, að atkvæðagreiðslur í stjórnarskrármálinu í dag færu fram með nafnakalli.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 7 atkv. gegn 4., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Arnlj. Ólafsson	Jakob Guðmundsson
E. Th. Jónassen	Jón Ólafsson
Friðrik Stefánsson	Ben. Kristjánsson
J. A. Hjaltalín	Sighv. Árnason.
Júl. Havsteen	
L. E. Sveinbjörnsson	
Skúli Þorvarðarson.	

Kosning hlutu:

Sighvatur Árnason	með	10 atkv.
Jak. Guðmundsson	—	9 —
Arnljótur Ólafsson	—	7 —
J. A. Hjaltalín	—	7 —
Júl. Havsteen	—	7 —

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (128); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 8 samhljóða atkvæðum, og síðan endursent neðri deild.

Frv. til laga um þingfararkaup (207, 229); 2. umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að mjer þætti það svo mikill kostur við þetta frumvarp, að þingfararkaupinu er slegið föstu, að jeg væri nefndinni þakklátur fyrir það. Það þarf ekki að spyrja að því, hvernig á því standi, að þess sje þörf, að ákveða fast þingf.k.; því að menn hafa minnzt á þá vanbrúkun, sem átt hefur sjer stað hingað til viðvíkjandi því fje, sem greitt hefur verið í ferðakostnað, hvort sem það hefur verið fólgið í því, að einstaka þingmenn hafa gefið reikning fyrir hærri fjárupphæð, en þeir hafa kostað til, eða þá haft meiri kostn-

að en þeir hefðu þurft að hafa á ferðum sínum. Það er ekki eingöngu vegna þessa, að nauðsyn ber til, að hafa fast ákveðið þingfararkaup, heldur einnig vegna nefndar þeirrar, sem alþingi á að kjósa til að úrskurða reikningana. Það hefur einnig komið fyrir, að átt hefur sjer stað vangæzla hjá þessari nefnd, því að hún hefur þess tvenns að gæta, bæði að þingmenn fái hæfilegan fararkostnað borgaðan, og svo hins, að eigi sje of mikið greitt úr landssjóði; og með því að hafa þetta fast ákveðið, er bætt úr þessum vandkvæðum. Það virðist heldur ekki vera neitt á móti því, að hafa ferðakostnaðinn fastákveðinn eins og fæðispeningana. Það er ekkert tekið tillit til þess, hvort fæðið kostar meira eða minna um daginn fyrir hina einstöku þingmenn. Laun flestra embættismanna eru líka föst, og þeir fá enga uppbót, þótt eitt ár verði þeim kostnaðarsamara en annað; slíkt verður þeirra skaði eða þá hagur, þegar svo stendur á. Eins er og með endurskoðun landsreikninganna; borgunin fyrir það starf er fast ákveðin, en greiðist ekki eptir reikningi. Vjer höfum þannig mörg dæmi fyrir oss í þessu.

Það hefur verið sagt, að ákvæði Jónsbókar um fast þingfararkaup sjeu orðin of gömul; það getur verið, að upphæð sú, sem þar er sett, eigi nú ekki lengur við tímana, en jeg get ekkert sjeð á móti því, að fylgja megin reglunni samt, eða að hún sje of gömul. Jeg er því þakklátur háttv. nefnd fyrir það, að hafa fasákveðið þingfararkaup. Menn getur að sjálfsögðu greint nokkuð á um upphæðir þær, sem nefndin hefur sett, en jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg er ánægður með þær.

En mig greinir á við háttv. nefnd þar sem hún kemur aptur inn á þann sama veg, sem nú er, og ætlast til, að eins þurfi eptir sem áður að borga ferðakostnaðinn eptir reikningum og nefnd að úrskurða þá. Mót þeim vegi nefndarinnar má koma með allar hinar sömu mótbárur, sem gegn því ástandi, sem nú er. 7. gr. get jeg ekki aðhyllzt. Um 8. gr. má segja: „allt er víl sem var“; samkv. henni stendur allt við sama sem nú er. Að eins verða þeir reikningar nokkru færri, sem nefndin þarf að úrskurða. Hið sama má segja um 9. gr. Það koma óendanlegir vafningar og tilfelli, er valda hinum sömu annmörkum, sem nú eru á. En jeg sje, að þó jeg hafi verið stórtækur í breytingartillögu minni, hef jeg samt ekki farið nógu langt. 2. gr. þarf líka að falla í burtu og mun jeg reyna við 3. umr. að koma fram með breytingu í þá stefnu, ef þessi breytingartillaga mín skyldi nú komast að.

Júlíus Havsteen: H. 6. kgk. (J. A. Hj.) hefur nokkuð bætt frumvarpið með breytingartillögu sinni. Hann vill þannig með br.till. nema úr gildi þá mótsögn, sem á sjer stað í frumvarpi nefndarinnar, sem hefur í huga að ákveða fast þingfararkaup, en getur samt ekki horfið frá því, að sumir ferðakostnaðarreikningar eru lagðir undir úrskurð nefndar, sbr. 2. gr. og 5.—9. gr. Jeg býst við, að háttv. þm. (J. A. Hj.) muni ætla sjer að koma síðar með breytingu í þá átt, að nema einnig burtu 2. gr.; mjer hefði þótt það vænt, ef hann einnig hefði stungið upp á breyt. á upphæðunum, sem tilteknar eru í 4. gr., og jeg vil sjerstaklega skora á hann, að segja, hvernig hann ætlar sjer að komast af með 184 kr., ef hann ferðast landveg báðar leiðir úr 20. þingfararhjeraði.

Þakklæti það, sem háttv. varaforseti (L. E. Sv.) flutti h. nfd. við síðustu umræðu, og sem henni auðsjáanlega þótti vænt um, get jeg eigi gjört mig svo ánægðan með, enda ber þess að gæta, að háttv. þm. (L. E. Sv.) er búsettur í Reykjavík. Það fer fjarri því, að jeg álíti það

eigi rjett, að þingmenn hafi eitthvað afgangs af ferðapeningum sínum, svo sem ómakslaun, en á hinn bóginn óska jeg, að aðrir þingmenn hafi ekki beinlínis skaða og fjárútlát af því, að sitja á þingi, en þeir munu margir verða, sem bíða tjón af ferðum sínum, ef þetta frv. óbreytt verður að lögum.

E. Th. Jónassen: Þegar jeg í fyrstunni studdi að því, að nefnd yrði kosin í þetta mál, bjóst jeg við að álit hennar mundi verða á þá leið, að vjer fengjum endurbót á því, sem kvartað hefur verið um, að ferðakostnaðarreikningar þingmanna væru of háir. En jeg er nú ekki eins ánægður eptir að þetta nefndarálit og þetta frumvarp er fram komið. Jeg hef nú síðan kynnt mjer ítarlega reikninga þingmanna frá síðustu 3 þingum, og get jeg ekki sagt að mjer finnist þeir ósanngjarnir, heldur þvert á móti mjög sanngjarnir flestir þeirra. Ef jeg hefði áður verið búinn að kynna mjer reikningana, mundi jeg ekki hafa verið með því að nefndin var kosin. Jeg skal geta þess viðvíkjandi 4. gr., að jeg hygg að sumar þær upphæðir, sem þar eru settar, sjeu nokkuð lágar, því að það getur þó ekki verið meiningin, að ætlast til að þingmenn þurfi að bæta við úr sínum eigin vasa. Jeg hafði líka búizt við, fyrst ferðakostnaðurinn á að vera fast ákveðinn, að algjörlega yrði komizt hjá því, að nefnd þyrfti að úrskurða reikningana. En nú sje jeg, að eptir sem áður þarf nefnd að kjósa, sem á að rannsaka reikningana og úrskurða þá. Þótt þingfararkaup hafi í fyrndinni verið fast ákveðið, þá er ekki víst, að það eigi við þessa tíma.

Jeg verð einnig að vera á skoðun þeirra háttv. þm., sem segja, að upphæðir 4. gr. sjeu of lágar. Jeg vil taka til dæmis 7. þingfararhjeraðið. Ef það er satt, sem jeg ekki efast um, að hestleigan sje 30 kr. úr Eyjafjarðarsýslu og suður, þá liggur í augum uppi, að 184 kr. er of lítið í ferðakostnað þaðan; það er ekki meira en fyrir hestunum, því 6 hesta þarf þingmaður þaðan að hafa handa sjer og fylgdarmanni; minna getur hann ekki komizt af með.

Síðari partur frumvarpsins finnst mjer líka mjög flókinn, því samkvæmt þeim gr. verður það meiri partur af reikningunum, sem þarf að koma til úrskurðar nefndar, og þá er lítið unnið við þetta frumvarp. Jeg greiði því atkvæði á móti þessu frv., í því trausti, að þingmenn gefi ekki ósanngjarna reikninga og að reikninganefndin leysi vel og samvizkusamlega sitt starf af hendi, er hún úrskurðar þá. Jeg hef sem sagt kynnt mjer reikninga þingmanna frá hinum síðari árum, og fundizt þeir flestir mjög sanngjarnir, og að jafnaði lægri en frá eldri árum. Jeg get því ekki verið með þessu frv., og vil jeg aðhyllast gömlu regluna, sem gilt hefur hingað til.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það lítur út fyrir að undirtektir sumra þingmanna við þessa umræðu ætli að verða öðruvísi en við 1. umræðu málsins. Þó hafa engar breytingartillögur komið fram, nema frá háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), og hún er svo löguð, að það er ómögulegt, að hún geti komizt að við þessa umræðu, en til 3. umræðu gæti höfundur hennar lappað svo upp á hana, að hún geti þá komið til umræðu. Háttv. 1. og 2. kgk. þm. (Júl. Havsteen og E. Th. J.) hafa báðir talað gegn nefndarálitinu. H. 2. kgk. (E. Th. Jónassen) var þó með því um daginn, að nefnd væri sett í málið, en nú er hann allur annar. Háttv. þm. kvaðst hafa kynnt sjer ferðakostnaðarreikninga þingmanna, einkum hin síðari árin, og verða að álíta þá yfir höfuð mjög *„sanngjarna“*. Jeg ber ekki brigður á þetta, en vil leyfa mjer að spyrja hann að, við *hverja* hann álíti reikningana sanngjarna, við þingmennina sjálfa eða við

landssjóðinn; á því getur verið nokkur munur, við hvort hann miðar heldur; álítur hann það t. d. sanngjarnt við landssjóð að þingmenn sendi úrskurðunarnefnd reikningana og nefndin *hækki* þá, eins og átti sjer stað á síðasta þingi? þar var hækkað um 4 kr. um daginn fyrir hvern þann, sem fór sjóveg, auk eða fyrir utan þær 6 kr., sem þeir höfðu í dagpeninga. Þetta kann að vera sanngjarnt við hlutaðeigandi þingmenn, en máske ekki ört eins sanngjarnt við landssjóð, og það var hjá *slíkri* „sanngirni", að nefndin vildi komast; fleiri dæmi mætti og taka. Jeg ímynda mjer t. d. að þeir þingmenn, sem ekki eiga nema liðuga dagleið til þings, þurfi ekki að ferðast svo dýrt, að það kosti 110 kr. Jeg ætla ekki að ganga lengra en til 1885.

Eptir reikningi háttv. 2. þm. Árn. (Sk. Þ.) kostaði ferð frá og að Berghyl aptur 1885, 104 kr. — jeg kem með þetta sem dæmi, fyrst menn þurfa dæma. Við hinir piltarnir ferðumst ei svona dýrt. Jeg skal ennfremur leyfa mjer að minnast á, að frá Gilsbakka var ferðakostnaðurinn 110 kr. Eptir því ætti ferð austur í Múlasýslur, þangað sem lengst er, að kosta frá 10—1200 kr. Þetta ættu *þeir* þingmenn að minnsta kosti vel að athuga, sem spara vilja *svo* fje fyrir landssjóðinn, að þeir álíta það frágangssök að brúka einar 8 til 9 þúsund kr. hvort fjárhagstímabils-árið til aukaþings, þegar ræða er um mestu velferðarmál landsins. Mundu ekki bæði aukaþing og regluleg þing kosta minna. ef sanngjarnlegar væri reiknaður ferðakostnaðurinn? Að minnsta kosti er jeg hins vegar viss um það, að þótt ekki væri alþing nema 3. hvert ár — ef allir ferðuðust jafn dýrt og *þessir* tveir þingmenn hafa gjört, þá yrði alþingi landinu meiri plága, en öll hallærin. Jeg efa ekki, að þessir háttv. þingmenn hafi kostað þessu til í raun og veru, en jeg ætla að þeir hefðu ekki þurft þess, og ekki gjört það, ef þeir hefðu átt að ferðast á *sinn* kostnað. Menn ferðast nefnilega misdýrt, allt eptir því, hvort það er landssjóður, sem á að borga ferðina, eða þeir sjálfir. Háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen) sagði, að það væri ómögulegt að komast af með 184 kr. í ferðakostnað til Akureyrar; það væri ekki nema fyrir annari leiðinni; en jeg hygg þetta ekki rjett. Nefndin gjörði alls ráð fyrir 14 daga ferð, 8 daga til þings suður Holtavörðuheiði, en 6 daga heim norður Grímstunguheiði; leiga fyrir 4 hesta sumarlangt, 30 kr. fyrir hvern hest, eða 120 kr. fyrir þá alla. *(Júl. Havst.:* Fæst ei). Jeg vil skjóta því til háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), hvort eigi sje hægt að fá hesta fyrir þetta í Eyjafjarðarsýslu. Jeg eða nefndin ætlast ekki til, að þingmaðurinn endilega taki sjer fastan fylgdarmann allt sumarið. En við höfum ætlað hverjum þingmanni 4 kr. á dag fyrir fylgdum. Mjer er kunnugt að þingmenn úr fjarlægari hjeruðum ekki hafa tekið fastan fylgdarmann; ef þrír þingmenn slægu sjer saman um 1 fylgdarmann, þá hefðu þeir 12 kr. á dag í fylgdarkaup; 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók fram, að eptir þessu frumvarpi væri nefnd eptir sem áður, er úrskurða skyldi reikningana, en gagnvart þessu skal jeg geta þess, að hlutverk þessarar nefndar er allt annað, en hlutverk þeirrar nefndar, er áður var og er; nefnd sú, sem þetta frumvarp getur um, hefur að eins að gæta þess, að mílnatalið, frá aðsetursstað þingmanns til burtfarar eða aðkomustaðar skipsins, sje rjett talið. Það er einungis hrein og bein undantekning í 9. grein, að nefndin kemur til að úrskurða ferðakostnaðarreikninginn yfir höfuð, nefnilega þegar einhver óvæntur farartálmi kemur fyrir, t. a. m. íshindranir o. fl., svo og, ef aukaþing kemur saman á óvanalegum árstíma, t. a. m. í októbermán., en þetta er sem sagt hrein undantekning.

Ef hækka þyrfti þingfararkaupið í einu þingfararhjeraði, þá þyrfti að hækka í þeim öllum, til þess að hlutfallið hjeldist og yrði rjett. Jeg efast ekki um, að þingmenn, ef þeir sjá eitthvað betra eða eitthvað, sem þeim þykir frumvarpinu til bóta, muni þá koma fram með breytingar sínar til 3. umr. En jeg vona, að h. deild álíti það rjett, að gjaldið sje *fast ákveðið*.

Arnljótur Ólafsson: Hvað mig snertir, læt jeg mig litlu skipta, hvað hjer verður ofan á, því jeg get sagt, að upp og ofan hafa mínir reikningar ekki verið hærri en sett er í frumvarpinu. Þegar jeg het farið með gufuskipinu, þá hefur mjer nægt það, sem frumvarp þetta tiltekur fyrir mitt þingfararhjerað. En með því að embættisannir mínar stundum hafa valdið því, að jeg hef orðið að fara landveg, þá hafa 184 kr. ekki verið nægilegur ferðakostnaður. Hvað hestaleigu snertir, þá getur maður ekki fengið hest leigðan úr Eyjafirði suður fyrir minna en 30 krónur. Vondan klár illgengan, kynni maður að geta fengið leigðan fyrir frá 16—20 kr., en jeg legg það eigi á mig, og þoli heldur eigi að ríða illgengu. Jeg held því, að ef maður leigði hesta viðunanlega góða og fylgdarmann, þá yrði ferðakostnaðurinn ómögulega minni en milli 200 og 300 kr. Jeg vil spyrja, hvort ætlazt sje til, að reikningurinn verði svo lágur, að ekki yrði unnt að fá leigða nema illgenga húðarklára til ferðarinnar. Ef svo er, koma líklega engir til þings nema ungir menn; yrði þingið þá að vísu sjálfsagt fjörugra; en hvort það yrði gagnlegra en nú, það er annað mál. Það verður ekki ætlazt til þess af eldri mönnum, að þeir ríði vondum harðgengum jálkum, eða að alþingismenn sníki sjer út fylgd, og þurfi að bíða eptir fylgdarmanni eða hesti hans hálfa og heila daga, því það er rjett fyrir húsganga, en ekki fyrir alþingismenn; þá væri og lítið gjört úr fulltrúum Íslendinga. Jeg sje, að af þessu frv. gæti leitt annað sparnaðarfrumvarp, sem sje fyrir embættismenn. Menn mættu líklega ekki láta sitja við það sem nú er venja, svo að enginn samjöfnuður yrði á ferðakostnaðarreikningum þeirra og alþingismanna. Jeg hef sjeð ferðakostnaðarreikninga embættismanna, og sá jeg, að þar er talsverður munur, já, munur eins og svart á hvítu. Jeg álít því þetta frv. sniðið eptir þeim sparsamasta máta. Mínir reikningar hafa aldrei enn verið settir niður, og enginn hefur fengið mig til að þoka þeim upp. Jeg álít það rangt, að stuðla til þess, að rýra alþingismenn í augum þjóðar sinnar. *(J. G.:* Ekki alla). Jú, marga.

E. Th. Jónassen: Út af því, sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gat þess, að nefndin hefði sent reikningana aptur, þá hefur hún gjört skyldu sína, hafi henni þótt þeir of háir. Þar sem hinn sami þingmaður talaði um ferðakostnaðarreikning 2. þm. Árn. (Sk. Þ.), þá mun þessi þingmaður svara fyrir sig, svo jeg þarf þess ekki. Ferðakostnaðurinn til Eyjafjarðarsýslu er t. a. m., eptir því sem búið er að upplýsa af þingmönnum, settur allt of lágt, og svo mun reynast um þingfararkaupið úr fleiri hjeruðum; ættu menn að taka sjer fylgd á hverjum bæ, þá yrði það mjög svo óþægilegt, að ferðast á þann hátt, já enda ómögulegt stundum að fá sjer mann til fylgdar; menn þyrftu kannske að bíða hálfan daginn eptir fylgd; þetta yrði fallegt ferðalag fyrir fulltrúa löggjafarþings Íslendinga; og þar að auki gæti þetta orðið fullt eins dýrt, og þá hrykki þingfararkaupið ekki einu sinni til. En þar sem flutningsmaður talaði um, að það væri undarlegt að menn ekki skyldu vilja spara fje fyrir landssjóðinn, eins og farið væri fram á og til ætlað með þessu frumvarpi, en þættust þó á hinn bóginn kostnaðarins

vegna vera á móti því, að aukaþing væri haldið næsta ár, þá get jeg sagt honum það, að mjer datt ekkert aukaþing í hug, þegar verið var að ræða þetta mál; jeg vissi ei fyr en nú, að þessi sparnaður á þingfararkaupi átti að ganga til að standast kostnað af væntanlegu aukaþingi næsta ár. Jeg hef ekki breytt neitt skoðun minni síðan áðan, og lýsi því yfir, að jeg greiði atkvæði mitt móti frumv. eins og það liggur fyrir.

Skúli Þorvarðarson: Af því að h. framsögumaður (Jón Ólafsson) talaði svo hlýlega til mín, þá verð jeg að endurgjalda honum það með því að tala hlýlega um frumv. hans, því að jeg álít, að það sje betra að hafa fast ákveðið þingfararkaup, en að láta það vera á valdi hvers einstaks þingmanns að ákveða það fyrir sjálfan sig, og nefndar kosinnar af þm. að úrskurða það. Jeg verð að segja, að mjer þykir undarlegt, að menn skuli tala svo mikið um misfellur á þingfararkaupsreikningum og vilja þó ekki ráða bót á þeim. En að jeg hverfi frá þessu og snúi mjer að því sem háttv. framsögmaður (J. Ól.) talaði beinlínis til mín, þá skal jeg geta þess, að nefnd sú sem kosin var til að rannsaka ferðakostnaðarreikninga þingmanna, rannsakaði og samþykkti reikning minn, og ætti það eitt að vera nægilegt svar til h. þm. (J. Ól.); þó skal jeg stuttlega gjöra grein fyrir á hverju reikningurinn var byggður og hversvegna nefndin samþykkti hann. Jeg gjörði reikning fyrir 3 hestum, sem jeg brúkaði alla hingað suður; þessa hesta hafði jeg hjá mjer um þingtímann, og keypti hirðing á þeim og land handa þeim; þetta hleypti reikningnum fram. Reyndar vil jeg ekki segja að mjer hefði verið ómögulegt að senda hestana austur aptur, ef jeg hefði vitað, að mjer væri ekki leyfilegt, að reikna mjer leigu fyrir þá og kostnað á þeim um þingtímann, en það vissi jeg ekki. Það er ekki rjett, að ekki sje meir en ein dagleið heim til mín; það er hæg tveggja daga ferð, en má fara það á hálfum öðrum degi á 2 reiðhestum. Jeg get sannað, að þetta sje rjett hermt. Jeg held að einhverjar leyndar orsakir hafi legið á bak við, að h. framsögumaður (J. Ó.) stakk þessari sneið einmitt að mjer, en tók ekki eptir næsta kjördæmi fyrir austan mig. Þingfararreikningur minn 1886 var eins og h. framsögumaður (Jón Ólafsson) tók fram 76 kr., en þingfararreikningur þingmannsins úr Rangárvallasýslu, sem að eins á hálfri dagleið lengra hingað en jeg, var sama ár 132 kr. Jeg skal alls ekki segja að þessi reikningur hafi verið of hár eða ósanngjarn, en mjer þykir það undarlegt, að jafn glöggskyggn maður og h. framsögumaður (J. Ól.) skyldi ekki gefa gætur að þessum reikningi og rekast einmitt á minn reikning. En jeg skal ekki fjölyrða um þetta, og meir að segja: jeg skal játa, að jeg geti ferðast svo sparlega, að mjer nægi þessar 60 kr., sem gjört er ráð fyrir í frv. Jeg kemst auðvitað af með mjög hægri ferð, ef ekki fatlast hestur, að hafa að eins 2 hesta, annan til reiðar, en hinn undir flutning, og þessa hesta get jeg sent heim aptur. Eins og jeg sagði áður, álít jeg betra, að fararkaupið sje fastákveðið; þá vita þingmenn að hverju þeir eiga að ganga og geta hagað ferðum sínum eptir því. Ekki getur mjer sýnzt sama sem h. 6. kgk. þm. (J. A. H.), að 5.—8. gr. frv. sjeu óhafandi, því þau atvik geta komið fyrir á ferðum þingmanna, að nauðsynlegt sje að þingmenn gefi sjerstakan reikning, sem þá útheimti sjerstakan úrskurð.

Að endingu lýsi jeg því yfir, að jeg mun greiða atkvæði með frumv., því að jeg álít það vera til bóta.

Sighvatur Árnason: Jeg mun eigi halda máli þessu til streitu, þótt jeg væri upprunalega flutningsmaður þess. Þó vil jeg, út af umræðum þeim, sem um það

hafa orðið, fara fáum orðum um það, án þess þó að fara út í samjöfnuð. Af því farið var að minnast á ferðareikninga mína, skal jeg geta þess, að ef þeir eru vandlega skoðaðir, þá munu að meðaltali ekki koma út hærri tölur en mjer eru ákveðnar hjer í frumv. Það er ekki allskostar sanngjarnt, að taka einn einstakan reikning og miða við hann, því að, eins og menn vita, getur það komið fyrir, að ein ferð getur verið og hlýtur að vera nokkuð dýrari en önnur, þótt um sama veg sje að fara, og þá er eðlilegt, þótt hærri reikningur sje gefinn fyrir þá ferðina, sem meira hefur kostað; það er því ekki rjett, að hlaupa í einn einstakan reikning, hjá þingmanni, sem um fleiri ár hefur farið til þings, og dæma eptir honum um þingfararreikninga þess þingmanns.

Eptir þessa athugasemd sný jeg mjer að málinu sjálfu. Aðfinningar við gjörðir nefndarinnar hafa mest gengið í þá átt, að þm. hafa þótt tölurnar á frumv. of lágar. Jeg skal fúslega játa með h. 5. kgk. (A. Ól.), að hjer er farið svo sparlega með landsfje, sem unnt er, og jeg mun vera fús til að gjöra vægilega breyting á upphæðunum. En af því að það liggur nú ekki fyrir og engin breyting hefur komið í þá átt, þá liggur næst, að einhver af þeim, sem þykir upphæðirnar of lágar, komi með breyting á þeim. Hvað hlutfallinu milli upphæðanna viðvíkur, þá hefur engin aðfinning komið um það, svo það liggur næst við að bjarga frv. með því, að þoka tölunum sanngjarnlega hátt upp, og jeg játa, að við það þarf ekki að koma fram nein ósanngirni við landssjóð. Það hefur verið minnzt á, að eins þyrfti að setja nefnd eptir sem áður til að rannsaka ferðareikninga, þótt frv. þetta yrði að lögum, en eigi finnst mjer næg ástæða til að fella frv. fyrir það, nje heldur að fella burt þær greinir, sem breyt.till. sú fer fram á, sem hjer liggur fyrir. Ætlunarverk þeirrar nefndar verður þó miklu ákveðnara, en ætlunarverk reikninganefndarinnar nú, og í öðru lagi verður það svo lítill hluti af ferðakostnaðinum, sem liggur undir þá nefnd að úrskurða. Meginhlutanum er slegið föstum. Því er jeg með, að þessi úrskurðarnefnd sje látin halda sjer. Jeg skal gjarnan játa, að upphæðirnar í frv. eru fremur lágar, og það því fremur, sem hestaleiga fer allt af heldur hækkandi og þetta er athugavert, því hestaleigan er það sem mest hleypir reikningunum fram, og í henni liggur aðalupphæð ferðakostnaðarins, svo allur vandinn er þá af, þegar stærsta stykkinu er slegið föstu.

Júlíus Havsteen: Jeg gæti raunar fallið frá orðinu, eptir að h. 2. kgk. (E. Th. J.) og 5. kgk. (A. Ó.) hafa talað. Jeg þykist nokkuð kunnugur í Eyjafirði, og get jeg tekið undir með h. 5. kgk. (A. Ó.) að ekki muni hægt að fá þar nokkurn almennilegan hest leigðan til Reykjavíkur fyrir minna en 30 kr. H. framsögumaður (J. Ól.) hefur nú látið uppi grundvallarreglu nefndarinnar við samning frumv. Nefndin virðist helzt hafa tekið fátækraflutning til fyrirmyndar; hún ætlast til að þingmenn fái flutning heila eða hálfa dagleið í einu, eptir því sem gengur að fá flutninginn. Svo þurfa þingmenn sjálfsagt einatt að bíða lengri eða skemmri tíma eptir því, að fá slíkan flutning. Þetta kemur til að verða heldur skemmtilegt ferðalag. Af því að fáeinir menn kunna af hafa gefið of háa reikninga, sem rannsóknarnefndirnar kunna að hafa samþykkt, þá á að fara að setja fastar reglur um þingfararkaup; hitt sýndist liggja nær, að dæmi þeirra yrði til þess að menn vandi sem mest reikninga sína, og vandi sem mest að kjósa þá nefnd, sem á að úrskurða þá.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. 1. kgk. (J. Hav.) vildi jafna ferðalagi

þingmanna, því sem nefndin gjörir ráð fyrir, við fátækraflutning. Því miður hef jeg aldrei verið amtmaður, en eigi held jeg að amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu mundi samþykkja slíkan fátækrareikning, sem hjer er gjört ráð fyrir. Það er víst fátítt, að þeim sem er fluttur fátækraflutning sjeu ætlaðir 4 hestar og 4 kr. á dag til að kaupa fylgd fyrir. Og víst er um það, að fylgdarkaup er ekki svo lítið, ef 3 þingmenn verða samferða. (*Júlíus Havsteen:* Jeg er ekki skyldugur að verða öðrum samferða). Það getur verið, en vjer nefndarmenn bjuggum niður á jörðinni, þegar vjer sömdum frumv. og gjörðum ráð fyrir því, sem venjulega á sjer stað að, þingmenn t. d. úr Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu og enda víðar að, verða samferða á þingreið sinni. Annars er h. þm. ekki heldur skyldugur til að *vera þingmaður*, ef hann álítur þetta eða annað frágangssök við að vera það. Vjer ákváðum alls ekkert um, að þingm. skyldu fá sjer fylgd bæ frá bæ, heldur ákváðum þeim vissa upphæð, 4 krónur á dag, til að borga með fylgdir. Ef nú 3 þingmenn úr Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslu slá sjer saman, þá geta þeir haft um 170 kr. til að borga fylgdarmanni og fyrir þá upphæð mun auðgjört að fá hann. Það er auðvitað, að *allt* má kalla fátækraflutning, þegar greitt er af almannafje til að kosta flutninginn, en jeg trúi því ekki, að háttv. 1. kgk. þm. (J. Havsteen) sje nokkurt kappsmál um að fá þá þýðing lagða í orðið. H. 5. kgk þm. (A. Ó.) fór miklu sanngjarnari orðum um málið; þó sagði hann, að nefndin hefði við haft „hina *mestu* sparsemi". Jeg er honum ekki allskostar samdóma um það; við reyndum að við hafa sæmilega sparsemi, en ekki ýtrustu sparsemi. Það er venjulegt, að þingmenn úr fjarlægustu hjeruðum hafa ekki fastan fylgdarmann, heldur taki að eins fylgdarmann yfir torfærustu hluta leiðarinnar. Það getur verið að þingmaðurinn falli í áliti þjóðarinnar, ef hann dregur ekki sjerstakan fylgdarmann á eptir sjer, en þó verð jeg að ætla hið gagnstæða, og að hann muni ekki ljettari á metunum hjá þjóðinni, þótt hann ferðist af og til fylgdarmanns laus, nje hún álíti, að gullhringarnir detti af þingmanninum, þótt hann leggi sjálfur á hestinn sinn; að minnsta kosti hef jeg gjört það og sjeð marga háttvirta þingmenn gjöra það, og engin hneysa þótt.

Jeg get svarað háttv. 2. þm Árn. (Sk. Þ.) því, að jeg sagði aldrei, að reikningur hans hefði verið „ósanngjarn"; þvert á mót; jeg sagði að eins að hann mundi ekki *nauðsynlega* hafa þurft að kosta eins miklu til ferðar og hann gjörði, og það hefur hann játað sjálfur; hitt kvaðst jeg ekki um efast, að hann *hefði* kostað þessu til; hann sagðist hafa haft 3 hesta, en játar að hann geti komizt af með 2 hesta, þessa hálfa aðra dagleið. Og ólíklegt er það, að hann ferðist ekki sparlegar til Reykjavíkur, þegar hann ferðast fyrir eigin peninga. Jeg skal líka taka það fram, að ef ekki er meir en hálf dagleið frá Berghyl austur að Eyvindarholti, þá er ekki löng dagleið hjeðan úr Reykjavík austur að Berghyl.

Jeg skal enn koma með eitt dæmi til að sýna, að reikningar þingmanna eru ekki allir alls kostar sanngjarnir eða innbyrðis samkvæmir. 1885 fór 1. þm. Húnv. landveg og þáverandi þm. Eyf., núverandi 5. kgk. þm., líka; hvort þeir voru samferða, læt jeg ósagt; en ferðareikningur þm. úr Húnavatnssýslu var 254 kr., en ferðareikningur þingmannsins, sem átti heima í Eyjafjarðarsýslu, 255 kr. Það hefur því að eins kostað *eina krónu*, að ferðast frá Kornsá í Húnavatnssýslu norður að Bægisá í Eyjafjarðarsýslu; þó hef jeg aldrei heyrt getið um, að óvirðing hafi lagzt á háttv. 5. kgk. (A. Ól.) fyrir það,

hve sparlega hann hafi ferðazt til þings. Eitthvað er nú bogið við þetta. Ólíkt hafa þeir tveir komið fram gagnvart landsjóðnum í þessu efni. — Þetta segi jeg háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) til gildis, en ekki til að kasta rýrð á hann. Jeg skal ekki þræta um hestaleigu í Eyjafirði, en illa mega hestar vera þar til fara, ef ekki nægja minna en 6 hestar fyrir þingmann þaðan og til Reykjavíkur, og undarlegt er það, ef ekki er hægt að fá þar leigðan hest fyrir 30 kr., ef verið er sjer út um það. Hestaleigan er talin þriðjungur eða jafnvel helmingur af hestverðinu, svo að það má líka undarlegt vera, ef þingmaður, sem keypti hest að vorlagi, gæti ekki fengið upp úr honum við ríflega sölu sama verð og hann gaf fyrir hann, þegar leigan er dregin frá. Sem sagt, mjer sýnist nefndin alls eigi hafa miðað fararkaup þingmanna við þurfamannaflutning; en það verð jeg að játa, að hún miðaði það ekki heldur við ferðakostnað amtmanna, og miðaði ekki við það, þótt það hafi einhvern tíma kostað 1200 kr. að flytja amtmannsefni frá Kaupmannahöfn til Akureyrar.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal svara því sem háttv. 2. þm. Rangv. (S. Á.) sagði um að miður ætti við að taka einn einstakan fararreikning og dæma um, þá gjörði jeg það ekki af því, að mjer þætti hann ósanngjarn, heldur minntist jeg að eins á hann, af því að mjer þótti það svo undarlegt, að háttv. framsögumaður (J. Ól.) tók minn reikning einan, en leit svo út sem hann hefði eigi gefið gætur að reikningi nágrannaþingmannanna. Jeg skal minna háttv. framsögumann (J. Ól.) á, að jeg sagði aldrei, að ekki væri meira en hálf dagleið frá Berghyl austur að Eyvindarholti, heldur sagði jeg, að ekki munaði um meir en hálfa dagleið heim til h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) og heim til mín. Það verð jeg að segja, að mjer þykir hálfundarlegt, að eptir frumvarpinu er 40 kr. munur á þingfararkaupi 1. þm. Rangv. (S. Á.) og þingfararkaupi mínu, þótt hann hafi ekki meir en hálfri dagleið lengra að sækja til þings. Háttv. framsögumaður (J. Ól.) sagði, að mögulegt væri að ferðast fyrir minna en jeg hefði gjört; það hef jeg þegar játað, að það sje mögulegt, hversu sæmilegt sem það er. Það er á mínu valdi, hvort jeg sendi hesta mína heim aptur um þingtímann eða ekki, en ef mjer er mögulegt að gjöra það, þá get jeg ekki sjeð, að þingmönnum úr næstu sýslu sje það ómögulegt. Þetta gjöri jeg þó ekki að kappsmáli, og atkvæði mun jeg greiða með frv.

Jakob Guðmundsson: Þar sem ræður háttv. þingd.manna hafa gengið út á, að tölurnar í frv. væru of lágar, en ekki of háar, þá vona jeg, að þeir sem álíta þær of lágar, komi sjer saman um að reyna að finna þá upphæð, sem þeim finnst sanngjarnari en sú, sem farið er fram á í frv.; síðan er hægt að bera undir atkv. deildarinnar, hvort hún vill heldur aðhyllast hærri eða lægri upphæðina. Jeg vona, að háttv. deild virði málið svo mikils, að hún lofi því að komast til 3. umræðu, meir að segja lofi því að ganga gegnum þessa deild til hinnar fjölmennu neðri deildar; því þótt svo fari, að frumvarpið verði ekki að lögum, þá er eigi að síður mikið unnið við það, að málið sje rækilega íhugað í báðum deildum; því þá gæti það orðið mönnum til leiðbeiningar eptirleiðis, og hvatt þingmenn til að gefa sem sanngjarnasta reikninga og rannsóknarnefndina til að skoða þá sem vandlegast, því að hún má vita, að öll þjóðin hefur augastað á gjörðum hennar. Vona jeg því, að málinu verði vísað í einu hljóði til 3. umræðu.

Jón A. Hjaltalín: Jeg skal eigi svara háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen) upp á þá spurningu hans, hvernig jeg ætlaði að fara að komast af með þessa upp-

hæð í ferðakostnað; það kemur engum við, en jeg skal játa það, að mjer er kunnugt, að eigi er hægt að fá hest leigðan fyrir minna en 30 kr., ef hann er sendur strax aptur, en jeg hef eigi reynt að leigja hest fyrir allt sumarið; en jeg get ímyndað mjer, að þeir yrðu ódýrari að sínu leyti, því jeg veit, að hestar, sem fara hjer suður snöggva ferð, eru þyngri á fóðrum veturinn eptir heldur en ef þeir fá að hvíla sig hjer um tíma á milli ferða. En það er eigi þetta atriði, sem mjer er um að gjöra. Mjer er mest um það hugað, að fá ferðakostnaðinn fast ákveðinn, því jeg er svo latur, að jeg nenni eigi að skrifa hverja 10 eða 25 aura, sem jeg læt úti, en þegar það er orðið svo fast ákveðið, þá á jeg það við sjálfan mig, hvað mikið jeg gef út. Jeg styrkist af því sem framsögumaðurinn tók fram um nefndina, í þeirri skoðun, að ófært væri að hafa hana, því það væri að koma öllu í sama horfið og áður; því ef það á að fara að færa reikning fyrir hverri bið eptir fylgdarmanni og allt svo leiðis, þá er jeg hræddur um, að nefndin fái margt um að fjalla. Jeg vil einungis hafa tiltekið fyrir landferðina, því gufuskipaferðir er eigi að reiða sig frá nema á vesturlandinu; sjóvegsferðirnar eru að vísu ódýrari, en þær gjöra eigi meira en að jafna upp það, sem landferðirnar verða dýrari en tiltekið er. En þar sem framsögumaður var að tala um fylgldarmanninn, skyldi það hafa verið meiningin, að fylgdarmaðurinn ætti að fara norður aptur og þingmenn ættu svo að taka sjer hjer annan eða halda honum allan þingtímann? En það er ekki það sem mjer þykir mestu máli skipta, heldur hitt, að firra þingmenn því ámæli, sem þeir hafa fengið hjá sumum landsmönnum, fyrir að þeir hafi sett of háa ferðakostnaðarreikninga sína. En áður en jeg sezt niður, vil jeg geta þess, að jeg mun eigi gefa frumvarpinu atkvæði nema nefndin hjálpi mjer til þess að koma breytingartillögum mínum að.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg sagði um daginn, að jeg væri nefndinni þakklátur fyrir aðgjörðir hennar í þessu máli, þótt mjer þætti sumar upphæðirnar lágar; en jeg heyrði á háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havst.), að hann vildi gjöra lítið úr því, þar sem jeg ætti heima í Reykjavík og hefði lítið ferðazt. En jeg skal segja háttv. þm. það, að jeg hef ferðazt langt um meira en hann hjer á landi, og veit vel, hvað það kostar að ferðast hjer. Jeg er nefndinni eins þakklátur enn, og vil fyrir hvern mun, að þingfararkaupið verði fast ákveðið. Flestir af þeim, sem talað hafa á móti þessu frv., hafa þó gjört sig ánægða fyrir sitt leyti: háttv. 5. kgk. þm. (Arnlj. Ól.) sagði, að hans eigin reikningar hefðu eigi verið hærri að meðaltali en nefndin hefur ætlað honum eða þeim, sem búsettir eru í þingfararhjeraði hans, og sömuleiðis þm. Rangv. (Sighv. Árnason) og þm. Árn. (Sk. Þ.); og h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), sem er úr sama þingfararhjeraði og háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havst.), — en maður getur eigi láð honum, þó hann vilji halda amtmannsembættinu í heiðri, og ferðast dálítið dýrara vegna stöðu sinnar — voru á því, að þetta mundi nægja. Jeg vil þó heldur, að upphæðirnar sjeu hækkaðar, því verið getur að nokkuð lítið sje í lagt, en að frv. falli. En þar sem menn eru að tala um, að hestaleiga sje einlægt að hækka, þá get jeg ekki skilið það, því þar sem hestaverðið er allt af að lækka, þá ætti líka hestaleigan að lækka. Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta, en jeg vildi að eins leyfa mjer að skora á hina heiðruðu nefnd, að koma sjer saman við mig eða aðra, er mælt hafa í þá átt, að rífka nokkuð þingfararkostnaðinn eða endurgjaldið fyrir hann, um breytingar til næstu umræðu.

Sighvatur Árnason: Jeg minnist þess

út af orðum háttv. þm. Árn. (Sk. Þ.), þar sem hann var að bera saman ferðakostnaðarpeninga mína og sína, að hann er eigi vel settur í sínu þingfararhjeraði, en nefndin gat eigi gengið út í svo smáa skipting, að eigi yrðu ávallt dálitlar misjöfnur, ef þingmenn væru illa settir í þingfararhjeraði. Það lítur auðvitað undarlega út, þegar til dæmis sá þingm. sem byggi á Þjórsárbakkanum, hefði 40 kr. meira en sá, sem byggi á vesturbakkanum, en hjá þessu var eigi hægt að sneiða, og þeir verða að gjalda, sem sitja á horni þingfararhjeraðsins.

En svo jeg víki máli mínu að áskorun háttv. 6. kgk. þm. til nefndarinnar að hún vildi koma sjer saman við hann til að koma að breytingartillögu, þá skal jeg fyrir mitt leyti eigi skorast undan því, en þar sem háttv. 3. kgk. þm. *(L. E. Sv.)* var að minnast á hestaleiguna, að hún hlyti að lækka, þegar hestaverðið lækkaði þá er það eigi tilfellið; það er annað sem hjer liggur til grundvallar, að hestaleigan fer hækkandi, nefnilega hestafæðin er allt af að fara sívaxandi af harðærinu; því menn ganga nær og nær sjer með söluna og þar af leiðir aptur, að ómögulegt er að fá hesta leigða nema fyrir dýra dóma, í samanburði við það sem áður var.

Landshöfðingi: Það er eigi margt, sem jeg ætlaði að taka fram að þessu sinni; jeg ætla að eins að lýsa því yfir að eins og frumvarpið nú er, mun það varla geta fengið framgang, því það eru sumar greinar í því alveg óhafandi, eins og t. d. 7. gr. Jeg get eigi skilið hana öðruvísi en svo, að ef þm. t. a. m. af Akureyri fer aðra leiðina landveg en hina sjóveg, þá fær hann að eins 92 kr. fyrir landvegsferðina; en nú þarf hann 4 hesta, sem kosta 30 kr. hver, alls 120 kr. og þar að auki þarf hann fylgdarmann, og fyrir allt þetta fær hann 92 kr. Jeg get sömuleiðis eigi skilið 8. gr., sem segir: „alla reikninga fyrir ferðakostnað úrskurðar nefnd, er alþingi kýs á fyrsta fundi í sameinuðu þingi hvert sinn er það kemur saman“. Ef þm. Rangv. fer landveg báðar leiðir, hvað þarf þá nefnd að úrskurða ferðakostnað hans. 6. gr. get jeg heldur ekki sjeð að sje praktisk, þar sem á að borga ferðakostnaðinn eptir mílnatali. Yfir höfuð held jeg að nefndin hafi eigi tekið nægilegt tillit til þess, að það er eigi helmingi dýrara, að ferðast 4 dagleiðir en 2; það er til dæmis eigi miklum mun dýrari hestur vestur á Ísafjörð en vestur í Stykkishólm. Sem sagt, ef frv. á fram að ganga, þá verður að laga þessa galla, sem á því eru.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg er samdóma hæstv. landsh. um það, að ferðakostnaðurinn stígur eigi alveg tiltölulega eptir dagleiðunum, og það hafði nefndin líka fyrir augum; hún hefur eigi sett tvöfalt hærri upphæð fyrir það þingfararhjerað, sem er tvöfalt lengra í burtu. Hvað viðvíkur 7. gr., þá skal jeg fúslega játa, að 92 kr. væru nokkuð lítið fyrir að fara norðan af Akureyri og hingað suður, en það er á þm. valdi. Ef hann vill, þá getur hann farið báðar leiðir landveg. 8. gr. held jeg að landsh. hafi skilið öðru vísi en nefndin, því við nefndarmenn álítum að nefndin ætti að gæta þess að eins um reikninga þeirra þingmanna, er fara landveg að öllu, að þeir sjeu samdir samkv. lögum þessum, að dagpeningar sjeu taldir um hæfilega marga daga o. s frv. Þar sem þm. Árn. (Sk. Þ.) var að bera saman tölurnar úr sínu þingfararhjeraði og 4. þingfararhjeraði, þá skal jeg skýra það fyrir honum, hversu nefndin hugsaði sjer þetta. Nefndin gjörði þá áætlun, að þm. úr 2. þingfararhjeraði væri 2 daga á leiðinni hverja leið, og að hann þyrfti 2 hesta, sem hann sendi heim aptur, og reiknaði hestaleiguna fyrir hvern hest 12 kr. samtals 24 kr. og svo ætlaði hún honum 30 kr. handa manni á hesti til þess að fara með

hestana og koma með þá aptur, og svo 6 kr. í ferjutolla og annað þess konar, en þar á móti ætlaði hún þm. úr 4. þingfararhjeraði 3 hesta og 54 kr. í leigu eptir þá og 40 kr. manni til þess að fara með þá og koma með aptur, og svo sömu 6 kr. í ferjutoll. Þetta get jeg ekki ímyndað mjer að nokkrum þyki ósanngjarnlega reiknað. Þar sem háttv. varaforsti (L. E. Sveinbjörnsson) æskti þess, að menn kæmu sjer saman um breytingar við nefndina, þá skal jeg geta þess, að jeg er fús á að breyta til hvað upphæðirnar snertir, ef einhver þm. vill fá þeim breytt, en nefndin sjálf getur eigi komið með neinar breytingar, heldur eru það þingdeildarm. sem verða að gjöra þær, ef þeim eigi líkar nefndarfrumvarpið. En þá ættu breytingarnar að vera samsvarandi fyrir öll þingfararhjeruð. En hvað viðvíkur breytingartillögu h. 6. kgk. þm. (J. A. H.) um að fella úr 5.—9. gr., þá þorir nefndin ekki að taka að sjer að fella þær úr og getur því ómögulega aðhyllzt hana, og vil jeg vona að h. 1. kgk. þm. (J. Havst.) verði fremur með nefndinni heldur en með því, að þeim gr. sje sleppt úr.

Jón A. Hjaltalín: Af því jeg sje að breytingartillaga mín er eigi eins fullkomin eins og hún hefði átt að vera, þá tek jeg hana aptur að þessu sinni.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 8 atkvæðum gegn 2.

2. gr. samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.

3.—5. gr. samþykkt hver um sig með 8 atkvæðum gegn 2.

6.—9. gr. samþ. hver um sig með 7 atkv. gegn 3.

10. gr. samþykkt með 8 atkvæðum gegn 2; fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu. Frv. í heild sinni samþ. með 8 atkv. gegn 3, og málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv. gegn 2.

Frv. til fjáraukalaga 1886 og 87 (226); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað í einu hlj. til 2. umr.

Frumv. til laga um að afnema úr gildi lög 16. des. 1885, er banna niðurskurð á hákarli á sjó milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. apr. (202); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umr. laust með 10 atkv. gegn 1, og sömuleiðis vísað til 3. umræðu með 10 atkvæðum gegn 1.

Frv. til laga um bátfiski á fjörðum (220,233); ein umr.

Framsögum. (Arnlj. Ólafsson): Jeg skal geta þess, að af því nefndin hafði líka til meðferðar frv. til laga um síldfiski, þá snertir nefndarálitið hvorttveggja frumvarpið, þótt hjer liggi eigi fyrir nema annað. Jeg skal sömuleiðis geta þess, að aptan af undirskrift nefndarálitsins hafa fallið tvö nöfn, nefnilega Friðrik Stefánsson og Jakob Guðmundsson.

Neðri deild hefur gjört orðamun á 2. gr. og sett „formaður“ þar sem áður stóð „hann“, og kannast nefndin við, að þessi orðabreyting sje til glöggvunar og því til bóta. Nefndin hefur sömuleiðis athugað viðauka háttv. neðri deildar við 2. gr. frumvarpsins; en af því að hún áleit, að meiningin mundi eiga að vera sú, að eigi væri fremur lagt á þá, sem kæmu úr bæ eða kaupstað, en þá, sem kæmu úr sveit eða hrepp, þá hefur hún gjört þær breytingar að í staðinn fyrir orðin „úr öðrum hreppum“ komi: „úr öðrum sveitarfjelögum“ og í staðinn fyrir „í heimilishreppi þeirra“ komi: „í sveitarfjelagi sjálfra þeirra“. Með þessum breytingum vill nefndin ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið.

ATKVÆÐAGR.: 1. breytingartillaga við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. breytingartillaga við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

Frv. sjálft með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði og endursent neðri deild.

Frv. til laga um veð (199,227); ein um ræðu.

Framsögum. (L. E. Sveinbjörnsson): Nefndin hefur fallizt á breytingar neðri deildar á máli þessu; að öðru leyti hefur hún í nefndarálitinu látið í ljósi álit sitt um þær, svo að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða málið, en ræð háttv. efri deild til að samþykkja frv. eins og það kom frá háttv. neðri deild.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt í e. hlj. og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um forðabúr og heyásetning (168,234); framh. 1. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Jeg skal þegar geta þess, að það var meining vor nefndarmanna, að frv. vort fylgdi með á sama blaði og nefndarálitið, en það hefur orðið af vangá viðskila. Eins og nefndarálitið sýnir, hefur nefndin ekki getað fallizt á frumvarp neðri deildar; hún ræddi frumvarpið og íhugaði svo ýtarlega, sem hún gat, og fann það, að tilgangur þess er góður, en hún fann líka að hjer er um vandræðamál að ræða, sem vandi er að ráða bætur á, og henni fannst að ákvæði þessa frumvarps mundu ekki vera einhlít til þess; nefndinni þótti og frumvarp þetta ganga of nærri eignarrjetti manna og atvinnufrelsi, og því áleit hún rjettast, að það yrði ekki samþykkt. En hún vjek sjer að horfellislögunum og áleit, að ef þeim væri vel beitt, þá mætti hjer um bil fá hinu sama framgengt og farið er fram á í frumvarpi neðri deildar. Nefndin hefur því ráðið frá að samþykkja frumvarp neiðri deildar, en hefur aptur á mót samið viðaukalög við horfellislögin frá 12. janúar 1884. Í 1. gr. þeirra laga segir: „Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til, að hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því, að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla". Þetta veitir töluvert aðhald með skynsamlega heyásetning; en hinsvegar var nefndinni kunnugt, að lögum þessum mundi hafa verið slælega fylgt síðan þau komu út, og einmitt þessvegna hefur nefndin í neðri deild álitið ný lög nauðsynleg. En jeg held það sje góð regla, að þegar menn eiga lög um eitthvert efni, þá skuli menn reyna að nota þau, og það einkum ef lögin eru allgóð, og betra sje að reyna að laga þau, et þarf, en hafna þeim algjörlega, án þess að hafa reynt þau, nema um skamman tíma. Jeg verð að álíta, að þessi viðbót, sem vjer höfum komið með við horfellislögin, sje til verulegra bóta, og að eptir nokkur ár mundi það komið inn í meðvitund manna, ef þeim yrði beitt, hvílíkur ábyrgðar hluti það er að setja illa á hey sín og fara illa með skepnurnar. Eins og jeg sagði áðan, þá hygg jeg að horfellislögunum frá 12. janúar 1884 hafi lítið verið beitt, þótt þau sjeu góð í sjálfu sjer. Jeg sje ekkert á móti því, þótt hreppsnefndir sæti sektum, ef þær vanrækja að framfylgja lögunum; sömuleiðis sje jeg ekki á móti því, þótt hreppsnefnd hafi vald til að taka ráðin af þeim manni, sem tvívegis hefur orðið heylaus; það er ekki að ganga of nærri atvinnufrelsinu.

Jeg skal ekki fjölyrða meira um þetta

mál, en vona aðtillögur nefndarinnar fái framgang hjá deildinni.

Skúli Þorvarðarson: Það vill svo óheppilega til, að jeg get ekki verið á sama máli og h. nefnd. Mjer finnst mjög góð meiningin í frumvarpi neðri deildar og jeg held líka, að mögulegt sje að beita ákvæðum þess, án þess að ganga of nærri eignarrjettinum. Ef samþykkt er samin til að fyrirbyggja stórtjón af fjárfelli, þá þykir mjer næsta ólíklegt, að tveir þriðju hlutar allra hlutaðeiganda samþykki hana, ef þeir sjá að ómögulegt er að framfylgja henni, eða ef þeim þykir hún ganga of nærri eignarrjetti sínum. Og ef svo kynni að vera að einhver ákvæði væru í samþykkt, sem gengju of nærri eignarrjetti manna eptir almennum lögum, þá er ekki svo hætt við að sú samþykkt komi til framkvæmda, því að þá mundi amtmaður synja henni staðfestingar. Á meðan hjer liggur ekki fyrir nýtt frumvarp um þetta mál frá h. nefnd, þá vil jeg ekki fella þetta frumvarp, sem háttv. neðri deild hefur samþykkt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leggja til að hið upphaflega frv. fái að minnsta kosti að ganga til 2. umr. og sje ekki fellt nú, því að það er einungis við 2. umr. að hægt er að bera frumvörpin saman og fara út í einstakar greinir þeirra. Þessi frumv. fara mjög sitt í hverja átt; jeg mun þó gefa frv. 168 atkvæði mitt, en skoða hitt sem breytingartill. við það, þótt stórkostleg sje.

Benidikt Kristjánsson: Jeg lít svo á að frv. nefndarinnar, geti ekki skoðazt öðruvísi en nýtt frv. og geti þar af leiðandi ekki komið til umr. fyr en frumv. neðri deildar nr. 168 er fallið. Það sem mjer virðist mæla á móti frv. neðri deildar, er, að þar fer löggjafarvaldið að hlutast til um það mál sem það að mínu áliti ætti ekki að skipta sjer af, það grípur inn í þann umráðarjett bænda, sem þeir hingað til hafa haft og eiga að hafa sjálfir. Því miður verð jeg að játa, að allt of margir búendur hafa sett ráðlauslega á hey sín, en slíkt gefur ekki löggjafarvaldinu rjett til að taka ráðin af þeim; þá ætti löggjafarvaldið líka að hlutast um, hve mikið konur skamta, ef þær fara óspart með. Hjer er um mál að ræða, sem þarf lagfæringar við, það játa jeg og aðrir, en jeg ætla bezt bót verði ráðin á því með frjálsum samtökum. Menn geta hugsað sem svo, að samþykktir um heyásetning fengju meira gildi, ef þær væru samþykktar af sýslunefnd og staðfestar af amtmanni. Jeg gæti líka gengið inn á að slíkar samþykktir væru gjörðar, ef þær skuldbyndu þá eina, sem fallizt hefðu á samþykktina, en enga fleiri. Þeir menn, sem helzt þarf að taka til greina við þessar samþykktir, eru hvort sem er ekki aðhaldslausir, þótt frumv. neðri deildar fái ekki framgang; eptir lögunum um horfelli á skepnum má refsa þeim, ef þeir hafa vanrækt að hafa heyforða handa fjenaði sínum, svo hann falli af hor og hungri. Jeg álít bezt, að horfellislögin væru skerpt, eins og nefndin hjer í deild hefur farið fram á. Þeir menn, sem hafa horfellt fjenað sinn, hafa með því sýnt að þeir mega ekki hafa frjáls umráð yfir skepnum sínum, og hafa brotið af sjer þann sjálfsforræðisrjett sinn, sem hver heiðvirður meðlimur þjóðfjelagsins á að hafa. En þegar menn ekki gjöra öðrum beinlínis skaða með ráðlagi sínu, þá er hart að tveir þriðjungar sveitarmanna geti tekið ráðin af hinum um það, hvernig þeir vilja setja skepnur sínar á og framfleyta þeim. Það er líka önnur hlið málsins, sem athuga þarf; það er mjög hæpið að setja fastar reglur um heyásetning, því að fyrir það fyrsta veit enginn að hausti, hvernig vetur muni verða, og á meðan engin heyforðabúr eru komin, þá getur skylduásetningur knúð menn til að lóga svo skepnum sínum, að þeir verði ekki bú-

færir eptir; og sú raun hefur opt á orðið að sá maður, sem var álitinn að hafa ekki nándar nóg fóður handa skepnum sínum, hefur komizt betur af með hey, en hinn, sem að almannarómi hafði sett vel á. Reyndin hefur og jafnvel sýnt að þar sem frjálsar samþykktir hafa verið gjörðar um heyásetning, har hafa menn kynokað sjer við að framfylgja þeim. Þá skal jeg í öðru lagi minnast lítið eitt á heyforðabúrin. Það er víða nærri ómögulegt að koma þeim á, á mörgum stöðum, og hinsvegar er það ekki ómögulegt, að þar sem þau væru til, þá mundu menn óbeinlínis setja á þau. Þó hægt sje að koma forðabúrunum á, þá er ávallt mjög kostnaðarsamt að draga mikið hey saman á einn stað, það er skemmdum undirorpið, og marga hesta mætti heyja á meðan verið er að flytja heyið til forðabúrsins. Nú liggur heyið ef til vill 2—3 ár í forðabúrinu, svo að ekki þurfi til þess að taka, þá þarf að flytja heyið burt aptur, við það kemur fram nýr kostnaður og skemmdir á heyinu. Forðabúrin eru kostnaðarsöm, og bezt væri að bændur hugsuðu fyrir að komast í heyfyrningar. Þó legg jeg ekki aðaláherzluna á það, heldur á hitt, að frv. vill binda þann rjett hvers búanda, sem löggjafarvaldið á ekki að binda. Hver verður svo afleiðingin af því? Í stað þess að manna þjóðina upp og gjöra hana sem sjálfstæðasta og óháðasta, dregst hún niður í ósjálfbjarga ómagaástand. Jeg segi fyrir mig, að ef jeg má ekki ráða, má ekki ráða sjálfur, hvernig jeg fer að búa, þá verður það að vera á valdi forráðamanna minna, hvernig búskapurinn gengur; jeg missi sjálfstæði mitt og sjálfbjargarlöngun. Þjóð vor þarf einmitt að taka sjer fram í því, að verða sem sjálfstæðust og þrekmest; en það er eðlilegt, þótt langvinn kúgun bæði af óblíðu veðurs og einvaldsstjórn hafi drepið niður sjálfstæði hennar og þreki, en þess meiri þörf er á að glæða þetta og viðhalda því.

Jakob Guðmundsson: Það kemur undarlega fyrir, að h. þm. S.-Þing. (B. Kr.) talar svo mikið um, að frumv. þetta grípi inn í búskap bænda. Mig skyldi ekki furða á því, þótt honum þætti eiga illa við ef löggjafarvaldið færi að skipta sjer af því, og skipaði fyrir um það, hve margar merkur húsmóðirin ætti að skamta í skálarnar, eða á hvað marga bagga bóndinn ætti að setja kindina, en það er auðsær munur á því og hinu, sem hjer er farið fram á. Þetta frv. fer í þá átt, sem nú er að ryðja sjer til rúms, það fer fram á að þjóðin megi sjálf búa sjer til fastar reglur til að lifa eptir með hjeraðasamþykktum. Mjer þykir það undarlegast þegar mótmæli gegn þessu frumv. koma fram frá þeim mönnum, sem með lífi og sál vilja styðja sjálfsstjórn landsins, því að hvað er þetta annað, en að færa einn hlut stjórnarathafnanna og jafnvel líka löggjafarvaldsins niður til þjóðarinnar, og einn liður í þeirri keðju, sem á að verða til þess að styrkja þjóðfrelsið? *(E. Th. J.:* Misskilningur). Jeg ætla að þótt aðrir segi að þetta sje misskilningur, þá geti misskilningurinn einmitt verið hjá þeim sjálfum. Það er eðlilegt þegar eitt mál er skoðað frá tveim ólíkum hliðum, sinn skoðar hverja hliðina, það er eðlilegt segi jeg, þótt hverjum geti þá sýnzt sitt hvað um málið. Jeg vil óska að frv. fái að ganga sinn venjulega gang, svo að þingd. gefist kostur á að íhuga rækilega hvert einstakt atriði þess.

Forseti: Til mín er komin áskorun um að umræðunum sje hætt frá þessum 4 þingmönnum: Júlíus Havsteen, Jóni A. Hjaltalín, L. E. Sveinbjörnsson og Sighvati Árnasyni; skal jeg bera þessa áskorun undir atkv. þingdeildarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Áskorunin felld með 6 atkv. gegn 5.

Forseti: Umræðu málsins verður þá haldið áfram.

Jón Ólafsson: Jeg ætlaði ekki að tala mikið í þessu máli, og greiddi ekki atkvæði gegn því að umræðunum skyldi hætta, fyrir þá sök, að jeg legði svo mikið kapp á að fá orðið, heldur af því að mjer þykir það undarleg aðferð, að þeir sem sjálfir hafa talað í máli, skuli vilja svipta aðra færi á að láta skoðun sína í ljós. Jeg byrja þá á því að jeg er ekki samdóma h. þm. Dal. (J. G.), að óviðurkvæmilegt sje að jafna heyásetningi saman við það, að gefnar sjeu reglur fyrir hve mikið skuli skamtað á heimili. Það er alls eigi dæmalaust, að gefnar sjeu reglur um matarskammt; á sjóferðum t. d. er tekið til, hvað minnst megi skammta hásetum á hafskipum; þar stendur sjerstaklega á; hásetar eru varnarlitlir gegn skipstjóranum. En eru ekki skepnurnar enn þá varnarlausari gegn miskunnarlitlum mönnum, sem horfa á með köldu blóði að þær falli úr hor og hungri? Þá er það og mikið vafamál, sem mjer skildist h. þm. (J. G.) fara fram á, þvert ofan í sína eigin röksemdaleiðslu, að það sje rjett að setja á hjá *þeim* mönnum, sem *aldrei* hafa farið illa með fjenað sinn eða fellt hann. Það er að minnsta kosti nokkuð hart að taka fjárforræði af þeim, sem aldrei hafa sýnt að þeir hafi misbrúkað það. Hjá oss er ekki harðara ákveðið en svo, að þegar einhver hefur *tvisvar* orðið *sekur* að dómi eða úrskurði fyrir horfelli, þá skuli þjóðfjelagið fyrst fá rjett til að grípa í tauma. Það sýnist sannarlega ekkert sjerlegt harðræði þótt slíkir menn væru sviptir alveg fjárforræði sínu, hvað þá heldur sviptir þessum eina hluta sjálfsforræðis síns, sem þeir hafa sýnt að þeir aftur og aftur hafa misbrúkað á glæpsamlegan hátt. Það getur komið fyrir að slóðar slamrist af eitt og eitt skipti, þrátt fyrir vondan ásetning. En er það næg ástæða til að mega ekki taka fram fyrir hendurnar á þeim, eptir að þeir hafa sýnt það og sannað, að þeim sje ekki trúandi fyrir skepnum? Nefndin hefur reynt að fara meðalveg í þessu máli, hún hefur viljað gjöra það mögulegt, að koma í veg fyrir að trassar horfelldu pening sinn, án þess þó að gjöra þá menn ómynduga, sem aldrei hafa horfellt. Gagnið af heyforðabúrum getur verið mjög misjafnt; getur jafnvel komið fyrir að þau verði að ógagni, með því að freista sumra til að setja á hey, sem þeir eiga ekki sjálfir, heldur á heyið í heyforðabúrunum. Því áleit nefndin rjett, að aðhyllast ekki frv. Nd., heldur að eins taka það til greina, sem henni sýndist vera til verulegra bóta. Því hefur nefndin komið með frv. sitt og álítur hún að það í sambandi við horfellislögin geti orðið að sönnu gagni. Það er að vísu satt, að hingað til hefur horfellislögunum ekki verið mikið beitt, en það er eðlilegt af því, að það er seint að fara að beita þeim þegar skaðinn er skeður; hreppsnefndir hafa kynokað sjer við að fara að sekta þann, sem fellt hefur fjenað sinn, því við það vannst *að* eins, að baka honum fjártjón á fjártjón ofan. En það er sterk hvöt að fara að beita lögunum fremur, þegar afleiðingin af sektinni verður sú, að heimilt verður fyrir það, að fyrirbyggja að menn halda áfram ósómanum.

Arnljótur Ólafsson: Af því að jeg er hræddur um að meiri hluti deildarmanna sje á því, að fella frv. þetta frá 2. umr., þá neyðist jeg nú til, af því jeg er því hlynntur, að bera bæði frv. saman. Verður mjer þá fyrst fyrir að geta þess, að mjer sýnist hið nýja frumv. byggja mjög á því að hreppstjórar og hreppsnefndir hafi hingað til vanrækt næsta mjög skyldu sína í því að sjá um heyásetning; en jeg held þó að nefndina hafi vantað áreiðanlegar skýrslur um það atriði. Jeg held líka

að nefndin hafi ekki athugað af hverju það kemur, að hreppstjórar og hreppsnefndir eru álitnar að hafa vanrækt þessa skyldu sína, og í þriðja lagi þykir mjer undarlegt, að sýslumanni skuli vera sleppt og hann skuli ekki vera sektaður, ef hann vanrækir skyldu sína; hann er þó meiri maður en hreppstjóri, og ætti að geta þolað 20—30 kr. sekt. Annað sem jeg hef að athuga við frv. er, að þar er leyft að þröngva þeim, sem tvisvar hafa orðið sekir um horfelli, til að lóga af fjenaði sínum. Þetta sýnist nú máske mikið aðgengilegt. En hvað mun hreppsnefnd gjöra við þá menn sem hún veit að muni undir eins fara á sveitina, ef fjenaður þeirra er seldur eða honum lógað? Hún mun heldur kjósa að að lúka 10 kr. sekt en að selja pening þessara manna fyrir hálfvirði eða jafnvel einn tíunda hluta verðs um hávetur. Jeg játa það, að frv. nefndarinnar er miklu lögfræðislegra en frv. Nd. Það er líka hinn eini kostur þess, því að áhrif þess munu verri en hins frv., og ófrjálslegra er það en hitt frv. sem h. þm. S.-Þing. (B. Kr.) þó óskaði undir allar hellur. Jeg get ekki sjeð, að hið fyrra frv. þröngvi rjetti manna, og hef jeg þó lesið það vandlega, því að jeg vil halda fram mannrjetti, atvinnufrelsi og eignarrjetti. Í 2. gr. frv. er sýslunefnd að eins gefinn rjettur til, bara þá er henni þykir hagfellt eða nauðsynlegt, að gjöra samþykkt um heyforðabúr og heyásetning. Er þetta að þröngva mannrjettindum, atvinnufrelsi eða eignarrjetti? Menn geta sagt að sýslunefndir sjeu ekki allar allt og að þær geti gjört eitthvað til að þröngva mannrjettindum, atvinnufrelsi og eignafrelsi. En sýslumaður er formaður, og í 4. gr. full trygging gegn öllu gjörræði, að minnsta kosti vona jeg að h. framsögumaður (E. Th. J.) þyki það full tryggjandi, að „virðist amtmanni ákvæði í samþykkt ganga of nærri rjetti manna, eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, þá skuli hann synja staðfestingar“. Ef hjer er ekki sett full trygging fyrir mannrjettindum, eignarjetti og atvinnufrelsi, þá er jeg svikinn. Er nú eigi þetta tiltæki betra en hitt. að þjóta með sekt upp á aumingja hreppsnefndirnar og kúga þær til að selja fjenað manna um hávetur? Jeg álít hið upprunalega frv. svo mannúðlegt og svo þjóðlegt sem unnt er, því að hjer er um mikið vandamál að ræða og meðalhófið því vandratað. Í einu orði: frv. gjörir ekki annað en að hvetja sýslunefndir ásamt hreppsnefndum til að gjöra skynsamlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja heyskort og fjenaðarfelli, og að síðustu tryggir það allt saman með atkvæði amtmannsins, sem þekkir lögin manna bezt. Ef þetta frv. fær framgang, þá mun það stuðla að því að samþykktir komist þar á, sem mest þörf er á þeim. Geta þetta orðið góð lög í viðbót við lögin frá 12. jan. 1884; jeg skil hreint ekki í því, að jafn frjálslyndir menn sem h. þm. Suð.-Þing. (B. Kr.) og 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) eru, skuli ekki vilja fallast á frv. þetta, einkum þegar engin hætta er á, að grundvallarreglum laganna sje hallað, nje heldur mannrjettindi, atvinnufrelsi eða eignarjettur skertur.

Jakob Guðmundsson: H. þm. S.-Múl. (Jóni Ólafssyni) þótti það æði hart, að heyásetningsmennirnir gætu vaðið heim til beztu manna, sem aldrei felldu neina skepnu úr hor, en hvorki hann nje aðrir, sem skynsamlega setja á hey sín, þurfa að kvíða því, að þeim verði skipað að skera, því að þeir hafa sýnt það, að þeir hafa vit á hvað ætla þarf skepnunni, enda eru það optast beztu mennirnir, sem vilja láta setja á hjá sjer; en að öðru leyti hefur h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) sagt, allt sem jeg vildi sagt hafa.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen):

Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hjelt snjalla tölu um það, að gamla frv. væri betra en nefndarfumvarpið; en ástæður hans þótti mjer eigi jafnsnjallar. Honum þótti óhæfilegt að sekta hreppstjóra; en jeg get eigi sjeð það, að það sje óhæfilegt að sekta þá ef þeir sýna trassaskap, en sýslumenn er allt af hægt að kæra fyrir viðkomandi amtmanni eða landshöfðingja, ef þeir sýna hirðuleysi. Það er heldur eigi rjett hjá háttv. þm., að það yrði til þess, að setja menn á sveitina, að framfylgja nefndarfrumvarpinu; það þarf engan vegin að leiða af því, því það er alls eigi meiningin, að það eigi að bjóða allan fjenaðinn upp, heldur að eins það, sem er um of sett á. H. þm. tók fram að upprunalega frumvarpið væri betra af því að þar væri borgið atvinnufrelsinu og eignarrjettinum, af því að samþykktirnar yrðu að berast undir samþykki amtmanns. Það getur nú verið; en amtmaður mundi aldrei samkvæmt öðrum lögum geta samþykkt slíkar samþykktir, því þær mundu æfinlega ganga of nærri rjetti einstaklingsins, og þessi mikla tryggginn frá amtmanninum, er háttv. 5. kgk. þm. talaði um, mundi aldrei fást. En hvað er á móti að þeir sem vilja gjöra frjálsar samþykktir setji sjer reglur um heyásetning og heyforðabúr, án þess að þær sjeu skipaðar með lögum? Þá þarf eigi að heimta samþykki amtmannsins til að láta skera. Jeg get heldur ómögulega sjeð, að upprunalega frv. sje svo mannúðlegt, því í því er lögboðinn valdskurður, ef ásetningsmenn segja, að heyin sjeu eigi nóg, en það er mikill vandi að setja á hey manna og fóðurbyrgðir; því það er ekki eingöngu komið undir heyjum eða jörðinni, heldur líka undir ábúandanum og þeim, sem með skepnurnar fara, hversu miklum skepnum má fram fleyta á hverri jörðu.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal eigi taka upp aptur það, sem háttv. framsögumaður (E. Th. J.) talaði á móti háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) og færði ástæður fyrir, en það var að eins eitt atriði, sem jeg vildi taka fram. H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) játar að frv. kynni að ganga of nærri rjetti einstaklingsins og atvinnufrelsi manna; en hann huggaði sig þó við, að það væri nægileg trygging veitt fyrir þessu í úrskurði amtmannanna. En jeg hygg að amtmenn sjeu skyldugir til eða rjettara sagt neyddir til eptir ákvæðum frv. að staðfesta samþykkt, sem $^2/_3$ hlutar hreppsbænda og sýslunefnd hafa gjört, þótt hún gengi harla nærri rjetti einstaklingsins; því frv. leyfir að setja þau ákvæði í samþykkt, sem $^2/_3$ sveitarmanna gjöra, er taka öll ráð af hinum $^1/_3$, og til þess að tryggja frelsi þessara manna álít jeg eigi 4. grein duga. *(A. Ól.:* Það er vantraust á amtmönnunum).

Yfir höfuð finnst mjer háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) og þm. Dal. (J. G.) fara í spartverska stefnu, þar sem þeir leggja alla áherzlu á frelsi og rjett alls fjelagsins sem fjelagsheildar, en enga á rjett einstaklingins; en þó jeg vildi halda fram rjetti fjelagsins, þá vil jeg þó eigi gefa fjelaginu rjett til þess að svipta einstaklinginn rjetti hans og frelsi. *(Jakob Guðmundsson:* Hvað gjöra fiskiveiðasamþykktirnar?). Það er mikill munur á fiskiveiðasamþykktum og þessu. Þær takmarka það sem er beinlínis til skaða, en hjer er átt við að takmarka það, sem kannske óbeinlínis getur orðið til skaða. Þetta frv. og fiskiveiðasamþykktir eru alls eigi „adæquat“ og þolir eigi samanburð.

En þar sem háttv. 5. kgk. þm. óskaði eptir að frv. þetta kæmi til 2. umr., þá held jeg að ástæðan til þess sje nú horfin, því hann hefur nú brotið ísinn og rætt það sem við 2. umr. væri.

Sighvatur Árnason: Jeg er einn af þeim mönnum, sem lít svo á eldra frumvarpið, að eigi mundi vera heppilegra að leiða það í lög. Það er þegar búið að

tilfæra margar ástæður á móti því og þær skal jeg eigi taka upp aptur, en það eitt sem jeg vildi minnast á er það, að jeg efast um, að nokkur slík samþykkt yrði búin til, þó frv. yrði að lögum, því jeg ímynda mjer að sýslunefndir mundu af tveim ástæðum kynoka sjer við að gjöra þær, því í fyrsta lagi hafa forðabúrin svo fjarska mikinn kostnað í för með sjer, sem lendir á sýslusjóð og sveitarsjóð eptir frumv., og í öðru lagi mundu slíkar samþykktir verða erfiðar og taka sig skrítilega út í framkvæmdinni. Og svo geta slíkar samþykktir, ef þær kæmust á, leitt til óskynsamlegri heyásetnings en er, þó vont þyki; því þeir menn eru til, sem kynnu að hugsa: það gjörir ekkert til þó jeg setji djarft á í þetta sinn; því þá er eigi annað en fara í heyforðabúrið; það tekur þá við, ef jeg hef eigi nóg hey sjálfur. Jeg fyrir mitt leyti vil því heldur halda mjer að frumv. nefndarinnar, en þó með nokkrum breytingum.

Jón Ólafsson: Háttv. 5. kgk. (A. Ó.) prjedikaði eins mikið og honum er lagið um mannrjettindi, eignarrjett og frelsi, en jeg vil biðja hann að athuga 5. gr. frv.; samkvæmt henni og 3. gr. geta $^2/_3$ svipt $^1/_3$ hreppsbúa fjárráðum og gjört þá ómynduga, vaðið heim til beztu bænda og skipað þeim að skera. Er *þetta* að helga og tryggja eignarrjettinn?

Jeg veit, að hinn háttv. 5. kgk. þm. les þessi frumvörp með misjöfnum augum, eins og kannske sumt fleira, því hjer um daginn sagði hann *við nefndina*, að *þetta* frv. væri óbrúkandi, en *nefndarfrumvarpið* væri *miklu betra*, en í dag er hann búinn að öðlast æðri og betri þekkingu og sjer nú að *þetta* frumvarp er einmitt til þess að tryggja eignarrjettinn, en jeg ætla að vona, að hann verði búin að melta það svo við 2. umr., að hann þá geti sjeð, að þetta frv. er einmitt til þess að fótum troða eignarrjettinn. Jeg vona, að hann, sem ber svo þjóðviljann á vörum sjer, að mjer liggur við að kalla hann þingsins *konungkjörna þjóðvilja*, finni sjer skylt að færa sönnur á það, að það sje vilji þjóðarinnar, að $^2/_3$ af sveitarbúum fái svo mikil ráð, að þeir geti svipt $^1/_3$ forræði sínu. Meðan hann eigi sýnir það, mun jeg eigi greiða atkv. með frv. þessu.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umræðu með 7 atkvæðum móti 4.

Annar fundur í sameinuðu þingi, laugardag 6. ágúst kl. 11 f. h. Allir á fundi

Forseti las upp brjef frá forsetum beggja deildanna, svohljóðandi:

„Vjer höfum í gær skrifað bóksala Kr. Ó. Þorgímssyni á þessa leið: „Jafnframt og við sendum yður, herra bóksali, meðfylgjandi álitsskjal nefndar þeirrar, er neðri deild alþingis hefur sett til að rannsaka reikningsskil yðar fyrir sölu og útsendingu alþingistíðindanna 1883 og 1885, skulum við skora á yður, að láta okkur í tje innan 10 daga ýtarlega og fullnægjandi skýrslu um atriði þau, sem fram eru tekin í þingsályktunartillögu nefndarinnar (sjá niðurlag álitsskjalsins)".

Þetta tilkynnum vjer yður hjer með, háttvirti forseti sameinaðs þings.

Forsetar beggja deilda alþingis 6. ágúst 1887.

Árni Thorsteinsson. Jón Sigurðsson".

Því næst kom, samkvæmt dagskránni, til umræðu, að *kjósa nefnd til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna 1887*, og var í einu hljóði samþykkt að kjósa 5 manna nefnd.

Kosningu hlutu:

Sighvatur Árnason með 22 atkv.
Þorvarður Kjerúlf — 21 —
Gunnar Halldórsson — 19 —

Benidikt Kristjánsson með 16 atkv.
Jón Jónsson — 13 —

Því næst gat forseti þess, að á fundinum hefði verið úthlutað:

1. Skýrslu frá landshöfðingjanum um „gjöf Jóns Sigurðssonar“ (259).

2. Skýrslu um aðgjörðir verðlaunanefndarinnar af „gjöf Jóns Sigurðssonar“ milli þinga 1885 og 1887 (258).

Þá kom til umræðu 3. málið á dagskránni:

Skýrsla gefin um alþingishúss-byggingarsjóðinn, sbr. þingsályktun 11. ágúst 1881.

Gjörði 4. kgk þm., Árni Thorsteinsson, grein fyrir upphæð sjóðsins, og afhenti forseta 2 bankabækur honum tilheyrandi. Eptir uppástuagu 1. þm. Eyf., Jóns Sigurðssonar, var síðan nefnd kosin til að íhuga, hvort eigi mætti fara að verja neinu af sjóðnum, og hlutu kosningu:

Árni Thorsteinsson með 21 atkv.
Jón Sigurðsson — 16 —
Grímur Thomsen — 13 —

Þessu næst var samþykkt sú uppástunga, að fela 1. þm. S.-Múl., Jóni Ólafssyni, að hafa á hendi *útsending og sölu alþingistíðindanna* til næsta alþingis gegn því að fá í þóknun 20% af verði tíðindanna, bæði þeirra, er seld væru, og þeirra, er útbýtt væri gefins. Þá skýrði forseti efri deildar, Á. Thorsteinsson, frá, hverju varið hefði verið til *bókasafns alþingis*, og eptir uppástungu hans var samþykkt að verja um 2 næstu ár 200 krónum á ári til bókakaupa og bókbands, sem og að fela 1. þm. S.-Múl., Jóni Ólafssyni, að hafa á hendi umsjón bókasafnsins um sama tíma, fyrir 100 kr. þóknun á ári.

Þá var stungið uppá, að hver þingmaður fengi eptir þinglok framhald alþingistíðindanna, en sú uppástunga var feld.

Þessu næst var samþykkt sú uppástunga 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að prenta framvegis full 300 eintök af *landsreikningunum*, og selja fyrir 50 aura hvert eintak.

Tuttugasti og áttundi fundur, laugardag 6. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til viðaukalaga við útflutningslög 14. jan. 1876 (222,242); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Það er komið fram eitt breytingaratkvæði við 3. gr. frv. þessa; að efninu til miðar það að eins að því, að vera orðabreyting við frumvarpið sjálft. Sem flutningsmaður frumvarpsins hef jeg að vísu ekki á móti breytingartillögunni, en jeg veit ekki hvort það er meining flutningsmanns hennar, að láta hana koma í stað *allrar* 3. greinarinnar; ef það er meiningin. þá get jeg ekki aðhyllzt hana, því að þá fellur í burt það, sem við liggur, ef brotið er móti lögunum. En ef það er að eins fyrri hluti 3. greinar, sem á að falla burt, þá hef jeg sem sagt ekki á móti breytingartillögunni; vil jeg leyfa mjer að biðja háttv. flutningsmann hennar að skýra frá, hvort svo hafi eigi verið.

Sighvatur Árnason: Jeg skal svara háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Það var rakleiðis meining mín að breytingartillagan kæmi í stað fyrri hluta 3. gr. frv., en það er af vangá, þar sem stendur í breytingingartill., að hún eigi við alla greinina. Jeg kom með breytingartillöguna af því, að jeg óttaðist að ef fyrri hluti 3. gr. væri orðaður eins og er í frumvarpinu, að þá mundu menn geta farið í kringum lögin. Það eru dæmi til þess, að útflutningaskip hafa tekið menn á bátum út á fjörðum og flóum og flutt þá frá landi burt í aðrar heimsálfur, og verður eigi sagt, að þeir menn hafi verið teknir ófrjálslega á skip inn á höfnum. Ef mönnum sýnist fara betur á, að orða breytingartillöguna öðru-

vísi, þá hef jeg ekki á móti því, en vona að eins að hún fái að komast fram.

Friðrik Stefánsson: Jeg sje ekki að 1. gr. þessa frv. geti staðið óbreytt. Það sýnist þó óneitanlega hart, að útflutningsstjóri skuli skilyrðislaust skyldur að koma á ákveðnum tíma og taka vesturfara, og að gjöra þetta að hreinu og beinu skilyrði, þótt ís gjöri það *alveg ómögulegt* að koma á tiltekinn stað á tilteknum tíma. Því verð jeg að álíta þau ákvæði 1. gr. ófær að útflutningsstjóri eigi að bera ábyrgð fyrir það, þótt skip kunni að laskast og tefjast við það. Sjerstaklega legg jeg þó áherzlu á ístálmanir, því jeg er sannfærður um, að Norðlingar verða harðara úti en aðrir landsmenn, ef lög þessi fá framgang óbreytt. Jeg vil því skjóta því til h. þm. S.-Múl. og þm. Þing. (J. Ó. og B. Kr.), hvort þeir vilji ekki ásamt mjer koma með breyting á því til 3. umræðu. Jeg veit að þeir eru báðir jafnrjettismenn miklir, og vilja að menn hafi jafnan rjett um land allt, hvort heldur þeir búa á Hornströndum eða Langanesi eða hvar helzt annarstaðar, sem þeir væru búsettir.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg tek það fram, að það var meining vor að útflutningastjóri skyldi skilyrðislaust verða að borga fyrir það, þegar það dregst að skip komi í ákveðinn tíma. Ef skip laskast á leiðinni yfir Atlanzhaf, þá er það talið sjálfsagt, að línan sjái farþegjum borgið þeim að kostnaðarlausu þartil er þeir ná ákvörðunarstað sínum. Það getur verið að fargjaldið hjeðan af landi hækki um fáeinar krónur á mann, en það verður af *öllu* landinu; hækkunin kemur ekki á Norðlinga eina, en hún verður þeim sjerstaklega til tryggingar og hagsmuna. Jeg skal taka það fram að háttv. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) talaði ýtarlega um þetta atriði, þegar vjer sömdum frumv. og vissi þá vel, hver meiningin var. Það vitna jeg undir háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.). En honum hefur snúizt hugur síðan, hann hefur sjálfsagt fengið æðri og betri þekking. En jeg vona að frumvarpið muni lifa jafnt eptir sem áður. En ef ákvæðin væru tekin burt úr 1. gr. um skilyrðislausa skyldu útflutningsstjóra að verða að lofa flutningi á tilteknum tíma fyrir tiltekið verð, þá yrði frv. þýðingarlaust.

Benidikt Kristjánsson: Háttv 2. þm. Skagf. (Fr. St.) skaut því til mín sem jafnrjettismanns, hvort mjer þætti ekki breyting á 1. gr. frv. nauðsynleg. Mjer þykir gott, að hann minnti mig á jafnrjetti. Jeg vil vera jafnrjettismaður og einmitt þess vegna vil jeg líka, að 1. gr. standi óhögguð. Það er miklu hægra fyrir þá, sem hafa atvinnu af útflutningi, að sjá sjer borgið, en hinum, sem út eru fluttir, að sjá fyrir því, að rjettur þeirra sje eigi fyrir borð borinn. Hvar eiga þeir að fá skaða sinn bættan þegar þeir mega bíða á ákveðnum útflutningsstað atvinnulausir vikum saman eptir útflutningsskipi, sem einhverra orsaka vegna ekki kemur á ákveðnum tíma? Háttv. þm. (Fr. St.) veit það víst sjálfur, að hagur þeirra, sem í vor hafa orðið að bíða eptir útflutningi á norðurlandi, hefur verið allt annað en glæsilegur.

Friðrik Stefánsson: Jeg gat því miður ekki sannfærzt af ræðu háttv. flutningsmanns (J. Ó.). Hann tók til samanburðar flutning yfir Atlanzhaf, frá öðrum löndum norðurálfunnar; en þar er allt öðru máli að gegna, þar þarf ekki að óttast ís; og þaðan er svo margt fólk að flytja, að ekki er hætt við að ekki fáist nógir til að flytja það, en hjer er eins og allir vita fámenni mikið, og því fáa að flytja. Ef þetta skilyrði er því sett, sem hjer er farið fram á, þá er jeg viss um, að fáir eða engir verða til að flytja menn hjeðan af landi, sjerstaklega af norðurlandi, nema með afarkostum. Háttv. flutn-

ingsmaður (Jón Ólafsson) sagði að frumv. yrði tilgangslaust, ef sú breyting kæmist á, sem jeg fer fram á; það skil jeg ekki. Jeg vil að þau skilyrði sjeu sett, að útflutningsstjóri bæti að fullu farþegjum hvert það tjón, sem þeir hafa af brigðmælgi hans, ef þau leiða ekki af ístálmunum eða öðrum óviðráðanlegum atburðum. Jeg verð að segja háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) hið sama og flutningsm. (J. Ól.), að ræða hans sannfærði mig ekki hið minnsta. Það sem jeg fer fram á er, að línan skuli borga hvern þann skaða, sem farþegjar hafa af hennar völdum, en ekki þann skaða, sem þeir kunna að bíða af náttúrunnar völdum. Mjer sýnist það sem farið er fram á í frumv. stefna beint að því að gjöra Norðlendingum langtum erfiðara fyrir með burtflutning af landi en öðrum landsmönnum, því beinast virðist liggja við, að línan gjöri þeim að skyldu, að flytja sig á þá staði, sem ís ekki hindrar útflutningsskipið frá að koma á, t. a. m. vestur á Breiðafjörð, og væri það sama sem að gera meiri hluta Norðlendinga ómögulegt að fara. Norðlendingar hafa þó við mikið harðæri að búa öðrum fremur, en það getur verið, að háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) þyki menn eiga svo gott þar nyrðra, að viðurhlutamikið sje að leggja ekki töluverðar tálmanir í veginn fyrir þá, svo að þeir hlaupi ekki burt úr sæluvistinni hjer; í einu orði að segja er umhyggja háttv. þm. í þessu máli meiri en svo að jeg kunni að meta hana.

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Jeg skal segja h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.), að skip geta hæglega laskazt á leiðinni yfir Atlanzhaf. (*Fr. St.*: Ekki af ís). Jú, einmitt af ís, því að það kemur fyrir að á þeirri leið verða menn að sigla innan um hærri jaka en nokkurn tíma sjást hjer við land. Það er gjörsamlegur misskilningur, að það sje til að herða að kosti Norðlendinga, að það komist á, sem frumv. fer fram á; það er *sjerstaklega þeim í hag*. Jeg ímynda mjer, að sú áhætta, að selja allt sitt og mega svo ef til vill jeta út andvirði þessa á meðan beðið er eptir óvissum flutningi, fæli menn miklu meir frá því að ráðast til Amríkufarar, en hitt, þótt farið verði 3—4 kr. dýrara, og eiga menn svo aptur *víst* að komast burt á ákveðnum tíma eða fá biðina borgaða. Frv. gefur Norðlendingum einmitt kost á að assúrera *sig* á kostnað allra vesturfara á Íslandi. Jeg vona, að h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) sjái, að ef hann hefur í hug að fara til Ameríku, þá er það stór hagur fyrir hann að frv. nái fram að ganga. Veiti *honum* örðugt að meta umhyggju *mína* fyrir gagni og hagsmunum Norðlinga og Austfirðinga, hygg jeg þó, að Norðlingum og Austfirðingum veiti enn erfiðara að meta þakksamlega umhyggjusemi *hans* fyrir þeim í þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 10 atkv. gegn 7.

2. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (244) við 3. gr. (sem leiðrjettist svo: „Fyrri hluti 3. gr. orðist þannig“:) samþ. í e. hlj.

Síðari hluti 3. gr. samþykktur í einu hljóði.

3. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

Fyrirsögnin samþ. í einu hljóði.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 10 atkvæðum gegn 1.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Frv. til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum (235); 1. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál nú, því að það hefur verið talað svo mikið um samkynja mál hjer í deildinni. Oss er það öllum kunnugt, að

það vill víða brenna við, að bændur verða heylausir, og missa meir eða minna af fjenaði sínum, en hitt, sem af tórir, verður næsta gagnslítið. Sjerstaklega liggur það í landi hjá sumum mönnum, að þeir verða heylausir, hvað lítið sem að herðir, og ekki nóg með það, að þeir baki sjálfum sjer tjón með þessu, heldur gjöra þeir líka aðra heylausa með því að flýja á þeirra náðir, og hafa hey út úr þeim. En það er líka önnur hlið á þessu máli, sem verður að taka til greina; það er meðferðin á skepnunum; hún er óforsvaranleg. Það er því ekki einungis, að þessi ósiður spilli efnahag manna, heldur er hann einnig stór synd gegn skepnunum. Til að ráða bætur á þessu, voru lögin 12. jan. 1884 gefin út. Í þeim er hreppstjórum og hreppsnefndum boðið að hvetja hreppsbúa sína til og hafa eptirlit með þeim, að þeir hafi nægilegt fóður handa fjenaði sínum, og viðunanlegt húsrúm, og að brýna fyrir þeim þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla; í þeim er líka lögð refsing eða sektir við, ef menn láta fjenað sinn verða horaðan eða hortalla fyrir illa hirðing eða fóðurskort. En það hefur farið hjer sem optar, að þótt þessi lög sjeu góð í sjálfu sjer, þá hefur þeim ekki verið fylgt sem skyldi, og því hafa þau ekki komið að fullum notum. Þótt allir játi, að þessum lögum hafi verið slælega fylgt, þá er það ekki næg ástæða til að nema þau úr gildi fyrir það, eins og nú hefur komið fram á þingi; hitt sýnist liggja nær, að laga þau og skerpa, og datt nefndinni í hug, að gjöra það á tvennan hátt: í fyrsta lagi með því að sekta hreppstjóra þá og hreppsnefndir, sem vanrækja að hafa eptirlit það, sem þeim er boðið að hafa, og í öðru lagi með því, að ef einhver búandi hefur tvívegis orðið sekur eptir dómi eða amtsúrskurði fyrir brot gegn lögunum frá 12. jan. 1884, þá sje rjett að menn, sem hreppsnefnd hefur til þess kosið, skoði skepnufóður að hausti hjá honum og setji á hjá honum. Skal þá hreppstjóri hafa vald til að selja við uppboð gripi þá, er ásetningsmenn telja ofsetta á, et eigandi vill ekki lóga þeim sjálfur. Andvirði þeirra, að frádregnum kostnaði, fær eigandi. Hjer eru ekki harðari kostir settir, en að eigandi fær andvirði þess, sem selt er, og get jeg varla ætlað, að það þyki of hart að gengið, því að þegar fje er selt á haustum í fullum holdum, þá fæst allmikið verð fyrir það. Jeg fæ því ekki sjeð, að það hafi verið með ástæðum sagt í gær hjer í þingsalnum, að þetta mundi setja menn á sveitina. Jeg vona að allir þingdeildarmenn sjái, að hjer er reynt að kippa í lag þeim ósið, að menn setji ráðlauslega á hey sín, eins og hingað til hefur viðgengizt öld eptir öld, ár eptir ár, sjálfum þeim og öðrum til stórskaða og skammar; því vona jeg líka, að þeir reyni að styðja og laga frumvarp þetta, svo það fái framgang, en falli eigi, því að jeg álít það mikla rjettarbót.

Júlíus Havsteen: Jeg er að vísu hlynntur stefnu þessa frumv., en eins og það er lagað get jeg ekki sætt mig við það. Í frumv. er svo ákveðið, að hegna skuli hreppstjórum og hreppsnefndarmönnum, ef þeir vanræki eptirlitsskyldu sína, en mjer sýnist ekki þurfa að taka slíkt fram í þessum lögum, að því leyti, er snertir hreppstjóra, því að það liggur beint við, að þeim mætti hegna eptir 144. og 145. grein hegningarlaganna; þess vegna mætti fella burt ákvæðið um hreppstjóra. Í 2. gr. sýnist mjer gengið of nærri eignarrjettinum og eru menn með þessum ákvæðum einnig sviptir fjárforræði sínu. Mjer sýnist að bæta megi horfellislögin frá 12. jan. 1884 með því, að herða á sektum þeim, sem þar eru tilteknar. Jeg gef þessar bendingar, ef flytjendur frumv. vildu taka þær til greina.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil gjarna stuðla að öllu því, sem verndar skepnur við illri meðferð, en jeg vil líka styðja það, sem hagfræðilega skoðað er allri þjóðinni í hag. Af þessum ástæðum studdi jeg ásetningsfrv., og þegar það nú er fallið — sem mjer fjell þó ekki vel — þá vil jeg styðja þetta frv. Það er komin reynsla fyrir, að lög þau, sem hjer er um að ræða, eru ekki hagfelld; þau voru gefin út 1884, en vorið 1887 drepa margir fje úr hor og hungri; þó er ekki talað um að kæra nokkurn fyrir það. *(E. Th. J.:* Það er ekki lögunum að kenna). Það getur verið; en þótt vitanlegt sje, að fje hafi drepizt úr hor hjá einhverjum, þá mun verða bágt að sanna að það hafi drepizt af því, að það hafi haft of lítið fóður eða af illri meðferð, því að það þekkja menn, að sumar skepnur dragast upp, þótt ekki sje heyskorti eða vanhirðing um að kenna. Jeg bið menn að skilja ekki orð mín svo, að jeg sje að mæla horfelli bót, heldur er jeg að sýna fram á, að það er ekki nóg að einhver lög hafi góðan tilgang; þau verða líka að vera framkvæmanleg. En því örðugra sem er að framfylgja þeim, því meiri þörf er á að auka þau eða skýra, svo þau verði ótvíræð. Mjer þykir undarlegt að það skuli þurfa að bíða eptir því, að einn maður hafi tvisvar horfellt, og að þá fyrst megi fara að setja á hjá honum. Er það ekki nóg, að hann hafi gjört það einu sinni? Jeg veit, að það er í góðum tilgangi sett, að sekta skuli hreppstjóra og hreppsnefndir, ef þeir vanræki skyldu sína, að áminna menn um að setja hyggilega á og hirða vel fjenað sinn. En hver mun fara að klaga þá? Varla fara þeir til þess, sem drepið hafa úr hor, og mjög óvíst er, að aðrir gjöri það; vjer þekkjum allir, hve seinir menn eru almennt til að hlaupa í að klaga. Jeg vil leggja til að hert sje á ákvæðinu um þá, sem drepa úr hor, svo að hreppstjóri og hreppsnefnd megi skerast í leikinn, hjá þeim, sem einu sinni hafa gjört sig seka í því.

Friðrik Stefánsson: Það var haft mjög á móti, og fellt hjer í deildinni frv. það, sem kom hjer frá neðri deild um forðabúr og heyásetning, vegna þess, að það gengi of nærri rjetti einstaklingsins; en að mínu áliti var mikil rjettarbót í því frumv.; en með þessu frumv. sýnist mjer gengið mikið nær rjetti einstaklinganna. Eptir þessu frv. sje jeg ekki betur, en að hreppstjóri og hreppsnefnd sjeu neydd til að hafa mjög strangt eptirlit hjá hverjum þeim, sem eigi hefur næg hey að haustinu, hvað harður sem veturinn yrði annars má hún til að svara sektum ef illa fer. Nú er það sýnt og sannað, að menn komast mjög misjafnlega af með hey, og fer það mjög eptir því, hversu góðir fjármenn þeir eru. En ef hreppsnefnd setur ekki hjer um bil jafnt á hjá öllum, en með því getur hún gjört góðum fjármönnum skaða, þá má hún búast við ef illa fer, að svara sektum frá 10—50 kr. og lítur helzt út fyrir, að hún eigi að hafa það í laun fyrir frammistöðu sína, og verður hún þannig að sannkölluðum píslarvotti fyrir allt það, sem gengur í ólestri í sveitinni í því tilliti. Lögin frá 1884 eru brúkanleg, ef þeim væri vel beitt, en í þessum viðauka, eins og hann er úr garði gjörður, finn jeg enga rjettarbót, og jeg get ímyndað mjer, að menn muni eigi taka við þessari lagabreytingu nauðsynjalaust, og því fara í kringum lögin svo sem unnt er. Jeg mun því greiða atkv. á móti þessu frv.

Sighvatur Árnason: Jeg skal eigi tefja umræðurnar lengi, því hinn háttv. 1. kgk. þm. tók fram það, sem jeg vildi segja að mestu leyti. Jeg vildi að eins láta það í ljósi, að jeg gæti eigi fellt mig við ákvæði frumv., þar sem hreppstjóra er gefið vald til að taka gripi þess manns, sem

eigi vill hlýða heyásetningsmönnum, og selja þá; jeg fyrir mitt leyti kynni betur við að frumv. yrði breytt þannig, að sektum yrði beitt við þá, sem eigi vildu hlýða. *(Jak. Guðmundsson:* Það er sama sem að fella frumv.). Nei, engan veginn, því jeg get ímyndað mjer, að það yrðu margir, sem kynokuðu sjer við að taka gripi manna og selja, sem eigi hikuðu við að beita sektum, og þá yrði ákvæði frumv. tilgangslaust. Jeg vildi benda nefndinni á, hvort eigi mætti breyta þessu, en að öðru leyti vil jeg styðja frumvarpið. Líka vildi jeg vekja athygli nefndarinnar á því, að jeg hefði kunnað betur við, að heyásetningsmönnum hefði verið ákveðin þóknun úr sveitarstjóði, því annars er jeg hræddur um að hún yrði annaðhvort lítil eða engin, ef þeir, sem á er sett hjá, ættu að borga, því það eru vanalega fátæklingar, sem eigi geta borgað, sem þar eiga hlut að máli, en ómögulegt að ætlast til, að menn geti tekið að sjer máske nokkurn starfa fyrir litla eða enga þóknun.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Jeg ímynda mjer að jeg þurfi eigi að tala langt með málinu að þessu sinni, því mjer heyrist allir vera nefndinni samdóma um, að hjer þurfi eitthvað að gjöra, en jeg get eigi sjeð, að annað verði gjört en það sem frumvarpið fer fram á, en jeg vil að eins minnast dálítið á þær einstöku mótbárur, sem komið hafa á móti þessu frv. Hinn háttv. 1. kgk. þm. sagði, að þetta frv. gengi of nærri rjetti einstaklingsins; en það get jeg ekki sjeð. Honum þótti og ákvæðin í 1. gr. óþörf, þar sem sagt væri að hreppstjórar skyldu sæta sektum, en mjer finnst að úr því að bæði hreppstjóri og hreppsnefndir eiga að hafa eptirlitið, þá eigi sektirnar að ganga jafnt yfir hreppstjóra og hreppsnefndir. Jeg vissi vel af ákvæðum hegningarlaganna sem 1. kgk. (Júl. H.) nefndi, en mjer finnst þau eigi eiga hjer við.

Hvað því viðvíkur sem h. þm. Dal. (J. Guðm.) tók fram, að hann vildi að ákvæðin í 2. gr. væru hert svo, að hreppsnefndum væri gefið vald til þess að selja hjá þeim, sem einu sinni hefðu orðið sekir, þá held jeg að það sje eigi gott nje mannúðlegt. *(J. Guðm.*: Góðmennskan gildir ekki). Það kom til umræðu í nefndinni og henni þótti eigi ástæða til þess, að gefa hreppsnefndinni þetta vald fyr en maðurinn hefði tvívegis orðið sekur, því það getur margt borið til þess, svo sem ýmisleg óhöpp að maðurinn verði einu sinni sekur án þess þó í raun og veru að hafa unnið til þess. En þar sem h. þm. Skagfirð. (Fr. St.) talaði um, að frv. gengi of nærri rjetti einstakra manna og væri óbrúkandi af því, að það gjörði hreppsnefndina að sannkölluðum píslarvotti, þá gjöri jeg ráð fyrir, að hann sje sjálfur í hreppsnefnd, fyrst hann talar svo um ákvæði í 1. gr. frumvarps þessa, en ef hann getur komið með annað betra en í frumvarpinu stendur, þá skal jeg vera honum þakklátur og jeg skal líka játa það með honum, að horfellislögin frá 12. jan. 1884 eru góð lög en þau eru eigi eins góð og þau gætu orðið, ef þetta yrði samþykkt. En þar sem hinn háttv. þm. Rang., áleit, að betra væri að beita sektum heldur en að taka það, sem væri af skepnum um fram heyin og selja, þá er jeg á gagnstæðri skoðun; jeg get eigi álitið, að það yrði eins mikið aðhald í því eins og hinu. En viðvíkjandi þóknuninni, þá held jeg að hann hann hafi misskilið þar frv. eða jeg hefi misskilið hann; mjer virtist hann byggja á því, að heyásetningsmennirnir þyrftu að skoða hjá öllum, þar sem hann var að tala um, að það gengi langur tími til þess og hefði mikinn kostnað í för með sjer fyrir ásetningsmennina; en meining nefndarinnar var sú, að eigi þyrfti að skoða nema hjá þeim, sem brotlegur hefði orðið, og þá ímynda jeg

mjer, að það þurfi eigi nærri vika að ganga til þess, eins og hinn háttv. 1. þingm. Rangvellinga gizkaði á; en við álitum sjálfsagt að sá, sem skoðað væri hjá, yrði að borga, en að það myndi þá eigi verða svo mikið gjald, að hann gæti ekki borið það.

Benidikt Kristjánsson: Jeg þarf nú eigi í þetta sinn að vera langorður, því framsögumaður hefur að mestu tekið fram það, sem jeg ætlaði að segja; en það er að eins ein athugasemd viðvíkjandi orðum þm. Skagf. (Fr. St.), sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra. Honum þótti með þessu frv. vera gengið of nærri rjetti hreppsnefndarinnar, og tók það sjerstaklega fram, að hreppsnefndum væri gjört að skyldu að skera niður hjá þeim, sem eigi hefðu nóg hey; en það á sjer eigi stað eptir þessu frv. og er held jeg hvergi talað um það. Hjer er að eins talað um, að hreppsnefndirnar eða hreppstjóri skuli selja — en ekki skera hjá þeim einum, sem tvívegis hafa orðið sekir eptir dómi eða úrskurði, það sem er umfram það fje, er hey er til handa og andvirðið rennur til eigendanna sjálfra; en það liggur í hlutarins eðli, að hinir seku verða að borga allan kostnað. En það virðist eigi nema sjálfsagt, að hreppsnefndirnar verði fyrir sekt, þegar þær vanrækja köllun sína, sem jeg held að allt of opt hafi komið fyrir. Það eru virkilega dæmi til þess, að hreppsnefndirnar hafa skotizt undan og farið líkt að eins og hræddir silungar, sem fela höfuðið þegar hætta vofir yfir, og ekkert látið á sjer bera, þegar voðinn hefur verið mestur.

Það er annars undarlegt, að það eru hinir sömu menn, sem eru að fárast yfir því, hvað þetta frumvarp gangi nærri eignarrjettinum og rjetti einstaklingsins, og þeir, sem eins og horfðu blóðugum augum eptir frumvarpi því, sem fellt var hjer í gærdag, og var þar þó gengið æði mikið nær rjetti einstaklingsins heldur en í þessu, sem einungis fer fram á að takmarka rjett þeirra, sem tvívegis hafa orðið sekir fyrir það, að þeir hafa eigi kunnað að fara með skepnur, með því að drepa þær úr hor.

Ef menn ætla sjer að koma í veg fyrir þá synd og skömm hjer á landi, að fara illa með skepnur, þá verður eitthvað að gjöra, en það verður eigi með því að taka ráðin af þeim, sem ef til vill kunna að sjá betur fyrir skepnum sínum en aðrir, sem ætla að taka af þeim ráðin, og gjöra þeim jafnt undir höfði og þeim, sem hafa sýnt, að þeir kunna það ekki.

Jón Ólafsson: Háttv. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) sagði í ræðu sinni, að eptir frv. nefndarinnar yrðu hreppstjórar og hreppsnefndir að píslarvottum við það, að sektir væru við lagðar, ef þær vanræktu þá skyldu, sem þegar áður hvílir á þeim að lögum. Þó jeg nú aldrei nema gangi inn á þetta með honum, — jeg skal gjöra það eitt augnablik honum til geðs og ánægju — þá vil jeg þó leyfa mjer að spyrja hann, *hvaða* ákvæði eru það, sem gjöra þau að píslarvottum? Eru það ákvæði laganna frá 12. jan. 1884, eða þá þetta frumvarp, sem gjörir þá að píslarvottum? Auðvitað *þau* ákvæði, sem lögðu skylduna á herðar þeim; en *þau* eru í lögunum 12. jan. 1884 um horfelli, en ekki í þessu frumvarpi, sem að eins ákveður, hvað við liggi, ef skyldan er vanrækt. Það eru þá *lögin 12. jan. 1884*, sem að áliti háttv. þm. gjöra hreppsnefndarmenn og hreppstjóra að píslarvottum. En ekki hefur nefndin í efri deild í ár samið þau nje samþykkt. Hún á því ekki ámæli háttv. þm. skilið. En *hverjir* eiga það þá skilið? Þeir sem samþykktu lögin 12. jan. 1884 á alþingi 1883. Það vill nú svo vel til, að jeg hef alþingistíðindin fyrir 1883 fyrir mjer, og þar stendur á blaðsíðu 278 í B-deildinni, að þm. Skagf. hafi greitt atkvæði með því,

að leggja þessa skyldu hreppstjórum og hreppsnefndum á herðar; *þá* var hann eindregið með því að búa lögin til, en ætlast *nú* ekki til að *lögunum sje hlýtt;* mjer virðist því ræða hans í dag vera gagnstæð atkvæðagreiðslu hans í sama máli 1883. Þetta frumvarp fastsetur einungis sektir, ef þeir vanrækja *þá* lögboðnu skyldu sína, *að kæra þá*, sem sekir verða fyrir horfelli. Hvernig stendur á þessu? Er það tilgangur háttv. þm., að búa til lög, sem hann með engu móti vill láta halda mönnum til að framfylgja?

Af hverju hefur lögunum frá 1884 ekki verið hlýtt? Af því *aðhaldið* hefur vantað. Sektirnar á *þeim*, sem *vanrækja að framfylgja lögunum*, eru einmitt það aðhald, sem vantaði; þær eru hvöt fyrir hreppstjórana og hreppsnefndirnar til þess enn betur að gæta hinnar lögboðnu skyldu sinnar með að kæra hina seku. Ef þetta frumvarp yrði að lögum, þá yrði það einmitt til þess, að lögunum frá 1884 yrði betur hlýtt, og þetta var það, sem nefndin hafði fyrir augum. Út af því, sem háttv. 1. kgk. (Júl. Havsteen) sagði, að hjer væru menn gjörðir ómyndugir, þá er það satt að nokkru leyti; en hjer er *ástæða* til að gjöra menn að nokkru leyti ómynduga; menn eiga ekki að hafa heimild til að drýgja glæp, og að misþyrma skynlausum skepnum með hungri og hor, það er *glæpur*. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá er auðvitað, að hinn seki á að borga hann. H. þm. Dal. (J. G.) vildi herða ákvæði frv. í 2. gr. þannig, að búandi ekki þyrfti að verða nema einu sinni sekur eptir dómi eða amtsúrskurði, en jeg er á sama máli um þetta atriði, og háttv. framsögumaður, að menn eigi hjer að viðhafa alla varúð og mannúð; það geta til viljað slys og fleira þessháttar, og því kaus nefndin að fara þann veg, er hún fór, sem sje, að búandi hefði *tvívegis* orðið að verða sekur eptir dómi eða amtsúrskurði til þess að 2. grein yrði beitt; nefndin fór að því leyti eptir máltækinu hjá Þjóðverjum, að „*einmal ist keinmal*“ — eða, að „einu sinni er sem aldrei væri“.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vildi nauðugur lengja umræðurnar um þetta mál, sem eru þegar orðnar ærið langar. En málið er svo vaxið, að umr. um það hljóta að verða töluverðar, því frumvarpið hljóðar um mjög svo athugavert og varúðarvert efni. Jeg er eigi á skoðun þeirra manna, er álíta, að löggjafarvaldið geti og eigi að setja lög um allt. Vjer getum eigi sett þau lög, er skylda menn til að vera ríka að lausum aurum eða peningum, eða sem skylda menn til að búa vel að gripum eða eiga mikið og margt og vænt sauðfje. Þetta og þvíumlíkt er í sjálfsvald sett; en vjer getum sett lög í þessu efni einungis um illa meðferð á skepnum, en ekki um það búhyggilega viðvíkjandi eign sauðfjenaðar og annars lifandi peníngs. Það heyrir undir hið siðferðislega lögmál, en eigi undir hið löggefandi vald. Jeg bjóst því við, að hvaða frumvarp sem svo kæmi fram um þetta efni, mundi það verða hart, með því að það færi út fyrir það svæði, sem löggjafarvaldinu á að vera afmarkað, og þannig koma til að skerða rjett einstaklingsins, eða raska sjálfsforræði hans. Það er ekki hlaupið að því, að búa til lög um þetta efni; það er mjög svo mikið vandaverk. Jeg er ekki að lasta þetta frumvarp, nei þvert á móti, það er miklu lögfræðislegra, að mínu áliti, en frumvarp það, sem fellt var hjer í deildinni í gær; en það er líka miklu harðara en það.

Jeg ætla þá að snúa mjer að 1. gr. frumvarpsins. *(J. Ól.:* Það er 1. umræða) Jæja, þá sný jeg mjer að hinu almenna. Jeg sný mjer að þeirri almennu spurning, hversvegna drepa menn skepnur sínar úr hor? Jeg þarf ekki að leysa úr henni sjálfur, nefndin hefur svarað henni, og svar-

ar henni á þá leið, að það komi mestmegnis af því, að hreppstjórar og hreppsnefndir vanræki skyldur sínar, að því, er til eptirlitsins kemur. Ef vjer erum sannfærðir um að svo sje, þá er 1. gr. frumvarpsins rjett. En jeg er ekki á því, að svona sje, því eptir lögum frá 12. jan. 1884, er eptirlitið öldungis óákveðið. Hreppstjórar og hreppsnefndir geta ekkert gjört annað, en farið vel að bændum, og með skynsamlegum fortölum brýnt fyrir þeim þann hagnað og sóma, sem leiði af því að fara vel með skepnur sínar, og á hinn bóginn leitt þeim fyrir sjónir og útmálað fyrir þeim þá skömm, skaða og hegning, sem ill meðferð og horfellir á skepnum hafi í för með sjer fyrir þá. Það eru því einungis siðferðisleg („mórölsk“) áhrif, sem hreppstjórar og hreppsnefndir geta haft á íbúa sveitarfjel. og ekkert annað. Hvernig eiga menn nú að sekta þessa menn fyrir vanræking á slíku eptirliti, þótt einhver hreppsbúa felli fjenað sinn úr hor? Jeg er sjálfur hreppsnefndarmaður, enda hreppsnefndaroddviti. Jeg skal með ánægju breyta eptir lögunum frá 12. jan. 1884, og líta eptir hjá hreppsbúum og hvetja þá, með alvarlegum fortölum, til að hafa nóg fóður og viðunanlegt húsrúm handa fjenaði sínum, segja sýslumanni frá, ef horfellir verður o. s. frv.; en hvað svo? Horfellingurinn fær sekt allt að 20 kr. og eptir frumvarpi nefndarinnar fær hreppsnefndarmaðurinn frá 10 til 50 kr. sekt, hafi hann vanrækt skyldu sína í þessu efni. Jeg er því hræddur um, eins og sagt var í gær, að lögin verði árangurslaus, og það einmitt af því, að hjer er farið út fyrir svæði það, sem lögjafarvaldinu er afmarkað eptir eðlilegum rjetti. Jeg vona að menn verði sannfærðir um, að þessi lög geti ekki gjört verulegt gagn. Ef menn geta ekki með fortölum sannfært menn í þessu efni, þá geta menn ekki knúið þá til þess með lögum. Jeg játa, að það sje rjett að hegna mönnum fyrir illa meðferð á skepnum; en svo „basta“. En jafnvel háum embættismönnum er eðlileg linka í eptirliti, og hreppsnefndirnar eru ekki eptirgangssamari en góðu hófi gegnir, og ætti þær eigi að verða fyrir þyngri sektum en horfellismennirnir sjálfir. Einnig er það mjög svo hart, ef hallæri gengur yfir, að sekta menn, sem kannske hafa misst nokkuð af fjenaði sínum einusinni á æfi sinni.

Sighvatur Árnason: Af því að orðið hefur dálítill misskilningur milli mín og háttv. framsögum. (E. Th. Jónassen), vil jeg leyfa mjer að skýra nokkru betur það sem jeg tók fram í fyrri ræðu minni. Mjer skildist á orðum hans, og meining nefndarinnar væri sú, að heyásetningsmennirnir eigi einungis að fá þessa þóknun fyrir ásetning hjá þeim mönnum, sem gjört hafa sig 2 sinnum seka í því að fella úr hor, eins og sjá má af frumv., þegar betur er að gáð; þessu get jeg fúslega verið með, því þeir menn eru rjettir til að bera kostnaðinn sjálfir. En jeg vil taka það fram, að ef frumv. þetta verður að lögum, herðir það svo mjög á skyldu hreppstjóra og hreppsnefnda, að hafa eptirlit hjá mönnum um meðferð búpenings samkv. lögum 12. jan. 1884, að hún verður að gjöra það rækilega á hverju hausti, og vera sívakandi allan veturinn, til að baka sjer ekki sektir eptir þessu frumvarpi, en þá vantar líka að ákveða henni eða þeim mönnum þóknun fyrir það starf. Það er svo dýrmætur tími manna, að það dugar ekki að skipa hreppsnefndum eða öðrum svo umfangsmikið verk, sem getur tekið upp heila viku, eða meira, nema því að eins, að þeir fái einhverja þóknun fyrir; og þessi þóknun fyrir almennan heyásetning og eptirlit ætti að greiðast úr sveitarsjóði. — Úr því farið er að bæta við lög 12. jan. 1884, þá vil jeg að bætt sje úr því sem þörf er á, og sjerstaklega vil jeg

benda á, að það er ekki nóg að herða þau lög á eina hlið ef hin önnur hlið málsins er ekki tekin til greina.

Skúli Þorvarðarson: Jeg þarf því síður að tala langt, sem háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) hefur lýst máli þessu á líkan hátt sem jeg vildi gjöra. Jeg kann mjög illa við að leggja sektir á hreppsnefndir og hreppstjóra eptir ákvæðum þessa frumvarps; því jeg veit til þess að hreppsnefndir hafa víða gætt þessarar skyldu sinnar, og sett á hjá mönnum, en það hefur því miður ekki haft mikið uppá sig; sumir og það helzt trassarnir hafa óhlýðnazt og sett á hjá sjer meira en hreppsnefndin hefur álitið hæfilegt. Ef heyásetningar ættu að koma að fullu gagni, þá veitti ekki af að setja á 2—3 sinnum á vetri. Ef hreppstjórn og hreppsnefnd setti á hjá mönnum eptir lögum af 12. jan. 1884, en þó færi öðruvísi en ætlazt væri til, þá má við því búast, að klaganir komi frá þeim sem hordræpi skepnur sínar. Þetta finnst mjer ekki heppilegt, og lítið til bóta þessu landsmeini, að fara illa með skepnur og drepa úr hor.

Annað er það, að mjer finnst ákvæði frumvarpsins um þá menn, er 2 sinnum drepa úr hor, koma of seint að hinum seka, því að þau taka ekki tillit til þess, hve illa er farið með skepnurnar og þeim misboðið með því, nje gjöra ráð fyrir að bjarga því við. Það er meiri þörf að sjá svo fyrir, að heyforði sje fyrir hendi til þess að bjarga hungruðum skepnum frá dauða og hor, sem annars fjellu. Þetta frumvarp álít jeg vera svo litla rjettarbót við lög 12. jan. 1884, að ekki sje ástæða til að halda því, nema þá háttv. nefnd geti breytt því eða bætt við það á þann hátt, að mjer þætti betur, áður en málið kemur til 3. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg vil að eins leyfa mjer að benda á það, hvort ekki mætti lina nokkuð fyrirmælin í 2. gr. frumvarpsins, með því að ákveða, að hapt það, sem agt er á þá menn, sem tvisvar sinnum eru orðnir uppvísir að því, að hafa fellt úr hor, skuli að eins standa um tiltekinn árafjölda. Eptir því sem í frumvarpinu stendur er semsje svo að sjá, sem hlutaðeigandi sitji alltaf sviptur forráðum fjár síns ef honum hefur orðið á, að fella 2 sinnum úr hor.

Jakob Guðmundsson: Þar sem menn hafa rætt um aðalstefnu þessa frumvarps, virðist mjer það mjög undarlegt, að margir sem hafa talað um það, er frv. fer fram á að gjört sje til að afstýra þeim óbærilega skaða, þeim hryggilega glæp, að kvelja og drepa á kvalafullan hátt skynlausar skepnur, segja, að með því sje takmarkað atvinnufrelsi, eigin frelsi og eignarrjettur manna. Jeg játa og viðurkenni helgi eignarrjettarins, en þann eignarrjett hins einstaka ber að takmarka, sem ekki að eins veldur stórtjóni fyrir aðra einstaka menn, heldur heilt þjóðfjelag. Allir verða að kannast við það, að það er rjettur hinna skynlausu skepna, að þær sæti ekki miskunarlausri meðferð af þrællyndum mönnum. Allir kannast við, að það er skylda að taka börnin frá þeim föður, sem fer illa með þau; og ef maður fer illa og óguðlega með konu sína, er það skylda að hjálpa henni að losast undan þeim nauðum. Á sama hátt er það skylda að láta þann mann ekki hafa að eigin vild skepnur undir höndum, sem fer illa með þær og drepur þær úr hor og hungri. Þetta verður að taka til greina, til þess að geta komið í veg fyrir misbrúkun frelsisins.

Hvað viðvíkur sektunum, þá álít jeg það hart að sekta hreppsnefndir og hreppstjóra, sem áminna og ráðleggja rækilega, þó þeim sje misjafnlega hlýtt. En það er annað sem þeir eiga að fá sektir fyrir, sem sje það, ef þeir kæra ekki þá menn fyrir sýslumanni, sem fella úr hor, svo að hann geti rannsakað og komizt fyrir sannleikann, hvort horfellir hefur átt sjer stað, fyrir fóðurskort eða hirðuleysi, og ef svo

reynist, að hinum seka verði hegnt að maklegleikum.

Framsögum. (E. Th. Jónassen): Eins og háttv. þm. Dal. (J. G.) tók fram, hygg jeg að þeir sem eru svo hræddir við sektirnar í frv. þessu, skilji frv. öðruvísi en nefndin. Nefndin hefur hugsað sjer að hreppstjórar og hreppsnefndir yrðu því að eins sektaðar, að það sannaðist að þær hefðu svikizt um að skoða hjá þeim mönnum sem síðan feldu skepur sínar, eða þá svikizt um að klaga þá menn, sem feldu fje sitt úr hor. Það er satt, sem 5. kgk. þm. (A. Ól.) tók fram, það eru mest „mórölsk" áhrif, sem lög 12. jan. 1884 hafa. En jeg vil spyrja hann: Hefur það enga þýðingu? Heldur háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) að það hafi engan árangur, ef beztu og hyggnustu menn í hreppnum setja á hjá mönnum og gefa mönnum ýmsar bendingar í þá átt? Það geta að sjálfsögðu verið til þeir slóðar, sem engum ráðum vilja fylgja; en þá kemur 2. grein frv. og hittir þá. Sami háttv. þm. (A. Ól.) lauk lofsorði á þetta frumvarp í gær fyrir það, að það væri lögfræðislegt, en honum þykir það of hart. Jeg vil segja: með illu skal illt útdrífa. *(J. Ól.: Heyr)!* Háttv 5. kgk. (A. Ól.) sagði sjálfur, að hann vildi ekki að farið væri illa með skepnur, og þá er hann einmitt með nefndinni.

Háttv. þm. Rangv. (S. Á.) hefur gjört grein fyrir þeim misskilningi, sem var milli hans og nefndarinnar. En hann vildi að hreppsnefndirnar fengju þóknun fyrir að setja á hjá mönnum, en sú skylda er lögð á þær í lögum 12. jan. 1884, svo að það kemur ekki þessu frumvarpi við, að ákveða neitt um það. En sýnist mönnum þörf að gera ákvarðanir þar að lútandi, er hægt að koma fram með breytingartillögu í þá átt.

Háttv. 2. þm. Árn. (Sk. Þ.) var á móti þessu frumvarpi og áleit að ekki væri hægt að fara lengra en gjört er í lögum 12. jan. 1884; ákvæði þessa frv. væru oftörð og kæmu of seint; en hann vildi hafa heyforðabúr. Það getur nú verið mikið gott, en þá mun hann þekkja þá menn, og það gjöri jeg líka, sem munu setja á heyforðabúrin. Það get jeg ekki sjeð, að það sje hart, þó mönnum leyfist ekki ár eptir ár að setja á hey annara manna. Einn háttv. þm. spurði, hvernig ætti að framfylgja þessum lögum. Hann vissi það víst vel sjálfur, enda er því auðsvarað. Það eru sýslumennirnir, sem eiga að gjöra það, og vanræki þeir skyldu sína, má klaga þá fyrir amtmanni.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta frv., en vona að háttv. þingd. leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um síldveiði (200,233); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt umræðulaust í einu hljóði, og afgreitt síðan til landshöfðinga sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um sveitarstyrk og fúlgu (216,238); ein umr.

Framsögum. (E. Th. Jónassen): Eins og álit nefndarinnar ber með sjer, hefur nefndinni ljer í efri deild þótt ástæða til að ráða til að samþykkja frv. þetta eins og það er komið aptur frá háttv. N. d. Að eins hefur nefndin leyft sjer að leggja til að bætt sje inn tveim orðum ɔ: orðunum „að nauðsynjalausu" milli orðanna „hýsi maður", og „þurfamann". Nefndinni þótti hörð ákvæði frumv. ef þau yrðu skilin svo, að hægt væri að sekta menn fyrir, að hýsa þurfamann, sem annaðhvort væri t. d. veikur, eða þá bæri að húsum manna í ófæru veðri. Til þess að taka af öll tvímæli, hefur því nefndin ráðið til þessar litlu viðbótar. Að öðru leyti álítur hún ekkert athugavert við frv.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartillaga nefndarinnar við 6. gr. (238) samþ. í einu hljóði. 6. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

Frv. í heild sinni samþykkt í einu hljóði og síðan sent N. d.

Frv. til laga um sölu þjóðjarða (201, 244); frh. 1. umr.

Framsögum. (Jón Ólafsson): Þetta er framh. 1. umr. og því ekki leyfilegt að fara út í einstakar greinar frumvarpsins. Ástæðurnar fyrir breytingartillögu nefndarinnar eru prentaðar í nefndarálitinu, svo ýtarlega, að eigi þarf að fjölyrða um þær; enda er kostur að ræða þær við 2. umræðu.

Friðrik Stefánsson: Fyrst framsögumaður (J. Ól.) ætlar ekki að fara lengra út í þetta mál nú, þá finn jeg heldur ekki ástæðu til þess; en eins og menn hafa sjeð á nefndarálitinu hefur mig mikið greint á við meiri hluta nefndarinnar. Jeg ætla því einnig að geyma það til 2. umr., að færa ástæður fyrir minni skoðun.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpinu vísað til 2. umræðu með 10 atkvæðum gegn 1.

Tuttugasti og níundi fundur, mánudag 8. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (226,273); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg skal leyfa mjer að tala fáein orð viðvíkjandi breytingartillögu minni. Háttv. efri deild er það kunnugt, að bókavörður Jón Árnason sökum ellilasleika hefur sókt um og fengið lausn frá sýslun sinni sem bókavörður frá næstkomandi októbermán þ. á. og að hann hefur beiðzt þess, að þingið veitti sjer árlegan styrk eða eptirlaun. En sakir þess, að hann fær lausn frá októbermánaðarbyrjun frá bókavarðar-þjónustunni, missir hann laun fyrir 3 mánuði af þessu ári; þess vegna er það að jeg hef komið fram með breytingartillögu mína um að hann fengi 200 kr. styrk fyrir hinn umrædda ársfjórðung, þar eð mjer er það fullkunnugt, að efnahagur hans er ekki góður, svo honum verður tilfinnanlegt engin laun að fá fyrir nefnda 3 mánuði af þessu ári. Jeg vona, að engum þingdeildarmanna finnist það óviðurkvæmilegt að jeg hefi stungið upp á þessu, þar sem annar eins heiðurs- og vísindamaður, og Jón Árnason, á hlut að máli, sem í svo mörg ár, og það framan af svo að segja fyrir engin laun, hefur trúlega þjónað í þarfir hins opinbera. Jeg vona því að h. deild samþykki breytingartillöguna. Hin önnur breytingartillaga mín er nauðsynleg „redaktions"-breyting, sem jeg vona að háttv. deild gefi atkv. sitt.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst ísjárvert að samþykkja breytingartillöguna, vegna þess, að það er óákveðið hvern ellistyrk hann fær, því þótt styrkurinn sje tekinn inn á fjárlagafrumvarpið, þá er eigi sagt, hver endalokin verði. Það er því rjettara að sleppa styrknum hjer; manninn munar ekki miklu, þó hann missi styrkinn til ársloka, einkum ef hann fær meiri styrk en 800 kr. Styrkveitingin hjer yrði í ósamkvæmni við fjárlögin, ef styrkurinn annaðhvort yrði þar færður upp eða niður frá því sem hann er nú.

E. Th. Jónassen: Jeg skil ekki vel í því, hvað háttv. 5. kgk. (A. Ól.) meinar með því, að styrkurinn yrði hækkaður eða lækkaður, en verði eptirlaun handa Jóni Árnasyni lækkuð frá því, er þau eru ákveðin í fjárlaga-frumvarpinu, þá hefur hann því meiri þörf fyrir að fá þær 200 kr., er jeg hefi leyft mjer að stinga upp á. Hjer er um mann að ræða, sem lengi og vel hefur þjónað svo að segja launalaust, haft um langan tíma 40 rdl. að launum

um árið. Á hinn bóginn er Jón Árnason alls góðs maklegur, því hann hefur verið góður bókavörður, og hann hefur sem vísindamaður gjört landi sínu sóma; þjóðsögusafn vort er honum að þakka. Jeg vona því að ræða háttv. 5. kgk. hafi engin áhrif á atkvæðagreiðsluna í þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþykkt í einu hljóði.

2. gr. a. tl. samþ. í e. hlj.
b. tl. samþ. í e. hlj.
c. tl. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 3. gr. fyrri liður (273) samþ. í e. hljóði.

Síðari liður sömu breyt.till. samþykktur með 10 samhlj. atkv.

3. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 10 atkvæðum.

4. gr. samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. þannig breytt samþykkt í e. hljóði.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Frumv. til laga um linun á lausafjár- og ábúðarskatti (268); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vona að jeg þurfi ekki að mæla mikið með þessu frumvarpi, þar sem mönnum er kunnugt, að á umliðnu fjárhagstímabili átti þessi linun í skattinum sjer stað, og í annan stað, að efnahagur manna hefur farið versnandi einkum í fjárríkustu hjeruðunum, sem tíunda bezt og mest lausafje. Frumvarpið er líka framkomið af því að kaffitollurinn með afnámi ábúðar- og lausafjárskattsins er fallinn í neðri deild, og þessvegna engin von til að lausafjárskatturinn verði alveg aftekinn.

Jón Ólafsson: Mig furðar stórum á því, að þetta frumv. nú skuli vera hjer komið fram fyrir deildina, eins og fjárhagur landsins er bágstaddur, þar sem stór „Underballance“ er, eins og stendur; mig furðar, sem sagt á því, að menn þegar svona á stendur skuli vera að rýra tekjur landssjóðs. Mig furðar sjerstaklega á, að þetta skuli koma frá þeim mönnum, sem sitja í nefnd yfir að svæfa tollhækkunarfrumvörpin, sem komu frá Nd. Jeg hefði búizt við því, að eitthvert álit hefði fyrst komið fram frá þeirri nefnd. Jeg get ekki gefið þessu frumvarpi fyr atkv. mitt, en landssjóður fær eitthvað í skarðið fyrir það, sem hann missir með því, að það verði að lögum. Jeg vil því stinga upp á að fresta málinu og mælast til að nefndin láti taka það út af dagskrá.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg get svarað háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) því, að nefndin í tollmálinu hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða frá að samþykkja frumvarpið frá neðri deild, en jeg get ekki verið honum samdóma um að menn þar fyrir þurfi að fella þetta frumvarp. Í annan stað álítur nefndin öll, að það sje ekki heppileg fjárstjórn, að safna, hversu báglega sem landsmönnum líður, sífellt miklu fje í viðlagasjóð, sem nú á yfir 1,140,000 kr. í sjóði. *(J. Ól.*: Það er eigi satt). Hvort sem þingmaðurinn kann vel við tölur þessar eða ekki, þá eru þetta þó tölur, komnar frá landsreikninganefndinni í neðri deild, og þó h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sje kunnugur og viti vel um fjárhaginn, þá er hann þó ekki kunnugri eða veit betur um hann en allir aðrir. Vjer, sem flytjum þetta frumv., lítum á hag landsmanna, og hvað sem þjóðviljanum líður í öðrum málum, þá er víst að hann er fylgjandi þessa máls; fyrir því getur mig ekki annað en furðað á því, að hinn h. þingmaður skuli vera mótfallinn þessu frv.

Jón Ólafsson: Jeg var svo óheppinn að geta ekki sannfærzt af ræðu háttv. 5. kgk. þm. (A. Ólafss.). Hann talaði, eins og endranær hjer í deildinni, til að skemmta

en ekki til að sannfæra, og því í gamni en ekki alvöru. Hann er enginn dómari um, hvað jeg er kunnugur fjárhag landsins; en jeg ætti þó að minnsta kosti sem yfirskoðunarmaður landsreikninganna síðasta ár, að vera þeim svo kunnugur, að jeg vissi það, hver upphæð viðlagasjóðs er, og hafa nokkurn veginn hugmynd um helztu tekjur og gjaldagreinir landssjóðs; hvað viðlagasjóð snertir, veit jeg það, og það ætti hver þingm. að vita, einnig h. háttv. 5. kgk. þingm. (A. Ól.), að það, sem með lögum er samþykkt, að sje upphæð hans, það er í honum; það er hans lögákveðna eign. Þetta veit háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.), ef hann *vill* vita það. Skattur sá, sem hjer er farið fram á að afnema, er inn sanngjarnasti og minnst tilfinnanlegi af *landssjóðs*-sköttum. Um þjóðviljann ætla jeg ekki að karpa við hann undir þessum umræðum; jeg veit ekki til að hann hafi neitt umboð til að vera talsmaður hans hjer; heldur ekki þarf sami háttv. þm. að fræða mig um, hvernig fjárhag landsins líður; jeg held mjer til þess fjárlagafrumvarps, sem liggur nú fyrir þinginu, og reikninga landssjóðsins. Eptir því er *ekkert minnsta útlit* fyrir að tekjurnar á næsta fjárhagstímabili geti staðizt útgjöldin; jeg fyrir mitt leyti álít það enga hyggindapólitík, að jeta strax upp landssjóðinn eða viðlagasjóðinn. Á hinn bóginn er þessi skattur, eins og jeg áðan sagði, einhver hinn sangjarnasti *landssjóðs*-skattur, sem á landsbúum hvílir. Jeg man, hvað háttv. þm. (A. Ól.) sagði um ábúðar- og lausfjárskattinn forðum daga í Norðlingi; jeg kýs heldur að vera lærisveinn hans frá þeirri tíð, en að vera það nú. Jeg held, sem sagt, að það sje enginn búhnykkur að vera að rýra tekjur landssjóðsins núna, eins og fjárhagurinn stendur, og þó þetta frumvarp verði, ef til vill lögleitt, þá mun seinna verða viðurkennt, að það hafi verið óþarft verk og meinlegt. Jeg hef líka heyrt hjer á þingi, að þegar menn vilja hafa eitthvert þarft mál, sem er velferðarmál þjóðarinnar, fram, þá er fjárhagnum barið við, en svo vilja menn á hinn bóginn rýra tekjur landssjóðs með því að afnema hinn sanngjarnasta skatt; þetta er mótsögn. Eg álít landinu þarfara, að ár verði brúaðar og önnur þörf fyrirtæki framkvæmd, heldur en þessa sultarpólitík, sem mest gagnar efnamönnunum; því þeir einir finna til ábúðar- og einkanl. lausafjárskatts. Væri jeg bóndi, bæði jeg guð að blessa svo bú mitt, að jeg þyrfti að greiða sem *hæstan* lausafjárskatt til þarfa þjóðar minnar. Úr því jeg, fyrir munn háttv. 5. kgk. þm., heyrði, að hvaða niðurstöðu nefndin í tollmálinu mundi komast, sem sje að fella tollmálið, þá greiði jeg atkvæði mitt hiklaust móti þessu frumvarpi.

Benidikt Kristjánsson: Það gæti verið, að jeg gæfi þessu frumvarpi atkvæði mitt, ef skattinn ætti einungis að gefa eptir fyrir næsta fjárhagstímabil; jeg hygg það enga hættu, því viðlagasjóðurinn er töluverður; eg veit ekki til hvers hann er, ef ekki má grípa til hans þegar hart er í ári; en jeg vil ekki fella hann úr lögum. *(A. Ólafsson:* Nei). En jeg sje nú, að hjer er einungis miðað við næsta fjárhagstímabil, og gef jeg frumvarpinu því líklega atkvæði mitt.

Flutningsm. (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal geta þess, að það er ekki rjett sem háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) benti til. Hjer er ekki í frumv. farið fram á að af nema með öllu skatt af ábúð og af lausafje, heldur að eins að hálfu og einungis fyrir næsta fjárhagstímabil. Hitt er eigi heldur rjett, að hálfur ábúðar- og lausafjárskatturinn hafi fyrir síðasta fjárhagstímabil verið gefinn eptir á *fjárlögunum*, heldur var það gjört með lögunum 2. nóvbr. 1885, og er þetta frumv. sniðið

eptir þeim lögum að öllu, nema tímanum til, eða þessi lög ná til annars fjárhagstímabils en þau lög.

Jeg skal ekki elta ólar við háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), heldur að eins svara honum því, að það kemur málinu ekkert við, hvort jeg að undanförnu hef verið með ábúðarskattinum fremur en lausafjárskattinum. En ef hann vill muna rjett eptir því sem jeg hef skrifað um það mál, þá hjelt jeg fram ábúðarskattinum eigi almennt, heldur *eingöngu* í samanburði við eður framyfir lausafjárskattinn; var sá ábúðarskattur sem jeg stakk upp á ekki hærri en svo, að hann samsvaraði hálfum ábúðar- og lausafjárskatti þeim, sem nú er í lögum. Þetta frumvarp sannar því ekkert *gagnstætt* minni skoðun, heldur er það miklu fremur *samkvæmt* henni. En frumvarpið fer eigi fram á annað en þá hina sömu linun á þessum sköttum næsta fjárhagstímabil, sem verið hefur þetta fjárhagstímabil. Jeg vona því fastlega að frumvarpið nái fram að ganga í háttv. deild, þrátt fyrir það þótt háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) greiði atkvæði móti því.

Friðrik Stefánsson: Það er að eins eitt orð, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, sem gefur mjer tilefni til að biðja mjer hljóðs. Hann sagði nefnilega að þessi skattur væri hinn rjettlátasti skattur; en jeg verð að segja hið mótsetta, að hann er að mínu áliti sá ranglátasti skattur, þegar þess er gætt hve mörg og þung gjöld liggja á lausafjenu og landbúnaðinum, auk lausafjár- og ábúðarskatts. Vjer hljótum að gæta þess, að á þeim gjaldstofni liggur gjald til 140 embættismanna, þ. e. prestanna, og má ætla að sú byrði muni nema allt að 100 þús. krónum. Það er nú einnig orðin skoðun flestra landsmanna að ljetta beri á mönnum þessum skatti en leggja í staðinn toll á kaffi og aðrar munaðarvörur, enda hefur þingið sjálft óbeinlínis dæmt þennan lausafjár- og ábúðarskatt til dauða með því að hafa nú gefið hann að hálfu eptir undanfarin ár, því að það mundi þingið eigi hafa gjört, ef það hefði álitið hann hinn rjettlátasta skatt. Hver sem vill líta á hve mikið liggur á lausafjenu og landbúnaðinum, þar sem auk þessara 100 þúsund króna til prestanna eru sýslusjóðsgjöld, amtsjóðsgjöld, búnaðarskólagjöld o. s. fr., þá getur engum blandazt hugur um, að slíkt er stórmikið fje, og verður því að öllu saman lögðu hið mesta ójafnaðargjald. Jeg mun því ekki að eins greiða atkvæði með þessu frumvarpi, heldur mundi jeg glaður hafa greitt atkvæði með því, þó farið hefði verið fram á, að afnema þennan skatt með öllu.

Sighvatur Árnason: Það liggur næst huga mínum, að minnast á orð háttv. þm. Skagf. (Fr. St.). Hjer er ekki um það að ræða, hvort þessi skattur er ranglátur í sjálfu sjer eða ei; því þegar krónurnar vantar til að greiða hann, er það jafnerfitt hvort sem hann er ranglátur eða rjettlátur; og hjer er ekki farið fram á annað en að veita linun í skattinum einungis af þeirri ástæðu, að efnahagur manna er nú sem stendur svo veikur.

Jeg vil jafnvel bæta því við, að jeg þekki ekki til, að menn sjeu yfir höfuð að tala óánægðir með þennan skatt í sjálfu sjer, eða álíti hann óeðlilegan, að undanteknu því, að honum er samfara tíundarframtal, sem menn eru orðnir þreyttir á sökum tíundarsvikanna, sem framtalsskyldan gefur tilefni til óbeinlínis.

Ef vjer setjum oss nú fyrir sjónir, hversu gjaldþol manna er veikt og lítið og í annan stað að landssjóði er engin stórhætta búin, þótt þessi linun sje veitt, því þótt háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) og 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) beri ekki saman um krónutalið í viðlagasjóði, þá vitum vjer svo mikið, að í viðlagasjóði er mikið fje, og að ekki muni sjá stórkostlega á

honum, þótt þetta lítilræði yrði eptir gefið næsta fjárhagstímabil, enda kæmi það undarlega út, ef þingið hugsaði til þess, að safna sjer fje í varasjóð einmitt á þeim árum, þegar hallæri er í landi, og lánbeiðslur út af hallæri liggja fyrir þinginu frá landsmönnum, svo að nema tugum þúsunda. Það liti og undarlega út í augum annara þjóða, sem heyra sögur um neyð og bágindi hjeðan af landi, ef þær reka augun í, að þingið er á þeim sama tíma að safna í viðlagasjóð. Það er ekki mikil viðurkenning fyrir því, að þær sögur sjeu sannar, ef þingið ekki í neinu vill ljetta á mönnum hinum opinberu gjöldum; jeg álít það enga hættu fyrir þingið, heldur meira að segja beina skyldu þess, að leggja til á hörðu árunum af þeim forða, er menn hafa safnað sjer á góðu árunum, og eins um leið til framfara í landinu, úr því nóg fje er fyrir hendi. Jeg hugsa nú svona búmannlega fyrir landssjóðsins hönd, enda þótt háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) kunni að þykja það öfgar. Jeg vona að við lifum, eða að minnsta kosti að hann lifi svo lengi, að hann sjái að svo batni í ári, að viðlagasjóði bætist hallinn og hann aukist á ný. Jeg hygg að hann muni sannfærast um, að þetta er eins rjett, eins og sú kenning, sem hann heldur fram; og þó hann greiði atkvæði móti frumvarpinu, vona jeg að meiri hluti háttv. deildar greiði atkvæði með því.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hygg að háttv. þm. Skagf. (Fr. St.) hafi misskilið orð mín, eins og jeg í fyrstu misskildi ákvæði þessa frumvarps og gáði ekki að því, að það fór að eins fram á þessa lækkun á ábúðar- og lausafjárskattinum fyrir vissan tíma, eða árin 1888 og 1889. En þrátt fyrir það hefði hann getað skilið það, að jeg er ekki á móti þessum skatti í sjálfu sjer. En það hefur ef til vill komið við hjartað í honum, að jeg vildi fyrst sjá, hvað setja ætti fyrir þennan skatt, ef hann yrði algjörlega af numinn. Jeg sagðist sem sje ekki vera hlynntur tollum.

Það er auðvitað, að þótt þungt sje að gjalda bæði opinber gjöld til prests og landssjóðs, þá verður einhverstaðar að leggja þau gjöld á, og hvaða gjaldstofn hefur jafnmikið gjaldþol sem lausafjeð? Ærin er leigð fyrir 2 kr. á ári, og eitt kúgildi gefur því eigandanum 14 kr. á ári í leigu. (*A. Ó.:* Það eru ekki nema 6 ær í kúgildi). Eptir tíundarlögunum gjöra 7 ær eitt kúgildi. Og hvað kostar ærin nú? Ærin mun kosta nú sem stendur 10 kr. og þá gefa 70 kr. 14 kr. í rentu. Þeir vextir hafa nokkurt þol að minni ætlun til að gjalda til landssjóðs. En um tolla hefur víst háttv. þm. Skagf. (Fr. St.) þótt jeg tala óviðurkvæmilega. En eitt atriði hygg jeg að sje nægilegt á móti þeim, og það er, að tollurinn kemur ekki allur landssjóði til inntektar. Jeg hygg gott, ef landssjóður fær helming þess, sem gjaldendur verða að borga. En hverjir fá þá hinn partinn? Að sjálfsögðu þeir, sem verða að borga hann út í peningum fyrirfram, áður en þeir geta selt vöru sína, sem tollur er af greiddur. Eða munu kaupmenn ekki þurfa að leggja nokkuð á vöru þessa og verzlun, til að vega á móti þeim skaða, sem þeir líða af því að borga tollinn út í peningum fyrirfram, þótt þeir megi búast við að liggja með vörur sínar óseldar um lengri eða skemmri tíma. Auk þess gjörir tollurinn glundroða í frjáls og eðlileg viðskipti manna; hjer er kákað við það sem á að vera frjálslegt og óháð og með tollinum er reynt til að hafa vit fyrir mönnum og afstýra munaði, en skorturinn er hinn bezti lærimeistari í því tilliti að minni ætlun.

Jakob Guðmundsson: Jeg er nú farinn að læra það hjer í deildinni og á þinginu, að líta á flest mál „oekonomiskt“ og því vil jeg líta á þetta mál frá landssjóðsins

sjónarmiði. Ef jeg lít á það þannig, þá mun þessi hálfa eptirgjöf á ábúðar- og lausafjárskattinum ekki nema meiru en 18 þúsund krónum fyrir hvert árið. Eptir stjórnarfrv. mun lausafjárskatturinn vera áætlaður hvort árið 25 þús. krónur, og ábúðarskattur 20 þús. kr.; en með því stjórninni var ekki kunnugt um hinn mikla fjárfelli á þessu vori, mun óhætt að gjöra ekki ráð fyrir hærri lausafjárskatti en í mesta lagi 16000 kr. og verður það 8000 kr. hvort árið, en ábúðarskatturinn er áætlaður 20,000 kr.; þennan tekjumissi, til samans 18,000 kr. hvort árið, ef hálfur þessi hvortveggi skattur yrði gefinn eptir, held jeg að landssjóður eptir kringumstæðum muni geta staðizt, og tek jeg því undir með þeim háttv. þingm., sem vilja að frv. þetta fái framgang. En jeg vildi líka, að tollanefnd sú, sem kosin var í þessari deild, kæmi fram með álit sitt, því að þótt háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) hafi munnlega skýrt frá, að sú nefnd vilji hafna báðum þeim frumvörpum, er ekki sagt að öll deildin sje á sama máli um það. En þó nefndin sje ekki með því að hækka tollana frá því sem nú er, mun jeg samt halda með þeim. Að sönnu væri jeg ánægður með, að vínfangatollurinn ekki væri hækkaður, ekki af hlífð við vínin, heldur af hinu, að jeg óttast, að landssjóður mundi bíða tjón við það. En um tóbakið verð jeg að segja það, að engin munaðarvara þolir eins vel tollhækkun sem það, og þó að tollur verði hækkaður um helming, mun öll sú hækkun koma landssjóði til inntektar, og jeg segi fyrir mig, að því meira sem tollurinn á tóbakinu er hækkaður, því meira tóbak skal jeg brúka. Verði tollurinn á tóbakinu tvöfaldaður, munum vjer fá inn með honum þær 18 þús. kr., sem vjer missum eptir þessu frumvarpi og þá er jeg ekki að eins fús að gefa þessu frumvarpi um eptirgjöf á $^1/_2$ ábúðar- og lausfjárskattinum atkvæði mitt, heldur verða með því, að gefa hann allan eptir og kaupa svo mikið af tóbaki til þess að auka tekjur landssjóðsins.

Friðrik Stefánsson: Háttv. þm. Dal. (J. G.) hefur tekið margt fram, sem jeg ætlaði að segja. En viðvíkjandi orðum háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) vil jeg taka það fram að þar sem hann talaði um leiguna af lausafjárhundraðinu, að 14 kr. væru goldnar í leigu á ári eptir 7 ær, eða 1 lausafjárhundrað, verður þess að gæta, að það eru 50,000 landsmanna, sem eingöngu lifa á landbúnaði og lausafje; leiga sú, sem goldin er eptir lausafjárhundraðið, ef það er ásauðarkúgildi, sannar ekki hið minnsta um gjaldþolið, þó háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) áliti svo — eða heldur hann, að mörg ásauðarhundruð verði leigð út? — þar sem lausafjárskattur af öllu landinu á næsta fjárhagstímabili verður hvert ár frá 16 til 18,000 kr. sem svarar til 34 til 36,000 lausafjárhundraða, og er þó þar með talið allt sem lagt í hundruð, en eins og kunnugt er, er margt af þeim ekki til ávaxtar eða framfærslu. Annars er það merkilegt, að jafn skarpur maður og nákunnugur öllum landsháttum skuli koma með svona ástæður. Það mundi hann eigi hafa gjört, ef annara betri væri völ. Hann sagði að tollarnir gerðu glundroða í frjáls og eðlileg viðskipti manna. En með því fræddi hann mig um það sem mig grunaði áður, að honum er sárt um kaupmennina, og kemur það líklega til af því, að hann stendur nú fyrir kaupfjelagi Þingeyinga, sem jeg er sannfærður um, að á mikið hægra með, að hafa til peninga í tollgjöldin, en fátækir búendur í þinggjöld, og þessvegna vil jeg líka ljetta á þeim beinu sköttum. Jeg mundi því hiklaust greiða atkvæði með, ef sú breyting kæmi fram, að setja tolla á munaðarvöru í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn, af þeim ástæðum, sem jeg hjer hef tekið fram.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 atkv. gegn 2.

Frumv. til laga um þingfararkaup (207, 274, 289); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Málið liggur nú fyrir í sömu mynd og það var við 1. og 2. umr., að undanteknum 2 breytingartill. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um breytingartill. á þingskjali 274. Því að hún var rædd mjög ýtarlega við síðustu umr., og það sama, sem jeg hafði á móti henni þá, hið sama hef jeg á móti henni nú; jeg álít sem sje, að þetta frv. verði mjög ósanngjarnt, ef felldar eru úr því þessar 6 greinar. Ósanngjarnt verður þetta frumv. á tvöfaldan hátt, bæði að því leyti, sem upphæðir 4. gr. verða allt of háar, ef þingmenn fara sjóveg, en allt of lágar, ef svo skyldi koma fyrir einhvern tíma, að kvatt yrði til þings að vetrarlagi. Jeg skil ekki, hvernig h. háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen) hefur getað fengið af sjer að skrifa undir þessa breyt.till.; hann sem hafði það á móti frumv., að upphæðir 4. gr. væri of lágar, og frá hans sjónarmiði hlýtur því frumvarpið að verða enn þá óaðgengilegra, ef þessi breyt.till. kæmist að og frv. yrði þannig að lögum. Svo mikið ætti þó að liggja í augum uppi að sje háttv. 1. kgk. ómögulegt að ferðast fyrir borgun þá, sem tekin er til í 4. gr. að sumrinu til, þá muni honum ganga það enn verr að vetrinum til. Jeg get því ekki skilið, hvers vegna menn vilja haga svo ákvæðum frumv. þessa, að eigi sje unnt að taka á nokkurn hátt tillit til óvenjulegra kringumstæðna, svo sem þess, ef alþingi yrði stefnt saman að vetrarlagi.

Nefndin hefur komið fram með breyt. till. á þingskjali 289, sem fara í þá átt, eptir bendingu við síðustu umræðu frá háttv. varaforseta (L. E. Sv.), að hækka allar upphæðir 4. gr. um 10%, en þó á þann hátt að öllum aurareikningi er sleppt, og við 6. gr stingur nefndin upp á því í samræmi við þetta, að borgunin fyrir að ferðast míluna til skips verði hækkuð úr $1^1/_2$ kr. í 2 kr. Við 7. gr. hefur nefndin stungið upp á breytingu, af því að hún fann, að aðfinningar þær voru sjerstaklega á rökum byggðar, sem hæstv. landshöfðingi kom fram með við þá grein. Nefndin verður að játa það, að fari þingmaðurinn aðra leiðina sjóveg en hina landveg, þá eru upphæðir 4. gr. ósanngjarnlega lágar, ef hann á að eins að fá hálfa þá upphæð, sem til er tekin þar úr þingfararhjeraði hans, og vill því nefndin stinga upp á því, að 7. gr. verði orðuð á þann hátt, að hann fái, ef svo stendur á, helming upphæðar þeirrar, er í 4. gr. segir að 20% eða fimmtungi viðbættum fyrir landferðina. Það áleit nefndin að væri tilhlýðilegt „maximum“, ef ekkert óvanalegt kemur fyrir.

Jeg vona nú, að þeir sem hafa verið hlynntir málinu, verði það því fremur nú sem nefndin hefur tekið tillit til þeirra bendinga, sem þeir hafa gefið, er stutt hafa frv. þetta.

Júlíus Havsteen: Jeg þóttist taka það fram við 2. umr., hvers vegna jeg hefði fellt mig betur við breytingartillögu h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) en við nefndarfrumvarpið, því þegar völ er á tvennu illu, þá velja menn þó hið minna. Nú hefur nefndin reynt að bæta úr sumum göllunum, sem á frumvarpinu eru, en jeg get ekki sjeð, að batinn sje svo mikill, að jeg fyrir það geti fellt mig við það. Ef breytingartillaga mín og hinna háttv. 5. og 6. kgk. þingmanna (A. Ó. og J. A. Hj.) kemst að, þá sje jeg að þingmenn úr mínu þingfararhjeraði komast hjer um bil skaðlaust af, ef þeir geta farið aðra leiðina á skipi. Landshöfðingi hefur og við síðustu umræðu um málið lýst því yfir, að hann væri ekki ánægður með 7. gr. frum-

varpsins, og þótt 7. gr. sje nokkuð bætt nú, þá eru hinar sömu misfellur á greininni sem landshöfðinginn benti á.

Skúli Þorvarðarson: Jeg lít á þetta mál eins og við fyrri umræður þess, svo að jeg held að það sje ekki óaðgengilegt, að minnsta kosti er það betra að minni meiningu en það, sem áður hefur við gengizt, eins og jeg líka felli mig betur við frumvarpið en breytingartillögu þá, sem komin er fram við 3. umræðu frá 3 háttvirtum kgk. þingmönnum; en jeg held þó, að nefndinni hafi gleymzt að gjöra ráð fyrir þingfararkaupi fyrir þá þingmenn, sem fara hingað til þings frá útlöndum, eins og við hefur borið, og menn muna seinast 1881, að h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) kom til þings frá Kaupmannahöfn. Mig rekur minni til reiknings h. þm. S.-Múl. 1881, og vildi jeg minnast lítið eitt á þenna reikning, úr því hann hjer um daginn fór svo hörðum orðum um reikning 2. þm. Árn. (Sk. Þorv.), þegar hann tók minn reikning svona sem nr. 1. athugaverðan frá fyrri árum, þá hefði hann líka átt að muna eptir sínum reikningi, enda mörgum fleiri Hann gjörði áminnzt ár, 1881, reikning fyrir ferðakostnaði hingað til lands 103 kr. og sömu upphæð til baka, og fæðispeningum 116 daga. Reikninganefndin á þingi það ár tók reikninginn gildan og góðan að upphæðinni, og þingmanninum var hann útborgaður með 897 kr. 50 aur. Eg skal játa, að þingið fjekk gildan liðsmann, þar sem þm. S.-Múlas. (Jón Ólafsson) var, en það árið var bitinn ekki gefinn. En ferð þm. til baka til heimilis varð ekki lengri en til Patreksfjarðar og þaðan til Reykjavíkur. Nú sögðu yfirskoðunarmenn landsreikninganna fyrir þetta ár, að þingmanninum hefði verið ofborgað 253 kr. 75 a., en þingið 1883 taldi þó, að of hart væri að heimta þá upphæð aptur, því tilgangur þingmannsins hefði þó verið að fara til Kaupmannahafnar eptir sögn þingmannsins sjálfs. Þingið fjellst þá helzt á, að hann fengi ferðakostnaðinn fullkomlega borgaðan til Patreksfjarðar og hingað til Reykjavíkur aptur, og fæðispeninga til 15. september, en þá voru samt eptir 117 kr., sem þingmaðurinn hafði fengið ofborgað í ferðakostnað og fæðispeninga samkvæmt áðurnefndri upphæð 897 kr. 50 a., og vegna þessara 117 kr. 75 a. varð landsreikningur ekki samþykktur fyrir árið 1881, og hafi hann ekki borgað þær áðurnefndu 117 kr. 75 a. í landssjóð, þá sýnist mjer, eða get ekki betur sjeð, en að hann hafi haft góða lyst á þeim til þarfa sinna, eins og fleiri, þótt hann vissi vel, að hann hafi aldrei ferðast fyrir þetta fje, eða á nokkurn hátt átt rjett á, að landssjóður borgaði honum þessa upphæð. *(Forseti:* Jeg bið þingmanninn að halda sjer til frumvarpsins). Já, jeg er nú búinn að minnast á það, er jeg ætlaði. Jeg held því, að þingmaðurinn, þegar hann talaði um reikning minn sem ósanngjarnan, einnig hafi komið við sín kaun, þótt hann hafi ekki svo til ætlazt, og ann eg honum þess, því jeg álít að hann hafi mest til matarins unnið.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg felli mig vel við breytingartillögu nefndarinnar, og álít að hækkunin um 10% verði nærri sanni. Þó að landshöfðinginn um daginn væri móti 7. gr., ímynda jeg mjer, að hann nú yrði með henni, þegar svona er bætt úr, en hvort sem er, þá gef jeg henni nú atkvæði mitt, því að nú er hún engan veginn óhafandi.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. varaforseti (L. E. Sv.) hefur þegar tekið það fram, sem jeg þurfti að segja. Viðvíkjandi ferðasögu þm. Árn. (Sk. Þorv.), þá skal jeg geta þess, að hún var ekki sem heppilegust; því þó að þm. hafi verið að læra hana utan að síðan á laugardaginn var, þá er það verst við lærdóm hans, að hann hefur lært söguna

alla skakka. Það er einkum tvennt, sem jeg skal leiðrjetta hjá honum; minn reikningur var fyrst og fremst alveg samkvæmur ákvæðum þessa frumvarps; þótt jeg færi frá Kaupmannahöfn yfir Noreg og Austurland til þings, þá reiknaði jeg mjer ferðakostnað eins og jeg hefði farið ferðina *beina leið* frá Khöfn; í annan stað er það alveg rangt, að þingið hafi samþykkt, að jeg endurborgaði nokkuð af upphæð reikningsins; slík samþykkt hefur *aldrei* gjörð verið á þingi; það eru *ósannindi* hjá háttv. þingmanni; þvert á móti hefur allt þingið — jeg bið þess vel minnzt — eigi að eins ferðakostnaðarnefndin ein, heldur *bæði* hún og síðan *allt þingið* viðurkennt reikning minn rjettan; og meira að segja: *sjálfur* háttv. þm. Árn. (Skúli Þorvarðarson) var með að viðurkenna reikninginn rjettan að vera, í þremur atkvæðagreiðslum; hann er samþykktur við þrjár umr., landsreikningurinn fyrir 1881 í Ed., og samþykktur í einu hljóði, og því einnig af 2. þm. Árnessýslu, sem sjá má af Alþingistíð. 1885, A, bls. 248, 265 og 317. Hvað að öðru leyti snertir spurningu þingmannsins um, hvernig reikna ætti þingfararkaup frá útlöndum hingað, þá er auðvitað að fara yrði eptir reglum þeim, sem í frumvarpinu eru settar um sjóferðir. Ef þingm. hugsar, að menn ferðist landveg hingað frá útlöndum, þá vil jeg ráða honum til að læra betur landafræði.

Öðru vil jeg eigi svara ræðu háttv. þm., sem jeg að eins verð að taka sem misheppnaðan vott þess, að hann sje mjer eitthvað reiður síðan um daginn; hefi jeg máske gefið átyllu til þess, og ber mjer því að umbera honum, þótt hann gjöri mjer rangt til í dag; í öllu falli ætti þingdeildin ekki að vera hólmgönguvöllur okkar fyrir það.

Jón A. Hjaltalín: Það hefur þegar við 2. umræðu verið mikið rætt um þetta mál og virðast mjer því umræðurnar vera orðnar nógu langar. Jeg skal einungis leyfa mjer að taka fram, út af ræðu h. flutningsmanns (J. Ól.), að jeg vil alls ekki byggja lagagjörð á spádómum; við höfum enga reynslu fyrir því, að alþingi þurfi að halda í októbermánuði, og gjöri jeg því ekki ráð fyrir því.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar; en einungis geta þess, að 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur eigi tekið orð mín rjett. Það var mín skoðun á þingi 1883, að reikningur hans eigi væri rjettur, og að hann því ætti að skila aptur því, sem hann hefði fengið um of; þingið áleit reikninginn heldur ekki rjettan; en 1885 held jeg að einhvern veginn hafi verið slegið stryki yfir hann, án þess jeg vissi betur en svo, að það væri gjört, af því að ekki var líklegt, að þingmaðurinn gæti borgað þessar optnefndu 117 kr. 75 aur., og verð jeg því að skoða samþykkt landsreikninganna 1885 eða hvað mitt atkvæði snertir í þessu efni eins og neyðarúrræði.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla ekki að blanda mjer í það, sem fer á milli h. flutningsmanns (J. Ó.) og 2. þm. Árn. (Sk. Þ.); þeir jafna það á milli sín, sem aðra viðskiptareikninga sín á milli; en jeg vildi að eins minnast á, að það var rjett athugasemd hjá háttv. þm. Árn. (Sk. Þ.), er hann minntist á þingfararkaup frá útlöndum og hingað til þings; þetta getur eins komið fyrir nú eptirleiðis, eins og áður. Í þessu tilliti álít jeg það sjálfsagt, að 5. gr. frumvarpsins komi til greina, en hjeðan af eru ekki tiltök til að koma viðaukaatkvæði að í þessa átt. Jeg hef að eins tekið þetta fram, til þess að umræðurnar um málið beri það með sjer, að minnzt hafi verið á þetta tilfelli í umræðunum um málið.

Framsögum. (Jón Ólafsson): Út af ræðu háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) skal

jeg að eins taka það fram, að það er sjálf stjórnarskráin, sem gjörir ráð fyrir því, að alþingi geti komið saman á óvanalegum tíma; það er því stjórnarskráin sem fer með spádóma, en ekki nefndin. Að því, er snertir ræðu 2. háttv. þm. Árn. (Sk. Þ.) skal jeg geta þess, að hann misminnir, því hann var einmitt sjálfur meðal þeirra, sem samþykktu reikninginn 1885; alþingistíðindin fyrir það ár bera það með sjer.

ATKVÆÐAGREIÐSLA: Breytingartillaga við 2. gr. (274) felld með 7 atkv. gegn 4.

Breytingartillaga nefndarinnar við 4. gr. (289) samþ. með 8 samhljóða atkvæðum; 4. gr. þannig breytt samþykkt með 8 atkvæðum.

Breytingartillaga við 5. gr. (274) felld með 6 atkv. gegn 5.

Breytingartillaga við 6. gr. (274) felld með 8 atkv. gegn 3.

Breytingartill. nefndarinnar við 6. gr. (289) samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

6. grein þannig breytt samþykkt með 8 samhljóða atkv.

Breytingartill. við 7. gr. (274) felld með 7 atkv. gegn 4.

Breytingartill. nefndarinnar við 7. gr. (289) samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

7. gr. frumvarpsins þar með fallin.

Breytingartill. við 8. gr. (274) felld með 8 atkv. gegn 3.

Breytingartill. við 9. gr. (274) felld með 8 atkv. gegn 3.

Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 8 atkv. gegn 3, og afgreitt til N.d.

Frv. til laga um afnám laga 16. des. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps og Skagatár (202); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust með 9 atkv. gegn 1 atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög (255); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumvarp, sem bæði er auðskilið og einfallt. Það hefur í fleiri ár verið mikið áhugamál fyrir Barðastrandarsýslubúa, að fá sýslunni skipt í tvö sýslufjelög, og er orsökin til þess, að vegir eru þar mjög svo erfiðir og illir yfirferðar; þetta hefur valdið því, að sýslufundir þar, er vanalega hafa verið haldnir í suðurparti sýslunnar, hafa verið mjög svo illa sóttir og marg opt ekki sýslufundarfært vegna mannfæðar; sýslubúar álíta því hagkæmara að sýslunni sje skipt í tvö sýslufjelög, þareð þeir þá gætu betur sótt fundi sýslunefndar, og væntanlega gætu komizt hjá þeim kostnaði, er þeir nú opt verða að hafa af sýslunefndarfundum, er, vegna þess of fáir sýslunefndarmenn sækja þá, verða ónýtir. Þessi beiðni sýslubúa hefur verið samþykkt bæði á sýslunefndarfundi og af hlutaðeigandi amtsráði, enda er það eðlilegast, að láta sýslubúa ráða mestu í þessu efni; þeim mun og kunnugast um, hversu samgöngur eru þar torveldar. Þetta hefur og áður verið veitt t. a. m. í Þingeyjarsýslu. Jeg fjekk háttv. þingm. Barðastrandarsýslu til að bera málið upp fyrir neðri deild og jeg vona, að máli þessu byrji hjer í háttv. efri deild, og verði látið ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Frv. til viðaukalaga við útflutningslögin 14. jan. 1886 (284); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frv. þetta liggur hjer fyrir nú alveg eins og

það var samþykkt við 2. umræðu með 10 atkvæðum móti 1, og þessi eini var einmitt einn af flutningsmönnum frumvarpsins; vona jeg að hann hafi nú aptur sjeð sig um hönd og sannfærzt um, að hjer sje ekki farið fram á nein ódæmi, og að öðru leyti vona jeg að frumvarpið fái nú einnig atkvæði allra þeirra, sem síðast greiddu atkvæði með því, svo að það fari hjeðan úr deildinni með öllum atkvæðum deildarmanna.

Friðrik Stefánsson: Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) áleit, að jeg hefði síðan um daginn sannfærzt um gagnsemd þessa frv.; en því fer fjarri. Háttv. þm. (J. Ól.) segir, að útflutningslínan muni hækka fargjald útflytjenda um land allt vegna þessarar skilyrðislausu skuldbindingar, en jeg veit ekki til, að hann hafi nokkra sönnun fyrir því, eða umboð til að lýsa yfir að svo muni verða. En ef svo er búið um hnútana, eins og mjer virðist hjer vera, að Norðlendingar komist ekki afarkostalaust af landi burt, af því útflutningsstjórar geta ekki látið skip koma á þær hafnir, sem ís lokar, þá segi jeg það satt, að sem Norðlingur mun jeg ekki samþykkja slíkt; því afleiðingin yrði eins konar slagbrandur fyrir útflutningi Norðlendinga. Þessi lög geta verið góð fyrir Sunnlendinga, Vestfirðinga og Austfirðinga, en fyrir Norðlendinga eru þau það ekki. En því er þá ekki samið við hið danska gufuskipafjelag á þann hátt, að það *skuli* láta skip sín koma á *allar* hafnir á vissum tíma? það fær þó 18000 kr. úr landssjóði árlega, en samt sem áður leyfir það sjer, mörgum til stórskaða, að láta skip sín fara framhjá þeim stöðum, sem það er skyldugt að láta þau koma á, þó hvorki ís, nje önnur óviðráðanleg forföll sjeu því til fyrirstöðu. Yfir höfuð sýnist mjer umhyggja háttv. þm. (J. Ól.) fyrir vesturförum vera svo mikil og einkennileg, að jeg er viss um að hún kemur þeim ekki að notum, á þann hátt sem hann heldur fram. Að öðru leyti hef jeg áður tekið fram, að jeg vil láta línuna svara fullum bótum fyrir alla þá bið, sem henni með rjettum rökum verður gefin sök á.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal svara háttv. þm. (Fr. St.) því um strandferðaskipin, að þótt menn ferðist með strandferðaskipunum, þurfa þeir víst ekki að selja búslóð sína, og því er það ekki eins skaðlegt fyrir þá, þótt þeir verði að bíða skipsins nokkurn tíma. En þegar menn ætla að flytja alfarið til útlanda, þá aptur á móti selja þeir bú sitt. Ef slíkir menn þurfa að bíða 1—2 mánuði eptir fari, þá er hætt við, enda hefur reynslan sýnt það, að þeir jeti upp meira eða minna af farareyri sínum, geti ekki goldið fargjaldið, þegar skipið loks kemur, verði að setjast aptur og verði handbendi sveitar sinnar og til vanræða fyrir hana. Jeg skal eitt augnablik setja mig í spor háttv. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) og ímynda mjer, að jeg ætlaði til Vesturheims að vori; jeg skal ennfremur ímynda mjer, að jeg hefði selt búslóð mína og væri kominn á burtfararstaðinn, en þá kæmi ís, sem hindraði skipagöngur, svo að jeg yrði að bíða þar 1—2 mánuði, þá mundi jeg feginn vilja, að línan kostaði mig þar. Það gæti haft þau áhrif á mig, að jeg settist aptur, ef jeg vissi, að línan borgaði ekki bið mína, því að mjer þætti ísjárvert að selja eigur mínar og eiga það á hættu, að jeta þær upp áður en flutningsskipið kæmi. Jeg mundi einmitt verða miklu fúsari að taka mig upp til vesturfarar, þótt jeg þyrfti að borga einar 4—5 kr. meira fyrir farbrjefið og assúreraði mjer með því, að jeg þyrfti ekki að hafa tjón fyrir ófyrirsjeðna bið. Jeg held það sje ómögulegt annað en háttv. þm. (Fr. St.) hljóti að sannfærast um, að frumvarpið sje til hags fyrst og fremst fyrir Norðlendinga, og svo einnig fyrir landsmenn, því að h.

þm. veit þó víst, að ís getur legið víðar við land en Norðurland; hann getur legið alla leið frá Austurhorni til Vesturhorns.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að játa með háttv. 2. þm. Skagf. (Fr. St.), að í 1. gr. sje strangt eða rjettara skilyrðislaust boð; en þótt jeg játi þetta, þá finnst mjer það samt miklu betra, og það meira að segja fyrir hönd Norðlendinga, en að allt sje eins og nú er. Afleiðingin af 1. gr. getur eigi orðið önnur lakari en sú, að útflutningsstjóri semur eigi við útflytjendur um að senda þeim skip á þeim tíma, þá er ís er að óttast. Útflutningsstjóri segir: „Jeg skal senda ykkur skip, góðir hálsar, en jeg sendi það ekki fyr en seint í ágúst eða eptir höfuðdag". Hitt get jeg vel ímyndað mjer, að þegar frv. þetta verður að lögum, þá muni útflutningsstjóri ekki senda skip snemma sumars, þangað sem ís er að óttast. En af þessari breyting getur ekki leitt annað eins tjón eins og nú leiðir af bið Vesturfaranna á útflutningsstöðunum, því að fyrir hvern lausan mann er það nálega eins gott, að vinna hjer um sumartímann og fara að haustinu, eins og að fara um mitt sumar hjeðan á leið til Vesturheims. Jeg skal játa að það getur verið óþægilegt fyrir fjölskyldumann að bíða hjer langt fram eptir sumri; en ekki verður siglt fyrir öll annes. Það er hæpið, að skip sje komið enn á Borðeyri til að taka þar Vesturfara, sem beðið hafa síðan í vor. Af þessu hefur leitt fjarskalegt tjón fyrir þá, og biðin mun þeim fulldýr, þótt þeir fái enda talsvert endurgjald. Þeir verða að liggja nálega aðgjörðalausir á útflutningsstaðnum, gagnslitlir sjálfum sjer og öðrum; þeir geta ekki leitað sjer atvinnu í nokkurri fjarlægð, af því að þeir vita ekki, hvenær kallið muni koma. Jeg vona að háttv. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) sjái, að af tvennu illu sje þó betra að taka hið minna og betra sje að samþykkja 1. gr. en fella allt frv., því að það gengur þó auðsjáanlega í þá stefnu, að tryggja vesturfara gegn vanskilum af hendi útflutningsstjóra.

Friðrik Stefánsson: Jeg tók það fram við 2. umr., að jeg feldi mig vel við frv. þetta að undanteknu því, sem jeg hef fullskýrt tekið fram, að útflutningsstjórum skuli gjört að skilyrðislausri skyldu, að borga vesturförum biðpeninga, eins fyrir það, þótt ís eða önnur jafnóviðráðanleg atvik gjöri þeim ómögulegt að láta skip sín taka þá á tilteknum tíma. H. þm. Suðurmúlusýslu (J. Ól.) sagði, að jeg vissi, að ís væri opt frá Horni á Austfjörðum að Horni vestra, en þó svo sje, þá er mjer, og honum líka fullkunnugt, að ís er farinn frá Austfjörðum, þegar skipagangur er mestur, þó hafþök sjeu fyrir öllu norðurlandi; heldur þm., að nokkur lína eða útflutningsstjóri gangi að þessum afarkostum, þar sem ís liggur við allt sumarið, eins og opt á sjer stað fyrir Norðurlandi? En hitt er ekki með öllu óhugsandi, að línan gangi að þessum kostum í tilliti til útflutnings úr öðrum fjórðungum landsins. En jeg vil ekki að Norðlendingar verði að líða óbeinlínis fyrir aðra landsmenn, eða að rjettur þeirra sje fyrir borð borinn. H. þm. (J. Ól.) sagði, að þessi lög væru góð fyrir mig, ef jeg vildi fara til Vesturheims. En jeg segi h. þm. (J. Ól.) það satt, að það er ekki mín vegna, að jeg berst gegn þeim; þau skulu ekki geirnegla mig á Íslandi, ef jeg vil fara þaðan, og jeg er viss um, að jeg kemst af landi burt, bæði án þeirra og þrátt fyrir þau, ef mjer býður svo við að horfa, og því getur hann ekki náð sínum góða tilgangi, að því er mig snertir. Jeg segi það enn, jeg er frumvarpi þessu mótfallinn, eins og það nú er, og jeg tel víst, að h. Nd. lagi það áður en hún lætur það frá sjer fara, því jeg sje, að það á hjer engrar leiðrjettingar von.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson). Jeg er hræddur um að h. þm. Skagf. (Fr. St.) hafi misskilið mig. Jeg var alls eigi að gjöri ráð fyrir að *hann* sjálfur ætlaði endilega til Vesturheims að vori, heldur setti jeg mig að því leyti í hans spor, að jeg setti mig eptir hugsun hans í spor norðlenzks bónda, er hefði huga á að fara til Vesturheims.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10:1 atkvæði og afgreitt síðan til Nd.

Frv. til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. jan. 1884 (235, 285, 288, 299); 3. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Eptir að mál þetta hafði verið til 1. umræðu hjer í deildinni, kom nefndinni saman um, að rjett væri, að gjöra nokkrar breytingar á frv. (285). Í fyrsta lagi hefur nefndin lækkað sektir þær, sem til eru teknar í 1. gr., úr 10—50 kr. niður í 10—20 kr., og bætt því við, að þær skuli falla í sveitarsjóð. Enn fremur þótti nefndinni fara betur á og vera skýrara, að bæta inn í aðra grein orðunum: „þegar hreppsnefndin krefst þess", því að í frv. sjálfu er ekki tekið fram, hver krefjast skuli sölunnar á þeim gripum, sem ásetningsmönnum þykja of settir á. Í þriðja lagi kom nefndin sjer saman um að bæta inn í 2. gr. á eptir 1. málslið svo hljóðandi málsgrein: „Nú hefur búandi orðið tvívegis sekur um horfelli og orðið háður ákvæðum þessarar greinar, og getur þá amtmaður eptir 3 ár leyst hann undan þeim eptir tillögu hreppsnefndar og sýslumanns". Með þessu er þeirri mótbáru hrundið, sem kom fram við 2. umr., að hvorki væri rjett nje sanngjarnt að láta þann mann, sem tvívegis hefði orðið sekur fyrir horfelli, vera sviptur fjárforráðum um óákveðinn tíma. Nefndin áleit líka, að þriggja ára tíma væri nógur, og þá væri rjett að honum gæfist kostur á að leysa sig undan fjárforráðum hreppsnefndar, ef hann fengi meðmæli hennar til þess.

Jeg hef ekki á móti viðaukatillögu h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) um þóknun til ásetningarmanna, en það er eiginlega ekki galli á frv. nefndarinnar, þótt hún standi ekki þar, því að hún hefði átt að standa í horfellislögunum frá 12. jan. 1884. Það er sanngjarnt að hreppstjórar og hreppsnefndir fái þóknun fyrir starfa sinn við ásetninginn; þeir geta haft töluvert ómak við hann, og fyrst ásetningurinn er í þarfir sveitarinnar, þá er ekki ósanngjarnt, að goldið sje fyrir hann úr sveitarsjóði. Jeg álít breytinguna til bóta á frv., og vænti því að hún verði tekin til greina.

Sighvatur Árnason: H. framsögum. (E. Th. J.) hefur tekið vel undir viðaukatillögu mína (288); þó ætla jeg að fara fám orðum um hana. Jeg álít hana því nauðsynlegri, því meira aðhald sem gefið er með eptirlitið, samkv. lögum 12. jan. 1884, og þegar sektir eru lagðar við, ef eptirlitið er ekki nægilegt, því það er hart að fleygja töluverðum starfa upp á menn, eins og hjer er tilætlazt, og leggja sektir við, ef hann er vanræktur, en veita ekkert endurgjald fyrir hann. Það verður ekki nóg, að hreppstjórar og hreppsnefndir setji á, á haustin, máske hjá öllum þorra sveitarmanna, heldur verða þær að vaka yfir heyforða og fjárhirðing hreppsbúa sinna allan veturinn; það mun einmitt að nokkru leyti vera orsök í því, að lögunum frá 12. jan. 1884 hefur ekki verið vel framfylgt, að þar er mönnum ekki ákveðin nein þóknun fyrir starfa sinn. Mjer er næst skapi, ef viðaukatillaga mín kemst ekki að, að greiða ekki atkvæði með frv.; en jeg vona, að ekki komi til þess og hef ekki heldur ástæðu til að ætla það.

Jón Ólafsson: Jeg hef ekki á móti viðaukatillögu h. 1. Rangv. (S. Á.), þótt

jeg hefði að vísu heldur óskað að hún hefði verið öðruvísi orðuð. Jeg mun greiða atkvæði með henni nú, en hef í huga að koma með breyt.till. við hana til 3. umræðu. Í viðaukatillögunni er farið fram á, að hreppsstjórar og hreppsnefndir fái þóknun fyrir starfa sinn við ásetning og eptirlit meðfóðri og húsrúmi fyrir búpening. Þetta er töluvert starf, og því er sanngjarnt að þóknun sje veitt fyrir það. Reyndar ímynda jeg mjer að starfið sje ekki eins umfangsmikið og h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) gjörir ráð fyrir, því að jafnan munu þeir margir, er ekki þarf að skoða hjá og hafa eptirlit með. Hvað hreppstjórana snertir, þá er ekki sama ástæða til að veita þeim þóknun og hreppsnefndum; þeir hafa nokkur laun, og þeim voru ákveðin þau laun fyrir þann starfa, sem á þeim lá, þegar launalög þeirra voru gefin út, og þetta var eitt af þeim störfum, sem þá hvíldi á þeim. Jeg álít því, að þeim hafi verið ákveðin launin fyrir eptirlit með heybyrgðum manna og peningi, ásamt öðrum störfum. Sem sagt, nú mun jeg greiða atkvæði með viðaukatillögunni, en hef í huga að koma með breyting við hana til 3. umr. og fella þá hreppstjórana úr.

Sighvatur Árnason: Jeg er h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) þakklátur fyrir, að hann vill laga viðaukatillögu mína. Jeg játa það, að það var ekki beinlínis meining mín, að hreppstjórar og hreppsnefndir skyldu hafa þóknun fyrir eptirlit sitt, sem lítil eða engin fyrirhöfn væri samfara, heldur að þeir skyldu fá þóknunina, sem framkvæma eptirlitið verklega. Þeir sem nokkuð þekkja til, hvernig hjer hagar til, vita, að þar sem eru 5 eða 7 hreppsnefndarmenn, og einn eða 2 hreppstjórar, þá hafa þeir ef til vill ekki allir þá verklegu framkvæmd hvað eptirlitið snertir, t. d. heyásetning að haustinu o. s. frv., heldur velja þeir menn úr sínum flokki til þess, og máske fá aðra til þess með sjer, sem þeir álíta vel til þess fallna. Jeg játa að þetta er ekki nógu skýrt tekið fram í viðaukatillögu minni; og ef hinn h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vill leiðrjetta hana í þessa átt, þá mun jeg taka því með þökkum. En þar sem hann vildi fara að aðgreina hreppstjóra og hreppsnefndir, þá sýnist mjer það nokkuð smámunalegt. Hreppsnefndir hafa að vísu engin laun, nema ef þær kunna að reikna sjer fáeinar krónur fyrir einhver störf sín eða snúninga, og sem sýslunefnd svo samþykkir; aptur á mót fá hreppstjórar þetta frá 20—50 kr., en það eru ekki stór laun, einkum þegar litið er til hverjar skýrslur þeir þurfa að gefa. Þegar þess er gætt, þá verður ekki mikið, sem þeir hafa eptir fyrir tilstjórnarstörf sín, í samanburði við það ómak, sem af þessu eptirliti kann að leiða, ef þess er samvizkusamlega gætt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil líka leyfa mjer að beina þeirri athugasemd til h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að jeg er að nokkru leyti samdóma h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um hreppstjórana, að ef þeir eru ekki í hreppsnefnd, þá ímynda jeg mjer að framkvæmd þeirra við heyásetning og eptirlit með búpeningi bænda verði ekki mikil, og ef viðaukatillagan á fram að ganga, þá vil jeg að hún sje orðuð svo: að veita megi þóknun hreppsnefndum og hreppstjórum, sem eru í hreppsnefnd o. s. frv. Ef hún væri þannig orðuð, þá mundi jeg fallast á hana.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. (285) samþ. í einu hlj.

1. gr. með áorðnum breyt. samþ. í einu hljóði.

Breytingartillaga 285 (1) við 2. gr. samþ. í einu hljóði.

Breytingartillaga 285 (2) við 2. gr. samþ. í einu hljóði.

2. gr. með áorðnum breyt. samþ. í einu hljóði.

Viðaukatill. 288 samþ. í einu hljóði

3. gr. frv. (nú 4. gr.) samþ. í einu hljóði.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frv. í heild sinni samþ. í einu hljóði. Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um sölu þjóðjarða (201, 244); 2. umr.

Framsögumaður (Jón (Ólafss.): Nefndarálit það, sem hjer liggur fyrir (244) tekur skýrt fram orsakirnar til breytinga þeirra, sem fram eru komnar við frumvarpið frá neðri deild (201); sömuleiðis eru í nefndarálitinu teknar fram ástæður bæði meiri og minni hlutans. Aðalbreytingin, sem öll nefndin er samhuga um að gjöra við frumvarpið, er við 4. gr. Hjer þótti nefndinni töluverð ástæða til að gjöra breytingar. Þegar jörð er í eyði, er hún arðlaus fyrir landssjóð, og rýrnar í verði við að liggja í eyði. Nefndin hefur lagt það til, að kaupandi (ábúandi) greiði að minnsta kosti $^1/_{10}$ andvirðisins, og að hann gefi út skuldabrjef fyrir $^9/_{10}$ hlutum þess, sem hann svari landssjóði af $4\,^0/_0$ í vöxtu; en kaupanda er í sjálfsvald sett, hvenær hann innleysir þau, og þó hann aldrei innleysi þau, þá græðir landsjóður samt fyrst vexti og svo $^1/_6$ við að selja, í stað þess ekkert að fá, við að láta jörðina óselda. Nefndinni var kunnugt, að lík aðferð hefði átt sjer stað í Danmörku þegar *„Fæstegods“* breyttist þar í sjálfseignir. Ástæður nefndarinnar fyrir því að ákveða ekki *árlega* innlausn eða borgun kaupverðsins, var sú, að sá sem kaupir eyðijörð, þarf miklu til að kosta til þess að koma henni í góða rækt, en á hinn bóginn nýtur landssjóður fullrar tryggingar, þar sem hann hefur veð í jörðinni fyrir skuld sinni; ennfremur getur landshöfðingi áskilið, að skuldabrjefin falli til innlausnar, fleiri eður færri eða öll saman, ef jörðin gengur af sjer af manna völdum; þetta gæti og orðið hvöt til þess, að nýtir dugandi menn annarsstaðar að keyptu jarðirnar, og flyttu inn í sveitina, bættu allan sveitarbrag, og hefði landssjóður þá margfaldan hag af sölunni. — Þá er enn önnur tillaga, sem öll nefndin er á sama máli um, og hún er sú, að parta ekki takmarkalaust sundur jarðirnar, að enginn partur jarðar megi seljast minni en svo, að eptirgjaldið eptir jarðarpartinn nemi 50 kr.; minni kot mega að nefndarinnar áliti ekki heita ábýlisfær; það er mikill skaði fyrir landbúnaðinn að brytja jarðirnar í mjög smáa mola, og væri einhver jörð nú pörtuð svo smátt nú til ábúðar að hver partur gæfi ekki 50 kr. eptirgjald, þá ætti heldur að selja hana alla einhverjum einum ábúanda ef hann æskir þess. Um allar þessar breytingar var öll nefndin sammála; en svo skyldu vegir. Minni hlutinn vildi selja jarðir landssjóðsins án þess að binda söluna fleiri skilyrðum. Meiri hlutinni aptur á móti hefur *þann aðaltilgang* að *auka sjálfsábúð* í landinu og þannig efla flokk sjálfseignarbænda. Okkur var ekki ókunnugt, að jarðir hafa verið falaðar til kaups af mönnum, sem ekki ætluðu sjálfir að eiga þær, en voru brúkaðir eins og „Skilt“ fyrir aðra jarðagóss eigendur, sem vildu komast yfir sem flestar jarðir, og þessir einstöku jarðeigeudur hafa hvöt til að hafa sem mest upp úr jörðum sínum, án tillits til þess, hvort jörðin eyðilegðist eða ekki; þetta þótti meiri hlutanum ekki hollt fyrir búnaðinn yfir höfuð, og áleit það óviðurkvæmilegt, að nokkur hefði heimild til þannig að eyðileggja jarðir máske að eilífu fyrir alda og óborna eptirkomendur sína. Meiri hlutinn hugleiddi líka, að nú eru ekki lítil líkindi til, að töluvert jarðagóss komist í einstakra ríkra manna hendur, einmitt nú þegar hart er í ári; en þetta gæti vitanlega orðið til mesta tjóns fyrir

landið, og jarðirnar fyrir eyðileggingar sakir máske aldrei náð sjer aptur. Jeg býst við því, að eins og nefndin í máli þessu hefur klofnað sakir skoðunarmunar, eins muni skoðanir manna hjer í hinni háttvirtu deild vera tvískiptar, en jeg skal að svo stöddu ekki tala meir fyr en jeg heyri ástæður færðar fram gegn nefndarálitinu.

Friðrik Stefánsson: Framsögumaður þessa máls hefur nú að sumu leyti tekið fram ágreininginn milli meiri og minni hluta nefndarinnar í þessu máli, og jafnvel þó ágreiningsatkvæði mitt í nefndarálitinu sýni, hversvegna að jeg gat ekki orðið meiri hluta nefndarinnar samþykkur, þá finn jeg mjer skylt, þar sem jeg var einn í minni hluta, að fara um mál þetta nokkrum orðum, og er þá fyrst, að jeg álít fjarri öllum sanni og óbrúkandi, að leggja þá kvöð á hinar seldu þjóðjarðir, sem meiri hlutinn hefur haldið fram, að enginn skuli mega eiga þær jarðir 5 árum lengur, nema að hann hafi sjálfur ábúð á þeim, því þau ákvæði hans hljóta að valda því, að tvenn eignarrjettar og erfðalög, og tvenn landbúnaðarlög koma til að gilda á landi voru, og sjá allir, að slikt getur ekki staðizt nje samrýmzt, við almenna rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Fyrsta afleiðing af þessu yrði sú, að þar sem landsjóður á nú margar jarðir í eyði t. a. m. í Snæfellsnessýslu og víðar, þá yrði honum ekkert úr þeim, því þessar jarðir vildu engvir kaupa undir þessum kjörum þegar eignin væri svo óviss, að þeir væru skyldir að selja þær aptur að 5 árum liðnum, svo framarlega sem þær væru ekki í sjálfsábúð, með öðrum orðum þegar þeir væru búnir að kosta upp á að rjetta þær við úr kaldakoli, þá væru þeir nauðbeygðir til að selja þær, fyrir það kaupverð, sem öðrum þóknaðist að gefa þeim fyrir þær, og yrði sá kaupskapur ekki til „fjár að meta“. Tökum annan veg, setjum svo að 50 hdr. jörð sem landssjóður hefur áður átt, sje í sjálfsábúð, og falli svo til erfða, og það sjeu tveir erfingjar að henni, en hvorugur getur innleyst hins hluta, þá eptir breytingum meiri hlutans skal selja hana, þó hún hefði verið næg til ábýlis fyrir þá báða. Nú kaupir hana efnamaður, aðrir eru ekki færir um það, og fær hana með góðu verði, þegar erfingjarnir eru skyldir að selja, eða rjettara sagt, hún verður tekin af þeim og seld við uppboð, og lendir þá að öllum líkum helzt hjá þeim, sem á fleiri jarðir áður, og þannig styður breyting meiri hlutans að því, með því að breyta erfða- og eignarrjetti, að jarðirnar lenda hjá ríkismönnum, en það segist þó meiri hlutinn vilja forðast. Sá sem kaupir á nú að sönnu ekki að mega eiga hana 5 árum lengur, sje hún ekki í sjálfsábúð, en vera má að hann láti uppkomin börn sín fara að búa á henni, og selji þeim hana, þó ekki sje nema í orði, en alls ekki á borði. Ennfremur getur hann selt vandamönnum sínum og vinum jörðina á þennan hátt, þó hann sje hinn rjetti eigandi sjálfur. Sem sagt, þessi breyting meiri hlutans er að mínu áliti svo gjörsamleg og skaðleg breyting á erfðalöggjöfinni og eignarrjettinum, að hún er í alla staði óhæfileg, og getur ekki staðizt eptir rjettarmeðvitund þjóðarinnar.

Það skal jeg játa, að áður voru hjer ríkar ættir á landi voru, sem söfnuðu miklu jarðagóssi undir eign sína, en nú eru margir erfingjar orðnir að þeim eignum og svo eru menn nú farnir að verja peningum sínum á annan hátt, sem þeim þykir eins ábatavænlegt og að mörgu öðru, allt aðrar ástæður nú en áður voru, svo eg get ekki sjeð, að svo margar jarðir safnist í einstakra manna eign, þó þjóðjarðir sjeu seldar afarkostalaust, að það verði landinu til skaða, enda mætti nú tryggja rjett leiguliða betur en nú er. En hvað því viðvíkur, að ábúðin sje verri á bændaeign-

um en þjóðjörðum, þá er mjer ekki kunnugt að svo sje, en það er satt, að hjer hefur gengið mjög svo illa til með ábúð jarðanna, hvers eign sem þær hafa verið. Jeg þykist vita að meiri hlutanum hafi gengið gott eitt til með breytingum sínum, en jeg fæ þó ekki betur sjeð, en að þessi umbylting á eignarrjettinum og erfðalöggjöfinni sje rán á einstakra manna rjetti og eignum.

Benidikt Kristjánsson: Þegar jeg las þetta nefndarálit, sá jeg strax, að það hafði mikið inni að halda. Það er auðsjeð, að nefndin, með breytingum sínum á frumvarpinu, hefur viljað gjöra kostina aðgengilegri og mildari fyrir kaupendur en hingað til hefur viðgengizt, jafnvel fram yfir það sem frumv. gerir, þar sem kaupandi eptir hennar uppástungu að eins þyrfti að greiða $^1/_{10}$ kaupverðsins, og gefa út skuldabrjef fyrir eptirstöðvum andvirðisins, sem ekki þarf að borga á neinum ákveðnum tíma, heldur virðist geta staðið mjög lengi. Það er auðsjáanlegt, að þessir kostir yrðu máske til þess að ginna margan til að kaupa, og það enda svo að fátæklingar hlypu til og keyptu jarðir; en jeg sje ekki hvað unnið er við það, að kaupa á þennan hátt, og þannig hleypa sjer í skuldir, sem menn að líkindum aldrei kæmust úr; jeg álít það miklu fremur skaðlegt, að heita eigandi jarðar á þennan hátt. Jeg vil því ekki ganga lengra, en farið er í hinu upprunalega frumvarpi, og ekki vera að fara út í neina smáskiptingar á jarðaverðinu með margvíslegum ákvæðum; jeg get ekki álitið það vel til fallið, að gjöra umkomulitla menn að jarðeigendum. Jeg hygg og, að þessar breytingar meiri hlutans sjeu ekki sem heppilegast frambornar, því ef hann með þessu ætlar sjer að auka sjálfsábúð í landinu og þannig efla flokk sjálfseignarbænda, þá hefðu ákvæði um þetta átt að koma fram í sjerstökum landbúnaðarlögum. Að landssjóður selji jarðir sínar ekki í smærri pörtum en svo, að eptirgjaldið nemi 50 kr., er í sjálfu sjer ekki fráleitt, en ef einhver jörð er setin af svo mörgum, að afgjaldið ekki nemi þessu, þá mætti þetta þó ekki standa í vegi fyrir sölunni. Það getur verið á stundum einungis til tjóns, að fátæklingur taki stórt býli til ábúðar, hann hefur ekki bolmagn til að yrkja hana, og jörðin gengur þannig af sjer undir ábúð hans. Það ber jafnvel opt við, að menn, sem eru vel efnum búnir, vilja hafa lítið um sig eða lítið býli, og búa þó vel, og eru sveitarfjelagi sínu til uppbyggingar; aptur ámóti á hið gagnstæða sjer stað með suma hverja þá, sem búa á hinum stærri býlum Mestu afarkostirnir hjá meiri hlutanum koma þó fram þegar um erfðaskipti og 5 ára eignartímabilið og sjálfsábyrgðina er að ræða. Setjum, að maður hafi keypt landssjóðsjörð; hann á hana í 2 ár og deyr síðan; 3 erfingjar eru að henni, og hún er hin eina skuldlausa eign búsins; nú getur enginn erfingjanna leyst jörðina inn eptir 8. gr. meiri hlutans; þá á að selja jörðina fyrir reikning erfingjanna; en við þessa nauðungarsölu fæst auðsjáanlega miklu minna fyrir jörðina en hún er verð, svo þetta yrði til einbers skaða fyrir erfingjana. Að vísu er $4^1/_2$ árs eða 5 ára frestur gefinn með söluna á jörð, þótt eigandi búi ekki á henni, en sje hún þá ekki seld, missir hlutaðeigandi eignarrjett sinn á henni; þá á hún að seljast hvort hann vill eða ekki Jeg skil ekki þýðinguna í orðinu: *um sinn*; hvort það á að þýða í *eitt* skipti, eða í *hvert* skipti. Jeg er því helzt á því að fallast á frumvarpið frá hinni háttv. neðri deild, ef það náir að ganga fram óbreytt eða lítið breytt; en alls ekki með þeim breytingum, sem nefndin leggur til, að á því verði gjörðar.

Sighvatur Árnason: Jeg skoða svo þetta frv., að ef það yrði að lögum, þurfi

eigi framar á þinginu að koma fram með lög um sölu sjerstakra tiltekinna þjóðjarða, en í þá átt hefur nýlega verið samþykkt frv. í þessari háttv. deild. Þetta frv. sem hjer liggur fyrir hefði í raun rjettri átt að ganga á undan því frv., því að með því hefði það gjört hitt frv. óþarft, en jeg skal nú ekki fara lengra út í það mál, en snúa mjer að breyt.till. h. háttv. nefndar, og er það þá fyrst, að ef frumvarpið ætti að ganga fram á annað borð, sem er efamál, þá get jeg fellt mig við sumar þeirra, en sumar alls ekki. Breyt. nefndarinnar við greinina um sölu eyðijarða get jeg sætt mig við, nema að því leyti að mjer finnst að borgunarfresturinn á verði þeirra vera óþarflega langur og mætti nægja hinn sami frestur, sem settur er nú fyrir borgun kaupverðs annara þjóðjarða, jafnvel þó jeg álíti, að landstjórnin gæti selt þær með þessum kjörum. En það er eitt orð sem jeg vil vekja athygli á. Jeg kann ekki við að kallaður sje ábúandi á eyðijörðu; jeg hygg að nytjandi sje það venjulega.

Svo stingur nefndin upp á, að á eptir 5. gr. komi ný grein, sem ákveður, að að eins megi selja í heilu lagi þjóðjörð nema hún sje setin fleiri ábúendum en einum, enda sje enginn hlutinn minni en svo, að eptirgjaldið nemi 50 kr. Jeg kann ekki við, hvernig þessi grein er orðuð; jeg hefði viljað orða hana svo, að ekki mætti selja minni hluti jarðar en svo, að eptirgjald eptir hann næmi svo eða svo mikilli upphæð. Mjer virðist og nefndin í þessum ákvæðum nokkuð smátæk, því þegar farið er eptir forngildi jarða mun þetta ekki samsvara einu sinni 10 hndr. jarðar, heldur varla meira en 7—8 hndr. H. þm. S.-Þing. (B. Kr.) þótti það hart að neita þeim ábúanda, sem býr á nokkrum hundruðum, um kauprjett á þeim parti. En jeg kann þó ekki við að skipta jörðunum svo smátt, því þar af myndast kokkabúskapur. Svo koma nú breyt.till. meiri hlutans. Við 8. gr. gæti jeg sætt mig, því jeg álít gott að sjá fyrir því, að jarðir tætist ekki sundur í smáparta við erfðaskipti, ef því yrði viðkomið. Jeg álít að í eðli sínu fari vel á því, að hugsa um að fyrirbyggja það, að t. d. 20 hndr. jörð sem 5 erfingjar eiga að erfa tætist sundur í 4 hndr. handa hverjum erfingja. Hver erfinginn vill ráða sínum skika, jörðin klofnar sundur og alltaf er hætt við að eldi lengi eptir af þeim klofningi þannig, að ábúðin skiptist milli margra og jörðin bíði tjón af því. En með 9. gr. get ekki verið, því að jeg ímynda mjer, að landssjóður selji jarðirnar hverjum sem kaupir til eignar og ábúðar og fullra umráða; en þegar lesið er niður í kjölinn í þessari grein, má hver jörð eigi vera lengur úr sjálfsábúð en 5 ár. Jeg get ekki sjeð, að nokkur ábúandi sækist eptir kaupunum með þessum kjörum, nje heldur að landssjóður geti ráðið söluskilmálum jarðanna eptir að hann hefur selt hinum fyrsta kaupanda. Allir síðari söluskilmálar hljóta að gjörast eptir samkomulagi þeirra, sem í hlut eiga. Jeg verð að álíta, að hjer sje farið allt of langt, því að úr þessu verður eilíf rekistefna, og þarf svo nákvæmt eptirlit, sem naumast er að vænta að geti átt sjer stað. Þessi tillaga meiri hlutans hygg jeg að þurfi nákvæma yfirvegun. Jeg vildi óska, að h. háttv. nefnd taki þær bendingar, sem fram hafa komið og íhugi vandlega málið og haldi því einu, sem hún getur gjört sjer vonir um að menn geti aðhyllzt; annars er hætt við að málið nái ekki fram að ganga.

Þrítugasti fundur, mánudag 8. ág. kl. $5^1/_2$ e. h. — Fjarverandi 1. kgk. þm. (Júl. Havsteen), er hafð tilkynnt forseta forföll sín.

Frumv. til laga um sölu þjóðjarða (201, 244); framh. 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Eg hef frá öndverðu verið hlynntur þjóðjarðasölu, en eigi að síður finnst mjer frumv. þetta nokkuð íhugunarvert. Jeg man þá tíð, að ræða var um að selja nokkrar tilteknar þjóðjarðir í h. háttv. Nd.; voru þá margir, er mæltu á móti og var með nauðung að málið gekk fram. Hjer er nú eigi farið fram á, að selja nokkrar tilteknar þjóðjarðir, heldur er samkv. 1. gr. frv. hverjum ábúanda gefinn rjettur til, að fá þá þjóðjörð keypta, er hann hefur til ábúðar, "enda sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota". Með öðrum orðum: Mönnum er gefinn kostur á að kaupa allar þjóðjarðir á landinu, með þessari litlu undantekning. Síðan er í hinum öðrum gr. frumv. sett ákvæði um aðferðina, hvernig fara skuli með beiðni þess, er kaupa vill, og á þá mest að fara eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða, en landhöfðingi skal „ákveða kaupverðið", án þess þó að til sje tekið, að hve miklu leyti hann skal vera bundinn við tillögur sýslunefnda og amtsráða. Afleiðingin af þessu frv. er þá í fyrsta lagi sú, að hverjum ábúanda er gefin heimild til að kaupa þjóðjörð þá, er hann hefur til ábúðar, án þess að þurfa framar að koma til alþingis með bænir sínar; alþingi þarf nú aldrei framar að dæma um það, hvort hentugt sje að selja þessa eða þessa jörð, fyrir hvert verð selja skuli o. s. frv. Í öðru lagi er afleiðing frumv. sú, að löggjafarvaldið sleppir úr höndum sjer og selur í hendur umboðsvaldinu öll yfirráð yfir sölu jarðeigna landsins. Þetta afsal álít jeg eigi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Þar stendur: „Eigi má selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðareignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið". Eg veit, að menn svara mjer því, að þetta sje nú með lagaboði ákveðið í eitt skipti fyrir öll. En það er einmitt aðgætandi, að slíkt er gjört í eitt skipti fyrir öll, og er því ekki samkvæmt orðum greinarinnar, þar sem ákveðið er, að eigi má selja *neina* jörð eða láta af hendi, nema það sje gert með lagaboði. Það er og annað, er jeg vil drepa á, og það er, að þar sem háttv. Nd. og hjer í Ed. háttv. þm. S.-Þing. (Ben. Kr.) hefur gjört sitt til, að reyna að kippa undir löggjafarvaldið valdi því, er 4. gr. prestakallalaganna leggur í hendur safnaða, hjeraðsfunda, biskups og landshöfðingja, þá er það ekki í samkvæmni við það, að vilja nú sleppa úr höndum löggjafarvaldsins allri heimild til að kveða á um sölu þjóðjarða. Jeg get því engan veginn álitið frumvarp þetta í samræmi við 23. grein stjórnlaga vorra, og einnig fer það í öfuga átt við stefnu þingsins, að vilja selja úr hendi sjer sem minnst af valdi sínu í hendur umboðsstjórnarinnar.

Jeg vil og leiða athygli að því, á hverjum tíma frumvarp þetta kemur fram. Það kemur fram á þeim tíma er menn eru sízt færir sakir fátæktar að kaupa jarðir og jarðir því í hinu lægsta verði. Jeg vil minna á það, er fundið hefur verið að sölu stólsjarðanna, og þar á meðal í Nýjum Fjelagsritum, að þeim hafi verið kastað út eigi fyrir hálfvirði. Jeg er viss um að niðjar vorir, er lesa alþingistíðindin 1887 munu dæma oss með sama dómi, sem stólsjarðasalan var dæmd af nítjándualdarmönnum. *(J. G.:* Þetta er allt annað). Er það annað og *betra* fyrir oss eða landssjóð að missa stórfje en fyrir ríkissjóðinn þá að missa það. Það er öldungis ný hugsunarfræði og kenning fyrir mig. Þetta eru þeir agnúar, sem jeg finn á frv. þessu, og sem valda því, að jeg get eigi gefið því atkvæði mitt.

Að öðru leyti get jeg ekki fundið að því, þótt ábúanda sje gjört hægra fyrir að kaupa jörð sína með því að lofa honum að greiða kaupverð hennar á 28 ár-

um. Hitt, að hann greiði að eins $^1/_{10}$ hluta kaupverðins fyrir fram, þykir mjer nokkuð lágt. En þó skal jeg eigi finna neitt sjerstaklega að því.

Um viðauka h. nefndar skal jeg eigi fjölyrða, en verð þó að játa, að þar er margt við að athuga.

Það er þá fyrst, að jeg sje eigi hvað unnið er við það, að skuldabrjefin sjeu í mörgum pörtum, hverjum að upphæð 50 kr. Því að þótt skuldabrjefið væri í einu lagi, eins og nú er, mætti ákveða, að eigi skyldi minna greiða af því í einu en 50 kr., og sje jeg því ekkert unnið við þetta ákvæði. Það er heldur ekki örðugra að skrifa hverja atborgun á heila skuldabrjefið en að sækja eitt af þessum 50 kr. skuldabrjefum í vasa landssjóðsins, eða til landfógetans, og það því heldur, sem ákveðið er í niðurlagi greinarinnar, að kaupandi geti leyst þessi skuldabrjef til sín hvenær sem hann vill, og eins hitt, að landshöfðingi má áskilja að skuldabrjefin komi til innlausnar, fleiri eða færri eða öll saman, þegar full ástæða er að gjöra það. En þetta eru að eins smámunir.

Svo kemur ný grein á eptir 5. gr. þannig orðuð: Landssjóðsjarðir má að eins selja í heilu lagi o. s. frv. Jeg er samdóma fyrri hluta þessarar greinar; jeg álít rjett, að selja þá jörð í einu lagi, er að eins einn ábúandi er á. En hitt getur verið meira efamál, hvort ekki væri ástæða til að selja ábúanda þó minni partur væri en afgjald hans nemi 50 kr. Jeg get þessa af því, að jeg vil ekki að það sje í lög sett, er veldur torveldleikum, ef skorður frjálsra viðskipta eru um skör fram.

Þá eru nú 8. og 9. gr. Um þær hefur margt verið talað og skal jeg eigi neita, að mjer virðist fleira mæla mót þeim en með. Jeg veit það, að tilgangur þeirra mun vera sá, að styðja að því að sem flestir eigi ábýlisjarðir sínar, og er sá tilgangur í sjálfu sjer góður. Jeg man svo langt, að heimspekingurinn mikli Locke stakk upp á, að enginn ætti að eiga meiri jarðeign en svo að hann gæti sjálfur búið og byggi á henni. Það er og kunnugt að fjelagingar (Socialistar) og sameigingar (Communistar) hafa tekið fram, einkum hinn nafnkunni Proudhon, að landeignin sje þjófnaður. Það er satt sem h. framsögumaður (J. Ól.) sagði í ræðu sinni, það er of almennt, að leiguból einstakra jarðeigenda eru ver setinn en eignir landsins. Þetta játa jeg allt saman. En mjer er þá spurn: Getum vjer með svona litlum blaðsnepli gjört það að verkum, að sem flestir verði eigendur að ábýlisjörðum sínum, og fyrirmunað auðmönnum að kaupa jarðir, án þess um leið að draga fje gróðamannanna í aðra átt? *(J. Ól.:* Það er einmitt gott.) Jeg vona að háttv. þm. segi þetta í alvöru. *(J. Ól.:* Já). En jeg vil spyrja: Miðar það til þess, að auka álit landeignar og verð jarðanna, að enginn auðmaður vill eyða fje sínu upp á jörð? Er það til þess að koma sveitabúskapnum upp, að sem mestur fjárafli dragist frá jörðunum og þá einnig frá jarðabótum, svo þær verði æ í minna og minna gengi? Jeg vil vísa háttv. framsögum. (J. Ól.) til dæmi Skotlands. Var það ekki til uppgangs fyrir sveitabúskap Skotlands, að auðmenn á Englandi keyptu þar miklar lendur núna eptir aldamótin síðustu. Jeg veit, að háttv. þm. (J. Ól.) verður að svara mjer já. En þá er farið fram á hið gagnstæða hjer. Það er hættulegt, þegar þau meðöl eru höfð til að ná einhverjum góðum tilgangi, er hafa má öllu fremur sem vopn á móti því, að tilganginum verði náð.

Jeg vil taka annað dæmi. Hvað á fátæklingur að gjöra, sem á ábýlisjörð sína, þá er hallæri ber að höndum. *(J. Ól.:* Hann á ekki að horfella). „Veit jeg það, Sveinki“. Hann fer til sveitastjórnarinnar og biður um styrk. Nei, segir sveitarstjórn-

in, þú hefur jörð, þú átt jörð, farðu í bankann, eða farðu í söfnunarsjóðinn; hann hefur nóg fje sakir sinnar ævinlegu erfingjarentu". Hann fer og fær lán og borgar sínar bráðustu nauðsynjar og skuldir. En svo ber að sama brunni aptur, hann kemst ekki af enn. En hann fer í sveitarstjórnina og segir: „Jeg er í hreinustu vandræðum; söfnunarsjóðurinn gaf mjer ekki nema helming út á jörð mína, og nú þyngja ennfremur á mjer vextir og afborgun af þessu láni mínu; jeg má til að selja jörðina". „Nei", segir sveitarstjórnin, „þú mátt ekki selja jörðina, gáðu að 8. gr. það fær enginn að kaupa hana nema sá, sem vill búa á henni og nú er þetta óræstiskot". Svo verður nú að selja einhverjum manni jörðina, sem ef til vill hangir á þessu niðurnídda koti frá fardögum til fráfærna. Lengur getur hann ekki verið við búskapinn þar, enda þarf hann þess ekki, því að eptir 2. málsgrein 9. gr. má hann hafa 5 ára frest til að selja jörðina. Nú kemur 3. málsgr. 9. gr. með $4^1/_2$ ár að auki við þau fyrstu 5 ár, því jeg hlýt að álíta að 3. málsgr. 9. gr. sje í samræmi við 1. málsgr. 9. gr. *(J. Ól.:* Misskilningur). Nei, þá skil jeg eigi mælt mál eða prentað mál. Jeg sje eigi annað en hann hafi 5 ára frest eptir að hann hefur hætt við að búa á jörðinni. En það er satt, hjer er fleygur á móti (*χτυφος και αντιχτυφος*, eins og þar stendur). Hafi hann eigi selt jörðina eptir $4^1/_2$ ár, þá verður að selja hana á uppboði. En nú kemur spurning: er þetta tímabil, þessi $4^1/_2$ ár, partur af þeim 5 árum, sem á undan er talað um, eða er það nýr viðauki? *(J. Ól.:* Lesa gr. út). Jeg veit vel, hvað í greininni stendur. Sjeu þessi $4^1/_2$ sama sem 5 ár, sem á undan er talað um, þá er það mótsögn, því að $4^1/_2$ ár er ekki = 5 ár; jeg verð því að ætla, að það sje viðauki en ekki mótsögn.

Jeg hef bent á þetta, eigi til þess að finna smásmyglislega að, heldur til þess að háttv. nefnd eða meiri hluti hennar vildi skýra þetta svo eða orða það svo, að það eigi yrði misskilningi undirorpið; því að það er áríðandi fyrir hvern mann að vita, hve lengi hann má eiga jörðu án þess að búa á henni.

Jakob Guðmundsson: Það er nú mikið vel gjört af háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.), að taka fram almennar athugasemdir um málið. Eitt af því, sem hann færði til ástæðu, var skoðun þingsins á fyrri tímum um þetta mál, og það er öldungis satt, að fyr meir hafa nokkrir menn á þinginu verið mjög á móti þjóðjarðasölu og þeir hafa haft þá skoðun, að það væri varhugavert fyrir landssjóð, að selja jarðir sínar, því jarðirnar væru svo vel setnar, að þær tækju bótum, og þegar þær svo lengi hefðu verið bættar, þá mætti líta á þann hag, sem landssjóður mundi geta haft af að eiga hinar endurbættu jarðir. Það er satt, sem háttv. þm. tók fram um stólsjarðasöluna, að mikið hefur verið að henni fundið; það hefur maður sjeð í Fjelagsritunum og víðar; en það er aðgætandi, að aðfinningarnar gengu eigi út á það að finna að því, að landsmenn fengu jarðirnar með svo lágu verði, heldur gramdist mönnum það, að verðið fyrir þær gekk meira og minna út úr landinu og fyrir því þóttu ekki hafa komið glögg reikningsskil. En hjer er nú allt öðru máli að gegna. Þessar glæsilegu vonir um, hvað landssjóðsjarðir batni og um þann hag, sem landssjóður hefði af jarðeign sinni, eru nú víða orðnar að litlu og sumstaðar að alls engu; umráð og eign landssjóðs á mörgum jörðum hefur orðið landssjóði til skaða og jörðunum til eyðileggingar. Jeg hef farið yfir lýsing á umboðsjörðunum í Snæfellsnessýslu, og þegar maður ber ástand þeirra nú saman við ástand þeirra fyrir 50 árum, þá er meðferð landssjórnarinnar á þeim sannarlega sorgleg. Hefðu þær þá

verið seldar, þá hefði landssjóður haft meiri rentu af andvirði þeirra fyrirhafnarlaust en sem leigu og landsskuld nemur nú síðustu árin, í stað þess að borga $^1/_6$ part af þessum leigum og landsskuld í umboðslaun og það til þeirra manna, sem eigi hafa kunnað að sjá um þær betur en svo, að þeir hafa haft þær í þeirri byggingu, að þeim hefur stórkostlega hrakað á undanförnum tíma; þannig hefur jörð, eptir því sem jeg las í skýrslunum, sem á var 5—10 kýr og yfir 200 fjár, hnignað svo mjög, að hún er nú gjörsamlega í **eyði**. Hver getur kallað þettað búmannlega ráðsmennsku yfir landsins fje?

Eins og jeg sagði áðan voru aðfinningarnar eigi um nema hvernig farið var með andvirði stólsjarðanna og að sumt af því gekk út úr landinu. *(A. Ól.:* Það gekk til skólanna). Og svo voru það útlendir menn sem keyptu allmargar. *(A. Ól.:* Bara Bjelke). Mjer er sama, hvort það var einn einstakur útlendur maður eða fleiri, en hvorugt þetta held jeg að nú þurfi að óttast, en breyting þarf að komast á það ástand, sem nú er, því leiguliðar eru svo tregir til að gjöra býli sínu til góða og jeg er viss um það, að margir þeir, sem búa á sjálfseignarjörð sinni, leggja það í kostnað við endurbætur á jörð sinni, sem þeir eigi mundu gjöra, ef þeir sætu á annara eign og meðal þeirra þykist jeg vera einn. Jeg hef gjört töluvert jörð minni til góða og jeg er viss um það, að þó börn mín hafi máske lítið gott af því, þá verður það landinu til góðs. Við það að selja jarðirnar, verða jarðaverðs renturnar meiri en þær netto-tekjur, sem landssjóður nú hefur og svo græðir hann á annan hátt, því jarðirnar batna og geta borið meiri pening en nú, svo skattar verða hærri og menn færari að borga gjöldin í landssjóð, hvort sem heldur er í beinum sköttum eða í tollum. Jeg get því eigi skilið annað en að neðri deild fari hjer í rjetta stefnu og að rjett væri fyrir efri deild að fylgja henni áfram; en úr breytingunum gjöri jeg eigi svo mikið; jeg álít þær ekkert lífsspursmál, heldur er það aðalstefna málsins, sem mjer er mest um að gjöra. En þar sem háttv. 5. kgk. þm. hafði það á móti frumvarpinu, að það væri á móti 23. gr. stjórnarskrár vorrar, þá get jeg ómögulega skilið það. Mjer finnst það vera miklu búmannlegra, að búa til ein almenn lög um sölu þjóðjarða og slá þannig margar flugur í sama höggi, heldur en þing eptir þing að vera að eyða peningum til þess að ráðgast um, hvort selja megi þær jarðir, sem falaðar hafa verið, og svo eru sumar ekki keyptar þegar leyfið er fengið. *(A. Ól.:* Það er þá bezt að selja allt löggjafarvald úr hendi þingsins). Því er jeg eigi á, en jeg álít að maður eigi ekki einungis að halda því af metnaðargirnd, þó að það sje til skaða. Jeg fer einungis eptir því hagfræðislega, en það fyrirkomulag, sem áður hefur verið, að eyða fje til þess þing eptir þing að ræða, hvort landssjóðsjarðir megi selja, er eigi hagfræðislegt, heldur hitt, að búa til ein almenn lög sem stefndu í þá átt, að losa menn við þá peningaeyðslu. Jeg er því eindregið með stefnu frumvarpsins og jeg get eigi skilið annað en að þingdm. yfir höfuð fallist á aðalatriði þess.

Jón A. Hjaltalín: Mjer hefur heyrzt á sumum mönnum hjer í deildinni, að þeir mundi greiða atkvæði með frv. þessu, af því að það væri til þess að auka sjálfsábúð í landinu. Það er nú að vísu gott og rjett, ef sá tilgangur gæti náðst, en jeg held að við þurfum eigi annað en að líta í kringum oss til þess að sjá að oss er ómögulegt að auka sjálfsábúð með lögum. Það hafa fleiri þjóðir en við fundið til þess, hve mjög jarðir hópuðust í hendur einstakra manna, og hafa mikið rætt um það og leitað ýmsra ráða til þess að stemma stiga fyrir því, en ekkert hef-

ur dugað, og því er jeg hræddur um að þessi lög muni aldrei ná þeim tilgangi, sem flutningsmenn ætlast til og vona að náist. Meiri hluti hinnar háttvirtu nefndar, sem sett var í þetta mál hjer í deildinni, hefur fundið það að frv. neðri deildar, að engin trygging væri með því veitt fyrir því, að sjálfsábúð ykist í landinu, og hefur reynt til þess að koma með ákvæði í þessa átt, en jeg held að það veiti eigi af 2 árum til þess að hugsa það mál, ef það á að takast, sem jeg álít hjer um bil ómögulegt, því menn hjer verða að hlýða náttúrulögunum eins með það og annað; en það, sem gripið er svona af handa hófi, til þess að tryggja, mun brátt falla um sjálft sig. Þm. Dal. (J. Guðm.) sagði, að það hefðu verið eintóm vonbrigði með byggingarnar á landssjóðsjörðum og þær endurbætur, sem á þeim yrðu gjörðar, en þessar vonir komu eigi fyr til, en þingið tók við, og hafa eigi enn þá fyllilega haft tíma til að sýna sig. En þar sem hann tók jarðirnar í Snæfellsnessýslu til dæmis, upp á það, hve illa landssjóðsjarðir væru setnar, þá skal jeg taka til dæmis landssjóðsjarðirnar í Eyjafirði, sem hafa verið svo endurbættar, að það hefur verið stungið upp á að hækka afgjöld af þeim vegna jarðabóta, og fyrst hann var að hrósa sjer af jarðabótum þá skal jeg láta hann vita, að jeg þekki tvær landssjóðsjarðir í Eyjafirði, sem hafa verið meir bættar en nokkur önnur jörð þar í hjeraði, sem sjálfseignarbændur hafa búið á. En þar sem hann lýsti svo hátíðlega þeim glæsilega arði fyrir landssjóð, þegar jarðirnar væru komnar upp aptur í ábúð eigenda, og gætu borið svo mikinn pening, þá var gallinn á því, að það var bara í hans eigin heila og er enn ekki komið út fyrir hans höfuðkúpu.

Það er einmitt af þessum ástæðum að jeg er sannfærður um, að frv. þetta leiði eigi til að ná tilgangi flutningsmanna, sem gjörir að jeg get eigi gefið atkvæði mitt með því.

E. Th. Jónassen: Jeg álít það að vísu gott að sjálfseign gæti aukist í landinu, en að gefa út svona almenn lög álít jeg eigi heppilegt, og jeg get eigi sjeð að þetta frv. taki nokkuð fram lögunum frá 8. nóv. 1883, enda skil jeg svo stjórnarskrána, að eigi sje leyfilegt að gefa út svona lög; jeg skil svo 23. gr. í stjórnarskránni, að alþingi eigi í hvert skipti að gefa út lög um söluna, og að í þeim lögum þurfi að nefna þær jarðir, er óskast keyptar og verð þeirra hverrar fyrir sig; en að finna það til ástæðu fyrir þessum lögum, að alþing eyði svo miklum tíma til þess að ræða þessa jarðasölu á hverju alþingi, eins og hinn háttv. þingmaður Dalam. sagði áðan í ræðu sinni, er sannarlega undarlegt. Hvað á alþingi fremur að gjöra, ef eigi að hugsa um fjárhag landsins? Og fasteign landsins er eitt af því, sem heyrir þar undir. En það er aðgætandi, þegar verið er að tala um landssjóðsjarðir, að þær eru bygðar með góðum kjörum, nefnil með æfilangri byggingu fyrir ábúanda og ekkju hans, og ef þær eru bættar fram yfir það sem er tiltekið í byggingarbrjefinu, þá fær ábúandi það endurgoldið úr landssjóði. Þar sem h. þm. Dal. (J. Guðm.) tók Arnarstapa- og Skógarstrandar umboðsjarðir til dæmis upp á apturför landssjóðsjarða og sagði, að þar hefðu í 50 ár setið ónýtir umboðsmenn, þá er það eigi rjett; ábúð jarðanna hefur kannske hnignað á seinustu 10 árunum, eptir að hinn næst seinasti umboðsmaður var orðinn svo gamall, að hann gat eigi haft nægilegt eptirlit með þeim, en það er önnur ástæða en að umboðsmennirnir hafi verið *ónýtir*, sem hefur gjört það, að jörðunum hefur hnignað á seinustu árum. Við vitum að veturinn 1880 og 81 var svo harður, að menn misstu þar næstum allan sinn fjenað, í Snæfellsnes og Hnappadalssýslu, og síðan hef-

ur og verið hart þar í ári, og þá er von að jörðum hnigni. Jeg þekki eina jörð af þessum umboðsjörðum, sem var í mjög góðri rækt og ábúandinn græddi fje á henni, en svo tók sonur hans við, sem var skussi, og þá hnignaði jörðinni. Það er þannig hjer, sem optar, allt komið undir því hver á heldur, og því held jeg að þetta frv. geti eigi bætt úr hnignun jarðanna.

Tíminn til þess að selja jarðir er líka nú sem stendur mjög óhentugur, og jeg er hræddur um, að það geti rekið að því sama og með stólsjarðirnar, ef nú á að fara að selja. Mjer finnst það miklu betra að fylgja þeirri reglu, sem verið hefur, að senda í hvert skipti bæn til alþingis um að fá jarðir keyptar, og jeg held, að alþingi geti eigi eptir stjórnarskránni gefið út svona almenn þjóðjarðasölulög, enda er eg mótfallinn því að alþingi afsali sjer í hendur umboðsstjórninni algjörlega öllum afskiptum af sölu þjóðjarðanna, eins og gert er með þessu frumvarpi.

Hvað breytingum nefndarinnar viðvíkur, þá gæti jeg kannske fallizt á 4. gr., en yfir höfuð finnst mjer meiri hlutinn hafa verið allt of radical í breytingum sínum og að betra væri að bíða með þær þangað til almenn landbúnaðarlög væru gefin út.

Framsögum. (Jón Ólafsson): Það hefur nú þegar margt verið talað og tekið fram um þetta frv., og margt talað á móti því, og skal jeg þá fyrst snúa mjer að mótbárum hins h. þm. Skagf. (Fr. St.). Hann sagðist eigi hafa getað aðhyllzt tillögur meiri hlutans, *af því* að þær væru „alveg óbrúkandi". Það getur nú verið að það sje góð ástæða fyrir hann og gild, en hún getur eigi verið það fyrir okkur hina; hún er svona heldur *subjectiv*. Hann gleymdi nefnil. að henda á, *hvað* væri „óbrúkandi" í tillögunum, og *af hverjum ástæðum;* hann ljet sjer nægja að *segja*, en gleymdi *að sanna*. Hann vjek og að því, að af því jeg hefði verið allt af á móti þjóðjarðasölu, þá mundi tilgangurinn vera sá með þessum tillögum, að verða frv. að bana. Góðgjarnleg er nú tilgátan að vísu, en ekki að síður röng. Jeg er aldrei vanur að ganga krókvegi, heldur *beina leið*, hvort heldur jeg er með eða móti máli. Það er mikið satt, að jeg hef verið á móti þjóðjarðasölu, en jeg hef fært aðrar ástæður gegn henni en það, að segja að eins, að hún væri „óbrúkandi"; jeg hef fært þær ástæður, að það væri engin trygging fyrir því, að sala þjóðjarða svona alveg skilyrðislaus, yrði til þess að efla sjálfsábúð í landinu að rjettu hlutfalli; en nú hefur meiri hlutinn í nefndinni reynt til að útvega tryggingu fyrir því, að sjálfseignarábúendur fjölgi við hana, og þá er sú ástæða horfin, sem hefur hamlað mjer frá að vera með þjóðjarðasölunni. H. þm. S.-þing. (B. Kr.) áleit það verstu ókostina, að jörðina mætti til að selja *fyrir hvaða verð sem væri*, ef enginn erfingjanna væri fær um að leysa til sín jörðina; þetta er einmitt það sem *verður að vera*, þegar menn eru að hugsa um að auka sjálfsábúð. En ef salan fer fram við uppboð, þá er ekki hætt við að ekki fáist verð fyrir jarðirnar. Háttv. þm. Rangv. (Sighv. Árn.) fór fremur hlýjum orðum um nefndarálitið og áleit það mikið gott, að auka sjálfsábúð, og var yfir höfuð samdóma um 8. gr., en 9. gr. var hann mótfallinn, en af hvaða ástæðu er mjer eigi ljóst; jeg get eigi skilið, að landssjóður megi eigi selja með hvaða skilyrðum sem hann vill; kaupanda er innan handa að ganga frá kaupunum ef hann getur eigi fellt sig við skilyrðin. H. 5. kgk. þm. (Arnlj. Ól.) var og líka á sama máli um það, að *tilgangur* nefndarinnar *væri góður*, en hann kom líka með margar mótbárur í móti frv. eða rjettara sagt athugasemdir, eins og hann kallaði þær, og ein þeirra held jeg að

hafi einmitt verið til góðs fyrir frv. Hann minntist á það, að opt hefðu legið hjer fyrir þinginu frv. um sölu þjóðjarða og að menn hefðu verið á móti því, af því að þeir álitu eigi nægja trygging fyrir að sjálfsábúð ykist í landinu; en nú er þessi trygging sett með þessum ákvæðum, sem standa í nefndarálitinu. Hinn háttv. sami þm. áleit, að eptir 6. gr. þá væri landsh. áskilið meira vald en honum bæri að hafa, þar sem hann ætti að *ákveða* verðið, en það held jeg sje eigi neitt hættulegt, því þegar maður lítur til 2. gr., þá er landsh. bundinn við ákvæðin í 2. gr. þannig, að *verðið samsvari 25 — fjórðu eptirgjaldi jarðarinnar;* það getur því eigi komið til, að hann þurfi að „ákveða“ verðið, að öðru leyti en því, að þá er amstráði og sýslunefnd kæmi eigi saman um hvað væri sanngjarn leigumáli, þá yrði hann að fara annaðhvort eptir tillögum sýslunefndar eða amtsráðs eða bil beggja. Innan þeirra takmarka að eins hefur hann ákvæðisvald. Hinn háttv. sami þm. minntist á stólsjarða söluna, og h. sessunautur minn (J. G.) svaraði honum því, að óánægjan yfir henni hefði mest verið út af því, hvernig stólsjarðaverðinu var varið; það getur nú vel verið svo í hans augum; en það er eigi það, sem *mjer* þykir að sölu stólsjarðanna, heldur hitt, að hve litlu leyti sú sala varð til að efla sjálfsábúð; og þótt jarðirnar yrðu seldar hærra nú og andvirðið rynni í landssjóð, þá er ekki, ef til vill, stórum meiri trygging fyrir, að betur verði farið með andvirði fyrir þjóðjarðirnar nú, þó þær væru seldar; það má jeta það út á fám árum í „hallærislánum“ svokölluðum; jafnvel jeta það upp á einu ári *(Arnlj. Ól.:* 7. gr.). Jeg sje það vel, að það á að leggja það í sjerstakan sjóð, og þingið svo að ákveða meðferð sjóðsins. En þingið getur sagt, að það megi jeta það allt upp, og því er 7. gr. engin veruleg trygging fyrir því, að andvirðinu verði *betur* varið; hún er að eins trygging fyrir því, að þingið hafi hönd í bagga með umráðunum, en engin trygging fyrir, að þingið far vel eða hyggilega með ráði sínu. En þegar jeg lít til stólsjarðanna og sölu þeirra, þá þætti mjer fróðlegt, ef h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) eða einhver annar gæti gefið mjer upplýsingar um, hvað margar þeirra jarða eru nú í sjálfsábúð. *(J. G.:* Þær eru margar). Svo? Jeg get eigi talið það, og það er eigi nema sjálfsagt, að stöku jörð slæðist í sjálfsábúð af svo mörgum jörðum, sem seldar hafa verið. Sömuleiðis þætti mjer gott, ef einhver gæti gefið mjer upplýsingu um, hvað margar þeirra eru nú komnar í eyði fyrir vanhirðingu. Það er *þetta*, að engin trygging var sett fyrir því, að jarðirnar lentu til frambúðar í sjálfsábúð, sem mjer þykir að stólsjarðasölunni.

Þar sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) var að finna að því, að skuldabrjefin væru í eintómum 50 kr., þá skal jeg eigi neita því, að það hefði mátt hafa skuldabrjefin í einu lagi, og skrifa upp á þau afborganir; en nefndin áleit hagkvæmlegra fyrir menn út um landið, að geta sent peningana, og geta fengið til sín skuldabrjefin jafnóðum og þeir borguðu, og lógað þeim. Hinn sami háttv. þm. fann líka að því, að eigi mætti selja minni jörð, en svo, að afgjaldið næmi 50 kr.; en við vildum eigi að minni jarðarpartur yrði sjerstök eign, heldur að einhver ábúandinn gæti keypt jörðina alla, því það verður varla talið lífvænlegt býli, sem eigi gefur af sjer 50 kr. í ársafgjald. Það mun svara hjer á suðurlandi til 9 til 11 hndr. kots, en í Múlasýslu mundi það svara svo sem 4 til 5 hndr. og kaupverðið verða hjer um bil 8—900 kr., og okkur þótti eigi æskilegt, að gjöra kot, sem væri minna, að sjerstakri ábýlisjörð. H. þm. (A. Ó.) játaði það, að privateignir, sem eigi væru í sjálfsábúð, væru að jafnaði ver setnar en lands-

sjóðsjarðir og meir niddar niður. En hvað þýðir það, að níða jarðir, níða jörð svo, að hún verði ónýt öldum og óbornum? Það þýðir, ef jeg mætti hafa svo sterkt orð, að *stela* frá eptirkomendunum. Það er sannarlegur glæpur af þeirri lífandi kynslóð, að gjöra jarðirnar alveg óbyggilegar fyrir eptirkomendurna. H. þm. (A. Ó.) sagði, að ákvæði okkar mundi verða til þess, að fje efnamanna drægist að öðru en jarðakaupum, og það var einmitt meining okkar; við vildum að jarðir yrði eigi keyptar nema til sjálfsábúðar, því við höfum sjeð, að jarðir prívatmanna, sem leiguliðar hafa búið á, hafa verið hraparlega illa setnar. H. þm. sagði, að það mundi rýra mjög álit jarðanna, „að enginn vildi leggja fje í jarðir"; það er mjög sennilegt á að heyra, en þegar rýrnunin kemur ekki af því, að menn *vilji* ekki, heldur af hinu, að þeir *geta* ekki löglega, *mega* ekki leggja fje í jarðir, sem þeir búa ekki á, *þá* er það ekki víst, að slíkt rýri álit jarða, heldur miklu fremur hið gagnstæða. Afleiðingin verður þá sú, að efnamenn verja þá fje sínu á annan meira „*productiv*" hátt. H. þm. (A. Ó.) spurði: á hverju eiga fátæklingarnir að lifa í harðærum, þegar þeir mega eigi selja eða veðsetja ábýlisjarðir sínar? Jú, þeir mega *selja*, en þeir verða þá undireins að *hætta að búa*, og þeir geta veðsett, ef þeir vilja; en jeg vil aptur spyrja: væru þeir betur staddir, ef þeir væru útsognir leiguliðar einhvers prívatmanns, og ættu enga ábýlisjörð til að selja nje veðsetja? *Hvað* ættu þeir *þá* að selja eða veðsetja? Það er vissulega mikil freisting fyrir þann, sem á jörð, sem hann byggir öðrum, að eins til gróða sjer, eða til að ávaxta fje, að útsjúga jörðina, ef hann hefur mikinn hag af því, þó hún verði lítilsvirði á eptir, eða jafnvel ónýt fyrir eptirkomendurna, en þetta verður að fyrirbyggja með lögum. H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) var okkur alveg samdóma um, að nauðsynlegt væri og gott, *að efla sjálfsábúð* í landinu, og skal jeg vera honum þakklátur fyrir það; en hann sagði, að þessum tilgangi yrði eigi náð með neinum lögum. Með hverju skyldi honum þá verða náð? Skyldi honum þá fremur verða náð án laga? Því hefur honum þá eigi verið náð í öll þessi 1000 ár, sem Ísland hefur verið byggt? En þó eigi hafi tekizt að ná honum án laga, þá get jeg eigi verið svo veikur í trúnni, að álíta að honum megi eigi ná með lögum. H. þm. benti á reynslu annara landa, en jeg verð að játa, að jeg er svo fáfróður, að jeg þekki eigi eitt einasta land, sem komið hafi með tilraunir í þessa átt, sem misheppnazt hafi, og jeg skal vera h. þm. (J. A. H.) þakklátur, ef hann vill fræða mig um það.

H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) er líka á sama máli, að *tilgangurinn* frv. sje góður, en því vill hann þá eigi stuðla til þess, að þessi góði tilgangur náist? Jeg er honum alveg samdóma um, að æskilegt væri að sem flestir væru sjálfseignarbændur, og því vil jeg *stuðla til þess*, eptir því sem jeg get. H. þm. sagði, að þm. Dal. (J. G.) hefði eigi hermt rjett, að umboðsjörðunum í Snæfellsnessýslu hefði hrakað á seinustu 50 árum; en jeg las sjálfur skýrslu um þær í vor vestur í Stykkishólmi, hjá fyrverandi umboðsmanni, og jeg sá, að þeim hafði öllum hrakað meir eða minna á seinustu 50 árum, ef dæma skal eptir áhöfn á jörðunum þá og nú; og um það getur líklega h. 2. kgk. þm. fengið nægar upplýsingar, því jeg ímynda mjer, að þessar skýrslur liggi hjá amtmönnunum í Suður- og Vesturamtinu — honum sjálfum. Yfir höfuð hafa allir játað, að tilgangurinn væri mjög góður og því skil jeg eigi, hversvegna þeir eigi vilja styðja hann. Þeir hafa sagt, að það væri torvelt, að framkvæma þetta, en þeir hafa eigi

getað sýnt fram á, og jafnvel ekki reynt að sýna fram á, að nokkur ákvæði í þessu frv. væri *torveld* að framkvæma, hvað þá heldur að þau væru óframkvæmanleg. En h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að þetta væri svo „radicalt", að hann gæti eigi verið með því; þar held jeg hann hafi einmitt fundið lausnarorðið yfir það sem verið hefur óljóst hugboð allra. Það er mikið satt, að hjer er farið fram á annað en það, sem menn eru vanir; hjer er vikið út af þjóðarbraut tízkunnar og — fordómanna; en þar af leiðir alls eigi, að það sje eigi nýtilegt sem fram á er farið; en „*radicalt*" er það, jeg játa það; það er það rjetta orð, og háttv. þm. vex í augum að innleiða *radicalt* nýmæli; en hvað skyldi þeim gjöra, ef það væru almenn landbúnaðarlög, fyrst þeim vex þetta svo í augum, sem ekki snertir þó nema fáar jarðir? En jeg hika alls eigi að innleiða *radicalar* nýjungar, ef þær eru góðar; já, jeg skyldi ekki hika við að spordreisa jarðarhnöttinn, ef jeg að eins væri sannfærður um, að það leiddi til sannra og nytsamra umbóta.

Benidikt Kristjánsson: Það er sannarlega ekki fært að lengja umræðurnar meir en orðið er; þó verð jeg að fara fám orðum um málið; er þá fyrst að víkja að því, að sagt hefur verið, að þetta lagafrumvarp færi því fram, sem er í mótsögn við 23. gr. stjórnarskrárinnar. Það er alveg satt, að þessi grein ákveður, að ekki megi selja nokkra þjóðeign, nema með lagaboði. En þegar litið er svo á þessa grein, þá sje jeg ekki betur, en að þingið geti með einu lagaboði gefið heimildir með fastákveðnum reglum til að selja allar þjóðareignir landsins, að minnsta kosti er það samkvæmt anda greinarinnar, sem eptir sambandi því, sem hún er í, einungis kveður á um, að þjóðjarðasala heyri undir löggjafarvaldið, en ekki umboðsvaldið. Auðsjáanlega er þetta til að spara þinginu umræður um sölu þjóðjarða í hvert skipti, sem einhver falar þjóðjörð, og við söluna hefur þingið í hvert skipti ekki við annað að styðjast en það, sem hjer er heimtað að farið sje eptir: skýrslur frá sýslunefndum og amtsráði. Það hefur verið sagt, að þingið seldi með frumv. þessu vald úr hendi sjer og í hendur landshöfðingja, en það er eigi svo, hann á ekki annað að gjöra en afhenda á formlegan hátt jarðirnar eptir þeim reglum, sem alþingi hefur sett. Jeg játa það, að jeg hef álitið og álít mjög æskilegt, að sjálfseign aukist í landinu, og jeg fæ ekki betur sjeð, en þetta frv. miði að því, að svo miklu leyti sem hægt er með skaplegum hætti. Því játa jeg, að tilgangur frumv. sje góður, og það er tilgangur nefndarinnar sjálfsagt líka, eins meiri hlutans sem minni hlutans, en jeg sje ekki, að meiri hlutinn hafi farið svo hóflega í málið sem skyldi; hann fer hjer fram á, að rammari skorður sjeu reistar við því, að jarðir gangi úr sjálfsábúð, en eðlilegt er; jeg sje ekki betur en hjer sje verið að búa til lagalegan tjóðurhæl, sem bindi eigendur við jarðir sínar um aldur og æfi, með því að öðrum kosti yrðu þeir sviptir eign sinni þeim opt og einatt til stór tjóns. Þeir og erfingjar þeirra verða að búa sjálfir á jörðunni; annars verður hún seld. Hjer hygg jeg lengra sje farið en skaplegt er, til að gjöra bændur að sjálfseignarbændum. Nefndin mun telja það óheillavænlegt, að auðmenn geti í hallærum orðið eigendur margra jarða. En hvernig á að fyrirbyggja slíkt án meira tjóns? Á sá sem ekki getur fengið viðurværi nema með því einu móti að selja jörð sína, heldur að deyja úr hungri, en mega selja jörð sína þeim sem bezt býður? Í hallærum er ekki líklegt að aðrir verði til að kaupa jarðir fyrir nokkurt verð en auðmenn, aðrir geta það ekki. Það hefur verið minnzt á, að brýn nauðsyn sje á að selja

eyðijarðir með minna verði og vildari kjörum en aðrar jarðir; þetta hefur sjálfsagt sprottið af því vantrausti, að eigi væri tekið nógu mikið tillit til að jörð væri í eyði, þegar hún er metin til afgjalds. Það hefur líka verið tekið fram, að óhæfa væri að kaupa eyðijörð til að leggja hana undir aðra jörð fyrir bithaga. En vjer verðum að gæta þess, að þegar jörð leggst í eyði, þá er það af því, að hún er ekki eins byggileg og aðrar jarðir í nágrenninu. En eyðijörðin getur verið nálægt annari jörð, sem hefði hag af að leggja hana undir, og þá mætti auka bú á þeirri jörð, meira jafnvel en að tiltölu. Þetta er því í mótsögn við það, að vilja hafa sem stærst bú og stærst jarðnæði, en hafa þau færri. Það hefur almennt verið haft á móti þessu frumv., að nú væri óhentugur tími til að selja þjóðjarðir. Það er að vísu satt, að nú er hart í ári. En það verður hvorki búið að ári eða um næsta ár að selja mikinn hlut af öllum þjóðjörðunum. Auk þess veit jeg ekki til, að enn sje farið að setja niður leigumála á jörðum, og þar af leiðandi er ekki ástæða til að segja, að þær verði seldar við lægra verði. Það er alveg satt, að mjer þykja tillögur meiri hlutans „*radicalar*"; það er tekið svo stórt stökk, að það er ekki hægt að rýma það saman við kringumstæðurnar eins og þær nú eru hjer, hugsunarhátt þjóðarinnar nje atvinnufrelsi og efni. Jeg held, að frv. neðri deildar hafi verið gallalítið, og vil jeg helzt aðhyllast líkt frv. og það er; það getur verið, að betur færi að breyta til í einstöku atriðum; en eigi treysti jeg mjer til að taka hið stóra stökk með meiri hluta nefndarinnar.

E. Th. Jónassen: H. 1. þm. Suð.-Múl. (J. Ól.) sagðist ekki geta skilið í, af hverju jeg væri ekki með frumv. fyrst jeg áliti sjálfseign æskilega. Jeg tók það áður fram, að jeg er á móti þessu frumv., af því að jeg álít, að það komi í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar. En jeg er meðmæltur þjóðjarðasölunni, ef hún fer fram eftir sömu reglum og verið hefur hingað til. Það er alveg satt, að mjer þykja breytingar meiri hlutans of „radicalar"; menn verða að hugsa sig vel um, áður en svo langt er farið, sem hjer er farið fram á með breytingar, því að hjer er haggað við erfðarjettinum og eignarjettinum, eins og nú er eptir þeim gildandi lögum.

Framsögumuður (Jón Ólafsson): Mikið af því sem h. þm. S.-Þing. (Ben. Kr.) mælti móti tillögum vorum, var hið sama sem h. 5. kgk. þm. (Arnl. Ól.) hafði áður komið fram með, og jeg þegar hef svarað. H. þm. (B. Kr.) spurði, hvað fátækur maður ætti að gjöra, ef hungursdauði væri þersýnn fyrir honum, ef hann gæti ekki selt jörð sína, en nú mætti hann það ekki eptir tillögum okkar. Jeg svaraði því með annari spurning þegar h. 5. kgk. (A. Ó.) spurði hins sama. Hvað gjöra fátækir útsognir leiguliðar, sem enga jörð eiga? Því svaraði h. þm. S.-Þing. (Ben. Kr.) ekki. *(Ben. Kr.:* Lögin dæma þá ekki til dauða). Það er satt, en þessi lög dæma heldur ekki neinn til dauða. Hvernig ætlar h. þm. (B. Kr.) að fara að, ef hann ætti enga jörð? eða deyja þeir allir úr hungri, sem enga jörð eiga? Ekki veit jeg til að það sje svo hjer, en það er máske í kjördæmi háttv. þm. (B. Kr.). Mjer gleymdist áðan að minnast á athugasemd háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) við 9. grein; hann áleit, að $4^1/_2$ ár í miðlið greinarinnar ættu að bætast við 5 ár í fyrsta lið hennar. Jeg skal játa, að greinina má með lagi misskilja eins og hún nú er orðuð, og skal jeg því taka til greina bendinguna og reyna að gjöra hana ljósari, þótt jeg að vísu ætli, að niðurlag greinarinnar taki öll tvímæli af með hvað meint sje. H. þm. S.-Þing. (B. Kr.) sagði, að frv. gæti ekki rýmzt saman við efna-

hag manna og hugsunarhátt, en þar talaði hann svo dult, að jeg get ekki svarað honum, því að jeg get ekki glímt við drauga, sem jeg sje ekki. Ef hann vill benda á eitthvað, þá skal jeg annaðhvort kannast við það, eða reyna að hrekja það. Jeg skil ekki í, hvernig frumv. á ekki að geta rýmzt saman við efnahaginn, jeg held hann verði einmitt betri, ef það fær framgang. H. þm. (B. Kr.) vildi heldur, að borgað væri af kaupverði jarðanna árlega. Er það þá ósamrýmanlegt við efnahag manna, að þeir *þurfi ekki* að greiða afborganir árlega, ef þeir að eins borga vexti af skuld sinni. Mjer sýnist þetta einmitt vera að gjöra mönnum ljettara fyrir með jarðakaup. *(B. Kr.:* 8. grein). Jeg sje ekkert í 8. gr., sem geti verið þessu til fyrirstöðu; en jeg get vel skilið að þm. (B. Kr.) þyki frv. of „radikalt", en það er satt, að það er „radikalt", en jeg sje ekki önnur ráð minna radiköl, sem mundu duga. Vilji h. þm. (B. Kr.) benda mjer á þau, þá mun jeg fúslega aðhyllast þau. En á meðan ekki er komið fram með *nein* önnur ráð til að ná þeim tilgangi, sem frumv. fer fram á, og sem þingdeildarmenn játa að sje góður, þá verð jeg að fylgja tillögum okkar fram. Jeg sje ekki, að frv. fari fram á nokkuð gagnstætt 23. gr. stjórnarskrárinnar, því að jeg vil spyrja: Er ekki hver einasta jörð, sem látin er af hendi samkvæmt því, sem frv. þetta fer fram á, seld með lagaboði? Hver munur er á því, hvort vjer seljum í einu 10, 20, 30 eða 100 jarðir. Seinast á þingi er verið að gjöra ráð fyrir að selja 10—12 jarðir með einu lagaboði. *(E. Th. Jónassen:* Það verður að specificera þær í hvert sinn). Það stendur ekkert um það í 23. gr. stjórnarskrárinnar. Og til hvers er þessi grein sett í stjórnarskrána? Sjálfsagt að eins til að tryggja yfirráðin yfir þjóðjörðunum, svo að umboðsstjórnin geti ekki látið þær af hendi án vilja þingsins; en jeg held það hafi aldrei verið tilgangurinn með greinina, að binda þannig hendur þings og stjórnar, að þau mætti ekki selja svo margar eða fáar þjóðjarðir í einu, sem þau vildu. Það skyldi sannarlega gleðja mig, ef háttv. þm. (B. Kr.) heppnaðist að finna annað ráð minna radikalt til að ná sínum góða tilgangi. En jeg skil ekki í, hvers vegna hann vill ekki aðhyllast tillögur okkar, ef hann á ekki ráð á öðru betra.

Jón A. Hjaltalín: Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að enginn hefði sýnt fram á, að ekki væri hægt að ná hinum góða tilgangi hans, en jeg sje ekki betur, en að háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafi þó gjört það. Þegar jeg les hans eigin breytingar, þá sje jeg ekki, að þær muni koma að nokkru liði. Það er ekki bannað þar, að selja jörð eða veðsetja hana deginum eptir að maður hefur keypt hana; líka getur hver maður selt jörð eptir það að hann hefur átt hana um 5 ár, án þess að búa á henni, og losazt þannig við að búa á henni. Það er heldur engin trygging fyrir, að jörð verði bætt meir, þótt eigandi búi á henni, en ekki leiguliði, ef hún er veðsett. Í 9. gr. er sagt svo fyrir, að eigandi verði sjálfur að hafa ábúð á jörð; en fyrir það þarf hann ekki að búa þar sjálfur, hann getur haft þar útibú, en eptir því sem jeg þekki til, er slíkt ekki til bóta; útibúsjarðir eru venjulega vanræktar, bæði með áburð og annað. Þá er og mjög auðvelt fyrir hvern og einn að taka húsfólk, en láta svo heita í orði kveðnu, að hann kaupi jörðina. Eptir frumvarpi þessu getur maður keypt jörð, byggt hana um 5 ár, haft útibú á henni 1 ár, byggt hana síðan aptur, og látið þetta ganga koll af kolli. Það eru ótal holur, sem hægt er að smeygja sjer í og eyðileggja með því hinn góða tilgang frumvarpsins.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg mundi

ekki standa upp í þessu máli, ef jeg væri ekki á öðru máli um 23. gr. stjórnarskrárinnar, en háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) og háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.). Jeg er sannfærður um, að í 23. gr. stjórnarskrárinnar felst heimild fyrir þingið til að mega setja lög eitt skipti fyrir öll um að selja megi allar þjóðjarðir landsins. Jeg verð og að taka það fram, að nefndin hefur sjálfsagt haft góðan tilgang með breytingum sínum, og að henni hefur ef til vill tekizt að nokkru leyti að bæta frumvarp Nd. Jeg er með því, að æskilegt sje að sjálfseign geti aukizt, því að þótt sumir hafi sagt, að jarðir landssjóðs sjeu ekki ver setnar en bændaeignir, þá verð jeg að segja, að allflestar af þeim, sem jeg þekki, eru ver setnar, en sjálfseignarjarðir, sem eru í sjálfsábúð, að minnsta kosti var það svo í Þingeyjarsýslu, og þótt heimtaðar hafi verið þær og þær jarðabætur, þá hefur þeim skilyrðum ekki verið fullnægt. Jeg hefði vel getað aðhyllzt þetta frumvarp Nd., ef jeg sæi, að sjálfseign mundi aukast við það, en jeg sje ekki, að svo muni vera. Auk þess er 1. greinin í frv. Nd., óhafandi eins og hún er, því að eptir henni má stykkja jarðir í sundur svo smátt, sem vera skal, þetta ætla jeg að vera muni þvert á móti tilgangi háttv. Nd. Meiri hlutinn ætlar að tryggja sjálfsábúð í landinu með ákvæðum 8. gr.. En ef það er virkilega meining meiri hlutans, að hver jörð skuli *ávallt* vera óskipt eign, eins og hún er seld, þá er það ákvæði óhafandi, því að það leggur það hapt á eignarráð yfir jörðinni, að hvorki er hægt að selja hana nje veðsetja nema í heilu lagi. Reyndar skil jeg frumvarpið svo, að þetta ákvæði nái aðeins til eins ættliðs, enda sýnist mega lesa út úr frumvarpinu að svo sje, því að þar er gjört ráð fyrir, að selja megi jörð fyrir reikning eiganda eða erfingja, ef þeir fullnægja ekki ákvæðum frv., en það mun þó varla verða heimtað, að hún sje seld með því ákvæði, að hún skuli vera óskipt eins manns eign um aldur og æfi.

Ef hægt væri að kippa 8. gr. svo í lag, að hún kæmi að tilætluðum notum, að þeim notum, að sjálfseignarábúð ykist í landinu, þá mundi jeg fúslega verða þess styðjandi, en jeg sje ekki að það geti orðið með því, sem hjer er farið fram á, og á meðan verð jeg að vera á móti tillögum meiri hlutans.

Arnljótur Ólafsson: Jeg stend nauðugur upp að þessu sinni; en jeg verð að gjöra það, til þess að lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkvæði móti frumvarpinu, ef 8. og 9. gr. verða eigi samþykktar, þá búið er að laga þær. Jeg vil spyrja: Hver er tilgangur vor með að selja þjóðjarðir? Er það til að auðga landssjóð? Nei, sízt eingöngu. Er það til að losa alþingi við umönnun fyrir þessari eign lands, eins og háttv. þm. Dal. (J. G.) sagði? Ekki get jeg undirskrifað það, því að það væri eins konar hirðuleysis ástæða eða letingja ástæða. Hver er þá tilgangurinn með öllum þessum vilkjörum, sem 2. og 3. gr. tala um? Er það tilgangurinn, að auðga landsmenn á landssjóðs kostnað? Nei, ekki getur það verið tilgangurinn að auðga þannig landsmenn, sízt til muna. Tilgangurinn er þá, fyrst hann er ekki letiástæða, ekki sú ástæða, að auðga landsmenn á kostnað landssjóðs, eingöngu sá, að koma upp landbúnaðinum, án þess að skaða landssjóð. *(J. Ól.:* Einmitt). En næst nú tilgangur þessi án þess að leggja einhver bönd á jarðirnar og ábúð þeirra? Nei, tilgangur þessi næst alls ekki, hvort sem farið er eptir lögunum frá 8. nóv. 1883 eða eptir þessu frumvarpi Nd., nema með því að binda enn betur um hnútana. Lögin 8. nóv. og frumvarpið efla að vísu sjálfsábúð, ef menn vilja hanga í orðinu, þau efla sjálfsábúð um einn dag, en þau efla hana ekki til langframa, því að daginn eptir að einhver hefur keypt þjóðjörð get-

ur hann selt hana aptur, og gjörzt leiguliði, en jörð hans leiguból. Jeg held að háttv. varaforseti (L. E. Sv.) hafi ekki tekið rjett eptir orðum mínum; jeg sagði að eins, að þjóðjarðirnar væru betur setnar en leiguból einstakra manna, og allstaðar þar sem jeg þekki til í Eyjafirði, eru þjóðjarðir betur setnar en önnur leiguból; enda er það eðlilegt, því að leigumáli þeirra er talsvert haganlegri fyrir leigulendingana, en annara leigujarða. Í fyrstalagi er á þeim æfiábúð og enda erfðaábúð, en hvorugt þetta er mjer vitanlega á eignum einstakra manna, nema sem undantekning. Í öðru lagi er áskilið í byggingarbrjefum þjóðjarða, að jarðabætur sjeu gjörðar á þeim, þúfnasljettur, skurðir og túngarðar; þetta er ekki áskilið í byggingarbrjefum einstakra manna, allra sízt nema á stöku jörð. Í þriðja lagi fær leiguliði á þjóðjörð þegar hann flytur sig burt, eptir landshöfðingjabr. 5. maí 1880 helming, og í einstaka sinni þrjá fjórðu af þeim kostnaði, sem hann hefur lagt í jarðabætur fram yfir það, sem áskilið er enn. Ekki er þetta í byggingarbrjefum einstakra manna. Öll þessi þrjú atriði vanta, þegar um ábúð á einstakra manna jörðum er að ræða. Ennfremur eru úttektir skárri á þjóðjörðum, en á einstakra manna jörðum, því að landssjóður getur þó fremur keypt þau hús af fráfarandi, sem nauðsynleg eru talin, en flestir einstakir menn, enda eru þeir ekki skyldir til þess. Ef því selja skal þjóðjarðir eptir þessu frumvarpi eða eptir lögum 8. nóv. 1883, þá mun afleiðingin í flestum tilfellum verða sú, að þjóðjörð, sem nú er leigð með nýtari kjörum fyrir landbúnaðinn en önnur leiguból, mun verða að leigubóli með óhentugri kjörum. Þetta er þó auðsjáanlega ekki til þess að bæta landbúnað, heldur til að skemma hann. Jeg er hræddur um að háttv. Nd. hafi ekki verið það ljóst, að á meðan ekki eru fundin ráð til að auka sjálfsábúð, þá er þjóðjarðasalan fremur til að skemma landbúnað, en til að bæta hann. Jeg held að í 23. gr. stjórnarskrárinnar liggi eigi að eins sá eðlilegi rjettur þingsins, að hirða um þjóðjarðir sínar, eins og hvern annan eyri, sem landssjóð heyrir til, heldur sje þinginu líka áskilinn sá rjettur, að það á hverjum tíma geti ráðið, hvort hentugt sje að selja þessa og þessa jörð eða ekki; en þegar jeg lít á 1. gr. frumvarpsins, þá stendur þar: „Enda sje hún (o: jörðin) ekki ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota“. Nú spyr jeg deildina: ef þingið nú í einu afsalar sjer öllum rjetti til jarðasölu, hvernig getur það þá talað um síðar: „Hjer ætti að setja skóla, hjer er hagkvæmur embættisbústaður“. Það hefur sleppt öllu valdi úr höndum sjer yfir þessum hagkvæmu jörðum, og getur því lítið gjört, annað en tala um að þær sjeu hagkvæmar. Í 6. gr. er talað um að landshöfðingi skuli ákveða kaupverð þjóðjarða. Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.), sagði, að þetta væri ekki háskalegt, vegna 2. greinar; en jeg held það sje misskilningur hjá háttv. þm. (J. Ól.), því að þá ætti orðið „ákveða“ í 6. gr. að þýða sama sem „samþykkja“, og það getur það ekki þýtt. Landshöfðingi hlýtur því að hafa rjett til að ákveða annað verð, en það sem ákveðið hefur verið heima í hjeraði, eins og honum er áskilið í 2. gr. laga frá 8. nóv. 1883. Vjer vitum líka, að jarðir hafa venjulega verið seldar dýrara en alþingi hefur ákveðið. Þó er nú eigi svo að skilja mótmæli mín, að jeg hafi í sjálfu sjer móti því, að landshöfðingi fái mikið vald, heldur hef jeg gjört þessar athugasemdir af því að jeg álít að það sje rjett regla, að löggjafarvaldið selji ekki úr hendi sjer vald sitt og allra sízt í fjármálum.

Friðrik Stefánsson: Jeg þykist áður hafa tekið það fullskýrt fram, að jeg gæti eigi verið með breytingum meirihluta nefndarinnar í máli þessu, af því

að það takmarkaði svo mjög erfðarjett, eignar- og ábúðarrjett, en háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur eigi skilið það, eða rjettara sagt eigi viljað skilja það, og þá ekki heldur það sem stendur í sjálfu nefndarálitinu, svo skilningur hans í þessu máli verður að standa og falla sínum herra. En jeg vildi taka fram eina athugasemd við stólsjarðirnar, sem svo mikið hefur verið talað um og sagt hefur verið um, að mjög fáar væru nú í sjálfsábúð. Í júní 1802 voru allar Hólastólsjarðir seldar við uppboð og þá taldist svo til, að Hólastóll og Reynistaðarklaustur ættu $^5/_6$ hluta af öllu jarðagózi í Skagafjarðarsýslu, en þá keyptu margir jarðir þær, sem þeir bjuggu á, og nú veit jeg um einn hrepp í Skagafirði, þar sem hver bóndi á sína ábýlisjörð, nema að eins 4, en áður var hver jörð í þeim hrepp eign Hólastóls, svo ekki verður með sönnu sagt, að stólsjarðasalan hafi ekki aukið sjálfseignarábúð, því mörg dæmi önnur má taka fram, sem sanna það, og sama hlyti að verða tilfellið, ef þjóðjarðirnar væru seldar, og ef þetta frv. yrði að lögum, sem jeg legg mikla áherzlu á að verði, þá er auðsætt, að þó jarðirnar væru ekki allar keyptar af ábúendunum, ættu samt ábúendurnir að geta búið við sömu skilmála og áður, hver sem keypti. Við þetta tækifæri vil jeg segja háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) frá því, að jeg hef nýlega lesið blað úr Vesturheimi, þar sem stóð í, að $^1/_4$ hluti allra bænda væru leiguliðar og það vita þó allir, að þar er mjög mikið land ónumið enn, og er furða að hinir frjálsu Bandamenn skuli ekki með lögum koma í veg fyrir það; en meiningin mun vera sú, að þeir vilja ekki binda erfða- og eignarrjett hjá sjer, eins og háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vill gera hjer með þessum breytingum sínum. En ef menn vildu koma slíkum breytingum á, sem jeg vil vona að ekki verði, þá ætti það að gjörast með almennum landbúnaðarlögum, en ekki að leggja svona kvaðir á einstakar jarðir og einstaka menn í landinu, því það er óhafandi, og þó frumvarpið sjálft sje að mínu áliti mjög gott, þá vil jeg þó heldur, að það falli, en gefa atkvæði mitt með því, ef breytingar meiri hluta nefndarinnar verða samþykktar.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg skal nú eigi lengja mikið umræðurnar meir en orðið er; því þær eru orðnar æði langar; en það var sjerstaklega ræða háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), sem gaf mjer tilefni til þess að svara nokkrum orðum, því í henni kom í fyrsta sinn í öllum þessum löngu umræðum fram, hvað óaðgengilegt þætti við frv. þetta hjá nefndinni. Hann hjelt, að nefndin mundi aldrei geta náð tilgangi sínum, því að það mætti fara svo í kringum lögin, af því að sá, sem keypti, gæti flutt á jörðina eitt ár, byggt hana svo öðrum í 5 ár, setið svo aptur ár á henni sjálfur, byggt hana svo aptur í 5 ár, og gæti það gengið koll af kolli; en slíkt getur varla átt sjer stað, en jeg játa, að með þessu móti má *hugsanlega* fara í kringum lögin; en þó þetta sje ekki ómögulegt, þá verður þessi krókvegur í kringum lögin svo örðugur og umsvifamikill, að það mundi eigi einu sinni koma fyrir í einu tilfelli af þúsund, og jeg ímynda mjer að allfæstir mundu vilja vinna til, að vera landsdrottnar annara upp á þetta. Þetta er ein af þeim viðbárum, sem leika má sjer að, búa til í huga sínum, en *geta* aldrei átt sjer stað í lífinu; af því að það væri hverjum manni óhagur, að leggja svona mikið í sölurnar bara til að geta farið kringum lögin sjer til einbers skaða — að eins til að hafa þá dýru ánægju, að fara kringum lögin. Hann sagði líka, að það væri hægt að veðsetja jörðina, og þá væri eigandi ekki orðinn annað en leiguliði, en það er þó munur að hafa *eignarrjett* yfir henni, þó hún sje veðsett, því á meðan maðurinn hefur eignarrjettinn, þá á hann kost á að

leysa veðböndin af jörðinni og leysa hana þannig alveg til sín nær sem hann getur, en þess á hann ekki kost, ef hann er leiguliði. Háttv. varaforseti (L. E. Sv.) minntist á meininguna í 8. gr. og áleit að meiningin væri, að jarðirnar skyldu vera ávalt óskipt eign, meðan þær væru í þeim ættlegg, en jeg skal játa að meining okkar var, að þær skyldu vera það um aldur og ævi; en jeg skal líka játa að það sje hugsanlegt, að þetta geti í sumum tilfellum kannske verið ísjárvert og að hjer sje kannske helzt til langt farið, en það er vont að jarðir skiptist til muna, og einhver takmörk verður að setja fyrir því, hevrnig jarðir megi skiptast og jeg vona að við getum með tilstyrk háttv. varaforseta komið með breytingartillögu undir 3. umr., ef frumvarpið fær að ganga svo langt, svo að það megi tryggja það, sem við vildum tryggja og það, sem hann vildi tryggja, og jeg vil áskilja mjer fyrir hönd nefndarinnar að koma með breytingar í þá átt. Þar sem þm. Skagf. (Fr. St.) kom með dæmi upp á það, að auðmenn keyptu eigi svo mikið jarðir undan ábúendunum þá skal jeg benda honum á það og háttv. þm. man það víst, að það hefur komið fyrir hjer á þinginu í okkar beggja tíð, að ábúandi hefur falað jörð til kaups einungis til þess að selja efnamanni hana strax á eptir. Háttv. þm. sagði líka að það kæmi í bága við erfðarjettinn, en jeg veit eigi til að það sjeu nokkur þau sjerstök ákvæði um erfðarjett á landssjóðsjörðum, að honum megi ekki breyta með lögum; en það hlýtur að vera, að þm. hafi meint að það yrði annar erfðarjettur á landssjóðsjörðum, þó hann ekki segði það, en jeg get heldur eigi sjeð það, að það sje svo mikið böl fyrir landið, að ýmislegur erfðarjettur gildi. Þegar menn vilja á annað borð koma á sjálfsábúð, þá getur hjer átt við orðtækið „lítið er betra en ekki neitt“, en háttv. þm. Skagf. vill heldur fella sig við það, ef það kæmi í almennum landbúnaðarlögum; en það er þó ekki meira radikalt, að breyta erfðarjettinum á *öllum* jörðum á landinu í einu, heldur en að byrja með breyting á að eins einum flokki og það ekki stórum flokki jarða. Hjer er háttv. þm. (Fr. St.) meira radikal en meiri hluti nefndarinnar. Þar sem háttv. þm. (Fr. St.) var að fræða okkur á, að það væri að eins $^1/_{10}$ af jörðum í Bandaríkjunum í sjálfsábúð, þá skal jeg láta hann vita það, að auk þess sem það er hrein vitleysa, þá er einmitt nú verið að setja takmörk fyrir því, að einstakir menn kaupi heil hjeröð... *(Fr. St.:* ónumið land), bæði numið og ónumið; en það skal jeg játa, að það er eigi eins langt farið þar eins og við vildum fara, en það er hugboð mitt, að við komumst einhvern tíma svona langt, vonandi áður en langt líður, og þá verður það meira en radikalt, ef engu er breytt nú, og öll breyting kemur í einu. Jeg er *svo* sannfærður um, að ef þetta frumvarp þannig orðað yrði að lögum, þá yrði meira gagn að því en öllum öðrum lögum, sem alþingi samþykkir í sumar; jeg vil ekki segja: öllum lögum, sem það hefur samið til þessa dags. Ef að hver búandi á Íslandi sæti á sjálfs síns jörð, þá þyrftum við eigi eins að kveina undan hallærunum og eigi fella úr hor, og vonandi eigi að kvarta undan sveitarþyngslum. En jeg er samdóma háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) um, að ef þetta eigi næst, þá sje ekkert unnið við þessi lög, og því vil jeg skjóta til háttv. þm., hvort þeim þætti eigi tilvinnandi, að láta breytingartillögurnar ganga til 3. umr., til þess að sjá hvað nefndin gjörir þeim til bóta, en falli þær allar, þá mun jeg greiða atkvæði á móti frv., því þá álít jeg ekkert gagn að því. Jeg skal svo eigi mæða þingm. með langri ræðu, en þó að breytingartillögur okkar þm. Dal. og mín falli, þá mega þeir búast við, að þær komast einhvern tíma í lög, fyr en síðar.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frumv. (201) samþ. hver um sig með 7 atkvæðum gegn 3.

Breytingartillaga nefndarinnar við 4. gr. (244) samþ. með 6 atkv. gegn 3, og 4. gr. frv. þar með fallin.

5. gr. frumvarpsins samþ. með 7 atkv. gegn 3.

Breytingartill. nefndarinnar 2. tl. samþ. með 8 atkv. gegn 2.

6. gr. (nú 7. gr.) samþ. með 7 atkv. móti 3.

Breytingartillaga 3.—4. tl. felld með 5 atkv. gegn 5.

7. gr. frv. (nú 8. gr.) felld með 5 atkv. gegn 5., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðmundsson	Jón Ólafsson.
Ben. Kristjánsson	Arnlj. Ólafsson
Fr. Stefánsson	E. Th. Jónassen
Sighv. Árnason	J. A. Hjaltalín
Sk. Þorvarðarson	L. E. Sveinbjörnsson.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frv. í heild sinni samþykkt með 7 atkv. gegn 3.

Málinu vísað 3. umr. með 8 atkvæðum gegn 3.

Frv. til laga um breyting á 15. gr. stjórnarskrárinnar (263); 1. umr.

Á meðan stóð á umræðunum um þetta mál, gekk forseti af fundi, og stýrði varaforseti (L. E. Seinbjörnsson) fundi það sem eptir var.

Flutningsmaður (Jón (Ólafss.): Jeg skal nú eigi vera langorður um þetta mál. Það er ákveðið í 15. gr. stjórnarskrárinnar, að henni megi breyta með einföldum lögum. Nú er tími til kominn að breyta henni og æskilegt, að fleiri þjóðkjörnir menn sitji í efri deildinni, því það er mjög óeðlilegt, að stjórnin geti við þingrof með kosningum einum hindrað það, að áhugamál þjóðarinnar fái fram að ganga á þinginu; en þetta *getur* stjórnin nú. Jeg skal taka dæmi frá yztu æsum. Jeg get hugsað mjer, að það væri eitthvert mál, sem allir Íslendingar 70,000 vildu fá fram gengt, en stjórnin vildi hindra, og að það væru að eins einir 6 menn kjörgengir í í landinu, sem væru á sama máli og stjórnin, og hún kysi þá; þá gæti öll þjóðin eigi látið vilja sinn koma fram í lögum frá þinginu. Þetta er mjög óeðlilegt. Það er hróplegt og óheyrilegt.

Stjórnin hefur fullt jafnrjetti við þingið án þess, af því hún hefur neitunarvaldið. Sem sagt þá eru úrslit málanna á þingi í þeim ágreiningsmálum við stjórnina, sem þjóðinni eru áhugamál, komin undir forsetakosningum í efri deild. Það er heldur enginn eðlilegur rjettur tekinn frá stjórninni, þó þingið geti *látið til sín heyra* í þeim málum, sem vilji alls þjóðkjörna þingsins stefnir að. Stjórnin hefur líka sjálf sjeð, er hún samdi stjórnarskrána, að það mælir öll sanngirni með því, að þessu mætti breyta. En nú fannst oss tími til kominn, að breyta þessu, þar sem menn nú síðast hafa kosnir verið bæði af þjóð og stjórn með eitt mál fyrir augum, sem mestur var áhugi á.

Jeg vona því, að þessu máli verði eigi skotið til neinnar svefnþornsnefndar, heldur veiti þingið því góðar og greiðar undirtektir.

Benidikt Kristjánsson: Eins og við höfum 2 í bróðerni komið fram með frv. þetta, eins heyri jeg að þm. S.-Múl. (J. Ó.) ætlast til, að jeg skuli taka bróðurpartinn í því, að taka fram ástæðurnar fyrir þessu frv.

Önnur ástæðan fyrir því, að með þessu frv. hefur verið farið fram á að skipta jafnara kröptum beggja deilda alþingis, er sú, að allir vita, að báðar deildirnar verða að

vinna jafnt að hverju máli, hverju lagafrv., að undanteknum fjárlögunum. Það er auðvitað að þar verður háttv. neðri deild að brjóta ísinn, því að fjárlögin eru fyrst lögð fyrir þá deildina. Og þegar maður lítur á, að háttv. Nd. þarf að verja svo miklum tíma til fjárlaganna, og þau að jafnaði koma eigi fyr en mjög seint til efri deildar, en að efri deild samt sem áður gjörir sitt ýtrasta til að vanda málið, með því einnig að ræða það í nefnd, þá liggur í augum uppi, að það mál getur eigi orðið rætt eins ýtarlega og æskilegt væri, bæði vegna tímaskorts og eins vegna hins, hve efri deild er þunnskipuð. Jeg játa það, að þar sem neðri deild hefur það hlutverk, að brjóta ísinn í þessu máli, er full ástæða til að hún sje skipuð nokkru fleiri mönnum en efri deild, en að neðri deild sje svo þunnskipuð, sem nú er, þar sem neðri deild er eins fjölmenn sem hún er, virðist ekki full ástæða til. Jeg hef ætíð ætlað ætlunarverk efri deildar eins þýðingarmikið sem neðri deildar, en þar sem hún er skipuð helmingi færri mönnum, liggur í augum uppi, að hún getur ekki leyst ætlunarverk sitt eins vel af hendi sem annars. Jeg hygg því að ekki sje að eins sanngirni, sem mælir með frv. þessu, heldur einnig hin brýnasta þörf. Fjárlögin gefa að vísu ástæðu til, að neðri deild sje skipuð nokkru fleiri mönnum en efri deild; en í öllum öðrum málum er verk efri deildar eins umfangsmikið og jafn ábyrgðarmikið.

Jeg hef heyrt það í ræðum manna, ekki á þingi heldur utan þings, að það gildi einu þótt efri deild sje þunnskipuð, og bezt sje að kjósa ekki af betri þingmanna flokknum í hana, því að þá geti Nd. haft hana í vasanum. Þetta verð jeg að álíta fjarri öllum sanni, og fjarri því sem vera ber.

Varaforseti: Á undan umræðunum var mjer afhent ósk frá 4 þm. um að haft yrði nafnakall um, hvort frumvarp þetta ætti að ganga til 2. umr. Þessir þm. eru: J. Ólafsson, Jak. Guðmundsson, Sk. Þorvarðarson og Sighv. Árnason.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umræðu með 6 atkvæðum gegn 3, og sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðmundsson	Arnlj. Ólafsson
Jón Ólafsson	E. Th. Jónassen
Ben. Kristjánsson	J. A. Hjaltalín
Friðrik Stefánsson	
Sighvatur Árnason	
Skúli Þorvarðarson.	

Frv. til laga um þegnfræðslu (264); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg hef leyft mjer að koma fram með þetta frv., af því að jeg hef sjeð hjer á þingi 2 frumvörp um alþýðufræðslu, en annað þeirra er nú þegar fallið, en hitt fullnægir ekki í öllu tilliti þeim kröfum, sem æskilegar væru að það fullnægði, eða að minnsta kosti nær ekki til þess sem þetta frumvarp fer sjerstaklega fram á, og á úr að bæta. Jeg skal taka það fram, að jeg álít það ekki nema eðlilegt, að þegar þjóðin hefur öðlazt rjett til að stjórna sjer sjálf, þá sje eðlileg afleiðing þar af, að hún verði að geta fengið þá þekkingu, sem nauðsynleg er til þess, að hún geti notað þessi rjettindi sín með skynsemd. Jeg vona að allir játi, að þessi tilgangur er góður. En skeð getur samt, að hin sömu verði forlög frumvarps þessa, sem annars máls, sem nýlega var fellt hjer í deildinni; þó menn viðurkenndu að tilgangurinn væri góður, var samt álitið, að eigi væri vert að ná honum. Jeg skal taka það fram, til þess að stytta umræðurnar, að jeg hef heyrt, að einn háttv. þm. ætli sjer að koma fram með þá mótbáru gegn frv., að jeg ætli með þessu frumv. að búa til bitling handa sjálfum mjer, því jeg ætli mjer að semja

kennslubók þá, sem 1. gr. gerir ráð fyrir. Til þess að kveða þennan draug niður áður en hann rís upp, skal jeg lýsa yfir því, að jeg skuldbind mig hátíðlega til þess, að vinna ekki það verk, sem frv. fer fram að unnið sje, enda álít jeg mig ekki svo færan til þess. Þar með álít jeg að þessi mótbára sje dottin úr sögunni, og að frv. fái því að lifa eða deyja upp á sitt innra gildi.

Jeg skal geta þess, að þó þetta frv. hafi ekki fyr komið inn á þing, þá er það ekki nýtt frv., því að jeg hef fyrir 8 árum áður en jeg var orðinn þingmaður, samið og látið prenta frv., sem fór í líka átt sem þetta. Það er ekki að ástæðulausu, að þetta frv. fer fram á, að binda ýms rjettindi skilyrðum um þekkingu manna. Allar þjóðir binda rjettindin skilyrðum og þau skilyrði eru þá oftast eignarskilyrði eður tekjuskilyrði; en slík skilyrði eru ætíð af handa hófi. En hið nauðsynlegasta skilyrði, sem rjettindin ættu að vera bundin við, er þekkingin; hitt skilyrðið, sem að vísu er og nauðsynlegt, verður því miður ekki tryggt með lögum, en það eru mannkostirnir. Jeg hef eigi borið þetta frv. upp hjer á þingi nú í þeirri von, að það í þetta sinn fái framgang. Jeg hef sýnt það einum vini mínum í h. Nd. og hann sagði við mig: þetta frv. verður ekki að lögum í ár, en vafalaust áður en langt líður, ef til vill á næsta kjörtíma; frv. gengur í þá átt, sem er samkvæm stefnu tímans, og nauðsyn þess kemst helzt inn í meðvituud þjóðarinnar á þann hátt, að það kemur til umræða á alþingi. Til þess vil jeg stuðla með því að bera það fram. Það hafa fyr verið forlög mín að koma fram með frv. sem ekki hafa í fyrstu átt sjer ljett uppdráttar á þinginu. Á þingi 1881 kom jeg fram með frumv. sem var á fyrsta þinginu bókstaflega hlegið út úr þinginu, á næsta þingi komst það í gegnum neðri deild og á þriðja þinginu var það samþykkt af báðum þingdeildum, og er nú orðið að lögum. Jeg vona, að hjer verði líka mjór mikils vísir, og að þetta frv. verði borið fram á hverju þingi, þangað til það nær fram að ganga. Og þegar það er í lög leitt hjá oss, þá vona jeg, að segja megi um oss, að vjer sjeum ein af hyggnustu þjóðum heimsins, ef vjer verðum hin fyrsta þjóð til að tryggja með lögum þekkingu þjóðarinnar, sem þó mestu spekingum heimsins kemur saman um, að sje nauðsynlegt og hyggilegt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 5: 1 atkv.

Þrítugasti og fyrsti fundur, þriðjudag 9. ág. kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um seðlaútgáfu og seðla-innlausn landsbankans (272); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Tilgangur minn með að koma fram með frv. þetta er sá, að búa í hag fyrir fullkomna innlausnarskyldu á seðlum landsbankans með tímanum. Þegar bankinn var stofnaður, þá var seðlaútgáfan miðuð við gangeyrisþörfina á undanförnum árum, en nú er töluverð breyting á orðin frá því, sem þá var; gangeyris-þörfin verð jeg að ætla að hafi þorrið talsvert síðan, þótt tíminn sje ekki langur. Þó að því seðlamagn það, sem ákveðið var í bankalögunum, væri þá langt undir gangeyris-þörfinni, þá mun þar orðið talsvert mjórra á milli nú. En seðilmegnið *verður* að vera æði-*langt* undir gangeyrisþörf, þá er seðlarnir eru óinnleysanlegir.

Það má spyrja, af hverju jeg dragi það eða á hverju jeg byggi það, að gangeyris-þörf vor sje minni nú. Jeg skal skýra frá því, en verð þá að biðja háttv. þingmenn, sem ef til vill eru ekki allir svo heima í lögmáls-setningum viðskiptafræðinnar, sem t. d. h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) og vafalaust h. varaforseti. (L. E. Svb.), að gæta vel að því, *hvað er gangeyris-*

þörf. Það er þörf á peningum eða peningaígildi (gangeyri, verðmæli), til að jafna viðskipti manna. En viðskiptatræðin kennir oss, að gangeyris-þörf = vörumagn × umferðar-hraði vörurnar, á móts við gangeyris-megn × umferðarhraði gangeyrisins.

Mú hefur viðskiptamagn Íslands verið þannig 6 síðustu ár:

	aðfl. vörur:	útfl. vörur:
1880:	5727 000 kr.	6744 000 kr.
1881:	6022 000 —	7379 000 —
1882:	6453 000 —	7117 000 —
1883:	6063 000 —	5636 000 —
1884:	6277 000 —	4325 000 —
1885:	5479 000 —	4312 000 —

Árin 1884 og 1885 (sem ekki voru skýrslur til um, og því ekki hægt að miða við, er bankalögin voru samin) eru útfl. vörur þannig í stuttu máli 1 miljón minni hvort árið, heldur en árin 1880—1883. 1886 má telja víst að þær sjeu ekki munum hærri, heldur helzt ámóta og 1884—85.

Nú mun umferðarhraði bæði vöru og peninga vera sami nú sem undanfarin ár og á þá að bera saman vöru-magnið við peninga-magnið. Vörurnar og „umsetningin" er orðin minni, en peningar eður gangeyrir meiri. Þetta er eðlileg afleiðing árferðisins, og mun það hafa haft sviplík áhrif á viðskiptin manna á meðal innanlands. Öll viðskipti hafa þverrað á þessum árum.

Við þetta bætist nú, að fyrir ástæðulausa tortryggni, sem einn maður hefur gjört sjer allt far um að vekja gegn bankanum og seðlum hans, og sem þekkingarleysi almennings hefur hjálpað til að auka á sumum stöðum, þá dreifast seðlarnir ekki enn um land allt; það eru heilar sýslur og hjeruð, sem ekki vilja seðil sjá; þar sem ótrúin á þessu er svo mikil, að seðill stendur þar ekki við, þótt hann berist þangað, þá er afleiðingin af þessu aptur orðin sú, að miklu meira en ella mundi að tiltölu rjettri af seðlunum hrúgast saman í þau hjeuð, þar sem þeir ganga greiðlega, einkum hjer nærlendis við bankann. Þetta er að vísu af ástæðulausum fordómi sprottið; en hvað um það: afleiðingin er söm; er nú að gjöra við því sem er, og fyrsti vegurinn til þess að brjóta niður þessa fordóma, mundi vera að gjöra seðlana innleysanlega að nokkru leyti. Jeg held að það mundi stórum vekja traust manna á bankanum og seðlum bankans, ef aðgangur að, þótt ekki sje nema takmarkaðri innlausn á seðlunum yrði lögleiddur, og jeg verð að telja víst, að það væri vel fært fyrir bankann að veita þenna aðgang, því kostnaðurinn yrði eigi svo óviðráðanlegur, og vafasamt hvort það mundi ekki auka traust á bankanum svo mjög, að viðskiptin við hann ykist svo, að það ynni honum upp innlausnarkostnaðinn; og þótt svo yrði ekki alveg, þá er bankinn *lands*-stofnun, sem ber því að líta á almennings hag ekki síður en á gróða sjálfs sín, ef hann að eins sjer sjálfum sjer óhult borgið.

L. E. Sveinbjörnsson: Mjer hefði þótt vænna um að þurfa eigi að standa upp og jeg þarf þess nú reyndar eigi; en af því jeg het von um, jeg segi von, að þingdeildin muni nokkuð fara að orðum mínum í þessu efni, þá vil jeg fara fáum orðum um frv.

Jeg þykist vita, að frv. þetta sje komið fram í bezta tilgangi, eins og flest frv. hjá h. flutningsm. (J. Ó.); en það verður líka að gæta þess, hvort afleiðingin verður góð, tilganginum náð.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að með þessu frv. er „princip" bankans alveg brotið. Banki þessi var upphaflega stofnaður með ábyrgð landssjóðs, og það er eins gott eins og gull og silfur, og það er svo að segja eins og að taka peninga upp úr steinunum, enda kom peningamönnum í

Danmörku saman um, að öðru vísi yrði banki hjer eigi stofnaður. En að neyða bankastjórnina til þess, að taka 50,000 kr. lán til að innleysa með seðla, það álít jeg að sje að brjóta hið upprunalega princip fyrir stofnun landsbankans, auk þess, sem 50 þús. kr. er ekkert í samanburði við peningaupphæðir þær, í gulli og silfri, er ganga gegnum bankann, og sem um síðustu 3 mánuði hefur numið nær því 30,000 kr., og þeim nærfellt öllum hefur bankinn varið til þess, að skipta við menn á þeim og seðlum, þótt nokkuð hafi gengið til að lána út, en sem kemur fyrir sama, og í haust munu peningar streyma inn í hann; því seðlaforðinn út um landið er mjög lítill, en peningagreiðslur í haust væntanlega miklar. En gætum að, til hvers landsbankinn er stofnaður: hann er stofnaður til þess að útvega peninga í landinu og til að efla atvinnuvegi landsmanna, og jeg veit eigi betur en að hann hafi nú einmitt á þessu ári hjálpað, og eptir því sem harðnar í ári, eptir því verður meiri eptirsóknin í bankanum. En svo er eitt atriði, það er þetta, að vera allt af að breyta án þess nokkur þörf hafi sýnt sig til þess. Jeg held að menn hjer á þingmanna bekkjunum viti mjög svo lítið, hvernig ástandi bankans er varið, og viðskiptum manna við hann; en það er stjórnin, sem þekkir þetta bezt, og jeg er viss um, að þegar hún álítur þörf á, mun hún leita til þingsins til þess að fá því breytt sem ekki má vera eins og það er, þó í samræmi við bankalögin, meðan reynslan ekki sýnir, að þau sjeu óhagfeld. Jeg vona því, að frumvarp þetta verði þegar í stað fellt. Jeg segi fyrir mig, að jeg vil eigi vera einn dag bankastjóri, ef það á að fara að hringla svona með lögin að raunalausu.

Jakob Guðmundsson: Það var að eins það, sem jeg vildi láta í ljósi, að mjer þætti æskilegt, að málið fengi að ganga til 2. umr., til þess, að það væri betur rætt og menn skildu það betur.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg bjóst satt að segja eigi við þessum undirtektum af hálfu h. varaforseta (L. E. Sv.); jeg veit að h. þing hlýtur að meta orð hans mikils, og jeg skal reyna í ræðu minni að gefa þeim allt það tillit, sem staða h. varaforseta sem bankastjóra auðvitað á skilið að þeim sje gefið.

H. farafors. sagði, að „princip“ þessa banka hefði verið svo að segja að „taka peninga upp úr steinunum, eða svo að segja að gjöra landsmönnum „steina að brauði“. Þetta gjöra *allir* seðlabankar, þótt innleysanlegir sje seðlar þeirra, af því að allir gefa þeir *meira* út af seðlum, en þeir gætu innleyst, ef allt kæmi til innlausnar í einu. Það er því ekki að því leyti princip-munur á vorum banka og öðrum, þótt við förum það lengra, að leysa ekkert inn; afleiðingin fyrir okkur er líka aptur sú, að ef vjer viljum vera vissir um, að seðlar vorir haldi fullgildi, verðum vjer að gefa svo miklu minna út af þeim, en vjer ella gætum, og vöðum þó allt af meir og minna reyk; því að innlausnarskyldan er eini mælikvarðinn fyrir, hve mikið sje óhætt að gefa út. Það er *þessi* munur á vorum banka og öðrum bönkum að hann getur *ekkert* innleyst. Hver afleiðingin? Hjer í Reykjavík undir handarjaðri bankans verða menn að ganga búð úr búð til þess að fá einum seðli skipt, en í útkaupstöðum er það þó helmingi verra og það er svo slæmt sumstaðar út um landið, að menn selja eigi hver öðrum grip nema að áskilja sjer, að það verði ei borgað í seðlum. Þetta er vankvæði, sem þarf að laga, og að berja því við, að það verði eigi lagað nema með því að brjóta princip bankans, skil jeg ekki að geti náð neinstaðar heima. Að frv. *neyði* bankastjórnina til þess að *taka til láns*,

er eigi rjett; en það *neyðir* hana til þess að *innleysa víst seðlamagn* á vissum tíma; og hún þarf eigi að taka þetta lán, ef hún getur skipt sömu upphæð án þess; henni er það að eins heimilað. *(L. E. Svb.:* Hún getur skipt). Nei, hún getur eigi innleyst seðlana; það er gallinn. *(L. E. Svb.:* Það er sitt hvað að leysa inn og skipta). Nei, það er *sama;* bara orðamunur. Hvað er að leysa inn? Er það eigi að láta gull eða silfur af hendi fyrir seðil? Er það ekki að skipta gulli eða silfri við seðil? Munurinn er sá einn, að þegar það er *útgefandi* seðilsins (bankinn), sem skiptir seðli og lætur gull eða silfur fyrir, þá heita skiptin „innlausn". H. varafors. áleit, að þetta væri svo mikið hringl með principið og lögin; en jeg get eigi sjeð, að þetta verði neinn *principmunur*; það verður að eins stigmunur í framkvæmdinni. Hjer er heldur eigi stigið svo stórt spor, að leysa inn alla seðla bankans, heldur er hjer stigið spor að því, sem á að verða mark og mið bankans, að allir seðlar hans verði á endanum innleysanlegir; en ef það er eigi meiningin, þá veit jeg eigi hvað bankinn á að gjöra. En það hafa allar þjóðir iðulega orðið að breyta ákvæðum um það, *hve mikið* af seðlum mætti vera óinnleysanleglegt; því skyldum við ekki gera það sama? Ákvæðunum um þjóðbankann danska, sem á að vera svo einstök fyrirmynd, hefur fleirum sinnum með lögum orðið að breyta í þessu atriði.

Ekki skil jeg annað en að bankinn *hljóti* þó með tímanum, og það heldur fyr en síðar, að verða fær um að leysa seðla sína inn. Jeg álít hyggilegra að stíga eitt spor í áttina nú, þó það sje eigi stórt í þá átt, heldur en að neyðast til að verða að taka síðar allt skrefið í einu; það verður ef til vill fullt eins örðugt, og getur valdið tjóni fyrst, ef ráðið er ekki tekið í tíma. Enn er ekkert tjón orðið, og *þarf* aldrei að verða, ef menn vilja fara hyggilega að. Vilji menn það ekki, þá skal jeg engum hrakspám spá um afleiðingarnar, en að eins óska þess innilega, að menn þurfi aldrei að iðra þess.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla mjer ekki að fara langt út í þetta mál, því jeg er ekki bankafróður maður. Hjer er verið að ræða um breytingu á lögum, sem svo að kalla eru spáný; þessi lög fengu líka miklar útásetningar í blöðunum, þegar þau komu út, og er ekki furða þótt þjóðin fengi mistraust á seðlum landsbankans, þegar bæði lögin og enda stjórn bankans og allt hans fyrirkomulag var rifið eins niður og þá átti sjer stað. En menn eru enn ekki búnir að fá nægilega reynslu fyrir því, að breytingar á lögunum að svo stöddu muni vera svo nauðsynlegar. Jeg get ekki játað, að menn hafi svo mjög fráfælzt bankalögin yfir höfuð, nema ef vera skyldi 4. grein laganna, um innleysingu seðlanna; hana hafa menn að vísu óttazt, og í annan stað hafa menn óttazt fyrir, að seðlarnir mundu, þegar til framkvæmdanna kæmi, sýna sig of stóra og stirða í öllu smáviðskiptum. En jeg efast samt sem áður um, að það sje þörf nú á því, að bankalögunum sje breytt, eins og h. varaforesti (L. E. Sv.) tók fram; það þarf að lofa lögunum að sýna sig tímakorn fyrst, en jafnframt að stuðla að því, að öll framkvæmd bankans verði sem haganlegust að auðið er, til þess að stofnun þessi geti rutt sjer sjálf til rúms, vinni sjer því traust og hylli hjá þjóðinni. En að fara strax að breyta lögunum, áður en þau eru fullreynd, álít jeg ekki að sje ráðlegt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hygg, að frumv. þetta sje af góðum toga spunnið; þó mun það ekki vera heppilegt. Jeg ætla að frumv. sje byggt á því ástandi, sem að vísu á sjer stað nú, en sem jeg vona að sje hverfandi ástand, og sem eigi rót sína í harðærinu, í skuldagreiðslu lands-

manna til kaupmanna og í kaupum manna á fjármunum af vesturförum. H. flutningsmaður (J. Ó.) veit eins vel eins og jeg, að bankinn er lánsstofnun sú, sem á að bæta einungis úr *innlendri* peningaþörf landsmanna. Sje einhver banki eins og hjer er með óiðkeypilegum eða óinnleysanlegum seðlum, þá bætir hann ekki nema úr viðskiptaþörf manna innanlands, því að gull og silfur auk víxla og ávísana er eingöngu eður mest megnis haft til viðskipta við önnur lönd. H. flutningsmaður (Jón Ólafsson) byggir á því, sem virðist eiga sjer stað, að seðlar sjeu ofmargir á gangi hjer, með því að menn vilja skipta þeim fyrir peninga. En hvers vegna er ofmikið af seðlunum? Og hvers vegna vilja menn losast við þá? Jeg hygg að það sje ekki af vantrausti á seðlunum, heldur af því, að svo marga vantar gull og silfur. En af hverju kemur það? Af því að landsmenn voru, áður en bankinn kom á fót, sokknir niður í kaupstaðarskuldir, en varningur landsmanna rýr og í lágu verði, svo og að menn fara af landi burt með peninga, en þeir sem eptir eru þurfa á peningum að halda til að kaupa með góðu verði eigur vesturfara. Einn fróður kaupmaður hefur sagt mjer, mig minnir árið 1885, að skuldir landsmanna við kaupmenn hefði þá verið $3^1/_2$ miljón króna. Nú vitum vjer, að síðan hafa kaupmenn gengið hart að mönnum með að heimta inn skuldir. Samfara þessu hefir nú síðustu árin verið hjer á landi töluverð apturför eður rýrð bæði í landvarningi og sjóvarningi, og ennfremur hefur allur varningur landsmanna rýrnað að verði. Nú kemur bankinn á fót, þessi seðlalánsstofnun; menn þjóta í hann, fá lán til að borga með kaupmönnum en veðsetja jarðir sínar. Þeir sem hugsuðu hærra, fengu lánið til að ná í góðkaupin hjá vesturförum. Þetta ástand álít jeg einungis stundarástand, en hvenær sem ástandið verður reglulegt, er eg vona að bráðum verði, hygg eg að landsmönnum, sem eru um 70,000, veiti ekki af að hafa $^1/_2$ miljón króna til að fullnægja viðskiptaþörfinni innanlands. *(J. Ól.:* Það er ofmikið). Nei, það getur ekki verið nema hjer sje til langframa sú örbirgð, sem engu tali tekur. Hálf miljón króna er ekki nema rúmar 7 krónur á hvern mann af tæpum 70,000 manns. Að vísu er það satt, að jafnan verður að vera á gangi dálítið af silfri, af því að ekki eru smærri seðlar til en 5-krónuseðlar. Það er og satt, að það ber vott um örbirgð nú, að menn vilja fá gull og silfur miklu fremur en seðla, því að það ber vott um að menn þurfa sífellt að senda peningana til útlanda, sem kemur af því, að landsmenn hafa eigi nægar innlendar vörur til að kaupa fyrir aðfluttan varning og lúka gamlar kaupstaðarskuldir. H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) verður að játa, að eptirsóknin eptir peningum fram yfir seðla sje engin óræk sönnun fyrir því, að ofmikið af seðlum sje í raun og veru á gangi, heldur eingöngu hitt, að landsmenn eiga oflítið til af eignum, vörum, eða þá af gulli og silfri. Jeg álít að vjer eigum að bíða fyrst um sinn með breytinguna, í von um að landið muni rjetta við, og menn þá muni lúka skuldir sínar með fiski og landvarningi, í stað þess að greiða þær með gulli og silfri, sem þeir hafa af svo skornum skammti. Í öðru lagi munar þetta lán, einar 50,000 kr., svo litlu, það er eigi meir en $^1/_{10}$ hluti af öllum seðlum landssjóðs. Og hver verður svo árangurinn? Þessar 50,000 kr. færu brátt út úr landinu, ef landsmenn vantar kaupeyri til að kaupa fyrir aðfluttu vörurnar. Ber þá að sama brunni aptur. Ef þetta ástand hjeldi áfram enn um stund, færi svo, ef seðlarnir væru innleysanlegir, að enginn peningur yrði til í landinu, heldur seðlarnir einir saman, sem þá lægju að meiru eða minna leyti arðlausir í bankan-

um. Það er satt, og um það erum við báðir samdóma, að það sje sá galli á bankanum, að hann bætir ekki úr peningaþörfinni til útlanda, heldur að eins úr peningaþörfinni innanlands; en þó losar hann um gull og silfur, og bætir að því leyti óbeinleiðis úr viðskiptaþörfinni við útlönd. Þó gjörir hann það ekki lengur, en á meðan landsmenn eru að rýja sig því gulli og silfri, sem til er í landinu. Jeg held því, að h. flutningsmaður (J. Ól.) gjöri rjett í að taka frv. sitt aptur, því að þótt það komist til 2. umr., þá er hætt við að endalykt þess verði annaðhvort sú, að það dagi uppi, deyi hjer á þinginu eða nái ekki staðfesting, og sem ástæðu fyrir því skal jeg færa það, að landssjóður tapar að minnsta kosti $^1/_2$ % árlega af þessum 50,000 kr., sem hann á að lána bankanum.

Jón A. Hjaltalín: Jeg verð að játa, að þegar verið var að tala um að stofna hjer banka, þá gjörði jeg mjer litlar glæsivonir um hann; en jeg heyrði á almenningi, að hann ætlaði, að þá mundi verða nógt fje til allra hluta. En hvernig fór? Undir eins og þessi stofnun komst á fót, þá fóru menn, í stað þess að fagna henni vel, eins ástæðulaust að rífa hana niður, eins og þeir höfðu beðið um hana áður. Áframhald af þessu, að vonir manna með bankan fylltust ekki, eins og ekki var von, er það, að nú vilja menn fara að káka við hann aptur. En jeg held að bótin verði ekki mikil, og þó jeg vænti ekki mikils af bankanum, og þó mjer muni líklega aldrei verða vel við óinnleysanlega seðla, þá vil jeg nú fyrst um sinn láta hann í friði. Það er nauðsynlegt með hverja stofnun, að lofa henni að reyna sig um hæfilega langan tíma, án þess að vera að káka við hana. Þótt bæði háttv. 5. kgk. (A. Ól.) og 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sjeu mjög bankafróðir og lesnir menn, þá hafa þeir enga reynslu fyrir sjer í bankastjórn, og geta ekki talað um hana nema eptir því sem þeir hafa lesið um hana í bókum. En með allri virðing fyrir bókum og bókfræði, þá met jeg þó þá reynsluna mest, sem hver einn hefur aflað sjer sjálfur.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal fyrst leitast við að svara h. 5. kgk. þm. (A. Ól.); því það er greiðast að svara honum, því jeg skil bezt hans röksemdir. Hann áleit að það ástand sem væri valdandi að því, að seðlarnir virtust ofmiklir á gangi meðal manna nú, væri að eins stundarástand. Eg vona með honum, að þessi skoðun sje rjett. En jeg vona að hann sje mjer líka samdóma um það, að seðlabanki er líka skyldugur að bæta úr *stundar*-þörfinni og mæta *stundar*-ástandi. Hann sagði og, að bankinn ætti að eins að bæta úr viðskiptaþörfinni innanlands, en ekki viðskiptaþörfinni við önnur lönd. Þetta játa jeg satt að vera. En til þess að þetta náist á rjettan hátt, má hann ekki um leið *spilla* fyrir úrlausn gjaldeyris-þarfarinnar til að fullnægja viðskiptunum við önnur lönd. En fyrir hverja kr., sem bankinn gefur út í seðlum, rýmist burt úr landinu jafnmikið í gulli og silfri, og gefi bankinn út meira af seðlum en viðskiptaþörfin innanlands heimtar, spillir hann með því fyrir viðskiptaþörfinni við önnur lönd, og *það* á bankinn *ekki* að gjöra. Ef jeg á seðla og get ekki fengið gull og silfur fyrir þá til viðskipta minna við útlönd, þá er ofmikið gefið út af seðlum, og þá dregur bankinn úr höndum mjer þann gjaldeyri, sem jeg þarf að fá, af því að seðlarnir eru lögþvingaður gjaldeyrir, bankinn sviptir landið þá *þeim* gjaldeyri, sem jeg ella hefði getað fengið fyrir vöru mína, ef bankinn hefði ekki gefið ofmikið út af seðlum.

H. varaforseti (L. E. Sv.) vjek að því, að því minna sem væri flutt út af vörum, því meiri þörf væri á peningum. En það voru ekki mín orð. Alveg þvert á móti! Eg sagði, að viðskiptamagn landsins hefði

þverrað um þriðjung og af því leiddi, að gjaldeyrisþörfin hefði minnkað. Gjaldeyririnn miðar sig við viðskipamagnið, og því minna sem viðskiptamagnið er, því minna þarf af gjaldeyri, og aptur hið gagnstæða, sje umferðarhraðinn hinn sami. Að minnsta kosti er þetta sú setning, sem enginn af fræðimönnum heimsins í þessari grein hefur leyft sjer að vefengja fyrri en h. þm. (L. E. Sv.). H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj). sagði, að þeir sem mest hefðu rifið niður bankann, þegar hann loksins var stofnaður, vildu nú fara að káka við hann og breyta. En þetta á ekki við mig, því að eg hef heldur borið hönd fyrir bankann og aldrei rifið hann niður. Eg hygg því, að þessi orð hans fari á mis við þann tilgang sem þau hafa átt að ná; eg þekki ekki meir en einn mann í útlöndum og einn hjer á landi, sem rifið hefur bankann niður.

H. sami þm. (J. A. Hj.) sagðist ekki geta gefið neitt fyrir þekkingu í bankamálum, nema hún væri samfara reynslu í bankastjórn. En jeg vil spyrja: Af hverju er þekkingin fengin? Er ekki öll bankafræði ávöxtur af reynslu annara manna, bankafróðra manna um allan heim? Jeg get því ekki, hversu mikið sem jeg vil meta eins árs reynslu í banka stjórn, ef þekking í bankafræði er henni ekki sameinuð, metið hana meira en þekking þá, sem er árangur af því að kynna sjer, ef til vill um mörg ár, reynslu hinna bankafróðustu manna í heimi. Eg segi ekki þetta til háttv. varaforseta (L. E. Sv.), heldur til háttv. 6. kgk. (J. A. Hj.), sem að öðru leyti vantar bæði eigin reynslu og einnig þekking á annara reynslu og kenningum.

Jakob Guðmundsson: Þá er eg hefi lesið í blöðunum ritgerðir um bankann, hefi eg ætíð gjört lítið úr þeirri hættu, sem eigi að vera seðlunum samfara, því í raun og veru getur hættan ekki verið nein, ef ekki eru til fleiri seðlar en viðskiptaþörfinni svarar. Jeg veit það, að þegar seðlarnir eru teknir upp í landssjóðsgjöld, auk allra annara gjalda, þá er bankaseðlaupphæðin ekki nema lítill partur af öllum þeim gjöldum. Eg hef og álitið, að það sje kostur á bankanum, að seðlarnir ekki eru innleysanlegir, því að annars mundi hver eyrir af gulli og silfri streyma út úr landinu; en af því að seðlarnir eru ekki innleysanlegir, verða þeir kyrrir í landinu sjálfu, til þess að greiða fyrir innanlands viðskiptunum. Jeg hef líka reynslu fyrir mjer í því, að í lítið hjerað hafa inn komið fleiri þúsund krónur í gulli og silfri fyrir sölu á hestum og fje, en eptir lítinn tíma hefur þetta allt saman verið horfið aptur, og að sjálfsögðu mikið af því streymt út fyrir óþarfa. Jeg er sannfærður um, að það er einmitt gott og nauðsynlegt, að seðlarnir sjeu kyrrir í landinu sjálfu, því að það hvetur. já, jafnvel neyðir menn til innanlands viðskipta.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal ekki reyna að svara háttv. sessunaut minum (Jakobi Guðmundssyni); jeg held að hann hafi ávarpað þingdeildina á grænlenzku, og af því eg get eigi svarað honum á sömu tungu, skal jeg láta það vera.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um afnám 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 (270); 1. umr.

Jón Ólafsson: Jeg vildi að eins standa upp til þess að leggja heldur á móti þessu frumv. Þessi 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 fer fram á, eins og menn vita, að veita þeim embættismönnum, er hafa 2000 kr. í laun *eða minna*, þau hlunnindi að geta fengið $^1/_4$ hluta árslauna sinna borgaðan út fyrirfram (Gageforskud), síðan er mánaðarlega dregið af launum þeirra $^1/_{24}$

hluti, þannig, að viðkomandi hefur á 2 árum með 24 afborgunum endurborgað þetta bráðabyrgðarlán. Þessi hlunnindi koma að eins til nota hinum lakast launuðu embættismönnum vorum, og sem því hafa brýnustu þörf fyrir þau; og þegar litið er til þess, hverjir þessir menn eru, að það eru einkum læknarnir og svo fáeinir skólakennarar, þá virðist fremur ósanngjarnt að fara nú að svipta þá þessum hlunnindum. Eg er að vísu eigi vel kunnugur sögu þessara bráðabyrgðarlána, en þó hygg eg að eg megi fullyrða, að síðan þessum embættismönnum voru veitt þessi hlunnindi með 5. gr. op. brjefs dags. 31. maí 1885, hefur ekkert annað tjón af hlotizt hjer á landi, en að í eitt skipti hafa tapazt rúmar 40 kr., er reyndust ófáanlegar úr dánarbúi eins skólakennara, er hafði fengið skyndilán samkvæmt þessu opna brjefi. Þetta er svo ómerkileg upphæð, að eigi sýnist taka því, að fara nú að búa til lög að eins hennar vegna. Það hafa þrátt fyrir öll lög farið stærri summur forgörðum fyrir landssjóðnum en þessar veslings 40 kr., og ættu menn fyrst að reyna að ná þeim inn.

Ef svo er, að eins sjeu ósanngjörn sveltilaun sumra embættismanna sem oflaun hinna hálaunuðu, þá er það enn þá ósanngjarnara að svipta hina fyrnefndu þessum litlu hlunnindum, sem geta komið þeim mjög vel. Fjölmennastir af þessum mönnum eru einmitt læknarnir, og eins og menn, vita leggja þeir mikið í kostnað bæði með meðalakaup og verkfæra; og það er mikið spursmál, hvort landið græðir á því að taka þessi hlunnindi af þeim, og hvort ekki einmitt landsmenn eru þar með sviptir greiðari og betri hjálp af læknanna hendi. Jeg hygg fremur að svo sje, og verð því að vera á móti frumv. þessu.

E. Th. Jónassen: Jeg get verið stuttorður því háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur tekið margt fram af því, sem jeg ætlaði mjer að segja. Jeg verð á móti frumvarpi þessu af sömu ástæðum sem hann, og ennfremur af því, að jeg álít það rangt, ef einhver flokkur manna hefur notið einhverra hlunninda um mjög langan tíma, eins og hjer á sjer stað, hvort sem það eru embættismenn eða aðrir, að fara þá að svipta þá þeim, án þess að brýnar ástæður sjeu til þess. Eins og h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, mun tilefni þessa frv. vera það, að landssjóður missti um 40 kr. einu sinni við dauða eins embættismanns, er ekki fengust endurgoldnar úr búi hans. Þetta er svo lítið tap á svo mörgum árum, sem þessi hlunnindi hafa staðið, að engin ástæða er til að þjóta nú upp og svipta þá embættismenn þessum rjetti, og sem þeir einir njóta, sem eru lægst launaðir. Jeg verð sem sagt að vera móti frv.

Sighvatur Árnason: Jeg þarf í raun og veru ekki að standa upp, því að 2 h. þm. hafa tekið það fram, er jeg ætla að segja. Þess ber vel að gæta hverjir þeir menn eru, sem hjer eiga hlut að máli, að það eru einmitt þeir menn sem standa á lægsta stigi launatröppunnar, þeir sem hafa í laun 2000 kr. og þaðan af minna. Jeg skal taka dæmi af einum aukalækni, sem nýlega er kominn í aukalæknishjerað og á að eins von á 1000 kr. á ári í laun; hann kom til umdæmis síns skuldum vafinn með tvær hendur tómar, verkfæralaus og meðalalaus. Jeg veit af því, að ef prívatmaður gjörði svona út mann, mundi það þykja forsending. Og hver er svo afleiðingin? Eins og gefur að skilja, er sá læknir mjög gagnslítill, sem bæði er meðalalaus og verkfæralaus, og hvorugt getur hann veitt sjer nema hann fái lán, og verði hann sviptur þeim rjetti, sem þessi 6. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 veitir honum, er ekki annað að flýja en að leita fyrir sjer með að fá lán, hvar sem veitast kynni

og þá máske með afarkostum, eða alls ekki, þegar veðið vantar. Jeg álít því mjög varhugavert að ráðast á þetta athvarf þessara manna, er standa á svo veikum fæti. Það væri allt öðru máli að gegna, ef laun þeirra væru hærri. Jeg verð því að greiða atkv. móti frv., enda þótt það sje komið frá háttv. neðri deild, sem mjer að vísu þykir ver en ekki, úr því jeg get ekki verið með frv.

Arnljótur Ólafsson: Það er athugavert að þetta frumvarp er komið hingað eptir að það er samþykkt í háttv. Nd., og því athugaverðara er þetta, sem frumvarpið snertir fjárhag landsins, því eins og kunnugt er, þurfa þessir forrjettismenn, er hjer um ræðir, eigi að greiða, samkvæmt opnu brjefi 31. maí 1855, vexti af þessum lánum, nje setja trygging fyrir þeim, og því ísjárverðara er það að vera á móti þessu frumvarpi, sem vjer höfum fellt svo mörg frumvörp fyrir neðri deild, úr því að það snertir fjárhag landsins; en þetta vil jeg ekki stuðla til að gjöra nema brýn nauðsyn beri til. Er nauðsyn þessi fyrir hendi? Jeg segi nei. Síðan 1855 hefur enginn skaði orðið, segja menn, nema hvað vextina snertir, segi jeg, og skyndilánin nema talsverðri upphæð. — Síðan 1855 hafa laun embættismanna hækkað, þau hækkuðu mjög 1875, en læknarnir og þeir embættismenn, sem hafa laun á rek við þá, eru ekki ver farnir en margir aðrir, t. a. m. blessaðir prestarnir, sem ekki einu sinni fá lán út á sínar eigin eignir, nema með þeim kjörum, að verða sjálfir að endurgjalda þær, og leggja síðan ofan á þær, þá er þeir hafa lokið andvirði þeirra að fullu. Þessi mikli ójöfnuður milli lækna og presta mundi miklu fremur lagast en skekkjast, ef menn samþykktu frumvarpið. *(S. Á.:* Bújarðir prestanna). Þeir geta ekki fengið lán upp á bújarðirnar, heldur kynni það að vera, að þeir geti fengið sjer bústýru til að búa með. Að mínu áliti er það því eigi rjett, að fella frumvarpið, því það rjettir skakka þann, sem er á milli láglaunaðra embættismanna, og eykur um leið dálítið tekjur landssjóðssins.

Jón Ólafsson: Út af ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) skal jeg geta þess, að reynslan er búin að sanna, að þessum lánum hefur landssjóður einungis tapað 42 kr. 75 aur.; það er auðvitað, að hann hefur enga vexti fengið af lánunum, en lánin eru heimiluð þannig, af því þessir embættismenn eru svo rýrlega launaðir, enda fær landssjóður enga vexti af fyrirliggjandi peningaforða sínum hvort sem er, svo það er ekki nema mála-myndar-ástæða. Jeg held því að hjer sje engin háski á ferðum fyrir landssjóð. Hann taldi það sem ástæður fyrir frumvarpinu, að laun embættismanna hefðu verðið hækkuð 1875; en það kemur ekkert þessu máli við, því það nær ei til þeirra embættism., er hafa hærri laun en 2000 kr., heldur einungis til þeirra embættism. sem hafa 2000 kr. í laun, *og það-an af minna.* Þó háttv. neðri deild hafi samþykkt þetta frumvarp, þá fer jeg ekki eptir því; jeg greiði atkvæði mitt eptir því, sem mjer sýnist rjettast að vera, en þetta, sem hjer kemur fram, er einhver ný tegund af sparsemi, sem víðar bólar á í ár í þeirri háttv. deild, og sem jeg ekki vil nefna hjer því nafni, sem jeg hygg henni hæfa. Mjer finnst það standi þinginu nær, að gæta þess, að landsjóður verði ekki fyrir stór töpum t. d. missi fyrir handvömm 22000 kr.

Jakob Guðmundsson: Mjer heyrðist aðalástæða háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) móti frumvarpinu vera þessi: „Þessir fá það, en guðsbörn sjá það ekki“, og hjelt jeg því, að jeg yrði tortryggður um, að það væri af misunnun eða öfundssýki, ef jeg af líkri ástæðu og 5. kgk. þm. (A. Ó.) gæfi atkvæði móti því. En það er ekki eins ástatt fyrir læknum og prestum, þó hvorirtveggju sjeu fátækir, því prestunum liggur ekki nærri því eins mikið

á lánum og læknum, þegar þeir byrja stöðu sína sem embættismenn. Læknirinn hefur ekki ráð á að kaupa sjer hin nauðsynlegustu áhöld og meðul; það væri meira að segja öll þörf á því, að landssjóður í fyrstunni styrkti þá til að afla sjer hinna nauðsynlegustu meðala og áhalda. Prestarnir eru að sönnu fátækir; en hjer er öðru máli að gegna; alþýða eða sóknarbændur hjálpa þeim opt og setja undir þá fæturnar með lánum, upp á væntanlegar tekjur, í skepnum og búsáhöldum, sem presturinn þarfnast og efnabændur geta úti látið. Jeg greiði því atkvæði mitt móti frumvarpinu.

Skúli Þorvarðarson: Jeg sje, að það er ekki til neins að mæla með frumvarpinu, því allir hafa mælt móti því, sem til máls hafa tekið, nema háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.). Mjer finnst að læknarnir sjeu ekki ver staddir en aðrir, bæði fátækir prestar, sem ekkert eiga til, þegar þeir ljúka námi sínu, og meira sagt eru skuldugir, og svo hver sem neyðist til að taka lán, vegna fátæktar eða bráðra þarfa; enginn minnist á bændur, þó þeir þurfi að taka lán og borga fulla vexti og tryggja lánið gildu veði til að geta byrjað búskap eða framkvæmt nauðsynlegt fyrirtæki; ættu því læknarnir að geta það, eins og hver annar prívatmaður; mjer þykir sem sagt þessi skyndilána veiting, sem hjer um er að ræða, bæði óþörf, og í annan stað gjöra misrjetti milli þeirra manna, er lána beiðast af landssjóði. Jeg greiði því atkvæði með frumvarpinu, þó jeg sjái fyrir, að það er ekki til neins fyrir framgang þess hjer í deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Tillaga til þingsályktunar um reikningsskil af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði m. m. (287)); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umræða samþ. í einu hlj.

Till. til þingsályktunar um hallærislán og hallærislánabeiðslur, (287); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umræða samþ. með 10 atkv. gegn 1.

Þrítugasti og annar fundur, miðvikudag 10. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga 1886 og 1887 (294) 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust í einu hljóði.

Frv. til laga um linun í ábúðar- og lausafjárskatti (267); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 gegn 2 atkv. Málinu vísað til 3. umræðu með 9 atkv. gegn 2.

Frv. til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. jan. 1884 (295,299); 3. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Vjer höfum nokkrir þm. stungið upp á þeirri breytingu (299) við frv., eins og það var samþykkt við 2. umræðu, að í stað orðanna: „þóknun eptir reikningi er sýslunefndin úrskurðar“ komi: „þóknun er sýslunefndin ákveður“. Vjer höfum sem sje hugsað oss, að sýslunefndin tiltæki vissa þóknun handa þeim mönnum, sem framkvæma þennan starfa, en ekki hitt, að þeir geti fengið eptir reikningi allt sem þeir hefðu kostað til, eða gætu átt neina kröfu til þess; að öðru leyti er þetta mál svo margrætt, að jeg finn enga ástæðu til að fjölyrða um það.

Jakob Guðmundsson: Jeg skil ekki vel, að það væri hentugt, að þessi breytingartill. kæmist að, því að það hlýtur ætíð að verða mjög misjafnt, sem þeir

menn hafa fyrir þessu starfi, er því eiga að gegna, og finnst mjer því, að sýslunefndin hljóti að tá einhverja skýrslu frá þeim um það. (*E. Th. J.:* Náttúrlega). En hvaða skýrsla getur þá verðið greinilegri en einmitt reikningur? Ef sýslunefndinni þykir sá reikningur of hár og ósanngjarn, þá er ekki annað en að setja hann niður. En í öllu falli hlýtur hún að þurfa einhverja skýrslu og einmitt reikningur er sú bezta skýrsla.

Sighvatur Árnason: Jeg verð að taka undir með h. þm. Dal. (J. G.). Einhverja skýrslu, eða einhvern reikning verður sýslunefndin að hafa fyrir sjer til þess að geta sanngjarnlega ákveðið þessa þóknun. Jeg kynni því betur við, að sú ákvörðun stæði, sem í frv. er, án þess þó að jeg leggi neina sjerlega áherzlu á, hvort breytingin kemst að eða ekki. En í öllu falli hlýtur sýslunefndin að leita sjer einhverra upplýsinga um tilkostnað þessara manna, því að öðrum kosti verður þessi þóknun ákveðin öldungis út í bláinn.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Það er ekki umtalsmál, að sýslunefndin hlýtur að afla sjer þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða sanngjarna þóknun fyrir þetta starf. En það getur orðið talsverður munur á, hvort ásetningsmennirnir fá þóknunina eptir reikningi eða að eins þóknun, er sýslunefndin ákveður, því í fyrra tilfellinu gæti það orðið talsvert dýrara fyrir viðkomandi sveitarfjelög. Jeg get enga ósanngirni sjeð í því, þótt þessir menn fái ekki fulla borgun eptir ströngum reikningi, því það eru margar sýslanir sem borgaraleg skylda er að hafa á hendi, svo sem sveitarstjórn, bæjarstjórn og fl., án þess menn geti fengið borgað hvert ómak, sem menn hafa af því. Jeg verð því að álíta, að breyt.till. bæti úr þeim ákvæðum, sem í frv. standa.

L. E. Sveinbjörnsson: Hið eina sem kom mjer til að skrifa undir þessa breytingartillögu var það, að mjer þótti hún vera rjettari í mállegu tilliti en það sem í frv. stendur. Vjer segjum aldrei „þóknun eptir reikningi", heldur „borgun eptir reikningi".

ATKVÆÐAGR.: Breyt. till. (399) samþ. með 7 : 4 atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 9 samhl. atkv. Frv. í heild sinni samþ. með 10 : 1, og síðan sent Nd.

Frv. til laga um breyting á 15. gr. stjórnarskárinnar (263); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg get ekki spáð neinu góðu fyrir þessu frv., af því að mjer finnst það ekki rjettilega framkomið. Jeg meina ekki þar með, að það sje óformlegt, heldur er ástæðan fyrir því sú, að það getur varla komið til tals, að breyta tölunni á þingmönnum í deildunum innbyrðis, án þess um leið að breyta tölu þingmanna yfir höfuð. 15. gr. stjórnarskárinnar, og ummæli hennar um, að tölu þm. í deildunum megi breyta með lögum, stendur auðsjáanlega í sambandi við 14. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem ákveðið er, að tölu þjóðkjörinna þm. yfir höfuð megi breyta með lögum. Og meðan tölu þjóðkjörinna þm. eptir 14. gr. er ekki breytt, meðan þjóðkjörnir þm. eru 30 og 6 kgk., er engin ástæða til að breyta hlutfallinu milli þingd. Jeg get heldur ekki skilið, hvað h. flutningsmönnum hefur gengið til að koma fram með þetta frumv. sjerstaklega, þegar þess er gætt, að í frv. því til stjórnarlaga, er samþykkt var á þingi 1885, 1886 og nú í h. Nd. 1887 er haldið þessari sömu tölu í báðum deildum, 24 í Nd. og 12 í Ed. Jeg hygg að einmitt það sýni, að mönnum hafi geðjazt vel að því hlutfalli, og að því sje ekki ástæða til að breyta því.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Hæstv. landsh. var eigi viðstaddur, þegar frv. þetta var til 1. umr. og heyrði því ekki ástæður þær, er þá vóru teknar fram fyrir

þessu frv. Jeg skal þá leyfa mjer að taka þær helztu ástæður fram aptur. Eins og kunnugt er, hafa sæti í Ed. jafnmargir þjóðkjörnir þingm. sem konungkj. Þegar nú þingið er rofið, og þjóðin á að sýna það með nýjum kosningum, hvort það mál, er valdið hefur þingrofinu, er áhugamál hennar eða ekki, þá er það undir hendingu og kasti komið, eins og nú á stendur, hvort þetta getur komið í ljós á þinginu eða ekki, enda þótt þjóðin hafi kosið alla sína fulltrúa innbyrðis sammála, og sammála sjer í þessu áhugamáli. Eptir því sem nú stendur á, er það undir hendingu og kasti komið, hvort hinir kgk. eða hinir þjóðkj. þm. verða í meiri hluta í Ed. Það getur auðveldlega komið fyrir, og hlýtur af og til að koma fyrir, eins og stjórnin notar kosningarrjett sinn, að þjóð og stjórn greini á í ýmsum málum, og þá er það ekki nema eðlilegt, að einhver vegur sje til fyrir *þjóðina* að geta náð *þeim* tilgangi kosninganna, að það sjáist, hvað *hún* vill. Það hafa orðið þau atvik sjerstaklega í seinni tíð, sem sýna það glöggt, að það er eðlilegt og ekki um skör fram, að svona lagað frv. kemur fram. Að stjórnin þurfi að vera mótstæðileg þessu frv., get jeg ekki sjeð, því að hún hefur samt sem áður synjunarvaldið, og getur jafnan með því að beita því, sett þinginu stólinn fyrir dyrnar. Það er því ekki með þessu frv. kippt frá henni neinu því valdi, er henni ætti að þykja nokkurs um vert. Það er satt, sem háttv. landshöfðingi sagði, að í 14. gr. stjórnarskrárinnar er gjört ráð fyrir, að breyta megi tölu þjóðkjörinna þm.; en við flutningsm. gátum ekki sjeð, að samband 14. og 15. gr. væri svo náið, að ekki mætti breyta 15. gr. án þess að 14. greininni væri líka breytt, eins og líka 15. gr. sjálf heimilar, án þess hún bendi á eður áskilji, að sams konar breyting á stjórnarskrárinnar 14. gr. sje jafnframt nauðsynleg. En ef jeg heyri það, að stjórnin álítur þetta frv. aðgengilegra, ef einnig er breytt tölu þjóðkjörinna þingm. í 14. gr., þá er jeg ekki ófús á að fallast á breytingartill. í þá átt; enda er það hægt að koma henni að við 3. umr., og vona jeg h. hæstv. landsh. komi fram með hana, ef hann álítur það æskilegt; eða ef hæstv. landshöfðingi vill lýsa því yfir fyrir stjórnarinnar hönd, þá sje jeg ekkert á móti því, að það sje gjört af oss þingmönnum. Það eru margar fleiri ástæður til þess, að æskilegt væri, að fjölga tölu þingm. í Ed. Hluttaka Ed. í málum þeim, er á þingið koma, hlýtur að verða minni en Nd., þar sem Ed. er svo fámenn í samanburði við Nd. Og þegar fjöldi mála ryðst inn í Ed. frá hinni fjölmennu Nd., þá er auðvitað að Ed. vantar krapta, til að geta leyst hlutverk sitt af hendi eins fljótt og vandlega, sem æskilegt væri. Enda hefur það sýnt sig, að krapta hefur vantað, þegar kjósa hefur þurft margar nefndir, því að svo mikið hefur hlaðizt á suma þm., að það hefur tafið mjög fyrir að nefndarálit, jafnvel í áríðandi málum, svo sem í stjórnarskrármálinu, hafi getað komið fram, svo að þeim hefur verið hætt við að deyja sakir annríkis þingm.

Jakob Guðmundsson: Jeg skal taka það fram á móti því, sem h. hæstv. landshöfðingi sagði um það, að ekki virtist ástæða til að breyta töluhlutfallinu milli þingdeildanna, þar sem sama hlutfalli væri haldið í stjórnarskrárfrv. nýja á móti þessu skal jeg taka það fram, að það liggur í augum uppi að þar er allt öðru máli að gegna, því að þar er ráð fyrir gjört, að þessir 12 þm. Ed. verði allir þjóðkjörnir þingmenn, en hjer er gengið út frá því, að 6. kgk. sjeu í Ed. Jeg veit ekki betur, en að það sje aðalatriðið sem gjörir það ástand, sem nú er, óvinsælt hjá þjóðinni, að 6 þm. Ed. eru konungkjörnir. Jeg held ennfremur, að það sje mest þeim

mönnum í vil, sem ekki vilja breytingu á stjórnarskránni nú, að þetta frv. yrði samþykkt, því að yrði það að lögum, hjálpar það töluvert í þá átt, að breyting stjórnarskrárinnar yrði síður óumflýanlega nauðsynleg.

Landshöfðingi: Mig grunaði það hálfpartinn áður en jeg heyrði ræðu h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), hvar fiskur mundi liggja undir steini. En þar sem hann byggir á því, að í Ed. sjeu 2 flokkar, annar þjóðkjörinn en hinn kgk., þá er það hreinasti misskilningur. Jeg get ekki kannazt við neina þesskonar flokkaskipun. Allir alþingismenn eru fulltrúar lands og þjóðar, og hafa allir hinar sömu skyldur sem þingmenn. Jeg efast ekki um, að hinir kgk. hafi eins mikið vit, eins góðan vilja og eins mikla föðurlandsást eins og hinir þjóðkjörnu, og þeir kgk. engu síður en hinir hafi löngun til að vinna ættjörðu sinni gagn. Það er því engin ástæða til að flokka þm. eptir því, hvort þeir eru kosnir af þjóðinni eða konunginum. Jeg skildi ekki, hvað h. sami þm. (J. Ól.) meinti með því, að atvik hefði sýnt það nýlega, að æskilegt væri, að hinir kgk. þm. væru í minnihluta. Það er öldungis ekki almennt, að hinir kgk. þm. greiði allir atkvæði saman, enda leggur stjórnin ekkert hapt á atkvæði þeirra, sem hún kýs; þeir eru ekki að því leyti heldur en öðru frábrugðnir öðrum þm. Jeg álít að hinum kgk. sje gjörð vanvirða og rangt til með því, að drótta því að þeim, að þeir standi að baki hinum þjóðkjörnu í nokkru. Jeg tek það upp aptur: þeir hafa eins mikið vit og eins góðan vilja á að efla hag þjóðarinnar.

Jón A. Hjaltalín: H. þm. S.-Þing. (B. Kr.) gat þess við 1. umr. þessa máls, að hann hefði heyrt þau ummæli, þó ekki af þingmönnum, að bezt væri að Nd. gæti haft Ed. í vasa sínum. Jeg er honum samdóma um, að þetta væri ekki heppilegt, enda áleit hann það heldur ekki. En ef þetta er þó ekki vilji hans, skil jeg ekki meininguna í frv. þessu. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að eptir uppást. h. flutningsm. í þessu frv. eigi það að koma fram, sem hann (B. K.) ber ótta fyrir. Þeir h. flutningsmenn (J. Ól. og B. Kr.) stinga sem sje upp á því, að bætt verði við í Ed. svo mörgum, að þar verði algjörður meiri hluti af þeim þm., sem kosnir eru eptir sömu reglum, sem þm. Nd., og svo kosnir af Nd. upp í Ed. Afleiðingin af þessu hlýtur að verða sú, að Nd. velur þá þm. til sætis í Ed., sem hún veit fyrirfram, að verði sjer fylgispakir, og þá er Ed. á fullkomnasta hátt komin í vasa Nd. Það er þó sú regla víðasthvar um heim, þar sem 2 þingdeildir eru, að kosið er til hvorrar um sig eptir misjöfnum skilyrðum. En jeg sje ekki betur, en að eptir því sem uppást. h. þm. leiðir til, væri tilganginum samkvæmast, að hafa að eins eina deild í þinginu.

H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) talaði um, að ofmikið hlæðist á einstaka þm. í Ed. sökum fæðarinnar. Þetta getur vel verið; en hvort þetta batni við það, þótt fjölgað yrði þm. í Ed., er undir því komið, hverjir mest yrðu þá kosnir í nefndir. Annars vil jeg segja h. þm. (J. Ól.) það, að ekkert væri á móti því, að hann færi í dálítið frumvarpabindindi, til þess að ofhlaðist ekki á hina fáu þm. Ed. — Því getur hann stungið hjá sjer.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): H. hæstv. landsh. gat þess í ræðu sinni, að hinir konungkjörnu þingmenn hefðu eins gott vit á og eins góðan vilja til að stunda gagn fósturjarðar sinnar, og hinir þjóðkjörnu þingmenn; hver hefur rengt það? Jeg hefi að minnsta kosti ekki lýst neinum efa um, eða borið brigður á það; en þegar hann sagði, að það væri engin ástæða til að tala um, að flokkar væru tveir hjer í deildinni, annar konungkjörinn og hinn þjóðkjörinn, þá er jeg honum ekki sam-

dóma, því þar til er fullkomin ástæða. Þegar báðar deildir samþykja eitthvert mál, en stjórnin er á gagnstæðri skoðun og sætir færi að kasta þeim úr sæti af sínum mönnum, sem hafa verið andvígir skoðun hennar, hver er þá meiningin, eða hver er tilgangurinn með þingrof? Hættir ekki helzt til oft deildinni við að klofna í tvennt, er til atkvæða kemur, einmitt eftir því, af hverjum þingmenn eru kosnir? Þetta sýnir einmitt, að 2 flokkar eru í þingdeildinni, annar konungkjörinn, en hinn þjóðkjörinn Það er og satt sem hæstv. landsh. tók fram, að það er ekkert hapt á hinum konungkjörnu þingmönnum, að þeir eru kosnir af stjórninni, því þeir eru ei bundnir við annað en sannfæringu sína; en stjórnin á hinn bóginn á kost á að kynna sjer eða að fá að vita, hver sannfæring manna er áður en hún kýs þá, alveg eins og þjóðin reynir að kynna sjer skoðanir sinna þingmanna áður en hún kýs þá. Það er því eigi tiltökumál, þegar þing er leyst upp, eins og t. a. m. átti sjer stað út af málinu um endurskoðun stjórnarskárinnar, þótt stjórnin helzt kjósi þá menn, sem hún veit fyrirfram að eru henni samdóma; menn geta ekki láð stjórninni það meir en þjóðinni; hver partur fyrir sig, stjórn og þjóð, kýs sína fulltrúa allt eptir því, sem hvor partanna álítur, að sjer sje fyrir beztu, og þetta er eðlilegt. En þar sem þó þing á að geta verið táknun þjóðarviljans, þar sem hann er einbeittur og óskiptur, þá er og eðlilegt, að þjóðin gæti tryggt sjer að svo verði, tryggt sjer, að stjórnin gæti eigi með kosningum sínum múlbundið fulltrúaþing þjóðarinnar. Það er því eðlilegt, að vjer frá okkar sjónarmiði viljum tryggja það, að þjóðin geti hjer í deildinni sýnt eða komið fram vilja sínum, og þetta er í raun-inni engin hætta fyrir stjórnina, þar sem hún, sem handhafi staðfestingarvaldsins, að lokunum ræður þó öllum úrslitum málanna. H. 6. kgk. þingmaður tók það fram, að það væri auðsjáanlega tilgangurinn með því að láta meiri hluta Ed. vera skipaðan þjóðkjörnum mönnum, að hafa efri deild í vasa neðri deildar; eptir þessu frumvarpi kæmi efri deild til að verða það. En eptir þessu álítur hann hvern þann, sem kosinn er af öðrum, í vasa þess sem hefur kosið hann. Hann álítur sig þá sjálfsagt í vasa stjórnarinnar, úr því að hann er konungkjörinn þingmaður. Nei, hluturinn er sá, að hvorki þjóðkjörnir nje konungkjörnir þingmenn eru kosnir með „imperativ mandat“. En væri svo, að fulltrúar þjóðarinnar, hvort heldur þjóðkjörnir eða konungkjörnir, hlytu endilega að vera í vasa kjósenda sinna, þá verð jeg að segja, að hollara mun og rjettara að þeir sjeu í vasa þjóðarinnar, heldur en í vasa konungs eða stjórnar. En það þarf ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, þótt 9 yrðu kosnir, vel að merkja ekki af neðri deild, heldur af *sameinuðu þingi*, inn í efri deild.

Þeir atburðir hafa og orðið við síðustu kosningar út af stjórnárskrárendurskoðaninni, sem hafa sýnt það, að þjóðin má ganga að því vísu, að stjórnin hagnýti kosningarrjett sinn til flokkfylgis eingöngu eins og hún hefur nú sýnt sig í.

Landshöfðingi: Mjer skildist eins og h. flutningsm. (J. Ól.) benda til þess, að þingrof hefði átt sjer stað út af ágreiningi milli þjóðar og stjórnar. Þetta þing er ekki gamalt sem löggefandi þing, ekki eldra en síðan 1875, enda hefur síðan að eins eitt þingrof átt sjer stað, en alls ekki út af ágreiningi milli fulltrúa þjóðarinnar annarsvegar og stjórnarinnar hinsvegar, heldur eptir beinum fyrirmælum stjórnarskrárinnar, og þó að stjórnin væri ekki samdóma þinginu um það mál, sem gaf tilefni til þingrofsins, þá gat það ekki komið fram í kosningu konungkjörinna þingmanna til aukaþingsins, því stjórnin kaus engan þingmann til aukaþingsins

1886, sökum þess að kosningartími hinna konungkjörnu, sam þá sátu á þingi, var ekki á enda; það er heldur ekki rjett, að stjórnin nú 1887 hafi látið málið um endurskoðun stjórnarskrárinnar ráða kosningum sínum og að eins kosið þá menn, sem hefðu látið vilja sinn í því máli í ljósi; því það var einungis helmingur hinna nýu konungkjörnu þingmanna, sem höfðu gjört það; hinir þrír höfðu ekki, svo stjórninni væri kunnugt, sagt eða látið í ljósi neitt í þá átt, og það er fyrst nú, að skoðun þeirra í þessu efni kemur í ljós. Jeg sje því ekki, að þingrofa vegna sje nauðsynlegt að breyta tölu þingmanna í efri deild; jeg held það sje bezt eins og er, og þar sem háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) spurði mig, hvort þessi breyting mundi þykja aðgengilegri, ef tölu þingmanna yrði fjölgað, þá ímynda jeg mjer, að hagur landsins naumast mundi leyfa það; að fækka þingmönnum, er heldur ekki ráðlegt; jeg hygg því að það sje heillavænlegast, að sitja við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Benidikt Kristjánsson: Háttv. 6. kgk. þingm. hafði orð eptir mjer, við fyrri umr. máls þessa, sem jeg skal ekki bera á móti að jeg ljeti mjer um munn fara, en jeg gat þess einungis, að jeg hefði heyrt það, en setti það hvorki í samband við þingið, eða þingmenn í neðri deild; þar á móti minntist jeg þessara ummæla sem fjarri öllum sanni, er jeg talaði um þann þýðingar- og ábyrgðarmikla starfa, sem falinn er efri deild að leysa af hendi, jafnfáskipuð og hún er; því þyrfti nauðsynlega á góðum kröptum að halda. Háttv. flutningsmaður (J. Ól.) tók það fram, að brýn nauðsyn bæri til að fjölga mönnum í efri deild, þegar þingrof yrði, en jeg held það sje ekki meiri ástæða til þess þá, en við hvert annað lagasetningarstarf. Eptir skipun efri deildar, þá hefur hún mjög svo mikið starf að leysa af hendi, og jeg ætla að eptir stjórnarskránni þá eigi vilji þjóðarinnar að koma þar fram. En eins og efri deild nú er skipuð, þá hefur hún ekki nægilegt vinnuafl, og heldur ekki fullnægjandi atkvæði fyrir vilja sínum sem fultrúa þjóðarinnar. Þegar menn nú skoða löggjafarvaldið, þá samanstendur það af tveim „faktórum“ eða gjörendum, stjórnarvilja og þjóðarvilja, og til þess að þeir geti notið rjettar síns, verða þeir jafnt að geta komið fram; það er enginn hætta með það, að stjórnviljinn geti ekki komið fram í lagasetningunni í gegnum neitunarvaldið og umboðsmann sinn á þingi, en til þess að þjóðviljinn geti komið fram, má hann ekki geta orðið bældur niður á þinginu og þá er deildaskipunin rjett, en út af þessu getur borið eptir því sem efri deild nú er skipuð, er jafn margir konungkjörnir sem þjóðkjörnir eru í henni, því það er eðlilegt, að hver faktóranna kjósi fulltrúa sína samkvæmt skoðun sinni.

Arnljótur Ólafsson: Háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) skýrði málið vel frá sínu sjónarmiði. Það er víst tilgangur málsins, að þjóðviljinn komi fram. En ekki er það upphátt sagt í frumvarpinu, að það sje til þess gert, að þjóðviljinn komi fram. Þjóðviljinn er alstaðar ríkjandi og ríklundaður og því er það von, að feður frumvarpsins gjöri sjer ómak fyrir, að hann beri yfirhönd einnig hjer í deildinni. Slíkur þjóðvilji kom og fram við forsetakosninguna hjer í deildinni; á þingmanna bekkjunum hefur þessi þjóðvilji því einnig yfirhönd að höfðatölunni til. Það hlyti því að verða af eintómum slysum, ef þjóðviljinn ekki hefði yfirhönd við sjerhverja atkvæðagreiðslu. *(J. Ól:* Það er seint að byrgja brunnin o. s. frv.). Hvort er nú affarasælla, að þjóðviljinn þing eptir þing komi fram og hafi jafnan yfirhönd, en stjórnarviljinn komist aldrei að *á þingi* heldur einungis *eptir þing*, eður hitt, að stjórnviljinn komist einnig að á þingi? Jeg set nú, að þessi svonefndi þjóðvilji

geti sífellt haft yfirhönd á þinginu og að samþykktir hans komist jafnan á prent í þingtíðindunum; en afleiðingin verður sú, að þá neytir konungur eða stjórnin því optar synjunarvaldsins. En hver verður afleiðingin fyrir heill landsins? Hvort er betra að þjóðvlijinn komi svona fram, en verði aldrei að lögum eða komi til framkvæmda, eða hitt, að samvinnan sje meiri á þinginu og fleiri nytsöm lög nái staðfestingu? Jeg hygg að frumvarpið sje hjer heldur til skammsýnt; það ávinnur, að þjóðviljinn alltaf kemst hjer fram í efri deild, en lögin koma ekkert fremur út fyrir það. Þessi aðferð er auðsjáanlega til engra heilla fyrir land og lýð; en allt kæmi til að standa í stað. Hæstv. landsh. tók það fram, að stjórnviljinn eða hinir konungkjörnu þingmenn hefðu allt eins vel bæði vit á og vilja til, að vinna að heill og framförum þjóðar sinnar, eins og þjóðviljinn eða hinir þjóðkjörnu menn. Jeg er alveg á sama máli. Jeg geng að því vísu, að hver þingmaður vilji vinna að heill og gjöra fósturjörðu sinni allt það gagn, sem honum frekast er unnt, hvort heldur hann er konungkjörinn eða þjóðkjörinn; en ágreiningur og skoðunarmunur hlýtur að verða og er nauðsynlegt að komi fram, til þess að skýra málin á báða bóga, hvað sje með og hvað móti. Þótt nú ágreiningur veki þrætu, verður eigi aðgjört; eigi verður siglt fyrir öll annes. Mig furðar á því, að háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skuli hafa komið fram með þetta frumvarp; hann veit þó að í öðrum löndum eru efri deildir settar saman eptir strangari reglum en þessi efri deild, jafnvel „senatið“ í Ameríku. *(J. Ól.:* Er það kosið af stjórninni?) Nei, en það er sett saman eptir strangari kosningarlögum, en hjer eru viðhöfð, og sem gjöra „senatið“ enn íhaldssamara. Eins er ástatt í Danmörku, þar eru að tiltölu miklu færri konungkjörnir í landsþinginu, en hjer í efri deild, og þó er landsþingið miklu íhaldssamara; því valda kosningalögin. Jeg hygg það heppilegra, að í efri deild komi fram hinn gætni, íhaldssami, jafnvel hinn afturhaldssami vilji, þar sem í neðri deild kemur í ljós hinn framgjarni og enda á stundum hinn framhleypni vilji. Vjer megum ekki sveima í eintómu iðukasti umbreytinga. Vjer megum ekki vera einlægt að hringla með löggjöfina; lögin eiga að standa lengur en 1 ár; of mikil framsókn leiðir til þess, að menn vita ekki hvaða lög eru í gildi, þá er lögin standa eigi degi lengur. Jeg greiði því atkv. móti frv.

Jakob Guðmundsson: Þar sem hæstv. landshöfðingi svo greinilega útlistaði afstöðu hinna konungkjörnu þingmanna gagnvart hinum þjóðkjörnu, í sambandi við afstöðu hinna konungkjörnu gagnvart stjórninni, þá tók hann það skýrt fram, að hinir konungkjörnu væru á þingi ekki bundnir við annað en sannfæringu sína. Þetta skildi maður. En þegar stjórnarskráin hefur verðið skilin svo, að stjórnin hefði þessa fulltrúa á þingi til þess að þar væru alltaf menn á hennar skoðun, þá er þetta líklega komið af misskilningi, og þaðan er það sprottið, að tala um stj.vilja og þjóðvilja. Stjórnin hefur ekki nema 1 fulltrúa á þingi, sem segir frá hennar skoðunum, en ekki 7. Mjer brá því, þegar h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) eins og benti til þess, að hinir konungkjörnu væru til þess, að stjórnin því betur gæti haft hönd í bagga með, eða hver getur skilið hann öðruvísi? En þetta kemur í mótsögn við skoðun hæstv. landsh., sem jeg álít alveg rjetta.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg ætla ekki að fara fleirum orðum um afstöðu hinna kgk. og þjóðkjörnu þingmanna sem fulltrúa stjórnarinnar og þjóðarinnar, því að um það hafa ekki komið fram skiptar skoðanir nema milli háttv. 5. kgk. (A. Ól.) og háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.), og sýnist mjer rjettast að lofa þeim sjálfum að jafna þann

ágreining. En jeg verð að geta þess, að þótt stjórnin gefi ekki þeim sem hún kýs til þingsetu „imperativt mandat“ til að fara eptir, að þá mun stjórnin eigi síður en þjóðin helzt kjósa þá menn, sem hún fyrir fram veit, að muni fylgja fram skoðun sinni. Hæstv. landsh. sagði, að þingrof hefðu hlotið að verða 1885, þótt stjórn og þjóð hefðu verið alveg á einu máli um stjórnarskrárbreytinguna. Þetta er alveg satt; en í það skipti var ekki því að heilsa, að stjórn og þjóð væru sammála, því lýsti landsh. yfir fyrir hönd stjórnarinnar á þingi bæði 1885 og 1886. Hæstv. landsh. sagði, að 3 af hinum konungkjörnu hefðu ekki áður látið álit sitt í ljósi, og hefði stjórnin rennt blint í sjóinn með þá. Hann hefur víst meint, að þeir hafi ekki áður látið álit sitt í ljósi *á þingi*. En það er hægt að komast að skoðun manna á annan hátt t. d. við kosningarfundi. *(Landsh.:* Stjórnin veit náttúrlega ekkert um, hvað fram fer á kjörfundum hjer). Það getur skeð, að hún geti frjett það. Að minnsta kosti ætla jeg að hún muni hafa einhverja vegi, til að þurfa ekki að renna alveg blint í sjóinn, enda get jeg ekki láð stjórninni það, þótt hún renni ekki blint í sjóinn við þingmannakosning sína fremur en þjóðin. Það mundi þykja óhyggilegt af þjóðinni, ef hún tæki þingmenn sína af handahófi, og jeg veit að stjórnin er of hyggin til að gjöra það. Háttv. 5. kgk. (A. Ó.) sagði, að það væri auðsjáanlega tilgangur vor með frumvarpinu, að veita þjóðviljanum yfirhönd á þingi; það er satt, því jeg álít það alveg nauðsynlegt; annars gef jeg ekki mikið fyrir þingið. Jeg álít að þjóðin hefði sáralítið gagn af þinginu, ef hún hefði enga von um að fá vilja sínum framgengt á því. Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) spurði, hvort jeg áliti ekki heppilegt að stjórnin hefði hönd í bagga með lagasetninguna; hann hefur sjálfsagt átt við með lagasmíðið, því að jeg tel staðfesting laganna heyra lagasetningunni til, og að sjálfsögðu staðfestir stjórnin lögin. Jeg skal svara því svo, að jeg álít það mjög óheppilegt, að stjórnin hafi ekki hönd í bagga með lagasmíðið. Jeg álít það meira að segja mikinn skaða, ef enginn mætti af stjórnarinnar hendi á þingi, því að þá væri hætt við að alls engin samvinna gæti átt sjer stað milli þings og stjórnar, eða að þingið ynni þó enn optar fyrir gíg en það gjörir.

Jeg vildi meira að segja óska, að stjórnin hefði *meiri* hönd í bagga með en hún gjörir; jeg vildi að hún vildi optar en hún gjörir taka upp þau mál, sem eru áhugamál þjóðarinnar, en ekki hafa náð staðfestingu hennar, og leggja þau fyrir þingið með þeim breytingum, sem henni þættu aðgengilegar. Jeg sje ekki að frv. þetta fari í nokkru fram á að rýra afskipti stjórnarinnar af lagasmíðinu. Þótt háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) áliti hina kgk. þm. umboðsmenn stjórnarinnar, þá verð jeg að mótmæla því, að svo eigi að vera; stjórnin þarf ekki 7 umboðsmenn á þingi; jeg verð þvert á móti að vera samdóma hæstv. landshöfðingja um, að þeir *eigi* einmitt að vera fulltrúar þjóðarinnar, enda er hjer ekki farið fram á að fækka þeim, heldur farið fram á að styrkja afl hinna þjóðkjörnu þingmanna til úrslita málanna. *(A. Ól.:* Móti hverjum?). Auðvitað móti hinum kgk., en vel að merkja að eins til að ráða *úrslitum hjer á þinginu*, en ekki til að svipta þá og stjórnina neinni *hlutdeild* í lagasmíðinu. Stjórnin hefur allt af neitunarvaldið hjá sjer, svo að það er engin þörf fyrir hana að geta ráðið úrslitum málanna á *þingi*. Jeg veit sannarlega ekki, hver önnur meining getur verið í *því* fyrir stjórnina, að vilja endilega hafa meiri hluta atkvæða á þingi, en sú, að spara sjer lagasynjanir. En hversu stjórnhollur sem jeg er og vil vera,

þá get jeg *enga* ástæðu fundið til að spara henni það ómak.

Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) hjelt að afleiðingin af því, að þjóðkjörnir þingm. fengju fulla yfirhönd í efri deild, mundi verða sú, að lagasynjunum mundi hljóta að fjölga, sjálfsagt annaðhvort af því, að þjóðkjörnir þingmenn sje ekki eins færir um að semja viðunandi lög eins og konungkjörnir, eða þá af því, að hann heldur, að konungkjörnir þingmenn megni opt með atkvæðum að drepa *góð* lagafrumv., sem stjórninni af einhverjum ástæðum ekki mundu geðjast. En jeg held að það mundi ekki fara svo, því að bæði fylgir öllu valdi ábyrgð, og jeg ætla að þjóðkjörnir þingmenn mundu finna, að þeir eru ekki lausir við hana, og að þeir mundu enn vandlegar en nú skoða huga sinn áður en þeir greiddu atkvæði í málum, einmitt af því, að þeim veittist greiðari aðgangur að því að ráða úrslitum málanna; auknu valdi mundi hjer sem endrarnær fylgja aukin ábyrgðartilfinning, sem mundi gjöra þingmenn enn varfærnari en þeir eru. Líka hef jeg ekki orðið annars var, en synjanir hafi komið á lögum frá stjórninni, þótt konungkjörnir þm. hafi greitt atkvæði með þeim; því sje jeg enga beina trygging fyrir því, að stjórnin beiti ekki synjunarvaldi sínu, þó á þingi sitji kgk. þingmenn, sem ekki hafa beint umboð frá stjórninni að fylgja vilja hennar í öllu, þótt hún við kosninguna hafi tekið tillit til skoðunar þeirra í stórmálum. Eg get engum kgk. þingmanni ætlað það, að hann fylgi því einu fram, sem hann hyggur stjórninni geðþekkt, eða hann fylgi *nokkru* fram eingöngu af þeirri ástæðu. Mjer heyrðist á háttv. 5. kgk. (A. Ól.), að það væri spillt ómak að taka upp nokkurt mál, sem stjórnin hefði synjað að samþykkja. En þingsaga vor sýnir einmitt hið gagnstæða; hún mun sýna það, að *ekkert* hefur verið það mál, sem þjóðin hefur haldið fast og stöðugt fram svo, að það hafi ekki á endanum fengið framgang. Þetta sýnir tvennt: bæði það, að þingið heldur ekki stöðuglega fram öðrum málum en þeim, sem eru góð og heillavænleg, og eins hitt, að stjórnin er svo sanngjörn, að hún lofar tímanum og skynsamlegum rökum að hafa áhrif á sig, en ber ekki höfðinu við steininn. Jeg segi þetta bæði þingi og stjórn til lofs. Hamingjunni er svo fyrir að þakka, að stjórnin hefur þó til þessa að lokum látið að beiðni vorri; vjer munum allir hvernig fór á endanum með undirskriptina undir lagatextann, og vjer vitum allir hvernig lagaskólamálinu er nú komið, að aðalástæða stjórnarinnar fyrir synjun hans er nú horfin, en nú komin fram ný ástæða til að synja um hann að eins um stundarsakir. Þetta sýnir einmitt, hve farsæl samvinna milli þings og stjórnar getur verið, þegar hún fær að ganga sinn eðlilega gang. En það veldur skaðlegum drætti og óheillavænlegri sundrung, að ástandið er eins og það er. Jafnvel á ráðgefandi þinginu urðu engin vandræði að því, þótt þjóðkjörnir þingm. hefðu þar yfirhönd við atkvæðagreiðslur. Jeg vona því að menn sjái og kannist við, að frumv. fer ekki fram á annað en það, sem eðlilegt er. Þegar bæði þjóð og stjórn velja menn á þing, sem skiptast einatt í tvo flokka eptir því, af hvorum þeir eru kosnir, þá verður annaðhvort að hafa yfirhönd, þjóðin eða stjórnin; en hvort er eðlilegra, að sá málsaðili hafi yfirhöndina á þingi, sem að eins má vinna að sínum hluta að laga-*smíðinu*, laga-*samningunni*, eða hinn, sem bæði getur tekið þátt í lagasmíðinu og líka hefur staðfestingar- eða synjunarvaldið? Jeg verð að segja, að mjer þykir eðlilegra að sá parturinn hafi það, sem ekki hefur hið endilega úrslitsvald, og þessi parturinn er *þjóðin* eða *hennar* kosnu menn. H. hæstv. landshöfðingi gat því miður ekki gefið mjer von um, að frv.

mundi verða þakknæmilegra fyrir það, þótt farið yrði fram á að fjölga tölu þjóðkjörinna þingmanna yfir höfuð; sje jeg mjer því ekki til nokkurs að koma með breytartill. um það til 3. umr., þótt jeg að öðru leyti mundi hafa verið ekkert ófús á það, ef jeg hefði haft von um, að það mundi geta leitt til samkomulags.

Landshöfðingi: Jeg ætla að leiðrjetta eitt atriði í ræðu háttv. 1. þm. S.-Múlas. (Jóns Ólafssonar); mjer fannst hann gefa í skin, að jeg hefði sagt, að stjórnin hefði rennt blint í sjóinn yfir höfuð með þingmannakosninguna; jeg sagði að eins, að hún hefði rennt blint í sjóinn um skoðanir þeirra í stjórnarskrármálinu. Jeg er ekki svo fróður, að jeg viti til, að þrír þeirra hafi opinberlega látið í ljósi skoðun sína á því. *(J. Ól.:* Eyfirðinga kjörfundur!). En þegar stjórnin kaus síðast til þings, þá vissi hún, að hún kaus til 6 ára; hún kaus því ekki menn til að fylgja fram nokkru einstöku máli, heldur kaus hún þá menn, sem hún hafði bezt traust á að mundu á þingi fylgja fram hverju því máli, sem gæti miðað til að efla sannar framfarir þjóðarinnar, hvenær sem það kæmi til meðferðar, um þennan 6 ára tíma; hún kaus eptir almennum hæfileikum, en ekki eptir skoðunum í sjerstökum málum.

Arnljótur Ólafsson: H. þm. Dal. (J. G.) misskildi síðustu ræðu mína, og er hann þó ekki vanur að misskilja. Hann tók ekki eptir því, að í fyrri hluta ræðunnar skoðaði jeg málið frá sjónarmiði flutningsmanna þess. Jeg leitaðist við að leiða rök að því, að það væri óheillavænlegur misskilningur, að vera að setja tvo vilja svo andvíga hvorn öðrum, það er að segja, þjóðviljann og stjórnviljann. Flutningsmaður (J. Ól.) talaði um, að þjóðviljinn ætti að geta komið fram í efri deild, eins og hann nú gæti eigi þar komið fram. Hvernig stendur á þessari umkvörtun? Er þjóðviljinn nú bældur niður, eða missa þjóðkjörnir þingmenn í Ed. þjóðviljann við það, að þeir hafa ekki nema 6 atkvæði á móti 5, eða stöku sinnum 5 atkvæði móti 6? Það eru flutningsmennirnir, sem hafa komið inn þessari tvídeiling á þjóðvilja og stjórnvilja. Mín skoðun er aptur á móti sú, að tvídeiling þessi sje ekki til; mín skoðun er, að í Ed. eigi að vera gætnir menn, íhaldsmenn, allt að því apturhaldsmenn, eins og í Nd. eru framsóknarmenn, framhaldsmenn og allt niður að framhleypnum mönnum. Í Ed. er nauðsynlegt að komi fram stillt en sífellt framhald og festa í lagasetningunni.

H. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vildi breyta orðum mínum, þegar jeg talaði um hlutöku stjórnarinnar í lagasetning á þingi og utanþings. En jeg finn ekki misskilning minn, því eptir skoðun sjálfra flutningsmanna, sýnist mjer einnig heppilegra, að stjórnviljinn fái að koma fram á þingi, heldur en eingöngu eptir þing. En sje nú stjórnvilji ekki hugsaður í frv. aðgreindur frá þjóðvilja, en jeg álít að þeir sje einn vilji í raun rjettri, þá er frumv. þetta alveg þýðingarlaust. Flutningsmönnum tjáir ekki að breiða skýlu yfir tilgang sinn; þeir ættu að ganga fram með opinn hjálminn. Jeg vona að jeg hafi nú skýrt misskilning þann, sem kom fram í ræðu þm. Dal. (J. G.). En þegar jeg fór í síðari hluta ræðu minnar að lýsa minni eigin skoðun, þá lýsti jeg yfir því sem áliti mínu, að hver þingmaður færi eptir beztu vitund sinni um heill þjóðarinnar, hvort sem hann er konungkjörinn eða þjóðkjörinn. Munurinn á framkomu þeirra byggðist að eins á fróðleiksmun, skoðanamun og ágreiningi um það, hvað þjóðinni væri til framfara og heilla, en allir vildu þeir jafnt heill og framfarir þjóðarinnar. Það er rjett, að staðfestingarvald konungs er ekki skert með frumv. þessu, en jeg álít það hollara, að stjórnin sje ekki neydd til að grípa mjög

opt til synjunarvaldsins. Jeg held það sje góð regla fyrir þingið — þó í hófi — að láta þau mál falla, sem engin von er um að verði samþykkt. Það er að eyða tíma, peningum og kröptum til einskis að fást við slík mál, því að þjóðin hefur ekkert gagn af því, að frá þinginu komi mörg frumv., sem ekki verða samþykkt. Það er meira að segja ógagn að svo sje; það getur vakið og enda hlýtur að vekja kala hjá þjóðinni til stjórnarinnar, og þá skoðun, að hún sje sjer andstæðileg. Jeg segi fyrir mig, að sem kgk. fylgi jeg alveg eins skoðun minni eins og jeg gjörði sem þjóðkjörinn. Jeg finn engan mun á mjer, hvorki útvortis nje innvortis. Jeg vona að hver þingmaður láti sjer annt um að vinna að heill ættjarðar sinnar, og vilji ekki stuðla til þess, að egna stjórn móti þjóð eða þjóð móti stjórn.

Benidikt Kristjánsson: Jeg er samdóma háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) um það, að hver þm. eigi að fylgja skoðun sinni, enda er það beinlínis tekið fram í 31. gr. stjórnarskrárinnar, en jeg hygg að sú skoðun komi ekki í bága við frv. þetta. Menn hafa að vísu hreift því, að stjórnin mundi kjósa suma þm., sem hún þekkti ekki hverjar skoðanir hefðu á þingmálum. En hjer ætla jeg að sje gjört oflítið úr dugnaði og árvekni stjórnarinnar. Jeg trúi því ekki, að stjórnin renni nokkurn tíma blint í sjóinn með þá menn, sem hún kýs til þingsetu. En hvað leiðir af þessu? Það, að stjórnin eins og þjóðin kýs þá menn til þings, sem hún veit að muni hafa samkvæmastar skoðanir sinni skoðan. Nú hygg jeg þau atvik geta komið fyrir, að stjórnin vilji ráða lagagjörð á þingi, einkum hjer í efri deild, en það hygg jeg muni vera miður hyggilegt; mín skoðun er, að þeir menn, sem þjóðin hefur kosið til að fylgja fram vilja sínum, eigi að ráða úrslitum málanna á þingi með atkvæðaafli sínu. En hins vegar álít jeg það ekki einungis æskilegt, heldur nauðsynlegt, að vilji stjórnarinnar komi fram á þingi í hverju máli, en ekki með afli atkvæða. Að þetta valdi fleiri lagasynjunum læt jeg ósagt. Jeg hygg lagasynjanir stjórnarinnar komnar undir því, að henni þyki ekki fullnægjandi ástæður hafa verið færðar fyrir þörf lagaboðsins, en þessar ástæður verða stjórninni ekki kunnar fyr en hvert mál kemur til hennar fullrætt sem lög. Jeg ætla að hjer liggi hin sanna og eðlilega þörf á frumv. þessu svo í augum uppi, að menn þurfi ekki að velkja því lengi fyrir sjer, hvort frumv. fer fram á nokkuð, sem ekki á að eiga sjer stað, eða ekki er æskilegt, úr því að vjer nú einu sinni höfum löggjafarvald. Þó jeg sje ekki stjórnfræðingur, þá hygg jeg að ekki þurfi nema heilbrigða skynsemi til að sjá, hvað eðlilegt þetta er, þar sem stjórnarfyrirkomulag er eins og hjer, og stjórnin hefur ótakmarkað synjunarvald.

E. Th. Jónassen: Það er að eins eitt atriði í ræðu h. þm. S.-Þing. (B. Kr.), er hann fyrst ræddi þetta mál, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á. Hann tók það fram, sem ástæðu fyrir þessu frumv., að eigi væri nægur vinnuafli í Ed., en það er sannarlega vandræða-ástæða, sem eðlilegt var, því hinn flutningsmaðurinn var búinn að tína til allt með frumv., sem hægt var frá sjónarmiði flutningsmannanna. Til þess að bæta úr þessum skorti á vinnuafli í efri deild ætlaði hinn háttv. þingm. S.-Þing. að taka 3 menn úr neðri deild; en þess gjörist ekki þörf. Í efri deild eru 6 kgk. menn, sem gera má ráð fyrir að sjeu ætíð menntaðir menn, ráðsettir og reyndir og kunnugir bæði víða á landinu og málefnum landsins; auk þess velur neðri deild upp í efri deildina optast roskna, ráðsetta og æfða þingmenn. En í Nd, þar sitja opt óvanir þingm., sem aldrei hafa fyr verið á þingi, og þá er eðlilegt

að þar hlaðist málin á einstaka þm. og þar verði krapta vant, en frá þeim ætlast þó þetta frv. til að verði teknir 3 þm. Mjer sýnist þeir sannarlega engan mega missa. Eg hefði betur getað skilið, að stungið hefði verið upp á að fjölga þingmönnum í báðum deildum, en það hefði kostnað mikinn í för með sjer, og því er eg því ekki meðmæltur, enda sýnist mjer breyting á tölu þingmanna í efri deild óþörf af þeirri ástæðu, sem þingm. S.-Þing. (B. Kr.) til nefndi, því vinnuafl mun vera þar nóg og hafa engar kvartanir komið um skort á nægu vinuafli þar fyr en nú, að hinn háttv. þm S.-Þing. (B. Kr.) vakti máls á því. Eg álít sem sagt frv. þetta alveg óþarft og hefi eigi af umræðum flutningsmannanna getað sannfærzt um nauðsyn þess. Eg mun því greiða atkv. gegn því.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Hinn háttv. 5. kgk. þm. áleit það vera hollast, að hvert það mál, sem stjórnin eigi vildi samþykkja, fjelli. Jeg hef áður bent á, að þó stjórnin eigi vildi samþykkja frv. í fyrsta sinn, þá gæti það þó orðið og hefði hingað til ávallt orðið að lokum, ef því væri haldið staðfastlega áfram. Hinn háttv. sami þm. (A. Ól.) sagði, að það væri gott að hafa „conservativa“ menn í Ed.; það er mikið rjett, jeg er samdóma honum í því og met mikils „*conservativan*“ flokk, sem spyrnir á móti óþarfa breytingum, og því vil jeg að þjóðin eigi kost á að hafa sem flesta slíka fulltrúa í Ed. En hvað hefur þm. fyrir sjer í því, að hinir kgk. þm. sjeu ávallt „conservativ“! *(A. Ólafss.:* Þeir eru gamlir!). Ekki eldri en hinir þjóðkjörnu. Jeg sje nú strax, ef jeg litast um, nokkra fremur unga menn konungkjörna, enda þarf það eigi að fylgja ellinni, að vera „conservativ“. Fyrsta skilyrðið fyrir því er að *stjórnin* sjálf sje *conservativ.* Nú sem stendur er stjórnin conservativ; en það getur vel komið fyrir, að hún verði það ekki. *(J. A. Hj.:* Ekki spádóma!). H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) er hvorki vitrari nje fróðari en jeg, og því ekkert meiri spámaður, og hann getur alls eigi neitað því, að það geti komið beinlínis „radical“ stjórn í Danmörku, eins og víða annarstaðar, og þá fáum við eintóma kgk. þm., sem eru *radical,* máske „blóðrauðir“, svo að trygging hins háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) er engin. Hinn háttv. sami þm. sagði, að vilji hinna kgk. og þjóðk. þm. væri hinn sami, en jeg vil spyrja hann að, hvort honum detti í hug, að hann hefði getað setið hjer á þingi eptir kosningarnar 1886 sem *þjóð*-kjörinn! Nei; en þá gat hann setið hjer sem stjórnkjörinn — kannske jeg eigi að segja: sem stjórnkjörinn þjóðvilji?!

Hinn hæstv. landshöfðingi sagði, að jeg hefði misskilið sig, en jeg veit eigi hvernig á að skilja orð hans öðruvísi en jeg gerði; mjer þykir það þó sannarlega undarlegt, ef stjórnin rennir ekki blint í sjóinn við kosningarnar um skoðanir þeirra manna í *öðrum* málum, sem hún kaus nýja, að hún þá skuli gjöra það *einmitt í stjórnarmálum.* Hún hefði þó átt kost á að kynna sjer skoðanir sumra þeirra frá kjörfundum í fyrra, einkum ef h. 5. og 6. kgk. þm. (A. Ól. og J. A. Hjaltalín) hefðu viljað gjöra svo vel, að lána henni blað þeirra „Fróða“, til þess að kynna sjer hvaða skoðun sumir þessir menn hefðu. *(Forseti:* Það væri óskandi að þm. vildi halda sjer við efnið). Jeg held það sje fullkomlega við efnið, þegar verið er að ræða um, hvort stjórnin renni blint í sjó við kosningu eða kynni sjer eigi skoðanir þeirra manna, sem kún kýs. Það væri heldur ekki nema eðlilegt, að hún vildi kynna sjer þær, því hitt væri vanhyggilegt, og það get jeg eigi ætlað upplýstri stjórn.

Háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. Jónassen) mótmælti því hjá h. þm. S.-Þing.

(Benidikt Kristjánssyni), að kraptarnir væru veikir í efri deild, en þm. S.-Þing. er nú sem kallað er „dauður“ í þessu máli í dag og getur eigi svarað fyrir sig en beiddi mig að skila til h. 2. kgk. þm. (E. Th. Jónassens), að *þjóðviljinn* ætti þó ekki kost á nema 6 mönnum í efri deild. Jeg bið háttv. 2. kgk. þm. að gá að því, að þetta eru eigi mín orð, heldur **skilaboð**. Jeg skal svo eigi orðlengja þetta, því jeg vona að það sje orðið fullrætt.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Háttvirt. flutningsmaður (J. Ól.) kannast við, að tilgangur sinn með þessu frumv. sje, að það verði „conservativ“ menn í efri deild, en hann hefur gleymt að gá að rúminu í sal þessum. Sökum þess, hve það er lítið, er auðsætt, að þegar kjósa skyldi þessa 3 menn í viðbót í efri deild, þá yrði einungis að hafa tillit til þess, að þeir væru sem fyrirferðarminnstir, sem mjóstir, en þá er hætt við, að kosið yrði tómt ungviði, sem optast reynist framgjarnt, en miður conservativt. *(J. Ól:* Þeir conservativu eru opt *þunnir*).

ATKVÆÐAGR.: Með 6 atkvæðum gegn 5 samþykkti deildin báðar greinar frumvarpsins, frv. í heild sinni og að það gengi til 3. umr. allt saman að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 4 þm. (Jóns Ólafssonar, Jakobs Guðmundssonar, Skúla Þorvarðarsonar og Sighv. Árnasonar), og sögðu

já:	*nei:*
Jakob Guðmundsson	Arnljótur Ólafsson
Jón Ólafsson	E. Th. Jónassen
Ben. Kristjánsson	J. A. Hjaltalín
Fr. Stefánsson	J. Havsteen
Sighv. Árnason	L. E. Sveinbjörnss.
Skúli Þorvarðarson.	

Frv. til laga um þegnfræðslu (264); 2. umr.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal játa, að frumvarp þetta hefur góðan tilgang og að mörg ákvæði sjeu nytsöm í því; en jeg verð aptur á hinn bóginn að játa, að það er margt í því, sem jeg get eigi fellt mig við, og skal jeg til nefna seinni hluta frv., þar sem ákvæði eru um, hvers rjettar þeir verði að fara á mis, er eigi geta staðizt þetta próf, sem frv. til skilur.

1. gr. frumvarpsins er um það, að rita skuli hentuga kennslubók í þegnfræði og skal jeg játa það, að það er mikil þörf á því og það mun vera í flestum menntuðum löndum til einhver svoleiðis bók, sem er að sínu leyti eins nauðsynleg og kristin fræði fyrir kristna menn. Í þessari grein er og gjört ráð fyrir, að sá maður sem ritar þessa bók, skuli hafa 1500 kr. að ritlaunum og jeg býst við úr landssjóði, en jeg ætla að þessi bók verði eigi svo umfangsmikil, þó að það sje vandaverk að semja hana, að svo mikið fje í ritlaun þurfi fyrir hana. Þar á móti finnst mjer eigi nema eðlilegt, að útgáfa hennar væri studd, eins og hverrar annarar alþýðubókar; en eptir efninu finnst mjer að Þjóðvinafjelagið ætti að gefa út þessa bók, og ef hún væri vel samin, þá mundi eigi þurfa neinn styrk, því margir mundu gerast kaupendurnir að bókinni. þótt aðhaldið til að kaupa hana jafnvel væri minna.

Eptir þessari skoðun hygg jeg, að jeg þurfi eigi að fara sjerstökum orðum um 2. gr., nema því að eins, að fyrirkomulagið í 1. gr. verði samþykkt og þá skal jeg játa að ákvæði hennar á við; en frá mínu sjónarmiði ekki.

Í 3. grein er gjört ráð fyrir, að bókin verði eign landssjóð, en mjer finnst það óheppilega ráðið, að landssjóður eigi að vera að vjesast í bókasölu hjer á landi; sömuleiðis þykir mjer það nokkuð hart, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu vera skyldar til að sjá um, að bókin sje ávallt til, ella sæti 5—25 kr. sekt, ef út af bregður; en það á kannske vel við eptir stefnunni á undan, fyrst landssjóður á að hafa söluna.

4. gr. Jeg hygg að það sje vel tilfallið, að bók þessi yrði kennd á barnaskólum og öllum þeim skólum, sem upp eru taldir; en þó má eigi kenna hana mjög ungum börnum, en það er sjálfsagt að kenna hana á unglingaskólum, gagnfræðaskólum, búnaðarskólum, kvennaskólum og latínuskólum; en þá vil jeg að skólarnir sjálfir ljetu lærimeyjar og lærisveina sína standast próf í henni, því jeg álít það óþægilegt, að prestar eða læknar eða hver annar embættismaður, ef annars má veita nokkrum manni embætti sem eigi hefur tekið próf í fræðum þeim, sem hjer ræðir um, þurfi að fara til þessara nefnda til þess að taka próf, svo hann megi giptast eða taka við embætti.

Í 6. gr. eru reglugjörðarákvæði, sem eigi ættu að standa í lögunum, því ef lögin yrðu samþykkt þá væri að sjálfsögðu reglugjörð samin.

Um 7. gr. er lítið að tala. Það mælir mikil sanngirni með því, að þessar nefndir fái borgun og einkum þar sem þær verða að rita undir eiðstaf, því þeir munu vera fleiri, sem eigi vilja að þarflausu vinna eið. Allt til þessa gengur nú allt skaplega og tilgangurinn er góður, þó ákvæði frv. sje býsna radiköl; frv. er eigi lastandi fyrir það; enda má sjá, að það eiga ekki að verða eintóm pappírslög. Það sjest bezt á rjettarmissinum, sem þeir verða fyrir, sem eigi taka prófið og um hann vil jeg fara fáum orðum, og dettur mjer þá í hug sagan af gríska stigamanninum, Procrustes, sem lagði þá menn, sem hann fjekk fest höndur á, í rúm er hann átti; stýfði hann af þeim, sem oflangir voru í rúmið, en teygði hina sem ofstuttir voru. Það má ráða í það, að hvorttveggja hafði sömu afleiðinguna, dauða þeirra, sem sættu þessari meðferð. Það er auðvitað að þessi saga á hjer eigi við nema að hálfu leyti, því hjer er ekki að ræða um það, að stýfa af neinum, en að hálfu leyti á hún við, því þetta er að teygja menn og jeg verð að álíta, að þeir sem hjer verða ofstuttir, bíði þegnlegan bana af þessu, þeir sem eigi verða nógu langir mega eigi giptast nje kvongast, eigi vera bændur, húsmenn og eigi lausamenn og enga sjálfstæða atvinnu hafa og yfir höfuð ekkert vera nema hjú; en jeg er hræddastur um, að jafnvel margur húsbóndi verði svo stórlátur, að hann ekki vilji hafa þessa ræfla á heimilum sínum, þessa menn, sem hefðu slíkan borgaralegan blett á sjer. Mjer er ómögulegt að lýsa seinni parti þessa frv. öðruvísi en með þessari gömlu sögu.

Það er að vísu æskilegt, að allir yrðu gjörðir sem jafnastir að þjóðlegum þroska; en svo má langt fara, að slíkt verði sannarlegt píslarfæri í þjóðfjelaginu og jeg ætla, að það, sem fram á er farið í frv., sje hjer um bil óvinnandi verk, en jeg segi eigi þar með, að jeg hafi þessa norrænu, gömlu skoðun, að sumir sjeu bornir til þess að vera konungar en sumir þess að vera þrælar; en eins og mennirnir eru margir og margbreyttir, eins eru líka hæfileikar þeirra og gáfur mismunandi, og jeg hygg að það yrðu margir, sem þessi lög yrðu píslarfæri á, þótt að þeir að öðru leyti væru góðir og gildir menn. Mjer hefði þótt miklu nær að svipta þá kosningarrjetti og kjörgengi heldur en að banna þeim giptingu og yfir höfuð svipta þá öllum mannlegum rjettindum.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg ætlaði ekki að færa nú neinar ástæður fyrir þessu frv., — því að jeg gjörði það við 1. umr. En eptir að jeg hef heyrt hina löngu ræðu háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.), sem hringsnerist svo mjög, reif það allt niður á endanum, sem hann hafði svo rækilega byggt upp í byrjuninni, verð jeg að tala nokkur orð.

Háttv. þm. (B. Kr.) byrjaði á því, að tilgangurinn væri góður, fræðsla sú sem

frumvarpið gjörir að skyldu, sje mjög nauðsynleg og nytsamleg, og enda mjög eðlileg; hún sje öldungis ekki örðug heldur, nei, hún sje yfir höfuð jafn nauðsynleg og auðveld sem „kverið“ og kristindómurinn, — eins og hann kemst svo fagurlega að orði. Eptir þennan inngang hugði jeg að háttv. þm. mundi kannast við, að nauðsynlegt væri, að einhver trygging fengist fyrir því, að menn hefðu fengið þessa fræðslu, sem hann áleit svona nauðsynlega, svona nytsama og svona auðvelda. Nei, það áleit hann þó ekki. En samt gekk nú allt skaplega hjá honum, þangað til komið var aptur að 9. gr.; þá kastaði alveg tólfunum, þegar þeir menn sem ekki hirða um að að afla sjer þessarar fræðslu, mega ekki giptast. En nú vil jeg spyrja háttv. þm. (B. Kr.): gefur hann fólk í hjónaband, sem aldrei hefur lært kristileg fræði? Jeg vona ekki, því ella bryti hann lög og fyrirgerði hempunni. En sjálfur hefur hann áður játað, að fræðsla sú, sem frumvarpið gjörir að skyldu, sje *jafn*-nauðsynleg og *jafn*-auðveld eins og kverið. Jeg er hræddur um, að háttv. þm. hafi verið búinn að gleyma því, er svona langt var komið aptur í frv., er hann hafði sagt á undan, — gleyma hinni fögru samlíking sinni.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., bjóst jeg ekki við að frumvarp þetta gengi nú í gegn á þinginu; jeg kom ekki með það í þeim tilgangi, heldur til þess, að vekja umræður um það, því jeg er viss um, að áður en langt um líður þykir það nauðsynlegt, að leiða í lög eitthvað þessu líkt.

Jeg skal að eins benda á það, að það hefði máske verið betra, að hafa verðlaunin í 1. gr. ótiltekin. En það sem vakti fyrir mjer, var 16. kafli í alþýðumenntunarfrv. því, sem fram kom í Nd., því þar er tekið fram, *að* landssjóður skuli *eiga* hinar löggiltu kennslubækur, en ekki samt tekið fram, *hvernig* hann skuli *eignast* þær. Þetta þótti mjer skrítin ákvæði, og vildi jeg því ekki hafa þau til eptirbreytni. Annars er *þetta* ekki aðalatriðið, heldur hitt, að *binda* rjettindin við vissa þekkingu, og er því 9. og 10. gr. mergurinn málsins, og um þær greinar hugði jeg að umræður kynnu að verða. En eptir því sem nú stendur til, hygg jeg ekki að málinu muni þoka mikið áfram, því mjer virtist ekki svo mikið nýtt í ræðu háttv. þm. (B. Kr.) eða fyndni hans.

Sem sagt, jeg ætla því síður að mæða menn með langri ræðu að sinni, sem jeg vona, að mál þetta muni koma optar fyrir á þinginu. Jeg heyri að sönnu að menn játa með vörunum, að tilgangur frumvarpsins sje góður, en jeg sje jafnframt, að háttv. þingm. vilja þó ekki vinna neitt að því, að þessi góði tilgangur náist.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld með 8 atkvæðum gegn 1.

2.—8. gr. felld með 7 atkvæðum gegn 1 hver.

9.—10. gr. felld með 9 atkvæðum gegn 1 hvor.

11.—13. gr. felld með 8 gegn 1 atkv. hvor. Frv. þar með allt fallið.

Frv. til laga um að skipta Barðastrandarsýslu í 2 sýslufjelög (255); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Allar greinar frv. (1.—4.) samþ. með 10 samhlj. atkvæðum hver.

Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umræðu í e. hlj.

Þrítugasti og þriðji fundur, fimmtudag 11. ág. kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Forseti: Með því að hinn lögboðni þingtími er nú á enda, og mörg mál eru enn þá fyrir hendi óafgreidd af þinginu, þá leyfi jeg mjer hjer með að skora á hæstv. landsh., að lengja þingtímann samkvæmt þeirri heimild, sem honum er vænt-

anlega gefin af hans hátign konunginum.

Landshöfðingi: Eptir áskorun háttv. forseta og samkvæmt því leyfi, sem mjer er veitt með konungsbrjefi frá 8. júní þessa árs, lengi jeg hjer með þingtímann til 25. þessa mán., að honum með töldum.

Frv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni o. s. frv. 7. nóv. 1879 (166,291); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Á þessu stigi málsins er eigi um annað að ræða en hvort tolllögin eigi að ganga fram til 2. umr. eða ekki. Háttv. nefnd rjeði frá frumv.; þykir mjer eigi að síður rjett að frv. þetta sem komið er frá Nd. gangi til 2. umr., svo að hver einn geti látið álit sitt í ljós um hverja grein.

Eins og deild sjer, þá hafði nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að eigi væri heppilegt að breyta tolllögunum að svo komnu. Nefndin lítur svo á fjárhaginn, að engin nauðsyn beri til að hækka tolla, þó tekjuþurður hafi nokkur verið á næsta fjárhagstímabili. Það hafa aldrei verið færðir niður skattar, þó afgangurinn hafi orðið næsta mikill af tekjunum, og því er eigi ástæða til að verða nú flumúsa og færa upp skattana eða tollana, þó tekjurnar hrökkvi eigi til eitt ár, með því að við getum líka búizt við, að útflutningsgjald af fiski verði talsvert meira en áætlað er, og tekjuþurðurinn þar af leiðandi minni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkv. móti 3.

Frv. til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald af tóbaki 11. febr. 1876 (167,291); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust vísað til 2. umr. með 8 atkv. á móti 3.

Frv. til laga um þjóðjarðasölu (296, 305, 314); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það er komin ný breytingartillaga, sem útdeilt var í morgun, á þingskjali 314, og jeg verð að segja það, að hún hefur komið mjer fremur óvænt, því hún gengur í allt aðra átt en umræður fjellu hjer í deildinni við 2. umræðu. Jeg sje ekki annað en að það sje dularbúin tillaga um að fella frv.; ef það er eigi, þá sýnist mjer hún alveg tilgangslaus, því hún inniheldur eigi annað en það sem verið hefur.

Jeg ímynda mjer, að jeg þurfi eigi að fara út í þær einstöku greinar þessa frv., því háttv. þm. eru víst búnir, eptir þær umræður sem orðið hafa, að ráða með sjer hvort þeir ætla að fella þetta frv. eða ekki.

Jeg fyrir mitt leyti hef ávallt verið á móti þjóðjarðasölu, meðan engin trygging var fyrir, að sjálfsábúð jykist í landinu; en jeg sje nú, að þingið er einu sinni búið að taka þá stefnu að selja hverja jörð, sem um er beðið, án tillits til nokkurrar slíkrar tryggingar; þessu verður ekki við spornað meðan þingið er ekki þroskaðra í skoðunum en þetta, og — „það sem verður að vera, viljugur skal hver bera“; mun jeg því greiða atkvæði með þessu frv. því jeg sje þó, að þetta getur orðið til þess, að spara þinginu eilíft, árangurslaust þref og tímaeyðslu til einskis; en einkanlega mun jeg gjöra það, ef breytingartill. meiri hluta nefndarinnar og nokkurra annara háttv. þm. komast að; þessar breytingartillögur eru að eins tvær og mjög stuttar. Önnur þeirra miðar að því, að tryggja til langframa það, sem 6. gr. vill tryggja í bráð, nefnilega að sjá svo um, að þjóðjarðir verði eigi partaðar sundur í mjög smáa parta. Hin breytingartillagan er, að bæta upp þá grein frumvarpsins, sem dó hjer við 2. umr. af nokkurs konar slysförum, því það sýnist eigi nema eðlilegt, að vilja tryggja það, að það fje, sem kemur inn fyrir jarðirnar, verði eigi að lausu eyðslufje, svo sem í hallærislán, og að

þingið fái að hafa fasta hönd í bagga með að ráða yfir því. Jeg skal svo eigi fjölyrða meir um þetta frv., því jeg álít að það sje orðið svo þrautrætt, að engin þörf sje á að ræða það meir.

Sighvatur Árnason: Jeg get nú reyndar búizt við, að breytingartillögu minni muni eigi ganga vel einkum þar sem h. framsögum. (J. Ó.), sem sjer svo fljótt og vel, en sumir þar í móti bæði seint og lítið, hefur mælt á móti henni; en jeg vil þó fara fáeinum orðum um breytingartillögu mína, án þess að mjer detti í hug að jeg muni sannfæra þá sem á móti henni mæla. I frv. því, sem hjer liggur fyrir, er farið fram á, að þingið gefi alla þjóðjarðasölu úr hendi sjer með því að ákveða reglur fyrir henni, en í þessari breytingartillögu er farið fram á að halda því föstu, að þingið ákveði söluna með lögum í hvert skipti. H. framsögum. (J. Ól.) sagði, að breytingartillagan væri eigi annað en það, sem verið hefði, en það er eigi rjett; því í breytingartillögunni er haldið hinum sömu góðu kjörum fyrir kaupendurnar og í frv., og það er töluvert annað en það, sem gilt hefur. Mjer finnst það líka æði mikið stökk frá því, sem verið hefur, að fá bæði umboðsstjórninni söluna í hendur og það að ákveða verðið án þess þingið eigi þar nokkurn hlut að máli; en breytingartillaga mín fer að eins fram á, að landsh. ákveði verðið samkvæmt lögum, er þingið setur í hvert sinn um söluna. Jeg álít það líka vafasamt, hvort það sje leyfilegt eptir 23. gr. stjórnarskrárinnar, að þingið gefi frá sjer öll söluumráð yfir þjóðjörðum í hendur umboðsstjórninni, og þó það kunni að vera leyfilegt, þá er það samt mjög óviðkunnanlegt; það hefur líka áður verið fundið að því hjer á þingi, að ráðgjafastjórnin hafi seilzt helzt til um of í kirkjugózið hjer á landi til umráða; en nú á að fara að gefa umboðsstjórninni óbundin umráð eða því nær yfir þjóðjörðunum. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg get eigi gefið atkv. með því, að þingið fleygi frá sjer öllum söluumráðum í þessu efni. Og þegar maður fer að aðgæta frv., þá er það eiginlega amtsráðin, sem ráða verðinu á jörðunum, án þess að neitt fulltryggjandi mat hafi fram farið í hjeraðinu sjálfu undir söluna. Það kann nú vel að vera, að það geti gengið eins vel eins og hjá þinginu, en eins og ástatt er núna í Norðurumdæminu t. d., þar sem tveir umboðsmenn sitja í amtsráðinu, þá álít jeg mjög óheppilegt, að amtsráðin skuli ráða sölunni eða afgjaldsmatinu sem söluverðið á að byggjast á, og það er spá mín, að ef þetta frv. verður að lögum, að það muni eigi þykja álitleg ráðstöfun. Það er heldur engin hætta búin, þó frv. verði eigi að lögum í þetta sinn, og við verðum að sitja við sömu reglu og gilt hefur þangað til 1889. Þetta frumvarp ákveður alls enga vissa þjóðjarðasölu, heldur gefur frá þinginu vissum mönnum söluumboð yfir þjóðjörðunum í hendur, með lítils háttar reglum fyrir sölunni, og slíkt álít jeg alls ekki samboðið 23. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar menn eru að breyta lögum, þá verða menn vel að gá að því, að breytingin geti átt við, eða verði eigi fremur til skaða en bóta.

Jakob Guðmundsson: Eptir þær umræður, sem orðið hafa, get jeg eigi annað skilið, en að allir sjeu samhuga um það, að selja þjóðjarðir undir eins og kaupandi býðst, en menn greinir á um það, hvort biðja eigi þingið í hvert skipti um leyfi til að selja þær eins og áður hefur verið, eða það eigi með einu lagaboði að gefa stjórninni heimild til að selja þær. Aðal atriðið frá mínu sjónarmiði er, að vari sem skemmstan tíma, að landsjóður biði fjártjón og jarðirnar eyðileggingu af því, að landssjóður eigi þessar jarðir; leyfi til jarðasölunnar einu sinni fyrir allt veldur minni kostnaði fyrir landið, og því vil jeg þá að-

ferð heldur. En það er líka annað illt, sem sú aðferð, sem hingað til hefur tíðkazt, hefur í för með sjer. Jeg skal setja svo, að nú 1887 dytti einhverjum í hug að kaupa þjóðjörð, en yrði of seinn með beiðni um það til þessa þings, þá getur hann eigi komið með það til þingsins fyr en 1889, og svo samþykkir þingið það og konungur staðfestir og eru þá liðin 3 ár frá því manninum datt í hug að kaupa jörðina, þangað til hann getur fengið hana keypta. Þessi dráttur getur haft illar afleiðingar, bæði fyrir jörðina, landssjóð og kaupandann.

Ef maður ætti ávallt að hugsa svo, að það væri bezt að láta allt bíða, af því það gæti skeð að eptirkomendurnir sæu betur, þá væri bezt að gjöra eigi neitt, heldur skrifa eitt stórt núll; þetta vil jeg eigi.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að breytingartillaga sín innihjeldi nokkuð nýtt, og þegar jeg fer betur að gá að því, sje jeg að það er satt; jeg sje að það eru ný ákvæði í 3. gr. En þar sem hann hafði það á móti frv., að það væri vafasamt, hvort það væri eigi á móti stjórnarskránni, þá skal jeg geta þess, að öll lög, sem gefin hafa verið út um þetta efni, hafa aðeins heimilað þjóðjarðasölu, og það er hjer gjört, en það er eigi sagt í því: þessar jarðir skal selja. Þingið heimilar að eins söluna og þetta er að því leyti eins og áður hefur verið, og sje þetta frv. á móti stjórnarskránni, þá hafa nærri öll frv. áður um þjóðjarðasölu verið á móti henni, því það hafa því nær aldrei komið lög um einstaka jörð, heldur um margar saman í einu. Jeg skal taka það líka fram, að ef landsh. hefði álitið það á móti stjórnarskránni, þá mundi hann, þar sem hann var viðstaddur við umræðurnar í Nd. hafa tekið það fram. En þar sem hann ekki gjörði það *(Landsh.:* svo?) — ekki skýlaust, — þá hefur hann eigi álitið það vera. Að minnsta kosti hefur hann eigi haldið því fast fram, því þá mundi hann hafa reynt að fá frv. vísað frá, sem ólöglega uppbornu, þar sem fyrirsögn þess telur það eigi stjórnarskrárlaga-frumvarp; en það gerði hann ekki. En hvað breytingartillögu þessara þriggja þm. snertir, þá skyldi jeg fallast á hana, ef jeg sæi að það kæmi nokkuð út af henni, en jeg sje eigi að árangurinn verði neinn annar en sá, sem hefur verið; af tvennu illu, þá vil jeg þó heldur að frv. óbreytt verði samþykkt, því það getur sparað þinginu tíma. Það er alveg misskilningur hjá h. þm. Rangv. (S. Á.), að amtsráð eptir frv. selji jarðirnar. *(A. Ó.:* Það ákveður verðið!). Ekki heldur. Það er landsh., sem bæði selur og ákveður verðið, eptir tillögum sýslunefndar og amtsráðs, en jeg skil sízt í þessu mistrausti á amtsráðinu hjá h. 5. kgk. (A. Ó.), sem er einn af þeim, er hafa skrifað undir þessa breytingartillögu og þar að auki hefur til þessa haft alt að því afguðadýrkun á amtsráðunum, en hann er máske hættur að sitja sjálfur í amtsráði nú?.

Landshöfðingi: Mjer kemur það ókunnuglega fyrir, að flutningsmaður (J. Ól.) skuli vitna til þess, að í Nd. hafi ekki komið fram efi um, að frv. þetta kæmi í bága við stjórnarskrána. Við umræður málsins í Nd. tók jeg optar en einu sinn fram, að jeg efaðist um, hvort frv. kæmi ekki í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar. Umræðurnar liggja nú prentaðar fyrir, og h. þm. (J. Ól.) hefði verið innan handar að kynna sjer þær, ef hann hefði viljað. Jeg sagði ekki afdráttarlaust, að frv. væri óheimilt eptir stjórnarskránni, en ljet í ljósi efa um, að það gæti samrýmzt henni. Það er sitt hvað að selja eina eða fleiri tilteknar jarðir fyrir ákveðið verð, eða að gefa út lagaboð um, að afdráttarlaust skuli selja allar þjóðjarðir. Þar sem segir í 23. gr. stjórnarskrárinnar: að ekki

megi selja eða með öðru móti láta af hendi *neina* af jarðeignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið, þá hygg jeg að með því sje meint, að geta verði út lagaboð um að selja hverja einstaka jörð, eins og hingað til hefur verið gjört. Þetta sem hjer er farið fram á virðist mjer að nokkru leyti upphefja 23. gr. stjórnarskrárinnar. Að öðru leyti mun það hjeðan af gjöra lítið til, hvort þetta yrði frv. til forátttu eða ekki, því að mjer virðist Ed. hafa nú gjört það svo úr garði, að það muni varla þurfa að gjöra ráð fyrir, að það komizt klakklaust gegnum þingið. Sjer í lagi spilla hin nýju ákvæði 4. gr. frv. Í fyrsta lagi er þar talað um ábúanda á eyðijörð; það hef jeg aldrei heyrt fyr; og jeg skil varla hvernig þingdeildin getur verið þekkt fyrir, að láta slíkt fara frá sjer, en nú er hjeðan af ekki hægt að gjöra breytingar á frv. hjer í deild, nema ef deildin vill aðhyllast breyttill. hinna 3, þm. og umturna með því öllu frumvarpinu. Í öðru lagi eru þessi mörgu skuldabrjef mjög óaðgengileg, og jeg sje ekki, hvað unnið er við þau, því að alveg eins mætti ákveða að landssjóður mætti aldrei segja upp nema svo og svo mikilli upphæð í einu, og kaupandi heldur aldrei borga í einu minna en einhverja ákveðna upphæð. En svo eru þessi mörgu veðskuldabrjef þar að auki mjög fráfælandi fyrir kaupanda; menn muna víst eptir þinglestursgjaldinu, það er margfalt meira fyrir þessi mörgu skuldabrjef. Ef maður keypti jörð fyrir 1000 kr. og setti veð fyrir 900 kr. af þeim, þá þyrfti hann að geta út 18 skuldabrjef, hvert upp á 50 kr.; þinglestursgjald af hverju þessu skuldabrjefi yrði 0,75—1,00 kr., en ef eitt skuldabrjef væri gefið út fyrir skuldinni, þá mundi þinglestursgjaldið að eins verða 2,25 kr. Þessi ákvæði í 4. gr. ímynda jeg mjer að ekki fari svo í gegnum Nd., að þeim verði ekki breytt þar. Mjer sýnist það ekkert áhugamál, að selja allar þjóðjarðir, og því virðist mjer þetta frv. ekki nauðsynlegt; en eins og nú er komið, felli jeg mig bezt við breyt.till. þá. sem hjer hefur komið fram frá 3 h. þm.

Arnljótur Ólafsson: Jeg neita því ekki, að jeg hefði búizt við miklu meiri staðfestu hjá h. framsögumanni (J. Ól.) við þær hugmyndir, sem hann batt við þjóðjarðasöluna (og sem jeg fjellst á að meginefninu til), það er að segja þær hugmyndir, að tryggja sjálfsábúð betur en nú er gjört. En eptir því sem frv. nú er orðið, er þeirri trygging hrundið, nema þeirri litlu trygging, sem liggur í viðaukatillögunni stafl. 305, að eigi megi hvorki við arf nje sölu skipta þeim jörðum, sem landsjóður selur eptir þessum lögum í smærri hluta en svo, að svari til 50 kr. eptirgjalds af verði því, er jörðin var matin þegar landssjóður seldi hana. Þessi trygging er í raun og veru ekki önnur en sú, að jörðin falli ekki í smámola, en hin tryggingin er ekki fengin, sem jarðasalan á að stefna að, sú, að auka sjálfsábúð. Jeg vona að framsögum. (J. Ól.) sje mjer þó samdóma um, að sjálfsábúð sje hollust landbúnaðinum; en þegar um leiguból er að ræða, þá segi jeg, að líklegt sje, að ábúð á landssjóðsjörðum sje betri en á öðrum leigubólum, því að, eins og jeg tók fram um daginn, þá er lífsábúð og enda erfðaábúð á þeim. Í öðrulagi eru áskildar jarðabætur á þeim; enn fremur er veitt endurgjald fyrir jarðabætur, ef leiguliði vinnur meir en áskilið er. *(J. Ól.:* Það fá allir.) Ekki eins mikla. Einnig er farið miklu sanngjarnlegar með ábúendur þjóðjarða í mörgum öðrum greinum.

Ef jörð verður fyrir skemmdum, þá veit jeg varla til, að afgjaldið sje lækkað fyrir það á jörðum einstakra manna; en á þjóðjörðum er það gjört. Því verð jeg að halda fast við það, að fella frv., eins og

það nú er; því að jeg álít að það sje landbúnaðinum til skaða. Amennt tekið eru það dugnaðarmenn, sem fala jarðir landssjóðs; þeir hafa annhvort gjört eða ætla að gjöra svo miklar jarðabætur og húsabætur á ábýlum sínum, að þeir sjá, að þeir fái ekki kostnað sinn endurgoldinn á annan hátt, en að arðurinn af iðju þeirra renni til niðja þeirra, og jeg hef skrifað mig á brey.till. tölul. 3i4, af því að jeg vil gefa slíkum mönnum kost á að eignast ábúðar jarðir sínar, og af því að í þá breyt.till. er tekið upp það sem er gott í frv., bæði um kostina við söluna og gjaldfrestinn, en vjer höfum breytt því, hversu mikið af andvirðinu lúka skuli þegar í stað. Í frv. er sagt, að ábúandi, reyndar á *eyðijörð*, skuli fá kaupbrjef fyrir jörðunni, undireins og hann hefur goldið $^1/_{10}$ hlut af andvirði hennar; þessu höfum vjer breytt þannig, að ábúandi á *byggðri* jörð skuli fá kaupbrjef fyrir jörð sinni, þegar hann hefur goldið $^2/_{10}$ hluta af andvirði hennar. Oss þótti $^1/_{10}$ hluti heldur lítið, og því ótryggilegt. Jeg tek nú ekki aptur upp ummæli mín við 2. umr. að frv. væri ósamrýmanlegt við 23. gr. stjórnarskrárinnar, enda hefur h. hæstv. landsh. gjört það, svo þess gjörist ekki þörf.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg er alveg á sama máli nú um sölu þjóðjarða og jeg var við 2. umr. og því alveg samdóma h. 5. kgk. um kosti sjálfseignarábúðar fram yfir leiguliðaábúð. Jeg tók það líka fram áður að jeg væri ekki með frv. af því, að jeg áliti tryggingarlausa eða skilyrðislausa þjóðjarðasölu góða, heldur af því, að það væri ekki til annars en til að eyða miklum og dýrmætum tíma til einskis á hverju þingi ár eptir ár, að vera að setja sig á móti henni, því að stefna þingsins er og hefur verið að undanförnu sú, að selja hverja þjóðjörð, sem um er beðið; það er því að eins til að spara tíma, að setja lög í eitt skipti fyrir öll um þjóðjarðasölu. Þótt jeg sje í sjálfu sjer alveg samdóma h. 5. kgk., þá mun jeg af *þeim* orsökum, sem jeg tók fram, greiða atkvæði með frv. Viðvíkjandi ræðu hæstv. landsh. skal jeg játa, að jeg hafði ekki *lesið* umræðurnar um málið í Nd., en jeg *heyrði* mikið af þeim og varð ekki var við, að hæstv. lh. hefði þar haldið því fram, að frv. kæmi í bága við stjórnarskrána. En jeg sje af þessum prentuðu ræðum, að hann hefur að vísu hreyft efasemd um það, hvort frv. mundi ekki, ef til vill, koma í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar; þó hefur hann ekki lagt svo mikla áherzlu á það, að hann hafi krafizt, að frv. væri tekið aptur fyrir þá sök eða vísað frá umræðum, og það mundi hann þó eflaust hafa gjört, ef honum hefði fundizt ástæða til þess. Jeg skal lýsa yfir því, að mjer þykir einmitt vænst um 4. gr. í frv.; í henni er þó leyft að selja eyðijarðir, en í breyt.till. h. 3 þm. er leyft að selja allar jarðir landsjóðs, *nema* eyðijarðir; *þær* má *ekki* selja. Jeg skil ekki í, að *það* þyki hyggileg pólitík fyrir landsjóð. Það er satt, að í 4. gr. er „*lapsus calami*“; þar stendur ábúandi, en á að vera kaupandi. Það getur h. Nd. lagað, ef hún vill halda lífinu í frv., en mjer er sannarlega ósárt um, þótt það fari veg allrar veraldar.

Landshöfðingi: Jeg var ekki við þegar umræður um þetta mál byrjuðu, en jeg get hugsað mjer að tilgangur hinna 3. h. þm. með breyt.till. þeirra hafi verið að efla sjálfsábúð á seldum þjóðjörðum; það er hæpið, að þessi tilgangur náist með breyt.till. Ef svo stendur á, að jörð er til í dánarbúi, þá færi opt svo eptir þessari breyt.till. að jörðina yrði að selja á uppboði, og þá er engin trygging fyrir því, að hæstbjóðandi kaupi jörðina til þess að búa á henni sjálfur. Seinni liður breyt.till. þykir mjer ekki heppilega orðaður. Mjer er ekki ljóst, hvað meint er með

mótsetningunni milli sjerstaks sjóðs og almennra laga.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg skal leyfa mjer að svara hæstv. landshöfðingja því, um hina nýju grein vora, að með henni þótti oss þó nokkur trygging fengin fyrir því, að jörðin hjeldist í sjálfsábúð, en einkum þótti oss trygging fengin fyrir því, að jarðir yrðu ekki prívatmönnum að bráð, sem svo leigðu þær út útsognum kotungum fyrir afarverð; slíkar jarðir eru jafnan verst setnar. *(Landshöfðingi:* Jeg skil ekki). Ekki get jeg gert við því; mjer finnst það svo auðskilið, að hægra er að ná í eitt og eitt hundrað, en svona stóran jarðarhluta. Jeg veit að það er ekki svo fátitt, að hyggnir hreppstjórar hafi náð í 1—2 hundruð utansveitar til kaups, sett inn á þau kotunga, sem þeir hafa viljað halda burtu úr sveit sinni, þangað til þeir vóru orðnir sveitlægir í annari sveit; þetta mun breytingartill. fyrirbyggja. Yfir höfuð er eðlilegt, að jörð sem er pörtuð í smátt milli ýmsra til eignar, verði öðrum jörðum fremur pörtuð sundur í margar ábúðir. Mjer finnst ekki torskilinn tilgangurinn með, að fjeð skuli leggjast í sjerstakan sjóð; meiningin er sú, að hann verði ekki jetinn upp með ákvæðum fjárlaganna, eins og nú er verið að jeta upp viðlagasjóðinn; það á að gefa þessum sjóð eins konar helgi, eins og þjóðjörðunum nú; það á að geyma hann sem sjerstakan sjóð og ákveða meðferð hans með *sjerstökum* lögum *(Landshöfðinginn:* Það stendur almennum lögum). Það er rjett, en jeg þekki ekki nema eina mótsetning almennra laga, og það er: *bráðabyrgðarlög*; hjer er þetta því sett til að fyrirbyggja, að meðferð sjóðs ins verði ákveðin með bráðabyrgðarlögum. Þessi fyrirvari er ekki óeðlilegur, því að vjer höfum dæmin fyrir oss ekki langt í burt, að eign þjóðarinnar er eytt og fargað með bráðabyrgðarlögum.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. 314 við 1. gr. var felld með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Arnljótur Ólafsson	Jakob Guðmundsson
E. Th. Jónassen	Jón Ólafsson
J. A. Hjaltalín	Benid. Kristjánsson
Júlíus Havsteen	Friðrik Stefánsson
Sighv. Árnason	L. E. Sveinbjörnsson
	Skúli Þorvarðarson.

Breytingartill. 314 við 2.—6. gr. allar teknar aptur

Breyt.till. 305 1. tölul. var felld með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jakob Guðmundsson	Arnljótur Ólafsson
Jón Ólafsson	Friðrik Stefánsson
Benid. Kristjánsson	J. A. Hjaltalín
E. Th. Jónassen	Júlíus Havsteen
Skúli Þorvarðarson	L. E. Sveinbjörnss.
	Sighv. Árnason.

Breyt.till. 305 2. tölul. felld með 6 atkv. gegn 5.

Breyt.till. 314 8. tölul. var samþ. með 7 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Ólafsson	Jakob Guðmundsson
Arnljótur Ólafsson	Benidikt Kristjánsson
E. Th. Jónassen	Lárus E. Sveinbjörnss.
Friðrik Stefánsson	Skúli Þorvarðarson.
Jón A Hjaltalín	
Júlíus Havsteen	
Sighv. Árnason.	

Frumv. þannig breytt fellt með 6 atkvæðum gegn 5.

Till. til þingsál. um reikningsskil af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði (287); ein umr.

E. Th. Jónassen: Það er einungis stutt athugasemd, sem jeg skal leyfa mjer að gjöra. Jeg er ekki samdóma þingsályktunartillögunni undir tölul. 2, því jeg

álít hana óþarfa; jeg álít líka að það sje eins hægt fyrir umboðsmanninn að útvega ábúendur á jarðir umboðsins með þessum kjörum, eins og að vera að auglýsa þær til byggingar í blöðunum.

Jón Ólafsson: Jeg vil spyrja h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), hvort það sjeu ekki margar jarðir umboðsins í eyði; sje það máske hjer um bil 7. hver umboðsjörð, sem er í eyði, þá sýnir það búnaðarástandið; jeg leyfi mjer því að leita upplýsinga um þetta hjá h. 2. kgk. þm., því honum hlýtur að vera þetta kunnugt; víst mun *það* vera, að allt búnaðarástandið þar mun vera í hinu mesta ólagi og eymd. Hann hefur líklega gott traust á því, að umboðsmaðurinn muni kippa þessu eymdarástandi í lag, en eptir því, sem mjer skyldist á umboðsmanni í vor, þá ætlar hann að segja af sjer umboðsmennsku á þessu ári.

E. Th. Jónassen: H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók það fram í ræðu sinni, að 7. hver umboðsjörð væri í eyði; en mjer er ekki kunnugt að eyðijarðir þar sjeu fleiri en 4 eða 5; en hversu lengi umboðsmaðurinn verður við umboðið, það er mjer ekki kunnugt, og jeg veit heldur ekki neitt um, að hann ætli að losast við það. Það er satt að víða á umboðsjörðunum er búskaparástandið í vondu lagi, en það er ekki svo hægt að bæta úr því í snöggu bragði. Þegar góðar jarðir hafa losnað þar, er mjer kunnugt, að hægt hefur verið að fá ábúendur á þær; annars er meira gjört úr fátæktinni þar, en hún er í raun og veru. Jeg álít það ekki nema óhag einan, að fara að auglýsa jarðirnar í blöðunum; við það gætu menn fengið þangað ónýta og ókunnuga menn úr öðrum hjeruðum á landinu; jeg álít miklu hentara, að umboðsmaðurinn útvegi menn, sem eru þar kunnugir og þekkja þar til búnaðarhátta. Þar eru margar góðar jarðir innanum, og það hefur fleirum sinnum borið til, að margir í senn hafa keppzt um að fá þær til ábúðar.

Jakob Guðmundsson: Mjer er nokkuð kunnugt um hvernig hagar til með jarðir í Snæfellsnessýslu, bæði byggðar og óbyggðar. Í sumum hreppum þar vestra eru það að eins 2 eða 3 menn í hreppi, sem búa þar vel, en sem óska að komast þaðan sem fyrst, því þeir sjá fram á, að þeir til lengdar ekki geti borið hin miklu sveitarþyngsli. Jeg þekki þar eina jörð; hún heitir Elliði, og eyðilagðist að nokkru leyti af völdum náttúrunnar, og stóð í eyði í 3 ár, en byggðist í vor; sami maðurinn sem tók hana, fór frá jörðinni fyrir 3 árum, og er nú í ráði að flytja bæinn á annan stað og rækta þar upp gamalt hjáleigutún; þetta hefur mikinn kostnað í för með sjer, og geta ekki staðizt það nema ríkir menn eða landssjóður; þesskonar jarðir álít jeg vera til einbers skaða fyrir landssjóð að eiga. Þar er og önnur jörð, sem heitir Hrútsholt; þar er ábúandinn búinn að tvíjeta upp kúgildin og mun hafa fengið styrk til að fá síðari kúgildin, sem hann hefur lokið við áður en hann fór; þessi jörð hefur sjer margt til gildis, því hún kvað hafa góðar engjar og grasgefin tún, ef vel væri um hirt, og þar kvað líka vera mikið af gömlum áburðarhaugum; einn þeirra er kallaður litli Snæfellsjökull, en hvort hann nær upp fyrir sjólínuna, veit jeg ekki, og væri því einkar hentugt að fá þangað góðan ábúanda, til þess að smákoma haugunum á túnið.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að leggja það til, að h. þingd. samþykki þessa tillögu. Hjer er ekki farið fram á annað, en að landsstjórninni sje veitt heimild til, að láta byggja þær jarðir landskuldarlaust í 5 ár, sem nú eru í eyði, og ekki verða byggðar með vanalegum skilmálum. Það er ekki sjaldgæft í Snæfellsnessýslu að prívat-menn þar byggi jarðir sínar með allt eins óaðgengilegum eða óaðgengi-

legri kjörum fyrir sig og megi jafnvel gefa peninga til að fá þær byggðar, svo að þær standi ekki í eyði. Jeg get því ekki sjeð, að það sje neitt ísjárvert að veita landsstjórninni heimild til, að gefa eptir landsskuldina, þegar einhver umboðsjörð er í eyði og ekki byggist með öðru móti.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. m. 10 atkvæðum gegn 1, og afgreidd síðan til landshöfðingja.

Tillaga til þingsálgktunar um hallærislán og hallærislánabeiðslur (286); ein umræða.

E. Th. Jónassen: Það hefur verið mikið rætt um þetta mál í neðri deild, og þaðan er þessi þingsályktun komin hingað inn í deildina. Jeg álít, að það hafi ekki verið eins mikil ástæða til að koma fram með þessa þingsályktun, eins og mörgum öðrum kann að sýnast, en aptur á móti er það óumflýjanlega nauðsynlegt, að taka hallærislán fyrir sýslufjelögin, þegar bágindin eru svo mikil að manndauði vofir yfir, en mjer er einnig kunnugt, að sýslunefndunum hefir ekki verið ljúft að biðja um þau. Nefndarálit h. neðri deildar er á sumum stöðum „faktiskt“ rangt; menn hafa álitið sum lánin stærri en þau voru og ei alstaðar löglega undirbúin; menn hafa talað um að samþykki amtsráðanna ekki hafi verið fengin til lántökunnar; en þetta er ekki rjett, því lánið til Snæfellsnessýslu var samþykkt á amtsráðsfundi í júní í fyrra; sömuleiðis voru lánin til Gullbringu, Stranda og Barðastrandar sýslna samþykkt á amtsráðsfundi í vor af amtsráðinu og voru lánin eptir skýrslum frá hlutaðeigandi sýslunefndum einungis veitt til þess, að koma í veg fyrir manndauða af hungri; því formaður amtsráðsins áleit sjer ekki fært, eptir hinum meðteknu skýrslum úr sýslunum, að neita um samþykki sitt til að taka lánin upp á væntanlegt síðara samþykki amtsráðsins í heild sinni, þar sem ástandinu var svo aumlega lýst, að hungur vofði víða yfir, og eins og t. a. m. í Strandasýslu síðastliðið sumar ekkert heyjaðist, sökum grasbrests og óþurka. Þess skal og getið, að Barðastrandarsýsla brúkaði ekki nema nokkuð af láni því, er henni var veitt, eða rúmar 1900 kr., enda var ríkt lagt fyrir sýslunefndirnar af amtmanni sem forseta amtsráðsins eigi að taka meiri nje stærri lán, en minnst mætti verða til þess að afstýra yfirvofandi hungursneyð.

Hvað reglurnar — ef reglur skal kalla — fyrir hallærislánaveitingum, er teknar eru fram í þingsál.till., snertir, þá kemur 1. tölul. hreint og beint í bága við 39. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, en þar er það, að sýslunefndunum er gjört að skyldu, að koma í veg fyrir hungur og manndauða í sýslunum; jeg er líka hræddur um, að álit hinna dómkvöddu manna opt kæmi um seinan; því hungur og manndauði gæti að borið áður en næðist í álit þeirra og hin nauðsynlega hjálp fengist; jeg veit heldur ekki, hverjum á að trúa í þessum tilfellum, ef ekki sýslunefndinni í heild sinni, sem skipuð er beztu mönnum sýslunnar og kunnugustum ástandi hennar. Tölul. 2. er líka í bága við sveitarstjórnartilskipunina; þar að auki getur staðið svo á, að ómögulegt sje að kalla amtsráðið saman á þeim tíma, sem hjálparinnar nauðsynlega þarf við. 3. tölul. getur ekki heldur samrýmzt við sveitarstjórnarlögin, því öll stjórn sveitarmálefna heyrir eptir þeim undir hina umboðslegu stjórn: hreppsnefndir, sýslunefndir og amtsráð, en alls ekki undir alþingi, sem hjer er gert að nokkurs konar yfirfátækrastjórn, er liggur alveg fjærri ætlunarverki alþingis. 4. tölul. hef jeg ekki beinlínis neitt á móti. Við 5. tölul. er það að athuga, að með því að

gefa ákvæði um, aldrei að gefa eptir vextina, getur alþingi komið til að binda hendur sínar eptirleiðis. Töluliður 6. er of nærgöngull við hreppa- og sýslunefndir, og jeg efast um að hinir dómkvöddu menn sjeu því kunnugri, hverjir sjeu sannarlega þurfandi, en bæði hreppa- og sýslunefndarmenn. Jeg man líka svo langt, að þegar 1. þm. K.-G. (Þ. Böðv.) í fyrra kærði amtsráðið fyrir alþingi, út af því, að amtsráð suðuramtsins hefði neitað sýslunni um hallærislán, þá töluðu bæði þm. Borgf. (Gr. Th.) og 1. þm. Ísfirð. (S. St.) fyrir því, að það væri ætlunarverk umboðsstjórnarinnar, en ekki alþingis, að sjá um þessi málefni. Tölul. 7. gef jeg atkv. mitt, því eptir hinu auma ástandi, sem víða hvar er í þessum sýslum, er fullkomin þörf fyrir lánið, eins og það heldur ekki verða nein vandræði fyrir landssjóð að lána það með þeim skilmálum, að það eigi að endurborgast með vöxtum á 10 árum.

Júlíus Havsteen: Jeg gæti reyndar fallið frá orðinu, eptir að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) er búinn að tala, því hann hefur tekið margt af því fram, sem jeg vildi hafa sagt. Jeg get ekki annað en furðað mig á því, að fram skuli hafa komið þessi þingsályktunartillaga hjer á þingi, sem beinlínis kemur í bága við sveitarstjórnartilskipunina, og setur sýslunefndir eins og undir „Censur“. Jeg man heldur ekki betur en að það sje lögákveðið, að ekkert gjald megi greiða úr sýslusjóði, nema samkvæmt lögum, eða með samþykki sýslunefnda eða hlutaðeigandi amtsráðs! Sams konar mál, og hjer er um að ræða, ná í rauninni alls eigi til alþingis, heldur heyra þau undir umboðsstjórnina eina. Hvað 7. tölul. viðvíkur, þá höfðu sýslunefndirnar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu beðið um meira lán en þeim nú á að veitast, og hafa víst þó fulla þörf fyrir, en jeg man eigi betur en að nefnd sú, sem fjallaði um mál þetta í neðri deild, hafi helzt viljað hafa að lánið væri enn minna, og að hún hafi farið eptir skýrslu eins sýslunefndarmanns, sem hún trúir betur en sýslunefndinni. Mál þetta er þannig vaxið, að jeg vil stinga upp á að 3 manna nefnd sje sett til að íhuga það, því þó að neðri deild þingsins sje búin að segja álit sitt um það, og hafi haft það lengi til meðferðar, þá er samt full ástæða til, að efri deild einnig íhugi það sem vandlegast áður en það verður útkljáð.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. 3 manna nfd. — og þessir kosnir:

Júlíus Havsteen með 7 atkv.
Arnlj. Ólafsson — 5 —
Friðr. Stefánss. — 4 —

Frv. til laga um seðlaútgáfu og seðlainnlausn landsbankans (272); 2. umr.

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Við 1. umr. þessa máls urðu nokkrar umr. um það, og mætti það helzt mótstöðu frá hálfu h. varaforseta (L. E. Sv.), og þótti honum það helzt að því, að það væri ósamræmilegt við *princip* bankans, að gjöra seðlana nokkurn tíma innleysanlega. Að þetta sje *princip* bankans, er svo óskiljanlegt fyrir mjer, að jeg vildi fá að heyra rök h. þm. (L. E. Sv.) fyrir því. En svo mikið er þó víst, að þegar bankinn var stofnaður, þá mátti sjá það af ástæðunum fyrir frv., að sá maður, sem mest átti þátt í undirbúningi málsins, benti á að *reyna* þetta fyrirkomulag fyrst, *þangað til reynsla væri fengin fyrir því*, hvað viðskiptaþörfin bæri mikið seðilmagn; það átti því að eins að vera bráðabyrgðaúrræði, en öldungis ekki eilíft *princip*. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta frv. að sinni, fyr en jeg heyri röksemdir h. háttv. varaforseta, sem hann lofaði að gefa þegar málið var til 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg vil fyrst leyfa

mjer að beina þeirri spurningu til h. flutningsm. (J. Ól.), hvort hann viti það, að landssjóður hafi á reiðum höndum 50,000 kr. í gulli og silfri? Meðan hann ekki gefur neina sönnun eða vissu fyrir því, er ekki til neins að ræða þetta frv., því að frv. er allt byggt á því.

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Ef landssjóður hefur ekki fyrir hendi 50,000 kr. í gulli og silfri, þá er honum innan handar að geta fengið sjer þær. *(Landsh.:* Svo?). Já, vafalaust!

Sighvatur Árnason: Út af orðum h. flutningsmanns (J. Ól.) vil jeg gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg álít, að hann hafi manna bezt upplýst menn hjer á landi um bankamál. En jafnframt skal jeg geta þess, að það munu alls ekki allir ímynda sjer, að seðlar bankans eigi jafnan að verða óinnleysanlegir, og að það princip sje eilíft; að minnsta kosti held jeg ekki að svo sje. En jeg hygg að þetta frumvarp sje of snemma uppborið; að það sje enn ekki tími til kominn að breyta bankalögum vorum í þessa átt, reynsla vor sje enn of lítil þess, og að enn hafi ekki fram komið neitt, sem gjörir slíka breytingu nauðsynlega. Þetta yrði að eins til þess að halda við og vekja upp aptur þá mistryggingu og það mistraust, sem einstakir menn gjörðu sitt til að skapa í fyrstu, þegar bankinn var stofnaður. En, eins og sýnt hefur sig hingað til, eins vona jeg að bankinn reynist hjer eptir betur en spáð var fyrir honum.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal taka það fram, að það var háttv. varaforseti (L. E. Sv.), sem ljet það í ljósi, að þessu principi bankans, *að leysa ekki inn seðla sína*, yrði aldrei haggað og það aldrei brotið. *(L. E. Sv.:* Jeg hef aldrei sagt það). Jeg skildi ekki betur. En þar sem háttv. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að þetta frv. væri ofsnemma upp borið, þá getur það verið álitamál. En svo mikið er víst, að það þarf engan spásagnaranda til að sjá, að ef bankinn ekki, áður langt líður, fer að innleysa seðla sína, er hætt við að svo fari, að þeir falli. Að sönnu getur það fall aldrei orðið svo mikið, og aldrei meira en það, sem því nemur, að deponera þá á pósthúsinu og fá fyrir þá sent upp hingað gull og silfur. Þó að seðlarnir sjeu lögskipaður og lögþvingaður gjaldeyrir, hefur það ekkert að segja. Það er ekki hægt að banna neinum, sem á kaup við annan mann, að áskilja sjer borgun í silfri eða gulli; enginn *þarf* að gera kaup upp á aðra skilmála. Það er ekki lengra síðan en í sumar, að Húnvetningar skrifuðu Coghill og sögðu, að honum væri ekki til neins að koma til sín með seðla; því að hann fengi enga hesta, ef hann borgaði með þeim. *(L. E. Sv.:* Það er nú búið). Það var fyrir sjerstök atvik, sem *ekki* voru bankanum að þakka, að seðlarnir urðu þar útgengilegir í þetta sinn. (*L. E. Sv.:* Og þetta á að læknast með einum 50,000 kr.). Já! Einkum þar sem frumvarpið fer fram á, að bankinn gefi ekki út fyrst um sinn meira af seðlum en 400,000 kr. og verður þá þessi upphæð $^1/_8$ af seðlaupphæð bankans, og þar sem hann ekki er skyldaður til að leysa inn meira á mánuði en 1000 kr. Að vísu er það óvíst, að þetta sje nóg til að fullnægja allri innlausnarþörf, eins og hún sýnir sig nú; en þörf þessi er að *miklu* leyti sprottin af ástæðulausri hræðslu, og mundi hún (þörfin) minnka ásamt hræðslunni við það, að bankanum við þessa takmörkuðu innlausnarskyldu hlyti að aukast tiltrú og traust. Það er ekki meiningin, að þetta skuli verða algjörð lækning, heldur byrjun, sem fram verði haldið frekara á næstu þingum, eptir því sem þörf krefur og efni leyfa — *byrjun til fullkominnar innlausnarskyldu.* Gagnvart spurningu h. landshöfðingja, hvort landssjóður hefði 50,000 kr. fyrirliggjandi í gulli

og silfri, skal jeg geta þess, að honum er innan handar að selja innritunarskírteini. Enda mun hann eiga nokkuð fyrirliggjandi í gulli og silfri án þess.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld með 7 atkvæðum gegn 1. Þar með var frumvarpið álitið fallið.

Frv. til laga um vegi (215,300); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ben. Kristjánsson): Eins og háttv. þingd. sjer, hefur nefndin að eins gjört litlar breytingar við frv. þetta, og þar sem nú er 1. umr. þessa máls, álít jeg eigi ástæðu til, að fara mörgum orðum um það.

Ástæðurnar fyrir því, að nefndin hefur ráðið til að gjöra þessa litlu breytingu, eru í nefndarálitinu, sem háttv. þm. hafa fyrir sjer, og þarf því ekki eiginlega annað en vísa til ummæla nefndarinnar að þessu sinni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þrítugasti og fjórði fundur, föstudag 12. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um linun á lausafjár- og ábúðarskatti (268); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust með 9 atkv. gegn 2, og afgreitt til neðri deildar.

Frv. til laga um að skipta Barðastrandarsýslu í 2 sýslufjelög (255); 3. umræða.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og afgreitt síðan til landsh. *sem lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breyting á 15. gr. stjórnarskrárinnar (263); 3. umr.

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Þetta mál var svo ýtarlega rætt við 2. umr., að jeg hygg, að nú þurfi ekki langar umræður um það; það kom fram undir þeim umræðum, að óeðlilegt væri að tala um, að menn hjer á þingi skiptust í flokka eptir kosningunum; en atkvæðagreiðslan í þessu máli bar þó beztan vottinn um það.

Sighvatur Árnason: Jeg hlýddi á umræður þessa máls við 2. umræðu, og sá jeg, að þá voru sumir með því, en sumir aptur þvert á móti því. Mjer finnst það annars undarlegt, að menn í þessu máli skuli ekki geta orðið samtaka; því þó jeg skoði það frá hlið ráðgjafastjórnarinnar, þá má henni standa alveg á sama, þó þetta frumvarp gangi fram, því hún hefur hvort sem er töglin og hagldirnar og ræður úrslitum málanna. Jeg verð að segja það, að mjer hefur allt af fundizt þessi skipting á tölu þingmanna, sem stjórnarskráin tiltekur í efri og neðri deild, stór galli á stjórnarskráninni, og skal jeg færa ástæður fyrir því. Þjóðkjörnir þingmenn eru þeir menn, sem þjóðin kýs til þess, að koma málum sínum svo langt áleiðis, að þau komist til ráðgjafastjórnarinnar. En hvernig tekur þetta sig út? Það tekur sig þannig út, að þeir menn, sem ekki eru kosnir af þjóðinni og ekki eru ef til vill á sömu skoðun og hinir þjóðkjörnu þingmenn, koma því til leiðar með atkvæði sínu, að það er sem þrepskjöldur fyrir því, að málið komist í gegnum þingið og til ráðgjafastjórnarinnar. En þetta er ekki tilgangur hvorki stjórnarskrárinnar eða þingskapalaganna. Það sjer hver maður, að þó aldrei nema yrðu 9 þjóðkjörnir þingmenn í efri deild, þá stendur hinum konungkjörnu jafnt opið fyrir því, að láta meiningu sína í ljósi, og þá er ráðgjafastjórninni innan handar að taka tillögu þeirra til greina, ef henni svo sýnist, og með því er tilganginum með kosningu þeirra fullnægt; en tilganginum með kosningu hinna þjóðkjörnu þingmanna er

ekki fullnægt, ef hinir þjóðkjörnu þingmenn ekki koma tillögum sínum um málin út úr alþingishússdyrunum. Þetta hefur og vakað fyrir löggjafanum, þegar hann gefur kost á að breyta megi 15. gr. stjórnarskrárinnar með lögum. Þessi galli á stjórnarskránni getur leitt til þess, að samvinnan í deildinni verður óeðlilegri, og menn geta freistast til mannveiða.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get ekki að því gjört, að jeg skildi ekki h. þm. Rangv. (S. Á.); jeg skildi reyndar orðin, en jeg skildi ekki, á hverju þau voru byggð. Hinn háttv. þingm. vantaði að færa ástæður fyrir orðum sínum. Hann áleit, að það væri það eina rjetta löggjafarþing, þar sem hinir þjóðkjörnu, eða þjóðviljinn, rjeði öllu; jeg veit ekki og skil heldur ekki á hverju hann byggir þetta. Hvernig var það hjer til forna, meðan Ísland var frjálst? Voru það hinir þjóðkjörnu sem rjeðu? Nei, það voru goðarnir, sem rjeðu lagasetningunni; eins var það og á miðöldunum, að konungarnir kölluðu menn sína á ráðstefnur, og lögðu fyrir þá það, sem þeir vildu vera láta; með öðrum orðum, í fornöld var löggjafarvaldið í höndum höfðingja. Jeg vil spyrja háttv. þm. Rangv. (S. Á.): hver var tilgangurinn í hinni miklu deilu, sem Norðmenn áttu núna nýlega í, til þess að ráðgjafarnir fengju setu á stórþinginu? Tilgangurinn eða kjarninn var sá, að samvinnan milli stjórnarinnar og hinna þjóðkjörnu þingmanna yrði greiðari og eðlilegri, eða að samvinnan yrði meiri og kæmi fram á þinginu sjálfu. Jeg skil því eigi betur, en að tilgangur frumvarpsins hjer sje sá, að hinir konungkjörnu sjeu í sjálfsköpuðum minni hluta. Að vísu vilja þeir, sem frv. fylgja fram, hafa landshöfðingjann á þingi til samvinnu; en hitt er aðalkjarni frumv., að þjóðviljinn geti æfinlega komið fram, svo að hann ráði úrslitum málanna. En þessi skoðun er byggð á röngum ástæðum og verður því ætíð röng, því sjeu hinir konungkjörnu þingmenn jafnir hinum þjóðkjörnu þingmönnum bæði að góðu viti og góðum vilja til að stunda gang og velferð fósturjarðar sinnar, þá er engin ástæða til, að þeir sjeu ofurliði bornir hjer á þingi. Annaðhvort skilja formælendur frumv. ekki hvað þeir segja, eða þeir eru að berja fram þjóðvilja, sem þeir fæða í dul eður sem flýr í felur.

(S. Á.: Ámæli). Það eru engin ámæli, svo framarlega sem háttv. þm. skilur sjálfan sig. Það er engin ástæða til að gruna hina konungkjörnu um gæzku. Það gleður mig, að háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) er svo ærlegur, að viðurkenna þenna tilgang frumvarpsins, og fyrir honum veit jeg að þingmaður Rangv. verður að beygja sig.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók það fram í ræðu sinni, að það væri dulinn tilgangur frv., að hinir þjóðkjörnu kæmu til að ráða öllu hjer í deildinni, og á bak við frumvarpið lægi hulinn þjóðvilji; en þetta er ekki rjett; alþingistíðindin bera það með sjer, að jeg við 1. og 2. umr. þessa máls hefi tekið það skýrt og skorinort fram, hver sje tilgangur frv., og jeg hef ekki dregið dulur á neitt, eða mælt á huldu, heldur sagt afdráttarlaust, hver tilgangur frv. væri.

(E. Th. J.: Nei.) Þó h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) segi nei, þá veit hann ekki fyrir það betur en jeg, hvað jeg hef sagt; og, sem sagt, þingtíðindin bera það með sjer og geta borið mjer vitni. Í öðrum löndum, þar sem löggjafarþing eru, er samvinnan við stjórnina fólgin í því, að ráðgjafarnir hafa aðgang til að mæta á þingi. Hæstv. landsh. tók það og rjettilega fram við umræður þessa máls hjer um daginn, að hinir konungkjörnu þingmenn væru ekki bundnir við annað hjer á þingi en sannfæringu sína; þeir hefðu því *ekkert umboð* af stjórnarinnar hendi til þess, að þingið gæti samið við þá sem fulltrúa konungs eða stjórn-

ar. Öll rökleiðsla háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) er því byggð á misskilningi á stöðu hinna kgk. þingmanna, og er það auðsætt, að ef jeg og hæstv. landsh. höfum rjett fyrir okkur, þá misskilur háttv. 5. kgk þm. háskalega stöðu sína. Jeg skoða hina konungkjörnu þingmenn sem stjórnkjörna fulltrúa *landsins;* frumvarpið veikir því að þessu leyti ekki neitt samvinnuna við stjórnina. Það er einungis landshöfðinginn, sem hjer á þingi hefur umboð til að semja við það fyrir hönd stjórnarinnar. Jeg veit, að allir óska, að samvinnan gæti orðið meiri og eðlilegri en hingað til hefur átt sjer stað.

En staða hinna konungkjörnu þm. hjer á þingi stendur öðru vísi af sjer, en staða hinna þjóðkjörnu þingmanna. — Staða þeirra gagnvart þjóðinni er lík stöðu forráðamanns alómyndugra, sem eigi mega sjálfir kjósa sjer forráðamann. Það er því ekki eðlilegt, að þeir ráði niðurlögum eða úrslitum málanna.

Háttv. 5. kgk. þm. var að líkja stöðu hinna konungkjörnu þingmanna hjer saman við stöðu konungkjör. þingm. í öðrum löndum, þar sem kosningin er annaðhvort æfilöng eða fylgir vissri stöðu eða gengur í erfðir; en hjer á landi er allt öðru máli að gegna; í öðrum löndum eru það stjórnirnar *á ýmsum tímum,* sem sett hafa efri málstofurnar saman í heild sinni. Talsverður munur yrði það, ef hinir konungkjörnu væri kosnir æfilangt; þá gæti ný stjórn, sem tæki við, ekki breytt kosningunum, og þá gæti, eins og háttv. 5. kgk. (A. Ó.) talaði um, „conservativt Element" myndast hjer, og þá yrðu þeir kgk. þingmenn ólíkt óháðari stjórninni. Kosning konungkjörinna þingmanna finnst mjer að öðru leyti óeðlileg fyrir okkar þing á þessum tímum. Hún komst á, þegar ráðgjafaþingið myndaðist, af því mönnum þótti það nauðsynlegt, meðan þingið var í bernsku, á þennan hátt að reyna að tryggja það, að menntaðir menn kæmust inn á þing. En nú er þessi ástæða horfin; nú sjáum vjer, að þjóðin kýs upp og niður engu síður menntaða menn á þing en stjórnin, — að þeir menn eru konungkjörnir, sem áður voru þjóðkjörnir, og aptur ýmist þeir menn þjóðkjörnir, er áður hafa verið konungkj. o. s. frv.

Þegar um áhuga- eða kappsmál er að ræða milli stjórnar og þjóðar, þá er auðvitað, að hvort um sig, stjórn og þjóð, kýs þingmenn eða fulltrúa sína eptir því, sem hvor þeirra hyggur *sinum málstað* tryggast. Sami háttv. þingm. talaði um, að tilgangur frumvarpsins væri, að halda hinum konungkjörnu *í sífeldum minni hluta;* en á hverju byggir hann þetta? Ef þannig væri, hlyti það að koma af því, að hinir kgk. þingmenn væru *sífeldlega* í öllu andvígir fulltrúum þjóðarinnar, og væri svo, þá er sjálfsagt, að það þarf að halda þeim í minni hluta; en jeg hygg þetta rangt; jeg hygg að það sje að eins þá er um þau áhugamál er að ræða, sem ráðið hafa kosninga-úrslitum, að ganga megi að því vísu, að konungkjörnir þingmenn sjeu andstæðir þjóðkjörnum þingmönnum. En þá er og nauðsynlegt, að halda þeim í minni hluta, því að stjórnin sýnir þá, að hún kýs menn eingöngu til að greiða atkvæði með sjer. Og stjórnin *hefur* stundum hafnað fulltrúum, af því að þeir hafa ekki að hennar áliti nægilega framfylgt skoðunum hennar í kappsmálum hennar við þjóðina. Þess sáum við nýlega dæmi. Sami háttv. þm. (A. Ól.) sagði ennfremur, að hinir konungkjörnu væru eins góðir og menntaðir menn eins og hinir þjóðkjörnu; þessu neitar enginn að þeir sjeu svo í sjálfu sjer; en þar af leiðir *ekki* tyrir það, að þeir sjeu eins góðir fulltrúar *fyrir þjóðina;* þeir fara eptir sinni skoðun, sem máske ekki fellur saman við skoðun þjóðarinnar, og því kýs *hún* þá ekki. *(A. Ó.:* Dagblöðin). Þau hafa ekki kosningarrjett til alþingis og mundu heldur ekki kjósa

háttv. 5. kgk. þm. (Arnl. Ól.) nú á tímum.

Sighvatur Árnason: Mjer þótti h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) leggja harðan dóm á orð mín áðan; jeg held hann hafi ekki heyrt vel hvað jeg sagði; honum hefur hreint og beint misheyrzt eða hann hefur misskilið orð mín, er hann segir, að jeg hafi sagt á þá leið, eptir því sem honum fórust orð, að kgk. þm. legðu ekki til málanna eptir sannfæring sinni. Þetta sagði jeg aldrei eða vildi aldrei sagt hafa, en jeg sagði, að þegar efri deild væri svo skipuð sem nú er, þá gæti svo farið, ef kgk. þm. hefðu gagnstæða skoðun hinum þjóðkjörnu, að þá gætu þeir hindrað vilja þjóðarinnar frá að koma fyrir eyru stjórnarinnar. (*Arnl. Ól.:* Er þetta þá frv. móti Ef?). Jeg bæti því við, að jeg álít að þjóðin eigi að hafa svo sterkt atkvæði á þingi, að slíkt geti ekki átt sjer stað. Jeg skal taka stjórnarskrármálið til dæmis, til að sýna, hversu nauðsynlegt þetta er. Það er auðvitað, ef stjórnin vill ekki breytingu, þá mun hún velja menn sem hún veit fyrirfram að muni hafa sömu skoðun og hún hefur. Jeg skil ekki í, að hinir konungk. eigi á þann hátt að hafa vit fyrir þinginu eða fyrir stjórninni sjálfri, sem hefur valið þá til þingsins, að þeir hindri þjóðina frá að koma vilja sínum fram á þingi, svo ráðgjafastjórnin fá hvorki að heyra nje sjá það sem þjóðin eða þingið fer fram á. Þjóðin á að geta komið áhugamálum sínum svo langt að þau berist til eyrna stjórninni; ráðgjafastjórnin hefur allt af vald til, sem önnur hlið löggjafarvaldsins, þegar hún hefur vegið ástæður með og móti, að gjöra við frv. alþingis það sem henni sýnist. Jeg get ekki látið það vera að endingu, að geta þess, að mjer fannst ræða h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) nokkuð einveldisleg.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki neitað því, að mjer finnst það bæði sanngjörn og mannúðleg útlegging, að konungur hafi áskilið sjer rjett til að velja 6 þingmenn til þess að hann gæti ávallt sjeð fyrir, að á þingi sætu þó að minnsta kosti 6 vel hæfir og menntaðir menn, sem berðust fyrir heill og framförum ættjarðar vorrar, hvernig sem kosningar þjóðarinnar heppnuðust; jeg játa að þetta sje mannúðleg og góðgjörn útlegging, og þótt vel geti verið, að þessi hafi verið aðaltilgangurinn í fyrstu, þá hafa menn þó fyrir löngu rennt grun í, að stjórnin vildi líka, að konungur veldi þessa menn til að fylgja fram sínum vilja. Jeg færi það til líkinda en eigi til sönnunar þessu máli, að upphaflega var gjört ráð fyrir, ekki einungis að stjórnin skyldi velja 6 menn á þing, heldur ákveða í hvaða stöðu þeir skyldu vera, og það var ekki af handahófi gjört. Nei, það átti að vera biskupinn, báðir amtmennirnir, háyfirdómarinn, landfógetinn og landlæknirinn; jeg get sýnt þetta prentað svart á hvítu. (*J. Havst.:* Mikil skelfing!). Þetta er engan veginn skelfilegt, því að hverjum var betur trúandi, en einmitt þeim mönnum, sem stjórnin hafði valið í þessi vandasömu embætti. Sjálfsagt hefur af ýmsum atvikum brugðið út af, að þessu hafi verið fylgt, en þó hefur það verið gjört að því leyti sem kringumstæðurnar hafa leyft. Jeg vorkenni h. 5. kgk. (A. Ól.), þótt hann ekki einungis finni til þess, að hann er konungkjörinn, heldur líka í hvers stað hann er það; jeg vil ekki hafa hið alþýðlega orðatiltæki um hann, að hann beri biskupinn í maganum, heldur segja að hann beri biskupinn í huganum. Yfir höfuð er jeg á þeirri skoðun, að ekki sje lengur nauðsynlegt að hafa konungkjörna menn á þingi, því þjóðinni er vaxið svo politiskt vit og þroski, að hún mun jafnaðarlega kjósa sína beztu menn á þing, og hún á líka nóg mannval til að kjósa til

þingsetu; það er ekki heldur hætt við, að hún muni ganga fram hjá þeim mönnum, sem stjórnin mundi hafa kosið; hún hikar víst ekki við að kjósa þá, þegar hún veit að þeir eru sannarlega þjóðhollir; það hefur reynslan sýnt. Það hefur verið talað um, að kgk. þm. fylgdu ekki fram stjórnviljanum, heldur þjóðviljanum; jeg játa, að svo ætti að vera. En ætla menn að þjóðin á Íslandi hafi ekki opin augu og eyru fyrir því, hvernig venjulega hefur farið, þegar stjórnviljinn hefur komið í bága við þjóðviljan; það sjest af alþingistíðindunum, að minnsta kosti þar sem nafnakall hefur verið haft við atkvæðagreiðslur, og sjálfum er mjer þar að auki nokkuð kunnugt um það. Verið getur að þetta komi til af því, að jafnan hafi skoðun þeirra komið saman við skoðun stjórnarinnar og þeir álitið stjórnviljann hollastan þjóðinni, en hana það barn, sem ekki vissi hvað sjer væri fyrir bestu, eða þeir hafa álitið að best væri að hætta við hvert mál, sem stjórninni væri ógeðfellt, þangað til hún hefði sannfærzt um nytsemi þess. Mig furðar að þetta, sem liggur á bak við um framkomu hinna kgk., skyldi ekki koma opinberlega fram fyr en h. 5. kgk. svo greinilega sagði, að þeir sætu á þingi til þess stjórnin gæti haft hlutdeild í löggjöfinni svo að hún þyrfti ekki að synja lögum staðfestingar. Jeg fellst ekki á það hjá h. þm. Rangv. (S. Á.), að stjórninni megi vera sama hvað hún hefur að segja á þingi, fyrst hún geti allt af haft síðasta orðið og sagt nei þegar hún vill. Það getur verið þægilegra fyrir stjórnina, að ýms mál komist ekki út fyrir þinghússþrepskjöldinn, svo að hún þurfi ekki að segja nei við þeim. Jeg segi það, að eptir ýmsum mun það reka ekki hvað minnst með stjórnarskrárbreytinguna, að konungur kýs þessa 6 menn til þings, og ef þessi breyting sem frv. fer fram á að gjörð sje á 15. gr. stjórnarskrárinnar, fær framgang, þá mundu menn fyrst um sinn una stórum betur við þá stjórnarskrá, sem vjer nú höfum.

L. E. Sveinbjörnsson: Eptir því sem umræður hafa fallið um þetta mál, er einasta ástæðan fyrir því, að það er komið fram, stjórnarskrárbreytingin. En hjer er alveg gengið fram hjá kjarna málsins. Tilgangurinn með efri deild er að halda „conservativu elementi“ í þinginu; í efri deild á að ríkja stilling, festa og friður. Svo framarlega, sem menn vilja ábyrgjast mjer að hinir 3 menn yrðu kosnir þannig, að þessi tilgangur næðist, þá mundi jeg fúslega greiða atkvæði með frv. En af því að jeg er sannfærður um, að það mundi eigi verða, heldur að neðri deild mundi kjósa framgjarna menn, sem fylgdu fram hennar máli, hingað í deild, þá get jeg ómögulega stutt þetta mál, að brjóta á bak tilgang efri deildar; skipun hennar á að vera óbreytt, á meðan stjórnarfyrirkomulaginu er óbreytt.

Júlíus Havsteen: Jeg sje líka enn einn tilgang frv., þann tilgang, að fá tækitæri til að sneiða hina konungkjörnu og gjöra þá tortryggilega í augum þjóðarinnar. Orðum h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að kosning kgk. þm. geti leitt til mannveiða, vildi jeg ekki láta ómótmælt; slík orð eru ósæmileg og mega ekki eiga sjer stað.

Forseti: Orðin hjá h. þm. Rangv. (S. Á.) fjellu svo, að það fyrkomulag, sem nú er, „freistaði til mannveiða“.

Flutningmaður (Jón Ólafsson): H. varaforseti (L. E. Sv.) sagði, að tilgangurinn með að hafa þingmenn skipta í 2 deildir sje sá, að hafa „conservativt element“ í þinginu; þessu verð jeg að neita. (*L. E. Sv.:* Þm. játaði það þó við 2. umr.). Nei; ekki að svo *sje* nú, en skal jeg játa með h. þm. (L. E. Svb.), að svo ætti að vera; það fyrirkomulag væri mjög *æski-*

legt, að efri deild væri svo skipuð, að nokkur trygging væri fyrir því, að hún væri meira *conservativ* (íhaldssöm); en nú er eptir stjórnarskrá vorri engin önnur trygging fyrir "conservativu elementi" í Ed. en sú, að hið sameinaða alþingi kýs, sjálfsagt með tilliti til þessa, 6 þm. til setu í Ed. Í kosning *stjórnarinnar* á þeim 6 þm., er hún kýs, er eigi hin *minnsta* trygging fyrir þessu. H. varaforseti (L. E. Svb.) getur þó ekki ímyndað sjer, að sú stjórn, sem nú situr að völdum í Danmörku, muni verða eilíf, þótt *hún* kunni að vera „conservativ". Það er ekki hin minnsta ástæða til að ætla, að ekki geti eins í Danmörku eins og annarstaðar í löndum, er hafa líka stjórnarskipun, komizt einhvern tíma til valda sú stjórn, sem máske yrði "radiköl", og afleiðingin af því *hlýtur* þá að verða sú, að vjer fáum inn á þing eldrauða „radikala" konungkjörna þm. Nei, tryggingin fyrir „conservativu elementi" í þinginu er ekki í hinum 6 kgk. þm., heldur eingöngu sú, sem liggur í hinum 6 þm., er kosnir eru af sameinuðu þingi til sætis í Ed. *(L. E. Sv.:* Því er þingið þá í 2 deildum?). Tilgangurinn með að hafa 2 þingdeildir getur meðal annars verið sá, að tryggja rækilegri meðferð á málunum, sem fá miklu fleiri umræður á þennan hátt. Jeg hygg, að það fyrirkomulag hjá oss sje lagað eptir stjórnarskrá Norðmanna; að minnsta kosti þekki jeg ekki, eptir hverju öðru stjórnarfyrirkomulagi þetta atriði í stjórnarskrá vorri getur verið tekið.

Jeg er h. varaforseta samdóma um það, að það væri *æskilegt*, að hið "conservativa element" væri ríkara og betur tryggt í stjórnarskrá vorri en nú er. Og það mundi *að nokkru leyti* verða, ef frv. þetta verður að lögum.

H. varaf. (L. E. Sv.) sagði ennfremur, að stjórnarskrármálið lægi á bak við þetta frv. Því get jeg bæði játað og neitað. Jeg játa því að því leyti, sem stjórnarskrárbreytingin er eitt af þeim áhugamálum, sem stjórn og þjóð greinir á um. En að þetta líti *eingöngu* til stjórnarskrárfrv., verð jeg algjörlega að neita; því að það getur verið hverjum manni ljóst, að eins og stjórn og þjóð hefur greint á í stjórnarskrármálinu, eins getur það og komið fyrir, og hefur komið fyrir í fleirum áhugamálum þjóðarinnar. En orðum h. 1. kgk. þm. (Júl. Havst.) verð jeg alveg að mótmæla. Það er beinlínis ósæmilegt og óþingmannlegt, að drótta því að flutningsm. þessa frv., að þeir hafi komið með það af óhreinum hvötum, og til þess að sneiða hina kgk. þingmenn. Orð þau, sem h. 1. kgk. fann sig meiddan af, voru *ekki* töluð af flutningsm. þessa frv., heldur af h. þm. Rangv. (S. Á.), og jeg mótmæli því líka, að þau hafi verið töluð í þeim tilgangi, að meiða hina kgk. þingmenn; þau gjörðu það heldur ekki. Það er að eins h. 1. kgk. (J. Havst.), sem hefur sagt meira, en hann líklega vildi, eða í öllu falli meira en hann átti að segja. *(J. Havst.:* Jeg mótmæli þessum orðum). Því ósæmilegra! H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði aldrei, að það fyrirkomulag, sem nú er, væri misbrúkað til mannveiða. (*Júl. Havst.:* Jú, hann sagði það víst). Nei, heldur að það *mætti* misbrúka það til mannaveiða. Yfir höfuð hef jeg sem flutningsmaður málsins gjört mjer allt far um að forðast sjerhvert ýfandi orð, og jeg vona að allir verði að unna oss þjóðkj. þingm. þess sannmælis, að vjer höfum fylgt fram máli voru með kurteysi og stillingu. Jeg verð því alvarlega að mótmæla því frá oss öllum þjóðkjörnum þingmönnum, sem greiðum atkvæði með þessu frv., að það sje komið fram í þeim tilgangi að sneiða h. kgk. þm. *(J. Hav.* Jeg mótmæli þessum orðum þingmannsins). H. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.) hefur engan rjett til að segja þetta, nje taka fram í

fyrir mjer og brjóta hjer þingsköp. Hann er nógu opt búinn að brjóta þingsköp og velsæmi í dag, og ætti nú að þegja, meðan aðrir tala

Júlíus Havsteen: Jeg skora á forseta að áminna h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fyrir það, sem hann segir, að jeg brjóti þingsköp hjer.

Forseti: Jeg finn ekki fulla ástæðu til þess að gjöra neitt í þessu efni.

Benidikt Kristjánsson: Jeg þarf ekki að segja, hver hafi verið tilgangur minn með því að vera flutningsmaður að þessu frv., og get ekki fundið, að nein ástæða sje til að gjöra mjer neinar getsakir í því efni. Jeg hef við umr. þessa máls fært ástæðu fyrir frv. og þær ástæður munu á sínum tíma sjást prentaðar í þingtíðindunum. Ef þær ástæður verða ekki teknar gildar af þeim, sem tíðindin lesa, verð jeg að játa fávizku mína, að jeg hef álitið það fullar ástæður, sem ekki eru gildar ástæður. Jeg vil sjálfur engan dóm á þær leggja, en læt það liggja fyrir sjónum og dómi almennings, og leyfi hverjum að dæma þær eins og honum bezt líkar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 6 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 4 þm. (J. Ól., Sighv. Árn., Sk. Þorv. og B. Kr.), og sögðu

já:	*nei:*
Jakob Guðmundsson	Arnljótur Ólafsson
Jón Ólafsson	E. Th. Jónassen
Ben. Kristjánsson	J. A. Hjaltalín
Fr. Stefánsson	Júlíus Havsteen
Sighv. Árnason	L. E. Sveinbjörnsson
Skúli Þorvarðarson.	

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (307); 1. umr

ATKVÆÐAGR.: Frumv. umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um lán handa Garðskirkju (311); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. ein umr. með öllum atkv.

Frumv. til laga um þurrabúðarmenn (309); 1. umr.

Jón Ólafsson: Mjer finnst þetta mál svo vel úr garði gjört frá h. Nd., að eigi þurfi að setja nefnd í það hjer í deildinni, enda er mjög liðið á þingtímann. Jeg vil því mælast til að það fái að ganga áfram til 2. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg get í raun-inni sagt hið sama sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.); þetta frv. er þess vert, að það nái fram að ganga. Jeg er einnig á því, að eigi þurfi að setja nefnd í það, því að þó dálitlir gallar sjeu á því, mun hægt að laga það með breyt.till. og mun jeg leyfa mjer að koma með breyt.till. við það við 2. umræðu.

Arnljótur Ólafsson: Efni þessa frv. er íhugunarvert, þar sem það setur ný skilyrði fyrir þurrabúðarmennsku. Eg hygg því, að æskilegt væri, að sett væri í það þriggja manna nefnd. Tíminn er nægur, einkum ef nefndin ekki skyldi ráða til að gjöra neinar breytingar á frumv., er eg þó álít við þurfa. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning felld með 8 atkv. gegn 1.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er einn af þeim mönnum, sem vilja leggja þessu frv. líknarorð, því jeg álít mjög mikla rjettarbót í því. En þó á því kynnu að vera einhverjir gallar, þá ímynda jeg mjer, að þá megi laga með breytingartill. án þess, að málið þurfi að koma í nefnd. Jeg er því fyllilega með þessu frv., og mun gefa því eindregið atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Mjer þykir það næsta íhugunarvert, hver afleiðingin yrði af því, að þetta frumvarp yrði samþykkt, þar sem skilyrðin fyrir að vera þurrabúð-

armaður yrðu miklu þrengri en nú eru. Afleiðingin hlyti að verða sú, að þeir yrðu miklu færri eptirleiðis. *(E. Th. J.:* Það er bágt!). „Það er bágt", segir h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.). Ja, víst getur það orðið bágt, það getur orðið til þess, að hnekkja sjávarútveginum, aðalatvinnuveg landsins. *(J. Guðm.:* Ekki nema annar!). Já hann er jafnvel meiri en landbúnaðurinn, meiri að því leyti að meira er flutt út úr landinu af sjávarafla en landvarningi. Hjer er því sannarlega um aðalatvinnu landsmanna að ræða. Þingið er eigi, með allri virðingu við vizku þess, færara um að dæma um þetta mál en þjóðin sjálf, og vilji menn meta þjóðviljann — og það viljum vjer allir — þá ætti það að vera í þeim málefnum, sem þjóðin hefur bezt vit á sjálf, og það eru hin hversdagslegu störf og atvinnuvegir sjálfrar hennar. Útvegsbændurnir vita eins vel og þm. hvað eflir útveg þeirra, þeir hafa viljað hingað til og vilja enn hafa þurrabúðarmenn, sem eigi uppfylla þessi skilyrði; þá gjöra þeir það af því, að þeir álíta útveg sínum með því betur borgið en höfundar frv. hyggja. Frv. leggur nú allt að 100 kr. sekt á þann, sem gjörir það, sem hann álítur að atvinnuveg sínum sje betur borgið með en missa af þurrabúðarmanninum. Frv. er því athugavert, því það miðar eins og önnur frv. frá sömu uppsprettu að því að þrengja mjög að atvinnufrelsi manna og viðskiptafrelsi.

E. Th. Jónassen: H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) sagði, að afleiðingin af því að þetta frv. yrði að lögum yrði óefað sú, að færri yrðu þurrabúðarmenn en áður; það er mikið satt, og í því er líka rjettarbótin, sem er í þessu frv. innifalin, því það hefur ávallt verið viðurkennt og það af mestu mönnum þessa lands, að þessar mörgu þurrabúðir hjer á landi væru sannarlegt niðurdrep allrar velmegunar. Þetta frv. á eigi heldur við nema þurrabúðir utan kaupstaða og það er jeg hræddur um að h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) hafi eigi gætt að. En að frv. takmarki atvinnufrelsi manna, get jeg eigi sjeð, og jeg get eigi sjeð að það sje nokkur þörf á nefnd í þessu máli; efmönnum sýnist eitthvað þurfa lagfæringar, þá má koma með breytingartillögu til 2. umr.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er einn þeirra manna, sem álíta frv. þetta vera mjörg þarflegt og get því eigi fallizt á, að það sje svo athugavert, eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) þótti, vegna galla sem væri á því, að þörf væri á að setja það í nefnd. H. 5. kgk. þm. þótti það athugavert sjerdeilis af því, að í frumv. væri heimtað að þeir menn er vildu byrja sjálfsmennsku, eða ef nefna skyldi búskap í þurrabúð, þá yrðu þeir að eiga, auk fata, 400 kr., en þetta eignartakmark er auðsjáanlega sett til þess, að öreigar settu sig eigi niður sem þurrabúðarmenn, eins og áður hefur viðgengizt, einkum í sjóplássunum, alveg eignarlausir og atvinnulitlir, og sem hefur sýnt sig að hefur mjög illar afleiðingar, því slíkir menn eru eigi að eins sjálfum sjer og skylduliði sínu ónógir, heldur liggja þeir upp á öðrum, leggjast í leti og ódugnað og jafnvel óreglu og iðjuleysi og hlaða opt niður mikilli ómegð, sem þeir hrinda á herðar framfærslusveit sinni, í einu orði sagt: eru sjálfum sjer og öðrum til byrði. H. 5. kgk. þm. þótti það eigi þolandi ákvæði, að útvegsbændur væru sektaðir, ef þeir hjeldu þessa menn án þess að fullnægja skilyrðum þessa frumv.; en jeg álít það eigi óþarfa nje of hart; því þeir útvegsbændur, sem halda þá öreiga og ónytjunga, sem eru þeirra og annara byrði, sýna, að þeir kunna eigi að sjá fyrir sjer nje öðrum. H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) var að tala um, að frv. hnekkti atvinnuveg útvegsbænda, og þá jafnframt þjóðmegun landsmanna; en eg held hann tali þar fyrir munn einstakra útvegsbænda, en ekki fyrir hagsæld þjóðarinnar, eða

það er mjer alveg óskiljanlegt. Yfir höfuð finnst mjer frv. vel meint; jeg vona að það hafi góðar afleiðingar ef það yrði að lögum, og gef því óhikað atkvæði mitt.

Jakob Guðmundsson: Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ól.) sagði, að útvegsbændurnir mundu vita betur en þingmenn, hvað efldi útveg sinn og hvað ekki. Hann talaði líka um að frv. þetta mundi vera komið frá þeirri uppsprettu, sem vildi takm. atvinnufr. manna og jafnvel eignarrjett. En þegar verið er að tala um uppsprettu þessa frv., þá held jeg að hún sje hvergi annarstaðar en hjá útvegsbændunum sjálfum, því jeg man eptir að jeg las ekki alls fyrir löngu grein í blöðunum eptir merkan sjávarbónda, þar sem hann var að sýna fram á, hvílíkt drep og eyðilegging þessir þurrabúðamenn væru, eigi að eins fyrir einstaka menn heldur fyrir heilar sveitir. Jeg held líka að þeim væri sannarlega hentugra að fá menn úr sveitum til að róða á vetrum, en að halda þessa þurrabúðarmenn. *(A. Ó.:* En er hann nú *þjóðvilji*, þessi maður?). Hvort sem hann er það eða eigi, þá veit jeg að hann skilur betur en háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.), hvað eflir útveg hans, og hvað ekki. Jeg er viss um að það gæti farið miklu betur á því, að sjávarbændur og sveitabændur skiptust á um fólk, sjávarbóndinn tæki menn af sveitabóndanum á vetrum til róðra en sveitabóndinn af sjávarmanni á sumrum í kaupavinnu; þetta er jeg viss um að gæti orðið meir til þess að auka samskipti landsmanna og efla velferð bæði sjávar og sveitabænda, heldur en að hafa þennan grúa af þurrabúðafólki í kringum sig; og jeg er viss um að háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) byggi eigi eins vel og hann býr, ef hann hefði urmul af þurrabúðamönnum í kringum sig, sem lítið gjörðu annað en að jeta hann út á húsgang.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv. gegn 1.

Þrítugasti og fimmti fundur, föstudag 12. ágúst kl. 7 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (310); 1. umr.

Jón Ólafsson: Mjer virðist frumvarp vera svo þarft og hafa svo gott innihald, að jeg vil óska og vona, að það lifi gegnum háttv. deild. Jeg hef heyrt að sumum mönnum muni þykja einstök atriði frv. þannig löguð að þeir óski breytinga á þeim, en jeg vona að það hafi ekki áhrif á framgang málsins. Jeg vil því leyfa mjer, til þess að mál þetta fái sem beztan byr, að stinga upp á 3 manna nefnd, þótt langt sje liðið á þingtímann, og vona jeg að það verði frumvarpinu til lífs, en ekki til dauða.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosn. samþ. með 6 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðslu og sögðu

já:	*nei:*
Jakob Guðmundss.	Arnljótur Ólafsson
Jón Ólafsson	E. Th. Jónassen
Benidikt Kristjánss.	Jón A. Hjaltalín
Friðrik Stefánsson	Júlíus Havsteen
Sighvatur Árnason	L. E. Sveinbjörnsson
Skúli Þorvarðarson.	

Kosning hlutu þessir:

Jakob Guðmundsson	með	6 atkv.
Skúli Þorvarðarson	—	6 —
Jón Ólafsson	—	5 —

Þrítugasti og sjötti fundur, laugardag 13. ág. kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga árin 1888 og 1889 (333); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg vildi að eins leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. hlj. og kosnir:

Benidikt Kristjánsson	með	11	atkv.
L. E. Sveinbjörnsson	—	7	—
Sighvatur Árnason	—	10	—
Friðrik Stefánsson	—	10	—
Jón Ólafsson	—	6	—

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1884 og 1885 (308); hvernig ræða skuli.

Forseti: Samkvæmt 21. gr. þingskapalaganna á þetta mál annaðhvort að koma í nefnd eða að vera rætt í einni umræðu, og skal jeg því bera undir atkvæði deildarinnar, hvort nefnd skuli kjósa í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld í einu hljóði.

Forseti: Samkvæmt þingsköpunum verður þá málið rætt í að eins einni umræðu.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum 1884 og 1885 (319); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um aðför (281,306); ein umræða.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Jeg skal vera mjög fáorður um málið og einungis skírskota til nefndarálitsins á þingskjali 306, og leggja það til að frv. verði samþykkt af háttv. deild eins og það nú liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um verzlun lausakaupmanna (380,304); ein umr.

Framsögumaður (Ben. Kristjánsson); Háttv. Nd. hefur gjört breyting á frumvarpi þessu, og þótt nefndinni þætti eigi breyting þessi sem æskilegust, þá leggur hún þó til, eins og nefndarálitið ber með sjer, að háttv. Ed. samþykki frv. eins og það nú er. Breytingin er fólgin í því, að í stað þess að lausakaupmenn verða eptir frv. því, sem fór hjeðan frá deildinni, að kaupa verzlunarleyfi í hverju lögsagnarumdæmi, sem þeir verzla í, fyrir 50 kr., þá hefur Nd. breytt því í það horf, sem það hafði þegar það fyrst var borið upp hjer í deildinni, nefnilega að þeir skyldu borga í eitt skipti fyrir allt, hvar helzt sem þeir verzluðu við land það ár, en ákvað borgun fyrir leyfisbrefið 100 kr. í stað 50 kr. í því upphaflega frv.

Jeg skal taka það fram, að þar sem frv. eins og það nú er heimilar lausakaupmönnum að verzla alstaðar við land, þá er eðlilegt að gjaldið renni í landssjóð, en eigi sveita- eða sýslusjóð. Tilgangur þessa frv. hefur verið, að efla hag landsmanna með verzlun lausakaupmanna, og því áleit nefndin að eigi ætti að leggja svo mikla áherzlu á útsvar til sveitar, sem hefði hag af verzlun þeirra, og ættu menn því að sætta sig við þær breytingar, sem orðnar væru á frv., þótt þær væru eigi alls kostar æskilegar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt með 10 samhlj. atkv. og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breyting á lögum um gjald á brennivíni o. s. frv. 7. nóv. 1879 (166,291); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. felld umræðulaust með 7 atkv. móti 4, og þar með allt frumvarpið álitið fallið.

Frv. til laga um breyting á aðflutningsgjaldi á tóbaki 11. feb. 1876 (167,291); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það er að vísu öðru máli að gegna með þetta frumvarp en frumvarp það sem fjell um víntollinn hjer fyrir skemmstu. Öðru vísi er ástatt með þenna toll að því leyti, að þó tóbakstollurinn verði hækkaður, þá

mun tóbaksnautnin eigi þverra fyrir það, því tóbakstollur er nauðungarskattur á tóbaksmennina, einkum þó á þá, sem taka mikið í nefið, því þeim er ómögulegt að hætta við neftóbakið, og þarf jeg eigi annað en að bera það undir háttv. neftóbaksmenn hjer í háttv. deild. En þegar nefndin aðgætti nauðsynina til tollhækkunar, þá virtist henni hún eigi vera mikil. Henni virtist eigi brýn nauðsyn á að rjetta við tekjuhallann, þó hann væri nokkur, og einkum sýndist henni varúðarvert að hækka tolla í þessu árferði og þá allra helzt þá tolla, er væru nauðungargjald. Jeg er líka viss um að það er vilji allra þjóðviljamanna, að hækka eigi tolla í þessu árferði. *(J. G.:* Eigi allra!). Það eru kannske einstaka undantekningar, en hvort þær eru heiðarlegar, skal jeg láta ódæmt um. Og hví skyldu þjóðviljamenn þá fara að taka það upp hjá sjálfum sjer að hækka tolla, fyrst engin þjóðvilji hefur lýst sjer í því; þeir verða kannske fyrir bragðið álitnir þeir menn, sem hafi þjóðviljann í vasanum eða verði uppvísir að því að fylgja eigi þjóðviljanum, heldur sínum eigin vilja.

En svo jeg snúi mjer aptur að málinu, þá finnst mjer eigi rjett að vera að leggja óumflýjanlegan skatt á hvert nef og munn, þegar menn eru að kveina undan hallæri og biðja um hallærislán. *(J. G.:* Ef þeir eru óumflýjanlegir, þá verður að leggja þá á!). Jeg vona að háttv. þm. Dal. (J. G.) taki þó tillit til neftóbakskerlinganna í Dalasýslu og einnig karlmannanna, og vilji sjá um að þeir lúki fyrst hallærislán áður en hann fer að pína þá og pinta með hækkuðum tóbakstolli.

Jeg skal að vísu játa það, að tóbakstollurinn er fremur lágur. En hann má til að vera lágur sökum hættunnar á undanbrögðum; jeg álít að það sje einmitt því að þakka, hve tollurinn hefur verið lágur, að eigi hafa verið höfð undanbrögð til muna hingað til, því það er skiljanlegt, að þegar gjaldið er lítið, þá þykir mönnum síður tilvinnandi að draga undan, og fyrir þessar sakir álít jeg að nefndin hafi rjett fyrir sjer að vilja hlífa tóbaksmönnum við að gjalda hærra gjald en þeir hafa hingað til gjört.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa það, að jeg er eigi í alla staði ánægður með þá stefnu, sem háttv. neðri deild hefur tekið í þessum tollamálum. Jeg álít að nú sje eigi hentugur tími til þess að hækka tolla, en vitaskuld er það, að þegar einhverju þarf að koma áfram í landinu landsmönnum til gagns, þá þarf landssjóður að hlaupa undir bagga, og til þess þarf að hugsa um að auka tekjur hans, og jeg skal játa það, að þetta frv. eykur honum talsverðar tekjur, það eykur honum eptir undanfarandi skýrslum að dæma, 16—18 þús. kr. tekjur, og þegar jeg lít á það, þá er jeg í nokkrum efa um, hvort jeg á að greiða atkvæði móti framvarpinu; því það er eins og háttv. framsögumaður (A. Ó.) tók fram, öðru máli að gegna með þetta frumvarp, en með það sem fjell áðan, því þar var engin vissa fyrir, að það mundi auka tekjur landssjóðs. Það er eins og jeg tók fram áðan, að jeg er mest í vafa um, hvort jeg á að greiða atkvæði með frumvarpinu vegna stefnu þingsins í tollamálum; það hefur ekkert ráð getað fundið til þess, að auka tekjurnar annað en að höggva ofan í sama farið með þessa fáu tolla, sem áður voru fyrir, en að tala um annan veg eða aðra stefnu í tollamálum liggur ekki fyrir nú. Jeg skal svo eigi orðlengja þetta, svo aðrir sem hafa beðið um orðið geti komizt að, en jeg skal að eins láta þess getið, að jeg mun verða með frumvarpinu við þessa umræðu fyrir það fyrsta, og sjá svo hvað setur til 3. umr.

Jakob Guðmundsson: Þegar jeg lít nú á bæði þessi frumvörp, sem liggja fyrir

framan mig, þá sje jeg að hvorutveggja eru tollfrumvörp og hafa það sameiginlegt, að tolluppfærslan í þeim báðum kemur niður á ónauðsynjavöru og er hvorttveggja nauðungartollur fyrir þá, sem annaðhvort eru forfallnir til þess að drekka vín eða til þess að brúka tóbak. En þegar jeg lít á vörutegundirnar, þá er að vísu önnur, nfl. vínið, miklu skaðsamlegra en hin, en líti jeg svo aptur á tollana, þá er líka töluverður munur á, hvað tollurinn á ölföngum er miklu hærri nú en á tóbakinu, og ef allt annað væri jafnt með þessum ónauðsynjavörum, þá sýnist mjer mikil sanngirni mæla með því, að hækka tollinn á tóbakinu. Jeg stóð upp með vintollinum, eigi af þeirri ástæðu, að jeg ímyndaði mjer að landssjóður mundi græða við það, heldur af því, að jeg áleit að ofdrykkja mundi minnka við það, en með þessu frumvarpi mun jeg greiða atkvæði af því að jeg er sannfærður um, að það yrði til að auka tekjur landssjóðs. En nú spyrja menn: Er þörf á að útvega landssjóði tekjur? Er nauðsynlegt að hlaða saman meiri peningahrúgu í landssjóð? En þegar litið er á hinar mörgu nauðsynjar þessa lands og hvað lítið er gjört til þess að bæta úr þeim, þá komast þeir menn, sem segja, að eigi sje þörf á að auka tekjur landssjóðs, í mótsögn, því það er þá sama sem að segja, að eigi sje þörf á að gjöra meir en gjört er. Jeg held það verði hver maður að játa, að mörgum bænum hafi verið neitað af fjárlaganefndinni í neðri deild, sem eigi hafi verið nauðsynlegar, þótt sumar kunni að hafa verið það, og þar sem jeg er með því að styrkja það af almannafje, sem þjóðinni er til framfara, þá verð jeg að vera með því, að auka tekjur landssjóðs, sem hægt er. Það er nú þegar búið að fallast á hjer í deildinni, að gefa eptir hálfan lausafjár- og ábúðarskattinn, og verður við það töluvert meiri rýrð í landssjóð heldur en áætlað er hjer á pappírnum í fjárlagafrv. og því finnst mjer það gott, að hækka tóbakstollinn, því þjóðinni mun verða það geðfeldara heldur en ef neitað hefði verið að gefa eptir hálfan ábúðar og lausafjárskattinn, og af þessum ástæðum mun jeg greiða atkvæði með frv., enda þótt jeg taki í nefið sjálfur.

Skúli Þorvarðarson: Jeg verð að segja það, að jeg á hægra með að halla mjer að skoðun h. þm. Dal. (J. G.) en nefndarinnar. Jeg get eigi sjeð annað, en þörf sje á að auka tekjur landssjóðs, svo að tekjur og útgjöld hans geti verið nokkurn veginn í jafnvægi, sem þó yrði hvergi nærri, þótt frv. yrði að lögum, en jeg sje eigi, að það verði eptirleiðis ef ekkert er gjört af þingsins hálfu til að auka landsjóði tekjur; jeg het ætíð þótzt verða þess var, að ef vel á að fara búskapur á smábúi eða fyrirsjón fyrir smærri fjelögum, þá þurfi ætíð að hafa glöggt eptirlit á tekjum og gjöldum bús og fjelaga, og reyna að hafa sem mest jafnvægi þess; eins held jeg að þörf sje á sama, þegar um hag þjóðbúsins er að ræða, með því að það hefur nú sýnt sig, að tekjurnar hafa rýrnað ár frá ári, og af þessum ástæðum vildi jeg að bæði frv. hefðu orðið að lögum, en það er nú eigi til neins að tala um vintangatollsfr.varpið, því það er fallið hvort sem er, en þá vildi jeg óska að þetta færi eigi sömu leiðina, heldur yrði samþykkt, því tóbakstollurinn er eins og nú er með lögum ákveðinn lágur; enda mun tóbak vera einna ódýrast á Íslandi, að tiltölu móts við önnur lönd, og ennfremur virðist mjer að afleiðingin af því að brúka viðlagasjóð stórkostlega, ár eptir ár, þá muni bráðum ekki verða hjá því komist, að leggja á landsmenn nýjan skatt eða tolla, til að auka landssjóði tekjur, og þá fæ jeg ekki betur sjeð en að rjettast sje að bera niður á óþörfu og skaðsamlegu vörunum, sem er vinið, eins og það er brúkað af

ofdrykkjumönnunum, en tóbak má telja óþarfa vöru að miklu leyti; jeg hygg að máltækið gamla eigi hjer við að hægra sje að styðja en reisa, og skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, enda mun það lítið stoða.

Jón A. Hjaltalín: Báðir h. þm. sem síðast töluðu lýstu því yfir, að þeir vildu greiða atkvæði með frv. til að auka tekjur landssjóðs, en jeg fyrir mitt leyti sje enga ástæðu til að auka tekjur landssjóðs. Mjer finnst það alveg röng aðferð, að taka af gjaldendum tekjur handa landssjóði fram yfir allra nauðsynlegustu þarfir. H. þm. Dal. (J. G.) sagði, að hjer væri margt að gjöra. Það játa jeg satt að vera. H. þm. (J. G.) sagði, að landssjóður ætti að styðja að því eða vinna að því að koma ýmsu og ýmsu fram, og minnti á það, að nú í ár hefðu menn orðið að synja mörgum bænum um áheyrn, þótt þær hefðu verið á góðum rökum byggðar. Hjer greinir okkur á; jeg álít að það sje ekki rjett aðferð, að hlaupa í landssjóð og ætlast til styrks af honum, til nærri hvers sem framkvæma skal. Jeg hef farið yfir allar smá-styrkveitingar, sem veittar hafa verið úr landssjóði, síðan þingið fjekk löggjafarvald. Þegar jeg hef lítið yfir þessar styrkveitingar, þá hafa þær, að því er mjer er kunnugt, orðið að mjög litlu gagni fyrir landið; stundum hafa þeir, sem styrkinn hafa fengið, haft gagn af honum, en stundum hefur hann líka orðið þeim að ógagni einu. Til þessara styrkveitinga eigum vjer ekki að bruðla fje landssjóðs; þær hafa ekki gefizt vel annarsstaðar, og reynslan er þegar farin að sýna, að þær muni ekki heldur gefast vel hjer. Þegar verið er að tala um, að vjer sjeum að jeta landssjóð upp, þá vil jeg gjöra þá athugasemd við það, að jeg þekki ekkert land á hnettinum, nema Ísland, þar sem stjórn landsins eigi fje í sjóði; en það getur verið, að vjer sjeum öðrum þjóðum vitrari í fjárstjórn. Jeg álít það haganlegra að fjeð sje í vörzlum landsmanna sjálfra og þeir verji því sjálfir til þess, sem þeim þykir gagnlegt, en að það sje í höndum landsstjórnarinnar og hún skammti landsmönnum það. Það er satt, að til ern þau fyrirtæki, sem landstjórnin ætti að taka að sjer og verja því nær öllum efnum sínum til að koma fram. En það eru fjöldamörg fyrirtæki, sem hún getur ekki haft afskipti af, nema til ills eins. Af því að jeg sje ekki annað en að landssjóður hafi nægilegt fje til að styðja það, sem jeg álít að hann eigi að styðja, þá mun jeg greiða atkvæði gegn frv. þessu.

Jón Ólafsson: H. 6. kgk. (J. A. Hj.) álítur ekki rjett að safna fje í landssjóð og verja því síðan til ýmsra fyrirtækja. Jeg játa, að þar sem um auðug lönd er að ræða, þá geti þessi setning verið rjett. Þar eru til nægir einstakir menn með nægum auði og framtaksanda til þess með samtökum að koma fram þesskonar fyrirtækjum, án þess að landsstjórnin þurfi að leggja fje til þeirra, sem hjer verða að vera óunnin sakir skorts á efnuðum framkvæmdarmönnum, nema landsstjórnin hlaupi undir bagga, og jeg skal játa, að það væri æskilegast, ef vjer værum svo á veg komnir, að vjer þyrftum sem sjaldnast að vænta framkvæmda af landsstjórn, eða styrks af landsfje. En í fátækum löndum verður landsstjórnin að styðja að framkvæmd ýmissa fyrirtækja, sem einstakir menn bindast fyrir í auðugri löndum, og svo er hjá oss. H. 6. kgk. (J. A. Hj.) þótti óviðkunnanlegt, að vjer skyldum vera að safna í sjóð, og að það væri einsdæmi; það getur verið; en það stendur sjerstaklega á fyrir oss; tekjur vorar fara þverrandi um tiltekið árabil, við það að tillagið úr ríkissjóði minnkar. Það er því hyggilegt að gæta þess nú, og safna dálitlu í skarðið. Reynsla síðustu ára hefur líka kennt oss, að landssjóður er ekki lengi að

skerðast, þegar harðnar í ári. Þegar jeg nú sný mjer að frv. sjálfu, þá sje jeg ekki, að rjettara sje að leggja toll á annað en óþarfa. Nú játa jeg, að tóbak sje óþarfi, og tygg jeg það þó sjálfur og reyki, og því vil jeg styðja að því, að þetta frv. fái framgang. Hjer er ekki heldur um neinn voðalegan skatt verið að ræða. Það er kallaður mikill tóbaksmaður, sem eyðir 12 pd. af tóbaki á ári; eptir frv. hækkar tollurinn um 10 aura á pundinu, en gjöra má ráð fyrir að kaupmenn leggi nokkuð meir á það, svo að pundið verði 15 aurum dýrara fyrir tollinn; alt svo yrði þessi tóbaksmaður, að gefa 12 × 15 aurum meira fyrir tóbak sitt á ári fyrir tollinn eða 1,80 kr. Þetta er ekki mikið gjald. *(L. E. Svb.:* En á vindlum?) Það er ekki heldur voðalegt, því að þeir einir kaupa vindla, sem hafa ráð á að kaupa þá, þótt 100 af þeim verði krónunni dýrara; og auk þess stendur hjer svo vel á, að hægt er að hafa reyktóbak í stað vindla, svo að enginn er neyddur til að kaupa þá. Það er varla vafi á, að þessi tollur muni auka tekjur landssjóðs, því að hann er svo lítill, að menn munu naumast fara að takmarka við sig tóbaksbrúkun hans vegna. Mjer þótti sárt, að hitt tollfrumv. fjell hjer áðan, en sárara þætti mjer þó að þetta frv. fjelli, því að jeg er *viss* um, að *það* mundi auka tekjur landssjóðs; en vafasamt var, hvort hitt frv. mundi hafa gjört það.

Jón A. Hjaltalín: Það getur verið að þegar um tolla er að ræða, þá sje þetta rjettlátasti vegurinn til að auka tekjur landsjóðs, en jeg er á þeirri skoðun, að það sje yfir höfuð ekki rjettlátt, að auka tekjur landssjóðs með tollum. Er það þá rjettlátt, að jeg geti skotið mjer undan að greiða skatt í landssjóð, með því að hætta að kaupa tollskyldar vörur?

Jeg vil ekki heldur að landsstjórnin eins og laumist í vasa manna og taki fje af þeim án þess þeir viti af, enda er á þann hátt tekið meira fje af landsmönnum, en í landssjóð rennur. Landsmenn verða að borga meir en þessa 20 aura af hverju pundi; það er alkunnugt, að kaupmenn leggja meir á tollaðar vörur vegna tollsins, en tollinn sjálfan. Kaupmaður einn í Reykjavík sagði mjer fyrir eigi löngu síðan, að öll þau ár, sem tollur hefur verið á brennivíni, hafi kaupmenn selt það 15 aurum dýrara en þeir hafi þurft vegna tollsins. Það stóð svo á, að tollurinn kom fyrri á brennivín í Reykjavík en annarstaðar um land, af því að tolllögin voru þinglesin þar fyr en annarstaðar. Kaupmenn þar biðu halla af þessu, og til að vinna hann upp, seldu þeir síðan brennivínspottinn á 80 aura, en hefðu getað selt hann á 65 aura; svo tóku kaupmenn annarstaðar um landið þetta eptir; þannig hafa landsmenn orðið að borga hvern brennivínspott 15 aurum dýrara fyrir þetta atvik, en löggjafarvaldið ætlaðist til. Jeg vil að menn fái að vita um gjald það, sem þeir leggja fram til almenningsþarfa, en að það sje ekki tekið af þeim með launung.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er samdóma h. þm. S.-Þing. (B. Kr.) og h. 6. kgk. (J. A. Hj.) um það, að tollar sjeu ekki æskilegir, en jeg er líka á því, að sanngjarnara sje þó að legja toll á tóbak, en á vínföng, því að tilgangurinn er sá, að útvega landssjóði tekjur, en jeg er sannfærður um, að ef tollur hefði verið hækkaður á vínföngum, þá hefði það ekki orðið til að anka tekjur landssjóðs, heldur til að minnka þær. Þó er það ekki svo að skilja, að jeg ætli að tekjur landssjóðs hefðu aukizt að miklum mun við tóbakstollinn, því að vindlakaup að minnsta kosti mundu hafa minnkað við tollhækkunina. Jeg var móti því, að skattur af lausafje og ábúð væri lækkaður, en nú hefur það þó fengið framgang hjer í deild; það væri því fremur ástæða fyrir það, að auka tekjur lands-

sjóðs, en jeg sje að hjer liggur á borðinu fyrir framan mig þingsályktunartillaga um að höfða mál gegn ráðgjafanum út af vanskilum Fensmarks, og af því maður ekki mun mega efast um, að landsjóður muni fá þessar 22000 kr. þá ætla jeg að greiða atkvæði móti frumv.

Jakob Guðmundsson: Jeg vona að allir h. þingd.menn leggi sjer það á hjarta og muni vel eptir því, að margt er hjá oss, sem umbóta þarf; landbúnaður, sjávarútvegur, samgöngur, alþýðumenntun, læknaskipun, allt þetta þarf margfaldra endurbóta, og til þess að koma þeim á, þarf svo mikið fje, að einstakir menn geta ekki lagt það fram. Það mætti að vísu segja, að þótt hver einstakur maður geti ekki lagt fram nægilegt fje, þá megi fá það með fjelagsskap. En vjer vitum að þar sem þjóðir eru komnar jafnskamt á veg og vjer erum, bæði í bóklegri og verklegri þekking, þar vantar fjelagsandann. Þegar svo er, þá er það nauðsynlegt, að þjóðin komi sjer upp sparisjóð, til að grípa til í harðindum, og til að efla og styðja það sem henni getur orðið til hagsbóta, t. d. samgöngur, menntun o. s. frv. Það væri ekki hyggilegt, ef landssjóði væri eytt svo, að upp yrði að hefja Möðruvallaskólann, þennan heiðarlega vísi til alþýðumentunar hjá oss; jeg nefni ekki Möðruvallaskólann af því að jeg álíti hann hið eina góða og nauðsynlega, heldur af því að hann er vísir og byrjun til alþýðumenntunar hjá oss, og það góður vísir, því að þótt menn segi, að bókvitið verði ekki *látið í askana*, þá er það marg-sýnt og sannað, að bókvitið hjálpar máske flestu fremur til að *útvega í askana*. Það er ekki rjett búskaparlag hjá þinginu, að hlífast svo við að safna tekjum í landssjóð, að það geti ekki styrkt góð og gagnleg fyrirtæki.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg er mjög svo annarar skoðunar um fjárstjórn, en h. þm. Dal. (J. G.). Jeg álít það í alla staði miklu aftarabetra, að landsmenn gangi sjálfviljuglega í fjelagsskap, og gjöri það sem þeir geta, heldur en að landssjóður skuli leggja fje til því nær allra fyrirtækja. Jeg hef fyrir mjer mannkynssöguna í þessu efni; jeg skal þó eingöngu hafa fyrir augum mjer sögu landsins á síðustu öld. Hvað varð úr öllu því mikla fje, sem lagt var úr ríkissjóði til nýju innrjettinganna hjer í Reykjavík, til klæðasmiðjunnar, fiskiveiða o. s. frv.? Allar þessar tilraunir fóru um koll, og allt fjeð, sem til þeirra var lagt, hvarf í sjóinn. *(J. G.:* Það kom af útlendum ókunnugleik). Ekki var Skúli landfógeti útlendingur; Dalamenn mættu þakka fyrir, ef þeir ættu jafngóðan Íslending sem hann var. Þessar tilraunir fóru ekki heldur um koll af illri stjórn, heldur af allt öðrum eðlilegum ástæðum. Hluturinn er sá, að allt, sem kostað er af almannafje, það verður hálfu dýrara, en ef einstakir menn leggja fram fje til þess og stjórna því. Hvernig mundi fara, ef landssjóður tæki að sjer að búa fyrir alla bændur á Íslandi? Aptur skal jeg taka búnaðarfjelag suðuramtsins til dæmis upp á fjelagsskap; það fjelag var stofnað með frjálsum samtökum manna; fjelag þetta hefur unnið mjög mikið gagn.

Af þessum ástæðum álít jeg það hina mestu vanstjórn á fje landsins, að láta landssjóð leggja fram fje til að koma í verk þeim fyrirtækjum, sem hann eptir hlutarins eðli á alls ekkert að skipta sjer af. Landsmenn missa og við það alla sjálffærni, framtakssemi og traust á sjálfum sjer, en mæna jafnan vonaraugum á landssjóð, treystandi því, að úr honum muni rigna björg og blessun í munn þeim. Það má ekki ala Íslendinga upp sem ölmusumenn; það þarf að hvetja þá til framtakssemi og sjálffærni; það verður einhvern tíma að

byrja á því að gjöra greinarmun á því hver fyrirtæki landssjóður eigi að kosta, og hver landsmenn sjálfir. Þau fyrirtæki, sem landssjóður styrkir óeðlilega, þau verða eingöngu gróðaþúfa einstakra manna og falla um koll jafnskjótt og þau missa styrk landssjóðs. *(J. G.:* Þessi lýsing er ekki sönn). Hún er svo sönn, að hver sem les sögu Íslands mun sannfærast um að hún sje rjett, þrátt fyrir mótmæli háttv. þm. Dal. (J. G.).

Svo jeg nú víki að tollunum sjálfum, þá er eins og tekið er fram í nefndarálitinu framfærsla kaupmanna á tollskyldum vörum sökum tollsins, ekki einungis það sem tollinum sjálfum nemur, heldur og að auki 50%—100% af tollupphæðinni, eða með öðrum orðum, landsmenn verða vegna tollanna að greiða 50%—100% meira en í landssjóð rennur. Nú kemur fyrst í ljós hvað skynsamleg fjárstjórn það er, að landssjóður taki að sjer þau fyrirtæki, sem landsmenn sjálfir bæði ættu að framkvæma og gætu framkvæmt. Í fyrsta lagi verða þeir að gjalda hálfu meira fje, en landssjóður fær, og í öðru lagi kostar verkið hálfu meira en ella, einmitt af því að landssjóður lætur vinna verkið. Með öðrum orðum: menn verða að gefa 400 kr. fyrir að láta landssjóð vinna það verk, sem þeir hefðu getað unnið fyrir 100 kr. sjálfir, og það sem ekki er bezt í þessu máli, það er það, að landsmenn verða gagnvart landssjóði eins og ölmusumenn eru gagnvart sveitastjórnum. Hvernig stendur á því, að undir einvaldsstjórn er sóað miklu fje, en lítið gjört? Það kemur af sömu ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram. Ef vjer nú setjum landssjóð, eins og mjer finnst ofmargir vilja gjöra, í stað einvaldsstjórnar, þá verður og hið sama uppi á teningnum.

Jeg drap í fyrri ræðu minni á, að miklu hægra væri að hafa undanskot með tóbakstollinn en vínfangatollinn, og því miklu hættara við þeim, og er það eðlilegt, því að tóbaksstokkarnir eru miklu fyrirferðarminni en vínílátin. Hæglega má koma tóbakinu fyrir innan um aðrar vörur og skjóta því þannig undan tollgreiðslu. Sem vott þess að þetta muni ef til vill vera farið að eiga sjer stað hjer, tek jeg til dæmis, að tollur af tóbaki fer minnkandi. Tollur af tóbaki varð síðasta fjárhagstímabil nálægt 2000 kr. minni en áætlað var, og var þó áætlunin í fjárlögunum lægri, en tollurinn hafði áður verið. Annaðhvort er þetta því að þakka, að tóbaksneyzlan er að minnka hjer á landi, eða undandráttur er farinn að eiga sjer stað, og er mjer nær að ætla, að það muni vera hið síðartalda, þótt jeg vilji ekki segja nokkuð ákveðið um það.

Jeg verð að segja sem svo, að þegar landssjóður á yfir miljón króna í sjóði, að ótöldum þessum 22000 kr. í Ísafjarðarsýslu, þá finnst mjer það næstum óforsvaranlegt að íþyngja landsmönnum með nýjum tollum í þessu ári.

Jeg skil ekki í, hversu lengi á að vera að streytast við að dyngja fje í landssjóð, svo að hann minnki ekki, ef menn vilja endilega gjöra það nú, þá er sú umkvörtun gengur fjöllum hærra, að menn eigi ekki einn eyri til að borga með skuldir sínar. Vjer vitum hve fátæk og bágstödd þjóð vor er, en þó á einlægt að vera að knýja og sjúga fje út úr henni til að hrúga í landssjóð, af þeirri hugsun eða ímyndun, að landssjóður einn eigi að vera ríkur, þótt allir aðrir sjeu fátækir.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðslu og sögðu

já:	*nei:*
Jakob Guðmundss.	Arnlj. Ólafsson
Jón Ólafsson	Ben. Kristjánsson
Friðrik Stefánsson	E. Th. Jónassen
Sighvatur Árnason	J. A. Hjaltalín

já:	*nei*;
Skúli Þorvarðarson	Júlíus Havsteen
	L. E. Sveinbjörnsson.

Var frv. þar með fallið.

Frv. til laga um vegi. (215,300); 2. umr.

Framsögum. (Ben. Kristjánsson): Eins og háttv. deild fær sjeð, þá hefur nefndin gjört litlar breytingar við frumvarp það, frá neðri deild, er henni var fengið til meðferðar, og hefur hún í nefndaráliti sínu jafnframt tekið fram, í hverju þær væru fólgnar. Jeg skal leyfa mjer að gefa deildinni skýrslu um breytingarnar, og í hverju ákvæði frumvarpsins ekki eru í samræmi við sveitarstjórnarlögin eða ákvæðin í þeim. Breytingarnar ganga út á, að koma á þeirri skipun á umsjón með vegunum, sem sje eðlileg og í samhljóðun við skipun sveitarstjórnarinnar. Í frumvarpi þessu er tekin ákvörðun um *aðalpóstvegi*, sem engin lagaákvæði hafa áður verið um, og er svo ætlað til, að þeir sjeu undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og stendur þetta í sambandi við kostnaðinn við þá, sem að nokkru leyti er greiddur úr landssjóði, en að nokkru leyti úr sýslusjóði. Því næst koma *fjallvegir;* og þeir standa undir yfirumsjón landshöfðingja, enda er kostnaðurinn við þá greiddur eingöngu úr landssjóði. Þá eru *sýsluvegir*, sem eru undir umsjón sýslunefnda en yfirumsjón amtsráðanna, en kostnaðurinn við þá greiðist af sýslufjelaginu, og loks eru *hreppavegir,* sem eru undir umsjón hreppsnefnda og yfirumsjón sýslunefnda, en kostnaðurinn við þá greiðist af hreppunum sjálfum, sem hafa umsjón með þeim. Þannig áleit nefndin að málinu væri skipað á eðlilegan hátt. Jeg veit ei hvort það er nauðsynlegt að telja upp allar breytingar nefndarinnar. Henni þótti sum ákvæðin ekki eiga við að takast inn í vegalög, og hefur því fellt nokkur af þeim; nefndinni virtist að þau ætti heima í reglugjörð, sem ætti að fela þeim á vald að semja, er hefðu umsjón eða yfirumsjón með þessum vegum, og væri því óþarfi að taka það fram í lögum. Jeg skal ekki taka þær breytingar fram, sem gjörðar eru af nefndinni til að koma umsjóninni og yfirumsjóninni í annað horf, en einungis geta þess, að breytingin við 5. gr. stafar af því, að nefndinni virtist það ákvæði heyra beinlínis undir hina umboðslegu stjórn, en eiga ekki heima í vega lögum. Við 6. gr. er það að athuga, að þar er ákvæði, sem nefndin sjerstaklega álítur að heyri undir reglugjörð, og ræður nefndin til að það falli burt, því hún ætlar þeim, sem fyrir vegabótinni stendur, hagsýni til, að leggja veginn þar, sem hann verður beinastur og að öðru leyti hagfeldast lagður. Nefndin ræður til að 8. gr. falli burt, og að ný grein sje tekin í hennar stað, sem vísað sje til sætis á undan 14. gr. — Ákvæðin í 10. gr. heyra að áliti nefndarinnar undir reglugjörð, en ekki inn í vegalög, og er því stungið upp á að hún falli burt. Viðvíkjandi 11. grein, sem verður 9. gr., er stungið upp á, að orðið: „landshöfðingi“ falli burtu, og að í þess stað komi: „amtsráð“, og er það í samræmi við þá skipun með yfirumsjón veganna, sem áður er tekin fram. Nefndin hefur og lagt til, að seinni hluti 12. gr. yrði felldur burt, og í þess stað tekin upp aptur ákvæði úr tilskip. 15. marz 1861, því nefndinni þótti vanta ákvæði um, hvernig gjaldið ætti að leggjast á; að öðru leyti eru ákvæðin í fyrri kafla greinarinnar ekki í neinu verulegu frábrugðin því, sem er í frumvarpinu. Við 14. gr. hefur nefndin að eins til leiðbeiningar og skýringar stungið upp á því, að bætt sje við: „samanbr. 7. grein“. Hvað 15. gr. snertir, þá hefur nefndin stungið upp á að í stað „landshöfðingja“ komi „amtsráð“; hjer er um sýsluvegi að ræða og er breytingin gjörð til þess að

koma samræmi á, eins og jeg hefi áður tekið fram. Við 16. gr. er stungið upp á, að seinni málsgreinin falli burt, og það af því, að nægjanleg ákvæði eru um þetta sama í 3. greinar 2. málsgrein. Nefndin hefur að því einu breytt 17. gr. frumvarpsins, að í staðinn fyrir 1 kr. 50 a. komi: „Svo mikið í peningum sem nemi hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá". Nefndinni þótti eðlilegra, að farið væri eptir því hvað dagsverkið í hvert skipti væri metið í verðlagsskránni, en að setja upphæðina fasta einu sinni fyrir allt; en munurinn yrði aldrei mikill. Nefndin hafði líka fyrir augum, að þeir, sem eiga að lúka þessu gjaldi, mundu vanalega vinna það af sjer. Viðvikjandi 18. greininni stakk nefndin upp á, að síðasta málsgreinin falli burt. Nefndinni þótti hjer, að hreppsnefndunum væri gefið helzt til mikið vald. Ef meira fje þarf til brúargjörða og vegagjörða en hreppavegagjaldið hrökkur til, þá geta hreppsnefndarmenn fengið það úr hreppssjóðnum, með því að gjaldendur í hreppnum fúslega gangi inn á það og samþykki það, en til þess þurfa engin ákvæði í lögum, því gera má ráð fyrir, að gjaldið fáist, ef þörfin er ber. 19. greinin stendur óbreytt og hafði nefndin ekkert að athuga við hana. Við 20. gr. hefur nefndin gjört lítilfjörlega breytingu og bætt við: „nema forföll hafi bannað". Nefndinni þótti ekki eiga við, að viðhafa sektir frá 1—5 kr., þegar forföll væru fyrir hendi; henni virtist nóg að hlutaðeigandi greiddi gjaldið á annan hátt, og hefur því til skýringar stungið upp á, að eptir orðin: 1—5 kr. komi orðið: „sekt". Við 21. gr. er bætt inn „að minnsta kosti", nl. að vegurinn skuli að minnsta kosti vera 3 álna breiður. 22. og 23. greinar frumvarpsins eru óbreyttar af nefndinni. Á undan 24. gr. kemur ný grein, sem nefndin hefur stungið upp á, og breytist við það tala greinanna á eptir. Við 25. gr. stingur nefndin upp á, að seinni málsgreinin falli burt. Það gæti komið sjer mjög svo óþægilega fyrir þann, sem fer frá vegavinnunni, máske í annan landsfjórðung, ef hann ekki fengi nema helming af kaupi sínu, en ætti hinn helminginn eptir óborgaðan. Hjer virðist nóg trygging vera fyrir hendi, þegar eptirlitið er gott og borgunin fyrir vegagjörðina ekki er fastákveðin fyr en búið er að taka veginn út. Við 29. gr. hefur nefndin stungið upp á að orðin: „og dæma" falli burt, og að í staðinn fyrir "opinber" komi „almenn"; því að brot sem heyra undir almenn lögreglumál, liggja bæði undir dóm og úrskurð, og úrskurðarvegurinn er kostnaðarminni. Jeg orðlengi svo ekki frekar að sinni.

Jón Ólafsson: Mjer lá við að falla frá orðinu eptir að hafa heyrt hina þjáningarlega löngu ræðu h. framsögum. (B. Kr.). En þrátt fyrir það langa mál gat jeg ekki sannfærzt um, að breyt. nefnd. við 12. gr. frv. sje nauðsynleg; jeg vil meira að segja álíta þá breyting beinlínis skaðlega. Frumv. sjálft gjörir ráð fyrir því, að sýsluvegagjaldið skuli færast hverjum hreppi til útgjalda í hverjum ársreikningi. En hvað segir svo nefndin? Hún bætir því við, að hreppsnefndirnar skuli jafna þessu gjaldi niður á hreppsbúa „eptir *sömu* reglum sem aukaútsvör". Með öðrum orðum: nefndin leggur til að hafa skuli *tvær* niðurjafnanir, *báðar* eptir *alveg* sömu reglum, sem sje eptir efnum og ástæðum. Þetta er það sem kalla mætti, að rota eina flugu í 2 höggum, sem annars mætti rota í einu höggi. *(E. Th. J.:* Misskilningur). Ef það er misskilningur, þá er hann hjá nefndinni; ef hún hefði skilið sjálfa sig og frumv., þá hefði hún alls eigi getað orðað þessi ákvæði á þennan hátt. Jeg get ekki greitt atkv. með þessari breyt. nefndarinnar

Júlíus Havsteen: Það er ákveðið í hinum eldri vegalögum — en ákvæðum þeirra er hjer haldið í frumv.

af nefndinni — að sýsluvegagjaldið skuli miðað við hvern verkfæran karlmann innan hins tiltekna aldurstakmarks. Þetta er ekki að skilja sem neina niðurjöfnun, heldur er þessi aðferð höfð aðeins til þess, að finna út þá fjárupphæð, sem hverjum hrepp ber að greiða, og síðan er þessi fjárupphæð tekin af hreppssjóði, en eins og menn vita, er öllum útgjöldum hreppsins jafnað niður eptir efnum og ástæðum, ef fátækratíund og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir. Þetta er því eintómur misskilningur hjá h. þm. S.-Múl. *(J. Ól.:* Nei), þegar hann er að tala um tvær niðurjafnanir. Jú, jeg verð að taka það upp aptur, það er tómur misskilningur. Jeg hef haft þá ánægju að fást nokkuð við vegagjörðir og vegareikninga, og í því efni er h. háttv. þm. S.-Múl. ekki fróðari en jeg.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Jeg skildi ekki til fulls mótbáru h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gegn breyt. nefndarinnar á 12. gr. Það eru að vísu til 2 niðurjafnanir; fyrri sú, að sýslunefndin skiptir milli hreppanna gjaldi því er hverjum hrepp ber að greiða eptir tölu verkfærra manna í hrepnum, og þessi niðurjöfnun þarf að gjörast áður en hreppsnefndirnar jafna þessu gjaldi aptur niður á hreppsbúa, sem þá er hin önnur niðurjöfnun; en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir 2 niðurjöfnunum. Ef til vill hefur h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) það á móti tillögum nefndarinnar, að hún hefur lagt til, að hreppsnefndin jafni þessu gjaldi niður eptir efnum þeirra og ástæðum, en hafi heldur viljað að það væri greitt af hverjum hreppsbúa eða bónda eptir tölu þeirra verkfærra manna, er hjá honum eru.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er sömuleiðis fremur mótfallinn breyt. nefndarinnar við 12. gr., en þó alls ekki af sömu ástæðum, sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), heldur af öðrum, sem sje þeim ástæðum, að hreppsnefndum er samkvæmt breytingartill. gjört að skyldu, að jafna gjaldinu niður eptir sömu reglum sem aukaútsvari. Eg veit vel, að þetta eru lög nú, en þau lög eru ekki sem samgjörnust. Eg vil taka dæmi til að skýra það. Vjer vitum, að stundum eru hjá bændum húsmenn og lausamenn, og í þriðja lagi kunna að vera í einum hreppi sveitavandræðagripir úr öðrum hreppum. Á marga þessa menn er eigi unnt að leggja neitt sýsluvegagjald, sje það lagt á eptir sömu reglum sem aukaútsvar, en hreppurinn er samt skyldur að inna gjaldið af hendi fyrir þeirra hönd, þar sem þeir eru taldir í tölu hinna verkfæru manna hreppsins. Hið sama er að segja um þessa sveitavandræðagripi. Sjeu þeir á verkfærum aldri, verður og hreppssjóður að greiða gjaldið fyrir þá, en eigi má gjöra þeim aukaútsvar. Mjer finnst því hart, að hreppsnefndir skuli ekki mega leggja á þessa menn sýsluvegagjaldið, þegar eigi er unnt að leggja á þá útsvar til sveitar. Eg vildi að hreppsnefndum væri frjálst að leggja þetta gjald á eins og þeim bezt líkaði, eins og þeim er frjálst að ráða aukaútsvarsupphæðinni hjá hverjum einstökum hreppsbúa, eftir efnum þeirra og ástæðum. Eg vil því greiða atkvæði með fyrri málsgr. þeirri, er nefndin stingur upp á að komi í stað síðari hluta 12. gr., og sömuleiðis vildi eg greiða atkvæði með þessum fyrri hluta síðari málsgr: „Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum, og greitt sýslumanni á manntalsþingum“ en síðari hlutann: „og leggur hreppsnefnd gjaldið á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvör“, þennan viðauka vildi eg geta fellt burtu.

Að öðru leyti er jeg samdóma háttv. nefnd og finn að breytingar hennar eru víða mjög til bóta.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vildi minnast lítið eitt á ræðu h. 5. kgk. (A. Ól.), þar sem hann talaði um breyt. nefndar-

innar við 12. gr. Hann gat um það, að lausamenn og húsmenu mundu verða lausir við vegagjald, ef það væri lagt á eptir sömu reglum sem aukaútsvar. En jeg held að það sje misskilningur; margir af lausamönnum og húsmönnum munu tíunda eitthvað og sakir þess gjalda til sveitar; þar með renna þeir innundir þessa ákvörðun, og þótt þeir tíundi ekki, er þeim víða í sveitum gjört aukaútsvar og þar með greiðsla til sýsluvegagjalds, eptir ástæðum, á þessu byggði nefndin tillögu sína við 12. gr.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki sannfærzt um það, að *það* sje á neinum misskilningi byggt, sem *jeg* hef sagt. Breytingartill. nefndarinnar eru við frv. það, sem komið er frá Nd., en ekki við hin eldri vegalög, svo það hefur enga þýðinga að vera að vitna til þeirra. Á þessu frv. þingskj. 215 stendur: „Kostnaðurinn við sýsluvegi greiðist af sýslufjelaginu þannig, að hvert *hreppsfjelag* greiðir o. s. frv. "Upphæðina skal greiða sýslumanni á manntalsþingi og *færist hún hreppnum til útgjalda í reikningi þess árs*": þannig er það gefið, að gjaldið greiðist af *hrepps*-sjóði. Fyrst upphæðin er tekin af sveitarsjóði, hlýtur hún og að vera tekin af því fje, sem jafnað er niður á menn til þess sjóðs, því að jeg veit ekki til að annað fje sje til í sveitarsjóði en það fje, sem fengið er með tíund og aukaútsvari, ekki að telja ómerkilegar smáaukatekjur óvissar. Þegar nú samkvæmt *breytingar*-tillögu nefndarinnar á að leggja gjald þetta á hreppsbúa „eptir sömu reglum og aukaútsvör" — og það stendur þegar áður í frv. að það skuli blátt áfram tekið af sveitarsjóði — þá er auðsætt, að annaðhvort er breyt.till. nefnd. vitleysa ein, þ. e. inniheldur *enga breytingu,* eða ef nokkurt vit er í henni, þá er það það, að gjörðar skuli 2 niðurjafnanir *báðar* eptir *sömu* reglum, og það verður *líka vitleysa.* Með öðrum orðum: Það er engin meining í breyt.till. nefndarinnar. Það er nefndin, sem hefur auðsjáanlega ekki skilið frv. sem hún hafði til meðferðar. Í frv. Nd. er blátt áfram ákveðið, að fjeð skuli tekið af sveitarsjóði, enda mun ekki vera svo mikil breyting árlega á tölu þeirra manna, er verkfærir eru, að ekki sje óhætt að hafa þá einföldu aðferð, í stað þess að baka hreppsnefndum það tvöfalda ómak, sem breyt. nefndarinnar fer fram á.

Sighvatur Árnason: Jeg get ekki skilið ástæður h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gegn tillögum nefndarinnar, því að þótt sagt sje að gjaldið skuli greiða af sveitarsjóði, þá er auðvitað að vegagjaldið er sjerstök tekjugrein til sveitarsjóðsins. (*J. Ól.:* Nei, *gjalda*-grein!). Eins og menn vita er aðalniðurjöfnunin gjörð á haustin og þá má um leið að *vísu* áætla vegabótagjaldið fyrirfram, enda þótt það komi ekki til greiðslu fyr en vorið eptir, og menn vita ekki aðalupphæðina, sem leggst á hreppinn, fyr en um sumarmál; það þarf ekkert að koma í bága hvað við annað, þó svona sje tekið til orða í frumvarpinu, eins og minnst hefur verið á. Eg veit til þess, að þessu vegagjaldi hefur verið jafnað niður aukreitis sem peningagjaldi, þar sem ekki er að tala um einn eyri í peningum af haustniðurjöfnun, nema sjerstakl. ástæður sjeu fyrir hendi. Viðvíkjandi því, sem h. 5. kgk. (A. Ól.) sagði, skal jeg játa það með honum, að jeg hefði kunnað betur við, að hreppsnefndir hefðu haft frjálsar hendur með að jafna vegagjaldinu niður, heldur en binda niðurjöfnun þess við aukaútsvarið. Jeg kann ekki við til dæmis, að það heimili, sem hefur 2 verkfæra menn, en sem máske geldur sama sem ekkert í aukaútsvar, sleppi svo að segja alveg hjá þessu gjaldi; það er hart, að hinir hreppsbúar þurfi að gjalda fyrir þá, sem gætu unnið sjer sjálfir inn fyrir gjaldinu. Sem sagt, jeg vildi heldur að hreppsnefndir

hefðu ekki svo bundnar hendur með niðurjöfnun vegagjaldsins.

Framsögum. (Benidikt Kristjánsson): Jeg skal ekki orðlengja um skilning eða misskilning h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að eptir breyt.till. nefndarinnar þyrfti tvöfalda niðurjöfnun. Jeg hygg að þetta sje ekki rjett álitið, því að þótt ákveðið sje að gjaldið skuli greiðast úr sveitarsjóði, þá verður að bæta sjóðnum það aptur með niðurjöfnun, og það er sú niðurjöfnun, sem um er að ræða. Hvort sem hreppsnefndirnar hafa vaðið fyrir neðan sig og leggja gjaldið á fyrirfram, sem greiða á á næsta manntalsþingi, eða ekki, þá verður þó einhvern tíma að taka tillit til þess við niðurjöfnunina.

Um hitt skal jeg ekki deila, hvort æskilegra væri að hreppsnefndirnar leggi gjaldið á eptir sömu reglum sem aukaútsvar eða á annan hátt. Um það getur hver haft sína skoðun. En hitt er víst, að hreppsnefndir hafa kosið þann mátann að hafa sem fæsta dálka í hreppsverki sínu, sem svo er kallað, en þetta gjald mundi þurfa nýjan dálk, ef því væri jafnað niður á annan hátt en sem aukaútsvari.

Jeg skildi svo orð h. 5. kgk. (A. Ó.), að húsmenn, lausamenn og öreigar annara sveita mundi sleppa við þetta gjald, samkv. breyt.till. nefndarinnar. En jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að hreppsnefndir geti lagt á þessa menn gjald, er samsvari $^1/_2$ dagsverki, sem aukaútsvar, svo að þeir verði ekki fyrir það hreppsbúum í heimilishreppnum til þyngsla, að því er til vegabótagjaldsins kemur. Annars getur hver ráðið því sjálfur, hvort hann greiðir atkvæði með br. nefndarinnar við þessa 12. gr. eða með frumv. Jeg hygg að það sje orðið hverjum þm. ljóst, í hverja stefnu hvort þeirra fer í ákvæðum sínum.

Jakob Guðmundsson: Þegar jeg ber saman frumv. og breyt.till. nefndarinnar, get jeg ekki annað sjeð, en að það standi alveg á sama, hvort ákveðið er að gjald þetta skuli greitt af sveitarsjóði eða með niðurjöfnun, því þegar niðurjöfnun er gjörð, er um leið gjörð áætlun á útgjöldum sveitarsjóðsins sem næst því, sem hægt er að komast. Ef það því er ákveðið með lögum, að gjaldið skuli greiðast af sveitarsjóði, verður að taka tillit til þess um leið og jafnað er niður. H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) byggði mótmæli sín gegn breyt. nefndarinnar á þessari 12. gr. á öðrum ástæðum, sem sje þeim, að einstakir menn gætu sloppið við þetta gjald sökum þess, að þeir eigi greiddu neitt aukaútsvar. Þetta hafa menn fundið, og fyrir því er það praktisk regla, t. d. í mínum hreppi, að tekið er tillit til þess; þegar ekki er beinlínis hægt, að hafa út úr þessum mönnum gjald til sýsluvega, þá er tekið tillit til þess, þegar þeir vinna að hreppavegum. Þeir sem átt hafa hlut að máli, hafa fallizt á að þetta væri sanngjarnt, af því að þeir ekki legðu neitt til sýsluveganna. Jeg hygg því að þessi ákvæði að greiða sýsluvegagjald úr sveitarsjóði, geti ekki orðið að slysi, einkum þar sem þessir menn eru svo fáir. En í rauninni finnst mjer engin bót að breyt.till. h. nefndar.

Skúli Þorvarðarson: Mjer finnst þessar umræður vera komnar lengra en þörf er á, þar sem ekki er hjer um annað að tala en greiða atkvæði annaðhvort með ákvæðum frumv. eða breyt. nefndarinnar. Hjer liggur ekki fyrir annað en þetta tvennt, og hafi h. þm. Rangv. (S. Á.) fundið eitthvað enn þá æskilegra, hefði hann átt að láta sjer detta það í hug í nefndinni.

Jeg hygg, að búlausir menn svari þessu gjaldi óbeinlínis í öðrum gjöldum sínum til sveitarsjóðs, og varla hygg jeg heppilegt, að gjaldið væri heimtað stranglega af hverju heimili eptir tölu verkfærra manna; við það mundu margir fátækling-

ar verða hart útundan. Jeg get því ekki fundið ástæðu til að breyta þessum ákvæðum, hvorki í þá átt sem h. þm. Rang. (S. Á.) benti til nje heldur h. 5. kgk. þm. (A. Ól.), en vil helzt halda mjer til ákvæða þeirra, sem nefndin hefur sett, og þannig greiði jeg atkv. mitt.

ATKVÆÐAGR.: 1.—7. gr. frv. (215) með breyt. nefnd. (300) samþ. hver út af fyrir sig með 10 samhlj. atkv.

Breyt. nefnd. við 8. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 1, og var 8. gr. frv. þar með fallin.

9.—11. gr. með breyt. nefnd. samþ. hver fyrir sig með 10 samhlj. atkv.

Fyrri breyt. nefnd við 12. gr. samþ. með 10 atkv., hin síðari með 7 atkv. gegn 4; 12. grein öll þannig breytt samþ. með 10 atkv.

13.—28. gr. með öllum breyt. nefnd. samþ. hvað fyrir sig með 10 samhljóða atkvæðum.

Breyt. nefnd. við 29. gr. samþ., hin fyrri með 10 atkv., hin síðari með 9 atkv. gegn 1; 29. gr þannig breytt samþ. með 10 atkv.

30.—31. gr. samþ. hvor um sig með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. Frv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj., og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um útflutningsgjald af rjúpu (320); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt umræðulaust með 9 atkv. gegn. 2.

Þrítugasti og sjöundi fundur mánudag 15. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1884 og 1885 (319, 346, 348); 2. umr.

Landshöfðingi: H. þm. er víst ljóst út á hvað breytingartillögur mínar ganga, nfl., að ferðakostnaður þeirra sýslumanna, sem fóru með herskipinu Díana 1884 til þess að líta eptir síldveiði Norðmanna, mætti borgast úr landssjóði af óvissu útgjöldunum, þó það sje eigi beinlínis lögheimilað. Það stóð svo á 1884, að þessir sýslumenn fengu skipun frá amtmanninum í Norður- og Austuramtinu, að líta eptir útlendum fiskimönnum, og vegna þessa notuðu þessir sýslumenn tækifærið þegar herskipið Diana var á ferð til þess að fara með því og framkvæma eptirlitið. Herskipin eru skyld til að taka embættismenn sem farþega, þegar þeir fara í embættiserindum; en það er aptur regla hjá þeim að taka 12 kr. á dag fyrir þá. Þetta veit jeg eigi hvort lögreglustjórunum hefur verið kunnugt; en það er víst að þeir beiddu um farið og fengu það; sýslumaðurinn í Eyjafirði var með Díönu í 7 daga, sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu 1 dag sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu 2 daga. En þegar kom til Danmerkur þá krafðist sjóliðsstjórnin af landsstjórninni, að þessar 144 kr. yrðu borgaðar úr landssjóði og tók þá landsstjórnin það ráð að borga þessar 144 kr. af óvissum útgjöldum landssjóðs, með því henni gat ei blandazt hugur um, að sýslumennirnir hefðu gjört rjett í að nota þetta tækifæri til þess að rannsaka veiðiaðferð Norðmanna, þar sem þeir höfðu fengið skipun til þess frá amtmanninum. En h. Nd. hefur nú litið öðruvísi á þetta. Hún hefur litið svo á það, að sýslumönnum sjálfum bæri að borga þenna kostnað, og það er auðvitað, að þá munar ekki mikið um það; en jeg ímynda mjer að það geti haft þær afleiðingar, ef sýslumennirnir eru látnir borga þetta, að bæði þeir og aðrir hugsi minna um en áður, að hafa eptirlit með veiðum útlendinga, og því held jeg, að það, að samþykkja eigi, að landssjóður borgi þessar 144 kr. sje beinlínis að gefa lögreglustjórunum

undir fótinn að bregða eigi strax við, þó þeir fái skipun frá yfirboðurum sínum.

Júlíus Havsteen: Eptir að jeg hef hlustað á ræðu h. landsh., þá get jeg tekið aptur breytingartillögu mína (348), enda er hún eigi eins fullkomin eins og hans breytingartillögur (346), en jeg vil að eins leyfa mjer, að gjöra nokkrar athugasemdir við þetta mál. Það er kannske einna mest mjer að kenna, að sýslumennirnir fóru þessa ferð. Eins og mönnum er kunnugt, hafa Norðmenn sótt mjög hingað um nokkur ár til síldarveiða; fyrir austan dreifðu þeir sjer um alla firði þar, og við Eyjafjörð settust þeir einnig að hingað og þangað, en landið austanvert við fjörðinn heyrir undir Þingeyjarsýslu, og situr sýslumaðurinn í þeirri sýslu á Hjeðinshöfða í talsverðum fjarska. Það lá þá í augum uppi, og hlaut að vera mjer augljóst, að lögreglustjórar og hreppstjórar ættu örðugt með að hafa nægilegt eptirlit með Norðmönnum, sjer í lagi með því, hvort þeir fullnægðu skilyrðum laganna fyrir því, að hafa um hönd fiskiveiðar í landhelgi, en á hinn bóginn komu kærur frá landsmönnum yfir ýmsu háttalagi Norðmanna. Jeg fór því þess á leit við landsstjórnina tvisvar, að hún hlutaðist til um, að settir yrðu kommissarii eður sjerstakir lögreglustjórar til þess að hafa allt eptirlit með síldarveiðum Norðmanna, en mjer var svarað, að slík ráðstöfun mundi verða of kostnaðarsöm. Í stað þess fjekk jeg sumarið 1884 danska herskipið, sem hefur stöðvar hjer við land, til hjálpar og aðstoðar, og fannst mjer þá ekki annað ráð tiltækilegra, en að bjóða sýslumönnum í Múlasýslum og Eyjafjarðarsýslu að vera með því nokkurn tíma, til þess að líta eptir framferði Norðmanna síðari hluta sumarsins og að haustinu til, því á þeim tíma ber mest á Norðmönnum hjer. Síðan 1884 hefur aðsókn þeirra minnkað mikið, bæði vegna aflaleysis og svo vegna áfellisins, sem þeir biðu við Hrísey í september 1884. Kostnaður sá, sem hjer er um að ræða, var þannig lagður fram til þess, að styðja lögreglustjórnina og sjá um, að landslögum væri hlýtt, og jeg get ekki sjeð, að það sje svo fjarstætt, að borga slíkan kostnað úr landssjóði, þegar kostnaður við rjettarrannsóknir og kostnaður við opinber mál er borgaður úr landssjóði í vissum tilfellum.

Jón Ólafsson: Jeg verð að játa það, að mjer er eigi ljóst, hvernig sýslumennirnir hafa á herskipinu farið að hafa eptirlit með síldveiðum Norðmanna, því það veit jeg og hver sem stundar síldveiðar hjer við land þekkir, að Norðmenn hafa síldarveiðar sínar við strendurnar, upp í landsteinum, en ekki langt út á sjó. Jeg skal eigi segja, hvernig því er háttað á Eyjafirði, en á þeim þremur fjórum fjörðum í Suður-Múlasýslu, þar sem síldarveiði hefur verið rekin, hefur hún verið rekin upp við land, og langmest af henni svo að segja fyrir augunum á sýslumanninum, svo jeg held að hann hefði átt hægra með að líta eptir þeim í fjörunni heldur en á gufuskipum. Það skyldi þá hafa verið í Norðfirði, Mjóafirði eða Fáskrúðsfirði, sem sýslumaðurinn hefur, þurft að líta eptir síldveiðinni. En hafi það verið, þá held jeg að það hefði verið allt eins fljótlegt fyrir sýslumanninn að fara landveg yfir í Norðfjörð eða Mjóafjörð, eins og að fara á gufuskipi, og til Fáskrúðsfjarðar er örstutt leið yfir Reyðarfjörð og svo yfir stuttan fjallveg; það er eigi nema fárra tíma ferð frá sýslumanninum og þangað. *(Landsh.:* Svo!). Já, það er eigi nema að eins fárra tíma reið heiman frá sýslumanninum og yfir Oddaskarð til Norðfjarðar, og það er heldur *ekki margra* klukkustunda ferð jafnvel til Fáskrúðsfjarðar. Jeg ímynda mjer, að jeg þekki þá vegalengd öllu betur en hæstv. landshöfðingi, og betur en mínir háttv. samdeildarmenn;

jeg hef eigi svo sjaldan farið það, og mjer getur eigi skilizt, að það sje ódýrasti mátinn til að bregða sjer fáar bæjarleiðir, að fá gufuskip til þess að flytja sig. Mjer getur heldur eigi skilizt, að það sje nauðsynlegt að fara á gufuskipum til þess að hafa eptirlit með síldveiði Norðmanna. Það er eigi eins og til þess sje nauðsynlegt að fara út á reginhaf, enda hef jeg aldrei heyrt, að Norðmenn hafi gert neinar þær óspektir, að *nokkurn tíma* hafi þurft að vitja sýslumanns fyrir þá sök í Suður-Múlasýslu, og jeg efast um þeir hafi fremur gert það í Norður-Múla eða Eyjafjarðarsýslum. Þeir eru yfir höfuð löghlýðnir menn. Í Norður-Múlasýslu er mjer eigi kunnugt um að Norðmenn reki síldveiðar nema á Seyðisfirði og Loðmundarfirði.. *(Júlíus Havsteen:* Svo!). *Mjer* er eigi kunnugt um það; og þar gæti sýslumaðurinn haft eptirlit án þess að vera á gufuskipi. En hvað sem því líður, hvort sem þeir eru þar á fleiri eða færri fjörðum, þá get jeg eigi skilið að það sje nauðsynlegt að bjóða út herskipum til þess að geta haft eptirlit með þeim, og jeg veit eigi eptir hvaða fyrirmælum í löggjöfinni sá kostnaður ætti að leggjast á *landssjóð*.

Júlíus Havsteen: H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) leggur áherzlu á það, að herskipið hafi verið notað til þess að flytja sýslumennina, en það er eigi það sem eingöngu er um að ræða, heldur er það aðalatriðið, að hafa öflugt eptirlit. Norskir síldarveiðamenn og hverjir aðrir fiskimenn skipast öðruvísi við, þegar lögreglustjórnin kemur á herskipi heldur en ef hann hann kæmi á báti við 2. eða 3. mann, enda getur bátaferðalag orðið full dýrt. *(J. Ó.:* En landveg?) Það hefði líka orðið fullt eins dýrt. *(J. Ó.:* Fyrir landssjóð?). Það skal jeg eigi segja um. En viðvíkjandi því, sem þm. S.-Múl (Jón Ól.) segir, að Norðmenn veiddu hvergi síld í Norður-Múlasýslu, nema á Seyðisfirði og Mjóafirði, þá skal jeg segja honum það, að jeg veit til þess að þeir hafa veitt síld á Bakkafirði, sem þingmaðurinn mun hafa heyrt nefndan. Aðalatriðið, sem hjer er um ræða, er að leggja svo mikinn krapt í lögreglustjórnina, að útlendingar geti respekterað hana.

Jón A. Hjaltalín: Mjer þótti gott að fá þessar upplýsingar frá h. 1. kgk. þm. (J. H.); því að ef sú ein hefði verið meiningin með ferð sýslumanna á herskipinu, að þeim sparaðist ferðakostnaður, þá hefði jeg ekki getað gefið atkvæði með því, að landsjóður borgaði kostnaðinn. En ef sýslumönnunum var um leið heimiluð hjálp skipsmanna, til að framfylgja skipunum yfirvaldsins, sefa róstur og annað þesskonar, þá þykir mjer vel kostandi til þess fje af landssjóði. Þar sem um útlenda fiskimenn er að ræða, þá veit jeg vel, að sýslumaðurinn hefur engan krapt til þess að bæla niður róstur, ef þær koma fyrir, því þó hann hafi rjett til að kalla menn til hjálpar, þá er það ónýt hjálp, því að Íslendingar eru óvanir slíku og kunna ekki til þess, en geti hann kallað hermenn sjer til hjálpar, þá kemur það að meira liði og er þá eigi nema sanngjarnt að landssjóður borgi það.

Jón Ólafsson: Jeg var í Múlasýslunum í nokkur ár á meðan síldveiði Norðmanna stóð sem hæst, og varð *aldrei* var við róstur; jeg bjó í næsta húsi við sýslumann á Eskifirði, og heyrði *aldrei* þess getið, að þyrfti að sækja sýslumann af því að þeir hefðu neitað að hlýða lögunum; og því held jeg að hafi verið óþarft, að fá herskip undir sýslumanninn á milli þeirra; jeg get eigi heldur skilið hvaða gagn sýslumennirnir hefðu getað gjört, þar sem þeir voru eigi nema einn og tvo daga alls á leiðinni, og ekki nema fáa klukkutíma líklega á hverjum firði um sig, nema því að eins að þeir hefðu pantað róstur eða lagabrot fyrirfram til að bera upp á þessa stund! Eða ætli það hafi

ekki lítið *imponerað* Norðmönnum að sjá herskip, sem kannske enginn kom í land af, renna fram hjá ströndinni þar sem þeir voru kannske í mestu ró að draga sínar síldarnætur eða snæða eða sofa miðdags-dúr, og vissu kannske ekki einusinni af, að nokkur sýslumaður væri um borð? Sem sagt: jeg veit til að menn hefur greint á um landshluta, en ekki fremur Norðmenn heldur en innlenda menn sín á milli; en óspektir eða óhlýðni eða þær róstur þekki jeg ekki að hafi átt sjer stað af Norðmanna hendi, að nauðsynlegt hafi verið fyrir lögreglustjórana í Múlasýslum að vera á herskipi. Og jeg get eigi skilið hvaða gagn þessir lögreglustjórar hefðu *getað* gjört á einum sólarhring. Lögregluvaldið á að vera til, þegar á þarf að halda, en ekki að koma eins og skollinn úr sauðarleggnum, þangað sem ekki er nein þörf á þeim, einhvern tíma og einhvern tíma, eða láta landssjóð borga lystitúra fyrir sig á herskipum, bara til þess eins, að sýna hvað miklir menn lögreglustjórarnir sjeu.

En *þó að* þetta *hefði* nú aldrei nema verið til gagns, í stað þess að vera einungis gamanferð fyrir lögreglustjórana, þá álít jeg það *landssjóð* óviðkomandi. *(J. H.*: Það eru opinber málefni, sem landssjóður á að kosta!). Það er *eigi* hjer um opinber málefni að ræða, heldur um lögregluerindi í einstökum sýslum, sem landssjóður á *ekki* að borga.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil að eins spyrja, hver sje tilgangurinn með að láta herskip flökta hjer í kring um landið. Mjer hefur skilizt svo, að þau væru til þess, að hafa eptirlit með útlendum fiskimönnum, að þeir gjörðu eigi óskunda. Líka hef jeg heyrt að þau ætti að mæla uppsiglingar á ýmsar hafnir, þó lítið hafi kveðið að því hingað til. Sje nú þetta rjett skilið hjá mjer, þá hefði mjer ekkert þótt sanngjarnara, en að danska herskipið hefði flutt lögreglustjórana fyrir alls ekki neitt.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er samdóma h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um það, að sýslumennirnir hafi lítið gagn getað gjört á herskipinu, þar sem þeir voru eigi nema einn og tvo daga, nema því að eins, að svo hafi hitzt á, að þeir hafi hitt á óreglu, en af því þetta er svo lítil upphæð, og þeir fóru mest fyrir áskorun amtmannsins, þá mun jeg greiða atkvæði með, að þetta verði borgað úr landssjóði.

Benidikt Kristjánsson: Aðalspurningin í þessu efni finnst mjer vera sú, hvort það sje skylda sýslumannanna, að hafa þetta eptirlit sem hjer ræðir um, borgunarlaust, eða þeir eigi að fá sjerstaka borgun fyrir það. En mátinn hvernig þeir framkvæmdu þetta eptirlit hygg jeg að eigi ekki að takast til greina. Ef þeir eru skyldir til að hafa þetta eptirlit án borgunar, þá finnst mjer ekki eigi að borga þennan ferðakostnað, en ef þeir eiga borgun, þá álít jeg það enga verkun geta haft, þó það hafi orðið kostnaðarsamara en það hefði þurft að vera.

Landshöfðingi: Það hafa fleiri en einn spurt að því, hvort það væri nokkur lagaheimild til þess að borga þetta fje, og liggur svarið beint við, að af því að það er eigi beinlínis lagaheimild til þess að borga þetta út, þá er verið að leita samþykkis þingsins til útborgunarinnar; væri lagaheimild til þess að borga það, þá væri það borgað umræðulaust. Það eru nú sjálfsagt fáir eins kunnugir í Suður-Múlasýslu og h. þm. þaðan (J. Ó.); en þó ímynda jeg mjer að það geti borið við, að það sje rjettara, sem sýslumaðurinn álítur, en það sem þm. álítur. Sýslumaðurinn áleit nú að hann mundi gjöra meira gagn með því að fara á herskipinu til Norðfjarðar, Fáskrúðsfjarðar eða hvort sem hann nú fór, heldur en með því að fara á landi eða á bát, og jeg ímynda mjer,

að hann hafi getað dæmt eins rjett um það þar á staðnum eins og þingmaður hjer í salnum. Það er svo margt, sem þarf að hafa eptirlit með, eigi einungis veiðiaðferð Norðmannanna, heldur einnig hvernig þeir haga beykistöðu sinni, og þó að sýslumaðurinn væri eigi nema einn dag, þá gat það samt haft mikla þýðingu, þó að sýslumaðurinn hefði eigi „bestilt“ röstu. Herskipið Diana fór hjer einn dag austur með landinu og hitti þá 5 skip, sem voru að veiða í landhelgi, án þess að hún hefði pantað það. Svona getur það hitzt á; en síldveiði Norðmanna er í landhelgi, svo að herskipin eiga eigi að gæta þeirra, heldur er það lögreglustjóranna, og ef þeir hafa herskipið til aðstoðar, þá geta þeir gjört betri ráðstafanir. En ef þingd. vill eigi borga þennan kostnað, þá veit jeg að sýslumennirnir munu strax borga það sjálfir; en það getur haft þær afleiðingar, að sýslumennirnir noti eigi tækifærið eptirleiðis að fara með herskipum til þess að stilla einhverjar róstur, ef þær kunna að koma fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Tekjuliðurinn (stafliður I.) samþ. í e. hlj.

1. Breytingartillaga (346) við II. stafl. (gjöldin) 10 samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1.

2. Breytingartillaga (346) við staflið II. (gjöldin) 13 samþ. með 8 atkv. gegn 1. Gjöldin stafliður II.) í heild sinni samþykkt með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu. Frv. með áorðnum breytingum samþykkt með öllum atkvæðum.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum atkvæðum.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (307,336); 2. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg hef leyft mjer að koma með breytingartill. við þetta frv., semsje við 6. gr. og þaraf leiðandi við 1. grein, en þessi breytingartill. er einmitt samstæð þeirri breytingu, sem nú er gjörð á frumvarpi því, er nú næst á undan var til umræðu hjer í þessari háttv. deild; jeg þarf því ekki að orðlengja um þessa breytingartillögu, en fel hann velvild háttv. þingm., í því trausti að hún fái eins góðar undirtektir nú eins og nýlega við frv. næst á undan.

ATKVÆÐAGR.: 2.—5. gr. frv. samþ. hver um sig í einu hlj. Breytingartillaga (336) við 6. gr. samþ. með 8 atkvæðum gegn 1.

6. gr. þannig breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

Breytingartill. (336) við 1. gr. samþ. án atkv.gr.

Frv. í heild sinni samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um lán handa Garðskirkju (311); ein umr.

E. Th. Jónassen: Það mun flestum af háttv. þingm. kunnugt, af skjölum sem legið hafa á lestrarsalnum, að þessi söfnuður hefur tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkju sinnar; hann hefur byrjað að byggja hana að nýju, en skortir fje til þess að fullkomna það smíði, og hefur það þær slæmu afleiðingar fyrir söfnuðinn, að fái hann ekki lánið til þess að geta fullgert kirkjuna, á hann einnig það á hættu, að það fje verði þeim ekki að neinum notum, er þeir þegar hafa varið til byggingarinnar. Það virðist engin hætta heldur að veita þeim þetta lán; þeir munu vera vel færir um að geta endurgoldið það með svo vægum kjörum, sem farið er fram á í þingsályktunartill. Þar sem því þetta er bæði áhugamál og nauðsynjamál þeirra, sem í hlut eiga, vona jeg að málið fái að ganga fram. Að sönnu munu þeir hafa beðið um nokkru meira fje, en fái þeir þetta, er ekki ólíklegt að það þó verði þeim

góð hjálp til þess, að geta lokið kirkjubyggingunni.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþykkt með 10 samhlj. atkv., og afgreidd síðan til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Frv. til laga um þurrabúðarmenn (309,335); 2. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg hef leyft mjer að koma fram með breytaringartillögu (335) í þá, átt að fella burtu 8. gr. frv., en setja í stað hennar grein með hinum venjulegu ákvæðum sem höfð eru í slíkum lögum, að „með mál út af brotum gegn lögum þessum verði farið sem almenn lögreglumál". Mjer virðist þetta nóg, því að ef málið á ekki að ganga til dóms, verður það útkljáð með úrskurði, en ekki af sýslumanni, eins og í frv. stendur, því að það er á móti gildandi lagareglum, heldur af amtmanni.

Landshöfðingi: Jeg hefði búizt við, að fleiri breytingartillögur væru framkomnar við frumvarp þetta, því mjer finnst ýmislegt athugavert við það, sem laga þyrfti ef frv. á að verða að lögum. Jeg benti á nokkra galla við 3. umr. í háttv. Nd. en af því að þá var ekki lengur kostur að bæta úr þeim þar, skildist mjer svo á flutningsmönnum, sem þeir ætluðu sjer að laga misfellur þessar, er frv. væri hjer til umræðu í Ed.; en nú sje jeg að það hefur ekki orðið. Jeg skal því leyfa mjer að benda á hina helztu galla. Það er þá fyrst, að fyrirsögn frumvarpsins er ekki rjett; frumvarpið er ekki um alla þurrabúðarmenn, heldur að eins um þurrabúðarmenn fyrir utan kaupstaði. Þetta sjest af orðum 1. greinar, þar sem talað er um *hreppsnefnd*, og sömuleiðis af 2. gr. Þurrabúðarmenn í kaupstöðum komast því ekki undir þessi lög, því að til þess hefði þurft að hafa einnig hið tilsvarandi orð: *bæjarstjórn*, ásamt hreppsnefnd.

Ákvæði 2. gr. um það, að þegar hreppsnefnd neitar um þurrabúðar-leyfi, megi beiðandi skjóta máli sínu til hlutaðeigandi sýslunefndar álít jeg eigi hentug. Það getur opt og tíðum orðið mjög óþægileg og tilfinnanleg bið fyrir þann sem hlut á að máli. Það getur komið fyrir að maður sæki um þurrabúðar-leyfi og fái neitun hreppsnefndar skömmu eptir að sýslunefnd hefur haldið fund sinn á vorin, og þá þarf maðurinn að bíða með úrslit máls síns $^1/_2$ eða heilt ár. Jeg hefði því kunnað betur við og álitið rjettara, að halda því óbreyttu eins og nú er í lögum samkvæmt tilskipun 26. mai 1863, að hlutaðeigandi geti skotið máli sínu til úrskurðar sýslumanns og hans úrskurði aptur til amtmanns. Ennfremur virðast mjer ákvæði 4. gr. athugaverð, þar sem undantekningarlaust er gjört að skyldu, að þurrabúðarmaður sá, sem tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skuli hafa ræktað hana og girt innan 5 ára. Vjer vitum, að víða hagar svo til við sjó, að ekki er hægt að mæla 400 □ faðma svæði, nema í því sje meira og minna af klettum og urð. Það er því nokkuð hart, að skyldu menn *undantekningarlaust* að viðlögðum sektum að hafa umgirt þetta svæði innan 5 ára og *ræktað* það.

Þá er og það óviðkunnanlegt, að gjöra það að skyldu að byggja þurrabúðir með óræktaðri lóð ávallt um 5 ár. Því að hvað gæti verið á móti því, að mega byggja þær um lengri tíma í senn. Það væri strax betra, ef í frv. stæði: að minnsta kosti um 5 ár.

Loks er það 6. gr., sem skipar svo fyrir, að þegar ábúendaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skuli í öllu meðfara, sem segir í lögum þessum. Þetta getur orðið mjög óhentugt í framkvæmdinni og enda nær því ómögulegt. Yfir höfuð er ætíð varhugavert að gefa þær fyrirskipanir, sem eiga að hafa verk-

andi krapt aptur fyrir sig (tilbagevirkende Kraft). Jeg er samdóma h. 1. kgk. þm. (Júl. Havst.), að rjettara er að orða 8. gr. eins og hann hefur stungið upp á í breytingartillögu sinni, og orða þá grein svo, að hægt sje í öllum kringumstæðum að fara með brot gegn lögunum eins og venja er til. Sá sem heldur kýs að fá mál sitt útkljáð með úrskurði en dómi, getur fengið það, ef hann býður að borga sektina.

Jón Ólafsson: Mjer finnast flestar athugasemdir hæstv. landshöfðingja hafa töluverðar ástæður við að styðjast og verðar þess að þær verði teknar til greina við 3. umræðu. En þó er ein af athugasemdum hans, sem ekki virðist á rökum byggð, en það er sú um fyrisögnina, því þótt frumv. nái ekki yfir alla þurrabúðarmenn, virðist ekkert á móti því að fyrirsögnin sje svo orðuð sem hjer. Endirinn varð sá á frumvarpinu um veð, að sú styttri fyrirsögn var samþykkt, þótt frv. næði ekki meira en yfir nokkrar ákvarðanir um veð. Hinar athugasemdir hæstv. landshöfðingja eru meira verðar, og sjálfsagt að taka þær til greina. Mjer er að vísu ekki ljóst, hvort það gjörir svo mikið til, hvort heldur sýslumaður eða amtmaður ákveður sektirnar; jeg get vel ímyndað mjer, að margur kjósi heldur sýslumann, vilji fá mál sitt sem fyrst útkljáð og borga sektirnar. *(Júl. H.:* Menn vilja víst láta sem lengst líða áður en þeir þurfa að fara að borga sektirnar). Það munu flestir vilja fá sem fyrst að vita úrslit á málum sínum. Hitt álít jeg nauðsynlegt að tekið sje tillit til þess, hvort það eru tómir klettar, sem mældir eru út fyrir þurrabúð. Flutningsmenn þessa frv. í h. Nd. munu og án efa hafa haft í hyggju að þurrabúðarsvæðið hefði jarðveg, en væri ekki tómar urðir og grjót. En aptur er efamál, hvort það er gjört af vangá að binda bygging þurrabúðar við 5 ár. Jeg get hugsað mjer, að það sje gjört í þeim tilgangi, að hægt sje að koma í veg fyrir, að þurrabúðarmaður verði sveitlægur. Það gæti því verið skoðunarmál, hvort æskilegt væri að breyta því.

Það er svo liðið á þingtímann, að ekki er gjörlegt að setja nefnd í þetta frumv., og verður því að reyna að lappa upp á það með breytingartillögum við 3. umræðu.

Júlíus Havsteen: Háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að það væri hugsanlegt, að menn mundu heldur kjósa úrskurð sýslumanns því það væri fljótlegra; en h. þm. (J. Ól.) gleymir því, að það er ekki hægt að fullnægja nokkrum dómi í opinberu máli eða nokkrum úrskurði, fyrri en amtmaður hefur samþykkt eða skipað fyrir um fullnustugjörðina; málið þarf því hvort sem er að fara til amtsins.

Jón Ólafsson: Þó að svo sje *nú*, verður það ekki svo þegar þetta frumvarp er orðið að lögum.

Landshöfðingi: Út af orðum h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skal jeg taka það fram, að jeg get ekki sjeð hvað flutningsmönnum frv. hefur gengið til, að setja þau fyrirmæli, að þurrabúð með óræktaðri lóð megi ekki byggja um lengri tíma í senn en 5 ár, en með ræktaðri lóð svo langan tíma sem vera skal. Það eru ekki meiri líkur til að það sje hættulegt fyrir sveitarfjelagið, að sá þurrabúðarmaður verði sveitlægur, er sezt að á óræktaðri lóð. Eptir 5 ár á lóð hans að vera orðin ræktuð og hann því að standa jafnt að vígi sem hinn, er hefur ræktaða lóð og heimilt að fá á búð fyrir lengri tíma. En það sem sjerstaklega er á móti þessu ákvæði, er það, að eigandi lóðarinnar fær lóð sína ræktaða á 5 árum, en getur svo rekið þurrabúðarmanninn burtu, en leigt þurrabúðina og lóðina öðrum fyrir hærra eptirgjald en hann hefði fengið, ef hann hefði byggt þurrabúðina frá upphafi til fleiri ára.

ATKVÆÐAGR.: 1.—7. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Breytingartill. við 8. gr. samþ. með 8 atkv.; 8. gr. frv. þar með fallin.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagr.

Frv. í heild sinni samþykkt með 9 atkvæðum gegn 1. Málinu vísað til 3. umr. með 10 atk. gegn 1.

Frv. til laga um söfnunarsjóð (140, 337); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndin hefur tekið fram í áliti sínu ástæðurnar fyrir þeirri tillögu, að ráða frá að samþykkja frumvarpið og gjöra það að lögum. Aðalástæða nefndarinnar er sú, að söfnunarsjóðurinn er í raun rjettri í mesta máta sparisjóður, og ef landssjóður ætti að taka að sjer þennan sparisjóð og ábyrgjast hann, gæti hann ekki sanngjarnlega skorazt undan því að taka einnig að sjer ábyrgð á hverjum sparisjóð í landinu, sem nú eður síðar verða kynni stofnaður. Þetta mundi leiða af sjer talsverða ábyrgð fyrir landssjóð, og gat því nefndin eigi ráðið til að slík ábyrgð væri á hann lögð.

Meðan jeg heyri eigi nein andmæli gegn þessari tillögu nefndarinnar, skal jeg ekki benda á fleira, sem þó er athugvert við frv.

E. Th. Jónassen: Jeg get ekki verið nefndinni samdóma um skoðun hennar á frv. þessu.

Það eru sjerstaklega tvær ástæður, sem eptir nefndarálitinu eru því valdandi, að nefndin ræður til að fella þetta frumv. Hin fyrri ástæðan er sú, að söfnunarsjóðurinn hafi ekki neina þá yfirburði yfir aðra sparisjóði landsins, að ástæða sje til fyrir þeirra sakir að landssjóður skuli tryggja hann með ábyrgð sinni. Hin ástæðan er sú, að þessi ábyrgð hljóti að verða mjög viðáttumikil, þar sem landssjóður yrði þá líka að ábyrgjast alla aðra sparisjóði landsins.

Jeg get þó eigi skilið, að þessar ástæður sjeu gildar. Söfnunarsjóðurinn er þó óneitanlega af svo sjerstakri tegund sem sparisjóður, að engin ósamkvæmni væri að neita öðrum sparisjóðum landsins um sömu ábyrgð, þótt landssjóður tæki að sjer ábyrgð á honum. Jeg gæti að vísu fellt mig vel við, að slíkur sjóður væri ein deild í landsbankanum, en þessu er nú ekki svo varið, og engin hætta er á, að margir söfnunarsjóðir verði stofnaðir í landinu, og að það komi til, að landssjóður þurfi að taka að sjer ábyrgð á þeim. Hitt er víst, að söfnunarsjóðurinn getur gjört mikið gagn, ef honum er vel stjórnað og trygging fyrir því fæst, ef frv. þetta verður að lögum.

Jeg get því ekki fundið neina ástæðu til að fella þetta frv., heldur mun jeg fyrir mitt leyti gefa því atkvæði mitt.

Jakob Guðmundsson: Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók það fram, að söfnunarsjóðurinn hefði sama tilgang og hver annar sparisjóður, að því leyti sem mönnum gæfist tækifæri til að ávaxta þar fje sitt og geyma um lengri eða skemmri tíma; en þar sem frumvarpið líka gjörir ráð fyrir, að það sje tilgangur hans að geyma og ávaxta þar fje um lengri tíma, til þess að koma fram sjerstaklegum fyrirtækjum, sem einstökum mönnum yrði ofvaxið að framkvæma, en sem gætu orðið öllu landinu til hins mesta gagns og sóma, þá er tilgangur hans og ástand eða fyrirkomulag öðruvísi en sparisjóðanna. Það er þetta atvik, sem mælir fram með því, að landssjóður taki að sjer ábyrgð hans. Þeir menn, sem nú standa fyrir sjóðnum, eru góðir og gildir ábyrgðarmenn meðan þeirra nýtur við, en þeir eru fallvaltir, eins og aðrir dauðlegir menn, og þessvegna hefur sú hugmynd vakað fyrir höfundum frumvarpsins, að útvega sjóðnum fasta ábyrgð. Það hefur komið hjer fram á þingi, að það væri ekki heppileg aðferð, að safna

svona saman fje um fjarska langan tíma, og hvers innstæða ekki mætti eyðast, en þegar fátæk þjóð á í hlut, eins og hjer, þá er þetta einmitt ráð til þess að geta komið fram einhverjum miklum fyrirtækjum, sem yrðu landi og lýð til gagns og sóma. Jeg gef því frumvarpinu eindregið atkvæði mitt.

Framsögumaður (Arnlj. Ólafsson): Jeg átti von á því, að háttv. 2. kgk. þm. kæmi með aðra eða einhverja sjerstaka ástæðu fyrir því, að þessi söfnunarsjóður ætti skilið að fá meiri hlunnindi en aðrir sparisjóðir; en því miður varð jeg ekki var við hana. En þessi sjóður er og verður ekki annað en sparisjóður, og á því eigi meiri tryggingu skilið en hver annar sparisjóður, og það er enda síður ástæða til að veita honum þessa tryggingu, sem hann er við hliðina á landsbankanum, sem tekið hefur að sjer sparisjóðinn hjer í Reykjavík. Það væri miklu meiri þörf á að tryggja sparisjóðina út um land víðsvegar, sem ávaxta og geyma fjemuni manna og varðveita þá fyrir eyðslu; en hjer er allt hægra viðfangs; hjer geta menn, eins og jeg sagði áðan, geymt fje sitt í landsbankanum, sem tekið hefur sparisjóðinn að sjer, og sem stendur undir ábyrgð landssjóðs.

Háttv. þm. (J. G.) hjelt eða áleit, að sjóðurinn væri stofnaður fyrir þjóðina í heild sinni, eða til þess að koma miklum fyrirtækjum í verk, sem einstökum mönnum væru ofvaxin að framkvæma; en jeg fyrir mitt leyti, og líka nefndin, höfum ekki fundið slík fyrirtæki í frumvarpinu. Samkvæmt stafl. *a* í 18. gr., þar sem talað er um hina æfinlegu erfingjarentu, en svo ákveðið, að hálfir vexirnir um óendanlegan tíma skuli leggjast við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða. Ef því 1000 kr. væru lagðar í sjóðina og 2% af vöxtunum árlega bætt við höfuðstólinn, þá tvöfaldaðist hann á liðugum 35 árum, það er, 35 árum og $1^1/_3$ úr degi. Hjeldist þetta áfram nokkra mannsaldra — því aldrei má hreyfa höfuðstólinn eða $^1/_2$ vextina — þá yrði þetta fje eptir nokkrar aldir að fjarska mikilli upphæð, og að síðustu, þegar því hjeldi áfram í það óendanlega, að óendanlegri upphæð. Jeg vona því, að h. 2. kgk. þm. verði að viðurkenna, að hjer er ekki um lítilsverða ábyrgð fyrir landssjóð að ræða, sem kannske kemur til að hvíla á honum meðan Ísland stendur. Um staflið *c* er það að segja, að ákvæði hans ganga í úrelta stefnu og er næsta svipað þeim svo kölluðu „Tontiner“, er fyrrum áttu sjer stað, en nú eru úreltar. Enn þá er og aðgætandi, að ef landssjóður tæki þessa ábyrgð upp á sig, þá er ekkert ákvæði í lögunum um, að þeir, sem eru í stjórn söfnunarsjóðsins, ekki á sama tíma sjeu í þjónustu landsbankans; en það væri ekki heppilegt, að sama stjórnin skyldi standa fyrir báðum stofnunum, sem gætu komizt í keppni hvor við aðra. Jeg skal játa, að nefndin virti mikils hinn góða tilgang frumvarpsins, eins og hún líka metur mikils þá nákvæmni, sem höfundurinn hefur sýnt, þegar hann samdi það, og þykir henni því mjög leitt, að þurfa að ráða háttv. deild frá að samþykkja það; en umhyggja fyrir landsbankanum og landssjóðnum býður nefndinni að fella frumvarpið. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta að sinni, en óska einungis að heyra álit hæstv. landshöfðingja um, hvort hann fyrir hönd landssjóðsins vildi taka þessa ábyrgð að sjer.

Jakob Guðmundsson: Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) gat þess, að jeg hefði ekki komið með dæmi upp á að fje hefði verið safnað til að koma miklum fyrirækjum í verk, og til þess í framtíðinni að styðja vissa en ónafngreinda menn; en jeg skal í því tilliti geta þess, að mörgum þingmönnum mun kunnugt, að menn hafa gefið og ánafnað fje til það framkvæma ýms mikilvæg fyrirtæki, og til þess að vissir

menn í ákveðnum kringumstæðum skyldu njóta vaxtanna, og líka ráðstafað, hvaða menn skyldu hafa yfirumsjón með því; þessar gjafir eru kallaðar „Legat“; h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) kannast víst við „Böggversstaðalegatið“; hann játaði einu sinni hátíðlega á þingi, að það hefði verið stofnað í góðum tilgangi, en komst þó í einstök vandræði með þetta legat, ef amtmannaembættin yrðu aftekin; hefði þá verið söfnunarsjóður til að taka við legatinu, þá er ekki ólíklegt að þingmaðurinn hefði þá mælt fram með afnámi amtmannaembættanna. (*Forseti:* Hjer er verið að ræða frumv. til laga um söfnunarsjóð). Já, en þetta er bara til að skýra málið fyrir háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.). Hjer er einungis ætlazt til að föst stjórn komist á, sem taki að sjer umsjón með stofnuninni undir landssjóðs ábyrgð, og vona jeg að þetta mæli með frumvarpinu, sem jeg ætla að gefa atkvæði mitt.

Landshöfðingi: Út af áskorun háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) skal jeg geta þess, að jeg get ekki sjeð, að það sje nein hætta fyrir landssjóð, að takast þessa ábyrgð á hendur eptir 1. gr. frumvarpins; það getur reyndar komið fyrir eptir 18. gr. frv. staflið *a*, þar sem ræða er um hina æfinlegu erfingjarentu, að mjög mikil fjárupphæð safnist fyrir, en þess er svo lengi að bíða, að við, sem nú lifum, getum verið rólegir fyrir því, og verði eptirkomendur vorir hræddir við ábyrgðina á þessu stórfje, þá er ekki annað fyrir þá að gjöra en að breyta þessu ákvæði með lögum; en eins og nú stendur get jeg, sem sagt, ekki sjeð neina hættu fyrir landssjóð að taka að sjer ábyrgð á þessari stofnun. Það mælir og fram með frumvarpinu, að það er erfitt nú að koma fyrir fje á vöxtu, sem á að standa lengi fast. Það eru ýms fjelög hjer á landi, t. a. m. búnaðarfjelög, smásjóðir o. fl., sem það kæmi sjer vel að geta komið fje sínu í söfnunarsjóðinn; eins væri það fyrir foreldra, sem eitthvað vildu tryggja börnum sínum, annaðhvort með því að setja fje á fasta vöxtu fyrir þau í lifandi lífi eða skipa fyrir um, að einhver hluti af arfi þeirra skuli vera undanskilin umráðum þeirra. Nú er hjer ekki hægt að koma fje sínu fyrir á þennan hátt; það er öðru vísi ástatt hjer en í Danmörku, þar sem „Overformynderierne“ eru.

Ef söfnunarsjóðurinn fengi ábyrgð landssjóðins, þá mundi það fremur vekja traust landsbúa á honum og þeir verða fúsari á að leggja fje sitt í hann; en aptur á mót mundi það vekja vantraust á honum, ef ábyrgðinni yrði neitað og frumv. fellt. Jeg skal því leyfa mjer að mæla með því, að háttv. deild aðhyllist frumvarpið, og það því fremur, sem frumvarpinu gekk svo vel að komast í gegnum neðri deild þingsins.

Jón Ólafsson: Jeg er samdóma því, sem hæstv. landsh. og 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sögðu, og þarf því ekki að endurtaka það.

Háttv. 5. kgk. þm. (Á. Ó.) talaði um, að það væri ekki ástæða til að hlynna að þessum sjóði fremur en öðrum sparisjóðum utan Reykjavíkur, nema síður væri; en söfnunarsjóðurinn væri ekkert annað en *sparisjóður*. Það *má* nú að vísu nefna vörzlubanka og allar varðveizlu- og ávöxtunar-stofnanir „sparisjóði“, en það er ekki venjulega gert, og er því villandi. En að *söfnunarsjóðurinn* sje sama sem *almennir* „sparisjóðir“, sem svo eru venjulega kallaðir, það er rangt, og mjer er óskilanlegt annað, en að háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.), jafn glöggskyggn maður, sjái, að hjer á sjer *verulegur* munur stað. Söfnunarsjóðnum svipar að *sumu* leyti miklu meir til tryggingarstofnana (Försörgelses-Anstalter), t. a. m. 18. gr. stafl. *c* og *d*., nema hvað fjeð, með öllu því sem við það hefur bætzt, verður að takast út einu sinni fyrir

allt. Sami þingmaður bar kvíðboga fyrir því fjármagni, sem eptir ákvörðunum um deild hinnar ævinlegu erfingjarentu samkvæmt 18. gr. stafl. *a* mundi safnast saman á einn stað, en mig getur ekki annað en furðað á því, að hann ekki skyldi koma fram með þessa mótbáru þegar frumvarpið um styrktarsjóði handa alþýðu var hjer til umræðu í deildinni; nei, þá var hann með því; en í 7. gr. þess frumvarps er öldungis tilsvarandi ákvæði og í þessa frumvarps 18. gr. *a*. Jeg vona að háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) finni, að þetta er engin samkvæmni.

Framsögumaður (Arnlj. Ólafsson): Það var ágætt að hæstv. landshöfðingi ekki sá neina hættu í því fyrir landssjóð, að taka að sjer fyrst um sinn ábyrgð á söfnunarsjóðinum; en það er athugandi, að hann sagði eða bætti við: einungis fyrst um sinn; á þessu sama er og nefndin. Þar sem hæstv. landshöfðingi sagði, að ef fjarska mikið fje eptir 18. gr. stafl. *a*. safnaðist fyrir, og yrðu menn hræddir við ábyrgð landssjóðs, þá væri innanhandar fyrir löggjafarvaldið að breyta lögunum um það og losa landssjóð við ábyrgðina; en hvað verður þá úr tryggingunni fyrir þá, sem hafa lagt í sjóðinn, ef ábyrgðinni svona allt í einu yrði kippt burt? Það er fjarri mjer og nefndinni, að amast við þessu frv. ef það yrði til góðs, og við látum okkur lynda, hvað hin háttv. deild gjörir við það, en eins og jeg hef tekið fram, þá getum við ekki sjeð annað, en að það sje orðað rjett í nefndarálitinu, að þessi stofnun í raun og veru sje ekki annað en sparisjóður. Jeg veit heldur ekki til að slíkar stofnanir nokkurstaðar sjeu undir ábyrgð ríkis- eða landssjóða, að undantekinni lífsábyrgðar- og framfærslustofnaninni í Danmörku.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 8 atkvæðum gegn 3, að viðhöfðu nafna kalli eptir ósk 4 þingm. (Júl. H., J. A. Hj., Fr. St. og Sk. Þ.) og sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðmundsson	Arnljótur Ólafsson
Jón Ólafsson	Ben. Kirstjánsson
E. Th. Jónassen	L. E. Sveinbjörnsson.
Friðrik Stefánsson	
J. A. Hjaltalín	
Júlíus Havsteen	
Sighvatur Árnason	
Skúli Þorvarðarson.	

2.—24. gr. allar samþ. hver um sig með 8 samhlj. atkv. — Frv. í heild sinni samþ. með 8 samhljóða atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 8 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli, og fjellu atkvæði eins og við 1. gr.

Tillaga til þingsályktunar um hallærislán og hallærislánabeiðslur (286,340); frh. einnar umr.

Framsögumaður (Júl. Havsteen): Þegar mál þetta var rætt hjer síðast, ljet jeg í ljósi skoðun mína um það; hjer liggur nú fyrir deildinni álit nefndarinnar, sem jeg veit að háttv. þm. hafa kynnt sjer, og get jeg því verið stuttorður um efni málsins. Það er einkum hin formlega hlið nefndarálitsins, sem jeg skal minnast á. Það er meining nefndarinnar, að fyrst sje greitt atkvæði um þá tillögu nefndarinnar, að þingdeildin samþykki ekki ályktunaruppástungu neðri deildar, og ef ályktunaruppástungan yrði felld, þá ætlaðist nefndin til, að hin rökstudda dagskrá væri borin undir atkvæði; þó leggur hún enga áherzlu á það atriði, því að henni er innanhandar, ef henni sýnist, að koma með þingdeildarályktun um að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum sje veitt lán það sem þær hafa beðið um, en nefndin ber fullt traust til landstjórnarinnar með að hún muni líta sanngjarnlega á hallærislánabeiðslur Húnvetninga og Skagfirðinga.

Jón Ólafsson: Jeg skal ekki fást um þótt mjer þyki niðurlagsatriði nefndarinnar óviðkunnanleg, en mjer þykir meira kyn, að ekki skuli koma fram meiri ástæður frá nefndinni móti þingsályktun Nd. Hin einu verulegu andmæli gegn henni við byrjun þessarar umræðu komu frá h. 2. kgk. (E. Th. J.). Hann hafði það sjerstaklega á móti ályktuninni, að ef hún yrði samþykkt, þá yrði sveitarstjórnum og sýslunefndum gjört ómögulegt að hlýða fyrirmælum sveitarstjórnarlaganna. Jeg sje það ekki, því að jeg hef ekki getað fundið það nokkurstaðar í sveitarstjórnarlögunum, að landssjóður sje skyldur að veita hallærislán, sízt með einu sinni fyrir allt ákveðnum kjörum. Jeg man ekki eptir öðrum ákvæðum í sveitarstjórnarlögunum um þetta, en að sýslunefnd sje skyld að afstýra hallæri. Til þessa hefur hún mörg ráð. Í fyrsta lagi getur hún samkvæmt þessari þingsályktunar-tillögu fengið lán úr landssjóði *með þeim kjörum sem sett eru í þingsályktuninni;* og í öðru lagi mun hún hafa leyfi til að fá fje að láni á hverjum öðrum stað, sem hún vill og getur. Jeg man ekki betur en að eitt af verksviðum bankans sje t. d. að lána fje gegn ábyrgð sveitar- og sýslufjelaga. Hjer er að eins um *lán* að ræða, *ekki* um *gjöf;* það er ekki að ræða um sýslufjelög, sem komin sjeu sem ómagar upp á landið. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) talaði um að þetta mál væri óviðkomandi þinginu; að eins eitt atriði af sjö, gæti komið því við, það er að segja 4. atriðið, um að skýrslur sjeu lagðar fyrir þingið um það, hvernig hallærislánum hafi verið varið á fjárhagstímabilinu. Hann *„hafði ekki á móti“*, að þessar skýrslur væru lagðar fyrir þingið. Þetta þykir honum nægilegt; h. þm (E. Th. J.) þykir það nægilegt eptirlit með fje landssjóðs, að þingið fái að eins skýrslur um, hvernig því hafi verið eytt. En satt að segja, ef að þjóðin, eða þingið, sem hennar umboðsmaður, er skyldugt að láta fje af höndum, án þess að mega ákveða trygging fyrir, hvort þörf sje á því eða ekki, nje heldur ákveða lánskjörin — ef þinginu er allt óviðkomandi um, hvort og hvernig landssjóðsfje er lánað, þá er þýðingarlítil náð, að leyfa því að fá að sjá skýrslur, sem þingið má ekkert um segja. Úr því að h. þm. (E. Th. J.) segir að þinginu sje það óviðkomandi, hvort lánið rynni eingöngu til þurfamanna eða ekki, eða hvernig það yfir höfuð er veitt, til hvers er þá að vera að sýna því skýrslur um hvernig fjenu sje varið? Mjer finnst það þó sjálfsagt, að þegar h. þm. (E. Th. J.) játar, að þingið hafi rjett til að heimta skýrslur um, hvernig hallærislánum sje varið, þá muni hann líka játa, að það muni heimta þær í einhverju skyni. Sjálfsagt á þingið að heimta skýrslurnar til að sjá hvernig fjenu hafi verið varið. En fyrst það á að hafa eptirlit með hvernig hallærislánum sje varið, þá liggur það í augum uppi, að ekkert er eðlilegra en að það hafi líka hönd í bagga með að setja tryggingar í því skyni fyrir því, hverjum og hvernig lánið sje veitt. Jeg hygg, að engin vandkvæði verði fyrir nokkurt sveitafjelag að fá hallærislán, þótt þeim ákvörðunum sje fylgt, sem þingsályktunin gjörir ráð fyrir. En jeg álít þörf á að tryggja gegn hallærislánum, ekki einungis landssjóð, heldur og sýslufjelögin, því að það er eyðilegging og böl fyrir sýslufjelög, að binda sjer þann bagga, sem ef til vill ekki hefði verið þeim með öllu nauðsynlegt að leggja sjer á herðar. Hallærislán eru yfir höfuð til niðurdreps og eyðileggingar og spilla hugsunarhættinum. Jeg hef orðið þess áskynja, að það mun hafa komið fyrir, að sveitum hafi verið veitt hallærislán, þar sem efnamenn hafa ekki gengið eins nærri sjer með að greiða aukaútsvar og menn í þeim hreppum, sem engin hallærislán hafa fengið. Er þetta

ekki að veita hallærislán um skör fram? Þegar ein sýsla hefur fengið hallærislán handa einum hreppi, þá geta hinir hreppar sýslunnar hugsað: „þessi hreppur borgar aldrei sjálfur lán sitt, það kemur á okkur að borga nokkuð af því, og þá er það bezt að við reynum að fá líka bita af hvalnum“. Jeg hygg að tillaga Nd. geti orðið hvöt til þess, að hallærislán verði ekki eins vanbrúkuð og þau vissulega hafa verið. Landstjórninni er ómögulegt, þótt hún sje öll af vilja gjörð, að sjá við því, að hallærislán geti ekki verið vanbrúkuð; hún getur ekki haft þann kunnugleik, að hún geti í hverju einstöku tilfelli vegna hans dæmt um hver þörf sje á hallærisláni; hún hefur því ekki haft eptir öðru að fara en skýrslum frá lánbeiðendum sjálfum. Landstjórninni má því vera kært, að fá þessar reglur til að lifa eptir. Það er ekki um skör fram, að þær hafa verið settar, því að næst hafís og fiskileysi og óári hafa hallærislánin fyrirfarandi ár verið landsins mesta bölvun, ef þau hafa ekki enda sumstaðar gert meira tjón en óárið sjálft.

E. Th. Jónassen: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að þessar tillögur gætu ekki samrýmzt við sveitastjórnarlögin. Jeg sje ekki heldur að tillögurnar sjeu til bóta. Trygging sú, er á að vera fólgin í skoðun dómkvaddra manna úr öðru hjeraði, er nokkuð völt, ef ekki má byggja neitt á skýrslum sýslunefnda. Til hvers er að gefa sýslufjelögum og sveitafjelögum sjálfstjórn, ef þær kunna ekki að brúka hana? en skammt mega þær vera komnar á veg í sjálfstjórn, ef þær fara að taka lán, sem þær hafa ekkert með að gjöra. Ef sveitarstjórnir kunna ekki að ráða sjer sjálfar, þá sje jeg ekki annað betra sje, en að sveitarstjórnarlögin sjeu numin úr gildi, en alþing gjört að yfirfátækrastjóra, eins og mjer líka sýnist það vera að seilast eptir í þessari þingsályktunartillögu. Mjer er það kunnugt, og h. þm. Borgf. (G. Th.) ætti líka að vera það kunnugt, því að hann hefur setið í amtsráði Suðuramtsins, — mjer er það kunnugt, segi jeg, að amtsráðin í Suður- og Vesturamtinu hafa nú síðari árin farið mjög varlega í að samþykkja beiðni um hallærislán. Á síðasta ári var t. a. m. beðið um yfir 19000 kr. hallærislán handa Kjósar- og Gullbringusýslu, en að eins samþykkt 1500 kr. lán handa 1 hreppi þar í sýslu; auk þessa hafa á síðastliðnu ári Strandasýsla, Barðastrandar og Snæfellsnes og Hnappadalssýslur fengið leyfi amtsráðsins í Vesturamtinu til þess að mega taka nokkurt hallærislán, og síðastnefnd sýsla fekk hjá amtsráðinu að eins leyfi til þess að taka helming af því láni, en hún bað um. Eg held nú sje óhætt að fullyrða, að í öllum þessum sýslum hafi verið þörf á þessum lánum, og að þau ekki hafi verið vanbrúkuð í þetta sinn, þó það kunni einhvern tíma áður að hafa átt sjer stað, að hallærislán hafa verið misbrúkuð eða þeim illa varið. Ef landsmenn eru ekki komnir svo langt, að þeir sjeu færir um að stjórna eigin sveitamálum sínum, þá sje jeg ekki hvað við höfum með nýja stjórnarskipun að gjöra, eins og alþingi nú vill fá. Jeg hefði helzt óskað að h. Nd. hefði aldrei komið með þessar tillögur; þær geta aldrei gjört gott; illt gjöra þær, ef til vill, og hefur það þó ekki verið tilgangurinn. Það verður ómögulegt fyrir hlutaðeigandi stjórnarvöld að framfylgja þeim; því þær koma í bága við gildandi lög. Jeg get ekki sjeð, eins og h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að 5. töluliðurinn sje svo ágætur; þar sýnist mjer vera tekið fram fyrir hendurnar á komandi þingum; jeg held það sje bezt að lofa þeim sjálfum að dæma um, hvort ástæða sje til að gefa upp vexti af hallærislánum í það og það skipti eða ekki. Jeg tek það upp aptur, að hjer er þingið að berjast við að gjör-

ast yfirfátækrastjóri. Jeg skal og lýsa því yfir, að jeg er mótfallinn öllum tillögunum, nema hinni 7. Jeg vil að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum sje veitt það lán, sem þær biðja um, og jeg treysti því, að sýslunefndirnar muni ekki biðja um meira en þörf er á. Jeg hef nú á síðari árum ekki orðið var við löngun hjá sýslunefndum að taka meira lán, en nauðsyn hefur krafið. Það er eðlilegt, þótt Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur verði að leita láns í þetta sinn; oss er öllum kunnugt, hvílíkt stórtjón þær hafa beðið af fjenaðarfelli á þessu vori. Það er mjög skiljanlegt, að þær þurfi fjárstyrk til að geta rjett við aptur, og vjer skulum gæta þess, að þær biðja ekki um fje að gjöf, heldur biðja þær um fje að láni, og þess vegna á alþingi að verða við beiðni þeirra. H. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hneikslaðist á því, að jeg sagði að jeg hefði ekki á móti að alþing fengi skýrslur um hvernig hallærislánum væri varið; en þessar skýrslur geta einmitt verið mjög fróðlegar fyrir þingið að glöggva sig á þeim; af þeim má sjá ýmislegt um hagi þeirra sveita, sem lánin hafa þegið á þeim tíma, þegar styrknum hefur verið úthlutað.

Viðvíkjandi orðum h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) get jeg þess, að hjer er einungis að ræða um lán úr landssjóði, en ekki gjöf; h. þm. (J. Ól.) sagði, að sýslufjelög mundu geta fengið lán annarstaðar en úr landssjóði. Fyrir það fyrsta er það ekki allt af svo auðvelt, og í öðru lagi nær þingsályktunin til *allra* hallærislána, hvort sem þau eru fengin úr landssjóði eða annarstaðar. Að endingu skal jeg geta þess, að jeg fellst á nefndarálitið frá h. nefnd efri deildar í flestum greinum.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg álít, að ef stafliður I í nefndarálitinu er samþykktur, þá verði hin rökstudda dagskrá ekki sett undir atkvæði.

Framsögum. (J. Havsteen): Eptir að hafa hlustað á orð h. forseta (Á. Th.), þá endurtek jeg það, sem jeg sagði áður, að jeg óska að fyrst sje sett undir atkvæði fyrri stafliður í niðurlagsatriðum nefndarálitsins, nfl. tillaga nefndarinnar um að fella þingsályktunaruppástungu Nd., og ef þessi tillaga nefndarinnar verður samþykkt, tek jeg aptur tillöguna II, um hina rökstuddu dagskrá; verði hún eigi samþykkt, virðist tillagan II falla burt af sjálfu sjer.

Jón Ólafsson: H. 2. kgk. (E. Th. J.) talaði um að sveitarfjelög mundu ekki vera svo vanhyggin, að taka lán að nauðsynjalausu fremur en einstakir menn; þessi samanburður var ekki heppilegur, því að þegar einstakir menn taka lán, þá geta þeir ekki búizt við, að þeir muni geta fengið færi á að skjótast undan að greiða það aptur, en þegar sveitarfjelög taka lán, þá greiða opt *aðrir* lánið *en þeir, sem þess hafa notið.* Að minnsta kosti er það innanhandar að flytja burt úr hreppnum eða sýslunni fyrir hvern sem vill. Fyrir þá, sem það gjöra, er því hreinn og beinn hagur að hallærislán sje tekið; á þeim hvíla ljettari gjöld á meðan verið er að jeta upp hallærislánið, en þeir þurfa ekki að greiða einn eyri af því aptur. Hjer vantar því alveg „tertium comparationis“. H. þm. (E. Th. J.) sagði, að vjer værum miklir á bátnum þegar um stjórnarskrá væri að ræða; þá þættumst vjer geta haft sjálfstjórn, en þó vildum vjer ekki veita sveitunum sjálfstjórn til lántöku. Jeg vil næsta gjarnan, að sveitafjelög hafi sem mesta sjálfstjórn, en jeg sje ekki annað en þau geti það eins eptir sem áður, þótt alþingi hafi hönd í bagga með hverjum veitt sje *lán úr landssjóði*, og til hvers. (*Landsh.:* Hjer er talað um *öll* lán.) Það hlýtur að vera misskilningur hæstv. landshöfð., ef hann heldur það. Jeg get ekki sjeð að þingsályktun geti haft nokkra hönd í bagga með lánum kaupmanna til dæmis að taka, svo að um þau getur víst

alls eigi verið að ræða. Hver privatmaður og stofnun getur þrátt fyrir þingsályktun þessa lánað sveitum og sýslum hversu mikið og með hvaða kjörum sem vill. Jeg játa að 2. tölul. er nokkuð viðtækur, en að minnsta kosti verður þó ekki sagt, að ákvæði hans minnki sjálfsstjórn amtsráða. Jeg get enn ekki með neinu móti sjeð, að tillagan fari í bága við sveitarstjórnarlögin, því að hjer er ekki um annað að ræða, en lítilfjörlega breytingu á skilyrðunum fyrir hallærislánaveiting *landssjóðs*. *(E. Th. J.:* Það stendur ekki hallærislán úr landssjóði). Hvort sem það stendur eða ekki með berum orðum, þá er auðsætt hverju barni, að það *getur* ekki verið um annað fje að tala í ályktuninni en landssjóðsfje, því að þingið getur ekkert kveðið á um, með hvaða kjörum t. d. kaupmaður vil lána sveitarsjóði eða sýslusjóði; þingið getur ekki, hefur ekkert vald til að fyrirskrifa einstökum mönnum eða stofnunum, sem ekki eru landsstjórninni háðar, neitt um það, hverjum þeir megi lána eða með hvaða kjörum. H. 2. kgk. (E. Th. J.) sagði fyrst í ræðu sinni, að *öllum* hallærislánum hefði verið *vel* varið: þó hafði hann síðar þá varúð við að segja, að þótt einhverjir hefðu ef vildi ekki varið lánunum sem bezt, þá væri ekki ástæða til að synja öllum um lán fyrir það. Það er ekki heldur ætlazt til þess hjer, einungis er farið fram á, að trygging sje fengin fyrir því, að sýslufjelög taki *ekki* lán *að ófyrirsynju*. Það er nú allt og sumt. Jeg hef ekki talað móti 7. tölul., og mun jeg greiða atkvæði með honum.

Enn hef jeg ekki fengið svar upp á það, hvar þingsályktunin kemur í bága við sveitarstjórnarlögin, en jeg fæ það ef til vill nú þegar jeg er þinglega dauður, og get ekki látið neitt í ljósi um, hve fullnægjandi mjer þykir það vera. *(E. Th. J.:* § 9.) Það er ekkert í þeirri grein, sem í bága fari. Það er tóm grýla!

Arnljótur Ólafsson: Það er eitt atriði, sem andmælendur nefndarálitsins ekki hafa gjört sjer verulega ljóst, og það er, hver áhrif eða verkun þessi tillaga til þingsályktunar muni hafa á landsstjórnina. Ef jeg man rjett, þá stendur í 10. gr. stjórnarskrárinnar, að samþykki konungs þurfi til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Heldur h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) nú, að ályktun þingsins sje góð og gild, án samþykkis konungs, um hvað svo sem hún hljóðar? Það gjörir mjer illt, að þingmaðurinn er dauður; annars hefði hann verið manna vísastur til að svara, bæði fyrir sig sjálfan og líka fyrir þá, sem eru á sama máli sem hann. Hann tók það fram, að eptir 1. tölul. væri að eins átt við lán **úr landssjóði**, en jeg neita því, heldur er það ótiltekið; en aptur á móti er talað um að leggja ný gjöld á sýslusjóðinn, sem beint er ofan í ákvæði 42. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar. Þar sem þingmaðurinn var að tala um kaupstaðarlán, hygg jeg hann einungis hafa talað að gamni sínu. Jeg vil spyrja hann, hvaðan kemur alþingi vald til að bjóða landsstjórninni að skipa hina dómkvöddu menn? Jeg sje ekki neitt ákvæði í stjórnarskránni, er veiti alþingi vald til þess, nema það sje gjört með lagaboði, sem konungur þá samþykkir. Meiningin í 1. tölul. verður þá, að alþing geti neytt amtmennina og sýslumennina til að leggja þetta gjald á sýslufjelögin, og kemur þá alþing fram sem yfirvaldsstjórn yfir amtmönnum og sýslumönnum. En þetta er ekki rjett skoðun, því alþing, með öllu sínu valdi, er ekki sú æðsta valdstjórn í landinu; hjer er alþingi sett í staðinn fyrir landshöfðingja. Nefndin byggði á því, að nóg fje er enn eptir af hallærislánafjenu til að lána bæði Húnavatns og Skagafjarðar sýslum, það sem þær um biðja;

en svo segir alþingi, að þær sýslur fái ekki þau lán nema dómkvaddir menn álíti sanna þörf þeirra, og því fá þeir ekki það, sem þeir biðja sjálfir um, eða það, sem sýslunefndin og amtmaður álíta að þeir nauðsynlega þurfi. Skyldi alþingi vera kunnugra um þarfir og ástand manna út um landið, en bæði amtmönnum, sýslumönnum og sýslufjelögum? Nei, hjer álít jeg að beinlínis sje þröngvað að sjálfsforræði sýslufjelaga. Jeg vona því, að h. háttv. deild fallist á tillögur nefndarinnar. Jeg er líka sannfærður um, að íbúar Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna ekki muni þakka alþingi fyrir alla meðferð og frammistöðu þess í þessu hallærislánabeiðslumáli, ef tillögur neðri deildar skyldu fá fram að ganga.

Jakob Guðmundsson: Það er búið að ræða mikið um þetta mál, en þegar verið er að ræða um hallærislán, þá finnst mjer það vera skynsamlegt, að hugsa eitthvað um atvinnulánin og greiða fyrir þeim með því að gjöra aðganginn að þeim rýmri. Jeg ímynda mjer, að ráðgjafinn mundi ekki amast við tillögu frá þinginu í þessa átt, þó jeg reyndar muni það, að stjórnin ekki alls fyrir löngu ekki gat verið meðmælt atvinnuláni handa sýslu- og bæjarfjelögum, og það af þeirri ástæðu, að landssjóður hefði ekki ráð á því. Jeg vil styðja atvinnulánin, en um leið ekki gefa of rúman aðgang að hallærislánum, því þó þau kunni ekki að vera brúkuð til að kaupa fyrir mikið af munaðar og ónauðsynja vöru, þá veit jeg þó til þess, að hallærislánin hafa orðið mesta gróða-uppspretta fyrir einstaka menn, t. a. m. kaupmenn, sem menn í hallæristíðum hafa átt kaupskap við.

Landshöfðingi: Það munu allir geta verið á sama máli um það, að tillaga þessi sje af góðum hvötum sprottin, og hafi góðan tilgang, sem sje, að stemma stigu fyrir að hallærislánabænir yrðu eigi eins tíðar og þær hafa verið, því það hefur kveðið helzt til mikið að þeim hingað til. En hitt er annað mál, hvernig Nd. hefur tekizt að semja þessa þingsályktunartillögu. Jeg held henni sje bæði ábótavant að formi og efni. Að forminu er það athugavert, að þessi þingsályktunartillaga nær eigi til kaupstaða; það liggur þó í augum uppi, að þeir geta orðið lánþurfar eins og sýslur og hreppar; ennfremur að tillagan á eigi að eins við hallærislán úr landsjóði, heldur líka öll önnur hallærislán, hvaðan sem þau koma; ennfremur á eigi við að ákveða í þingsályktun, að einhvern kostnað skuli greiða úr sýslusjóði, því alþingi hefur eigi ráð yfir sýslusjóðum; ennfremur, að formönnum amtsráðanna eru hjer settar reglur um, hvað þeir megi gjöra og hvað ekki, en þeir standa alls ekki undir yfirboði alþingis. Sömuleiðis finnst mjer það óheppilegt úrræði, að ákveða, að dómkvaddir menn skuli ferðast um sýslu, sem er lánþurfi og rannsaka ástand manna þar, og jeg skil eigi í, að nokkur samvizkusamur maður vildi gjöra það, því hann mundi aldrei finna sig færan um að gjöra það svo, að það væri í nokkru lagi.

En aptur á móti ímynda jeg mjer, að þessar umræður verði ekki árangurslausar, því menn sjá þó á þeim, að alþingi er illa við hallærislánin, og má þá búast við, að sýslufjelögin muni verða varkárari að biðja um lán, sýslunefndirnar og amtsráðin að samþykkja þau, og landssjórnin að veita þau, og þá er það fengið, sem tillagan gengur út á, en formsins vegna álít jeg mjög óheppilegt að samþykkja hana.

Jakob Guðmundsson: Jeg vildi að eins beina þeirri spurningu til hæstv. landsh.: Hvaða krapt hafa þingsályktanir? Jeg ímynda mjer að þær sjeu eigi bindandi lög fyrir landstjórnina, heldur bendandi atriði, og eptir þeim skilningi þá

næst þessi góði árangur, sem landsh. gat um, einungis með að samþykkja ályktunina, en eigi með því að fella hana.

Landshöfðingi: Álítur þá þm. Dal. (J. G.), að ef það er alveg á valdi landsstjórnarinnar, hvort hún vill hegða sjer eptir ályktun alþingis eða ekki, hvort hún vill setja meðmæli dómkvaddra manna sem skilyrði fyrir lánveitingunni eða ekki, að það þá hafi nokkurn árangur, að þingdeildin samþykki ályktunina? Jeg held síður. Einmitt af því, að önnur eins ályktun og þessi, er ekki bindandi fyrir landsstjórnina, er það þýðingarlítið, hvort hún er samþykkt eða ekki, en vilji þingsins er þýðingarmikill fyrir landsstjórnina, og hann hefur hún fengið að vita af umræðunum. Yfir höfuð álít jeg mjög ópraktiskar þær þingsályktanir, sem hljóða um að þetta og þetta skuli vera svo og svo, en hitt eru aptur praktiskar ályktanir, sem hljóða svo: Alþingi skorar á stjórnina að gjöra það og það.

ATKVÆÐAGR.: 1. stafl. felldur með 9: 2 atkvæðum

2. stafl. felldur með 8: 3 atkvæðum.

3. stafl. felldur með 8: 3 atkvæðum.

4. stafl. felldur með 7: 4 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Jakob Guðmundss.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Ólafsson.	Friðrik Stefánsson.
Benidikt Kristjánss.	Jón A. Hjaltalín.
E. Th. Jónassen.	L. E. Sveinbjörnsson.
	Júlíus Havsteen.
	Sighv. Árnason.
	Skúli Þorvarðarson.

5. stafl. felldur með 6: 4 atkvæðum.

6. stafl. felldur með 8: 3 atkvæðum.

7. stafl. felldur með 6: 5 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Ólafsson.	Jakob Guðmundsson.
Ben. Kristjánsson.	Arnljótur Ólafsson.
E. Th. Jónassen.	Friðrik Stefánsson.
Sighv. Árnason	Jón A. Hjaltalín.
Skúli Þorvarðarson.	Júlíus Havsteen.
	L. E. Sveinbjörnsson.

Var þingsályktunartillagan þar með fallin.

Þrítugasti og áttundi fundur þriðjudaginn 16. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi, nema 1. kgk. (J. Hav.), er hafði tilkynnt forseta forföll sín (lasleika).

Forseti birti brjef frá minni hluta nefndarinnar í málinu um frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, svo látandi:

„Með því nú er svo liðið á þingtímann, að stjórnarskrárfrumv. það, er liggur fyrir deildinni, auðsjáanlega hlýtur að daga uppi í henni, nema því að eins, að sá hraði sje viðhafður, sem lögin heimila, þá leyfum við okkur, minni hluti nefndarinnar í þessu máli, að skora á yður, háttvirti forseti, að taka nefndarálit okkar, sem þegar er prentað, á dagskrá til framhalds 1. umræðu fimmtudaginn hinn 18. þessa mánaðar.

Alþingi 14. ágúst 1887.

Virðingarfyllst

Jak. Guðmundsson. Sighvatur Árnason.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1884 og 1885 (308, 347, 349); ein umræða.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. mína og h. 1. kgk. (J. Hav.). Viðvíkjandi síðari breyt.till. nægir að eins að geta þess, að jeg álít það mál nú útkljáð með atkvæðagreiðslunni í gær um frv. til fjáraukalaga fyrir 1884—85, því að með henni álít jeg að 8. tillaga yfirskoðunarmanna landsreikninganna hafi verið feld. Viðvíkjandi 4. tillögunni skal jeg taka það fram, að jeg álít hana ekki heppilega; jeg ber kvíðboga fyrir, að ef hún verður

samþykkt, þá muni það gjöra gjaldendum erfiðara fyrir með að greiða gjöld sín í landssjóð nú en áður. Tillagan fer fram á, að ávísanir á verzlunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landssjóðs, að þær sjeu stílaðar upp á borgun við sýningu. Deildinni mun kunnugt, að eptir þeim reglum sem gilda, má ekki taka gildar ávísanir upp í tollgjöld, nema þær sjeu stílaðar upp á borgun við sýningu. Þetta er engum erfiðleikum bundið, því að það er einmitt ívilnun við kaupmenn að leyfa þeim að borga tollinn með ávísun til Kaupmannahafnar, í stað þess að borga hann undir eins hjer. En öðru máli er að gegna með ávísanir sem kaupmenn gefa upp í önnur gjöld; þær eru fremur bændum í hag en kaupmönnum. Í stað þess að greiða gjöld sín í peningum eða öðrum gjaldgengum aurum, er gjaldendum leyft að gjalda þau með innskript til kaupmanna. Gjaldendurnir verða því að koma sjer vel við kaupmanninn, því að kaupmaðurinn getur sagt: Jeg læt þig ekki fá innskript til gjaldheimtumannsins, því að honum þarf jeg að borga með peningum eða ávísun stílaðri upp á borgun við sýning. Auk þess eru bændur mjög opt skuldugir, svo að kaupmaðurinn verður að lána þeim innskriptina. Það er því hreinn og beinn greiði af kaupmanninum að veita innskriptina, og hætt við, að hann mundi verða tregari á það, ef ætti að borga ávísanirnar við sýningu. Þetta yrði því verst fyrir bændur sjálfa; en það yrði líka skaði fyrir landssjóð, því að gjöld mundi greiðast lakar í hann. Það er í sjálfu sjer ekki heldur svo mikið unnið við það, að ávísanirnar sjeu borgaðar við sýningu. Manntalsbókargjöldin eru ekki svo mikil, einkum síðan ábúðar- og lausafjárskatturinn var linaður, og landssjóður tapar engu við frestinn á borgun ávísananna, því að þær eru borgaðar í ríkissjóð, en landssjóður skuldar honum jafnan. Hvort sem ávísanirnar eru borgaðar mánuði fyr eða seinna, ganga þær í skuld, sem engir vextir eru greiddir af. Jeg sje því ekkert unnið við þessa tillögu, en við hana getur landsjóður tapað af gjöldum sínum, en gjaldendum orðið töluvert óþægilrgra að greiða þau. Jeg legg það því til, að tillagan sje ekki samþykkt.

Jón Ólafsson: Jeg skal fúslega kannast við, að tillögur hæstv. landsh. um að 4. tölul. sje ekki samþykktur, sjeu líklega sprotnar af nærgætni hans við gjaldendur. En þó er jeg í vafa um, hvort sú nærgætni er byggð á öðru en misskilningi, og hvort það því verður mönnum að svo miklu gagni, þótt þessi töllul. sje feldur. Jeg efast um, að kaupmenn, sem lána mönnum innskriptir til að borga gjöld þeirra til landssjóðs, gjöri jafnaðarlega reikning upp á að fá borgun hjá bændum áður en ávísanin, sem þeir (kaupmenn) gefa gjaldheimtumanni, er borguð út. Kaupmenn munu lána þeim bændum sem reka verzlun hjá þeim, landssjóðsgjaldið alveg jafnt hvort sem þeir (kaupmennirnir) þurfa að borga ávísunina 2—3 mánuðum fyr eða síðar. Þeir munu mest fara eptir því, hvernig verzlunar-reikningur lántakandans stendur á þeim tíma, þegar hann biður um lánið, og hvort útlit er fyrir, að hann borgi þeim skuld sína. Eigi er heldur óhugsandi að landssjóður geti haft dálitinn óhag af þessum ávísunum, sem eiga að borgast eptir sýningu, ekki á þann hátt, sem hæstv. landshöfðingi benti á, heldur öðruvísi. Jeg skal benda á hina „faktisku“ orsök þess, að gjaldheimtumönnum var bannað að taka hjá kaupmönnum *víxla* fyrir landssjóðsgjöldum, nema þeir væru stílaðir upp á borgun við sýningu, en brýnt fyrir þeim, að taka ella að eins *ávísanir;* hún var sú, að kaupmaður á austurlandi gaf sýslumanni, jeg

ætla 3 mánaða víxil upp á verzlunarhús í Kaupmannah. upp í landssjóðsgjöld. Sá sem víxilinn átti að borga, sagði: jeg borga hann *undir eins*, en jeg dreg frá vexti fyrir þessa 3 mánuði. Til þess hafði hann og fullkominn rjett. Eg veit ekki betur en að *tízkan* heimili sömu aðferð erlendis við ávísanir, sem stílaðar eru upp á borgun svo og svo löngu eptir sýningu, — *lögin* heimila hana við víxla —; og ef þeir, sem ávísanir eru stílaðar upp á, vildu beita þessu, þá getur landssjóður tapað dálitlu. Í þetta skipti, sem þetta kom fyrir með víxilinn, varð töluverð rekistefna út af þessu, en auðvitað varð kaupmaðurinn, sem gaf út ávísunina, að borga mismuninn. *(Landsh.:* Nær var þetta?). Það var á árunum 1870—80, og verzlunarhúsið, sem ávísunin var gefin út upp á, var „firma-ið“ Fried. E. Petersen (eigandi Georg Petersen etazráð og bankastjóri) í Nyhavn, Kaupmannahöfn. Vorið eptir var brýnt fyrir gjaldheimtumönnum að taka ekki við öðrum víxlum upp í landssjóðsgjöld en þeim, sem stílaðir væru upp á borgun við sýning. En hið sama er jeg hræddur um að gæti komið fyrir með ávísanir, sem stílaðar eru upp á borgun nokkru eptir sýningu. Eitt er enn, sem stafar af ávísunum, sem stílaðar eru upp á borgun eptir sýning; þær hafa í för með sjer mikil óþægindi við reikningstærsluna; upphæðir þær, sem þær hljóða upp á, eru nefnil. ekki taldar með tekjunum fyr en þær eru borgaðar. En nú getur reikningshaldari opt verið, og er opt, búinn að senda ávísun, þegar reikningur ráðgjafans er saminn, þótt ávísunin sje enn ekki greidd, svo að það kemur til að *sýnast* meira úti standandi, þegar reikningurinn er saminn en í raun rjettri er, og því kemur reikningurinn við árslok til að líta nokkuð öðruvísi út, en hann að rjettu lagi ætti að gjöra.

Landshöfðingi: Jeg skal játa það, að jeg hefi ekki heyrt fyrri þá sögu, er h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði um þetta verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er krafðist þess að borga strax ávísun, er stíluð var upp á borgun vissum tíma eptir sýningu, og dró rentu frá fyrir þann tíma; þetta hefur ekki komið fyrir þann tíma, sem jeg hef átt nokkuð við reikninga landsins, nje heldur meðan jeg var í „ministeríinu“; en þetta dæmi var ekki tilefni til þess, að kaupmenn ekki fengu að greiða aðflutningstoll með ávísunum upp á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, stíluðum í þá átt, að borgast vissum tíma eptir sýningu, heldur eru það lögin um aðflutningsgjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, dags. 7. nóv. 1879, sem því hafa valdið, því að þar eru ekki aðrar ávísanir heimilaðar sem fullgild borgun á tollinum, en þær, sem borgast við framvísun. Hitt, að kaupmenn hafi heimting á því að borga ávísun strax, er borga skal vissum tíma eptir sýningu, og draga rentuna frá, það þekki jeg ekki; en svo mikið er víst, að komi þess konar fyrir, að verzlunarhús í Kaupmannahöfn gjöri þessar kröfur, verður það ekki skaði landssjóðsins, heldur munu kaupmenn þeir, er slíkar ávísanir gefa, eða gjaldheimtumennirnir, verða sjálfir að borga landssjóði mismuninn. Að öðru leyti verð jeg þó að halda því fram, að kaupmenn munu ekki verða eins fúsir á að gefa mönnum leyfi til að borga gjöld sín með innskript, ef þeir ekki mega greiða gjöldin með ávísunum upp á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, stíluðum upp á að greiðast vissum tíma eptir sýningu; ekki af því, að þeir vilji vita, hvort skuldir bænda borgast inn áður en ávísunin fellur í gjalddaga, heldur af því, að enda þótt stór verzlunarhús sjeu, mun þeim þykja þægilegra að vita fyrirfram af þeim ávísunum, sem upp á þau eru gefnar, til þess að geta haft tímann fyrir sjer og hagað sínum viðskiptum eptir því. Það

er af þessum ástæðum, að kaupmenn vilja heldur gefa út ávísanir, er stílaðar eru upp á borgun vissum tíma eptir sýningu.

Jeg verð því enn að leggja áherzlu á það, að það fyrirkomulag, sem nú er, er heppilegra en það sem farið er fram á í þessari 4. tillögu. Enda yrði þá og að breyta reglugjörðinni frá 13. febr. 1873, er heimilar gjaldgreiðendum þennan rjett, að borga með ávísunum stíluðum vissum tíma eptir sýningu.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mjer að vekja athygli á einu atriði viðvíkjandi þessari þingsál., sem er það, að eg get ekki sjeð, að þessi þingsál. hafi meiri þýðingu en aðrar ályktanir frá þinginu, því að hún er byggð á 21. gr. þingskapanna, en á sjer engan stað í stjórnarskrá vorri. Oss er það kunnugt, að eptir 26. gr. stjórnarskrárinnar á að samþykkja landsreikninginn ásamt með athugas. yfirskoðunarmanna *með lagaboði*, eður eins og hver önnur lög, en í 21. gr. þingskapanna er sagt, að tillögur yfirskoðunarmanna, sem þriggja manna nefnd skal í skipa, skuli koma tvisvar sinnum til umræðu eptir reglunum um aðra og þriðju umr. Eg skal geta þess, að þessi grein hlýtur að vera komin af ógáti inn í þingsköp vor, eður af því, að höfundar þeirra hafa haft fyrir sjer þingsköp Dana, er í þessu tilliti eru byggð á 50. gr. grundvallarlaganna; því að ríkisreikningur þeirra er samþykkur með ályktun en eigi með lagaboði. Af þessu verð jeg að leiða þá ályktun, að þessi þingsál. geti ekki haft meiri knýandi áhrif á umboðsstjórnina en hver önnur þingsál., og að umboðsstjórnin sje því eigi bundin við fyrir þá sök, að breyta reglugjörðinni frá 13. febr. 1873.

Þessi 4. liður í þingsál. er heldur ekki heppilegur í sjálfu sjer, eins og svo glögglega hefur verið að sumu leyti tekið fram af hæstv. landshöfðingja. Það er kunnugt að bændur taka opt til láns innskript hjá kaupmönnum til þess að geta greitt sýslumönnum og umboðsmönnum gjöld sín, er kaupmenn þá aptur greiða fyrir gjaldenda hönd með víxli eður ávísun á verzlunarhús í Kaupmannahöfn. Ef nú sýslumenn og aðrir gjaldheimtumenn mættu eigi greiða nokkrar landssjóðsleigur fremur en vínfangatollinn öðruvísi en með ávísunum greiðilegum við sýning stíluðum á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, þá mundi afleiðingin verða sú, að gjaldheimtumenn mundu eigi geta fengið ávísanir hjá kaupmönnum, og þá heldur eigi innt gjöldin af hendi, þar bændur vantar peninga og verða optlega að fá lánuð hjá kaupmanninum manntalsbókagjöld sín og jarðagjöld af umboðsjörðum.

Eg get sagt sem dæmi úr Eyjafirði, sem víða mun eiga sjer stað, að umboðsmaður þar heimtar af landsetum á landssjóðsjörðum eptirgjöldin greidd annaðhvort í reikning sinn í sumarkauptíð, eður þá í peningum á haustin. En þó nú landsetarnir komi með vörur í kaupstaðinn, einkanlega á haustin, þá segja kaupmenn optlega: „nei, eg tek eigi kjötið þetta í reikning umboðsmanns, því að hann heimtar peninga; eg svara eigi öðru út á kjötið en þeim vörum, er eg hef í vezlun minni“. Eg veit til þess, að það hafa orðið mikil vandræði fyrir einn umboðsmann í Eyjafjarðarsýslu, þegar landsetar hans færa honum skepnur upp í gjöldin, eins og þeir hafa rjett til; hann þarf að svara umboðstekjunum í peningum, megi hann ekki greiða þau með ávísun. Eg tek þetta fram frá hlið gjaldskyldra og gjaldenda. Og þegar nú landssjóður eigi tapar einum eyri, heldur miklu fremur vinnur þann hagnað, að þurfa eigi að senda sjer á kostnaðarmeiri hátt peninga upp í skuld sína við ríkissjóðinn, er póstávísanirnar valda, virðist engin ástæða til að halda þessum 4. staflið í þingsál. Það er eigi rjett gjört af þinginu, að baka með ályktun sinni

skaða og óhagræði gjaldendum og gjaldheimtumönnum og jafnvel landssjóði að auki; einkum er það eigi vert hjer, þar sem alþingi getur ekki með ályktunarvaldi sínu gjört sínar tillögur gildandi gagnvart umboðsstjórninni fremur en hún sjálf vill.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2 liður samþ. í einu hljóði;

4. liður feldur með 7 atkvæðum gegn 1.

5. liður samþykktur með 9 atkvæðum.

6. liður samþykktur í einu hljóði.

7. liður samþykktur með 7 atkvæðum gegn 3.

8. liður feldur með 7 atkv. gegn 1.

Tillagan í heild sinni þannig breytt samþ. með 9 samhlj. atkv.

Frv. til laga um vegi (354,353); 3. umr.

Framsögumaður (Ben. Kristjánsson): Það er aðeins ein breytingartillaga komin fram við frumvarpið, og sje jeg af hálfu nefndarinnar ekki ástæðu til að mæla á móti henni; hafi meðnefndarmenn mínir nokkuð móti breytingunni að segja, þá geta þeir látið meiningu sína í ljósi um það.

Arnljótur Ólafsson: Mjer þótt vænt um að háttv. framsögumaður hafði ekki neitt á móti breytingartillögu þeirri, sem fram er komin. Breytingartillagan er í alla staði meinlaus, því ákvæði sveitarstjórnarlaganna standa eins óhöggvið eptir sem áður, þó hún verði samþykkt, breytingin verður eingöngu á vegatilskip. 1861. Jeg mæli því með breytingartill. Það á heldur ekki við í vegalögum, að taka upp ákvæði um, hvernig hreppsnefndir jafni gjaldinu niður, heldur á það heima í sveitarstjórnarlögunum.

Skúli Þorvarðarson: Jeg sje heldur ekki annað en breytingartillagan sje skaðlaus, og jeg fyrir mitt leyti kann betur við, að þetta ákvæði um, hvernig jafna skuli á hreppsbúa sýslusjóðsgjaldi, sje ekki tekið upp í vegalögin, heldur vil jeg hafa það þar óákveðið, því þegar slíkt gjald er ákveðið með lögum að greiða skuli af sveitasjóðum, þá sje jeg ekki betur en sveitastjórnir hafi næga heimild til að jafna niður á gjaldendur þessu og öðrum sveitagjöldum, samkvæmt lögum af 4. maí 1872.

Jakob Guðmundsson: Jeg greiði atkvæði með breytingartill., því hún er samkvæm því, sem jeg tók fram við 2. umr. þessa máls.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (353) samþykkt í einu hljóði. Frumv. þannig breytt í heild sinni samþ. e. hlj., og endursent Nd.

Frv. til laga um að nema úr gildi konungsúrskurð 22. apr. 1818 (344); 1. umræða.

Jón Ólafsson: Jeg skal fúslega játa, að jeg hef ekkert á móti þessu frv. að efninu til, heldur þvert á móti; jeg vildi að eins vita, af því að mjer er það ekki fullljóst, hvort það sje tíðkanlegt, að nema kgsúrsk. úr gildi með lögum, eða öðruvísi en með konungsúrskurði; og vildi jeg gjarnan fá upplýsingar hjá hinum hæstv. landsh. um það, hvort nokkuð muni af stjórnarinnar hálfu því til fyrirstöðu.

Landshöfðingi: Jeg man eigi betur, en að það hafi komið fyrir áður hjer á þingi, að konungsúrskurður hafi verið numinn úr gildi með lögum frá þinginu. Það hefur komið fyrir, að gjaldliður í fjárlögunum, sem byggðist á konungsúrskurði hefur verið strykaður út, en þá hefur vanalega fylgt með frá þinginu lagafrv. um, að nema konungsúrskurðinn úr gildi. Það kom reyndar fyrir, þegar gjaldið til Gufunesspítalans var af tekið, að þingið gleymdi, um leið og það strykaði gjaldlið-

inn út, að koma með frumvarp um að nema þann konungsúrskurð, sem var fyrir því, úr gildi, svo að sá konungsúrskurður er numinn úr gildi með konungsúrskurði, en annars hefur það ávallt verið gert með lagaboði. Og þar sem allir eru á því að frv., sje gott að efninu til, þá get jeg eigi sjeð að þetta geti verið á móti því.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Þrítugasti og níundi fundur, miðvikud. 17. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema 1. kgk. þm. (Júlíus Havsteen), er forföll hafði tjáð áður.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1884 og 1885 (359);3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt umræðulaust í einu hljóði og endursent neðri deild.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (358): 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt umræðulaust í einu hljóði og endursent neðri deild.

Frv. til laga um þurrabúðarmenn (357,360); 3. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg og fleiri háttv. þingd.menn höfum leyft okkur að koma með breytingartill. við frumvarpið nú til 3. umr. samkvæmt bending hæstv. landshöfðingja við 2. umr. Þessar breytingar eru svo litlar og auðskildar, að jeg sje ekki þörf á að fara mörgum orðum um þær, en vænti að háttv. deild taki þær til greina og samþykki frumv. með þessari breytingu.

Arnljótur Ólafsson: Það er að vísu svo, að frv. þetta gjörir talsverða breyting á þeim lögum, sem gilda um þurrabúðarmenn; en hvort breyting sú er til bóta eða skaða, það er annað mál. Jeg bar fram mótmæli gegn frumvarpinu við 2. umræðu; verð jeg því enn að leyfa mjer að koma með mótbáru gegn frumvarpinu. Jeg veit ekki betur, en að enn gildi hjer sem lög hinar fornu alþingissamþykktir eða alþingisdómar. Árið 1490 var dæmdur á alþingi hinn svo kallaði Píningsdómur; í þeim dómi er boðið: „að engir búðarsetu menn skulu vera í landinu þeir, sem eigi hafa búfje til að fæða sig við, svo þó, að þeir eigi ekki minna fje en 3 hundruð", það er að segja 3 hundruð landaura. Hjer er þessi upphæð færð upp í 400 kr. auk fatnaðar. Þetta er sjálfsagt gjört af því að menn eru orðnir svo auðugir hjer við sjóinn, og því hefur þótt þörf á að bæta um Píningsdóm, eða gefa út Píningsdóm í öðru veldi.

Í konungsúrskurði 21. júlí 1808, auglýstum með opnu brjefi stiptamtmanns 11. mai 1809 í (Lovsamling for Island VII. 208. bls.) er svo fyrir skipað, að enginn megi gjörast búðarsetumaður, nema hann sanni, að hann hafi útvegað sjer auk búðarinnar svo stóran landsskika, að hann geti framfleytt kú eða 6 ám, og ennfremur hafi land undir matjurtagarð. Frumvarpið fellir úr skilyrðið um kúna eða ærnar og er í því frjálslyndara en konungsúrskurðurinn, en aptur munu þessir 400 □ faðmar eiga að verða ræktaður matjurtagarður, og er þar gengið lengra en til mun hafa verðið ætlazt í konungsúrskurðinum. Jeg tel nú sjálfsagt, að höfundur frumvarpsins og einkum háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), sem er einn af meðmælendum frumvarpsins hjer í deildinni, muni nákunnugir strandlengjunni og verstöðunum í Suður- og Vesturamtinu, og jeg tel það þá líka víst, að hann muni hafa rannsakað bæði á Vatnsleysuströnd, í Höfnum, undir Jökli og í Bolungarvík, hvort nægilegt landrými muni vera til þess að

geta fengið 400 □ faðma stórt svæði kringum sjerhverja þurrabúð, eigi síður kringum þurrabúðir, sem nú eru til, heldur en þær sem við kunna að bætast, því að undir eins og þurrabúð losnar úr ábúð, skal fylgja fyrirmælum þessum. Enn er til ein lagagrein um þetta efni, sem jeg vona að háttv. þingdeildarmönnum sje í fersku minni og þó sjerstaklega nefnd þeirri, sem sett var á öndverðu þingi til að íhuga fátækrareglugjörðina. Í 21. gr. fátækrareglugjörðarinnar stendur: „Sömuleiðis uppáleggst það sýslumönnum, samkvæmt konunglegum úrskurði af 21. júlí 1808, að vaka yfir, að fleira þurrabúðarfólk eður tómthúsmenn, en samsvari rjettri tiltölu bjargræðisveganna og þeirra vanalega afla við sjávarsíðuna, ekki nái þar bólfestu". Þetta er ungt lagaboð, ekki eldra en frá 1834, og jeg þykist því vita, að höfundar frumv. hafi sjeð hinn mikla og góða árangur þess. Jeg þykist vita, að sýslumenn hafi vakað vel yfir því að eigi yrðu fleiri þurrabúðarmenn en að rjettri tiltölu bjargræðisveganna, því að ekki hef jeg heyrt þess getið, að amtmenn nje aðrir hafi kært þá fyrir vanrækt í því efni. Afleiðingin af því, að sýslumenn hafa gætt hjer skyldu sinnar hlýtur nú að vera sú, að þurrabúðarmenn í sjóplássum sjeu í rjettri tiltölu við bjargræðisvegina, það er að segja við sjávarútveginn og landbúnaðinn. En fyrst nú svo er, þykir mjer undarlegt, að menn vilji framfylgja frumvarpinu, sem eflaust haggar þessari rjettu tiltölu bjargræðisveganna. Þetta bið jeg h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) að hugleiða vandlega, áður en hann greiðir atkvæði með frumvarpinu. Enn fremur þarf ekki að halda á þessari stóru sekt 1—100 kr. í frv., því að í 21. grein fátækrareglugjörðarinnar eru ákveðnar nógar sektir; þar segir: „Og má hjer enginn án sýslumannsins leyfis, verða tómthúsmaður, að viðlögðum fjárútlátum, eptir sýslumannsins ákvörðun, frá 1 til 5 rdl. silfurs til byggðarlagsins fátækra-fjehirzlu". Svo kemur um, að sá húsbóndi sem hefur tekið á móti slíkum tómthúsmanni án yfirvaldsins leyfis, eigi að gjalda frá 2 til 8 rbdl. fyrsta sinn og tvöfaldast sú sekt fyrir hvert skipti, er nokkur ítrekar slíka yfirsjón. Er hjer ekki siglt út fyrir öll annes? Eru hjer ekki rammar skorður reistar við því, að eigi skuli haggast hin rjetta tiltala þurrabúðarmanna við atvinnuvegina? Jeg verð að ætla að svo sje. Því verð jeg að leyfa mjer, þótt jeg væri ekki svo heppinn að komast í fátækrareglugjörðarnefndina, að leggja meðmælendum frumvarpsins á hjarta, að raska eigi um skör fram ákvæðum fátækrareglugjörðarinnar með því að greiða atkvæði með frumv. þessu.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil leiða hjá mjer að fara mörgum orðum um Þíningsdóm og konunglegar resolutionir; jeg vil bara snúa mjer að málinu í heild sinni, snúa mjer að því hvað er rjett, holt, hyggilegt, eðlilegt og hagfræðislegt, og í því vil jeg ekki fara eptir úrskurðum og dómum. Mundi það óeðlilegt, þótt þurrabúðarmenn væru mátulega margir eptir rjettri, eðlilegri, hollri og hagfræðislegri tiltölu við samband bjargræðisveganna í landinu? Mjer finnst háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) gjöra ráð fyrir að þurrabúðarmenn verði of fáir í tiltölu við bjargræðisvegi landsins, et frumvarpið yrði að lögum. En margir menn hafa talað og skrifað um það, að þurrabúðarmenn væru langt of margir í samanburði við rjetta þjóðhyggilega og hagfræðislega tiltölu bjargræðisveganna. Þetta ólag vill frumvarpið laga. Það er engin sönnun þótt háttv. 5. kgk. segi, að þurrabúðarmenn eigi, ef fátækrareglugjörðinni yrði fylgt, að vera í rjettu hlutfalli við aðrar stjettir landsins. Jeg bið menn hafa þetta hugfast við atkvæðagreiðsluna, án þess að hugsa um Þíningsdóm og konunglegar resolutionir. Jeg vil ekki skrifa

undir að Píningsdómur og konunglegar resolutionir sjeu byggðar á hinum beztu hlutföllum, ekki af því að konungar hafi ekki viljað landi voru allt hið bezta, heldur af því, að þeir sökum fjarlægðar og ókunnugleiks svo hæglega gátu farið fyrir utan það, sem var hagfræðilega bezt, hollast og eðlilegast landi voru.

Þar sem þetta frv. er komið fram eptir eindreginni ósk þeirra manna, sem búa þar sem þurrabúðir eru flestar og tómthúsmenn, og þar sem sú ósk þeirra er sprottin af þeirri tilfinning, hvílíkt átumein þurrabúðirnar hafi verið, með því að þær hafi bakað grasbýlismönnum og útvegsbændum við sjóinn óbærilegar byrðar, þá bið jeg h. þingdm. að leggja sjer þetta á hjarta og vona þeir greiði atkvæði með frumvarpinu, eins og jeg líka vona, að þeim hafi skilizt, af hverjum ástæðum jeg er því meðmæltur.

E. Th. Jónassen: Jeg vil leyfa mjer að svara fám orðum ræðu h. 5. kgk. (A. Ó.); mjer virtist ræðan að vísu fremur vera gaman en alvara og mótbárurnar því eigi hættulegar. H. þm. (A. Ó.) þótti sú fjárupphæð, sem þurrabúðarmönnum væri skipað að eiga, of há, en í sjálfum lögunum er einmitt gjörð undantekning frá þessu, ef það er með samhljóða samþykki hreppsnefnda. H. þm. (A. Ó.) bar líka kvíðboga fyrir, að eigi mundi fást rúm fyrir þurrabúðir í sjóplássum, þegar heimtað væri svo stórt svæði fyrir matjurtagarð; frá þessu er líka veitt undantekning í frv., svo að eigi þurfa að leiða vandræði af því. H. þm. (A.Ó.) sagði, að tómthúsmenn gætu ekki verið of margir, því að þeim væri haldið í rjettri tiltölu við bjargræðisvegina. Þetta getur hann sagt, en hitt er annað mál hvort hann getur sannað það. Bæði mjer og mörgum fleiri er það ljóst, að þurrabúðarmenn eru of margir; þeir flykkjast að sjónum og ætla að lifa af honum einum, en vanrækja að koma sjer upp matjurtagörðum; þegar afli svo bregst, hafa þeir ekkert af að lifa, og verða sveitarfjelaginu til þyngsla; mjer virðist því nauðsynlegt að gjöra breyting á lögum 26. mai 1863. Í kaupstöðum er nokkuð öðru máli að gegna með þurrabúðarmenn; þar geta þeir venjulega stundað aðra atvinnu meira eða minna jafnhliða sjávarútvegnum. H. þm. (A. Ó.) sagði við 1. umræðu, að hætt væri við að útvegsmenn kæmust í vandræði með að stunda sjávarútveg sinn, þegar mönnum væri gjört svo erfitt fyrir með að setjast að í tómthúsi, sem hjer er farið fram á, að þetta mundi verða til að hnekkja sjávarútvegnum, að minsta kosti á Norðurlandi. Jeg hygg hann hafi gjört nokkuð mikið úr þessum vandkvæðum, því að jeg sje ekki betur en að útvegsbændur geti ráðið sjer vinnumenn, svo þeir geti stundað sjávarútveg; á Suður- og Vesturlandi geta þeir og jafnan fengið menn á útveg sinn um vertíðarnar. Það getur verið, að erfiðara sje að fá menn á Norðurlandi til hákarlaveiða, en varla munu þó þau vandræði að því, að það þurfi að standa í veginum fyrir að lög þessi verði samþykkt. Jeg fæ ekki sjeð, að frv. komi í bága við gildandi lög, og mun jeg greiða atkvæði með því. Jeg hef reynslu fyrir mjer, hvílík vandræði leiða af fátækum þurrabúðarmönnum, þegar fiskafli bregst og harðnar í ári. Það er ekki efi á að vandræðin munu þó aukast enn meir en komið er, ef ekki er reynt að fyrirbyggja þau.

Sighvatur Árnason: Af því að h. 5. kgk. (A. Ó.) beindi því að mjer, að jeg hefði að óþörfu komið fram með uppástungu um að íhuga fátækrareglugjörðina frá 1834, þá vil jeg spyrja hann: Hvernig er nú venja að fylgja þessum góðu og gildu ákvæðum fátækrareglugjörðarinnar? Er það venja, að sýslumenn hafi ítarlegt eptirlit með hverjum, sem í þurrabúð fer? eða er það venja að mynda ekki þurrabúðir nema með leyfi yfirvaldsins?

Jeg segi nei, og það rætist þá, að þörf er á að rifja upp og endurnýja hin eldri lög. (E. Th. J. það er búið að breita því með lögum). Þegar nú svo er, þá hefur h. 5. kgk. (A. Ó.) gleymt því. En hvað sem því líður, þá held jeg að tíminn, sem liðinn er síðan lögin voru gefin, hafi það í för með sjer, að þörf sje nú á, að endurnýja lögin og breyta þeim og koma með ný atriði sem tíminn krefur. Breit.till. þarf jeg ekki að minnast á, h. 2. kgk. (E. Th. J.) hefur gjört það, enda eru þær ekki svo þýðingarmiklar, þótt mjer að vísu virðist þær laga frv. og vona jeg því að h. þingd. aðhyllist þær.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal þegar geta þess, að jeg hef átt þátt í þessum breyttill., af því jeg vildi með þeim greiða veg fyrir frv., því að jeg æski þess að það fái framgang; en ekki læt jeg mjer annt um breyt.till., ef frv. kemst eins fram án þeirra. Jeg get tekið undir með h. 2. kgk. (E. Th. J.), að mjer fannst ræða h. 5. kgk. (A. Ó.) meir til gamans en gagns. Hann fræddi oss mikið um forn lög, en eigi finn jeg ástæðu fyrir það að breyta um skoðun mína á málinu. Jeg þykist fullljóslega hafa sjeð, hvílíkar afleiðingar hinn sívaxandi tómthúsmannafjöldi við sjó hefur haft; hann hefur haft í för með sjer fátækt og örbyrgð. H. þm. (A. Ó.) sagði að sýslumenn mundu sjá um, að tómthúsmenn yrðu ekki ofmargir, en jeg hef orðið þess var, að sýslunefndir — og oddvitar þeirra eru sýslumenn — hafa tekið stór hallærislán; þetta virðist benda á, að þar hafi fólksfjöldi verið of mikill í samanburði við atvinnuvegina. Það mun varla ofsagt, að síður hefði þó þurft að grípa til hallærislánanna, ef tómthúsmenn hefðu verið færri. mjer finnst liggja góð meining í frv.; þar er stigið eitt spor í þá átt, að landið verði betur ræktað þegar fram líða stundir; það blandast þó víst engum hugur um, að það sje mikilsvert, að það land sem nú er óræktað og gagnslaust, geti síðarmeir orðið ræktað og arðsamt. (A. Ó.: Meiningin er sjálfsagt góð). Það má að öllu eitthvað finna, og ekki sýnist mjer það ráðlegt að leggja árar í bát, þótt við einhverja örðugleika sje að stríða, heldur að reyna að bjarga sjer með því að bæta atvinnuvegina, og ekki hafa þeir gjört það, sem tún hafa ræktað á hörðum mel. Jeg skal láta það í ljósi, að jeg greiði með fúsum vilja atkvæði með frv. þessu.

ATKVÆÐAGR: 1. brttill. (360) við 2. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

2. brttill við 2. gr. samþ. með 8 samhlj. atkvæðum.

2. gr. með áorðnum brt. samþ. með 9 atkvæðum.

1. brttill. (360) við 4. gr. samþ. með 8 atkvæðum.

2. brttill. (360) við 4. gr. samþ. með 9 atkvæðum.

4. gr. með áorðnum brt. samþ. með 9 atkvæðum.

Brttill. (360) við 5. gr. samþ. með 8 atkvæðum.

5. gr. með áorðnum brt. samþ. með 9 atkvæðum.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 9 samhljóða atkv.; og endursent neðri deild.

Frumvarp til laga um söfnunarsjóð (140, 373); 3. umr.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson:*) Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með nokkrar breyt.till. við frv., og hefur hún gjört það af því, að fyrirsjáanlegt er, að frv. muni ganga fram í h. deild; en verði frv. samþykkt, þá kemur Söfnunarsjóðurinn til að standa undir ábyrgð landssjóðsins. Þegar þetta er gefið, þá verður eitthvað að gjöra á móti, til þess að landsstjórnin hafi meiri áhrif en frv. gjörir ráð fyrir. Jeg vil taka til dæmis

7., 11., 13. og einkum 16. gr. frv.; það er ekki ráðlegt að framkvæmdarstjóri og gæzlustjórar við Söfnunarsjóðinn um leið eða á sama tíma sjeu í stjórn landsbankans, því það er auðvitað, að ef Söfnunarsjóðurinn drjúgum eflist og eykst, þá hlýtur hann að komast í samkeppni við landsbankann. Með breytingum nefndarinnar við 7. og 11. gr. eru reistar nokkrar skorður við þessu, því það er góð regla, að sá, sem er í einhverri atvinnu, blandi sjer eigi inn í aðra atvinnugrein, sem er í samkeppni við hina, því annars er hætt við, að hann verði hlutdrægur á annan hvorn bóginn, og enda ómögulegt að komast hjá því. Þetta sama gildir um bókara og fjehirði, að það er engan veginn heppilegt, að þeir á sama tíma einnig hafi þá sýslan á hendi í landsbankanum. Breytingin við 13. gr. er ekki eins nauðsynleg og þessar, sem jeg nú talaði um, en jeg skal þó geta þess, að nefndin skilur ekki í því, hversvegna framkvæmdarstjóri og fjehirðir þá fyrst skuli setja veð, þegar þeir fá þóknun fyrir starfa sinn; sjóðurinn þarf allt eins, og máske fremur, tryggingar við af þeirra hálfu, meðan hann er fátækur og þeir engin laun fá fyrir starfa sinn, því stjórnendurnir munu síður vanrækja skyldur sínar þegar þeir fá laun eða þóknun fyrir starfa sinn. Í 16. gr. stendur: „Í desembermán. ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til fundar til að velja endurskoðara fyrir hið komandi ár; á fundi þessum hefur hver handhafi viðskiptabókar við Söfnunarsjóðinn, sem er fulltíða, atkvæðisrjetti“. Trygging þess, að allir reikningarnir sjeu rjettir, er mest komin undir endurskoðaranum; þess vegna gjörði nefndin þá breytingu, að landshöfðingi skyldi skipa endurskoðarann; þetta er og eðlilegast, úr því landssjóður tekur upp á sig ábyrgð vegna sjóðsins. Þetta eru nú þær helztu breytingar sem nefndin hefur gjört, því hún vildi breyta sem minnstu. Nefndin öll í heild sinni er mótfallin 18. gr. stafl. *a*, „hinni æfinlegu erfingjarentu“, þótt hún ekki hafi komið fram með breytingar hjeraðlútandi. Það er auðvitað, að á trygging þarf að halda, því fái sjóðurinn vöxt og viðgang, þá verða 1000 kr. að 4 þúsund krónum eptir 70 ár, eptir næstu 70 ár að 8 þúsund kr. o. s. frv., því höfuðstóllinn tvöfaldast á 35 árum. Jeg vildi líka óska, að það þyrfti ekki að koma fyrir, sem hinn hæstv. landsh. gat um, að alþingi kippi síðar með lögum, þegar sjóðurinn væri orðinn magnaður, ábyrgðinni burt, því ótti manna við slíkt yrði til þess, að veikja traust þeirra á sjóðnum. Jeg get ekki sjeð, að það geti orðið sjóðnum að falli, þó við tryggjum landssjóð fyrir tjóni, en ef við fylgjum frumvarpinu, þá stofnum við landssjóði í hættu.

E. Th. Jónassen: Jeg get ekki verið samdóma h. 5. kgk. frm. (A. Ó). um, að ákvæði frv. stofni landssjóði í hættu, því það er eigi útlit til að sjóðurinn vaxi mjög fljótt, og skyldi svo fara, þá er innanhandar fyrir alþingi að breyta ábyrgðinni seinna með lögum; jeg fæ heldur ekki sjeð, að fyrst í stað muni svo mikið vera að starfa við sjóðinn, að stjórnendur hans ekki geti tekið þátt í stjórn landsbankans, eða að menn þyrftu að óttast fyrir keppni milli þessara stofnana; mjer virðast því breytingar nefndarinnar ástæðulausar, og greiði atkvæði móti þeim. Alþingi getur kosið duglega menn, sem trúandi er fyrir, að „controllera“ sjóðinn fyrir hönd landssjóðs, hvað ábyrgðina snertir; hvað kosningu endurskoðanda snertir, þá finnst mjer og, að breyting nefndarinnar á 16. gr. sje óþörf.

ATKVÆÐAGR.: Þegar hjer var komið, var eptir ósk 4 þm. (Sk. Þ., J. G., J. Ó. og Fr. St.) borið undir atkvæði, að umræðum skyldi hætt; en það var fellt með 5: 5 atkv.. og umr. því haldið áfram.

Benidikt Kristjánsson: H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók fram, að það mundi verða um svo lítið fje að ræða, að minnsta kosti fyrst um sinn, og þessvegna álít jeg að veðið þurfi eigi að vera stórt heldur hæfilegt í samanburði við fjeð, og mundu það þá eigi verða neinir atarkostir fyrir hlutaðeigandi, að setja þetta veð. En jeg álít, að eigi sje sæmandi fyrir þingið að semja þau lög, sem leggja ábyrgð á landssjóð, án þess að landssjóður hafi nokkra trygging aptur á móti. Jeg álít því alveg nauðsynlegt, að framkvæmdarstjóri og fjehirðir setji veð; en ef fjeð er lítið, þá verður það þeim mun auðveldara. Viðvíkjandi breyt.till. við 7. gr. skal jeg sömuleiðis taka það fram, að mjer fannst það liggja í hlutarins eðli, að sömu mennirnir geti eigi verið í stjórn beggja stofnananna, landsbankans og söfnunarsjóðsins; því þó að eigi verði nein veruleg samkeppni á milli þeirra fyrst um sinn, þá getur svo farið, að hún verði, og þá er hætt við, að þeir kunni að meta hagsmuni annarar stofnunarinnar meira en hinnar. Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta, en einungis fela það h. deild í því trausti, að hver og einn hinna háttv. þingdm. leggi það eitt til, sem hann álítur rjettast og hyggilegast, en gjöri þetta málefni eigi að neinu kappsmáli.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. við 7. gr. felld með 6: 3 atkvæðum.

2. breyt.till. við 11. gr. felld með 6: 3 atkvæðum.

3. breyt.till. við 13. gr. felld með 5: 5 atkvæðum.

4. breyt.till. við 16. gr. felld með 6: 3 atkvæðum.

Frv. óbreytt samþ. með 7: 3 atkv. og afgreitt til landshöfð. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (310, 361, 350); frh. 1. umræðu.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg vil vona að frv. þetta fái góðan byr hjer í E.d., eins og það fór með góðum byr alla leið gegn um N.d. Efni frv. er að minni meiningu gott og þarflegt og ef það yrði að lögum, þá gæti það komið að góðum notum fyrir þann flokk þjóðarinnar, sem eigi á athvarfs von, þegar elli og heilsuleysi heimsækja hann og þá er ekki annað að flýja en til fátækraframtærslu á sveit, sem flestum þykir leiðinleg og ósjálfstæð staða og rýrir í mörgu borgaraleg rjettindi hlutaðeiganda, en sem mjer virðist, að þessi stofnun gæti orðið til mikillar styrktar. Þó langur tími verði að líða þangað til, þá má þó segja um það, eins og svo margt annað, að betra er seint en aldrei.

Jeg skal eigi vera margorður núna við þessa fyrstu umræðu, þar sem eigi verður farið út í neinar einstakar greinar málsins; því frv. mælir bezt fram með sjer sjálft. Sömuleiðis álít jeg óþarft að fara mörgum orðum um álit nefndarinnar, sem þm. hafa fyrir sjer, eða að færa nú ástæður fyrir breytingum hennar.

Það hefur komið hjer breyt.till. frá einum h. þm. (J. H.), en með því hann er nú eigi á fundi, þá er eigi hægt að heyra ástæður hans fyrir henni; en ef jeg skil hana rjett, þá get jeg vel fallizt á hana. Hún fer fram á, að landshöfðingi úrskurði sjóðsreikninga bæjarstjórna í stað amtmanns og get jeg ímyndað mjer, að það sje vel til fallið, ef amtmaðurinn sæti í bæjarstjórninni, eins og opt kemur fyrir, og er þá að nokkru leyti höfundur reikninganna, og eins ef sjóðnum kynni að vera hætta búin undir umsjón bæjarstjórnarinnar, þá kemur úrskurður amtm. ekki vel að því. Ef þessi minn skilningur er rjettur, þá finnst mjer breyt.till. vera fremur til bóta en hitt. Jeg skal svo eigi orðlengja þetta að þessu sinni, en vil að eins vona og óska, að h. þingdm. leyfi málinu

að ganga til 2. umr., svo að þannig gefist kostur á að íhuga og ræða hverja einstaka grein frumvarpsins með þeim breytingartill., sem við það eru.

Jakob Guðmundsson: Sjóður þessi heitir styrktarsjóður handa alþýðu; en þó hann heiti svo, þá er hann nokkurs konar lífábyrgðarsjóður, því í frumv. er gjört ráð fyrir, að menn þurfi að lifa svo og svo til þess að fá styrk. En jeg vil gera eina almenna athugasemd viðvíkjandi slíkum sjóðum, hverju nafni sem þeir nefnast; þeir hafa sama aðalaugnamiðið, og óskandi væri, að sem flestir slíkir sjóðir kæmust inn í landið, svo að peningarnir yrðu brúkaðir hjer en eigi erlendis.

Hversvegna stofna útlendingar slíka sjóði? Auðvitað gjöra þeir það nokkuð af mannást, en þeir hafa líka aukatilgang, sem er brúkun fjárins og vextir af því og þessvegna vil jeg að sem flestir slíkir sjóðir komizt inn í landið, svo að menn hjer geti haft not af fjenu, og þurfi sem minnst að láta útlendinga draga fje úr höndum sjer.

Sighvatur Árnason: Jeg er ekki með öllu samdóma þeim háttv. þingm., sem talað hafa með þessu frumv. Jeg játa að sönnu, að tilgangur þess er góður og enda mjög þarflegur, en mjer líkar ekki sá grundvöllur, sem frumvarpið byggir á; mjer líkar ekki sú leið eða sú stefna, sem frumv. leggur til grundvallar, sem sje að skipa mönnum með lögum að stofna slíka sjóði. Það væri annað mál, ef slíkir sjóðir væru myndaðir í einhverjum hjeruðum með frjálsum samskotum, að þingið þá vildi upphörfa menn til slíkra fyrirtækja með dálitlum styrk af almannafje. *(J. G.:* Það er þá líka bezt að aftaka þá lífsábyrgðarsjóði, sem til eru). Það verð jeg að álíta nokkru öðru máli að gegna, þó að þeir menn, sem launaðir eru af almannafje, sjeu skyldaðir til að sjá konum sínum fyrir dálitlum styrk eptir sinn dag; en að skipa mönnum með lagaboði að stofna líka sjóði, get jeg ekki álitið heppilegt, og með því að leggja tolla á vissa menn. Allir vita það, að nú sem stendur er ekki fært að auka við peningagreiðslur manna, þar sem menn ekki hafa einu sinni það sem þeir þurfa að gjalda í hin lögboðnu gjöld, sem fyrir eru. Samkvæmt þessu frumvarpi eru það húsbændurnir sem eiga að inna gjaldið af hendi, og til þess að geta það, þurfa þeir fyrst og fremst að hafa krónuna til að greiða með, auk hinna annara gjalda, sem á þeim hvíla. Það er hægt hjer í þingsalnum að skipa fyrir um þetta, en framkvæmdin er eptir, og það er öllu óhægra að sjá um, að krónurnar sjeu til. Það lítur ekki út fyrir, að þeir hafi gætt þessa, sem framfylgja þessu frumvarpi, og ætti þó öllum, sem eittvað hafa fengizt við innheimtu í sveitum að vera það kunnugt, hvað erfitt er að fá inn það sem gjalda þarf, og sjerstakl. þegar um nauðungargjald er að ræða; og það mun sannast, að þetta verður nauðungargjald. Ef þingið vildi benda mönnum á, hve þarflegir þessir sjóðir væru, með því að leggja fram dálítinn styrk til þeirra hjeraða, er slíka sjóði vildu stofna, það væri annað mál. Því gæti jeg miklu fremur verið samþykkur.

Jón A. Hjaltalín: Háttv. þm. Dal. (J. G.) sagði, að þetta frumvarp færi fram á að stofnaðir væru ábyrgðarsjóðir. Ef svo væri, þá skyldi jeg með ánægju vera með þessu frumvarpi. En það er alls ekki svo, að því sje að fagna. Þeir sjóðir, sem stofna skal eptir þessu frumv., eru alls ekki líkir neinum ábyrgðarsjóðum, sem til eru nú eða hafa til verið. Ef jeg hefði sjeð fært, að laga svo þetta frumvarp, að með því hefðu verið stofnaðir ábyrgðarsjóðir, þá hefði jeg reynt að gjöra við það breytingar í þá átt, og gefa því svo atkvæði mitt. En það er langt frá, að það sje auðið.

Aðalregla og aðalmergur þessa frv.

er sá, að lagt er gjald á menn, sem þeir ekki njóta neins góðs af sjálfir, en verða þó skyldugir að gjalda, öðrum mönnum í hag og fyrir aðra til afnota. Það er og eitt sem vantar í þetta frumvarp, sem er, hverjir og hvernig úthluta skuli þessum styrk. Jeg efast mjög um, að þetta frv. verði til þess, að örfa sparsemi hjá mönnum og þá viðleitni að sjá fyrir sjer sjálfir. Það gæti aptur verið talsvert annað mál, ef stjórnin sæi fyrir því, eins og h. þm. Dal. (J. G.) tók fram, að til væru þeir sjóðir, er menn gætu ábyrgzt sjer eða erfingjum sínum útborgaða vissa fjárupphæð eptir vissan árafjölda. En svona lagaður styrktarsjóður, þar sem lagt er á menn gjald, er þeir sjálfir, er það greiða, hafa enga vissu fyrir nokkurntíma að fá að njóta góðs af, hygg jeg jafnan að mundi verða óvinsæll.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg er þakklátur háttv. þm. Dal. (J. G.) fyrir ummæli hans; jeg skildi svo hans ræðu, sem hann væri þessu máli eindregið meðmæltur, en mjer virtist hann skilja svo frv., að sett væri víst aldurstakmark til að geta notið styrks af þessum sjóði. En það er ekki. H. þm. Rangv. (S. Á.) áleit það eiga illa við og vera lítt þolandi, að lögbjóða þetta gjald. En jeg vona að þegar hann hugsar sig um, finni hann að þetta er lítið og mjög ótilfinnanlegt gjald, þar sem ætlazt er til að menn sem hafa í kaup frá 60—100 kr. þurfi ekki að gjalda meira en eina kr; og ekki þurfa aðrir að greiða þetta en þeir, sem ekki hafa fyrir neinum að sjá. Þetta gjald getur því ekki orðið tilfinnanlegt, og kemur heldur ekki niður á öðrum en þeim, sem ekkert gjalda til almennra þarfa, en leggja sjálfum sjer ellistyrk með þessu litla gjaldi, og það er mikilsvert. Það er nokkurnveginn tekið fram í frumvarpinu, hverjir styrksins eiga að njóta; nefndin hefur líka lagt til þessa til frekari vissu, að þeir einir geti fengið að njóta styrksins, er lagt hafa í sjóðinn einhvern tíma. Við þetta finnast mjer ástæður háttv. 6. kgk þm. (J. A. Hj.) hverfa; jeg hygg að þær sjeu byggðar á misskilningi. Jeg get því ekki metið þessar ástæður svo mikils, að vert sje þeirra vegna að láta frumvarp þetta falla niður. Jeg verð því eins eptir sem áður að vera með því, og óska að það fái framgang.

Jón Ólafsson: Háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) tók það fram, að þessi styrktarsjóður væri eigi ábyrgðarsjóður. Þessu get jeg verið að nokkru leyti samþykkur; þeir eru ekki ábyrgðarsjóðir í venjulegum skilningi. En þó svo sje ekki, er samt ekki laust við, að þeir sjeu ábyrgðarsjóðir að nokkru leyti. Munurinn er sá, að í venjulegum lífsábyrgðarsjóðum tryggir einstaklingurinn sjer eða sínum skilyrðislaust vissa fjárupphæð, en í þessum styrktarsjóðum er farið fram á, að heil *stjett* tryggi sjer þesskonar styrk. Háttv. sami þm. (J. A. Hj.). gat þess og, að í frumv. vantaði, hverjir skyldu úthluta styrknum og hverjir ættu að njóta hans. Þetta er ekki alveg rjett, því að í 7. gr. frv. stendur hverjir úthluta skulu styrknum, en það er satt, að í frv. vantar nákvæma ákvörðun um, hverjir eigi að njóta hans; við því hefur nefndin gjört með tillögu sinni á þingskjali 361, í viðbót við 7. gr., þar sem ákveðið er, að styrksins skuli þeir einir geta notið, er gjaldskyldir hafa verið til sjóðanna. Verði þessi tillaga nefndarinnar samþykkt, þá er ráðin bót á þessu.

Háttv. þm. Rangv. (S. Á.) benti á, að örðugt mundi að innheimta þetta gjald. En hann verður að gæta þess, að hjer er sá mikli munur á og með önnur gjöld, að greiðandinn tekur þetta gjald undir sjálfum sjer. Það er *húsbóndinn* sem *greiðir* gjaldið *fyrir kauptæk vinnuhjú sín* og honum er ætíð innanhandar að *halda eptir* af *kaupi* hvers þeirra því sem þessu nem-

ur. Jeg gjöri sem sje ekki ráð fyrir að háttv. þm. (S. Á.) gangi út frá því, að húsbóndinn geti ekki goldið vinnuhjúum sínum kaup sitt. En geti hann á annað borð goldið *þeim* það sem honum gjalda ber, er honum jafnljett að greiða þetta lítilræði (sem er partur úr kaupinu) *til styrktarsjóðsins*, sem að greiða það til vinnuhjúanna sjálfra, og dregur hann það þá frá í kaupreikningnum.

En það var annað atriði í ræðu háttv. þm. Rangv. (S. Á.), sem jeg legg meiri áherzlu á. Það var, að landssjóður ætti að hlynna að þessum styrktarsjóðum með dálitlum styrk. Þessu er jeg alveg samdóma. Og jeg held að jeg brjóti eigi leyndardóm nefndarinnar, þó að jeg skýri frá, að vakið var máls á þessu í nefndinni. En nefndin óttaðist, að það kynni að spilla fyrir frumvarpinu, ef sett væri ákvörðun um þetta efni inn í það, og vildi hún því ekki koma með neitt það, sem gæti valdið því farartálma; enda er ekki loku skotið fyrir, að þetta mætti gjöra síðar meir. *Jeg* er því öldungis samdóma, að landssjóður ætti að styrkja þess háttar fyrirtæki. Því að það er í sjálfu sjer mjög æskilegt, að styrktarsjóðir kæmust á fót, er veittu verðugum fátæklingum styrk á annan hátt en gjört er með sveitarstyrk. Þess háttar fyrirtæki ætti landssjóður að styrkja; en jeg vona að háttv. þm. Rangv. (S. Á.) sje mjer líka samdóma um það, að geymt sje ekki gleymt, og að þessu mætti koma fram síðar meir.

Sighvatur Árnason: Mjer þótti gott að heyra, að ein rödd varð þó til þess hjer í þingsalnum, að játa með mjer að grundvöllur þessa frumvarps væri ekki sem heppilegastur. En jeg verð að svara því, viðvíkjandi innheimtu á þessu gjaldi, að jeg hygg að þeim mönnum sje ekki kunnugt um, hvernig gengur með innheimtu á sveitargjöldum eða um hvernig vinnuhjúum er goldið kaup, sem finnst þetta gjald í peningum til styrktarsjóðsins vera sama sem einkis virði. Það mun vera æði víða, að vinnuhjúum er ekki goldinn einn eyrir í peningum; húsbændur reyna að kljúfa þritugan hamarinn til þess, að semja svo við hjú sín, að þeir þurfi ekki að greiða kaupið í peningum, heldur í einhverju öðru, sem hjúinu getur hagað, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir hafa ekki peninga til. Það getur enginn tekið það sem ekki er til.

Jón Ólafsson: Jeg er ekki alveg eins ókunnugur innheimtu á sveitargjöldum, sem háttv. þm. Rangv. (S. Á.) hyggur, þar sem jeg hef verið hreppsnefndaroddviti í sveit nokkur ár og fengizt við innheimtu á sveitargjöldum. Jeg játa það, að það er talsverðum örðugleikum bundið að innheimta þau gjöld, og sumstaðar mun mjög lítið goldið í peningum upp í kaup vinnuhjúa. En óvíða mun það vera, að vinnuhjú fái þó ekki fáeinar krónur í peningum af kaupi sínu. En um þetta skal jeg ekki deila við háttv. þm. Rangv. (S. Á.). Hinu vil jeg svara: Menn hafa annað ráð til að innheimta stór og smá gjöld til sveita án þess að heimta þau í peningum. Jeg veit að háttv. þm. (S. Á.) er þetta eins kunnugt eins og mjer. Ráðið er einfalt; það er innskript.

Það verð jeg einnig að segja, að sá sem ræður hjá sjer hjú og *lofar* að gjalda því kaup, *verður* að gjalda kaupið, og honum er ekkert íþyngt í því, þótt hann gjaldi það í tvo staði, þannig að sveitarstjórnin fái þessa 60 aura eða krónu, sem til styrktarsjóðsins á að gjalda, en hjúið sjálft hitt. Það getur ekkert gjört húsbóndanum til, hvorum af þessum tveimur hann greiðir krónuna eða 60 aur. Auk þess ber þess að gæta, að styrkurinn úr þessum styrktarsjóðum mun sjaldnast verða greiddur í peningum, heldur í einhverju öðru, ætu eða óætu; svo að innlögin í sjóðinn geta án efa gengið eða átt sjer stað að miklu leyti án peninga. Á þennan sama hátt er með sveitargjöldin; jafn-

vel í stórum sveitum mun mjög lítið af sveitargjöldum greiðast í sveitarsjóð og úr í peningum. Jeg er hræddur um að sá húsbóndi, sem ekki hefur nein ráð með þetta lítilræði til styrktarsjóðsins fyrir hönd hjúa sinna, geti heldur ekki staðið í skilum við hjúin. Jeg vil ekki gjöra svo lítið úr úrræðum manna, að þeir muni ekki hafa einhver ráð með 60 aura fyrir hverja vinnukonu sína og 1 krónu fyrir vinnumanninn til styrktarsjóðsins, ef þeir á annað borð geta staðið í skilum með öll önnur gjöld, sem þeir þurfa að inna af hendi; en sjeu húsbændurnir þeir óskilamenn, að vinnuhjúin geti ekkert fengið af kaupi sínu hjá þeim, þá er gott að stuðla til þess, að þau þó geti fengið *þetta* lítilræði, sem á að ganga til styrktarsjóðsins.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um uppeldi óskilgetinna barna (356); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Þetta frv. hefur að mínu áliti inni að halda góða rjettarbót. Það hefur í sjer fólgin tvö nýmæli, hið fyrra það, að þegar maður deyr, sem ekki lætur eptir sig ekkju nje skilgetna niðja en óskilgetin börn yngri en 16 ára, geta hlutaðeigendur krafizt forsorgunareyris úr búi hans. Þetta er mjög góð rjettarbót; þessa borgun með óskilgetnum börnum hefur áður ekki verið hægt að fá, enda þótt efni hafi verið til hjá viðkomandi manni. Hitt nýmælið er fólgið 3. gr., er heimilar að fá meðgjöf með óskilgetnu barni af hreppi föður barnsins. Báðar þessar rjettarbætur eru góðar og mjög nauðsynlegar. Þeir sem fengizt hafa við fátækrastjórn hafa fundið til þess, að þessháttar ákvæði í lögum hefur vantað, svo að meðgjöf með óskilgetnum börnum hefur ekki getað fengizt, og það hefur valdið miklum fjárútlátum fyrir sveitarfjelögin. Jeg vil því leggja sem bezt með þessu frv., að það nái fram að ganga.

Jón Ólafsson: Jeg er samdóma háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um, að frumv. þetta er gott og verðskuldar að fá fram að ganga. En jeg vil taka það fram til athugunar, áður en frumvarpið gengur til 2. umr., að mjer virðist óviðkunnanlegt, að í 2. gr. stendur: Nú deyr *maður* og lifir eigi ekkja hans og niðjar skilgetnir etc. en frumv. talar ekkert um að svo geti komið fyrir að *kona* deyi, og lifi eigi ekkill nje óskilgetin börn o. s. frv. Það getur þó líka hugsazt það tilfelli, að ekkja eigi óskilgetin börn eptir sinn dag yngri en 16 ára. Jeg vildi að sömu ákvæði giltu um konuna sem manninn.

E. Th. Jónassen: Jeg hygg að þessari mótbáru háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sje svarað með því, að óskilgetið barn eptir gildandi lögum erfir móður sína.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Fertugasti fundur, miðvikudag 17. ág. kl. 6 e. h. Allir á fundi, nema 2. kgk. þm. (E. Th. J.), er hafði tjáð foröll.

Frv. um löggilding verzlunarstaðar í Vík í Skaptafellssýslu (355,371); 1. umræða.

Sighvatur Árnason: Eins og kunnugt er, hafa mörg slík mál verið fyrir þinginu í ár og öll farið sömu leiðina, en þegar jeg ber þetta frv. saman við hin, þá vil jeg sjerstaklega vera því hlynntur. Jeg get nú að vísu ímyndað mjer, að löggilding á þessum stað kæmi eigi að miklum notum en þó að nokkrum, en þegar maður lítur til Skaptfellinga, þá ættu menn að styðja að því, hvað lítið sem það er, sem gæti bætt hag þeirra í þessu tilliti, því það má segja, að fjarlægðin með alla aðdrættis je þeirra aðalböl, og það, sem gjörir

að þeir eru í meiri kröggum en flestar aðrar sýslur hjer á landi.

Nú á seinni árum hafa Skaptfellingar eins og aðrir neyðzt til að selja töluvert af hrossum og liggur þó í augum uppi, að engum er eins skaðlegt og þeim að leggja að sjer með hrossasölu, vegna hinna erfiðu aðdrátta hjá þeim.

Ef þessi breytingartill. (371) háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) skyldi verða mönnum til sömu ásteytingar, sem við hinar aðrar löggildingar, þá kalla jeg það sannarlega sorglegt, en jeg vil lifa í þeirri von, að frumvarpið fái samt sem áður fram að ganga. Máske líka þm. háttv. S.-Múl. (J. Ól.) sjái aumur á Skaptfellingum og taki breytingartill. sína aptur, ef hann sjer að hún ætlar að verða löggildingunni að fótakefli.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Forseti skýrði frá tillögu til að ákveða dagsk. sem komin væri frá 4 þm., Jak. G., Sighv. Árn., Ben. Kristj., og J. Ól., svo hljóðandi:

„Undirskrifaðir alþingismenn leggja það til, að tekið sje á dagskrá til framhalds 1. umr. frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (219), ásamt áliti minni hluta nefndar þeirrar, er kosin var hjer í deildinni".

Úrskurðaði forseti, að málið gæti eigi þingsköpunum samkvæmt orðið tekið á dagskrá.

Eptir áskorun frá þingm. S.-Múl. (J. Ól.) áminnti forseti nefndina í stjórnarskrármálinu, og kvaðst skora á hana svo strangt, sem hjer væri frekast unnt, að ljúka starfi sínu og koma fram með álit sitt. Kvaðst hann verða að álíta, að nefndinni hafi eigi verið ókleyft, að ljúka starfi sínu.

Arnljótur Ólafsson kvaðst enga von geta gefið um, að nefndin gæti komið fram með álit sitt fyr en einhvern tíma eptir helgi.

Forseti ítrekaði áminningu sína til nefndarinnar, og hvað nefndina hljóta að sjá, að hún hjeldi málinu með þessu fyrir þingdeildinni.

Fertugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 18. ág. kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga, er nema úr gildi konungsúrskurð 22. apríl 1818 (344); 2. umræða.

Landshöfðingi: Við 1. umr. þessa máls var beint að mjer þeirri fyrirspurn, hvort nokkuð væri á móti því, að orða þetta frumvarp eins og hjer er gjört, og nema úr gildi konungsúrskurð með lögum. Jeg gat þess þá, að jeg sæi ekkert á móti því, og gat þess, að það hefði viðgengizt áður, þótt jeg hefði þá ekki nein viss dæmi við hendina til að benda á, hvenær það hefði áður verið gjört; skal jeg því nú benda háttv. þingd. á tvö slík dæmi. Með lögum frá 27. febr. 1878 var afnuminn konungsúrskurður frá 13. marz 1833 um húsaleigustyrk handa lyfsalanum í Reykjavík, og lög frá 8. nóvember 1883 afnema konungsúrskurð 21. janúar 1841 um ferðastyrk stúdenta til háskólans. Þessi tvö lög sýnast mjer alveg sams konar og frv. þetta, og sje jeg því frá formsins hlið ekkert á móti því, að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið samþykkt með 9 atkvæðum.

Vísað til 3. umræðu með 9 atkvæðum.

Frumv. til laga um búnaðarkennslustofnanir (366); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa fyrir mitt leyti, að það sem frv. fer fram á, nfl. að landssjóður leggi 20,000 kr. á ári til búnaðarkennslustofnana, — jeg skal

játa það, segi jeg, að það er ærið fje, þegar lítið er á efnahag landsmanna, og það fje sem landssjóður hefur yfir að ráða; og jeg skal líka játa, að sumar þær stofnanir, sem komið hefur verið upp fyrir landsfje á þessu tímabili, hafa ekki borið sem ákjósanlegastan ávöxt. En vjer verðum að gæta þess, að þær eru eins og annað hjá oss í barndómi; það vantar reynslu til að kenna mönnum að lagfæra það, sem í ólagi fer; það má heimfæra hjer hið forna orðtæki, að fáir eru smiðir í fyrsta sinn. Jeg get þess, að stefnan í frv. er alveg samkvæm hugsun minni, það er að segja, að þingið bendi til þess, sem það álítur hagkvæmast fyrir land og lýð, og gefi jafnframt kost á fje til að styrkja þær stofnanir og hvað annað, sem það álítur æskilegt að komist á fót. Þetta er sama hugsunin og jeg ljet í ljósi nýlega þegar um styrktarsjóðinn var að ræða. Jeg álít þann grundvöll rjettastan, að þingið gangi þennan veg, en síður álít jeg það rjett, að þingið styrki það og það, sem hinn og annar kunna að finna upp á að vilja gjöra. Það vita allir, að þær skoðanir hafa verið ríkjandi, önnur sú, að styrkja fyrirtæki, sem einstakir landsmenn vilja framkvæma; afleiðingin af því verður, að fje landssjóðs verður smábrytjað og þess sjer lítinn eða engan stað og heildin fer á mis við gagnið af þessum styrkveitingum. Önnur skoðunin er sú, og henni fylgi jeg, að þingið leggi grundvöllinn til hinna stærri fyrirtækja, sem heildin hefur gagn af. Jeg vil að þingið leggi grundvöllinn til stórfyrirtækja og komi því í gang sem horfir til verulegs og almenns gagns. Þegar jeg skoða málið frá þessari hlið, þá verð jeg að vera eindregið með þessu frv. Og þótt mishepnast kynni að hafa með sumar framfarastofnanir, sem þingið hefur styrkt eða stofnað, þá vil jeg ekki leggja svo mikla áherzlu á það, þær stofnanir munu þó reynast eitt og eitt stig til framfara landsins. Þær stofnanir, sem einstakir menn eða fjelög manna megna ekki að koma á fót af eigin rammleik, en sem miða til almennra hagsmuna og framfara þær vil jeg að þing. og landssjóður hlaupi undir bagga með og það eins vel að fyrra bragði. Ef sú stefna er tekin, þá álít jeg stigið verulegt stig til framfara. Að öðrum kosti mun árangurinn af fjárveitingum þingsins verða seinfara, óverulegur, eða jafnvel enginn.

E. Th. Jónassen: Það er enginn efi á, að búnaðarkennslustofnanir munu verða að liði hjer eins og annarstaðar. En skiptar eru skoðanir manna um, hvernig bezt sje að haga þeim; sumir vilja hafa þær fáar, aðrir vilja aptur hafa þær sem flestar; en hollast ætla jeg muni vera að hafa þær fáar, en gjöra þær vel úr garði, enda höfum vjer reynslu fyrir oss um þetta frá Noregi, og þar hagar einmitt mörgu svipað til og hjá oss. Norðmenn stofnuðu í fyrstu marga smáskóla, en þeir gátu ekki staðizt, og því hafa þeir horfið að því, að hafa skólana færri. Jeg sje ekki betur, en þetta frv. fari fram á að koma upp mörgum skólum, alveg eins og Norðmenn byrjuðu á, því að sýslufjelög geta verið tvö og tvö um skóla, ef þeim svo sýnist, og því verð jeg að vera frv. mótfallinn. Málið er ekki heldur nógu vel undirbúið til þess að ráðlegt sje að binda landssjóði þá byrði, að snara út 20,000 kr. á ári til þessara búnaðarkennslustofnana. Jeg álít það vænlegast fyrir búnaðarframfarir vorar, að vjer styrkjum þá skóla, sem á fót eru komnir, og leitumst við að gjöra þá sem öflugasta. Mjer sýnist því ekki þörf á þessu frv., og mun jeg ekki greiða því atkvæði á meðan það er í þessu formi.

Jakob Guðmundsson: H. 2. kgk. (E. Th. J.) tók fram þær tvær aðalstefnur, sem menn greinir á í máli þessu; þá stefnu að bezt sje að hafa skólana sem fæsta, og hina að betra sje að hafa þá nokkuð marga og minni. Það er satt, að

báðar þessar stefnur hafa komið fram, og töluvert hefur verið rætt og ritað um kosti þeirra og ókosti. Þetta frumv. fer því fram, að láta reynsluna og þjóðina sjálfa skera úr, hvort fyrirkomulagið muni vera praktiskara. Hjer er ekki um svo smáa skóla að ræða, að einn skóli skuli vera í hverri sýslu, heldur eiga að minnsta kosti tvær sýslur að vera um sama skólann, og fleiri geta þær verið, ef þeim svo sýnist. Jeg sje ekki betur, en ef frv. þetta verður að lögum, þá komi það fram, hver stefnan ríkari sje í huga manna, og að reynsla fáist fyrir því, hvor þeirra hollari sje. Jeg sje ekki að hjer sje gjört ráð fyrir að draga nokkuð frá þeim skólum, sem á fót eru komnir. Það þarf ekki að gjöra ráð fyrir, að hverjar tvær og tvær sýslur hlaupi upp til handa og fóta og fari að stofna skóla hjá sjer. Það kann að vera, að þar sem örðugt er með samgöngur og landshættir sjerstakir, að þar stofni tvær sýslur skóla út af fyrir sig; en aðalreglan mun verða, að fleiri en tvær sýslur verði um sama skóla. Það liggur líka í augum uppi, að þær sýslur, sem nú styrkja engan skóla, geta gengið í fjelag við þær sýslur, sem skóla hafa, og þá verður það til þess að efla þá skóla. Einn aðalkost verð jeg þó að telja við frumv. þetta, og hann er sá, að þetta fyrirkomulag, sem fram á er farið í því, mun verða til að vekja kapp milli skólastofnananna sjálfra, en slíkt er kostur við hvert fyrirkomulag. Sjer í lagi er það gott, að skólahjeruð eru ekki fastákveðin, svo að lærisveinar úr því hjeraði, sem einn skóli er í, eru ekki fremur bundnir við að sækja þann skóla, en einhvern annan skóla. Jeg hefi þá von, að þær stofnanir, sem hjer ræðir um, muni verða búnaðinum til heilla og framfara, og vil jeg því biðja h. deild að lofa þessu máli að fá framgang.

Sighvatur Árnason: Jeg get ekki sjeð, að frv. þetta bindi menn því, að hafa sem flesta búnaðarskóla á landinu, eða að hver sýsla þurfi að bauka út af fyrir sig, það er einmitt þvert á móti, því að í frv. stendur: að minnsta kosti geta 2 eða fleiri sýslufjelög verið um eina búnaðarkennslustofnun. En jeg vil aptur á móti taka það fram, að eptir því sem til hagar á voru landi, þá er mjög óvíst, að slíkar kennslustofnanir geti komið að fullum notum, nema að þær verði nokkuð margskiptar, og færri mættu þær að minni meiningu alls ekki vera en sín í hverju amti, því að viðvíkjandi hinu verklega í búnaðinum er mikið í það varið, að menn geti sjeð það út af fyrir sig, fyrir auganu. Jeg vil taka til dæmis, hvort ýmsar verklegar athafnir muni ekki taka sig öðruvísi út, þegar maður hefur þær fyrir augum sjer, eða ef þær fara fram í öðrum landsfjórðungi, og maður sjer þær að eins á pappírnum. Það má einmitt lesa það milli línanna í þessu frv., að það er meiningin, að búnaðarkennslu-stofnanirnar verði ekki færri en að minnsta kosti ein í hverjum landsfjórðungi. En á hinn bóginn virðist mjer engin hætta á því, að sýslufjelögin verði ekki svo skynsöm, að þau sjái, hvað bezt hagar í þessu efni eptir atvikum; það get jeg ekki álitið neina ástæðu móti frv.

Jón A. Hjaltalín: Það hefur verið getið um þær tvær stefnur í búnaðarskólamálum, þá, að hafa marga búnaðarskóla, og hina, að hafa þá fáa. Jeg verð að segja, að jeg er þeim mönnum samdóma, er álíta, að landssjóður hafi ekki ráð á að kosta nema fáa skóla, og ef til vill ekki nema einn, ef stór væri, og þá svo, að verulegt gagn væri að. Það útheimtir svo mikið fje, að gera búnaðarskóla vel úr garði, að landssjóður getur ekki lagt fje nema fáum, svo að fullum notum komi.

H. þm. Rangv. (S. Á.) talaði um, að landssjóður ætti fremur að styrkja hin

stóru fyrirtæki og fáu, heldur en þau smáu og mörgu. Mjer heyrðist því, að hann væri mjer samdóma um þetta. Hann sagði og, að búnaðarskólar þeir sem vjer nú höfum hefðu ekki reynzt vel. Þetta játa jeg líka satt að vera, þeir eru smáir og illa útbúnir, og geta því ekki reynzt vel.

En til hvers er verið að segja að sýslufjelögin muni sameina sig um þessar búnaðarkennslustofnanir sem frv. ræðir um. Hvað segir eigin reynsla vor? Hún segir það, að af 3 sýslufjelögum geta ekki nema 2 orðið ásátt um að sameina sig um einn skóla. Það hefur verið mikið leitazt við að sameina Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu um einn skóla, en það hefur ekki tekizt; Eyjafjarðarsýsla hefur ekki viljað það, og ef jeg man rjett, var að eins eitt atkvæði á sýslufundi með því. Jeg get nú ekki sjeð að þetta frumv. verði til þess að herða á Eyjafjarðarsýslu að ganga í fjelagið með hinum 2 sýslunum. Sama er og að segja um Þingeyjarsýslu, hún hefur til þessa ekki viljað sameina sig um búnaðarskóla við nokkra aðra sýslu. Þetta er nú reynsla vor í þessum búnaðarskólamálum.

Jeg gat eigi skilið betur, en að h. þm. Dal. (J. G.) segði, að sýslurnar gætu notað þennan styrk sem farið er fram á í frv. til búnaðarskóla þeirra sem nú eru. Eptir því er ekki annað unnið með frv. en það, að veita þessum skólum styrk undir öðru formi en nú er. En jeg hef þó að líkindum ekki skilið þm. (J. G.) rjett, því að hann sagði rjett á eptir, að það væri gott, að með þessu myndaðist kapp milli búnaðarskóla þeirra sem nú eru, og búnaðarkennslustofnana þeirra, er frv. ræðir um. Þetta getur ekki vel samrýmzt, svo að jeg hef að líkindum ekki skilið þm. rjett.

H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að bezt væri að hafa þessar stofnanir nokkuð margar, því að menn hefðu mest gagn af að taka eptir þeim verklegu athöfnum sem gjörðar væru í kringum sig. Til þess þyrfti kennslustofnun ekki að eins í hverjum landsfjórðungi, heldur í hverri sýslu, jafnvel í hverri sveit. En reynsla vor er nú sú, að þeir menn eru ekkert fúsari á að gjöra jarðabætur, sem búa nálægt skólunum, en hinir, sem fjær byggja. Þetta er líka mjög eðlilegt; því að búnaðarskólarnir hljóta opt að gjöra ýmsar tilraunir, sem ekki eru gjörlegar fyrir aðra, sem minna fje hafa yfir að ráða, og af því að skólarnir hafa meiri krapta og meira fje yfir að ráða, en einstakir menn, geta einstakir bændur ekki tekið öll þeirra fyrirtæki til eptirbreytni.

Jeg er því hræddur um, að þótt þetta frumv. næði fram að ganga, geti það ekki haft neinn heillarikari árangur en smábúnaðarskólar þeir, sem vjer nú höfum.

Jakob Guðmundsson: Það er máske þörf á, að jeg skýri dálítið, hvað jeg meinti, er jeg sagði, að þetta gæti orðið hvöt fyrir þau sýslufjelög sem ekki hefðu enn gengið í neitt samband við aðrar sýslur um skóla. Það mundi auka skólunum styrk og krapta, og jafnframt mundi það auka kapp milli skólanna innbyrðis, ef mönnum væri frjálst úr hvaða hjeraði sem þeir væru að sækja hvern þann skóla sem þeir helzt vildu, en væru ekki bundnir við þann skóla, sem næstur þeim væri eða í sama hjeraði; eins og t. d. á sjer stað með skólann í Ólafsdal; það mun vera svo til ætlað, að þeir sem að honum búa og í sama amti gangi ekki fram hjá honum og á annan skóla.

En þar sem háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) talaði um, að búnaðarskólarnir gjörðu ýmsar þær tilraunir, sem ekki gætu aðrir tekið eptir þeim, er minna hefðu fje í höndum, þar sem ekki væri víst hvort slíkar tilraunir heppnuðust, þá er það mín skoðun, að það sje öldungis ekki tilgang-

ur slíkra skóla að gjöra óvissar og dýrar tilraunir, „experiment“, það álít jeg mjög óhyggilegt og óheppilegt. Ef vjer ættum að hugsa um að koma upp slíkum skóla mætti hann ekki vera nema einn á landinu, vjer höfum ekki fje til að kasta því svo í óvís og dýr „experimenta“. Jeg hygg að nokkuð langt hljóti að verða þangað til að vjer getum stofnað oss hjer slíkan búnaðarháskóla, og reynist það æskilegt að hann komist á, verða þessar búnaðarkennslustofnanir til þess, að koma þeirri skoðun áleiðis.

Benidikt Kristjánsson: Þar sem að ræða er um það, hvort búnaðarkennslustofnanir hjer á landi eigi að vera í stórum eða litlum stíl, þá skal jeg geta þess, að jeg er á þeirra meiningu, sem heldur vilja að skólastofnanir þessar sjeu smærri og fleiri. Menn hafa talað um að skólastofnanir hafi ekki gefizt vel hjer, og kennt það því að þær hefði litlar verið; jeg játa að búnaðarskólar hafi ekki gefizt vel til þessa, en jeg undanskil skólastofnunina í Ólafsdal. Öðru máli er að gegna með skólann á Hólum og Eyðaskólann. Að þeir ekki hafa gefizt vel, kemur að ætlun minni ekki til af því, að þeir eru í litlum stíl, heldur af því, að þeir eru stofnaðir á annan hátt en Ólafsdalsskólinn; Ólafsdalsskólinn er stofnaður af einstökum manni, sem hefur lagt fje til hans og stýrt honum með dugnaði; enda hefur það verið hans eigin hagur að efla hann á allar lundir; þessu er ekki svo varið með Eyðaskólann og Hjaltadals, þeir eru stofnaðir af sýslufjelögum, meðfram þessvegna hafa þeir ekki gefizt eins vel, enda er viðgangur þeirra skóla, sem þannig eru settir á stofn, ekki til beinna hagsmuna fyrir skólastjórana, og má á hinn bóginn ætla, að sýslufjelögin geti ekki ráðið við, þótt margt fari í stjórn þeirra í ólestri, einkum hafi þau ekki verið heppin í kosningu skólastjóra.

Eptir þessu frumvarpi mun vera að ræða um einstakra manna skóla, að minnstakosti eru líkur til að svo verði, sem sýslufjelög styrkja; þesskonar fyrirkomulag er án efa bæði heppilegra og ber sig betur. Og með því fyrirkomulagi mundi verða sneitt hjá því þjóðarmeini að leggja alla áherzlu á fróðleik og bóklegt nám, en sinna lítið verklegri kunnáttu og framkvæmd. Sem dæmi upp á þetta skal jeg nefna Möðruvallaskólann; þar átti fyrst að kenna búfræði en hún var numin burt, því hún þótti eigi eiga við eptir útlenzkum sið. En jeg skal taka það fram að það á ekki við hjer á landi í þessu efni að haga sjer eins og í öðrum löndum er títt, og það sýnir Möðruvallaskólinn bezt; allir eða flestir sem hjer ganga á gagnfræðaskóla, verða bændur, en þessu er eigi svo háttað í öðrum löndum. Af því jeg hygg að frumvarpið gangi í þá átt, sem jeg hef tekið fram, að jeg ætli kostnaðarminnsta og happasælasta þá hika jeg ekki við að gefa því atkvæði mitt. Allt sem gengur undir opinberu flaggi, hefur tvöfaldan kostnað í för með sjer, og sú yrði raunin á, ef stærri skóla ætti að setja á stofn með almannafje, að kennslan mundi verða meira í bóklega stefnu en verklega, og afleiðingin yrði sú, að námið yrði ekki að þörfum lands vors; margt mundi fara í ólestri svo skólahaldið yrði afardýrt, en gagnið lítið og orsökin til þessa er sú sem þegar er fram tekin.

Jeg skal ennfremur taka það fram, að ef hjer á landi ætti að stofna einn stóran skóla, þar sem auk bókfræða ætti sjálfsagt að kenna og framkvæma allskonar jarðabætur, þá sje jeg ekki að hjer sje jörð, sem hafi land til langframa til þeirra jarðabóta, sem nokkurn veginn geta borgað sig, og þessvegna eigi við að gera hjer á landi; hygg jeg að það yrði oss ofvaxið og gæti aldrei haft þá þýðingu, er kæmi að almennum notum, að knýja fram með

ærnum kostnaði þann jarðargróða, sem sökum veðráttufars og jarðvegs yrði stopull og arðlítill; slíkt á ekki við hjá oss enn þá, og hjer á landi þyrftu að vera þrefalt fleiri menn, en eru, til þess að slíkt ætti við og þörf væri á því. Það er enn þá ein ástæða, sem mælir með því að hafa skólana smærri og fleiri, og hún er sú, að landslagi og öllum búnaðarháttum er svo ólíkt varið hjer á landi; þessi mismunur á sjer stað jafnvel í næstu sveitum; að jeg ekki tali um, að landslag og búshættir eru ólíkir og þurfa að vera ólíkir á norður- og suðurlandi, nei, á þessu getur verið talsverður munur þó skemmra sje á milli t. a. m. austan og vestan Vaðlaheiðar. Jeg hygg því að í alla staði verði affarasælla og hollara að hafa fleiri og smærri skóla, en einn og stóran eða jafnvel fáa; með því fyrirkomulagi gætu menn úr ýmsum hjeröðum landsins fengið upplýsingar og leiðbeiningar á ýmsum hinum fjarlægari skólum. Jeg legg það því til að málið verði látið ganga til annarar umræðu.

Jón A. Hjaltalín: Jeg skal játa það að jeg skil nú meininguna hjá h. þm. Dal. (J. G.), þótt mjer væri hún eigi full ljós áðan. En út af orðum h. þm. S.-Þing. (B. Kr.) þar sem hann sagði, að það væri aðalmein þjóðarinnar, að hún legði meiri áherzlu á bóklega en verklega kunnáttu og tók sem dæmi Möðruvallaskólann, þar sem búfræðiskennslan hefði fallið burt, þá skal jeg geta þess, að eptir því sem lög skólans voru, þá var alveg ómögulegt að hafa hana. Á Möðruvallaskólanum hafa piltar engar ölmusur og veitir því eigi af að vinna fyrir sjer á sumrin, en hefði hver piltur, sem á skólann hefði komið, orðið að læra búfræði á sumrin, þá er jeg hræddur um að fáir hefðu viljað koma.

H. þm. sagði að þeir yrðu allir bændur, sem á þann skóla gengju, en jeg ætla að það sje eigi tilfellið heldur verða þeir líka verzlunarmenn, sjómenn og iðnaðarmenn, sem þurfa eins að vera menntaðir og ekki síður; en aðalmein Íslendinga held jeg að sje það, að þeir ganga eigi á skóla mentunarinnar vegna, heldur bæði til þess að hafa embættispróf, svo að þeir geti náð í eitthvert embættið og svo líka til þess að geta notið styrksins við skólana.

Þar sem háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) sagði, að hann áliti heppilegra að skólarnir væru fleiri og smáir, svo að sem flestir lærðu á þeim, þá álít jeg að mest sje í varið að vel sje kennt á skólunum, og að þeir, sem þaðan fara með góðum vitnisburði, sje duglegir menn, sem vel hafa lært, en ekki það að þeir sendi frá sjer marga sem lítið kunna og lítið hafa lært og eru duglausir menn.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal geta þess að jeg minntist eigi á Möðruvallaskólann, nema til þess að benda á þá stefnu þjóðarinnar, að sækja helzt að þeim skólum, sem bókleg kennsla er höfð á, en eigi þangað, sem verkleg kennsla er, og það hygg jeg að reynslan hafi sýnt að er þjóðarmein Íslendinga.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkv. gegn 1.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (333,374); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Jón Ólafsson*): Af því að þetta er að eins framhald 1. umr. og háttv. þingdm. hafa fyrir sjer nefndarálitið þar sem ástæðurnar fyrir flestum breytingum nefndarinnar eru teknar eins greinilega fram og unnt er, þá finn jeg eigi að svo komnu ástæðu til að fara fleirum orðum um þær.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Þá var lagt fram mótmælaskjal frá 4 þingmönnum gegn upptöku þingsályktunar nr. 384 á dagskrá, svo hljóðandi:

„Vjer undirskrifaðir mótmælum því, að tillaga til þingsályktunar frá 4 þing-

mönnum (Jóni Ólafssyni, Benidikt Kristjánssyni, Sighv. Árnasyni og Jakob Guðmundssyni) um meðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (þingskjal 384), sje tekið á dagskrá. Byggjum vjer þessi mótmæli vor á 10 gr. þingskapalaganna, sbr. 9. og 34. gr.

Efri deild alþingis 18. ágúst 1887.
J. Havsteen. J. A. Hjaltalín.
Arnlj. Ólafsson. E. Th. Jónassen".

Forseti skaut því til atkvæða deildarinnar, hvort þingsálykt. skuli vísað frá. Að beiðni áðurnefndra 4 þingmanna er ritað höfðu undir þingskjal nr. 374, var viðhaft nafnakall og var þingsálykt.tillögunni vísað frá með 7 atkvæðum gegn 4. Sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðmundsson	Arnlj. Ólafsson
Jón Ólafsson	E. Th. Jónassen
Ben. Kristjánsson	Friðrik Stefánsson
Sighv. Árnason.	Jón A. Hjaltalín
	Júlíus Havsteen
	L. E. Sveinbjörnsson
	Skúli Þorvarðarson.

Fertugasti og annar fundur, föstudag 19. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til viðaukalaga við útflutningslögin 14. jan. 1876 (367,399); ein umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frv. þetta hefur tekið töluverðri breytingu í Nd., því að þótt breytingin sje ekki stór umfangs, þá er hún efnisrík; það er hvorki meira nje minna en að hún gjörir frumv. hjer um bil óþarft og ónýtt, því að útflutningslögunum er með því nálega að engu breytt frá því sem nú er. Þetta er orsökin til að vjer 4 þingd. menn höfum leyft oss að koma fram með breytingu (399) við frv. Það mun hafa vakað fyrir háttv. Nd., eptir umræðunum að dæma, að ákvæði 2. gr. ættu að skiljast á þann veg, að ef útflutningsstjóri efndi ekki loforð um útflutning, þá mætti ákveða bætur ekki einungis fyrir kostnað við dvölina, heldur og fyrir verkfalli; þetta mun háttv. Nd. hafa þótt of hart og því bætt inn í 2. gr. „enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna". Satt að segja hafði jeg aldrei, er jeg bar fram frumvarp þetta, hugsað mjer aðrar bætur, en endurgjald á beinum kostnaði við biðina, svo sem fæði og húsnæði. En úr því að háttv. Nd. vill svo vera láta skilning laganna, þá þótti oss mjög sanngjarnt að útflutningsstjóri væri skyldur til að bæta útflytjendum fyrir verkfall, ef óviðráðanleg forföll ekki hindra hann frá að efna loforð sitt. Af annari hálfu mundu lögin að mestu leyti missa þýðing sína, ef útflutningsstjórar væru leystir undan allri skaðabótarskyldu til endurgjalds *beinum kostnaði*, nema sannað verði, að *eigi* hafi forföll hindrað — því *hver* getur *sannað* það? Því leggjum vjer það til, að útflutningsstjórar skuli standa allan straum af útflytjendum meðan þeir bíða fars. Vjer sáum og ekki ástæðu til að fella burt ákvæðin um bætur fyrir óbeinan skaða, þegar biðin væri *sjálfráðum* forföllum að kenna. Aðaltilgangur vor er, að leggja áhættuna á útflutningsstjórann og lofa honum að skipta henni niður á útfara, og þeim tilgangi vona jeg að verði náð, ef breytingartill. vor fær eins góðan byr í deildinni eins og frv. sjálft hefur fengið.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (399) samþ. með 10 atkv. gegn 1.

Frv. þannig breytt samþ. með 10 samhlj. atkv. og endursent Nd.

Frv. til laga um stofnun lagaskóla (368); ein umr.

Jón Ólafsson: Breyting sú, sem Nd. hefur gjört á frv., er mjög lítilfjörleg og kemur ekki í bága við aðaltilgang þess

og vona jeg því að það njóti sömu atkv. hjer nú sem fyr.

E. Th. Jónassen: Jeg vil að eins gjöra stutta athugasemd við málið, og hún er sú, að mjer finnst breyting Nd. sízt til bóta; þar hafa laun annars kennara verið færð niður í 2400 kr., svo að þau verða lægri en lægstu sýslumannslaun. Þetta álít jeg ekki heppilegt, því að lítil líkindi eru til að duglegir menn fáist til að þjóna embættinu með þessum launum. Jeg hef áður tekið það fram af hverjum ástæðum jeg er nú á móti frv. þessu, og því fremur mun jeg verða það, er það hefur tekið þessum breytingum.

Jón Ólafsson: Þótt jeg álíti ekki heldur breyting Nd. á frv. til bóta, þá finnst mjer engin minnsta átylla fyrir nokkurn, sem annars er af *af alvöru* málinu hlynntur, til þess að greiða atkvæði gegn frumvarpinu fyrir þetta, því að kennarar við prestaskólann hafa þó jafnvel lægri laun, en hjer er farið fram á.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 7 samhljóða atkvæðum og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðu (310,350,361,383); 2. umr.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg tók það fram við fyrri umræðu þessa máls, að nefndin hefur eigi fundið ástæðu til að breyta í neinu verulegu efni frumv. þessa; breytingar hennar eru að eins smábreytingar, og skal jeg nú leyfa mjer að minnast lítið eitt á hinar helztu. 1. 2. 3. gr. frv. hefur nefndin ekki hreyft við. Við 4. gr. hefur nefndin gjört þá breyt. að í stað þess sem í frumvarpinu stendur, að hreppsnefnd. skuli senda hreppstjórunum skýrslur yfir gjaldskylda menn í hreppnum eptir þessum lögum fyrir aprílmánaðarlok, þótti nefndinni þetta tímatakmark svo seint á vistarárinu, að skeð gæti að það kynni að koma sjer illa; nefndin leggur því til að í staðinn sje sett: „fyrir lok marzmánaðar". Hin önnur breyting við sömu grein: „aprílmánaðar" í stað „maímánaðar" leiðir af sjálfu sjer, vegna hinnar fyrri breytingar. Þetta tímatakmark er eptir frumvarpinu svo nærri vinnuhjúaskildaganum, að hjúið getur verið farið langt í burtu frá húsbónda sínum áður en búið er að ákveða um gjaldskyldu þess, og ef ágreiningur kæmi fyrir, sem þyrfti að úrskurða, svo að húsbóndinn gæti átt erfitt með að gjöra upp reikning hjúsins og fá endurgoldið það styrktarsjóðs tillag sem hann þyrfti að greiða fyrir það.

Jeg skal geta þess að í breytingartillögu nefndarinnar hefur misprentazt undir 2. br. 7. gr. stafl. b. „Aftan við frv." á að vera: „Aptan við gr."

Við 5. og 6. gr. hafði nefndin ekkert að athuga.

Við 7. grein hefur nefndin lagt til að upphaf hennar orðist þannig: „Hin fyrstu 10 árin eptir að slíkur sjóður er stofnaður í hverju sveitarfjelagi, leggst hið árlega gjald allt við höfuðstólinn o. s. frv"; þetta hefur sjálfsagt verið meiningin í frv. háttv. Nd., en til þess að koma í veg fyrir misskilning á orðum frumvarpsins, leggur nefndin til að breyta upphafi greinarinnar á þennan hátt.

Nefndin áleit og rjett, að taka það skýrt fram í frv. — eins og án efa hefur verið meining Nd. — að þeir einir geti notið styrks af sjóðnum, sem eru eða einhverntíma hafa verið í þeim stjettum sem gjaldskyldar eru til styrktarsjóðanna. Þeir sem aldrei hafa lagt neitt til sjóðanna geta ekki orðið styrksins aðnjótandi, eptir tillögu nefndarinnar. Við 8. grein hafði nefndin ekkert að athuga.

Við 9. gr. þótti nefndinni það athugandi, að svo er komizt að orði: „Þyki amtmanni eða sýslunefnd nokkrum sjóði hætta búin undir umráðum bæjarstjórnar

eða hreppsnefndar, getur *hún* tekið þau umráð af henni o. s. frv. Þetta þótti nefndinni betra að orða svo, að amtmaður eða sýslunefnd gæti tekið þau umráð af henni. Auk þess hefur nefndin stungið upp á að bætt sje inn í greinina á eptir orðunum: „hætta búin“ „eða órjettvíslega varið styrk þeim, sem af sjóðnum er veittur“, nefnilega, ef svo færi að styrknum væri ósanngjarnlega útbýtt.

En þar sem fram hefur komið breytingartill. við 8. og 9. gr. fannst nefndinni af því leiða að hún þyrfti að gera breyt.-till. við breyt. sína á 9. gr. í þá átt, að í staðinn fyrir orðið: „amtmaður“ komi: „landshöfðingi“, sem úrskurða skuli reikningana. Jeg skal geta þess, að fyrir mitt leyti, og jeg hygg mjer sje óhætt að segja, að öll nefndin fellst á breytingartill. þær, sem komnar eru fram á þingskjali 350 frá h. 1. kgk. þm. (Júl. H.), bæði við 8. og 9. gr. og í samkvæmni við þá breytingartillögu er breytingartillaga nefndarinnar á þingskjali 383.

Jeg skal að svo komnu ekki fara fleiri orðum um frv., en vona að það fái góðar undirtektir hjer í háttv. efri deild, því málið er byggt á góðum og nytsömum grundvelli.

Júlíus Havsteen: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra grein fyrir, hversvegna jeg hef komið með þessar breytingartill. á þingskjali 350. Ástæðan fyrir því er ekki önnur en sú, að kaupstaðir hjer á landi, sem sveitarfjelög, standa undir yfirumsjón landshöfðingja en ekki amtmanna; fyrir því fannst mjer tilhlýðilegt að þar sem í frumv. stendur „amtmaður“ kæmi „landshöfðingi“ í staðinn.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. samþ. hver með 6 atkv. gegn 5.

Breyt.till. *a*, við 4. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 4.

Breyt.till. *b*, við 4. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 3.

4. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkvæðum gegn 5.

5.—6. gr. samþ. hvor með 6 gegn 5.

Breyt.till. *a*, og *b*, við 7. gr. samþ. hvor með 6 atkv. gegn 4.

7. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkvæðum gegn 5.

Breyt.till. við 8. gr. samþ. báðar með 6 atkv. gegn 4.

8. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkvæðum gegn 5.

Breyt.till. við 9. gr. (þskj. 350) samþ. með 6 atkv. gegn 3.

Breyt.till. *a*, við 9. gr. (361) samþ. með 6 samhjóða atkv.

Breyt.till. (383) við breyt.till. *b* við sömu gr. (361) samþ. með 7 samhlj. atkv., og breyt.till. *b* við 9. gr. (361) þannig br. samþ. með 6 samhlj. atkv.

9. gr. þannig br. samþ. með 6 atkv. gegn 5.

10. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 5.

Frv. í heild samþ. með 6 atkv. gegn 5.

Málinu vísað til 3. umræðu með 6 atkv. gegn 5.

Frumv. til laga um uppeldi óskilgetinna barna (356, 393); 2. umræða:

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að gera grein fyrir hversvegna jeg hefi komið fram með þessa breytingartillögu. Það er komið til af því, að í hinu upphaflega frv. var grein, en sem nú ekki er í frv., og sem hljóðaði um það, að óskilgetið barn skyldi fylgja móðurinni til þess það væri 7 ára en úr því föðurnum. Jeg hafði á móti þessari grein í neðri deild, og var hún feld þar. Þegar nú þessi grein er fallin, þá er eigi ástæða til að segja: „sömu reglur gilda, þegar faðir eða hreppur hans vill ná uppeldisstyrk frá hálfu móðurinnar eða hennar hrepps“. Það getur eingöngu komið til þess, að móðirin þurfi að ná uppeldisstyrk frá föðurnum eða föðurhreppnum, en eigi hið gagn-

stæða. Þessi viðauki er því óþarfur, og það, sem óþarft er, á ekki að standa í lögum, og því vil jeg ráða hinni háttv. deild til að fella þessa málsgrein.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþ. í einu hljóði.

Brt. við 3. gr. samþ. í e. hl.

3. gr. þannig breytt samþ. í e. hl.

4. gr. samþ. í e. hl.

Frv. þannig breytt samþ. í e. hl., og vísað til 3. umr. í e. hl.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Vík í Skaptafellssýslu (355, 371); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. m. 8 atkv. mót 1; viðaukatill. (371) felld m. 3 gegn 7 atkvæðum. Frv. í heild sinni samþ. m. 9 gegn 1 atkv., og vísað til 3. umr. m. 8 samhl. atkv.

Tillaga til þingsályktunar í Fensmarksmálinu (378); hvernig ræða skuli.

Jakob Guðmundsson: Með því þetta er svo áríðandi mál, þá leyfi jeg mjer að stinga uppá, að tillagan verði rædd í tveim umræðum.

Forseti: Með því að jeg er samdóma h. þm. Dal., þá skal jeg leyfa mjer að stinga uppá 2 umræðum.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 7 atkv. gegn 4, að ræða skyldi tillöguna í tveim umræðum.

Fertugasti og þriðji fundur, laugardag 20. ág kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (333, 374, 387, 391, 394, 405, 466); 2. umr.

Fyrsti kafli, tekjurnar, 1.--6. gr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Viðvíkjandi tekjuhliðinni skal jeg eigi fara mörgum orðum. Það liggja eigi fyrir breytingar við hana hvorki frá nefndinni nje frá einstökum þm. Yfir höfuð fannst nefndinni eigi ástæða til að koma með breytingar við tekjuhliðina, því það hefur eigi neina sjerstaka þýðingu. Tekjurnar eru allar áætlaðar og renna inn í landssjóð allar hvort sem áætlunin er fyrir ofan eða undir. Það er að eins einn liður nfl. útflutningsgjald af fiski og lýsi, sem við vonuðum að mundi verða hærri í ár; en það er eigi nema helmingur fjárhagstímabilsins, svo það getur auðveldlega breytzt; svo að nefndin fann eigi ástæðu til að koma með breytingartill. við hann með því að það líka kemur fyrir sama í rauninni.

ATKVÆÐAGR.: Allar greinarnar (1.—6.) samþ. hver um sig í e. hlj., og sömuleiðis tekjukaflinn í heild sinni.

Annar kafli, útgjöldin, 7.—12. gr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það er þá gjaldhliðin og sjerstaklega fyrsti kafli hennar, sem nú liggur fyrir. Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að benda á, að þegar allar breytingar nefndarinnar eru teknar til greina, þá verður aðalresúltatið, sem hún hefur fengið út, að útgjöldin lækka um full 6 þús.; en jeg skal þó geta, þess að nefndin gjörði sjer yfir höfuð að tala far um að breyta sem minnst aðalstefnunni í frv. Nd. og þó hún kæmi með breytingar á einstöku atriðum, þá vildi samt nefndin halda líkri stefnu.

Því næst skal jeg víkja að hinum einstöku breytingum nefndarinnar og þá er sú fyrsta grein, sem nefndin hefur gjört breytingu við, 10. gr. B. 4 b; það er nefnilega laun sendiboðans við yfirrjettinn, sem nefndin hefur fært upp í 50 kr. úr 20 kr. Nefndinni þótti Nd. hafa verið þar svo — „smásmugleg“ er bezt að kalla það —, enda vissum vjer, að vinnan er fullkomlega þess virði. En það má nú kannske líka segja, að *nefndin* hjer í Ed. hafi verið smámunaleg, að hún skyldi eigi setja launin upp í það upp-

haflega, nfl. 60 kr., en hún gjörði það af einskonar virðingu eða tilhliðrunarsemi við systurdeild vora, Nd., að fara ekki lengra; fjárlaganefndin þar hefir opt lotið að litlu í ár, og henni kann að vera hugnun í þessum 10 kr., sem klipnar eru þannig af sendiboðanum. Þá kemur 2. breyting nefndarinnar við 10. gr. C. 4. b.; þar hefur nefndin stungið upp á að færa styrkinn til Hólaskóla niður úr 4 þús. í 3 þús. Orsökin til þess var sú, að eigi væri ástæða til að veita Hólaskóla meiri styrk en Ólafsdalsskóla, sem væri í alla staði betri og betur stjórnað, og auk þess fengi Hólaskóli styrk annarstaðar frá, sem Ólafsdalsskóli hefði lítinn sem engan, en á hinn bóginn þótti nefndinni eigi fært sakir Nd. að færa upp styrkinn til Ólafsdalsskóla, en þótti eigi ástæða til að fara svo miklu betur með skóla, sem stendur honum svo langt á baki. Athugasemdin aptan við töluliðinn er svo ljós, að jeg ætla að hún þurfi eigi skýringar við. Hún sprettur af því, að nefndin áleit, að skólinn væri eigi undir heppilegri forstöðu nú sem stendur. Þar sem nefndin hefur hækkað 10. gr. C. 4. c. upp í 9000, þá hefur hún jafnframt lagt til að það væri orðað þannig: „til búnaðarfjelaga og búnaðarframkvæmda“ því nefndin áleit, að það stæði næst að efla þau búnaðar- *fyrirtæki*, sem einstökum mönnum væri ofvaxin af eignum rammleik eingöngu; þetta stendur aptur í nánu sambandi við hitt, að nefndin leggur til að 10. gr. C. 4. d. með athugasemdinni falli niður, því nefndin áleit að sá grundvöllur, sem til er tekinn að úthluta ætti styrknum eptir, væri alveg fráleitur grundvöllur til að skipta *búnaðar*styrk eptir, því búnaðarhættir færu eigi eptir tólksfjöldanum, og svo er jarðamatið þannig vaxið, að það er hæst þar sem búnaður er minnstur og skussalegastur, og þá kæmi að tiltölu mestur styrkurinn í þau hjeröð, sem minnstur og ljelegastur landbúnaður er í, en nefndin áleit, að þar ætti helzt að veita styrkinn sem búnaðarfjelög væru komin á fót eða þar sem um sjerstakar búnaðarframkvæmdir væri að ræða, sem styrks þættu maklegar, og þessvegna vildi hún að þessi töluliður ásamt athugasemdinni fjelli úr, því þá hefði landsh. óbundnari hendur eftir næsta tölul. á undan, þar sem athugagreinin bindur um of og óskynsamlega hendur hans. Okkur þótti landshöfðingja, amtsráði og sýslunefndum vel trúandi til að veita fjeð, þar sem það ætti helzt að koma niður. Af þessu tje ætluðumst við til, að Eyðaskóla væri veittur einhver styrkur, en við höfum bundið það sama skilyrði og til skólans á Hólum, og munu til þess jafnvel enn gildari ástæður. Þá kemur 7. breyting nefndarinnar við C. 5 b og c. Það er nefnilega í frv. veitt 1500 kr. annað árið óákveðið til vegabóta á póstleiðum en síðara árið ákveðið. Nefndinni þótti eigi ástæða til að *ákveða* veginn í fjárlögum, en hún játar það, að þessi vegur sem til er tekinn þurfi sjerstaklega aðgjörðar við og taldi sjálfsagt, að landsstjórnin mundi láta sjer sjer í lagi annt um hann, þegar hún hefði fengið bendingar um það frá þinginu; en hún vildi eigi rígbinda fjárveitinguna við þennan kafla, því það gæti auðveldlega komið í bága við tillögu þess vegfróða manns, sem gjört er ráð fyrir að útvega. Okkur þótti hagkvæmt að landshöfðingi hefði eigi rígbundnari hendur en svo, að hann gæti tekið tillögur hans til greina. Yfir höfuð er þetta eigi nema öðruvísi orðun á veitingunni, en engin hækkun eða lækkun á fjárlögunum. Þá kemur næsta breyting nefndarinnar við C, 6. Nefndin treystist ekki til að stinga upp á breytingu við upphæðina, en þar á móti hefur hún lagt til, að athugasemdin væri feld burtu og það af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi lík-

aði nefndinni eigi áætlunin, hvernig hún var löguð, og í öðru lagi af því, að þetta var í fyrsta sinn, sem styrkurinn var svona lágur, og svo þótti henni síðari hluti athugasemdarinnar um, að útgjörðarmenn skyldu hafa varnarþing á Íslandi, *ónauðsynlegt* skilyrði í fjárlögunum, því að nefndin ætlar, að það megi eins og nú stendur beina málssókn á hendur afgreiðslunnar hjer fyrir hönd útgerðarmanna. Þá kemur breyting á 11. gr. 1., sem er 600 kr. hækkun, það er nefnilega viðbót við landlækninn. Að nefndin vildi ekki nú svipta hann þessari viðbót, sem honum var veitt 1885, kom bæði til af því, að hún var veitt í síðustu fjárlögunum, svo honum var með því samkvæmt allri venju fram til þessa dags gefin von um, að hann mundi halda henni, og í öðru lagi virtist nefndinni, að hann hefði sjerstaka siðferðislega rjettarkröfu til að halda þessu. Hann hefur og unnið mál við yfirrjettinn út af borgun fyrir yfirsetukvenna kennslu, sem að vísu hefur verið áfrýjað, en óvíst að þau úrslit breytist, og ef þetta væri samþykkt með athugasemdinni, þá er það satt að segja lítil ívilnun, ef hann ynni málið, þar sem launin fyrir yfirsetukvennakennsluna hafa numið frá 400—500 kr. árlega, og ef honum yrði dæmd full borgun fyrir liðna tíð, þá mundi það nema 3—4 þús. kr., svo að landssjóður í verunni tapar varla á þessu. Enn fremur hefur nefndin tekið inn í 11. gr. dálítinn styrk handa aukalæknunum til verkfærakaupa, því menn hafa í báðum deildum heyrt óánægju með laun aukalæknanna, en þó áleit nefndin eigi gjörlegt að hækka laun þeirra, heldur að eins að veita þeim einhvern styrk til verkfærakaupa, því verkfæralausir læknar geta eigi orðið að hálfum notum. Landssjóð munar lítið um þetta, en það kemur sjer vel fyrir efnalausa kandidata og eru sjerskakleg hlunnindi fyrir *almenning*, sem á að hafa *not* af læknunum.

Þá kemur síðasta breyting nefndarinnar í þessum kafla, sem nú er til umræðu, og það er við 12. gr. 2. Nefndin tók upp aðra af þeim uppástungum, sem lá fyrir Nd., nfl. 200 kr. til póstflutnings frá Skipaskaga til Saurbæjar á Hvalfjarðarstönd, því Skipaskagi er orðinn fjölbyggður mjög og því óeðlilegt, að hann hafi eigi hlutdeild í samgöngum landsins. Þetta eru þá breytingar nefndarinnar í þessum kafla og hef jeg stuttlega gjört grein fyrir þeim, en síðan hefur komið ein breytingartillaga á þingskjali 406 frá nokkrum þm. um að hækka tillagið til gufuskipaferðanna, en þeir hafa eigi stungið upp á að fella athugasemdina burtu. Jeg skal eigi segja um það, hvort æskilegra væri; en nefndin getur líklega eigi fallizt á þessa breytingartillögu, og ber þrennt til þess. Í fyrsta lagi álítur nefndin að slík breytingartill. mundi aldrei verða samþykkt í þinginu, og í öðru lagi eru nú miklu fleiri ferðir í kring um landið en með skipum gufuskipafjelagsins danska, og í þriðja lagi álítur nefndin, að gufuskipafjelagið mundi eigi finna ástæðu til að fækka ferðunum að sama skapi, sem styrkurinn er færður niður, því ferðir í kring um landið eru svo miklu arðsamari nú en þegar gufuskipaferðirnar byrjuðu.

Júlíus Havsteen: Jeg skal leyfa mjer að byrja ræðu mína þar sem h. framsögum. (J. Ól.) endaði, nfl. á breytingum þeim, sem gjörðar hafa verið á póstgufuskipaferðunum kringum landið. Það er tekið fram í áliti fjárlaganefndarinnar í neðri deildinni, að tillagið til gufuskipaferðanna hefði verið fært niður, af því að nú væri kostnaðarminna að gjöra út gufuskip, en verið hefði fyrir 1880; og í öðru lagi er álitið, að arðurinn af gufuskipaferðunum kringum landið yrði því meiri, sem menn vend-

ust þeim lengur. Mjer hefði sýnzt eiga vel við að einhverjar ástæður hefðu verið færður fyrir því, að kostnaðarminna væri nú að gjöra út skip, en það var fyrir 1880, og eins þykir mjer það koma hálfskrítilega fyrir, ef það er orðið mjög arðsamt að láta póstskipin sigla kringum landið, að fara þá fram á að fækka strandferðunum. Í póstskipaáætlun þeirri sem verið er að ræða í neðri deildinni er gjört ráð fyrir að póstskipin fari að eins 3 ferðir í kring um landið, en ekki 5 sinnum eins og nú. Að vísu eru svo ennfremur komnar fram uppástungur um, að póstskip sje sent 4. ferðina til Vesturlands, en þá hefur Norðurlandi og Austurlandi alveg verið gleymt; inn á þetta hafa þingmenn úr hjeruðum fyrir norðan og austan gengið, og er þó slíkt furða, því fáum mun blandast hugur um að tíðar gufuskipaferðir sjeu til mikilla hagsmuna fyrir smákaupmenn, pöntunarfjelög og sveitaverzlanir; þeim ríður á að geta fengið margar ferðir til útlanda. Jeg álít það apturför að fækka ferðunum og vona því að h. þingd.menn taki breytingartillögu vorri vel. Enn fremur vil jeg leyfa mjer að tala um 2 önnur atriði í þessum kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu. Fyrra atriðið er styrkurinn til búnaðarskólans á Hólum; nefndin hefur lagt til að þessi styrkur væri færður niður í 3000 kr. úr 4000 kr. Þetta þykir mjer liett skólans vegna. Jeg veit það, að skóli þessi hefur ekki átt upp á háborðið hjá ýmsum og að annar skóli hafi verið tekinn fram yfir hann, en það mun sannast hjer, að margur fær lof fyrir lítið og last fyrir ekki par. Jeg bið menn að gæta þess, að margt hefur staðið Hólaskóla fyrir þrifum í fyrstu og gjört stofnun hans örðuga. Í fyrstu stofnaði Skagafjarðarsýsla hann ein; síðan byrjuðu Skagfirðingar á samningum við Húnvetninga, Eyfirðinga og jafnvel Þingeyinga um hlutdeild í skólahaldinu. Þessir samningar fóru svo, að Húnvetningar einir gengu í fjelag með Skagfirðingum; það liggur nú í augum uppi, að það hafi hlotið að vera hnekkir fyrir skólann, hvað fáir urðu til að styrkja hann í upphafi og fyrir það hefur skólinn haft miklu minna fje til umráða þegar á þurfti að halda. En fremur álít jeg að það sje skólanum til hnekkis, að viðunanleg húsakynni vantar, en fje til þess að byggja fyrir er eigi til. Að endingu held jeg að búskapur yfir höfuð hafi orðið flestum örðugur þessi síðustu árin, og er því eigi vert, að menn leggi harða dóma á búskapinn á Hólum, heldur skoði hjá sjálfum sjer. Jeg þykist þekkja þennan skóla eins vel og flestir aðrir þingd. menn, og jeg get sagt það um hann, að hann hefur einlægt verið að færast í lag, einkum síðan dannebrogsmaður Erlendur Pálmason í Tungunesi fór að hafa afskipti af honum. Jeg vona það, að skólinn nái með tímanum tilgangi sínum, ef hann fær um nokkur ár ríflegri styrk, og það er að minni ætlun jafnvel lífsspursmál fyrir hann að honum veitist nú sú upphefð, sem Nd. vill leggja til. Að síðustu skal jeg fara nokkrum orðum um breytinguna á 11. gr. um laun landlæknisins. Það er kunnugt, að hann hefur fengið launaviðbót á síðasta fjárhagstímabili. Þá lýsti einn þingmaður því yfir, að landlæknirinn væri fús á að sleppa tilkalli til þóknunar fyrir kennslu yfirsetukvenna, ef hann fengi launaviðbótina. Jeg ímynda mjer að þetta hafi að eins átt við þetta yfirstandandi fjárhagstímabil en mjer finnst það sanngjarnt, að hann í öllu falli fái endurgoldna kennsluna fyrir árin 1884—85 því á þeim árum hafði hann að eins 4000 kr. í laun. Þetta bið jeg h. þingd. að taka til athugunar.

Landshöfðingi: Jeg get yfir höfuð verið samþykkur flestum breytingum nefndarinnar við þennan kafla af fjárlögunum. Það eru að eins tvær breytingar, sem jeg hef nokkuð sjerstaklega að athuga við. H.

1. kgk. (J. Hav.) hefur þegar getið um aðra þeirra, athugasemdina aptan við 11. gr. 1. um að launaviðbót Schierbecks landlæknis sje bundin því skilyrði, að hann falli frá öllum kröfum til endurgjalds fyrir kennslu yfirsetukvenna þeirra, er hann hefur kennt eða kennir framvegis meðan hann heldur þessar iviðbót við laun sín. Það er, eins og h. þm. (J. Hav.) tók fram, eðlilegt, að gjört sje að skilyrði að landlæknirinn krefi ekki sjerstakrar borgunar fyrir kennslu yfirsetukvenna þau ár sem hann fær launaviðbótina; aptur er það hart, að hann missi kennslukaupið árin 1884 og 1885, því að þau ár hafði hann ekki nema 4000 kr. í laun. Við þessa umræðu verður þessu ekki kippt í lag, en jeg vona, að brt.till. um það komi til 3. umr. Þá skal jeg minnast á 12. brt.till. N. um 200 kr. styrk til aukalækna eitt skiyti fyrir öll til verkfærakaupa. Mjer er ekki ljóst hvað nefndin hefur þar hugsað sjer, hvort hún hafi ætlazt til, að verkfærin yrðu eign læknanna, en að hið opinbera ætti að sjá um að þeir verji þessum styrk ekki til annars en verkfærakaupa, eða það hefur verið tilgangur nefndarinnar að verkfærin ættu að fylgja aukalæknisembættunum. Jeg get vel hugsað mjer, að þeir sem um nokkurn tíma hafa verið aukalæknar hafi þegar keypt nokkur verkfæri, svo að ekki sje nein brýn þörf til að veita þeim fje til að kaupa ný verkfæri fyrir, því að það er þó víst ekki meiningin, að þessar 200 kr. eigi að vera borgun til þeirra fyrir verkfæri, sem þeir hafa þegar keypt. Yfir höfuð virðist mjer nokkuð ísjárvert að veita það fje sem ekki hefur verið beðið um. En ef þessar 200 kr. eiga að koma í stað launahækkunar þeirrar, sem feld var í neðri deild, þá hefði jeg kunnað betur við, að aukalæknunum hefðu hreint og beint verið veittar 100 kr. í launaviðbót á ári, en að orða það eins og hjer er gjört. Aðrar brt.till. nefndarinnar sem ekki fara fram á nýjar fjárveitingar verð jeg að telja til bóta. Hvað skólann á Hólum sjerstaklega snertir, þá get jeg ekki fallizt á orð h. 1. kgk. (J. Hav.), að honum hafi verið gjört lægra undir höfði en öðrum skólum, því að neðri deild hefur ætlað honum 4000 kr. á ári á næsta fjárhagstímabili, en Ólafsdalsskóla ekki nema 2500 kr. Hvernig stendur á því, að Hólaskóli skuli þurfa svo miklu meira fje en Ólafsdalsskólinn? Um það skal jeg ekki segja; en ekki held jeg verði sagt með sanni, að það komi til af því, að hann hafi haft svo lítið fje yfir að ráða að undanförnu; hann hefur fengið um 2000 kr. í reiðu peningum í eitt skipti fyrir öll, og árlegan styrk úr landssjóði, auk búnaðarskólagjalds og annars fleira. Ef skólinn kemst ekki af með 3000 kr. tillag úr landssjóði á ári, þá er hætt við að eitthvert ólag sje á og ekki vert að leggja stórfje til hans. Skilyrðið, sem fjárveitingin er bundin við, finnst mjer vera nokkuð nærgöngult, enda mun þess eigi þörf, ef skólastjórnin er eins góð og h. 1. kgk. (J. Hav.) sagði hana vera; og ef skólastjóri væri óhæfur til starfa síns, skil jeg ekki í öðru, en að hin ötula skólastjórn hefði þegar vikið honum burt.

Jakob Guðmundsson: H. 1. kgk (J. Hav.) minntist á, að í neðri deild hefðu komið fram tvær ástæður fyrir því, að lækka gjaldið til strandferðanna úr 18000 kr. niður í 9000 kr. Önnur ástæðan var, að nú væri kostnaðarminna að gjöra út skip en verið hefði þegar strandferðir byrjuðu; um þessa ástæðu get jeg lítið sagt, því að jeg er svo ókunnugur útgjörðarkostnaði skipa þá og nú. Hin ástæðan var sú, að líkindi væri til að meiri hagnaður væri af gufuskipasending kring um landið nú en þá, af því að landsmenn hefðu betur lært að nota þær. Um þetta atriði hef jeg nokkuð ljósari hugmynd. Fyrst og fremst veit jeg, að gufuskipafje-

lagið hefur meiri arð af strandferðunum nú, af því að menn eru farnir að nota þær svo mikið, en að öðru leyti er sagt að það væri ísjárvert að fækka ferðunum og gjöra örðugra fyrir með þær, því að verzlunin yfir höfuð hefði stórhagnað af þeim, og þó sjerstaklega smákaupmenn og og pöntunarfjelög. Þegar jeg tek þessi atriði pratkiskt, þá spyr jeg sjálfan mig, hvort flutningur með strandferðaskipinu hafi verið hagnaðarsamari fyrir landsmenn, en flutningur með öðrum skipum. Ef svo hefði verið, þá hefðu þeir kaupmenn, sem fengið hafa vörur með strandferðaskipunum, orðið að geta veitt mönnum betri verzlunarkosti en aðrir, sem fengið hafa vörur sínar með seglskipum og öðrum gufuskipum. En reynslan hefur sýnt hið gagnstæða. Verð hefur venjulega verið betra hjá lausakaupmönnum, en hjá fastakaupmönnum, þótt þeir hafi fengið vörur með dönsku gufuskipunum. Í annan stað hafa fæst pöntunarfjelögin fengið vörur sínar með dönskum gufuskipum, þau hafa annaðhvort fengið þær með gufuskipum frá Skotlandi, eða þá leigt skip sjálf og kostað þau að öllu leyti sjálf. Þegar jeg ber saman, hver kjör þessi kaupfjelög hafa fengið, þá hefur sú reynd orðið á, að vörur þeirra hafa orðið ódýrari að frádregnum kostnaði, en vörur fengnar með dönsku póstskipunum. Af þessu get jeg ekki dregið þá ályktun, að hin dönsku gufuskip sjeu ómissandi. Eins og það er allra þakka vert, að vjer fengum hin dönsku gufuskip til að ganga kring um landið á meðan vjer vorum að læra að nota gufuskipaferðir, eins verðum vjer að gæta þess, að þegar reynslan er nú fengin fyrir hagsmunum af gufuskipaferðum kring um landið og menn farnir að læra að nota þær, þá verðum vjer eins, segi jeg, að gæta þess, að binda oss eigi um of við einstök skip eða einstök fjelög, heldur fara eptir því sem hollast er og haganlegast.

Eins og engar líkur voru til, þegar gufuskipaferðirnar byrjuðu, að vjer gætum fengið vörur á öðrum gufuskipum en dönskum, eins er það nú víst að vjer getum fengið þær með norskum, enskum og skozkum gufuskipum. Jeg sje því enga hættu búna við það, þótt dönskum gufuskipaferðum fækki kringum landið; þvert á mót sýnist mjer bezt, að þær ferðir aukist sem mest, sem mönnum hafa gefizt bezt. Mjer sýnist neðri deild hafa tekið hyggilega og hagfræðislega stefnu í þessu máli, og vil jeg að henni sje einnig haldið hjer. Viðvíkjandi launum landlæknisins, þá fellst jeg vel á athugasemd hæstv. landsh. og háttv. 1. kgk. þm. (J. Hav.); mjer skilst ekki betur en að það sje bæði sanngjarnt og eðlilegt, sem þeir fara fram á.

Jón A. Hjaltalín: Jeg hef ekki skrifað undir breytingartillögu um gufuskipin, af því að mjer líki allskostar rekstur þeirra ferða hjer við land, svo að jeg hafi gjört það í þakklætisskyni. En af ýmsu, sem háttv. þm. Dal. (J. G.) talaði um þessar ferðir, verð jeg að ætla, að þótt hann muni vel kunnugur við Breiðafjörð, þá nái þekking hans ekki norður fyrir heiðarnar. Það er ef til vill um hana, eins og komizt var að orði hjer um daginn, að hún nái ekki lengra en norður að Horni; þar hafi hún strandað við ísinn.

Háttv. þm. (J. G.) sagði, að vjer fengjum ódýrari vörur með seglskipum en með gufuskipum. Ætti þá fyrir þá sök að leggja niður að flytja vörur með gufuskipum? Það eru ekki pöntunarfjelögin ein, sem fá vörur frá útlöndum; einstakir menn fá líka vörur þaðan; háttv. þm. (J. G.) mun það kunnugt að haganlegra er að fá sumar vörur frá Danmörku en frá Englandi, þær vörur verða menn að fá með póstskipunum. Pöntunarfjelögin verða og fegin að nota póstskipin, þegar ís er og þeirra skip hafa ekki komizt á rjettum tíma, og þótt allt sje í góðu lagi, getur

þeim komið vel að senda út vörur með póstskipunum á sumrin, t. d. ull. Það er mjög hentugt fyrir pöntunarfjelög bæði stór og smá og einstaka menn, að hafa tíðar samgöngur við útlönd, og það er líka mjög mikið í það varið, að milliferðirnar sjeu nokkurnvegin vísar, en ekki af handahófi. Mjer sýnist það undarlegt, að á því þingi, sem menn hafa komizt á þá skoðun, að samgöngumál sjeu almenn landsmál, að þá skuli þingið byrja á því að minnka fjárframlag til gufuskipaferða. Auk þess er ekki enn útrunninn sá tími, sem um var samið við hið danska gufuskipafjelag; þó jeg leiði hjá mjer að segja, hverja þýðing þetta muni hafa, þá vil jeg minna háttv. þm. á enskan málshátt, er svo hljóðar: „Hafðu ekki hestakaup í miðri á".

Jeg játa það, að mjer fellur ekki vel við Dani; hvorki fylgja þeir ferðaáætlun þeirri, sem þeir hafa sjálfir sett, nje halda áfram ferðum sínum með þeim dugnaði sem þeir gætu; þó er ekki ráðlegt að setja það skilyrði, sem neðri deild hefur gjört, því ís og annað fleira getur gjört það ómögulegt, að fylgja fastákveðinni ferðaáætlun. Ekki get jeg heldur verið samþykkur þeirri athugasemd, sem fjárlaganefndin hjer í deild hefur gjört við skólastjórana á Hólum og á Eyðum. Hver trygging er fyrir því, þótt skipt sje um skólastjóra, að annar betri fáist? Jeg ætla engu síður sje þörf að skipta um skólanfd. en skólast.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Þar sem minnzt hefur verið á breytingartillögur nefndarinnar, þá hafa þær yfir höfuð að tala fengið góðar undirtektir hjá háttv. deild. Að því er strandferðirnar snertir, þá hefur háttv. þm. Dal. (J. G.) svarað mótbárum þeim, sem þar eru komnar fram; en auk þess skal jeg taka það fram, að það vakti fyrir nefndinni, að ferðum þyrfti naumast að fækka fyrir þessa breytingu; nefndin gekk ekki út frá þeirri ferðaáætlun, sem hjer er talað um; við bjuggumst þvert á móti við fleiri strandferðum, og við það gæti gufuskipafjelagið betur staðið sig. Viðvíkjandi Hólaskóla, þá hefur hæstv. landsh. svarað háttv. 1. kgk. þm. (J. H.). Jeg skal að eins bæta því við, að það hlýtur að vera skiljanleg bending frá fjárveitingarvaldinu, þar sem það skilyrði er sett, að skipt skuli um skólastjóra. Þessa bending hlýtur yfirstjórn skólans að skilja, því þar með gefur þingið í skyn, að það muni ei halda fjárveitingunni áfram, ef stjórn skólans framvegis fari í ólagi. Hólaskóli fær $^1/_6$ meiri styrk en Ólafsdalsskóli, og þykir h. 1. kgk. þm. nefndin hafa *þar* tekið of lítið til; jeg veit ekki hvað nefndin hefði sagt, ef hann hefði komið með tillögu hjeraðlútandi, en nú liggur hún ekki fyrir, og verður því nefndin að halda fast við tillögu sína. Viðvíkjandi 11. gr. 1., þá er það, eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, óheppilegt, að hjer er enginn meðalvegur; hjer er eigi um nema tvennt að velja. Viðvíkjandi 11. gr., þá var það *ekki* tilgangur nefndarinnar að fara að byrja á því að *hækka laun* þessara aukalækna, heldur vildi hún að eins *einu sinni fyrir allt* veita þeim styrk *til verkfærakaupa*, og til þessa þótti henni því fremur ástæða, sem það eru fátækir kandídatar, sem skipaðir eru í þessi embætti, en á hinn bóginn alveg nauðsynlegt, að þeir geti fengið sjer verkfæri og meðöl til þess þeir geti orðið almenningi að notum.

Jakob Guðmundsson: Hvað búnaðarskólunum á Hólum og í Ólafsdal viðvíkur, þá verður það nákvæmlega að athugast, hvar aðalarðsins muni helzt vera von, hvort heldur af hinum opinbera eða prívat-skóla. Aðalarðurinn fyrir þjóðina af skólunum er hin bóklega og hin verklega menntun; það er tilgangurinn með þá, að sem flestir menntist bæði bóklega og verklega, til þess þeir verði nýtir menn og þjóðfjelaginu til uppbyggingar. En þegar nú aðal-

arðurinn er þessi, þá gjörir það í sjálfu sjer lítið til hvort skólinn er opinber eða privat. Munurinn er sá, að ef skólinn er opinber, þá er hann með öllu því, sem honum tilheyrir, landseign, bæði jörðin með öllum sínum endurbótum og framförum, húsin og áhöldin; öðru máli er að gegna með privatskólann; þar á stofnandinn jörðina og húsin með öllu því, er tilheyrir. Kostnaðurinn við opinberu skólana verður allt af meiri; því allt verður dýrara þegar það er gjört fyrir hið opinbera. En hver verða nú endalokin? Sú eina reynsla, sem við höfum í þessu efni, er skólinn í Ólafsdal. Jeg get frætt hina háttv. þingdeildarmenn um það, að skólastjórinn þar er mjög fátækur. Því skólastjóra er svo varið að hann hefur lagt fram alla sína krapta og góða hæfilegleika til þess að skólinn gæti náð sem bezt tilgangi sínum fyrir þjóðina, en minna hugsað um sinn eiginn arð og ábata, og skóla þessum hefur því verið stjórnað í bezta lagi, og að því leyti er hann eins fullkominn eins og menn mögulega geta vænzt eptir, eins og líka skólinn hefur þegar sýnt, að hann hefur gjört svo mikið gagn. Efnahagur þessa privatmanns, eigandans, er í raun rjettri miklu verri, hagfræðislega tekið, en ef hann hefði búið búi sínu fyrir sjálfan sig. Hann hefur varið öllum arði sínum til þess, að árangurinn af kennslunni yrði sem mestur og skólinn yrði til sem mests gagns fyrir landið. Það hefur margopt verið tekið fram, að allt sem unnið eða gjört væri fyrir hið opinbera, væri dýrara, en ef einstakir menn ættu hlut að máli, og allt svo opinber skóli dýrari en privatskóli, og því er minni ástæða til að halda, að opinber skóli verði til gróða fyrir landið, og því finn jeg ekki ástæðu til að leggja meir til hins opinbera skóla en til privat skóla. Jeg þarf ekki að tala meira um gufuskipaferðirnar; það er mikið búið um þær að tala; jeg vona líka að þingmenn hafi sjeð það, sem jeg hefi um þær skrifað í „Þjóðviljanum“.

Friðrik Stefánsson: Jeg er háttv. 1. kgk. þm. (J. H.). þakklátur fyrir hin góðu meðmæli með Hólaskóla. En þó jeg væri hjer í fjárlaganefndinni, þá skal jeg geta þess, að jeg var þar í minnihlutanum og gat því ekki áorkað meiru fyrir skólann, eða með öðrum orðum að hann fengi að halda því, sem háttvirt neðri deild veitti honum. Það er kunnugt, að hjer á lestrarsalnum hafa legið frammi skýrslur um ástand og efnahag skólans, og af þeim má háttv. þindm. vera kunnugt, að þar er með skýrum rökum tekið fram, að skólinn ómögulega geti komizt af með minna en 4000 kr. um árið; jeg get ekki verið hinum hæstv. landshöfðingja eins þakklátur fyrir tillögur hans skólanum viðvíkjandi, og þar sem hann sagði, að Hólaskóli þegar væri búinn að fá 20000 kr. af almannafje, þá er þetta ekki rjett, því að skólinn varð að kaupa Hóla fyrir 14,500 kr. og sýslufjelögin að taka það að láni úr landssjóði mót vaxtagreiðslu og afborgun, og er það að mínu áliti allt annað, en fje það sem veitt er í fjárlögum til búnaðarskóla. Nei, Hólaskóli, geta menn sagt, að hafi verið olbogabarn gagnvart Ólafsdalsskólanum, sem fengið hefur mjög mikinn styrk úr landssjóði 2500 kr. á ári fyrir utan allt búnaðarskólagjaldið í Vesturumdæminu, sem hvorttveggja verður yfir 4000 kr. á ári; ennfremur hefur hann fengið 1000 kr. styrk til húsabygginga; jeg segi þetta ekki af því, að jeg líti öfundarauga til skólans í Ólafsdal; en á hinn bóginn áliti jeg það mjög sanngjarnt og nauðsynlegt, að styrkja sýslufjelögin, sem komið hafa Hólaskóla á stofn, svo skólinn geti staðizt og komið að tilætluðum notum. Jeg skal ekki bera það til baka, að jeg hafi heyrt að ýmsir nýtir menn sjeu útgengnir frá Ólafsdalsskólanum, en hinsvegar er mjer ekki kunnugt

að nein stórvirki í jarðabótum hafi verið unnin á vesturlandi, og jeg efast um að þar hafi aðrar eins jarðabætur verið unnar eins og á norðurlandi. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta, en treysti því, að háttv. efri deild veiti Hólaskóla sama styrk og háttv. Nd. hefur gjört.

Landshöfðingi: Mjer kom það óvart að h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) skyldi ekki vera mjer þakklátur fyrir það, sem jeg sagði viðvíkjandi Hólaskólanum, því jeg talaði einmitt í sömu átt, sem haldið er fram í nefndarálitinu og sem hlýtur að vera samkvæm skoðun hans, því hann hefur skrifað undir nefndarálitið. H. þm. vildi bera það til baka, að skólinn á Hólum hefði fengið 20000 kr. til umráða, í eitt skipti fyrir öll, auk árlegs styrks; en jeg verð aptur að mótmæla því, því skólinn hefur úr landsjóði fengið 15000 kr. lán og enn fremur hluta Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu af búnaðarskólasjóði Norður- og Austuramtsins, sem nam nálægt 5000 kr.; þetta eru 20000 kr. í eitt skipti fyrir öll, og auk þess hefur hann notið hins árlega búnaðarskólagjalds úr fyrnefndum tveimur sýslum og enn fremur árlegs styrks úr landssjóði og úr búnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins. Hólaskólinn hefur þannig fengið meiri opinberan stryk en skólinn í Ólafsdal. Jeg skal játa það, að jeg er ekki kunnugur skólanum á Hólum til hlítar, en á hinn bóginn finnst mjer eitthvað óviðkunnanlegt við þetta stökk í fjárveitingunni til hans allt í einu upp í 4000 kr. úr 1500 kr. þegar um enga stækkun eða breytingu á honum er að ræða. Mjer finnst h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.) megi vera þinginu mjög þakklátur, ef skólinn núna fær tvöfalt meira en áður, og *láta* sjer það lynda.

Friðrik Stefánsson: Hæstv. landsh. tók það fram að Hólaskóli hefði haft meiri styrk en skólinn í Ólafsdal, en jeg verð að mótmæla því; skólinn í Ólafsdal hefur, eins og jeg hef áður tekið fram, yfir 4000 kr. á ári, en hvað stökkinu í fjárveitingunni, eins og hann sagði, viðvíkur, þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að það í alla staði er affarasælla, að hjálpa sem þörf krefur í tíma; en að gjöra það í ótíma kostar langtum meira; þá að eins getur hjálpin komið að tilætluðum notum. En hvað það snertir, að nafn mitt stendur undir nefndarálitinu, án þess eg hafi gert ágreiningsatkv., þá er það að vísu í alla staði satt, en jeg var samt sem áður í minni hluta í fjárlaganefndinni í þessu máli, þó jeg ekki kæmi fram með neitt sjerstakt ágreiningsatkvæði; og eins og hinum hæstv. landsh. er kunnugt, þá er þetta enda orðið „hæstmóðins“ í h. Nd., þó menn greini á í einstökum atriðum, án þess að menn fyrir það komi með ágreiningsatkvæði sín.

ATKVÆÐAGR.: 8. gr samþykkt í einu hljóði.

9. gr. samþ. í e. hlj.

Stafl. A. 10. gr. samþ. í einu hlj.

B. 1. a. og b. samþ. í e. hlj.

B. 2. samþ. í e. hlj.

B. 3. (a. b. c.) samþ. í e. hlj.

B. 4. a. samþ. í einu hlj.

1. br. N. við B. 4. b. samþ. í e. hlj.

B. 4. c. til f. samþ. í einu hlj.

C. 1. 2. 3. samþ. í e. hlj.

C. 4. a. samþ. í e. hlj.

2. br. N. við C. 4. b. samþ. með 8 atkvæðum gegn 3.

3. br. N. við C. 4. b. felld með 6 atkvæðum gegn 4.

4. br. N. C. 4. c. samþ. með 10 samhljóða atkv.

5. br. N. C. 4. c. samþ. með 6. atkvæðum gegn 5.

Ath. við C. 4. c. í frv. samþ. í einu hljóði.

6. br. N. C. 4. d. samþ. með 9 atkvæðum gegn 1.

C. 5. a. samþ. með 10 samhljóða atkvæðum.

7. br. N. C. 5. b. samþ. með 10 atkvæðum gegn 1.

8. br. N. C. 5. c. samþ. í e. hlj.

C. 5. d. samþ. í e. hlj.

Br. (þingskj. 406) við 10. gr. C. 6. felld með 8 atkv. gegn 3.

10. gr. C. 6. samþ. með 9 samhljóða atkvæðum.

9. br. N. við aths. samþ. í einu hlj.

10. gr. C. 7. samþ. í einu hlj.

10. gr. C. 8. 9. 10. samþ. í e. hlj.

10. gr. með áorðnum breyt. samþ. í einu hljóði.

10. br. N. við 11. gr. 1. samþ. með 7 atkv. gegn 1.

11. br. N. við 11. gr. 1. samþ. með 8 samhljóða atkv.

11. gr. 2. a. til e. samþ. í e. hlj.

12. br. N. við 11. gr. 2. (f.) samþykkt með 8 samhlj. atkv.

11. gr. 3. tl. allur samþ. í e. hlj.

11. gr. þannig br. samþ. í e. hlj.

12. gr. 1. samþ. í einu hlj.

13. br. N. við 12. gr. 2. samþ. með 9 samhljóða atkv.

14. br. N. við 12. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

12. gr. 3. a til g. samþ. í e. hlj.

12. gr. þannig br. samþ. í e. hlj.

Fertugasti og fjórði fundur, laugardag 20. ág. kl. 5 e. h. Allir á fundi, nema 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem kom ekki fyr en $^1/_3$ stundar eptir fundarbyrjun.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (333, 374, 387, 391, 394, 405, 406); frh. 2. umr.

Þriðji kafli, 13. – 20. gr.

L. E. Sveinbjörnsson: Af því að framsögum. (J. Ól.) er enn ekki kominn, skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð fyrir hönd nefndarinnar.

Vjer vorum komnir að 13. gr. Fyrsta breyt. nefndarinnar við hana er við A. b. 2. Sú breyting er svo tilkomin, að hinum núverandi presti í Grímsey er á frv. Nd. veittar 400 kr. hvort árið sem bráðabyrgðaruppbót í stað 200 kr. sem hann áður hafði; en talan utanstryks hefur ekki verið hækkuð að sama skapi, og af því að nefndin áleit ekki fært að taka af neinum presti eða skerða þá bráðabyrgðaruppbót sem hann hefur haft hingað til, þá áleit nefndin rjett að bæta þessum 200 kr. við töluna utanstryks. Styrkinn undir B. I. b. 4. til bókakaupa á prestaskólanum hefur nefndin fært niður í 200 kr. úr 300 kr., af því að nefndin þóttist vita að bækur þessar og bókasafn mundi ekki vera svo mikið notað og áleit hún því 200 kr. nægja fyrst um sinn, og sjá, hvort hlutaðeigendur hefðu nokkuð á móti því.

13. gr. B II. a hefur nefndin hækkað um 400 kr. til fastakennarans á læknaskólanum. Eins og tekið er fram í áliti nefndarinnar, þótti henni engin ástæða til að draga nú af honum þá viðbót, sem honum var veitt á yfirstandandi fjárhagstímabili, af þeim ástæðum, að hún álítur ekki rjett, að taka launaviðbót af manni, sem hann hefur einu sinni fengið og kringumstæður hans hafa ekkert breytzt, og það því síður sem þessi maður getur alls ekki talizt í flokki hinna hálaunuðu og hefur um mörg ár haft óviðurkvæmilega lág laun.

Svo hefur nefndin lagt til að 13. gr. V. a. 1. styrkurinn til kvennaskólans i Reykjavík verði færður úr 1500 kr. niður í 1200 kr., og nema burtu úr athugsemdinni þessi orð: „Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna“. Nefndin áleit sem sje enga ástæðu til að breyta því fyrirkomulagi, sem áður hefur verið.

Þá hefur nefndin lagt til að tillagið til kvennaskólans á Ytri-Ey verði hækkað um 100 kr., en til kvennaskólans á Laugalandi lækkað um 100 kr., svo og að styrkurinn til námsmeyja á báðum skólunum verði lækkaður um 400 kr. eða úr 1400 kr. niður í 1000 kr. Eptir þeim sögum sem nefndinni hafa borizt af báðum þessum skólum var svo að heyra, að kvennaskólinn á Laugalandi væri ekki í eins góðu lagi og skólinn á Ytri-Ey, og að tærri námsmeyjar hefðu sótt að Laugalandsskólanum síðastliðið ár en að Ytri-Eyjarskólanum. Um sönnur á þessum sögum gat nefndin ekki vitað, en eptir þeim að dæma áleit nefndin ekki ástæðu til að veita Laugalandsskólanum eins háan styrk og skólanum á Ytri-Ey.

Tölulið C 1. b. hefur nefndin hækkað um 200 kr., nfl. til aðstoðar við útlán og niðurröðun bóka, en leggur aptur til að feldur sje burtu tölul. d.: „til þess að semja skrá yfir bækur og handrit". Þetta gjörði nefndin til þess að, ef sá bókavörður, sem settur kynni að verða, yrði ekki af einhverjum ástæðum vel fær um að semja einn þess konar skrá yfir bækur og handrit eða hefði ofmikið að gjöra við útlán og niðurröðun bóka, að hann þá gæti fengið aðstoð til hvorstveggja. Nefndin skildi sem sje svo þennan tölulið d, að þær 400 kr. væru viðbót við laun bókavarðar og hann væri svo skyldugur að semja þessa bóka- og handrita-skrá, en það áleit nefndin ekki hentugt og breytti því þess vegna á þennan hátt.

Við 15. gr. hefur nefndin stungið upp á, að bætt sje við 150 kr. til Þorbjargar Sveinsdóttur ljósmóður. Jeg man ekki til að rætt væri í nefndinni af hverjum ástæðum þetta var lagt til, öðrum en þeim, að hún hefur reynzt mjög vel sem ljósmóðir; hún hefur komizt í skuldir við siglinguna og það hlýtur að verka mjög óþægilega á gleðsmuni hennar; auk þess hafði nefndin fyrir sjer meðmæli frá læknum og vottorð um að hún hafi sýnt dugnað og samvizkusemi við starf sitt sem ljósmóðir; enda er upphæð þessi ekki há. 16. gr. 2. þótti nefndinni ekki ástæða til að hækka frá því sem verið hefur að undanförnu. Nefndin áleit að með þeim eptirlaunum sem sá maður hefur væri þetta nægilegur styrkur. 16. gr. 3. styrkinn til búnaðarritsins hefur nefndin sett 20 kr. fyrir örkina, af þeirri ástæðu, að hún áleit að það mundi nægilegt, þar sem slíkt rit hlýtur að verða mikið keypt. 16. gr. 5. hefur nefndin álitið rjett að láta aðal-upphæðina 600 kr. halda sjer, en til þess að flýta því að fornbrjefasafnið gæti komið út, hefur hún miðað styrkinn við hverja örk, og lagt til að hann sje settur 25 kr. fyrir hverja, með hliðsjón til þess, að veittar mundu verða 25 kr. líka annarstaðar frá, svo að 50 kr. mundu nægja fyrir örkina.

Jeg stóð upp í vandræðum af því að framsögum. (J. Ól.) var ekki kominn. Nú sje jeg að hann vantar ekki lengur og sezt jeg því niður.

E. Th. Jónassen: Jeg er yfir höfuð samdóma h. nefnd um flestar tillögur hennar við þennan kafla. Það er að eins á fáeinum stöðum, sem jeg get ekki fallizt á breytingar hennar. H. nefnd leggur til, að lækka styrkinn til bókakaupa á prestaskólanum úr 300 kr. niður í 200 kr. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að þessi styrkur er ekki að eins til bókakaupa, heldur einnig til bókbands, og liggur það í augum uppi, að ekki verður mikið keypt af nýjum bókum fyrir svo lága upphæð, og tilgangurinn með þessa fjárveitingu er sá, að auka og styrkja bókasafn skólans; og minna má upphæðin ekki nema en 300 kr. Jeg vona því, að h. þingd. samþykki ekki þessa breyt. nefndarinnar. H. nefnd hefur stungið uppá þeirri athugasemd við 13. gr. B. III. c. 4.: „Af fje

þessu má engu verja til aukaborgunar til hinna föstu kennara". Það er „praxis" í Danmörku, sem einnig hefur verið fylgt hjer við latínuskólann, að fastir kennarar þurfa ekki að kenna nema 24 tíma á viku, og fá svo aukaborgun fyrir þá tíma, sem þeir hafa fram yfir 24. Það eru engin lög fyrir þessu, að eins „praxis". Það getur heldur ekkert verið á móti því, að kennararnir fái þessa aukaþóknun, hún nemur yfir höfuð mjög litlu; síðast liðið skólaár var það ekki nema eitthvað 3 kr. 60 a. á mánuði, sem upphæð þessi nam. Auk þess ber að gæta þess, að kennararnir eru mjög lágt launaðir í samanburði við aðra embættismenn, og þurfi skólastjórnin að taka aukakennara hvort sem er og borga þeim fyrir kennsluna, er það meinbægni að lofa ekki kennurunum sjálfum að sitja fyrir því, ef þeir vilja og geta lagt það á sig. Jeg vildi því óska, að h. þingdeild vildi fella þessa athugasemd nefndarinnar.

H. nefnd hefur enn fremur stungið uppá, að lækka styrkinn til kvennaskólans á Laugalandi en hækka að sama skapi til kvennaskólans á Ytri-Ey. Mjer finnst lítil ástæða vera til þessarar breytingar, og jeg hefi ekki heyrt þau rök færð fyrir því, að mjer virðist ástæða til að gjöra þann mun á þeim. Þá hefur nefndin lagt til, að bætt sje inn á 15. gr. 150 kr. til ljósmóður Þorbjargar Sveinsdóttur. Jeg get ekki almennilega gjört mjer grein fyrir, hvernig á þessari viðbót stendur. Þessi kona hafði sótt um miklu hærri styrk til fjárlaganefndarinnar, og h. Nd. fann ekki ástæðu til að veita það, en nú er þetta komið hjer inn í Ed. með að eins 150 kr. Jeg get ekki fellt mig við að veita henni þetta fje á fjárlögum, af því að hún sje í fjárþröng; það getur hvorki heitið eptirlaun og ekki heldur heiðurslaun; til þess er upphæðin of lítil. Og jafnvel þó jeg játi og allir viðurkenni að hún sje góðs makleg, þá get jeg ekki gefið atkvæði fyrir þessari fjárveitingu af almannafje.

Þá leggur h. nefnd til, að á 16. gr. sjeu veittar 800 kr. hvort árið til bæjarfulltrúa Jóns Ólafssonar til bókfræðisstarfa". Þetta er svo ótiltekinn tilgangur, að jeg get ekki fellt mig við þá fjárveitingu. Það er reyndar breyt.till. um að orða það öðruvísi, en hún bætir ekkert úr, og maður verður þó að ætlast til þess af þinginu, að það viti til hvers það veitir styrki sína og fje til vísindalegra fyrirtækja.

Að lokum skal jeg minnast lítið eitt á viðaukatillögu mína við 16. gr. Bæjarfógetinn í Reykjavík hafði sótt um þennan styrk til fjárlaganefndarinnar í Nd., en hún hefur ekki tekið það til greina á frv. sínu. Jeg er þessu máli kunnugur og skal því leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar.

Eins og gefur að skilja eru afsals- og veðmálabækur bæjarfógetadæmisins mjög umfangsmiklar; þær eru 12 eða 13 bækur „in folio". Það er lögskipað að hafa registur við þessar bækur, og það hefur líka verið gjört af fyrverandi bæjarfógetum, en eins og geta má nærri er þetta registur mjög umfangsmikið og orðið allt útstrykað og óljóst sakir allra þeirra breytinga, sem orðið hafa við skipti á eigendum húsa o. fl., og fyrir því er lítt mögulegt að botna í því, sízt fyrir ókunnuga menn. Þegar því gefa þarf veðmálabókarvottorð eptir afsals- og veðmálabókunum, er það nær því ókleyft verk að gjöra það svo rjett að óyggjandi sje, þar sem að húseignirnar hafa gengið meðal svo margra og verið svo víða í veði; en mjög er áríðandi, að þess konar vottorð sjeu áreiðanleg, ekki að eins fyrir bankann, heldur og alla sem þeirra þurfa. Það er heldur ekki við því að búast, að bæjarfógetinn geti sjálfur kostað svona um-

fangsmikið verk, eins og registrið er, án nokkurs styrks, einkum þar sem skrifstofufje hans ekki einu sinni hrekkur fyrir skrifstofukostnaðinum. Það hefur einusinni áður fyrir 40 árum síðan verið veittur styrkur til að semja og laga þetta registur, og þegar nú er að eins farið fram á þetta lítilræði í eitt skipti fyrir öll, virðist mjer hin mesta ástæða til að veita það, þar sem að svo mikil nauðsyn ber til og vottorð þau, sem gefa þarf úr afsals- og veðmálabókunum, eru svo þýðingarmikil. Jeg vona því að hin háttv. fjárlaganefnd og h. þingd. vilji stuðla til þess að þetta fje verði veitt.

Júlíus Havsteen: Jeg vil leyfa mjer að minnast á eina breyt.till h. nefndar, sem h. 2. kgk. (E. Th. J.) einnig minntist nokkuð á; það er tillagan um að lækka styrkinn til kvennaskólans á Lauglandi og hækka styrkinn til kvennaskólans á Ytri-Ey, og veita þannig Ytri-Eyjarskólanum 200 kr. meira en hinum. Eptir því sem jeg skildi orð h. varaforseta (L. E. Sv.), hafði nefndin það fyrir ástæðu, að færri námsmeyjar hefðu verið síðastliðið ár á Lauglandsskólanum en á Ytri-Ey. Það var nú að vísu svo. En hingað til hefur amtsráðið eptir þeim skýrslum sem það hefur fengið álitið báða þessa skóla standa jafnfætis, og veitt þeim jafnan styrk af jafnaðarsjóði. Mjer þykir það og undarlegt að láta nú kvennaskólann á Laugalandi gjalda þess, þótt færri námsmeyjar hafi notið kennslu á honum síðastliðið ár; ef nú hið gagnstæða ætti sjer stað næsta ár og fleiri námsmeyjar yrðu á skólanum á Laugalandi en á Ytri-Ey, væri það þá sanngjarnt og rjett að veita kvennaskólanum á Ytri-Ey hærri styrk það ár? Mjer virðist mesta ástæða til að láta þá báða hafa jafnan styrk og gjöra engan mun á þeim í því tilliti.

Framsögum. (Jón Ólafsson): Jeg skal fyrst leyfa mjer að svara athugasemdum h. 2. kgk. (E. Th. J.) viðvíkjandi styrknum til bókakaupa til prestaskólans. H. háttv. þm. hugði að nefndin hefði farið otlangt í því að lækka þennan styrk um 100 kr. hvort árið. Nefndiu áleit að 200 kr. mundi verða nægileg upphæð eptir ástæðum, því að henni var ekki kunnugt um að fyrir lægi á næsta fjárhagstímabili að verja þurfti sjerstaklega miklu fje til bókbands fyrir þann skóla.

Þegar nefndin leit til bókasafns alþingis Íslendinga, sem verður að fylgja með í svo yfirgripsmiklum vísindagreinum, sem eru á sífeldu framfaraskeiði, og sá, að *það* verður að láta sjer nægja með 200 kr. árlega, þá varð nefndin að ætla, að í guðfræðinni, sem að eins er *fræði*-grein, sem ekki mun stórvægilegum breytingum undirorpin, mundi ekki ske svo miklar nýjungar árlega, að 200 kr. mundu ekki vera ríflega til tekið handa prestaskólabókasafninu í samanburði við alþingis bókasafnið. Jeg ímynda mjer að nefndin vilji halda fast við þessa tillögu sína, enda sýnist þetta vera allmikið fje að tiltölu, þegar litið er til þess, hve *lítið* fje er veitt til landsbókasafnsins, er þó verður að fylgja með í *öllum* vísinda- og fræðigreinum; 200 kr. á ári ætti að vera nóg þar sem ekki er nema um eina fræðigrein að tala, og þá sjerstaklega, þegar um þá fræðigrein er að ræða, sem er svo vaxin, að ekki eru í henni miklar nýjar uppgötvanir. *(A. Ó.:* Svo?) En það er annað atriði, sem h. 2. kgk. (E. Th. J.) og 1. kgk. (J. H.) þótti sjerstaklega athugavert; það voru tillögur nefndarinnar viðvíkjandi kvennaskólunum á Laugalandi og Ytri-Ey. Nefndin vill fúslega viðurkenna, að hún hefur byggt þær tillögur sínar á því áliti, sem hún síðar hefur komizt að annari niðurstöðu með, og mun hún því ekki vera mjög fastheldin við þær breytingar sínar. Ef breyt.till. kæmu fram í þá átt að færa styrkinn til þeirra

í líkt lag og að undanförnu, mundi nefndin ekki setja sig á móti því. Það var sjerstaklega tilgangur nefndarinnar, að tryggja styrkinn til *námsmeyjanna*; það getur verið töluverð ástæða til að hækka *þann* styrk til skólanna, en lækka heldur tiltölulega hinn fasta styrk til hvors skólans fyrir sig. Nefndin mun ekki ófús á að taka breytingum í þessa átt, ef þær kæmu fram. En í sjálfu sjer áleit nefndin töluverða ástæðu til, að gjöra mun á skólunum á Laugalandi og Ytri-Ey, eigi eingöngu af muninum á námsmeyjafjöldanum, heldur vegna alls fyrirkomulags beggja skólanna og álits þeirra. En þessu atriði mun og nefndin einnig fús að breyta, ef margar raddir koma fram í þá stefnu.

Viðvíkjandi 15. gr., viðbótinni til Þorbjargar ljósmóður Sveinsdóttur, skal jeg taka það fram, að ástæður nefnd. fyrir þeirri tillögu voru að öðru leyti verðleikar hennar, en hinsvegar tók hún og tillit til þess, að hún um tíma næst undanfarið hefur ekki fengið útborgaða alla þá launaviðbót, sem henni var ætluð í fjárlögunum, svo að nokkuð af þeirri upphæð hefur runnið til baka. Af fje því sem henni var ætlað í fjárlögum 11. gr. 3., hefur hún ekki fengið útborgað nema frá 1. jan. til 30. júní 1884, svo styrkurinn fyrir hálft annað ár hefur runnið til baka, án þess hún hafi notið hans. Þetta vakti fyrir nefndinni og þetta veit jeg að háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) er kunnugt. Jeg veit líka að honum mun það kunnugt, að bæjarstjórnin í Reykjavík, sem launar henni að nokkru, tók einnig tillit til kringumstæðna hennar á því tímabili, sem hún sjálf var veik og fráverandi. Þetta veit jeg að h. þm. vill taka til greina.

Jón A. Hjaltalín: Jeg á hjer nokkur breytingaratkvæði; þannig hef jeg farið fram á að fella burt 13. gr. B. V. b. 2. tölul., það sem ætlað er sveitakennurum í frumvarpi neðri deildar; jeg hef heyrt marga láta þá skoðun í ljósi, að landssjóður ætti ekki að kosta hina lögboðnu kennslu í skript og reikningi, heldur ættu sveitirnar sjálfar að gjöra það, en þar sem nú þessir umgangskennarar ekki kenna annað en það sem er fyrir skipað í lögum að börnin skuli nema, þá finnst mjer ekki vert að veita þennan styrk, sjerstaklega af því að jeg er hræddur um að þessi 1500 kr. styrkur kæmi að mjög litlu liði, þegar búið væri að skipta honum niður milli 30 hreppa. Eptir því sem jeg þekki til þá álít jeg að sveitunum sje lítil vorkunn á að kosta umgangskennara, og er óviss um að þessi styrkur yrði til upphvatningar til að halda áfram eða auka kennsluna; jeg held miklu fremur að það yrði til að draga úr eða kæmi að minnsta kosti að engum notum. Hjer er eigi heldur ætlazt til að fleiri en 30 sveitir verði aðnjótandi styrksins, en hvers eiga hinar að gjalda? Jeg hef heyrt að mönnum þykir ósanngjarnt að veita mikið fje til barnaskólanna, þar sem að eins sumar sveitir hafa gagn af því, en aðrar aptur á móti ekkert gagn, enda er jeg á því, að hann sje færður niður, en ekki mjög mikið í einu, heldur smátt og smátt, eins og ölmusustyrkurinn til latínuskólans.

Við 16. gr. hef jeg stungið upp á að fella burtu 1. tölul. þ. e. styrkinn til Þorvaldar Thoroddsens á næsta fjárhagstímabili; þessi maður hefur fengið töluverðan styrk af almannafje þar sem hann nú í 7 ár hefur fengið yfir 7000 kr. auk embættislauna; en nú langar mig til að vita hvað landið hefur fengið í aðra hönd fyrir þessar 7000 kr.; jeg hef reyndar sjeð margar ritgjörðir í tímaritum frá hans hendi, þær hafa birzt eigi að eins í íslenzkum blöðum heldur og útlendum, svo um þær má segja eins og stendur í versinu: „Það var ritað og þannig sett á þrennslags tungumáli“. Hann hefur nú fengið sjerstaka borgun fyrir þessar ritgjörðir,

eins og rjett er. En er tilvinnandi fyrir landssjóð að kosta til þess að sínu leyti 1000 kr. ári, að þær geti komið út? Vera má að hann hafi safnað náttúrugripum, jeg veit það ekki, því jeg er orðinn honum ókunnugur, en ekki vissi jeg til þess, þegar jeg þekkti hann. En sje nú svo að hann hafi bæði safnað miklu og gjört margar athuganir, þá álít jeg að mál sje komið fyrir hann að hvíla sig og fá næði í 2 ár til að raða niður því sem hann hefur safnað og koma öllu í lag; einkum þar eð líka önnur söfn sem hann stendur í sambandi við munu þurfa niðurröðunar við. Maðurinn þarf einnig að lesa, en það getur hann ekki meðan hann er á þessu ferðalagi, því að það tekur upp fyrir honum allan sumartímann, og á vetrum er hann bundinn við kennslustörf, svo að hann hefur engan tíma afgangs. Jeg álít því bezt bæði fyrir hann og landið að hann fái hvíld frá rannsóknarstörfum sínum, svo að hann geti fært sjer í nyt það, sem hann hefur safnað á ferðum sínum, og vil jeg því ráða til að honum verði ekki veittur ferðastykur á næsta fjárhagstímabili.

Þá er 3. tölul. í 16. gr., um að veita búfræðing Hermanni Jónassyni 300 kr. styrk á ári til að gefa út búnaðarrit; þenna tölulið hef jeg ráðið til að fella burt og er það ekki af því, að fyrirtækið eigi sje mjög lofsvert og verðskuldi hjálp og uppörfun, en jeg hef sannspurt, að búnaðarfjelag suðuramtsins kaupi ritið fyrir 400 kr. og ef nú þar við bættist 300 kr. styrkur úr landssjóði, þá mundi það verða nóg til að borga prentun og pappír, en þar sem jeg hef heyrt að ritið hafi um 1000 ákrifendur, þá get jeg ekki sjeð að landssjóður þurfi að styrkja það, því að það hlýtur að komast út án hans hjálpar og notin verða engu minni af því, þó að eigi sje farið að gefa það út á kostnað landssjóðs. Það er annars orðið allt of títt hjer syðra, að hlaupa í landssjóð hve nær sem gefa á út einhverja bók, hvort sem nokkur þörf er fyrir hans hjálp eða ekki.

Þá er viðaukaatkvæði mitt um 600 kr. til að semja skrá yfir skjalasafn stiptsamtsins.

Árið 1885 kom þingsályktunartillaga frá þinginu um að skjalasafn embættismanna skyldi sent til Reykjavíkur og geymt á landsbókasafninu; þessari tillögu hefur nú verið framfylgt svo, að safnið er komið upp á kirkjulopt, en þar mun því varla vera eins vel borgið og á landsbókasafninu. Jeg hef heyrt, að á vetrum væri hjela á kirkjuloptinu, og ef svo er, hlýtur það að skemma safnið. Landshöfðingi ljet í fyrra rannsaka biskupssafnið og fundust þar mörg merkileg brjef, en borgunina fyrir það tók hann af því fje sem veitt var til óvissra útgjalda; en nú er sá útgjaldaliður afnuminn í þessu frumv., svo að eigi er hægt að fá það fje til að rannsaka stiptssafnið, þó að engu að síður sje þörf á að rannsaka það en hitt. Skjalasafn stiptamtsins er stórt og þar í brjef jafnvel frá 17. öld, og mörg frá 18. öld, en það er illa útleikið, sum skjölin farin að rotna og þarf því að búa betur um þau en gjört hefur verið, en sjerstaklega má ómögulega dragast að skrásetja þau, því allir vita hve áríðandi þau eru fyrir þann hluta af sögu landsins, sem þau ná yfir, en ómögulegt að nota þau meðan engin skrá er til. Í safninu eru 188 pakkar og 450 brjef í hverjum pakka, samtals 84600 brjef og kemur þá $^3/_4$ eyris á hvert brjef, svo að styrkurinn virðist eigi geta verið minni en til er tekið; þess ber og að gæta, að í þessu skjalasafni eru mörg brjef, sem þurfa að komast í Fornbrjefasafnið, sem nú á að fara að gefa út; þar eru máske líka landamerkjaskjöl, sem mun verða að fá innan tveggja ára; jeg vona því að þingið sjái, að brýn nauðsyn er á að fara að rannsaka þetta safn.

Þá er 26. tölul. í nefndarálitinu um 150 kr. til ljósmóður Þorbjargar Sveinsdóttur; jeg veit vel að biðjandinn er alls góðs makleg, en mjer finnst viðkunnanlegra að Reykjavík gjaldi henni þetta en landið.

Þá skal jeg að síðustu nefna 30. tölulið; þar er farið fram á að veita bæjarfulltrúa Jóni Ólafssyni 800 kr. styrk á ári til bókfræðisstarfa; jeg veit nú ekki hvort þetta er sami maðurinn sem alþingismaður Jón Ólafsson; en ef svo er, þá furðar mig að hann skuli biðja um þenna styrk, því að hann hefur komið fram sem svo fróður maður hjer í deildinni, að jeg er hræddur um að það fari fyrir honum eins og Kvási, ef hann fær meiri fróðleik. Og þó hefur deildin eitt atriði fyrir sjer, þar sem kunnáttu þingmannsins virðist mjög ábótavant, og það er í yfirskoðun landsreikninganna. Ef því á að veita honum styrk, þá sýndist mjer þörf á að gjöra þá athugasemd, hvort sem jeg nú gjöri það eða ekki, að hann fengi styrkinn til að læra að yfirskoða reikninga.

Landshöfðingi: Hjer er eitt nýmæli, sem enn hefur ekki verið minnzt á, og það eru 1000 kr. til þess að koma járnþaki á vesturhlið latínuskólans; háttv. nefnd hefur tekið beiðnina um þetta fje til greina, og vona jeg því fastlega að það fái fram að ganga.

Á þinginu 1885 var sótt um fje til aðalaðgjörðar á skólahúsinu og farið fram á 24000 kr. fjárveitingu en þá voru veittar aðeins 5000 kr.; þessu fje var svo varið eptir tilætlun þingsins meðal annars til að leggja járnþak á skólann að austanverðu og til að járnklæða alla austurhliðina og suðurgaflinn og ennfremur hefur það enzt til að járnklæða kvistinn; það liti því mjög illa út, ef hjer væri látið staðar nema og þakið ekki klætt allt; fyrir því hefur umsjónarmaður skólahússins snúið sjer til þingsins með beiðni um fje til að fullgjöra járnþakið, og vil jeg sem bezt mæla fram með þeirri beiðni.

Viðvíkjandi 18. tölul. tek jeg undir með háttv. 2. kgk. (E. Th. J.), að skólakennurum megi borga tímakennslu, ef þeir hafa meir en 24 tíma á viku, alveg eins og öðrum tímakennurum. Það getur orðið erfitt að koma því fyrir, að hver kennari hafi einmitt 24 stundir, án þess að þurfa að skipta kennslunni í sömu vísindagrein milli tveggja kennara, en slíkt mundi ef til vill aptur geta leitt til þess, að kennslunni væri ekki eins vel borgið eins og ella; það virðist miklu heppilegra, að sami maðurinn kenni vísindagreinina alveg, og fái borgun fyrir þá tíma sem hann hefur fram yfir 24 tíma. Menn segja kannske á móti þessu, að ekkert sje lögákveðið um tímafjölda kennaranna, og að þeir sjeu skyldir að kenna eins marga tíma á viku eins og á þá verði lagt; en þegar litið er til launa kennaranna, og þess, að þeir verða að nota sínar frístundir til þess að vinna sjer eitthvað inn, t. d. með annari kennslu, þá virðist slíkt ekki rjett, að minnsta kosti ekki sanngjarnt.

Viðvíkjandi 20. tölul. skal jeg að eins taka það fram, að jeg vildi helzt að allir kvennaskólar stæðu undir umsjón stiptsyfirvaldanna, en síður undir umsjón amtsráðs og sýslunefnda, því kvennaskólar eru ekki sveitamálefni, heldur landsmálefni, og þar við bætist, að amtsráðin halda venjulega fundi sína á vorin, en á haustin þarf að útbýta styrk þeim, sem kvennaskólarnir fá, og er það því óhentugt fyrirkomulag.

Hvað barnaskólana snertir, er jeg enn og hef allt af verið þeirrar skoðunar, að landssjóður ætti að leggja sem mest til þeirra, því það gjörir að minni hyggju miklu meira gagn en þessi alþýðuskóla-styrkur, og því er jeg mótfallinn þeirri stefnu, að afnema allan styrk til barnaskóla í sveitum. Það gæti líka orðið mjög tilfinnanlegt fyrir

skólana að missa þenna styrk allt í einu; jeg þekki t. d. skóla í Ölfvesinu, sem er að sögn mikið góður skóli. Honum mundi verða það mjög tilfinnanlegt, ef hann missti allan þann styrk, sem hann hefur haft, og fengi nú að eins 50 kr. til sveitakennara. Jeg hefði helzt viljað að það hefði verið alveg ótiltekið, hve mikið hver sveitakennari skyldi fá; en hlýt að vera mótfallinn því að þetta sje alveg numið burtu.

Af hinum öðrum breyt.till. vil jeg sjerstaklega mæla fram með breyt.till. frá h. 6. kgk. (J. A. Hj.) um styrk til að semja skrá yfir stiptsskjalasafnið; hann hefur gefið svo greinilega skýrslu um þetta safn og ástand þess, að jeg þarf engu við að bæta. Maður, sem að mínu áliti er vel til þessa starfa fær, og sem hefur þegar áður rannsakað skjalasafnið við biskupsembættið, hefur boðið sig fram til þessa starfa, og dylst víst engum, að það sje þarflegt verk, og jeg hef mikla ástæðu til að halda, að þessi maður leysi það vel af hendi.

Jakob Guðmundsson: Jeg þarf varla að minnast á breyt.till. mína (205); hún er ekki nema til skýringar og löguð samkvæmt bónarbrjefi hlutaðeiganda. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) talaði um, hve nauðsynlegt væri að veita styrk til að semja skrá yfir veðmálaskjöl bæjarins. Jeg er honum samdóma í þessu, því slíkt er nauðsynlegt bæði fyrir eigendur eignanna, sem setja þær að veði, og sjóði þá og einstaka menn, sem taka þær að veði, að veðbókarvottorðin sjeu glögg og áreiðanleg. Um styrkinn til ljósmóður Þorbjargar Sveinsdóttur þarf ekki að fara mörgum orðum. Framsögum. hefur tekið það fram, að hún hefur í næst undanfarin ár eigi fengið að fullu þau laun, sem henni voru ætluð úr landssjóði. Jeg skal ennfremur geta þess, að hún hefur orðið fyrir sjúkdómstilfelli, og orðið að leita sjer dýrra lækninga; við þetta hefur hún komizt í miklar skuldir bæði við opinbera sjóði og einstaka menn. Skuldir þessar eru svo miklar, að hún getur eigi goldið rentur af þeim. Er þess vegna viðbúið, að hús hennar verði selt og hún þannig verði húsnæðislaus. 6. kgk. þm. sagði, að Rvík stæði nær að styrkja hana heldur en landssjóði. Jeg veit ekki betur en Reykvíkingar hafi styrkt hana. Háttv. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) vildi láta fella burt þessar 1500, sem sveitakennurum eru ætlaðar í frv. Bar hann það fyrir, að ekki gætu nema 30 fengið af þessum styrk ef hver fengi 50 kr., og þá væri ósanngjarnt að setja sumar sveitir hjá. En það vakti fyrir nefndinni, að bæði væri betra að veita nokkrum en engum, enda mundi óvíst að fleiri en 30 sveitir notuðu styrkinn á þessu fjárhagstímabili.

En fyrst hann er svo sanngjarn, að honum vex í augum ójöfnuðurinn milli þeirra sveita, sem fá þennan styrk og hinna sem eigi kynnu að fá hann eða eigi geta notað sjer hann, þá hefði jeg ætlazt til þess af honum, að hann hefði spurt sjálfan sig, hvers sveitirnar, er sökum strjálbyggðar og fámennis eigi geta haft barnaskóla, eigi að gjalda, ef þær fengju eigi neitt á móts við það fje, sem lagt er til barnaskóla í kaupstöðum og sjóplássum. Það vakti fyrir nefndinni, að þessi fjárveiting væri vel fallin til að hvetja menn til að hafa umgangskennara, þar sem skólum verður eigi við komið, og held jeg að mikils gagns megi vænta af þessu. Það er líka auðsætt, að sveitirnar sjálfar leggja í mestan kostnaðinn til umgangskennaranna, þó hver þeirra fengi 50 kr. styrk af opinberu fje. Sízt af öllu hugsaði jeg að forstjóri Möðruvallaskólans yrði þessu mótfallinn, því það mundi veita mörgum af hans lærisveinum atvinnu á vetrum og gefa þeim færi á, að neyta þess lærdóms, er þeir hafa aflað sjer, öðrum til gagns. Mundi það um leið auka aðsókn að Möðruvallaskólanum, og efla viðgang hans. Og

jeg er viss um að 6. kgk. þm. er mjög annt um heill og heiður skóla síns. Ennfremur hjelt 6. kgk. þm.. að bæði mundi það Þorvaldi Thoroddsen sjálfum og vísindagrein þeirri, er hann vinnur að, fyrir beztu, að hann hvíldi sig um eitt fjárhagstímabil. Jeg skildi reyndar ekki vel, hvort tilgangur hans var að hvíla manninn frá ferðalögum, eða hitt að hvíla landið og frelsa það frá frekari skoðun og rannsókn. Hann tók það fram, að ekki væri nóg að skoða og rannsaka, heldur þyrfti einnig að raða niður og rita. En jeg held að lengi og vandlega þurfi að rannsaka, áður auðið sje að rita bók um jarðfræði Íslands. Jeg get náttúrlega ekki sagt, hvað mikið praktiskt gagn muni verða að þessum rannsóknum, því það er enn ósjeð. En hitt er víst, að jarðfræðisleg þekking hlýtur með tímanum að koma að praktiskum notum, auk þeirrar þýðingar, sem hún hefur fyrir vísindin. Reynsla annara þjóða sýnir oss, að það er eigi einasta talið áríðandi fyrir vísindin, að þekkja jarðfræði síns eigin lands, heldur er það einnig talin hagfræðisleg nauðsyn. Þessvegna verja hinar bezt menntuðu þjóðir stórfje á ári til jarðfræðislegra rannsókna og telja því vel varið. Jeg skildi heldur ekki hvort 6. kgk. þm. ætlaðist til þess, að Þorvaldur starfaði í 2 ár að því að raða niður náttúrugripum og rita um jarðfræði endurgjaldslaust, eða hans meining var að veita þennan styrk til þess og þannig slá tvær flugur í einu höggi. En hver sem hans meining kann að hafa verið, vænti jeg þess, eptir þeirri stefnu, sem þingið hingað til hefur haft í þessu máli, að einnig háttv. Ed. að þessu sinni veiti styrk þennan, og jafnvel leyfi jeg mjer að vonast eptir, að háttv. 6. kgk. þingm. greiði atkvæði með því þegar þar að kemur.

Framsögum. (Jón Ólafsson): Viðvíkjandi breytingartillögum h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að nefndin fann ekki ástæðu til að breyta ákvæði frumv. um styrk til sveitakennslu. H. 6. kgk. þm. hefur í breytingartill. sínum á þingskjali 387 lagt það til, að þessi styrkur verði felldur burtu. Nefndin getur ekki fallizt á þessa breytingartillögu, enda getur hún ekki sjeð, að nein ástæða sje til hennar. Því að úr því að styrkurinn undir 13. gr. B. V.b. 1. er veittur barnaskólum í sjóþorpum og verzlunarstöðum, þá gat nefndin ekki sjeð neina ástæðu til að setja hjá aðra hluta landsins, sem eru miklu ver staddir í menntunarlegu tilliti, en sjóþorpin og verzlunarstaðirnir. Einmitt í sveitunum er örðugt að útvega kennslu og þar er víða ómögulegt að hafa barnaskóla. Jeg verð þess vegna að segja, að mjer er tillaga h. þm. alveg óskiljanleg. Jeg hefði betur getað skilið það, ef hann hefði viljað leggja minna til barnakennslu í sjóþorpum og verzlunarstöðum, en að vilja draga af styrknum til sveitakennslunnar. Nefndin áleit þessar 1500 kr. hvort árið vera það allra-minnsta, sem þingið ætti að veita til sveitakennslunnar —og reyndar skoplega lítið— og álítur hún því *alveg fjarstætt* að fella þennan styrk burt. Bending hæstv. landsh. um, að það væri ekki heppilegt að binda styrkinn við 50 kr. til hvers sveitakennara, þar sem það gæti leitt til að svipta þá sveitaskóla, sem áður hefðu fengið styrk úr landssjóði, öllu tillagi framvegis, vakti ekki fyrir nefndinni; en jeg ímynda mjer, að nefndin vilji taka tillit til þessarar bendingar og gjöra sitt til að koma til 3. umr. því ákvæði inn í frumv., sem heimili að veita þeim sveitaskólum, sem áður hafa fengið styrk úr landssjóði, tiltölulega upphæð af þessu fje. Ástæða h. 6 kgk. þm., að það væri hvorki „heilt nje hálft“, þó lítill styrkur væri veittur handa 30 sveitum, er ekki mikilsverð, þar sem sveitakennsla er komin á í fæstum sveitum, og það

mun ríflega í lagt, ef styrkurinn verður notaður á næsta fjárhagstímabili í meira er 30 sveitum. Það er í fyrsta sinni sem styrkur er veittur á þennan hátt, og það er vafalaust, að þingið mun fúst á að færa þennan styrk upp framvegis, ef hann verður hagnýttur í fleiri sveitum, en hjer er gjört ráð fyrir. Í mörgum sveitum mun því miður, ekki vera kostur á að fá kennara nú sem stendur, jafnvel með þessum styrk. En nefndin vill, sem sagt, halda við frumv. í þessu atriði.

Þá er önnur breytingartill. á sama þingskjali við 16. grein 1. um að fella burt styrk „til kennara Þorvaldar Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands.“ Þessi breyt.till. gengur svo þvert á móti því, sem *þingið* hingað til hefur gjört í þessu efni, að nefd. getur ekki vel aðhyllzt hana. Það kunna nú að vera deildar skoðanir um árangur þessara rannsókna, en að undanförnu hefur enginn ágreiningur verið í þinginu um þennan styrk, og skoðun þingmanna hefur verið alveg samhljóða um nytsemi þess starfa, sem hjer ræðir um að styrkja, og þess vegna verð jeg að álíta, að skoðun h. þm. í þessu efni sje nokkuð einstakleg, og það svo einstakleg, að jeg álít ekki þörf að fara fleiri orðum um hana.

Þá er þriðja breytingartill. á sama þingskjali, sem fer fram á, að fella burt styrkinn undir 16. gr. 3. til að gefa út búnaðarrit. H. þm. færði þá ástæðu fyrir þessari tillögu, að búnaðarfjelag Suðuramtsins keypti nokkuð af búnaðarriti því, sem hjer ræðir um, og styrkti þannig útgáfu þess. Það er satt, að fjelagið kaupir all-mörg eintök af ritinu, en, vel að merkja, fyrir $^2/_3$ verðs, svo að jafnframt og það hjálpar útgefandanum til að koma ritinu út, þá rýrir það tekjur hans af ritinu, með því það spillir fyrir útbreiðslu þess fyrir venjulegt verð. Nefndin hefur því ekki viljað fara lengra, en að færa styrkinn niður um 5 kr. fyrir hverja örk, og í því held jeg að nefndin hafi ekki farið ósanngjarnan meðalveg. Nefndin getur þess vegna ekki aðhyllzt þessa breytingartill. h. 6. kgk. þm., enda hefur engin rödd heyrzt í þá átt, að styðja hana. Útgáfa búnaðarritsins er líka eitt af hinum þörfustu fyrirtækjum, en lítil von hins vegar, að kostnaðurinn við hana borgi sig. Þar sem h. þm. talaði um, að það liti svo út, sem enginn gæti gefið út bók í Reykjavík nema að fá til þess styrk af almannafje, þá nær þetta ekki til fjárlagafrumv. þingsins í þetta skipti. Þetta þing á ekki sök á því, hvernig önnur þing hafa farið með fje landsins í þessu tilliti, enda hygg jeg það sje umboðsstjórnin, sem á ámæli skilið fyrir illa meðferð á fje því, er þingið hefur veitt, en ekki þingið fyrir að gera henni kost á fjenu.

Þá er á sama þingskjali uppástunga frá sama þm. um, að bætt sje við 16. gr. nýjum töluliði um 600 kr. styrk til að semja skrá yfir skjalasafn stiptamtsins. H. 6. kgk. þm. tók það meðal annars fram um nauðsyn þess að semja skrá þessa, að í skjalasafni stiptamtsins voru skjöl, sem sjálfsagt þyrftu að komast í „Fornbrjefasafnið“ og því mætti þetta verk ekki bíða. Það getur verið, að safnið hafi að geyma ýms skjöl, sem taka ætti í „Fornbrjefasafn“ það, sem í ráði er að halda áfram að gefa út; en jeg efast um, að Fornbrjefasafnið komist svo langt á næsta fjárhagstímabili, að það nái út í skjalasafn stiptamtsins. Það munu litlar vonir til þess, einkum ef miðað er við, hvernig hingað til hefur gengið með útgáfu þessa safns. Þar sem h. 6. kgk. þm. sagði, að líkindi væru til að „landamerkjaskjöl“ væru í safni stiptamtsins, þá er mjer ekki kunnugt um, hvernig ætti að standa á því, að þau skjöl væru *þar*. Jeg hefði hugsað, að þeirra væri heldur að leita *annarstaðar*. Yfir höfuð virðist engin brýn

nauðsyn til að veita fje á *næsta* fjárhagstímabili til að semja skrá þessa. Nefndin tók ekki tillögu þessa til greina af því, að henni virtist að henni hefði átt að fylgja meðmæli frá landshöfðingjanum. Þegar nefndin kom saman til að ræða um breytingartillögurnar, lá ekkert fyrir henni, sem sýndi, að landstjórninni væri annt um að fá þetta verk unnið, en nú á fundinum hefur landshöfðinginn mælt mikið með því að þetta fje yrði veitt, og vill nefndin því ekki vera þessari breytingartill. mótfallin. Nefndin var það ekki heldur í sjálfri sjer, en henni þótti vanta hvöt frá landstjórninni; en þegar ekkert lá fyrir nefndinni, sem benti á ósk landstjórnarinnar eptir þessum styrk, þá áleit nefndin að ekki ætti að troða honum upp á hana. Að öðru leyti skal jeg játa, að það getur verið mjög fróðlegt að fá þessa skrá, og hitt efast jeg ekki um, að sá, sem ætlar að takast á hendur að semja skrána, er vafalaust vel fær til þess. Á þingskjali 391 er breytingartill. frá h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um styrk handa bæjarfógetanum í Reykjavík til þess að semja registur yfir afsals- og veðmálabækur Reykjavíkurkaupstaðar, 250 kr. Þetta er mjög lítill styrkur, svo lítill, að það er þakkarvert, ef það má vinna þetta verk fyrir hann. Nefndin hefur rætt um þessa tillögu og vill ekki vera henni mótfallin; það gæti reyndar virzt, að það stæði nær Reykjavík sjálfri að borga þetta verk, en þegar þess er gætt, að það er mjög áríðandi einnig fyrir opinbera sjóði og peningastofnanir landsins, að afsals- og veðmálabækurnar sjeu í lagi, þá má álíta rjett, að landssjóður styrki verkið.

Á þingskjali 394 er uppástunga frá h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) um, að hækka styrkinn til „bókmenntafjelagsins“ til þess að fjelagið geti gefið út „sýslumannaæfir“. Það kom til tals í nefndinni, að styrkurinn, sem veittur var á yfirstandandi fjárhagstímabili, hefði ekki verið notaður, af því „sýslumannaæfirnar“ gátu ekki komið út, en jeg ætla að hæstv. landsh. hafi sagt í Nd., að styrkurinn væri borgaður út með því skilyrði, að honum yrði varið í þeim tilgangi, sem hann var veittur í. Nefndin vill nú samþykkja þessa gjörðu útborgun, en með þeim fyrirvara, að styrkurinn verði ekki veittur á ný, auk þess, sem búið er að veita, heldur til þess, að ekki þurfi að reka að því, að hann verði endurborgaður. Nefndin hefur því hugsað sjer að koma til 3. umr. með þá „athugasemd“, að bókmenntafjelaginu verði veittar 500 kr. móti því, að þessi styrkur verði eigi útborgaður, ef framhaldið af þessu riti kemur ekki út á þessu ári.

Það hafa verið vakin mótmæli móti 18. tölul. á breytingartill. nefndarinnar, eða athugasemd nendarinnar við 13. gr. B. III. C. 4. Nefndin veit ekki betur, en að kennararnir við lærða skólan eins og aðrir kennarar sjeu skipaðir með föstum launum til að kenna. Það virðist því undarlegt, fyrst að veita þeim föst laun fyrir að kenna við skólann og svo þar að auki aukaborgun fyrir kennslu við sama skóla. Ef laun þeirra þykja of lág, og þetta á að vera uppbót á launum, þá er það sannarlega undarlegt, að veita launabætur á þennan hátt. Jeg veit ekki til að það sje mikill áhugi á þinginu að veita launabætur, og jeg ímynda mjer að það vilji ekki fremur veita þær á þennan hátt. Þessi vegur, sem stjórn skólans hefur farið, er bara krókavegur til að ná í peninga handa kennurunum, en sem þeir alls ekkert tilkall eiga til. Það er eigi heldur svo, að þeir kennarar einir, sem lægst hafa launin, fái þessa aukaborgun. Hún er veitt öllum kennurum jafnt, ef svo ber undir, bæði þeim, sem hafa lág laun, og eins þeim, sem hafa há laun. Nefndin getur því ekki betur sjeð, en að þessi aukaborgun sje hneikslanleg vanbrúkun, sem ætti sem allra fyrst að hverfa.

Landshöfðingi: Þar sem h. framsögumaður (J. Ól.), út af breytingaratkv. h. 5. kgk. á þingskjali 394, um að styrkur til Bókmenntafjelagsins verði færður upp í 1500 kr. til að gefa út sýslumannaæfir, Tímarit o. fl., gat þess, að þessi styrkur hefði verið útborgaður, þótt Sýslumannaæfirnar ekki hefðu verið gefnar út, þá er þetta rjett hermt; en jeg skal geta þess, að það var ekki stjórn Bókmenntafjelagsins að kenna, að Sýslumannaæfirnar ekki komu út, heldur var það því að kenna, að það var ekki svo mikið handrit fyrir hendi frá höfundinum, að það yrði nægilegt í hefti; þegar því forseti fjelagsins kom til mín til að fá peningana, fjekk hann þá ávísaða, gegn þeirri skuldbindingu, að gefa út hepti af Sýslumannaæfum þegar nægilegt handrit kæmi, hvort sem það yrði á þessu fjárhagstímabili eða á hinu næsta. Mjer er því ekki ljóst, hvað h. framsögumaður meinti með því, að nokkuð af fjenu ætti að renna aptur í landssjóð. Viðvikjandi viðbætinum undir tölul. 26. aptan við 15. gr. skal jeg geta þess, út af því, að h. framsögumaður sagði, að hlutaðeigandi yfirsetukonu hefðu ekki verið útborguð laun hennar nokkurn tíma fjárhagsársins 1885—86, að mjer er ekki ljóst, hvernig jeg á að skilja það; sú launaviðbót, sem talað er um undir 11. gr. 3. c. verður því að eins útborguð hlutaðeigandi ljósmóður, að hún hafi sýslanina á hendi. Það er nú vitanlegt, að ljósmóðir sú, sem hjer er um að ræða, eigi gat þjónað sýslan sinni meðan hún var erlendis, og þess vegna gat hún heldur ekki fengið laun þann tíma, en undir eins og hún aptur tók að gegna sýslaninni, fjekk hún laun sín útborguð; hjer er því enginn órjettur gjörður. Mjer finnst annars þessi viðbætir taka sig illa út í fjárlögunum; jeg vildi heldur styrkja að því, að henni yrði veittur einhver skerfur á annan hátt.

L. E. Sveinbjörnsson: Af því enginn hefur orðið til þess að minnast á breytingartillögu á þingskjali 405. við breytingartillögu nefndarinnar undir 30. tölul. við 16. gr., skal jeg gjöra það með fáeinorðum, og er þá það að segja, að mjer finnst hún vera mjög svo óheppileg. Jeg gef ekki 4 aura hvorki fyrir stjórnháttalýsingu Bretaveldis eða til orðbókasamningar, í hvaða máli, veit enginn og á meðan hún er svona orðuð, mun jeg orðalaust gefa atkvæði mitt móti breytingartillögu nefndarinnar undir 30. tölulið.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi minnast lítið eitt á 13. gr. B. V. um styrkinn til sveitakennara, og voru það orð hins háttv. 6. kgk. þm. (J. A. H.), er sjerstaklega gáfu mjer tilefni til þess, þar sem hann mælti móti þessum styrk. Hinum h. þingdeildarmönnum má vera það kunnugt, að hin háttv. neðri deild alþingis hefur talsvert erfiðað í þá átt að bæta menntun alþýðunnar, og eptir erfiðið er þetta lítilræði framkomið til að styrkja sveitakennara. Jeg get ei annað en ímyndað mjer að h. 6. kgk. þm. (J. A. H.) sje hlynntur þesskonar málum, þótt hann fyndi, að óvíst væri, hvort það kæmi að tilætluðum notum. Reynslan mun sýna þeim, sem veita því eptirtekt, að þar sem barnaskólar hafa verið settir á stofn, þá hafa þeir komið að sjerstaklegu en ekki almennu gagni, og hafa þannig ekki náð tilgangi sínum; þeir geta ekki náð viðgangi nema í sjóplássum og í hverfum í sveitum. Það er því vitaskuld, að þörf er á að styðja umgangskennsluna í sveitum, því hún getur gjört mikið og almennt gagn, og þannig komið að góðum notum, og þó þessi styrkur sje í rauninni of lítill, þá er hann þó til að byrja með og nokkurskonar viðurkenning þingsins fyrir, að umgangskennslan gjöri gagn, og sje því hvöt til að styðja hana. Jeg er líka viss um, að veitingarvaldið ekki mundi byggja veit-

ingu styrksins í lausu lopti, heldur mundi gjöra sjer allt far um að styrknum yrði útbýtt á sem rjettlátastan hátt. Jeg væri því til með, ef nefndin vildi styðja mig í því, að hækka styrkinn til sveitakennara, því jeg er sannfærður um, og hef enda reynslu fyrir því, að umgangskennslan mundi gjöra meira gagn i sveitum, en barnaskólar yfir höfuð geta gjört þar.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Út af orðum h. landsh. vildi jeg reyna að skýra betur ummæli mín um breytingartill. á þingskjali 394. Það var að eins sem vakti fyrir mjer, að það þyrfti að ákveða nákvæmar, hversu miklu af þessum 1500 kr. ætti að verja til útgáfu þessara sýslumannaæfa, og ef að breytingartill. verður samþykkt, þá er hægt að koma með athugasemd um þetta atriði. Viðvíkjandi styrknum til Þorbjargar Sveinsdóttur, þá skal jeg taka það fram, að nefndin lagði til að veita henni hann *meðfram* af því, að hún hefði eigi fengið í 3 missiri laun sín útborguð, en það var alls eigi *eingöngu* af því. En að þingið sje eigi bært um að veita henni þenna styrk, get jeg eigi sjeð. Hafi stjórnin verið bær um að jarða á landssjóðs kostnað í Kaupmannahöfn fátækralim, sem hafði verið hjer bæjarfógeti, hversvegna skyldi þá þingið eigi vera bært um að veita þenna styrk, þó að það sje *kona*, sem á í hlut, og það kona, sem vel og dyggilega hefur staðið í stöðu sinni, en hefur átt við þröng efni og heilsuleysi að búa. Þingið ætti þó að hafa að minnsta kosti eigi minni rjett en stjórnin til að sýna á landssjóðs kostnað sóma fyrir dygga þjónustu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get nú yfir höfuð fellt mig við breytingar nefndarinnar; en það er þó einstöku breyting, sem jeg kann eigi vel við. Það er sjerstaklega breytingin á 13. gr. B. 4, styrkurinn til bókakaupa á prestaskólanum, sem nefndin leggur til að færður sje niður í 200 kr., sem jeg get eigi fellt mig við. Mjer finnst það eigi sanngjarnt í samanburði við aðra skóla, að veita eigi meira til bókakaupa á prestaskólanum. Læknaskólinn hefur 300 kr.; en það er auðvitað líka til verfærakaupa, Möðruvallaskólinn 400 kr. og lærði skólinn 600 kr. til hins svo kallaða bókasafns. H. framsögum. (J. Ó.) færði þær ástæður fyrir breytingunni, að það væru svo fáar nýjar uppgötvanir í guðfræðinni; þær eru nú kannske eigi mjög miklar, en þó held jeg að ef hann væri svo fróður í guðfræði sem hann mun vera í öðrum greinum, að til mundi þá vera nógar uppgötvanir fyrir hann til að „studera“ í heilt ár. Jeg kann eigi við að þó prestar sjeu lægra settir en aðrir embættismenn, að prestaskólinn skuli fyrir þá sök eigi geta fengið líkt og aðrir skólar til bókakaupa. Um kvennaskólann hefur nú margt verið talað; en bezt ætla jeg að sje að fallast þar á frv. sjálft nú við þessa umræðu, og getur svo nefndin á eptir komið með breytingartill. um skiptinguna á milli Laugalands og Ytri-eyjarskólans; en það er auðvitað að stafliður 4 verður eigi hafður til að styrkja kennsluna í skólunum, heldur eingöngu til ölmusu handa fátækum námsmeyjum. Jeg mun halda fast fram b. 2, að umgangskennarar fái *allt að* 50 kr.; þetta orð „allt að“ hugsa jeg mjer að hafi verið sett til þess að skipta mætti smærra og sem flestir gætu notið af. Ef það væru þá 25 kr. til hvers að meðaltali, þá væru það eigi 30, heldur 60, sem gætu notið styrks. *(J. A. H.:* Því eigi 25 aura?). Jeg held með allri virðingu fyrir h. 6. kgk. þm. (J. A. H.), að vjer prestarnir þekkjum betur sveitakennsluna en hann. Hann er hærra settur en svo í kennslumálunum. Viðvíkjandi því sem hæstv. landsh. tók fram um Ölvesskólann, þá skilst mjer svo, að athugasemd hans eigi ekki skylt við b. 2., heldur við b. 1.,

og hefði þá átt að orða hann á þá leið: „til barnaskóla annarstaðar en í kaupstöðum“. Jeg er vel ánægður með undirtektir nefndarinnar undir mína breyt.till. á þingskjali 394. Jeg skal geta þess, að jeg vildi eigi færa styrkinn til Bókmenntafjelagsins upp einungis vegna sýslumannaæfanna, heldur líka til þess að styrkja sem mest Reykjavíkurdeildina. En þegar um sýslumannaæfirnar er að ræða, þá er það oflítið, að eigi komi nema eitt hefti út á ári, því það verða allir að játa, að þó þær sje eigi skemmtibók, þá eru þær þó undirstöðurit undir sögu landsins, og væri það þá undarlegt, ef þessi forna söguþjóð vildi eigi svo mikið gjöra sem að styrkja útgáfu slíks rits.

Viðvíkjandi þessum margumtalaða styrk til ljósmóðurinnar skal jeg geta þess, að mjer getur alls eigi fundizt það neitt óviðkunnanlegra að taka hann upp í fjárlögin, heldur en styrkinn til bókavarðarins 800 kr. Jeg get eigi skilið annað en að hún eigi eins vel og hann skilið, þó hún sje kvennmaður, að fá þenna litla styrk fyrir trúlega unnið starf.

Jón A. Hjaltalín: Fyrsta og önnur breyt.till. mín býst jeg ekki við að fái mörg atkv., því þær eiga fáa meðmælendur. Háttv. þm. Dal. (J. G.) þótti það ósamkvæmni, að vilja fella 13. gr. B. V. b. 2. tölulið burtu, af því að styrkur væri veittur nokkrum barnaskólum, en jeg tók það einmitt fram að jeg vildi alls eigi að landssjóður kostaði nokkra barnakennslu; en jeg fór eigi fram á meira í breytingartill. minni af því jeg vildi fara sem vægilegast. Jeg skal vera hinum háttv. þm. þakklátur fyrir hans hlýju orð um Möðruvallaskólann; en þó held jeg að hann hugsi sjer tilgang hans allt annan en jeg. Jeg hef allt af ætlað, að tilgangur Möðruvallaskólans væri að mennta menn í hvaða stöðu sem þeir yrðu, hvort heldur bændur, verzlunarmenn, handverksmenn eða fiskimenn, og jeg hef ætlað að hver, sem á hann færi, færi með þeirri sannfæringu að menntaður maður er betri en ómenntaður, að menntaður bóndi er, að öðru jöfnu, betri en ómenntaður, menntaður vinnumaður betri en ómenntaður, menntaður handiðnamaður betri en ómenntaður o. s. frv. Það er auðvitað að sú skoðun, að menntast menntunarinnar vegna er komin stutt á leið, en þó held jeg að hún sje vöknuð og jeg vona að hún breiðist út smátt og smátt, og því vildi jeg að Möðruvallaskóli væri eigi gjörður að atvinnuskóla eða embættaskóla.

Jeg veit eigi betur en að það hafi verið undanfarandi ár umgangskennarar í Eyjafirði, sem bændur borguðu sjálfir, og farið full vel, þó landssjóður legði eigi fje til þeirra; það er og á móti því að landssjóður veiti þetta fje, að landsstjórnin getur eigi haft nægilegt eptirlit með hvernig því er varið, sem á þó að vera aðalreglan í allri fjárveitingu. H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) vildi skipta styrknum enn þá smærra en 50 kr. en því síður ætla jeg að verði gagn að honum, sem jeg ætla að lítið gagn verði að 50 kr. styrk.

Að því er snertir 16. gr. 1. tölulið, þá þóttist h. þm. Dal. eigi viss um hvort jeg ætlaðist til að hann hvíldi sig alveg eða hann gæfi út á þessu fjárhagstímabili. Jeg ætlaðist eigi til að hann gæfi út á þessu tímabili, heldur að hann byggi undir til þess að geta það seinna út. Jeg hef einusinni sjeð plan hans til þessarar stærri Íslandslýsingar og það ímynda jeg mjer að betra væri að skipa efninu niður við og við, en að geyma það allt til eins tíma. En það er eitt, að þó þessi styrkur hafi verið veittur, þá höfum við engan árangur sjeð enn, og við höfum enga tryggingu fyrir útkomu þessarar bókar, en ef árangurinn af þessu fje á eigi að verða annar en sá, er hingað til hefur verið, að fá vissu fyrir að útilegumenn

sjeu eigi í Ódáðahrauni, eða að fá vitneskju um mjólkurærnar á Ströndum, þá þykir mjer helzt til mikið gefið fyrir það. En það er engin ástæða til að veita styrkinn, að hann hafi áður verið veittur. Það er svo margt sem áður hefur staðið í fjárlögunum, en sem nú er breytt, enda væri það eigi góð regla að fara eptir.

Með undirtektir framsögum. (J. Ól.) með 4. breyt.till. mína er jeg þeim mun ánægðari, sem jeg gat eigi búizt við þeim svo góðum.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það eru að eins fá orð í ræðu h. 5. kgk. (A. Ó.) sem jeg vil svara; það var um bókakaupastyrk prestaskólans. Það er satt, að jeg er ekki fullfróður um það, sem skeður í guðfræðinni. En jeg vejt, að h. þm. (A. Ó.) er fróður, ekki einungis í guðfræði, heldur líka í læknisfræði, stjörnfræði og öðrum greinum. Þó skal jeg geta þess, að í fjárlaganefndinni var einn guðfræðingur, og hefir hann ekkert ágreiningsatkvæði gjört, þótt ekki væri ætlað meira fje til bókakaupa handa prestaskólanum. Jeg vil og spyrja hinn fróða 5. kgk. (A. Ó.), hvort hann ætli að meiri nýjar uppgötvanir sjeu gjörðar ár hvert í guðfræði en læknisfræði, svo að ástæða sje þess vegna að leggja prestaskólanum meira fje til bókakaupa en læknaskólanum, því að læknaskólanum eru einungis veittar 300 kr., bæði til bókakaupa og áhalda. Í sjálfu sjer gæti það verið æskilegt, að báðir skólarnir hefðu meira fje til umráða til bókakaupa, en vjer verðum að muna, að vjer erum smávaxin þjóð, og hljótum að sníða oss stakk eptir vexti, og jeg vona að h. 5. kgk. (A. Ó.) játi mjer því, að það sje öfugt hlutfall, að veita prestaskólanum meira fje til bókakaupa, en læknaskólanum, og því sje niðurfærsla vor á góðum rökum byggð. H. 6. kgk. (J. A. Hj.) er nú orðinn alsáttur við nefndina, af því hún mun fallast á 4. breyt.-till. hans. Við munum líklegast hvorugur vera kunnugur safni því, sem hjer er um að ræða; þó hefi jeg haft daglega umgöngu um það í hálft annað ár, en hann aldrei sjeð það, og er því ef til vill ekki svo mikil fjarstæða að ætla, að mjer hafi gefizt betri kostur á að kynnast því en honum, svo að jeg kynni að hafa einhverja hugmynd um, hvers kyns skjöl þar eru helzt, en hann líklega litla.

ATKVÆÐAGR.:

13. gr.	A.	a.	samþ. í einu hlj.
——		b. 1.	————
15. br. n. ——	-	- 2.	————
——		- 3.—6.	————
——	B. I.	a.	————
——	- -	b. 1.—3.	————

16. br. n. —— B. I. b. 4. samþ. með 6 atkvæðum gegn 5, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
J. Ólafsson.	Jak. Guðmundsson.
Ben. Kristjánsson.	Arnlj. Ólafsson.
Fr. Stefánsson.	E. Th. Jónassen.
Lár. E. Sveinbjörnss.	J. A. Hjaltalín.
Sighv. Árnason.	Jul. Havsteen.
Skúli Þorvarðarson.	

13. gr.	B. I.	b. 5.—7.	samþ. í e. hlj.
17. br. n. ——	- II.	a.	samþ. með 8 gegn 1 atkv.
——	- -	b. 1.—8.	samþ. í e. hlj.
——	- III.	a.	————
——	- -	b.	————
——	- -	c. 1.—3.	————
18. br. n. a. —	- nýr	4.	————
—	- III.	c. 4.	————
18. br. n. b. (aths.)	- - -	4.	— 6—4
——	- - -	5.—10.	— í e. hlj.
——	- IV.	a & b	————
19. br. n. ——	- V.	a. 1.	7 samhlj.
——	ath.		— í e. hlj.
20. br. n. ——	(fellur burt)		7 samhlj.
21. br. n. ——	———		————
22. br. n. ——	- V.	a. 3.	— 6—4
23. br. n. ——	- — -	4.	— 6—1

13. gr. B. V. b. 1. samþ. í e. hlj.
ath. - — - - ———
13. gr. B. V. b. 2. —10atkv.
ath. ——— ———
13. gr. B. V. c—e. — i e. hlj.
—— C. I. a. ———
24. br. n. —— — b. ———
—— — c. ———
25. br. n. —— — d. ———
—— — e—g. ———
—— C. 2. ———
br. þgskj. (394) við 13. gr. C. 3. — 6—1.
——— — 4—5. — í e. hlj.
13. gr. í heild s. ———
14. gr. ———
15. gr. ———
26. br. n. viðbót við 15. gr. — 8—1.
15. gr. þannig 10 samhlj.
16. gr. 1. lið. 9 ——
27. br. n. —— 2. — sþ. 6—3.
br. þgskj. (387) —— 3. — felld 10—1.
28. br. n. —— 3. — sþ. 9 samhlj.
—— 4. — 9 ——
29. br. n. —— 5. — 10 ——
—— 5. þannig sþ. í e. hlj.
30. br. n. —— 6. — — 6—4

að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðmundss.	E. Th. Jónassen.
Arnlj. Ólafsson.	J. A. Hjaltalín.
Ben. Kristjánsson.	Júl. Havsteen.
Fr. Stefánsson.	L. E. Sveinbjörnsson.
Sighv. Árnason.	
Skúli Þorvarðsson.	

Jón Ólafsson greiddi ekki atkv.

br. þgskj. 405 við 16. gr. 6. felld með 6—4 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðmundss.	Arnlj. Ólafsson.
Ben. Kristjánsson.	E. Th. Jónassen.
Fr. Stefánsson.	J. A. Hjaltalín.
Skúli Þorvarðsson.	Júl. Havsteen.
	Lár. E. Sveinbjörnsson.
	Sighv. Árnason.

Jón Ólafsson greiddi ekki atkv.

br. þgskj. 387 við 16. gr. samþ. í e. hlj.
—— 391 ——— — 10 samhlj.
16. gr. þannig breytt sþ. 10 samhlj.
17. gr. samþ. í e. hlj.
18. gr. ———
19. gr. ———
20. gr. ———
7. gr. frv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hl.
Frv. þannig orðað samþ. í e. hlj.
Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (381, 382); ein umræða.

Landshöfðingi: Jeg býst við, að h. þingd. hafi þótt það nokkuð kynlegt, að mál þetta skyldi koma aptur til hennar, því að hún hafði ekki gjört aðrar breytingar á frumv. neðri deildar, en að hún bætti inn í það styrk til fyrverandi bókavarðar, Jóns Árnasonar, og er sú styrkveiting alveg í samræmi við það, sem neðri deild hefur sjálf samþykkt í fjárlögunum, enda er það eigi þeirrar breytingar vegna, að frumv. er komið hingað aptur, heldur af því, að neðri deild hefur greitt atkvæði ofan í sjálfa sig, og fellt í burt úr fjáraukalögunum atriði, sem hún hafði að minnsta kosti þrisvar sinnum greitt atkvæði fyrir. Jeg hef komið með breyt.till. við frumv., til að gefa þessari deild kost á að sýna, að hún sje samkvæmari sjálfri sjer en neðri deild hefur verið. Jeg hef því minni ástæðu til að ætla, að deildin fallizt ekki á breyt.till. þessa, sem hún í dag hefur í fjárlögunum samþykkt launaviðbót handa læknum þeim, sem hjer ræðir um, fyrir árin 1888 og 1889, því að jeg veit ekki hvað henni gæti gengið til þess, að synja þeim um þá launaviðbót fyrir liðna tímann, sem hún með atkvæðagreiðslunni hefur kannast við að þeim þó bæri fyrir ókomna tímann. Hjer er eigi heldur um svo vafasamt mál að ræða, þar sem einn af þeim læknum, sem

eins stóð á með, hefur fengið sjer dæmda launaviðbót sína með hæstarjettardómi 15. nóv. 1886. Jeg legg mál þetta óruggur undir deildina í fullu trausti til þess, að að hún muni gefa því atkvæði sitt.

ATKVÆÐAGR.: 1. Breyt.till. samþ. í einu hljóði.

2. Breyt.till. samþ. án atkvæðagr.

Frv. þannig breytt samþ. í einu hlj., og afgreitt síðan til forseta sameinaðs þings.

Tillaga til þingsályktunar um hallærislánabeiðslur frá Húnavatns og Skagafjarðar sýslum; hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt í einu hljóði, að hafa eina umræðu um ályktun þessa.

Kosning á yfirskoðunarmanni landsreikninganna. Kosning haut alþingismaður *Jón Ólafsson* með 6 atkvæðum; næst honum fjekk Kristján yfirdómari Jónsson 5 atkvæði.

Fertugasti og fimmti fundur, mánudag 22. ág. kl. 1 e. h. Allir á fundi

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (412,413,417—20; 3. umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það eru nú eigi margar breytingartillögur við þessa umræðu. Það er breyt.till. á þingskjali 413 frá þremur háttv. þm., sem nefndin hefur víst ekki á móti, og svo eru breytingartillögur frá nefndinni á þingskjali 418, sem eigi eru margar. Fyrsta breyt.till. er viðvíkjandi Eyðaskólanum. Nefndinni þótti ekki eiga við að hafa þessa athugasemd við hann, þegar hún var numin burt frá Hólaskólanum, því henni þótti engin ástæða til, að gjöra þeim misjafnt undir höfði í þessu tilliti. Því næst er breytingartill. nefndarinnar viðvíkjandi styrknum til kvennaskólanna. Aðalupphæðin er þar hin sama, en sundurliðunin er öðruvísi; eins og nefndin ráðgjörði við 2. umræðu þá er breyt.till. við 13. gr C. 3., sem er athugagrein til þess að tryggja það, að þessar 400 kr., sem bættust við, verði brúkaðar til að gefa út sýslumannaæfirnar. Það var rætt svo mikið um það við síðustu umræðu og mjer fannst hinn hæstv. landsh. eigi vera henni mótfallinn, eptir að hann hafði fengið skýringu á, hver meiningin væri hjá nefndinni með þessari athugagrein. Þá er breyt.till. á þingskjali 419 viðvíkjandi Hólaskóla. Jeg skal taka það fram að nefndin fann enga ástæðu til þess, að koma með þá breyt.till., en jeg hef ritað nafn mitt undir hana af því, að jeg hef fengið upplýsingu nú hjá hlutaðeigandi þingmönnum, að styrk þessum mundi eiga að verja til þess að auka og bæta húsrúm skólans. Þá fannst mjer vera nokkuð öðru máli að gegna; það er þá líka að eins fyrir þetta fjárhagstímabil, að þörf er á því. Þá eru breyt.till. á þingskjali 420, sem heldur eigi er frá nefndinni, heldur mjer og tveim öðrum háttv. þingm. Upphæðin er hin sama og farið var fram á í Nd., og væntum vjer að hún fái góðan byr hjá háttv. þm., því jeg hef nú fengið vissu fyrir að Gröndal fær miklu meira fje bæði til efna og áhalda til þess að vernda náttúrugripina, heldur en hjer er farið fram á.

Landshöfðingi: Jeg sje að það hafa komið eigi allfáar breyt.till. við fjárlagafrumvarpið til þessarar umræðu, og þó að þær innibindi eigi allar breytingar á tölunum, þá held jeg þó að þær sjeu sumar aðgæzluverðar. Þá eru fyrst breyt.til. nefndarinnar og og hef jeg ekkert að athuga við hina fyrstu, en við 2. hef jeg það að athuga, að mjer finnst eigi full ástæða til að veita Ytri-eyjarskólanum 200 kr. meira en Laugalandsskólanum, og þó þess hafi verið getið, að á síðast liðnu ári hafi fleiri verið á Eyjarskólanum en á Laugalands-

skólanum, þá er engin vissa fyrir því, að það verði eins eptirleiðis. Jeg álít að það hefði verið betra, að veita ótiltekið til kvennaskóla og fela landstjórninni að skipta því eptir ástæðum og verðleikum skólanna. Af síðustu breyt.till. nefndarinnar sje jeg eigi að leiði neitt gagn, því ef deildin treystir því, að hefti af Sýslumannaæfunum komi út, eins og henni mun vera óhætt, undir eins og handritið er til, þá ímynda jeg mjer að það sje fengið, sem ætlazt er til með breyt.till. þessari. Þá er breyt.till. frá þremur háttv. þingm. um styrkinn til búnaðarskólans á Hólum. Breyt. till. þessi fer meðalveg milli þess, sem samþykkt var í Nd., og þess, sem samþykkt var hjer við 2. umr. Jeg veit eigi hvort háttv. þingdm. er kunnugt um, að það er talsverður gróði í vændum fyrir skólann á Hólum á næsta fjárhagstímabili. Eins og þingm. vita, þá er talsvert af myndum og öðrum forngripum í kirkjunni á Hólum. Þessa gripi skoðaði Sigurður Vigfússon fornfræðingur í fyrra og ljet þá ofan í kassa til að vernda fyrir bráðri eyðileggingu, og samdi svo um við skólastjórnina, að Forngripasafnið fengi þessa gripi fyrir eitthvað lítið, svo sem ljósahjálm í kirkjuna, og ætlaði þannig eigi einungis að útvega Forngripasafninu merkilega gripi, heldur verndaði hann þá líka fyrst um sinn frá eyðileggingu með því að láta þá ofan í kassa, þar sem þeir voru í illri hirðingu á Hólum og lágu undir skemmdum af regni og vindi, meðan verið var að gjöra við kirkjuna. En þegar til kom, að Forngripasafnið ætlaði að vitja gripa þessara, risu sýslunefndirnar í Húnavatnssýslu og Skagafjarðars. upp, og sögðu að þeir fengjust eigi fyrir minna en 1000 kr. Jeg veit nú eigi hvort Forngripasafnið vill ganga að þessu, en þó þyki mjer það líklegt að það vilji eigi missa af gripunum, einkum þar sem það nú á í vændum meiri styrk á íhöndfarandi fjárhagstímabili en fyrri. Sýslunefndirnar hafa með þessu sýnt, að þær skoða áminnzta forngripi Hólakirkju sem sjerstaka eign sýslufjelaga þessara, er sje landinu í heild þess óviðkomandi, og vilji gjöra sjer þá að fjeþúfu, jafnvel þó stofnun, sem er eign alls landsins og sómi þess, eigi í hlut. En þó gripirnir sjeu eign Hólakirkju, þá verð jeg að álíta ekki meira en skyldu, að sýslunefndirnar láti hluti, sem eru lítils virði fyrir búnaðarskólann en mikils virði fyrir landið, þegar þeir eru á rjettum stað, til Forngripasafnsins, þar sem þeir eiga heima, án þess að heimta hið hæsta verð fyrir þá. Það er þessi aðferð, sem hefur komið inn hjá mjer kala til þessarar skólastofnunar, svo jeg álít ekki ástæðu til að menn sjeu of ríflegir á styrk til hennar.

Viðvíkjandi 11. gr. 1. hef jeg ekkert að athuga. Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 420, þá vildi jeg mega spyrja flutningsmenn breyt.till., hver verði eigandi þeirra náttúrugripa, sem þar á að veita styrk til að safna. Ef það væri landið, þá væri eigi nema sjálfsagt að veita þetta fje, til þess að halda dýrasafninu við; en ef það er eign einhvers privatmanns, sem má selja það jafnskjótt og honum býðst eitthvað í það, þá fæ jeg eigi sjeð, að ástæða sje til að veita þetta fje því til viðurhalds. Þá kemur nú breytingartill. við 16. gr. 6. Jeg get vel skilið það, að deildin veitti bæjarfulltrúa Jóni Ólafssyni styrk ótiltekið til bókfræðisstarfa, en að deildin veiti honum styrk til þess að rita stjórnháttalýsing Bretaveldis, það er mjer alveg óskiljanlegt. Hvernig ætti stjórnháttalýsing Bretav. að interessera okkur svo mjög? Við ættum fyrst að hugsa um að þekkja stjórnháttu sjálfra vor. Og svo efast jeg líka mikillega um, að bæjarfulltrúi Jón Ólafsson sje fær um að semja slíka bók, því það munu jafnvel vera mjög fáir Englendingar, sem treysta sjer til að frumsemja slíkt rit, og eptir því, sem jeg ætla, þá mun það

vera mjög mikið vandaverk, ef það á að vera vel af hendi leyst. En ef það á að vera þýðing eingöngu, þá held jeg að það sje eigi ástæða til að veita svona mikinn styrk til þessa.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það eru að eins tvö atriði í ræðu hæstv. landsh., sem jeg vildi fara orðum um. Hið fyrra var viðvíkjandi styrknum til kvennaskólanna. Hæstv. landshöfðingi þóttist eigi skilja, á hvaða ástæðum þessi munur á styrknum til Laugalands- og Ytrieyjarskólans væri byggður. En þessi munur er eigi nýr í breyt.till., heldur hefur hann verið í frumvarpinu áður; en við breyt. till. breytist hlutfallið svo, að þessi munur á þeim verður þó minni en áður. Í frv. er það einum fjórða parti meira til Ytrieyjarskólans, en eptir þessari breyt.till. verður það eigi nema $^1/_5$ meira, og er því breyt.till. aðgengilegri, skoðuð frá þeirri hlið. Það vakti og líka fyrir nefndinni, að skólinn á Ytriey stendur hinum skólanum talsvert framar. Jeg skal taka það til dæmis, að á síðastliðnu ári höfðu báðir þessir skólar jafnan styrk, en þó hafði Eyjarskólinn bæði fleiri kennslukonur og fleiri bekki, og þar sem meira er gjört, er eðlilegt að meira sje veitt til. Athugasemd nefndarinnar við C, 3. heyrðist mjer hann eigi vera svo mjög mótfallinn. Athugasemdum hans við Hólaskóla skal jeg eptirláta háttv. þm. Skagf. (Fr. St.) að svara. En viðvíkjandi orðum hans um breyt.till. á þingskjali 420, þá skal jeg geta þess, að það væri nokkuð undarlegt að veita B. Gröndal styrk til þess að *safna* náttúrugripum, en vilja *engan* styrk veita til þess að *halda þeim við*, þegar búið er að safna þeim.

Landshöfðingi: Jeg skal leiðrjetta hjá h. þm. S. Múl. (J. Ól.) orð hans um það, að Laugalandskólinn hefði notið sama styrks í fyrra og Ytrieyjarskólinn. Þetta er eigi rjett; en það var eigi von að hann vissi það. Stjórn Laugalandsskólans sótti ekki um meiri styrk en 1000 kr. fyrir árið 1886, og fjekk heldur ekki meira, sem mun hafa komið af því, að skólinn hefur ekki haft meiri styrk en 500 kr. annarsstaðar að, og hafði hann þannig 300 kr. minna en Eyjarskólinn árið 1886, og því var eigi að ætlast til, að hann gæti haft sama útbúnað og eins margar lærimeyjar, eins og Eyjarskólinn. En mjer heyrðist hjer á mönnum við 2. umr., eptir að þeir höfðu heyrt þær upplýsingar, sem h. 1. kgk. (J. H.) kom fram með, að þeim þætti ekki næg ástæða til þess, að breyta hlutfallinu á milli skólanna frá því sem ákveðið var í neðri deild, og jafnvel nefndin væri því samþykk; en þegar til atkvæða kom, þá varð það ofan á, að veita Eyjarskólanum 200 kr. meira en Laugalandsskólanum og svo hefur engin breyt.till. komið um þetta við þessa umr. Það er þetta, sem kom svo flatt upp á mig, og sem jeg vildi minnast á.

En það var líka önnur breyt.till., sem jeg bjóst við frá h. háttv. nefnd, og það var við styrkinn til sveitakennara, nfl. að af því fje mætti veita þeim barnaskólum í sveit, sem styrks hafa notið áður, en jeg sje nú, að hún hefur eigi komið, og hefði jeg vitað það, þá mundi jeg hafa komið með breyt.till. í þá átt. Það er eigi heldur rjett hjá h. þm. S.-Múl., að B. Gröndal sje í frumv. veittur styrkur til þess að safna náttúrugripum, því þar stendur styrkur til B. Gr. til þess að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til þess að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda. Þetta er því eitthvað nýtt, sem bætt er á hann, og nú á hann þá að safna, varðveita og mynda dýr og semja þjóðmenningarsögu.

Jakob Guðmundsson: Það er nú eins og háttv. landsh. tók fram, að þetta náttúrupripasafn er eign privatmanns, en eigi landssjóðs, og hann getur selt það hverj-

um, sem hann vill; en það er þó fremur vegur til þess að það geti orðið að eign landsins með því að landssjóður veiti styrk til þess, því með því verður maðurinn fremur bundinn til þess að láta landssjóð njóta þess, svo mjer finnst engin ástæða til að hafa á móti þessari upphæð. En viðvíkjandi breyt.till. á þingskjali 417, þá skal jeg geta þess, að mjer er hún ekkert kappsmál. Það sem mjer gjörði, var einungis það, að jeg hjelt, að það mundi líta betur út fyrir öðrum, ef það væri tiltekið eitthvað sjerstakt heldur en það væri veitt óákveðið. En þar sem hinn hæstv. landsh. tók það fram, að það væri engin þörf á þessari lýsing, þá veit jeg það, að þm. gætu haft gott af henni; því það hefur þing eptir þing, þegar um stjórnmál vor hefur verið að ræða, verið citerað í stjórnháttu í nýlendum Breta, og það er eigi sagt, að stjórnarskipun Íslands verði svo bráðlega komið í svo fast horf, að maður fái eigi enn þá tækifæri til að heyra gjörðan og gjöra slíkan samanburð, fyrir utan það sem jeg ætla, að slík bók yrði almenningi kærkomin, sem almennar athugasemdir um stjórnháttu í aukalöndum Bretaveldis, sem geti verið til fyrirmyndar viðvíkjandi sambandi Íslands við Danaveldi.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg skal geta þess viðvíkjandi náttúrugripasafninu, að það vita allir, sem vita vilja, að hlutaðeigandi fæst mikið við það safn, og hefur safnað töluverðu af náttúrugripum. Það er líka eðlilegt, fyrst hann fæst við að afmynda dýr, að hann þurfi að hafa fyrirmyndirnar fyrir sjer, mun hann þá einatt safna töluverðu í einu af dýrum og getur hann ekki geymt þau óskemd svo lengi sem hann þarf, nema með því að það hafi nokkurn kostnað í för með sjer. Hvað kvennaskólanum á Laugalandi viðvíkur, þá játa jeg það, að nefndinni var ekki kunnugt, að hann hefði áður notið minni styrks en skólinn á Ytri-Ey. En úr því svo hefur verið, eptir því sem hæstv. landsh. hefur skýrt frá, þá er það vottur þess, að þeir sem hlut hafa átt að máli, hafa ekki álitið Laugalandsskólann eins mikils styrks verðan og skólann á Ytri-Ey. *(J. Havsteen:* Báðir skólarnir hafa jafnan styrk úr jafnaðarsjóði). Að öðru leyti liggur hjer engin breyting fyrir með að gjöra þessum skólum jafnt undir höfði, svo að eigi er annað að velja, en að samþykkja annaðhvort það, sem stendur í frumv. sjálfu, eða breyt.till. Það er gleymsku nefndarinnar að kenna, að eigi hefur komið fram breyting frá henni um sveitakennara; henni sást yfir það á hinum stutta tíma, sem hún hafði til starfa sinna.

Júlíus Havsteen: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg skildi h. framsögum. (J. Ól.) svo við 2. umr. þessa máls, að háttv. fjárlaganefnd hefði í huga að koma með breytingu viðvíkjandi kvennaskólunum á Norðurlandi í þá átt, að þeim væri veitt jafnmikið fje báðum; að öðrum kosti mundi jeg hafa komið með slíka breytingartillögu, en nú er það orðið of seint að þessu sinni. Þá skal jeg og geta þess, að amtsráðið hefur veitt báðum þessum skólum jafnmikið fje, því að það hefur enn álitið þá jafngóða báða.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): H. 1. kgk. þm. (J. Havsteen) hlýtur að hafa misskilið orð mín við síðustu umræðu, ef hann hefur skilið þau svo, að fjárlaganefndin ætlaði að koma fram með breyting þá, sem hann talaði um.

Friðrik Stefánsson: Viðvíkjandi breytingartill. minni og tveggja annara h. þm. er það að segja, að hæstv landsh. fór mildari orðum um hana nú, en hann fór um styrkveitinguna til Hólaskóla við síðustu umræðu. Að eins gaf hann það í skyn, að síður væri ástæða að leggja mjög mikið fje til skólans, af því að hann ætti von á gróða af forngripasölu. Samþing-

ismaður minn og fleiri hafa verið því hlynntir, að Forngripasafnið gæti fengið gripina með góðum kjörum, en sýslunefndirnar hafa mælt á móti því. Jeg skal geta þess, að allmiklu fje hefur verið varið til að gjöra við kirkjuna, bæði þak og glugga og fleira, og að orðið hefur að fá fje að láni til þess, svo að þegar til þess er litið, þá veitti ekki af, þótt kirkjan fengi nokkurt fje fyrir gripi sína. Það er og aðgætandi, að Hólaskóli hefur að undanförnu að eins fengið 1500 kr. á ári úr landssjóði, en nú þegar hann fær töluvert meira, má búast við að sýslunefndirnar verði fúsar á að selja gripina af hendi með vildari kjörum, þótt jeg af annari hálfu þekki þess eigi dæmi síðan á siðbótatímum, að kirkjur hafi verið sviptar dýrgripum sínum, til þess að styðja með opinberar stofnanir. H. deild mun það kunnugt af skjölum þeim, sem liggja á lestrarsalnum, að skólinn þarfnast hjer um bil 5000 kr. næsta ár. Upp í þetta fær hann. auk styrksins úr landssjóði, að eins 460 kr. af búnaðarskólagjaldi úr sýslunum, og mun flestum það auðsætt, að sýslunum muni veita fullörðugt að verða að leggja skólanum nokkra teljandi viðbót við búnaðarskólagjaldið nú í þessu harðæri. *(Landsh.:* En arðurinn af búinu?).

Sighvatur Árnason: Hæstv. landsh. mælti á móti breyt.till. þeirri, sem jeg er riðinn við, af þeirri ástæðu, að engin brýn nauðsyn væri fyrir oss að fá lýsing á stjórnháttum Breta, og í öðru lagi efaðist hann um, að maður sá, sem hjer er um að ræða, væri fær um að semja lýsinguna. Jeg játa það, að jeg er þessu ekki fullkunnugur, en þó hef jeg þá hugmynd, að stjórnháttasaga Breta sje bæði nauðsynleg fyrir oss og merkileg, ef hún er vel úr garði gjörð. Jeg hef líka þá hugmynd um þann mann, sem til þessa starfa er ætlaður, að hann sje með færari mönnum til að framkvæma hana, eða jafnvel manna færastur hjer á landi. Þar sem hæstv. landsh. talaði um, að meiri þörf væri á að fá stjórnháttalýsing Íslands, þá játa jeg fúslega, að hennar sje þörf. Í breytingartillögunni er tekið fram, að styrkurinn skuli veittur til að semja stjórnháttasögu Breta o. fl., þetta væri, ef til vill, rjettara að tiltaka nákvæmar og nefna líka til stjórnháttasögu Íslands. Í von um að þessi styrkur, sem hjer er um að ræða, beri ávöxt á sínum tíma, þá mun jeg óhikað greiða atkvæði með honum.

ATKVŒÐAGR.: Breyt.till. (419) við 10. gr. C. 4 b. feld með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Ólafsson	Jakob Guðmundsson
Friðrik Stefánsson	Arnljótur Ólafsson
Júlíus Havsteen	Ben. Kristjánsson
Sighv. Árnason	E. Th. Jónassen
Sk. Þorvarðarson	Jón A. Hjaltalín
	L. E. Sveinbjörnsson.

Br.till. (418) við 10. gr. C. 4. c. sþ. í e. hl. 10. gr. þannig breytt samþ. í einu hlj.

Breyt.till. (413) við 11. gr. 1. samþ. með 8 samhlj. atkv.

11. gr. þannig br. samþ. með 10 atkv.

Br.t.l. (418) við 13. B. V. 2. sþ. með 8 atkv.

Breyt.till. (418) við 13. gr. B. V. 3. samþ. með 8 atkv. gegn 1.

Br.t.l. (418) við B. V. 4. sþ. með 7 : 1.

Br.t.l. við C. 3. fyrri hluti sþ. með 8 atkv.

Br.t.l. (418) við C. 3. síðari hluti sþ. með nafnakalli með 7 atkv. gegn 4, og sögðu

já:	*nei:*
Jakob Guðmundsson	Arnljótur Ólafsson
Friðrik Stefánsson	Ben. Kristjánsson
Júlíus Havsteen	E. Th. Jónassen
L. E Sveinbjörnss.	Jón A. Hjaltalín
Sighv. Árnason	
Skúli Þorvarðarson	

Jón Ólafsson greiddi ekki atkvæði, og var því talinn með meiri hlutanum.

13. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (420) við 16. gr. 2. samþ. með 6 atkv. gegn 4.

Breyt.till. (417) við 16. gr. 6. samþ. með 6 atkv. gegn 5.

16. gr. þannig br. sþ. m. 10 atkv. gegn 1.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj., og endursent Nd.

Frumv. til fjáraukalaga 1884 og 1885 (407, 409); ein umr.

Landshöfðingi: Jeg álít ekki þörf á að fara mörgum orðum um breyt.till. H. þingd. er málið fullkunnugt frá því það var rætt áður hjer í deild; þá samþykkti þingdeildin með öllum þorra atkvæða þær 144 kr., sem hjer er um að ræða. Af því að jeg ímynda mjer, að þingdeildin hafi ekki breytt skoðun sinni síðan, hef jeg leyft mjer að koma með breyt.till. til þess að gefa deildinni kost á að halda fastri þeirri skoðun, sem hún hafði á málinu, þegar það var hjer fyr til umr.

Benidikt Kristjánsson: Jeg treysti því að h. deild muni enn halda fastri sömu skoðun og fyr, í þessu máli, og jeg treysti því því fremur, sem skoðun mín er alveg óbreytt á því. Jeg hef sömu skoðun og fyr að landssjóði beri ekki að borga þessar 144 kr. Jeg tók áður fram ástæður mínar fyrir þessari skoðun, svo það er óþarfi að fara mörgum orðum um hana nú. Hjer er nefnil. ekki um annan kostnað að ræða en þann, sem leiddi af eptirliti því, sem sýslumenn án sjerstakrar borgunar eru skyldir að lögum að hafa, og þó það eptirlit kunni að hafa verið nokkru dýrara en venjulega á sjer stað, þá álít jeg slíkt landssjóði alveg óviðkomandi.

Jakob Guðmundsson: Mjer finnst það hart fyrir þessa sýslumenn, sem hjer ræðir um, að verða að borga 144 kr. úr eigin vasa, vegna þess að þeir, eptir boði yfirmanns síns, framkvæmdu eptirlitið á langtum kostnaðarmeiri hátt en venja er til. Jeg ímynda mjer að yfirvaldið, sem skipaði þeim að fara þessar ferðir, hafi ætlazt til að þeir fengju þær endurgoldnar annaðhvort úr landssjóði eða úr jafnaðarsjóði.

Júlíus Havsteen: Mjer datt ekki annað í hug, en að sá kostnaður, sem leiddi af því að jeg bauð sýslumönnunum í Eyjafjarðar- og Múlasýslum að vera nokkra stund með herskipinu danska til að líta eptir norskum fiskimönnum, mundi verða borgaður umyrðalaust úr landssjóði. Menn mega ekki ætla, að nóg sje að búa að eins til lög og reglugjörðir; ef slíkt á að verða að nokkru liði, þá þarf líka krapt til að fram fylgja lögunum. Nú nýlega hafa útlendir fiskimenn ráðizt á sýslumann á Austurlandi og var hann þó í einkennisbúningi; þetta mundi ekki hafa komið fyrir, af sýslumaðurinn hefði haft nægum mannafla á að skipa. Hjer þykir nóg að búa til lög og reglugjörðir; svo á allt að ganga af sjálfu sjer. Öðru vísi fara Norðmenn að; þeim þykir ekki vanþörf á að senda herskip til „Nordland“ og „Lofoten“ til að líta þar eptir *sínum eigin fiskimönnum*, en hjer þykir ekki þörf á slíku eptirliti með *útlendum fiskimönnum*. Að endingu skal jeg geta þess, að jeg vona að h. deild muni greiða eins atkvæði um þetta atriði og hún gjörði, þegar málið var hjer síðast til umræðu.

Jón Ólafsson: Jeg er enn á sömu skoðun sem fyr um þetta mál, því jeg hef enn eigi heyrt nokkra sennilega ástæðu borna fram fyrir því, að þessar eptirlitsferðir hafi orðið að gagni, eða að nokkur veruleg *líkindi* hefðu einu sinni verið fyrir því, að þær hefðu *getað* orðið að gagni. Öðru máli hefði verið að gegna, ef skip hefði verið fengið til að hafa stöðugt eptirlit með Norðmönnum allt sumarið, en líklega hefði *það* orðið nokkuð dýrt fyrir oss. H. 1. kgk. (J. Hav.) hefur ekki komið með *nokkra* átyllu fyrir því, að um *neinar* óspektir af hendi Norðmanna hafi verið að ræða, þegar þessar ferðir voru farnar; ekki hefur

hann heldur sýnt svo mikið sem líkindi til, að *nokkurt gagn* hafi orðið að ferðunum, enda *var aldrei við því að búast að svo yrði*, þótt sýslumenn væru að skemmta sjer á herskipi út *á fjörðum*, til að hafa eptirlit með mönnum, sem hafa og höfðu bækistöður sínar *í landi*! Hjer var að eins um eptirlit að ræða með mönnum, sem *hjer höfðu fengið borgarabrjef og búsettir voru á Íslandi*, en hvorki með Englendingum, nje Frökkum; hjer var einungis að ræða um *íslenzka borgara* (þótt fæddir sjeu í Noregi), sem aldrei *höfðu sýnt af sjer neina óhlýðni eða mótþróa við sýslumenn eða önnur yfirvöld*. Hjer er enn fremur um *nýtt gjald* að ræða, sem *aldrei* hefur fyr verið goldið úr *landssjóði* og *eigi fyr verið farið fram á* að það væri goldið þaðan. *Ef* vjer samþykkjum það *nú*, má ganga að því vísu, að þetta verði í fyrsta, en *ekki síðasta sinn*, sem landssjóður fær að borga fyrir skemmtiferðir sýslumanna með herskipum hjer við land, svo að þó hjer sje ekki um mikla upphæð að ræða, mun jeg eigi að síður greiða atkvæði gegn því, að hún sje goldin úr landssjóði, *því að hún getur dregið þungan dilk eptir sig framvegis*.

Júlíus Havsteen: H. 1. þm. S.-múl. (J. Ó.) er einlægt að klifa á því, að þær ferðir, sem hjer er um að ræða, hafi verið farnar til að sefa óspektir Norðmanna; hef jeg þó tekið það fram, að þær hafi öllu fremur verið farnar til að hafa eptirlit með, hvernig þeir hlýddu lögunum. Jeg tók það fram áðan að, nosrka stjórnin hefði eptirlit með sínum eigin mönnum í sínu landi. Þá mun eigi síður þörf hjer að hafa eptirlit með útlendum mönnum, nýkomnum til landsins, mönnum, sem kunnugt er að hafa farið svo langt, sem þeir hafa getað, gagnvart valdstjórninni og Íslendingum yfir höfuð.

Jakob Guðmundsson: Jeg get vel ímyndað mjer, að þessar ferðir verði til þess að útlendingar bjóði sjer síður að beita ójöfnuði við landsmenn, og að þær spari því mikinn kostnað eptirleiðis. Jeg fulltreysti því, að valdstjórnin muni ekki skipa fyrir um þetta eptirlit nema þegar nauðsyn krefur, og þá er líka sanngjarnt, að kostnaðurinn fyrir það sje greiddur úr landssjóði.

Jón Ólafsson: Jeg skal geta þess út af orðum h. 1. kgk. (J. Hav.), að svo lítur út, sem valdstjórnin hafi ekki haft mikla hugmynd um síldveiði Norðmanna, sem hún bauð að hafa eptirlit með. Það lítur út sem hún haldi, að af því að Norðmenn hafa eptirlit á skipum með skipum sínum, sem stunda fiskiveiðar *úti í hafi*, þá þurfum vjer líka að hafa eptirlit *af skipi* með veiði Norðmanna hjer við land, þótt þeir reki veiðina upp í fjörumálinu. Eg hef enn ekki heyrt—en amtmaðurinn norður og austur veit kannske til þess—að Norðmenn haldi út herskipum til eptirlits með síldveiðum í fjörumáli. Jeg veit það, að sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu fer einatt á vorin og sumrin landveg til Fáskrúðsfjarðar og Norðfjarðar; og þegar hann fer til Norðfjarðar, þá fer hann rjett fram hjá stöðvum Norðmanna þar; sama er, ef hann fer á innsveit í Fáskrúðsfirði; á hvorugan þennan fjörð þarf hann að fara *sjóveg*, og á Norðfjörð er miklu styttra og hægra að fara landveg; jeg hef ekki heyrt getið um að Norðmenn hafi brotið veiðilög hjer, en hins hef jeg orðið var, að kritur hefur komið upp milli landeigenda út af landhlutum, en jeg skil ekki í að *herskip* hafi þurft til að skakka *þann* leik, eins og jeg skil ekki heldur í, að herskip hafi þurft til að hafa eptirlit með þeirri veiði, sem fer fram rjett að kalla upp í landsteinum, og því verður bezt litið eptir á landi.

Arnljótur Ólafsson: H. 1. þm. Suðmúl. (J. Ól.) segir, að Norðmenn hafi eptirlit með fiskiveiðum sínum, af því að þær sjeu reknar úti á reigin hafi. Þetta er

eigi rjett, því ekki liggur „Lofoten“ úti í reginhafi; þar reka Norðmenn mestar fiskveiðar og þar hafa þeir hergæzluskip (*J. Ól.* þar hagar öðru vísi til); veit jeg að hjer á Austfjörðum eru firðir, við Noreg eru eyjar margar, en langt frá landi eru þær eigi. *(J. Ól.:* Það ríður enginn út í þær!). Þótt jeg viti að bæjarfulltrúi í Reykjavík kunni að vera kunnugur löggæzlu í Suður-Múlasýslu, þá verð jeg þó að hafa fullt svo gott traust á amtmanninum í Norður- og Austuramtinu *(J. Ó.:* Jeg er kunnugur þar!), og sjálfum sýslumönnunum í Eyjafjarðar- og Suðurmúlasýslu þegar um það mál er að ræða. Eigi mun það heldur alls kostar rjett, að Norðmenn hafi ekki gjört sig dálítið seka í lagabrotum. Jeg veit til þess, að við Eyjafjörð hefur það borið við, að þeir hafa skemmt veiðarfæri, skorazt undan lögboðnum gjöldum o. s. frv. Til Austfjarða hef jeg að vísu ekki komið, svo mjer er ekki kunnugt um, hvernig þeir hafa hegða sjer þar, en það hlýtur h. þm. (J. Ól.) að vera full kunnugt, eptir því sem honum farast orð.

Jón A. Hjaltalín: Jeg tók það fram um daginn, að Norðmenn hefðu skorazt undan að greiða gjöld sín við Eyjafjörð. Þótt þm. (J. Ól.) hristi höfuðið yfir því, þá veit hann ekkert um það. Hreppstjóri eða hreppsnefndaroddviti höfðu ekki getað náð inn ýmsum gjöldum, er Norðmenn áttu að greiða, og sýslumaður hafði heimsótt þá einn síns liðs í sömu erindum, en árangurslaust. Svo fór hann á herskipinu og þá gekk allt greiðlega. *(J. Ól.:* Veslings sýslumaðurinn!).

Landshöfðingi: Mjer skildist eins og það að eins væri partur af þessum 144 kr., sem h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) ekki vildi að yrði greiddur úr landssjóði, nefnil. kostnaðurinn við ferð sýslumannsins í Suður-Múlasýslu; hefði mjer því hugkvæmzt að orða breytingartillögu mína í þá átt, þá hefði hún að líkindum fengið atkvæði hans, en jeg vona að hún samt fái framgang, því það er ljóslega búið að sýna fram á það, að það er nauðsynlegt fyrir sýslumenn í þessum tilfellum að hafa mannafla til að geta framfylgt fyrirmælum laganna. Þar sem sami þm. gat þess, að það gjörði lítið gagn, þó herskipið hlypi snöggvast inn á firði, þá er þessu ekki þannig varið; það hefur einmitt mikið að þýða, að herskipið komi við á þessum stöðum, því þegar menn frjetta, að einhverjir hafi verið sektaðir fyrir lagabrot, þá er það mönnum til viðvörunar eptirleiðis, og sýnir um leið, að sýslumenn geta fullnægt lögunum. Jeg vona líka að þegar Díana hefur komið austur, þá hafi sýslumaðurinn farið með henni til að jafna á þeim, sem hann, sakir mannaflaleysis, ekki gat fengið til að borga lögskipuð gjöld.

(Jón Ólafsson: Skyldu þeir hafa beðið?).

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1. við 6. gr. samþ. með 9 gegn 2 atkv.

Br. 2. við 1. gr. samþ. með 9 atkv.

Frv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 10 gegn 1, og afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1884 og 1885 (408, 410); ein umr.

Landshöfðingi: H. þingdm. er kunnugt, að breytingartillaga mín við þetta frv. er alveg sama efnis og brtill. við frv. það, sem nú síðast var rætt; atkvæðagreiðslan er því þegar fyrir fram útkljáð með atkvæðagreiðslunni um fjáraukalögin.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. samþ. m. 9 gegn 2

2. breyt. samþ. með 9 samhl. atkv.

3. — — — 9 — —

Frv. í heild sinni þannig breytt samþykkt með 10 atkv. gegn 1, og afgreitt til sameinaðs þings.

Frv. til laga um búnaðarkennslustofnanir (366); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg veit, að h. þingdm. er kunnugt, að hjer er um mikilsvarðandi mál að ræða, því hjer er ekki einungis ráðgjört árlega að verja 20000 kr. úr landssjóði, sem er næsta mikið gjald, heldur er tekin föst ákvörðun um stofnun og fyrirkomulag búnaðarskóla hjer á landi. Jeg hefði því búizt við, að mál þetta hefði verið rækilega undirbúið og rætt; en þetta er ekki svo. Þetta frumvarp er komið hjer inn á þing á seinni hluta þingtímans, og var mjög lítið rætt í neðri deild; nú er það til 2. umræðu hjer í deildinni, og vansjeð, hvað vel það verður íhugað hjer. Jeg álít að í þessu máli hefði það verið alveg nauðsynlegt að leita álits og upplýsinga bæði frá sýslunefndum og amtsráðum, en þetta hefur ekki verið gjört; sjerstaklega er það móti sveitarstjórnarlögunum, að álit amtsráðanna ekki hefur verið fengið; ekki hefur heldur verið leitað álita frá forstöðumönnum þeirra búnaðarskóla, sem þegar eru stofnaðir, nje frá öðrum búfróðum mönnum, en því er ekki að heilsa, að hjer á þingi sitji búfræðingar eða búfróðir menn, svo kraptar þingsins geta ei hjálpað í því efni. Auk þessa er frumvarpið ekki heppilegt í sjálfu sjer. Þannig geta tvö sýslufjelög í sameiningu stofnað búnaðarskóla, en það er engin trygging sett fyrir því, að skólinn verði nýtur eða komi að tilætluðum notum, en samt getur skólastofnanin heimtað sinn skerf úr landssjóði, auk tiltölulegs hluta af búnaðarskólagjaldinu. Að vísu eiga stofnanir þessar að standa undir umsjón amtsráða og landshöfðingja, en það er ekkert nánara tiltekið, hvaða vald umboðsstjórnin að öðru leyti hafi með tilliti til þessara stofnana. Eptir frumvarpinu á Skaptafellssýsla, sem er tvö sýslufjelög, heimting á að fá búnaðarskóla og tiltölulegan árlegan fjárstyrk bæði úr landssjóði og af búnaðarskólagjaldinu, og það þó ekki kæmi nema einn maður á skólann.

H. þm. S.-Þing. (B. Kr.) hjelt við 1. umræðu þessa máls þeirri skoðun fram, sem jeg einnig er á sama máli og hann um, að affarasælli sje, að prívat búnaðarskólar væru okkur hentari en opinberir skólar, af því þeir væru kostnaðarminni en hinir opinberu, en þetta frumvarp fer í gagnstæða átt; það eru sýslufjelögin, sem stofna þá, en amtsráð og landshöfðingi hafa umsjón og yfirumsjón með þeim, samanbr. 8. gr. frumv. Jeg get heldur ekki sjeð, að einstakra manna skólar, t. a. m. skólinn í Ólafsdal, eptir frumvarpinu gætu fengið styrk úr landssjóði, nema sýslufjelögin tækju hann að sjer, og þá yrði skólastjórinn þeirra verkamaður. Jeg álít því, að það sje mjög svo íhugunarvert fyrir þingið, að samþykkja þetta frumvarp; væri eigi svona langt liðið á þingtímann, áliti jeg að rjettast væri að setja nefnd í málið, til þess að það sem bezt yrði íhugað; og þó nefndarkosningin yrði til þess, að málið yrði ekki útrætt, þá álít jeg það miklu betra en að hrapa að því, að gjöra frumvarp þetta, svona óundirbúið, að lögum.

Júlíus Havsteen: Samkvæmt því, sem hæstv. landsh. tók fram, skal jeg leyfa mjer að stinga uppá því, að þriggja manna nefnd verði sett í málið. Það er að eins auðvitað, að málið yrði þá ekki útrætt á þessu þingi, en nefndarálit gæti orðið til góðs undirbúnings fyrir það síðarmeir.

Var málið síðan fellt frá nefnd með 6 atkv. gegn 3.

Benidikt Kristjánsson: Það gladdi mig að heyra, að hæstv. landsh. var á sömu skoðun og jeg um stofnun búnaðarskóla yfir höfuð, en hann tók það fram, að eptir þessu frumvarpi væri það ekki hægt að viðkoma því fyrirkomulagi; jeg

skal nú ekki taka að svo stöddu þvert fyrir, að þetta sje svo, en jeg get þó ekki sjeð, að nein ákvæði í frumvarpinu sjeu móti því, að stofnun eða fyrirkomulag búnaðarskólanna verði á þann hátt, sem mjer þykir hentast, að, ef sýslunefndirnar ættu kost á dugandi manni, að þær þá semdu við hann og fengju hann til að stofna skóla með ákveðnum vissum skilyrðum um kennslu, kjör lærisveina, og tölu, og yfir höfuð allt fyrirkomulag stofnunarinnar, og að sýslunefndirnar svo útveguðu aptur á móti nægilegan styrk til stofnunarinnar. Jeg skal játa það, að jeg ekki að öllu leyti er ánægður með frumvarpið. Mjer virðist eigi glögg skilyrði sett fyrir því, að landshöfðingi borgi út fjeð. Það er að eins gert að skilyrði, að sýslunefndin semji reglugjörðina, sem gengi síðan til amtsráðsins til álita, og að síðustu til landshöfðingja, sem staðfesti hana. Ákvæðin í 8. gr. frumvarpsins benda til þessa, en ekki fullkomlega ljóst, og vildi jeg því, að ítarlegri ákvæði væru tekin upp í frv. og bætt við 3. gr. þess. Jeg hygg að slík stofnun, sem tvö sýslufjelög væru ein um að koma á fót, mundi eigi geta borið sig, en ættu þau kost á að fá duglegan mann til að leggja fje til hennar og taka að sjer stjórn hennar, með þeim skilyrðum, sem sýslunefndirnar settu, þá fengist nægileg trygging fyrir því, að skólastofnunin þrifizt og kæmi að góðum notum. Jeg óska því að málið verði látið ganga til 3. umræðu, en vildi jafnframt að breytingar yrðu gjörðar við frumvarpið. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að það er naumast gjörandi ráð fyrir því, að sýslufjelögin nú sem stendur stofni búnaðarskóla, eins og hart hefur verið í ári, enda mundu þeir eigi verða vel sóttir.

Jakob Guðmundsson: Mjer hefur heyrzt, að sumir, og það enda hæstv. landsh. hafi talað í þá átt, eins og hjer væri komin fram ný stefna í frumvarpinu, að því er snertir stofnun búnaðarskóla; en jeg get ekki sjeð, að svo sje. Hjer er einungis gefinn kostur á að stofna búnaðarskóla. Hvernig hafa búnaðarskólar vorir orðið til? Þeir hafa fyrst orðið til fyrir dugnað og framtakssemi einstakra manna og samtök einstakra sýslufjelaga; en síðan fór hið opinbera að gefa þeim auga, styrkja þá og semja reglugjörðir fyrir þá. En hvernig byrja hinir opinberu skólar? Eru þeir eigi byrjaðir að neðan? Jú, það eru sýslufjelögin, sem byrja þá, með von um að fá styrk til þess. Hjer er því ekki að tala um neina nýja stefnu. Vjer vitum, að einmitt þegar byrjunin er gjörð með stofnun skólanna, þá kemur til kasta alþingis, er með ákvæði sinu tiltekur styrkinn, og þó einstöku búfræðingar hafi haldið fram þeirri skoðun, að stofna 1 búnaðarskóla, þá er þó sú hugsun á móti almenningsálitinu í sýslunum. Þetta frumvarp fer einmitt meðalveginn og nálgast þannig almenningsálitið. Þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi lagði svo mikla áherzlu á það, að landsstjórnin ekki hefði nægilega hönd í bagga með stofnun skólanna, þá þarf ekki að bera kvíðboga fyrir þessu, því það hlýtur eðlilega að leiða af sjálfu sjer, að vald landsstjórnarinnar yfir skólunum fyrst verði reglulega tekið fram, um leið og samdar verða reglugjörðirnar. Landshöfðinginn lagði og áherzlu á það, að ekki hefði verið farið skrifstofuveginn með þetta mál, eða leitað upplýsinga því viðvíkjandi, hjá amtsráðum, búfræðingum o. s. frv. *(Landshöfðingi:* Hafa þeir skrifstofur?). En þó þetta ekki hafi verið gjört, þá veit jeg að bæði landshöfðingi og önnur stjórnarvöld hafa vitað vilja og óskir manna á þessu máli, svo mikið hefur um það verið rætt og ritað, enda hefði og landsstjórninni verið innan handa að leita upplýsinga í málinu, hefði hún viljað það. Hvað

eptirlitið með skólunum snertir, þá treysti jeg því bezt, að það byrji að neðan, og sje mest hjá sýslunefndunum, því þær eru öllum málavöxtum kunnugastar; þó jeg beri traust til amtsráðanna, þá geta þau ekki verið eins kunnug hag skólanna í öllu tilliti. Jeg vona að allir skilji, af hverju að jeg er með frumvarpinu. *(Landshöfðingi:* Nei). Þeir aumir, sem ekki skilja jafnglöggan prjedikara og mig!

Júlíus Havsteen: Eptir því sem 3. gr. frv. þessa er orðuð, getur það tilfelli vel komið fyrir, að Eyjafjarðarsýsla geti ekki tekið þátt í neinni búnaðarkennslustofnun. Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur hafa sinn búnaðarskóla á Hólum, og líkindi eru til, að báðar Þingeyjarsýslurnar vilji sameina sig og vera einar um sinn búnaðarskóla og hafa ekki Eyjafjarðarsýslu með. Hvað á hún svo að gjöra? Hún má ekki samkvæmt frumv. vera ein um búnaðarskólastofnun; kann ske að hún eigi þá að sameina sig við Rangárvallasýslu eða Dalasýslu, eða þá einhverja aðra sýslu í fjærveru. Þetta sýnir, að frumv. þetta er ekki eins vel hugsað og æskilegt væri, ef það ætti að verða að lögum. Það væri ekki vanþörf á, að þeir, sem frumv. þessu eru hlynntir, vildu taka þetta til greina með breyt.till. til 3. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að jeg væri hlynntur búnaðarskólastofnunum, en að jeg samt sem áður gæti ekki greitt atkvæði með þessu frumv., og tók jeg þá fram ástæður þær, sem jeg hafði fyrir þeirri skoðun minni. Jeg skal því ekki endurtaka þær nú, en jeg skal bæta því við, eins og h. hæstv. landshöfðingi hefur tekið fram, og eins og mjer sjálfum hefur dottið í hug, að frumv. þetta kemur beinlínis í bága við 52. gr. sveitarstjórnarlaganna. Í þeirri grein stendur, að leita skuli álits amtsráðs áður en stofnaðir sjeu landbúnaðarskólar eða fyrirmyndarbú. Að þessarar ákvörðunar í sveitastjórnarlögunum eigi hefur verið gætt áður en frumv. þetta var lagt fyrir alþingi, það getur orðið því að fótakefli, og til þess að það nái ekki staðfestingu.

Það er líka undarlegt að vera að búa til slíkt frumv. sem þetta er, og samkv. 8. gr. neyða amtsráð til að búa til reglugjörð fyrir þá búnaðarkennslustofnun, sem það ef til vill ekki vill hafa. H. þm. S.-Þing. (B. Kr.) sagði, að mjög fá sýslufjelög mundu hlaupa til og ganga í fjelag til þess að setja þessar stofnanir á fót, því að ekki væru líkur til, að þau yrðu í bráð fær til þess. Ef þetta skyldi satt vera, — sem reyndar geta verið deildar meiningar um — þá vil jeg spyrja: Hvað liggur þá á, að vera nú að berja þetta frumv. í gegn á þinginu, þvert ofan í vilja svo margra þingmanna í báðum deildum. „Það skal vanda sem lengi á að standa". Það er stór upphæð sem hjer er farið fram á að veita af landssjóði með föstum lögum árlega, og það er mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið, að flasa að því, og eiga það á hættu, að þetta verði ekki að tilætluðum notum. Þetta mál þarf vandlega að íhuga, og væri sett nefnd í það, gæti málið fengið betri undirbúning til næsta þings, því að nú er það að kalla má alveg óundirbúið; um það hafa nær því engar umræður orðið í h. háttv. Nd., svo að menn renna þar blint í sjóinn, að því er snertir skoðun neðri deildar á máli þessu. Jeg vona því að hin háttv. deild hugsi sig vel um, áður en hún gefur atkvæði fyrir þessu frumv, eins og það nú er.

Jón A. Hjaltalín: Mjer fannst á orðum hins háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.), að honum þyki hin mesta trygging í því fólgin, að sýslufjelögin mundu ekki hrapa að því að stofna þessa búnaðarskóla, þar sem hann þó fann ýmislegt athugavert við frumv. Mjer finnst það ekki vera verðugt löggefandi alþingi, að veita stórfje

með lögum í því trausti að það verði ekki brúkað, og samþykkja lög í því trausti, að sýslunefndir eða amtsráð eða landshöfðingi beri vit fyrir sjálfu þinginu.

Vjer höfum heyrt það álit h. hæstv. landshöfðingja, að hann áliti sig ekki eptir þessu frumv. bæran um, að leggja einstakra manna búnaðarstofnun af þessu fje eptir þeim ástæðum, sem hann hingað til hefur farið með útbýting á slíku fje.

H. þm. Dal. (J. G.) lýsti svo fagurlega, hvernig búnaðarskólastofnanir hefðu byrjað hjer á landi, og að bezt væri að slíkar stofnanir kæmust fyrst á fót hjá einstökum mönnum; og mjer skildist svo sem hann helzt vildi, að vjer hjeldum áfram í sömu stefnu sem nú er, og í þessu er jeg honum samdóma. En hjer er nú farið þvert öfugt við þetta, og þó er h. háttv. þm. Dalamanna (J. G.) að mæla með þessu frumv. Því má ekki bíða með þessi fyrirtæki þangað til jafnóðum og slíkar stofnanir myndast, og halda áfram í sama sniði og nú er; bíða þangað til að einhver efnilegur maður byrjar að koma á fót slíkri stofnun, og ef mönnum gezt vel að fyrirtækinu, þá er tími fyrir þing og stjórn að styrkja fyrirtækið með fjárframlagi. Það er hinn eðlilegasti vegur, en ekki eins og hjer er gjört, að kasta 20,000 kr. út í loptið, þó það sje máske síður hjer á þingi. Hinn sami þm. (J. G.) sagði og, að landstjórnin hefði heyrt svo mikið, að hún hlyti að vita hvað væri ósk og vilji manna í búnaðarskólamálum. En þeir hafa nú lýst því yfir, h. hæstv. landshöfðingi og amtmennirnir, að þeir ekki viti þetta, og vjer getum tekið þá trúanlega til þess, sem þeir segja. Jeg hjelt ekki, að h. þm. Dal. (J. G.) væri hjartnanna og nýrnanna rannsakari.

Benidikt Kristjánsson: Það hafa komið fram ýmsar mótbárur móti frumv. síðan jeg talaði áðan, og lögð ýtarlegri áherzla á þær mótbárur, sem fram höfðu komið.

Jeg get ekki sjeð að ákvæði frv. komi í neinn bága við ákvæði sveitarstjórnarlaganna, og þó svo væri, yrði hinum eldri laga-ákvæðum að því leyti breytt, sem frv. þetta gjörir það, þegar það hefur náð staðfestingu konungs. Það þarf heldur engan kvíðboga að bera fyrir því, að nokkur búnaðarskóli verði stofnaður án vilja sýslunefnda og amtsráða; staðfesting landshöfðingja fengist ekki á reglugjörð skólans, et gengið væri fram hjá þessum sveitastjórnum. Og ef í nokkru væri breytt sveitarstjórnarlögunum í þessu frv., þá væri það í þá átt, að gefa sveitarstjórnunum meiri sjálfstæðan rjett: þann rjett, að mega stofna búnaðarskóla á þann hátt, sem þær álitu bezt við eiga. H. 1. kgk. (J. H.) fann það að ákvæðum 3. gr., að svo gæti farið, að Eyjafjarðarsýsla gæti ekki verið með í neinni búnaðarskólastofnun, þar sem hún vildi ekki vera með Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, og Þingeyjarsýsla mundi ekki vilja taka hana í samband með sjer. Hið sögulega atriði þessa máls sýnir það, að Þingeyjarsýsla er ekki mótfallin því, að taka Eyjafjarðarsýslu í samband við sig. Ágreiningurinn milli sýslnanna var að eins út af því, að Eyjafjarðarsýsla vildi hafa aðsetur skólans á Munkaþverá eða annarstaðar í Eyjafirði, en það vildi Þingeyjarsýsla ekki ganga inn á. Ef Eyjafjarðarsýsla ekki vill ganga í fjelag með öðrum sýslum, þá eru kostir hennar að betri, að því er til fjárframlags kemur. Hún sparar sitt búnaðarskólafje og þann aukakostnað, sem slík stofnun hefur í för með sjer; geymir fjeð til betri tíma og tækifæris, en getur notað ómakslítið til búfræðisnáms hverja búnaðarkennslustofnun, sem hún vill, hjá þeim næstu sýslufjelögum, er kunna að koma þeim á fót.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. samþ. með 6 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 4 þm. (E. Th. J., L. E. Sv., J. A. Hj. og Júl. Hav.), og sögðu

já:	*nei:*
Jak. Guðm.	E. Th. Jónassen.
J. Ólafsson.	J. A. Hjaltalín.
Ben. Kristjánsson.	Júl. Havsteen.
Fr. Stefánsson.	L. E. Sveinbjörnsson.
Sighv. Árnason.	
Skúli Þorvarðarson.	

Arnljótur Ólafsson var ei við staddur.

2. gr. frumvarpsins	samþ.	með	6 : 4	atkv.
3. —	——	—	—	6 : 3	—
4. —	——	—	—	6 : 4	—
5. —	——	—	—	6 : 3	—
6. —	——	—	—	7 : 2	—
7. —	——	—	—	6 : 2	—
8. —	——	—	—	6 : 2	—
Frv. í heild sinni	samþ.	með	6 : 4	—
og vísað til 3. umræðu		með	6 : 4	—

Frumv. til laga er nema úr gildi konungsúrskurð 22. apríl 1818 (344); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.:

Frumv. samþ. umræðulaust með 9 samhljóða atkvæð. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsálykt. í Fensmarksmálinu (376); fyrri umr.

Forseti: Sem forseti deildarinnar lýsi jeg því hjer með yfir, að jeg færist undan því að takast á hendur starfa þann, sem með þingslyktun þessari er tilætlazt að mjer sje falinn á hendur. Astæðan til þess er sú, að eptir minni skoðun er alþingi eigi fullkominn málsaðili til þess að höfða slíkt mál. Slík aðferð mundi eigi leiða til nokkurs árangurs, heldur frávísunar. Eigi einungis útvegun málsfærslumanns og umboðsveiting og það, að gera málsfærslumanninn svo úr garði með skjöl og allar aðrar nægilegar upplýsingar, verður þeim erfiðleikum bundið, að jeg eigi get tekizt það á hendur í sameiningu við forseta neðri deildar, sem á heima í Þingeyjarsýslu, enda álít jeg það eigi rjett vera, að mjer, með þeirri skoðun, sem jeg hef á málshöfðun þessari, sje falin á hendur afskipti af henni.

Jeg álít skyldu mína að bera fram yfirlýsingu þessa nú við byrjun umræðu þessarar.

Jón Ólafsson: Tillaga þessi, sem hjer liggur fyrir, er komin frá háttv. Nd., og get jeg ekki fundið við þessa yfirlýsing h. forseta nægja ástæðu til að breyta skoðun minni á málinu. Það er auðvitað á valdi og ábyrgð forseta og varaforseta, hvað þeir framkvæma eða framkvæma ekki; og er jeg því eins með tillögu þessari eptir sem áður.

Í fljótu bragði kann það að virðast nokkuð athugavert, að upphæð sú sem til er tekin í þingsálykt. er hærri nokkru en hún á að vera í raun rjettri, samkvæmt því að nokkuð mun enn vera innkomið upp í skuldina. En jeg get eigi sjeð að þetta gjöri neitt til, því að auðvitað verður ekki upphæðin ákveðin hærri með dómi en hún sannast að vera undir gangi málsins.

2. liður þingsálykt. fer fram á, að forsetum þingdeildanna sje veitt vald til að ávísa fje því sem þetta útheimtir. Þetta er hin sama aðferð sem höfð var á alþingi 1883, í málinu út af Elliðaánum; þá var kostnaðinum ávísað af forseta Nd. og landshöfðingjanum Yfirskoðunarmenn landsreikninganna fyrir það ár gjörðu enga aðra athugasemd um það, en að kostnaðurinn hefði átt að ávísast af báðum forsetunum, og þá var annar af yfirskoðunarmönnunum hinn sami maður sem nú er landshöfðingi. Jeg ímynda mjer að þessi aðferð sje sú einfaldasta og hentugasta. Það getur ekki haft nein stór áhrif þótt annar af forsetunum sje búsettur norður í Þingeyjarsýslu; varaforseti gegnir að sjálfsögðu skyldum hans eins og verið hefur, og það verða því ekki meiri vandræði með þetta

en önnur mál sem forsetar þurfa að afgreiða milli þinga, t. d. annað fje sem ávísa þarf, enda er vinnandi vegur að senda ávísun norður að Gautlöndum til undirskriftar, ef á þarf að halda.

Jeg ætla að það hafi komið fram við umræðurnar í háttv. Nd. af hendi landshöfðingjans eða ráðgjafans, að honum (ráðgjafanum) honum, hefði verið ókunnugt um vanskilin úr Ísafjarðarsýslu fyr en svo seint, *(Landsh.:* Ranghermt!), að fyrir þá sök geti hann ekki borið ábyrgðina af því að ekki var nein gangskör að því gjörð að firra landssjóðinn tjóni. Ef þetta er ranghermt, vona jeg að hæstv. landshöfðingi leiðrjetti það síðar. En viðvíkjandi þessari mótbáru skal jeg geta þess, að af svörunum uppá athugasemdir endurskoðunarmannanna fyrir árið 1881 sjest það, að landshöfðinginn hefur, þegar hann skrifaði þær, verið staddur í Kaupmannahöfn undir handarjaðrinum á sjálfum ráðgjafanum; það er því auðsætt að ráðgjafinn hefur þá átt kost á að kynna sjer athugasemdirnar, enda mun það vera venja, að ráðgjafinn kynni sjer athugasemdir endurskoðunarmannanna. Það má þannig ganga að því nokkurn veginn vísu að ráðgjafanum hafi verið 1882 kunn þau vanskil, sem voru orðin á gjöldum úr Ísafjarðarsýslu 1881. Jeg hef því hugsað mjer að greiða atkvæði með þessari þingsályktun og vona að hún verði samþ. af þingdeildinni.

Landshöfðingi: Það gleður mig að heyra, hversu vel háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefur tekið eptir umræðunum í neðri deild um þetta mál; hann hafði hjer um bil orðrjett upp ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.) þar í deildinni, en þó kom misskilningur fram í ræðu hans. Það kom alls ekki fram undir umræðunum í neðri deildinni, að ráðgjafinn eða landshöfðinginn fyrir hans hönd hefði lýst því yfir, að ráðgjafanum hefði verið ókunn vanskil Fensmarks fyr en eptir að búið var að víkja honum frá, enda stendur ekkert um það í brjefi ráðgjafans frá 11. júní þ.á. Þar segir að eins, að athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1882 og 1883 hafi ekki komið ráðgjafanum fyrir sjónir fyr en eptir að búið var að setja Fensmark frá, og er það tekið fram útaf því, að í nefndarálitinu um Fensmarksmálið í neðri deild í fyrra var lögð svo mikil áherzla á, að í umgetnum athugasemdum hefði verið tekið svo skýrt og skorinort fram um þá ábyrgð, sem vanskil Fensmarks gætu bakað landstjórninni.

Eptir að yfirlýsing h. forseta er komin fram, get jeg ekki betur sjeð, en að þingdeildin sje hjer vísvitandi að ræða ályktun, sem aldrei getur komið til framkvæmda; það verður því að breyta þingsályktaninni, ef hún á fram að ganga, því hún fer fram á að fela forseta starfa á hendur, sem hann hvorki vill eða er skyldugur að taka upp á sig.

Jakob Guðmundsson: Jeg veit ekki hvort jeg hef skilið háttv. forseta rjett, þar sem mjer heyrðist hann segja, að alþingi væri ekki rjettur sóknaraðili í þessu máli. En þetta held jeg ekki geti verið rjett, því stjórnarskráin gjörir ráð fyrir því, að ráðgjafinn hafi ábyrgðina og að alþingi eigi að koma henni fram gagnvart honum. Jeg man heldur ekki betur en að þar standi, að hæstirjettur eigi að dæma í þessum málum, meðan engin ábyrgðarlög og sjerstakur landsdómur sje myndaður. Hvernig á nú að fara að, ef alþingi getur ekki komið fram ábyrgðinni gagnvart ráðgjafanum? Og hvað þýðir þá þetta í stjórnarskránni? Er það þá eins og landshöfðingi sagði um aðgjörðir þingdeild. í einu máli, bara sett til að gjöra að gamni sínu? Nei, jeg skil ekki í öðru, en að stjórnarskráin meini það, sem hún segir. Jeg skal fúslega játa það, að jeg er ekki sá maður, sem geti skorið úr því, hvort málið að öðru leyti er rjett

höfðað móti ráðgjafa eða landshöfðingja; jeg hef heyrt, að hjer um eru meiningarnar tvískiptar, en jeg er á þeirra máli, sem vilja af tvennu óvissu höfða málið gegn ráðgjafanum, sem aptur hefur „regres“ á móti landshöfðingja. Það getur vel verið, að alþingi tapi málinu við hæstarjett vegna formgalla; þetta hef jeg sjálfur mátt reyna. En jeg álít alveg nauðsynlegt að málinu sje framfylgt til hins ýtrasta; það sýnir að alþingismennirnir hafa þó lesið stjórnarskrána, og vilja vita hvað hún hefur að þýða.

Varaforesti (L. E. Sveinbjörnsson): Háttv. þingdm. hafa nú heyrt yfirlýsingu forseta, og skal jeg í sambandi við hana, geta þess, að jeg lýsi því yfir, að jeg sem varaforseti *aldrei* muni setja nafn mitt undir ávísun þá, sem 2. töluliður ræðir um.

Jón Ólafsson: Jeg þakka hæstv. landsh. fyrir það, hvernig honum fórust orð um það, sem jeg áður talaði í þessu máli. En jeg get ekki sjeð, að ástæður mínar sjeu rýrari fyrir það, þó þeim beri saman við það, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði í sama máli í neðri deild. Hjer er mest komið undir því, hvort ástæður mínar hafa ekki verið *sannar* og *rjettar*. Hvað yfirlýsingu forseta snertir, þá kemur það fyrst fram, hvaða þýðingu hún hefur, þegar þetta mál er hjer útrætt. Það eru forsetarnir, sem hafa framkvæmdarvald þingsins, og hjer er forseta þessarar deildar enginn starfi á hendur falinn, sem er ósamkynja því, er áður hefur viðgengizt, en ef hann skorast undan, þá getur það ekki komið til greina, fyr en mál þetta er útrætt. Það væri líka merkilegt, ef alþingi ekki gæti komið málshöfðun fram í þetta sinn; jeg skil þá ekki meininguna í 2. gr. stjórnarskráarinnar eða ákvörðuninni um ábyrgð ráðgjafans; en *skyldi* það reynast, að svo væri, þá hefði reynslan ómótmælanlega leitt hjer í ljós *stóra gloppu í stjórnarskránni*, sem nauðsynlega þyrfti að bæta; *og við það eitt kalla jeg mikið unnið.* Þetta er því ný sterk sönnun fyrir því, að málshöfðun gegn ráðgjafanum er *óumflýjanlega nauðsynleg.*

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef áður sagt það við annað tækifæri, að jeg hefði engan mun fundið á mjer síðan jeg varð konungkjörinn, frá því sem jeg var þegar jeg var þjóðkjörinn; en þó skal jeg eigi neita því, að jeg finn nú dálítinn mun á mjer, en eigi í þá átt, sem fjelagsbræður mínir mundu að líkindum ætla. Jeg finn til þess nú, að því nánara, sem maður stendur einum manni, því annara er manni um orðstír hans, og því vandari er hann að virðing hans og sóma. Jeg hef hjer fyrir mjer í þingsályktuninni álit, sem jeg hygg reyndar að sje efnislega eigi rjett, en sem jeg verð þó að hneigja mig fyrir (respectera), þar sem það er komið frá h. Nd. og sem breiðist þaðan út í þingtíðindunum og í dagblöðunum og verður að almenningsáliti. Almenningsálit þetta hlýtur að hljóða svo: Hjer hefur átt sjer stað mikið tjón fyrir landssjóð og ábyrgðin hvílir á ráðgjafanum samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hvernig getum vjer nú losað ráðgjafann við þetta álit, svo hann aptur fái það almenningsálit og þann góða orðstír, sem hann á skilinn? Vjer getum það eigi með því að berjast gegn þessari þingsályktun og fá henni hrundið, því álitið stendur óhaggað, já magnaðra eptir en áður; vjer getum það eigi nema með því að láta dómstólana skera úr því, hvort sökin hvíli á ráðgjafa Íslands eða eigi. Það úrræði er það eina ráð, hvort sem menn eru sekir eða saklausir, og það er hið bezta ráð, þá er vjer fulltreystum því, að hinn sakborni sje sýkn saka.

Jeg er hræddur um, ef efri deild hrindir þessu máli, þá muni 2. gr. stjórnarskrárinnar verða í minni metum og ráðgjafinn,

sem er allrar virðingar verður, eigi njóta sömu virðingar sem áður. Jeg mun því að minnsta kosti við þessa umræðu greiða atkvæði með tillögunni og það einmitt af þeirri ástæðu, að jeg á að heita konungkjörinn.

ATKVÆÐAGR.: 1. stafliður tillögunnar samþ. með 7 atkv. gegn 4.

2. stafliður samþ. með 7 atkvæðum gegn 4.

Tillagan öll samþ. með 7 atkvæðum gegn 4, og vísað til síðari umræðu með 7 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (404); 3. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg var einn af þeim, sem greiddu atkvæði með þessu frv. við 2. umræðu. Jeg var þá í miklum efa, því jeg sá að tilgangur þess var góður, en aptur á hinn bóginn erfiðleikum bundið að framkvæma það, en síðan hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. mundi verða óframkvæmanlegt. Jeg ímynda mjer að hreppsnefndirnar þykist hafa nóg að gjöra, þó þessu væri eigi bætt á þær og nógu mörg eru gjöldin, sem almenningur verður að greiða þó þetta bætist eigi við. Jeg mun því við þessa umræðu greiða atkvæði móti frv.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg vonaðist ekki eptir þessum byl, sem nú kom á málið frá háttv. 1. kgk. þm. (J. Hav.) því hann hafði við 2. umræðu greitt atkvæði með hverri einustu gr. frv. og nú liggur það fyrir alveg óbreytt, svo jeg varð að ætla, að háttv. þingdeildarmenn hefðu sama álit á þessu frv. sem við 2. umr. þess í háttv. deild, en nú heyri jeg að svo er eigi. Eins og jeg tók fram við 2. umr., þá hefur frv. góða meiningu og mjög þarfleg ákvæði að minni meiningu, og getur komið að góðum notum hinni bágstöddu stjett, alþýðufólki, og jeg skal taka það fram, að í framtíðinni, þá getur hinn fyrirhugaði styrktarsjóður ljett undir þau miklu sveitarþyngsli, sem nú eru þegar orðin allt of algeng, og valla möguleg byrði fyrir landsmenn, en að þetta sje óframkvæmanlegt verk get jeg eigi sjeð, og allra sízt að það sje svo miklum erfiðleikum bundið, að heimta þetta gjald inn, þar sem það væri tekið um leið og önnur gjöld, og heldur eigi að þetta gjald verði mönnum svo erfitt að inna af hendi, jafnlitla upphæð á ári eins og ákveðið er. Jeg hefði miklu fremur búizt við breytingartillögu við frumvarpið, en þessum mótbárum. Jeg ætla nú að vona að fleiri falli eigi frá af þeim, sem greitt hafa atkvæði með frv. þessu við 2. umræðu; því hjer liggur hið sama fyrir til atkvæða. Verð jeg því enn að vona og treysta því, að h. Ed. aðhyllist frv. eins og það nú liggur fyrir.

Arnljótur Ólafsson: Jeg var einn af þeim, sem greiddu atkv. á móti þessu frv. við 2. umr., og mun jeg gjöra það einnig við þessa umr. Kemur það einkum af því, að jeg kann eigi við hvernig styrkurinn skal greiddur. Tilgangur frv. eptir 2. gr. er að leggja gjald á menn, sem lítur út fyrir að eigi að verða elllistyrkur sjálfra þeirra, en þegar kemur til 7. gr., þá sjest það, að það er eigi tilgangurinn, því þar stendur: „Skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum og ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu, *án tillits til hvar þeir eiga sveit*“. Ef þeir eingöngu heyra til þessari stjett, þá geta menn fengið styrkinn, þó menn hafi ekkert greitt í sjóðinn. Þetta líkist því eigi ábyrgðargjaldi, heldur er það nokkurs konar fátækrasjóður í hærra veldi, til þess að fyrirbyggja sveitarþyngsli framvegis. Mjer getur því alls eigi líkað þetta fyrirkomulag.

Jakob Guðmundsson: Jeg er alveg samdóma hinum háttv. kgk. þm. (A. Ó.) um skilning frv. og jeg held að hann hafi skilið það rjett, að gjaldið er eigi lagt á

hvern einstakan, til þess, að það sjálfsagt komi honum að notum; hann getur verið í þeim kringumstæðum, að hann þurfi þess eigi við, og svo getur hann líka verið dauður, þegar á að fara að borga út; en eins og hann tók fram, þá er gjaldið að eins fyrir einstakar stjettir og menn hafa praktiserað það án laga, að gefa fje til þeirra stjetta, sem menn hafa heyrt til, og í þessu frv. kemur fram sama hugmynd.

Hinum háttv. 5. kgk. þm. þótti það eigi gott, að styrknum var úthlutað án tillits til hvar þeir eigi sveit, sem hann fá, en það tel jeg aðalkost á frv., því ef það væri eigi, þá mundi sama rekistefnan verða úr því og verið hefur með fátækrastyrkinn. Mjer skildist og á hinum háttv. 5. kgk. þm., að það væri sama, hvaðan styrkurinn kæmi, og að þetta væri sveitarsjóður í hærra veldi, en það er eigi, heldur er þetta styrkur til ellihrumra manna í þessari stjett, svo þeir þurfi síður eða alls ekki sveitarstyrks, og verður kannske til þess, að fyrirbyggja þann hugsunarhátt, sem er orðinn allt of algengur, að menn kæra sig eigi um, þó þeir þiggi af sveit. Það eru þessir kostir frv., sem gera það, að jeg mun halda fast við það, eins og það er.

Framsögumaður (Skúli Þorvarðarson): H. 5. kgk. (A. Ó.) sagði, að samkvæmt ummælum 7. gr. yrði þessi sjóður sama sem hreppssjóður í hærra veldi, og það annað, að af þessum sjóði yrði einhverjum og einhverjum veittur styrkur án tillits til þess, hvar hann væri hrepplægur, eða hvar hann hefði lagt í sjóðinn. Út af þessum andmælum skal jeg taka það fram, að h. þm. mun vel geta sjeð það, ef hann gáir að sjer, að þessi sjóður er allt annað en hreppssjóður, og að augnamiðið er það með þessu frv., að koma upp þeim sjóði, er með styrk sínum geti gert menn sjálfstæða, svo að þeir tapi ekki borgaralegum rjetti sínum fyrir það, að þurfa að þiggja af sveitarsjóði. Þetta er hinn lofsverði tilgangur, sem frv. hefur, og jeg get ekki sjeð, að það mæli móti frv., heldur einmitt með því. Jeg vona því, að þetta verði ekki ástæða á móti frv.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst, að hvorki hafi h. þm. Dal. (J. G.) nje háttv. framsögum. (Sk. Þorv.) skilið mig rjett. Jeg sagði, að samkv. 2. gr. frv. væri lagt svo og svo mikið skyldugjald á menn, en án þess, að í 7. gr. væri nokkur trygging sett fyrir því, að þeir hinir sömu menn, er gjaldskyldaðir væru, fengju að njóta styrksins, heldur einhverjir og einhverjir; og af því, að tilgangur sjóðsins væri sá, að útvega fátæklingum styrk til þess, að fyrirbyggja, að þeir þurfi að fá reglulegan sveitarstyrk, — þess vegna væri þessi sjóður fatækrasjóður í hærra veldi. Það fer enginn á hrepp, þegar hann hefur eitthvað annað af að lifa. Það er hið óeðlilega, sem jeg finn að þessu frv., að þeir, sem skyldugir eru að leggja í þennan heilsutryggingarsjóð, njóta ekki tiltölulegs styrks af honum eptir sínum innlögum.

Þetta er „communisme“, sem frv. leiðir inn. (*J. G.:* Eða „socialisme“). Jeg held, að h. þm. Dal. (J. G.) geti ekki gert vel greinarmun á „Communisme“ og „Socialisme“. Að minnsta kosti, er þetta ekki „Socialisme“, eptir kenningum Fourier's. Jeg held, að vjer komum ekki landinu upp með því, að breiða sameigsku (communisme) út í lögum vorum.

Framsögum. (Skúli Þorvarðarson): Mjer finnst h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) líta of sjerstaklega á þetta mál, því ef þetta frv. verður að lögum, leggja menn um land allt í þessa sjóði, svo að það gerir ekkert, úr hvaða sjóði hver einstakur fær styrk sinn borgaðan. Mjer finnst og í öðru lagi, að háttv. þm. leggi ofmikla áherzlu, á að ekki sje þörf á þessum sjóðum, og að þeir

yrðu eigi til annars, en að ljetta sveitarþyngslin. Mjer finnst að sjóðirnir einmitt með því komi að góðum notum og miklum. Mig minnir að háttv. þm. sjálfur hafi ekki svo sjaldan talað um hin óbærilegu sveitarþyngsli, og hvernig ætti að ljetta þau, og ennfremur minnzt á ekki síður en aðrir að sveitarþyngslin nú sem stendur sjeu lítt bærileg og að þess vegna muni engin vanþörf á því vera, að reyna með einhverjum ráðum að ljetta þau. Með þessum fáu orðum held jeg að svarað sje helztu ástæðum sem færðar hafa verið móti frv. þessu.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 7 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um uppeldi óskilgetinna barna (403); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í einu hljóði og endursent Nd.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Vík (355); 3. umr.

Landshöfðingi: Það hafa komið fram á þessu þingi ýmisleg frv. um löggilding verzlunarstaða, og hafa það orðið förlög þeirra allra, að deyja í þessari háttv. deild. Nú er hjer að eins þetta eina eptir og er það að mínu áliti hið ástæðuminnsta; því að það mun flestum kunnugt, að flest eða allt vantar í Vík, er til þess útheimtist, að þar geti verið löggiltur verzlunarstaður. Hið fyrsta skilyrði til þess er það, að mögulegt sje fyrir skip að leggjast þar og liggja þó ekki sje nema nokkra daga. En það mun engum blandast hugur um það, að í Vík getur ekkert skip legið, nema það hafi tryggt sjer fyrirfram hægan norðanvind á meðan.

Jeg get því ekki skilið það, að þetta frumvarp skuli vera komið hjer til 3. umr. Mjer virðist það óskiljanlegt að sú háttv. þingd., sem fellt hefur frv. um löglíding Arngerðareyrar, og jafnvel Haukadalsbótar, Vogavíkur og Þórshafnar — en sjerstaklega Arngerðareyrar, — að sú hin sama þingd. skuli hafa látið þetta frv. komast svona langt á leið; og enn þá óskiljanlegra væri það, ef frv. kæmist út yfir 3. umr.

E. Th. Jónassen: Auk þess sem hæstv. landshöfðingi hefur tekið fram móti þessu frv., skal jeg geta þess, að því síður er ástæða til að samþykkja frv., að nú er þegar afgreitt frá þinginu lög um verzlun lausakaupmanna.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 6 atkv. gegn 3, og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Fertugasti og sjötti fundur, þriðjudag 23. ágúst. Allir á fundi.

Tillaga til þingsálykt. í Fensmarksmálinu (376,436); síðari umr.

Sighvatur Árnason: Eins og háttv. þingdm. geta sjeð, á jeg hjer breytingartillögu við þetta mál, og ástæðan, hversvegna jeg kom fram með hana, eru þau andmæli, sem hjer í deildinni komu fram gegn þessari þingsályktun; tilgangur hennar er, að þingsályktunin ekki strandi á þessum mótbárum, heldur sneiði hjá því skeri. Hvað sjálfu málinu viðvíkur, þá er jeg einn af þeim, sem ekki vill hætta við málið í hálfu kafi, heldur enn þá halda því áfram; en hvort vegurinn sem lagður er með þessari þingsályktun til að halda því áfram, er keiprjettur, er ekki mitt að dæma um, það er mjer ofvaxið; því sjálfa lögfræðingana greinir enda á um það, hvort vegurinn muni vera hinn keiprjettasti.

E. Th. Jónassen: Jeg greiddi í gær atkvæði móti þessari þingsályktun, og skal nú leyfa mjer að gjöra grein fyrir því, hversvegna jeg greiddi svo atkvæði í málinu. Það er eins varið með landssjóð eins og með aðra sjóði, að það verður stundum ekki hjá því komizt, að hann verði

fyrir tjóni. Ef þjófur brýzt inn og stelur, þá er hann, ef hann næst eða verður höndlaður, straffaður og látinn bæta skaðann að fullu, ef unnt er á nokkurn hátt; náist hann ekki, eða sje hann búinn að eyða því stolna og hafi ekkert að bæta með, þá fær sá, er skaðann hefur haft af þjófnaðinum, það hvergi bætt; það er eins og annað slys, sem hann verður fyrir. Líkt og þetta stendur á með Fensmark; hann sólundaði því opinbera fje, er honum var trúað fyrir; fyrir þetta var honum vikið frá embætti og honum, samkvæmt hegningarlögunum, hegnt með betrunarhúsvinnu sem glæpamanni, og allt sem hann átti var tekið af honum til að bæta skaðann, og sömuleiðis með þau, er hann sem embættismaður hafði sett til tryggingar fyrir því fje, er honum sem embættismanni var trúað fyrir. En nú segja menn: það stendur hjer öðruvísi á með Fensmark; skaðinn er skeður af því eptirlitið vantaði með embættisfærslu hans af hálfu yfirboðara hans, og því var sú þingsályktun gjörð í fyrra, að snúa sjer í þessu efni til ráðgjafans, og skorað á hann að sjá um, að fje það, er Fensmark eigi gat staðið skil á, yrði borgað inn í landssjóð; hann svaraði sem kunnugt er, að yfirboðarar Fensmarks, landshöfðingjarnir, hafi ekki sýnt það hirðuleysi í því efni hvað eptirlitsskyldu þeirra snerti, að sök yrði höfð á því; en fyrst ráðgjafinn var þeirrar skoðunar, er honum ekki láandi, þótt hann eigi færi að höfða mál gegn ekkjum hinna dánu landshöfðingja, Finsens og Thorbergs, til þess að fá þær dæmdar til að borga landssjóði það fje, sem tapast hefur fyrir óráðvandlega embættisfærslu Fensmarks. Jeg álít að það komi ekki neitt út af því, að höfða mál á móti ráðgjafanum, því eg er þeirrar skoðunar, að honum verði ekki eptir atvikum þessa máls gefin nein sök. Nei, ef alþingi vill höfða mál, til þess að fá skaða þann bættan, er landssjóður hefur haft af hinni ótrúu embættisfærslu Fensmarks, þá er bezt að bera niður á rjettum stað, og þá ætti að minni meiningu að höfða mál á móti ekkjum hinna dánu landshöfðingja og engum öðrum, ef þinginu þykir það sæma, enda hafa menn sjeð það hjer í deildinni, því h. þm. Dal. (J. G.) sagði í gær í ræðu sinni, að bezt væri að hans áliti að höfða mál gegn ráðgjafanum, svo gæti hann haft „regres“ til ekkna hinna dánu landshöfðingja“.

Báðir hinir framliðnu landshöfð., Hilmar Finsen og B. Thorberg, voru duglegir og merkir embættismenn; það er almennt viðurkennt; en málshöfðun gegn ekkjum þeirra til endurgjalds því fje, er Fensmark hefur eytt fyrir landssjóði, væri að minni hyggju hið mesta vanþakklæti móti þeim, og illa væri þá Hilmar sál. Finsen launað fyrir þann mikla og góða þátt er hann átti í því, að vjer fengum stjórnarskrá þá er vjer nú höfum. Hvort nú ráðgjafinn muni sinna því, þótt skorað yrði á hann af alþingi, að höfða mál gegn ekkjum hinna framliðnu landshöfðingja, get jeg ekki um sagt, en það vil jeg taka hjer fram, að jeg ímynda mjer að þingið hefði ekkert upp úr slíkri málshöfðun, þegar á málið er litið frá „juridisku“ sjónarmiði, því jeg er vel kunnugur skjölum þessa máls. Jeg skoða þetta tjón landssjóðs, sem hjer ræðir um, — sem því miður er allt of mikið og mjög svo leiðinlegt — sem slys, og sje ei annað en að landssjóður hljóti að verða fyrir því bótalaust. Hjer á við máltækið: „Það dugar eigi að sakast um orðinn hlut“; þetta slys er nú einusinni orðið; jeg álít því rangt að gefa atkvæði fyrir því, að landssjóður kosti fje til málshöfðunar gegn ráðgjafanum, sem og mundi kosta ærið fje, og ekki vil jeg gefa út fje til þess úr landssjóði, sem jeg álít gagnslaust.

Hvað sjálfa tillöguna snertir, þá er hún ekki heppileg; upphæðin er skökk;

það munar þó nokkrum þúsundum króna. Þeir, sem kunna nokkuð í lögum, vita hvað það hefur að þýða, að lögsækja mann til að borga meiri skuld, en hann skuldar í raun rjettri; málinu yrði sjálfsagt frá vísað. Að fela forsetunum þann starfa, sem þingsályktunin gjörir, álít jeg ekki heyri undir verksvið þeirra, enda hefur forseti efri deildar lýst því yfir, að hann ekki tækist þann starfa á hendur, eins og jeg líka álít það mjög svo efasamt, að kostnaðinum verði ávísað sem alþingiskostnaði. Jeg hef þannig gjört grein fyrir atkvæði mínu, og hef svo ekki meira að segja í þessu máli.

Jakob Guðmundsson: Aðalkjarninn í ræðu h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) var þetta: Þegar einhver gjörir sig sekan í stuldi eða annari óráðvendni, þá er að ná í hann, hegna honum og láta hann bæta tjónið að fullu ef unnt er; hafi þannig allt verið gjört til þess að fá skaðann bættan, án þess það hafi tekizt, af því að hinn seki ekki hafi getað það, nú, þá verði maður að taka því eins og komið er, leggja árar í bát, og nema staðar eða hætta við málið; hjer væri ekkert að hafa, en hinn seki búinn að úttaka sína hegningu fyrir afbrot sitt. Með þessu vildi hann sýna, að hjer væri ekki um annað að tala en slys, sem Fensmark væri einum um að kenna. Jeg hefði verið honum að mestu leyti samdóma, ef hjer að eins væri um eitt ár að ræða, eða að skuldin væri einungis eptir eitt ár, því þá gat einungis orðið spurning um, ef eigur hans og veð ekki hrukku fyrir skuldinni, hvort yfirboðarar hans hefðu gætt skyldu sinnar í því, að láta hann setja nægilegt veð til tryggingar hinum opinberu gjöldum. En hjer stendur allt öðruvísi á; þessi mikla skuld er ekki einungis skuld eptir eitt ár, heldur er hún samsafn stórskulda fyrir mörg ár; þetta geta þingdeildirnar ekki skoðað sem slys, heldur að það sje sprottið af vantandi eptirliti frá hendi yfirboðara hins seka. Jeg get, með *mínum* bezta vilja, ekki skoðað málið frá öðru sjónarmiði en þessu. Hvað hinum tvídeildu skoðunum um höfðun málsins viðvíkur, sem sje, hvort það eigi að höfða það gegn landshöfðingjunum eða þá ráðgjafanum, þá skal jeg játa það, að jeg er enginn lagamaður og sje mig því ekki færan að dæma um, hvað rjettast muni vera í þessu tilliti; en á hinn bóginn vil jeg segja það, að „júristarnir" eru ekki „infallibiles" eins og páfinn. Jeg trúi því, að hver lagamaður segi sína skoðun á málinu, en hvort það er sú eina rjetta og áreiðanlega, er annað mál. Hvað breytingartillöguna snertir, þá hefur verið gjörð grein fyrir því, að hún sje sprottin af andmælum þeim, sem komu á móti þingsályktuninni; nú er framkvæmdin falin forseta neðri deildar, eigi beinlínis „qva" forseta neðri deildar, heldur sem manni úr þinginu, sem það felur þennan starfa. Jeg hefi enga ljósa vissu fyrir, enda ekki vissa sannfæringu um, hvernig þetta mál muni fara fyrir dómstólunum, en hvernig sem það fer, þó því verði frá vísað, þá er þó það unnið, að maður fær að sjá, í hverju stjórnarskránni einnig í þessu tilliti er ábótavant.

Landshöfðingi: H. þm. Dal. (J. G.) endaði á því, að þó málinu gegn ráðgjafanum yrði vísað frá dómi, þá væri allt af það unnið, að menn gætu sjeð, hvað stjórnarskráin væri fullkomin, en jeg fæ eigi sjeð, að þó málinu væri vísað frá, að með því væri sannað, að stjórnarskráin væri ófullkomin, að því er til ábyrgðar fyrir stjórnarstörf kemur, því það, að málinu væri vísað frá, sannaði að eins, að málið væri eigi rjett höfðað. Jeg set aptur á móti svo, að málinu væri vísað frá, af því að það væri höfðað gegn ráðgjafanum, eða hann sýknaður, af því engin ábyrgð hvíldi á honum, og þingið segði svo B, þegar það væri búið að segja A, og höfðaði mál

móti ekkjum landshöfðingjanna, og dómsúrslitin svo yrðu þau, að hvorugur, hvorki ráðgjafi nje landshöfðingi, hefði ábyrgð, þá væri fyrst að tala um, að það væri gloppa á stjórnarskránni. Hvað breyt.till. viðvíkur, þá þykir mjer það næsta skrítið, að eptir henni er alveg sleppt að geta þess, hvernig kostnaðinn af málssókninni skuli greiða; það er þó víst eigi ætlun flutningsmannanna, að málfærslumenn muni taka að sjer að flytja þetta mál fyrir ekkert, þó það sje „interessant“. Það er yfirsjón hjá flutningsmönnunum, að skora eigi á landsstjórnina að borga út það fje, sem málssóknin útheimtir, því það ímynda jeg mjer, að hún mundi gjöra, ef hún fengi áskorun um það; en það er eigi von að hún gjöri það, þegar þingið gefur henni ekkert undir fótinn með það. Hins vegar er það vitaskuld, að kostnaðurinn við þetta mál verður talsverður, og því þyrfti að gjöra einhverjar ráðstafanir um greiðslu hans. Það er líka annað sem mjer þykir undarlegt við þessa ályktun, og það er það, að hún getur hvergi um hvar eigi að höfða málið, hvort það eigi að höfðast við hæstarjett eða á varnarþingi ráðgjafans, þ. e. við Hof- og Stadsretten, en flutningsmenn ætlast þá líklega til að málfærslumaðurinn ráði því.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal eigi fara mörgum orðum um sjálfa þingsályktunartillöguna nje breytingartillöguna, því jeg hygg að hún hafi eigi mætt svo hörðum dómum, að flutningsmennirnir hafi ástæðu til að kveinka sjer, en jeg skal með fáum orðum snúa mjer að ræðu h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.). Hann tók fyrst dæmi af þjófnum, og sagði að þessu væri eins varið og þegar þjófur brýzt inn á menn að stela, þá verði ekki meira gert en allt sje tekið af honum til þess að borga það, sem hann hefur stolið, ef hann næst, en náist hann ekki eða hafi hann ekkert til þess að borga, þá yrðu menn að þola skaðann eins og annað hundsbit *(Landsh.:* Hann sagði eigi hundsbit). Mjer skildist að það hefði verið meiningin. En hjer held jeg að sje ólíku saman að jafna. Hjer er um það að ræða, að stjórnin ljet þann mann hafa embætti á höndum, sem gagnstætt öllum ákvörðunum fullnægði eigi þeim skilyrðum, sem honum bar að fullnægja, að því er kemur til skila á fje landssjóðs; landstjórnin hefur látið landsfje vera óheimt í höndum óskilvíss manns, á móti ákveðnum reglum, og langtum meira en hann hafði sett veð fyrir. Þá var annað atriðið í ræðu h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) það, að það væri rangt, að í þessari tillögu væri gjört ráð fyrir að höfða mál á móti ráðherranum, því það ætti að höfða það á móti dánarbúum landshöfðingjanna, ef menn vildu höfða það á annað borð. Mjer er nú eigi ljóst, á hverju hann byggir þessa skoðun sína, því hann færði engar ástæður fyrir henni, en þegar jeg lít á seinni lið 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur: „Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á *ábyrgð ráðgjafans* fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefur aðsetur sitt á Íslandi“, þá finnst mjer auðsætt, að landshöfðingi hafi enga ábyrgð gagnvart þjóð og þingi. Jeg hygg að það standi hvergi í stjórnarskránni, að þingið geti kallað landshöfðingja til ábyrgðar, einmitt vegna þess, að hann framkvæmir á ráðgjafans ábyrgð allt sem hann gerir og lætur ógert. Ákvæði 2. gr. í ákvörðununum um stundarsakir í stjórnarskránni, eiga ekki við 2. gr. þeirra, heldur 3. gr. Þá kvaðst h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) vera sannfærður um, að ekkert hefðist upp úr þessari málssókn, og get jeg vel trúað honum til þess, og jeg skal játa það, að jeg gjöri mjer engar glæsilegar vonir um úrslit þess, en úr því vjer ætlum að vjer höfum einhvern rjett, þá verðum vjer að reyna til á einhvern hátt að leita hans. En jeg ímynda mjer

að þetta mál sje eigi svo vandasamt, en hygg að það á hinu leytinu sje svo þýðingarmikið, að vjer þurfum að búast við, að vjer fáum heimvísanir á málinu, heldur ætla jeg að við munum fá dóm um sjálft efni málsins, og hvort sem hann gengur oss í vil eða á móti, þá höfum vjer fengið það, sem maður kallar præjudicat, og við það er nokkuð unnið, það, að við sjáum þá, hvað mikinn rjett við höfum. Það er betra að vita það en ekki, og þá á fyrst við, ef illa fer, orðatiltæki h. háttv. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), en fyr eigi.

Sighvatur Árnason: Mjer þótti gott að heyra ummæli hæstv. landsh. um breytingartillögur okkar þriggja þm. En þar sem hann talaði um kostnað þann sem af málshöfðuninni leiddi, þá er jeg honum samdóma um það, að einhverstaðar mun þurfa að taka hann frá, og að einhverja fyrirhyggju verður að bera fyrir því, að gjört verði ráð fyrir honum jafnframt þessari þingsályktun. Þetta vakti fyrir mjer og okkur öllum uppástungumönnum að þyrfti að koma til greina, en okkur kom saman um, að rjettast mundi að áætla til þess einhverja upphæð á fjárlögunum. En viðvíkjandi því, sem h. 2. kgk. (E. Th. J) sagði, að hjer væri á þingál. sett skökk upphæð, þá vil jeg taka það fram, að mjer virtist ekki að svo sje. *(E. Th. J.:* Svo?). Nei, því að þótt segja megi að þessar tölur sjeu ekki rjettar eptir því sem heyrzt hefur af endurskoðun landsreikninganna í ár, sem ekki er til lykta leidd, þá getur maður enn ekki sagt annað rjettara en það, sem kom fram við hina afgjörðu og auglýstu endurskoðun fyrir árin 1884—85. Jeg hef ekki sjeð opinbera endurskoðun landsreikninganna með öðrum tölum, en hjer eru settar í þingsályktuninni. *(E. Th. J.:* Þm. er óhætt að trúa mjer). Jeg rengi það alls ekki, en þetta er sú upphæð sem þingið verður að halda sjer til nú, og hvað sem þessi upphæð kann að breytast, mun koma í ljós undir gangi málsins. Það getur líka komið fram eitthvað frá annari hlið, sem kann að breyta þessari upphæð, og mun það þá að sjálfsögðu verða tekið til greina, og þegar til kemur verður ekki krafizt hærri upphæðar fyrir dómi en rjett er, þegar öllu er á botnin hvolt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hefði vonast eptir meiri vörn — ef ekki sókn — fyrir ágæti þeirrar breyt.till., sem fram er komin við þessa þingsál. En mjer kemur hún svo fyrir, að ef hún verður samþykkt, þá sje kippt öllum merg og allri dáð úr þessari þingsál.till. Í fyrsta lagi fer hún fram á það, að fela eingöngu forseta Nd. að framkvæma það verk, sem á að gerast í nafni alls alþingis. Jeg hefði getað skilið það, ef slíkur starfi hefði verið falinn forseta sameinaðs þings. Nei, það er ekki, heldur er hjer tekinn forseti annarar þingdeildarinnar. Það er nær því hið sama sem að fela það einhverjum og einhverjum prívatmanni. Jeg skil það ekki, að eins hágáfaðir og hálærðir menn sem þessir 3 h. tillögumenn eru, einkum hinn 3. í röðinni (J. Ól.), skuli koma fram með þessa uppástungu. Það er þó ekki eptir stjórnháttalýsing Bretaveldis annað eins og þetta? Það getur gjarnan verið, að h. uppástungumenn viti, að Nd. muni ganga að þessum breyt.till., ef þær verða samþykktar í þessari háttv. deild, og komast til Nd., og að þingsál. geti því haft framgang á þinginu, þótt tíminn sje nú orðinn stuttur, og að þeir hafi atkvæði Nd. svo í vasanum, að þeir viti að málið verði ekki að engu nú á þinginu, en fyr getur það þó ekki orðið en næst síðasta dag þingsins, sem þingsál. þessi kemur til Nd. aptur.

Eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, finnst mjer og að kippt sje mergnum burt úr þessari till. með því að fella burtu síðasta hluta 2. töluliðs, sem sje þá ákveðn-

ing, að fela forsetunum að ávísa því fje, sem málsóknin útheimtir, af upphæð þeirri, sem ætluð er til kostnaðar við alþingi. Hjer er þó vísað á fje það, sem til er í raun og veru; þótt h. þm. Rang. (S. Á.) segði að uppástungumennirnir hefðu hugsað sjer, að veita slíkt fje í fjárlögunum, þá eru fjárlögin ekki samþykkt enn með þessari viðbót, nje heldur hjer í höndum h. þingdm. En að hugsa sjer það, að fara til Kaupmannahafnar og útvega málfærslumann á varnarþingi ráðgjafans, en vera með báðar hendur tómar, það er svo vanhugsað sem nokkuð getur verið. Menn minnast víst að þinginu var eitt sinn útvegaður hæstarjettar-málfærslumaður, en menn ættu þá einnig að minnast, hvernig Nd. alþingis fórst við hann, þegar til orða kom að þægja honum með nokkrum krónum fyrir frammistöðu hans. En svo fór Nd. þá, að eigi er hægt að segja, að hún hafi búið vel í pottinn fyrir sig. Jeg hygg að málfærslumenn hæstarjettar muni þessa sögu eins vel og h. háttvirtu tillögumenn nú.

Jeg get ekki sjeð hvað þessum þremur þjóðkjörnu höfðingjum hefur getað gengið til, að koma fram með þessa breytingartill. við þessa þingsál., sem hefur verið svo vandlega hugsuð af h. Nd. Þeir segja máske: Ja, forseti Ed. hefur skorazt undan að vinna það verk, sem honum er falið í þingsál. og ef vjer samþykkjum hana samt óbreytta, gengur hann úr forsetasæti, svo vjer verðum að breyta þingsál. af einberri tryggð við hann. Þessi tryggð til h. háttv. forseta er skiljanleg, þegar vjer minnumst þess, hve mikið aldursforseti og fleiri af sama flokki gjörðu sjer far um að koma honum í forsetasætið og hve miklum erfiðleikum það var bundið. En þó jeg meti mikils þessa tryggð og álíti h. forseta hennar maklegan í alla staði, vil jeg samt segja, að þá er ofmikið til unnið, ef flutningsm. breyt.till. ónýta með þessu þetta mál þegar í fæðingunni, það er að segja, ályktun alþingis — ef þeim á annað borð er þetta áhugamál.

Að endingu skal eg skírskota til þess, sem jeg sagði við fyrri umr. þessa máls, að jeg vildi að þjóðviljinn nái fram að ganga. Jeg styrkist enn fremur í því, að það sje rjett gjört af mjer, við þau orð hins hæstv. landshöfðingja, að stjórnin mundi ekkert hafa á móti því að þetta mál væri höfðað, ef vjer hefðum nokkra rjettarkröfu og kynnum með að fara.

En jeg hygg að h. Nd. kunni að stilla máli sínu; jeg treysti því, og því greiði jeg atkvæði með till. hennar; en verði breytingartillögurnar samþykktar, er mjer eigi unnt að greiða atkvæði með tillögunni, sem jeg veit að þá verður í byrjuninni að engu eður að engri alþingissamþykkt. Jeg vil ekki skrifa undir það sem jeg veit að muni aldrei fá framgang; því að standa fjelaus uppi og ætla að fara í mál, verð jeg að álíta að sje hið sama sem að gjöra sitt til að eyðileggja þingsál. sjálfa, svo að ekkert verður úr neinu og engin vissa fæst þess, hvort málið og vinning þess er möguleg eður eigi.

Jón Ólafsson: Jeg skal fyrst svara h. 5. kgk. (A. Ó.) nokkrum orðum; hann áleit það mjög óviðkunnanlegt, að fela forseta neðri deildar einum á hendur starf, sem snertir þingið í heild sinni. Jeg skil ekki í, hvað því getur verið til fyrirstöðu, að honum sje fengið starf af þinginu eigi síður en hverjum öðrum manni á landinu, það er þó ólíklegt, að hann hafi minna traust landsmanna en hver annar. Svo mikið er víst, að þingið hefur borið svo mikið traust til þingmanns, sem ekki var forseti, að það fjekk honum í hendur utanþingsstarf. Jeg man ekki betur en að þingið 1883 fengi h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) starfa, sem af hendi þurfti að leysa milli þinga, og jeg hef ekki heyrt annars getið, en sá starfi hafi verið vel af hendi leyst-

ur. *(A. Ó.:* Það var ekki eptir alþingisályktun). Þá neðri deildar alþingis, og fjeð var borgað út eptir alþingisályktun 1883. *(Landsh.:* Það var ekki 1883, heldur 1881). Ályktunin um starfið mun verið hafa 1881, en ályktanin um útborgunina 1883, en það gjörir annars minnst til um *ártalið*; það er meira vert um *efnið*. Jeg veit ekki, hvað því getur heldur verið til fyrirstöðu, að þingið feli á hendur starfa annaðhvort einum manni eða nefnd manna; og ef þingið getur það, þá má sjálfsagt eins vel fela starfann á hendur þeim manni, sem við þykir eiga, með þingsályktun, eins og kjósa hann á venjulegan hátt. Sá vegur er einmitt miklu einfaldari og óbrotnari og þá lá nær að velja hann. H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafði það annað móti þingsályktuninni, að í henni væri ekki gjört neitt ráð fyrir, hvaðan fje skyldi taka til málssóknarinnar, og hann gat þess, að þingið hefði áður búið svo illa í hreiður sitt, að eigi mundi nú hlaupið að því að fá nýtan málfærslumann. Jeg játa það, að þinginu fórst óhyggilega og ómaklega (að eg ekki segi meira) við málfærslumann þann, sem þm. (Á. Ól.) nefndi, og öðru vísi en jeg mundi kosið hafa, enda gagnstætt því er jeg þá lagði til. Þó getur þetta ekki verið næg ástæða til þess að þingið skuli *aldrei framar höfða mál móti nokkrum*, eða að það geti fengið málfærslumann til að flytja mál fyrir sig, sjerstaklega ef á fjárlögunum verður ætluð upphæð til málfærslunnar, eins og einn af flutningsmönnum breytingartill. hefur sagt að gjört mundi verða. Með því mundi bætt úr þeim vandkvæðum, sem hæstv. landshöfðingi benti á, jafnframt og hann gat þess, að landstjórnin mundi fús á að greiða fjeð til málsóknarinnar, ef hún fengi bendingu um það frá þinginu, að það væri vilji þess. Það hefur verið talað um, að rangt væri að höfða málið móti ráðgjafanum, í stað þess að það ætti að höfða gegn dánarbúum eða ekkjum tveggja hinna fyrverandi landshöfðingja. Um þetta skal jeg ekki segja mikið annað en jeg mundi miklu fúslegar hafa greitt atkvæði með ályktuninni, ef gjört hefði verið ráð fyrir að höfða málið gegn dánarbúunum, því að sá vegur sýnist mjer greiðari. En fyrst meiri hluti þingsins hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að höfða málið gegn ráðgjafanum, þá mun jeg fylgja honum í því. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar stendur, að æðsta vald á Íslandi innanlands skuli á ábyrgð ráðgjafans fengið landshöfðingja í hendur, og í 3. gr. stjórnarskrárinnar er talað um, að alþing komi ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum. Og þá hlýtur þó einhver *vegur* að vera til, til þess að koma fram ábyrgðinni, annars væri hún þýðingarlaus. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að meining sje þó í því að höfða mál gegn ráðgjafanum, því að honum hljóta að hafa verið kunn vanskilin úr Ísafjarðarsýslu löngu áður en Fensmark var vikið frá embætti. Þriðja ástæða til að höfða mál gegn ráðgjafanum er sú, að hann hefur algjörlega lagzt undir höfuð að gefa gaum að áskorun alþingis í fyrra; *þá* hefði *hann* átt að láta höfða mál gegn þeim, sem hann áleit rjettan sakaraðila í máli þessu. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, ef jeg hef skilið hann rjett, að vjer ættum helzt að láta vera að höfða mál, en ef vjer höfðuðum það gegn nokkrum, þá yrðum vjer að höfða það gegn ekkjum hinna fyrverandi landshöfðingja. En hann bætti því við, að Hilmar Finsen væri alls annars maklegur af oss, en að vjer færum að lögsækja ekkju hans; svo mikinn og góðan þátt hefði hann átt í því, að vjer hefðum fengið þá stjórnarskrá, sem vjer nú höfum. Jeg játa það, að Finsen á miklar þakkir skilið af oss fyrir það; en þó sje jeg ekki fulla ástæðu til að láta af málssókn fyrir það, því að hjer er ekki

einungis um það að ræða, að ná aptur töpuðu fje, heldur er hjer í raun og veru um annað þýðingarmeira að ræða, um það, *að fá slegið því föstu, á hverjum ábyrgðin hvílir fyrir eptirlitsskort og vangeymslu á fje voru og rjettindum vorum.* Það stendur opinn vegur fyrir þinginu að *gefa hlutaðeigendum upp* skaðabætur, þegar búið er að vinna þær með dómi, ef því þykir þeir þess maklegir, og það mundi jeg á *sinni tíð* styðja. En það er of snemmt að tala um það nú; áður en til vorkunseminnar kemur þarf rjettarspursmálið fyrst að fást afgjört. Jeg sje því enga ástæðu til þess að láta fæla mig frá að greiða atkvæði með þingsályktuninni og breytingunum, enda mun jeg gjöra það.

Landshöfðingi: Það er eitt atriði sem ekki hefur verið talað um, nefnil. hver áhrif það hefur, ef breyt.till. við þingsályktunina verður samþykkt. Ef svo fer, þá sje jeg ekki að lengur sje til þingsályktun, heldur ályktun úr efri deild og ályktun úr neðri deild, sem ekki eru samhljóða. Í þingsköpunum er talað um, hvernig að skuli fara, ef deildunum komi ekki saman um eitthvert lagafrumvarp, en þar er ekki minnzt á, hvernig fara skuli, ef hið sama hendir um þingsályktanir. Ef breyt.till. kemst að, þá sje jeg ekki betur en að til verði tvær gagnstæðar þingsályktanir um þetta mál; og hvorri þeirra á svo landstjórnin að fylgja? Mun hún eigi eiga að fylgja þingsályktun neðri deildar, af því hún er samþykkt með fleiri atkvæðum?

Forseti: Jeg verð að skoða þetta sem nýja þingsályktun, ef þingsályktun neðri deildar verður breytt hjer, og stendur það á valdi deildarinnar að senda þá ályktun h. neðri deild.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. samþ. með 6 gegn 5 atkv.

2. breyt.till. samþ. með 8 samhlj. atkvæðum.

3. breyt.till. samþ. með 6 atkvæðum gegn 1.

Tillagan þannig breytt samþ. með 6 gegn 4 atkv. og send forseta neðri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um hallærislánabeiðslur úr Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum (390); ein umræða.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Jeg hef leyft mjer að koma hjer í deild fram með þessa þingsályktunartillögu, af því að jeg álít hana bæði lögum samkvæma og nauðsynlega eptir því sem á undan er gengið hjer á þingi, með meðferð á hallærislánabeiðslum. Það er alkunnugt, að síðastliðið sumar var hið erfiðasta á Norðurlandi, grasvöxtur var þar rýr, en þó tóku út yfir hinir dæmafáu óþerrar. Að haustinu voru því hey manna bæði lítil og skemmd. Þó mundi bæði Húnavatns og Skagafjarðarsýsla hafa komizt nokkurn veginn af, og getað fleytt fram peningi sínum, ef ekki hefði komið hin stórfeldu áfelli á síðasta vori. Fennti fjöldi fjár og nokkuð af hestum, en sumt hrakti í ár og vötn. Vegna þessa stórtjóns sáu sýslunefndirnar í Húnavatns og Skagafjarðarsýslum sjer ekki annað fært, sem og líka var bein skylda þeirra samkvæmt 30. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872, en að leita hallærisláns. Amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu gaf lánbeiðslunni meðmæli sín, og landstjórnin tók vel undir hana. En hvort hún hefur lagt málið fyrir þingið til að leita álits þess um hallærislánabeiðslur þessar og fleiri, það er mjer ekki fullljóst. Hvað sem því líður, þá myndaðist nefnd í neðri deild til að íhuga hallærislánabeiðslur. Þessi nefnd kvað síðan upp álit sitt. Það eru einkum tvö atriði í þessu áliti, sem mjer líka alls eigi, að því er snertir Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur; nefndin hefur dregið af upphæð þeirri, sem sveitarstjórnir og sýslu-

nefndir í báðum sýslunum hafa talið nauðsynlega til að afstýra hallæri; nefndin í Nd. hefur þótzt fróðari þessum mönnum um ástandið í tjeðum sýslum. Hitt atriðið er, að nefndin leggur það til, að sendir sjeu dómkvaddir utansýslumenn, til að rannsaka ástandið í sýslunum; þessa menn get jeg ekki skoðað öðru vísi en njósnarmenn, senda til höfuðs þessum tveimur sýslum: undir áliti þeirra og náð á það að vera komið, hvort sýslurnar fái lán eða ekki. (Landsh.: Það er synd að tala illa um framliðna). Jeg skal þá sleppa að fara fleiri orðum um aðgjörðir nefndarinnar, því jeg er búinn að taka flest fram, af því sem jeg vildi sagt hafa, en álít vel við eiga að kveðja hana, fyrir hönd sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, og Skagfirðinga yfir höfuð, með orðum Egils Skallagrímssonar: „En þeir Einar og Oddur, sem svo mjög hafa dregizt til þessa máls, hafa hjer af fengið skapnaðarvirðing".

Jeg skal ennfremur geta þess, til að sýna, að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu muni ekki fús á að taka meira hallærislán en brýn nauðsyn krefur, að eptir skýrslum frá hreppunum voru það 15000 kr., sem um hefði átt að biðja, en sýslunefndin færði þá upphæð niður í 12000 kr. Jeg sje ekki betur en að þessi þingdeildarályktun, sem jeg hef leyft mjer að koma með, sje svo sanngjörn og samkvæm lögum, að jeg treysti því, að h. Ed. samþykki hana. Það lítur annars svo út sem neðri deild sje þar gagnstæðrar skoðunar, þegar hún vill áskilja sjer rjett til að ákveða upphæð lánsins. Jeg sje ekki að eptir öðru verði farið við hallærislánaveitingar, en skýrslum og meðmælum sveitastjórna, sýslunefnda og amtsráða. Alþing hefur að minni ætlun ekki annað í þeim málum að gjöra, en að ákveða, til hve langs tíma lánin skuli veitt. Jeg þykist því viss um, að þessi ályktun verði því fremur samþykkt hjer, sem neðri deild hefur þóknazt að samþykkja ályktun í þessu sama máli, án þess þó að vilja hleypa henni inn fyrir dyr þessarar deildar. Hjer er ekki farið fram á annað en að fylgja fram venju undanfarinna þinga og að gjöra það sem samboðið er mannúð og drengskap góðra þjóðfulltrúa.

Benidikt Kristjánsson: Mjer þykir nú sem hjer sje úr vöndu að ráða. Hjer liggur nú fyrir ályktun, sem fer í nokkuð aðra átt en tillaga til þingsályktunar, sem Nd. hefur samþykkt. *(Landsh.:* Það er eigi þingsályktun, heldur deildarályktun). Þá er nokkru öðru máli að gegna, því hefði staðið á henni „alþingi ályktar", þá var það beinlínis að fella hana, að samþykkja þessa tillögu.

Viðvíkjandi mismun á þessum tillögum deildanna, þá skal jeg taka það fram, að hann er í sjálfu sjer lítill; hjer er farið fram á meira lán til þessara sýslufjelaga en í hinni tillögunni; það er að eins 2 þús. kr. munur til hverrar sýslu, og það getur verið, að sýslufjelögin hafi þess þörf; en þó er jeg eigi sannfærður um að það sje alveg nauðsynlegt, að veita svo mikið lán, og þegar menn taka lán, þá verða menn vel að gá að því, að það kemur einhvern tíma að því að borga. Jeg hefði helzt óskað þess, að ályktun hefði komið frá hvorugri deildinni í þessu efni og landstjórnin hefði verið látin sjálfráð um þetta að sinni.

Júlíus Havsteen: Jeg er alveg samdóma h. þm. S.-Þing. (B. Kr.) um að það hafi engin þörf verið á fyrir þingið, að fást við þetta mál, heldur hefði verið það bezta, að láta landstjórnina ráða og taka gildar og trúanlegar skýrslur þeirra sýslunefnda, sem hjer áttu í hlut, en jeg er viss um, að hinn háttv. þm. S.-Þing. (B. Kr.) vildi heimta það fyrir hönd sinnar sýslunefndar, að tillit yrði tekið til þeirra skýrslna, sem hún kynni að láta uppi í einhverju máli.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 8 atkv., og afgreidd til landshöfð.

Frv. til viðaukalaga við tilskipun um veiði á á Islandi (402); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg vil mæla sem bezt með þessu frv., því það er optast svo, að eigi verður sannað uppá þá, sem drepa æðarfugla, að þeir hafi drepið fleiri fugla, en einn, og sleppa þeir svo með 1 kr. sekt, en hjer í þessu frumvarpi er sekt ákveðin, sem svíður dálítið, þótt eigi sje nema einn fugl drepinn; það er næsta nauðsynlegt, að láta allþunga sekt við liggja, því jeg hygg, að það hafi farið mjög í vöxt hin síðustu árin, að óhlutvandir menn drepi æðarfugla, og hafa það jafnvel fyrir atvinnu, án þess þeir hugsi um að þeir spilla með því einum helzta atvinnuvegi landsins.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna (401); 2. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. vísað til 2. umr. umræðulaust með 8 atkv.

Þriðji fundur í sameinuðu þingi, þriðjudag 23. ág. kl. 5 e. h.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (425,433).

Framsögum. (Ólafur Briem): Reikningslaganefndin hefur leyft sjer að koma fram með breytingartillögu við frumv. eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild, sem er samkvæm tillögu yfirskoðunarmanna landsreikninganna, og því sem haldið hefur verið fram hjer í deildinni. Öllum h. þm. er ljóst, hvert ágreiningsatriðið er, sem sje þær 144 kr. sem farið er fram á að greiddar verði úr landssjóði fyrir ferðir nokkurra sýslum. með hersk. „Diana“ til að hafa eptirl. með útlendum fiskisk. Þenna kostnað eiga lögreglustjórarnir sjálfir að bera og hafa þeir enga kröfu til að fá hann endurgoldinn, enda fá þeir aukatekjur, 10 a. af hverri smálest, fyrir að skoða skipaskjölin, sem verður að skoðast sem nokkurs konar endurbót fyrir ferðalögin og fyrirhöfnina við eptirlitið. Spurningin er, hvort eigi að víkja frá hinni alalmennu reglu, og fannst reikningslaganefndinni eigi ástæða til þess, því að þótt hjer sje ekki að ræða um mikil fjárútlát fyrir landssjóð, þá þóttist nefndin sjá fram á, að ef undantekning væri gjörð í þetta skipti frá reglu þeirri, sem lögboðin er, þá gæti fleira á eptir farið, svo að þingið neyddist til, ef það vildi vera sjálfu sjer samkvæmt, að veita öðrum lögreglustjórum fje í sams konar tilfellum, þegar þeir fyndu ástæðu til að nota herskipin á embættisferðum sínum, en yrði þetta venja, þá yrði afleiðingin sú, að ferðakostnaðurinn lenti á lögreglustjórunum, ef þeir færu landveg eða á bátum, en á landssjóði, ef þeir notuðu herskipin, og þetta fannst nefndinni mjög óviðkunnanlegt. Vilji menn breyta því fyrirkomulagi, sem nú er, og láta lögreglustjórana fá ferðakostnaðinn goldinn úr landssjóði, þá væri líka rjett að láta áður nefndar aukatekjur renna í landssjóð, en þar sem engar tillögur eru fram komnar í þá átt, þá ræður nefndin til að bregða ekki heldur nú út af þeirri reglu, sem gilt hefur um ferðakostnað lögreglustjóra.

Landshöfðingi: Jeg er h. framsögum. (Ól. Br.) samdóma um, að mál þetta er svo kunnugt, að óþarfi er að eyða hjer mörgum orðum um það, en þar sem hann óttaðist, að það mundi hafa illar afleiðingar fyrir framtíðina, ef þessar 144 kr. yrðu veittar, þá er sá ótti hans ástæðulaus, því að eins og jeg tók áður fram hjer í deildinni, skal eptirleiðis verða sjeð um, að slíkt komi eigi aptur fyrir, og lögreglustjórunum skal tilkynnt það, að þeir verða framvegis að kosta sjálfir ferðir sínar á herskipunum, ef þeir vilja nota þau.

Júlíus Havsteen: Því miður gat jeg ekki heyrt allt, sem h. framsögum. (Ól. Br.) sagði; en þar sem hann sagði að sýslumennirnir fengju gjald fyrir að skoða skjöl hinna útlendu fiskiskipa, þá er það að vísu rjett, en hjer við er það að athuga, að öll hin norsku skip, þau er síldarveiðarmenn komu á til landsins, voru eigi skoðuð sem fiskiskip, heldur sem verzlunarskip eða flutningsskip; annars hefðu þau eigi getað legið hjer við land á fjörðum inni allt sumarið.

ATKVÆÐAGR.: 1. tölul. breyt.till-lögunnar felldur með 17 atkv. gegn 16, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson	Eiríkur Briem
Árni Jónsson	Arnljótur Ólafsson
Ben. Kristjánsson	Árni Thorsteinsson
Grímur Thomsen	E. Th. Jónassen
Jón Jónsson	Fr. S. Stefánsson
Jón Ólafsson	Gunnar Halldórsson
Jón Sigurðsson	Jakob Guðmundsson
Lárus Halldórsson	Jón Hjaltalín
Ólafur Briem	Jón Þórarinsson
Páll Briem	Jónas Jónassen
Páll Ólafsson	Júlíus Havsteen
Sigurður Jensson	L. E. Sveinbjörnsson
Sigurður Stefánsson	Ólafur Pálsson
Sveinn Eiríksson	Sighvatur Árnason
Þorl. Guðmundsson	Skúli Þorvarðarson
Þorvarður Kjerúlf	Þórarinn Böðvarsson
	Þorsteinn Jónsson

2. tölul. þar með fallinn.

Frumv. þannig óbreytt samþ. með 27 samhlj. atkvæð. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um samþ. á landsreikningunum fyrir árin 1884 og 1885 (426,433).

ATKVÆÐAGR.: Frv. óbreytt samþ. með 27 samhlj. atkv.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (414,432).

Grímur Thomsen: Þótt öllum sje kunnugt ágreiningsatriðið í þessu máli, vil jeg þó benda á það, sem eigi hefur áður verið um getið, að árið 1877, tveim árum eptir að lögin um aðra skipun á læknishjeruðunum voru samþykkt hjer á þingi, kom fram frumv. um, að þeir læknar, sem hefðu verið skipaðir í embætti fyrir 1. jan. 1876 og ættu von á að fá hærri laun, skyldu einskis í missa við þessi lög; en þetta frumv. var *fellt* á þingi 1877, því að þá var þingið á þeirri skoðun, að þeirri reglu, sem á sjer stað í Daumörku um launahækkun á 2—3 ára fresti, skyldi útbyggt hjer á landi og er því hvorki mjer nje öðrum, sem þá voru á þingi, láandi, þó vjer höldum fram þeirri skoðun í þessu máli, sem vjer þá höfðum. Síðan fór einn af læknunum í mál út af þessari launaviðbót, en tapaði því bæði fyrir uudir- og yfirrjetti, og þegar hann svo leitaði ráða um, hvort skyldi halda málinu áfram til hæstarjettar, var honum gefin bending um, að málið væri mjög vafasamt, svo hann hætti við það. En nú er hæstv. landshöfðingi og sumir aðrir komnir á þá skoðun, að læknarnir muni vinna málið fyrir hæstarjetti, þrátt fyrir það að landsyfirrjettdómurinn hefur fallið á móti þeim og þykir mjer það mjög kynlegt, að jafnvel þeir menn, sem sjálfir hafa dæmt í þessu máli landssjóði í vil, skuli nú vera sannfærðir um að hæstirjettur muni fella gagnstæðan dóm við þann, sem þeir sjálfir dæmdu. Mjer finnst þar á ofan mjög óviðkunanlegt, að þingið gjöri sig að dómara í þessu máli og get ómögulega sjeð neitt því til fyrirstöðu, að læknarnir leiti til dómstólanna til að fá vissu sína um hvort þeim beri þetta fje, og að því er snertir það fjártjón, sem landssjóður verður fyrir ef málið fellur á hann, þá getur vel verið, að málskostnaðurinn verði nokkur, ef til vill 1—2000 kr.; en auk þess sem landssjóður þá hefur vissu fyrir, að hann ekki

borgar annað en það, sem honum ber að borga, þá getur líka vel staðið svo á fyrir landssjóði, að hann eigi hægra með að borga fjeð en hann nú á, þar sem hann á tveim fjárhagstímabilum verður fyrir svo miklum halla. Yfir höfuð finnst mjer, að á þessu þingi sje hugsað meira um að sýna sanngirni við einstaka menn en við landssjóð; en jeg er enginn lagamaður og dettur ekki í hug að finna að yfirdómnum nje heldur spá neinu um það, hvernig málið muni fara fyrir hæstarjetti, og greiði því atkvæði eins og áður í málinu.

Landshöfðingi: H. þm. Borgfirð. (Gr. Th.) byrjaði á 1877, að þá hefði verið komið fram með frv. til viðaukalaga við læknaskipunarlögin, sem hefði gengið í þá átt, að þeir læknar, sem eptir eldri lögum áttu von til hærri launa en þeirra, sem ákveðin eru í læknaskipunarlögunum, skyldu einskis í missa við hin nýju læknaskipunarlög frá 1875, og hann lagði mikla áherzlu á, að þessi lög hefðu verið felld hjer á þinginu 1877; þetta er alveg rjett; og jeg skal bæta því við, að á hverju þingi síðan hafa tillögur um uppbætur til þessara lækna verið bornar upp og felldar. Einnig hefur jafnvel komið fram uppástunga um, að veita tveimur af þessum læknum viðbót við laun sín um ókomna tímann, gegn því að þeir slepptu öllu tilkalli til viðbótar fyrir liðna tímann; en einnig þessi tillaga var felld; og hver er svo afleiðingin? Sú, að landssjóður verður að borga það, sem hann þannig hefði getað sloppið við. H. þm. sagði, að orsökin til þess, að viðaukalagatrumv. sem hann minntist á var fellt, hefði verið sú, að þingið 1877 hefði viljað með öllu afnema hinar svo kölluðu aldurshækkanir; en ef þetta hefur verið áform þingsins 1877, þá hefur þingið ekki haldið lengi fast við það áform sitt, því 1881, veitti það bæði Sigurði lektor Melsteð og Pjetri biskup Pjetursyni 400 kr. launaviðbætur, sem jafnframt var viðurkennt, að þeir, eða að minnsta kosti biskupinn, engan lagalegan rjett hefðu til; þessi ástæða er því þýðingarlaus.

Hvað það atriði snertir, að þeir sem hafi dæmt landsyfirrjettardóminn, hljóti enn að vera sömu skoðunar og þeir hafi verið þá, þá er þetta alveg ný kenning. (*Gr. Th.:* Það var skrítið!). Jeg hef með öðrum dæmt þennan yfirrjettardóm, sem hjer er um að ræða, og þegar svo hæstirjettur dæmir öðruvísi, annaðhvort í sama máli eða öðru máli, sem er alveg eins vaxið, þá viðurkenni jeg, að minn dómur sje ekki rjettur; jeg skammast mín alls ekki fyrir það, að játa þá, að jeg hafi dæmt rangan dóm, ekki af ásettu ráði, heldur af því, að jeg hafi ekki litið rjett á málið.

Þá er það líka nokkuð undarleg kenning, að segja að þessum læknum sje enginn órjettur gjör, þó þeim sje vísað til dómstólanna með þessa kröfu sína. En það er alls ekki að veita einum manni sinn rjett, eða uppfylla skuldbindingar sínar við hann, að vísa honum til dómstólanna: „Jeg veit ósköp vel að jeg á að borga þjer þetta, en jeg ætla þó ekki að gjöra það; þú getur farið í mál við mig, og ef jeg tapa málinu, þá borga jeg strax, en fyr ekki“. Og á hinn bóginn skil jeg það ekki, að ef landssjóðurinn er að þrotum kominn 1886 og 1887, og hagur hans að öllum líkindum versnar enn meir 1888 og 1889, hvernig hann á þá hægra með að borga þessi 11—12 þúsund krónur eptir dómi, með rentum og málskostnaði, eptir svo sem 1 eða 2 ár, en hann á nú. Það hefur verið komið fram með þá ástæðu, að málskostnaðurinn þyrfti ekki að verða mjög mikill, því þessir læknar gætu komið sjer saman um, að einn þeirra höfðaði málið, og ræki það fyrir öllum rjettum; en þó þessi eini læknir svo ynni sitt

mál, ætla þá gæti ekki skeð, að einhver prófastur eða prestur hjer í deildinni, eða hverjir það nú eru, kæmi þá fram með þá speki, að það væri þessi eini læknir, sem hefði unnið sitt mál, en alls ekki hinir?

Jeg sje það á nefndaráliti fjárlaganefndarinnar í Nd., eptir 3. umr. í efri deild, að hún er í áliti sínu samkvæm því, sem þegar hefur verið þrisvar samþykkt þar í deildinni, og enga breyting gjört þar á launum lækna nema launum landlæknisins; hún aðhyllist því þá skoðun, að þeim 3 læknum, sem hjer ræðir um, beri sömu launakjör, sem Þorgrími lækni Johnsen eru dæmd. Jeg leyfi mjer svo að vona, að þetta mál fái sem bezt og rjettust úrslit, og ímynda mjer að það sje nú þegar nægilega upplýst.

E. Th. Jónassen: Þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að einn af læknum þessum hefði höfðað mál gegn landssjóði, og tapað því fyrir báðum dómstólum hjer á landi; en þetta er ekki rjett. Hann vann málið fyrir undirrjetti. Þann dóm dæmdi jeg sjálfur, og mun jeg eigi nú greiða atkv. þvert ofan í hann.

Grímur Thomsen: Eitt var það í ræðu landsh., sem mjer virtist ekki hugsunarrjett. Hann sagði: „ef hæstirjettur dæmir ógildan minn dóm, álít jeg minn dóm rangan“. Látum svo vera; en þetta á ekki hjer við. Það er nógur tími fyrir landsh. að játa dóm sinn rangan, þegar hæstirjettur hefur dæmt hann ógildan. Það er ekki orðið enn þá. Landsh. getur beðið með játningu sína, unz þar að kemur. Ef hæstarjettardómur lægi fyrir í þessu máli, þá værum vjer ekki að ræða þetta mál. Í máli Þorgríms læknis var dómur hæstarjettar samhljóða dómi yfirrjettarins. Jeg get haft von um, að einnig í þessu máli muni þeir verða samhljóða. Enn fremur sagði landsh., að eigi væri rjett eða sanngjarnt, að láta lækna þessa sækja fje það, er þeir krefjast, með málsókn, og að ekki mundi það þykja heiðarlega gjört af einstökum manni. En það kemur mjög opt fyrir, að menn leggja mál undir úrskurð dómstólanna, þó þeir efist um að vinna þau. Jeg get eigi sjeð, að þingið sje skyldugt til að veita þessa launaviðbót, og jeg vona, að fleirum sýnist svo.

ATKVÆÐAGR.:

Frv. samþ. óbreytt með 26 samhlj. atkvæðum og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til viðaukalaga við útflutningslögin 14. jan. 1876 (422).

Forseti leitaði atkvæða um, hvort frv. mætti koma til umræðu á fundinum, þó það hefði eigi legið frammi hinn lögskipaða tíma, og var það samþykkt.

Jón Ólafsson: H. þingd. hefur samþykkt að þetta frv. skuli koma til umræðu á þessum fundi, og með því komið í veg fyrir allar breytingartill. frá þeim, sem eigi geta aðhyllzt frumv. eins og það kom frá h. Nd. Vegna þess, að nú eru burt numdar þær einu tryggingar, sem nokkra verulega þýðingu höfðu gagnvart útflutningastjórum, þá sje jeg eigi að vert sje að samþykkja frumv., og mun jeg því ekki greiða atkvæði með því, eins og það liggur fyrir. Jeg efast ekki um, að hinir, sem afskorið hafa allar breytingartill., hafi fullkomið atkvæðamagn á þinginu, og það sje því eins og að prjedika fyrir klettinum, að vera að tala um málið, og skal jeg því ekki vera langorður. Tryggingin, sem jeg sakna svo mjög, var fólgin í því, að þegar samningar eigi eru haldnir við vesturfara, þá átti, eptir ákvæðum frumvarpsins, eins og það var upphaflega lagað, er jeg bar það fram, ábyrgðin skilyrðislaust að lenda á línunni, sem flytur vesturfarana. Þegar þessi trygging er numin burt, þá er lítið lið í frumv., því reynslan hefur sýnt, og það síðast í sumar, að það er þessi trygging, sem einkum er þörf

á. Það er tilfinnanlegt tjón, sem menn verða fyrir, þegar eins fer eins og nú í sumar. Meðan fólkið er að bíða eptir skipinu, eyðir það alveg því litla fje, sem það hafði ætlað til ferðarinnar, og svo verður sveitin loks að taka við því gjörsamlega gjaldþrota. Það komu fram þær mótbárur móti þessari ákvörðun í Ed., að útflutningsstjórarnir mundu ekki láta kostnaðinn koma niður á öllum útförum jafnt, heldur mest á þeim, sem færu frá þeim höfnum, sem verst væri að komast á; en jeg sje ekki, á hverju þessi mótbára er byggð. Það er þegar nú mikill munur á kostnaðinum við að sækja fólk til norðurlandsins og suðurlandsins; en þó það sje dýrara fyrir línuna að fara til norðurlandsins, þá lendir sá aukakostnaður ekki sjerstaklega á útförum að norðan. Það mundi ekki koma opt fyrir, að samningar yrði eigi haldnir við útfara, ef útflutningsstjórar sæju sjer hag í því, að taka meira tillit til þarfa þeirra, sem út fara, en hingað til hefur átt sjer stað. Jeg get hugsað mjer, að fargjaldið hækkaði ekki meira en 3—4 kr. á hverju farbrjefi, og yrði það að ætla má látið koma jafnt niður á allar hafnir. Jeg sagði, að það hlyti að koma sjaldan fyrir, að útfarar þyrftu að bíða eptir útflutningaskipinu. Það hefur sjaldan komið fyrir, og kemur enn sjaldnar fyrir, ef allrar varúðar er gætt. Það er helzt, að ekki er æfinlega hægt að komast á eina höfn, Borðeyri; en það er óþarfi að láta útfara fara frá þeirri höfn. Allur helmingur af þeim, sem hafa beðið þar í allt sumar eptir skipinu, hefði átt öllu hægra með að sækja til annarar hafnar, ef útflutningsstjórarnir hefðu hagað því svo. Sem sagt, þegar þessari tryggingu er hafnað, þá sje jeg ekki hvað það er í frumv., sem vert sje að gjöra að lögum. Það er að eins 3. gr. sem nokkur bót kynni að vera í; en vegna hennar einnar sje jeg ekki fulla ástæðu til að gjöra frumv. að lögum, og það því síður, sem þessi gr. er ekki sem heppilegast orðuð; það verð jeg að játa, jafnvel þótt jeg hafi átt þátt í að semja hana. Þar er nefnilega sagt, að skip, sem flytja útfara af landi, megi ekki taka neinn farþegja um borð, nema hann hafi útfararsamning eða vegabrjef. Það er mjög óheppilegt, að þetta skuli vera sett þannig undantekningarlaust, því ef t. d. póstgufuskipið tekur einn einasta útfara, þá er það komið undir ákvæðin um þau skip, sem flytja útfara, og má þá eigi taka neinn um borð, sem ekki hefur vegabrjef. Þetta er mjög óheppilegt og óeðlilegt. Ef þess vegna hefði verið hægt að koma með breytingartill., þá hefði verið sjálfsagt, að koma einnig með breytingartill. við þessa gr. í þá átt, að gera undantekning með póstskipin, þá er þau flytja t. d. færri en 10 útfara. Jeg verð þess vegna að vera á móti frumv., nema ef það fengizt tekið út af dagskrá, og vil jeg gjöra það að minni uppástungu, að málið verði tekið út af dagskrá, svo kostur verði á að lagfæra frumv.

ATKVÆÐAGR.:

Samþ. með 18 atkv. að taka málið út af dagskrá.

Kosning verðlaunanefndar samkvæmt 3. gr. í Reglum um gjöf Jóns Sigurðssonar. 24. ág. 1881.

Kosningu hlutu:

Eiríkur Briem . . . . með 25 atkv.
Kr. Jónsson, assessor . . — 20 —
Stgr. Thorsteinsson, adjunct — 18 —

Fertugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 24. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um búnaðarkennslustofnanir (366,431,439); 3. umr.

Arnljótur Ólafsson: Það er einmitt af því að að jeg vil máli þessu vel, að jeg

vil vekja athygli háttv. deildar á því, að búnaðarkennslustofnanirnar geta ekki komizt á, þótt frv. verði samþykkt óbreytt hjer á þingi, fyr en það hefur verið borið undir amtsráðin. Nú sem það er gjört, þá fyrst er að leita staðfestingar konungs á frv. Það fer ekki hjá því, að þessar stofnanir baki sýslufjelögunum kostnað, en í 52. gr. 4. tölul. sveitastjórnartilskip. 4. maí 1872, er það tekið fram, að leita skuli álits amtráðs, þegar í ráði sje að gjöra almennar ráðstafanir, sem útheimta gjöld annaðhvort fyrir amtið allt eða einstök sýslufjelög, t. d. stofnun landbúnaðarskóla eða fyrirmyndarbúa eða þess konar. Við fyrri umræðu þessa máls kom háttv. 1. kgk. þm. (J. Hav.) fram með mótmæli gegn 3. gr. frv., og samkvæmt þeim mótmælum er hjer komin fram br.till. (439) frá háttv. kgk. þm. (J. Hav.) og tveim öðrum h. þingdeildarmönnum. Þessi breyt.till. fer fram á að felld sje aptan af 3. gr. málsgreinin: „En rjett er að tvö sýslufjelög að minnsta kosti gjöri það, náist ekki samkomulag við fleiri". Með öðrum orðum sagt, það er fellt í burtu, að tvö sýslufjelög þurfi að minnsta kosti til að stofna búnaðarkennslustofnun. Háttv. kgk. þm. (J. Hav.) tók það fram, að ef þessu skilyrði væri haldið, þá gæti Eyjafjarðarsýsla orðið útibyrgð frá því að taka þátt í þessum stofnunum, þar sem í aðra hönd væri Hólaskóli, sem ekki getur talizt með búnaðarkennslustofn. frv.; en á hina hliðina Þingeyjarsýsla, sem Eyfirðingar yrðu þá að ganga í fjelag við, en það hafa Þingeyingar enn eigi viljað. Nú er það fyrirsjáanlegt, að amtsráðið í norður- og austuramtinu mundi fyrir þessa sök leggja á móti frumvarpinu, ef það verður samþykkt hjer óbreytt, en allíklegt að það mundi ekki gjöra það, ef því yrði breytt eins og br.till. fer fram á. Jeg sje heldur ekki betur en að málið hafi tíma til að komast fram, þótt því verði breytt; þingi verður ekki slitið fyr en á föstudag, og þá á að geta verið nægur tími til að leggja málið fram í neðri deild, og ræða það þar til lykta, áður en þingi er lokið.

Um hitt breytingaratkvæðið ætla jeg ekki að tala; jeg er að vísu einn af þeim, sem ritað hafa nafn sitt á það, en jeg ljeði því nafn mitt eingöngu af því, að jeg vildi lofa því að komast inn í þingdeildina, en að öðru leyti læt jeg mig það litlu skipta, þótt það falli, því að það má svo skilja, sem það sje gjört málinu til forátttu, með því að eigi er hægt hjeðan af að taka tillagið til búnaðarkennslustofnananna upp í fjárlögin. Öðru máli er að gegna um hina breyt.till.; jeg sje ekki að hún verði málinu til hnekkis hjer á þingi, en síðar verður hún til að greiða fyrir því; þó mæli jeg ekki heldur fastlega með henni, heldur læt það á valdi deildarinnar, hvernig hún vill greiða atkvæði um hana, og hvort hún vill gefa nokkurn gaum athugasemdum mínum og háttv. 1. kgk. þm. (J. Hav.). Að endingu lýsi jeg þó yfir því, að jeg mun ekki greiða atkvæði með frumvarpinu óbreyttu, því þá fæ jeg engan veginn sjeð, að frumvarpið komi að tilætluðum notum.

Jakob Guðmundsson: Háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur gjört vel að vekja athygli deildarinnar á breyt.till., og skýra frá, til hvers þær miðuðu; hann sagði að sýslufjelögin gætu ekki lagt fram fje til búnaðarkennslustofnananna, án samþykkis amtráðs. Þetta vita menn vel. En þar sem háttv. þm. (A. Ó.) sagði, að óumflýjanleg nauðsyn væri að leggja frumvarpið fyrst fyrir amtsráð, áður en það væri borið undir konung til staðfestingar, þá sje jeg ekki að það sje alveg nauðsynlegt, því að hjer er ekki farið fram á annað en að tvö eða fleiri sýslufjelög *megi* stofna skóla, en það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að þau eigi að gjöra það og muni gjöra það á löglegan hátt. Menn

geta meira að segja hugsað sjer að einstakir menn stofni búnaðarskóla, án þess að fara til sýslufjelaganna til að fá styrk, og þá þarf að sjálfsögðu ekki samþykki amtráðs til slíkrar skólastofnunar, þótt skólinn af annari hálfu geti ekki orðið styrks aðnjótandi af því fje, sem heitið er í frv. fyr en fengið hefur verið samþykki sýslunefndar og amtráðs, og landshöfðingi hefur samið reglugjörð fyrir skólann, en þá er hann líka um leið orðin lögmæt stofnun. Jeg get því ekki skilið, að hjer sje í nokkru gripið fram fyrir hendur amtráðs; það fær að hafa sitt fulla atkvæði um málið áður en nokkur búnaðarkennslustofnun getur notið styrks af opinberu fje. Jeg mun því óhikað greiða atkvæði með frumvarpinu óbreyttu. En eigi að síður þakka jeg háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) það, að hann vakti athygli deildarinnar á því, sem honum þótti athugavert við málið, í því horfi sem það nú er í.

Arnljótur Ólafsson: Það er alveg satt, sem háttv. þm. Dal. (J. G.) sagði að prívatmenn geta tekið sig saman og stofnað skóla, en þeir geta ekki fengið hlutdeild í þessum 20000 kr. fyr en málið samkvæmt 52. gr. sveitarstjórnarlaganna hefur gengið sinn venjulega gang og reglugjörð er samin handa skólanum. Það er því ekkert gagn fyrir slíka búnaðarstofnun að frumvarp., að því er styrkinn snertir úr landssjóði, fyr en allt þetta er um garð gengið. Setjum svo að einhverjir fari til og stofni búnaðarskóla, og fari síðan til amtsráðs og leiti styrks handa skóla sínum, af því fje sem hjer er gjört ráð fyrir í frumvarpinu að veita. Þegar til amtsráðs kemur þá segir það nei, því að það vill lofa sýslufjelögunum að vera sjálfráðum um búnaðarskólastofnanir sínar, svo sem háttv. 1. kgk. þm. (J. Hav.) tók svo greinilega fram. Svo var gjört, þá er Hólaskóli var stofnaður. Ef svo fer, þá standa búnaðarkennslustofn. alveg eins fjelausar uppi, þótt frv. þetta verði að lögum; og hvert gagn er að því, þótt það fái samþykki þingsins, fyrst það fær eigi staðfesting konungs, af því að það nær ekki hylli og samþykki amtsráðanna? Sýslufjelögin fá aldrei hlutdeild í þessum 20000 kr. Það var þetta sem jeg vildi fyrirbyggja með breyt. till., að því er snertir norður- og austuramtið.

Sighvatur Árnason: Jeg skal að eins geta þess, að jeg sakna hjer breytingar, sem ráðgjörð var við fyrri umræðu þessa máls af háttv. þm. Suð-Þing. (B. Kr.), því að mjer fannst, eptir því sem honum fórust orð, að sú breyting mundi miða til bóta.

Af breytingartilögunum finnst mjer að eins breytingin við 3. og 5. gr. takandi til greina. En úr því að ekki er um meira að gjöra, þótt jeg játi að það sje að eins til umbóta á frumv. sem breyt.till. fer fram á, þá er jeg í efa um hvort jeg á að greiða atkvæði með henni, þótt nafn mitt standi við hana. Tíminn er orðinn svo naumur, að jeg er í miklu meiri efa en h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) um, að málið komist fram á þessu þingi, ef breyting er gjörð á því; að minnsta kosti má ekkert út af bera. En jafnvel þótt jeg vildi heldur að breyt.till. kæmist að, þá vil jeg þó heldur vinna til að hún falli, en að málið verði ekki útrætt á þessu þingi. Jeg hef líka þá von, að ef þjóðin vill þessa breyting, þá muni síðar gefast kostur á, að laga lögin og koma henni þá að, því þau dæmi gefast hjer á þingi, að breyta til aptur, þó lögin sjeu ekki langt til alin.

Benidikt Kristjánsson: H. þm. Rangv. (S. Á.) gat þess, að jeg hefði ráðgert breytingar á frv. þessu við síðustu umr. Jeg man ekki fyrir víst, hvort jeg beinlínis ráðgerði að koma fram með breytingar við frv., en jeg hreyfði því, að mjer virtist skilyrðin fyrir því, að geta fengið hlutdeild í fje því, sem frv. þetta ákveð-

ur, ekki vera nákvæmlega ákveðin í þessu frv. En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, og við ýtarlegri yfirvegun og lestur frv. komst jeg að þeirri niðurstöðu, að ákvæði þess mundi þó nægil. tryggjandi, og það af þeirri ástæðu, að eigi getur verið spursmál um að skóli geti kallast stofnaður fyr en reglugjörð er gjörð fyrir hann; eptir frv. er hún samin af sýslunefnd, samþykkt af amtsráði og staðfest af landshöfðingja. Enda er þá og fyrst fengin full trygging fyrir því, að þess konar skóli geti verðskuldað að fá það fje sem frv. heimilar. Jeg sje og heldur ekki, að nokkurt breyt.atkv. sje fram komið við frv. viðvíkjandi þessu atriði.

Um breytingartill. þær sem fram eru komnar, verð jeg að segja það, að þær eru mjög meinhægar, en jeg er ekki sannfærður um að þær sjeu nauðsynlegar. Breyt. er framkomin við 3. gr. frv. og skal jeg síðar minnast á hana.

Fyrri breyt.till. við 5. gr. virðist mjer hafa aðra meiningu í sjer fólgna en orð frv. sjálfs; mjer virðist að þessi orð frv. sem fella á burtu: „að tiltölu rjettri“, hafa hina sömu meiningu og orðin: „úr sýslu hverri“, sem eiga að koma í staðinn, þegar þessi orð eru skoðuð í sambandi við önnur ákvæði frv. Þetta gjörir því þá eina breytingu á frv., sem ekki er efnisbreyting í raun og veru, og þau orð frv. sem hjer er um að ræða, er ekki svo hætt við að muni valda misskilningi, og því er hún óþörf. Það er auðvitað gott þegar nægur er tíminn að vanda sem bezt málið á frv. þingsins, en jeg hygg að þessi orð, sem menn vilja hjer breyta, sjeu ekki í ósamkvæmni við málið á frv. þingsins í sumar; jeg hygg, og það með rjettu, að málið á þeim hafi ekki verið svo heflað og skafið við nögl. Þar sem h. háttv. 5. kgk. (A. Ó.) fór því fram, að lögin gætu ekki orðið staðfest fyr en amtsráðin væru búin að segja álit sitt um þau og leggja samþykki sitt á, að búnaðarskólagjaldinu mætti verja til hverrar sjerstakrar stofnunar, þá hygg jeg að þetta sje ekki nein veruleg mótbára gegn frv. Því að stofnanirnar sem þetta frv. heimilar, verða í raun rjettri ekki til fyrri en amtsráðið hefur samþykkt reglugjörðina, og einmitt með því heimilað eptir tillögum amtsráða, að búnaðarskólagjaldinu megi verja til þeirra. En beri út af þessu og ákvæði frv. komi í bága við 52. gr. í sveitarstjórnarlögunum, þá er það mjög einfalt: frv. þetta breytir þá sem yngri lög þeim ákvæðum sveitarstjórnarlaganna, sem það kemur í bága við. Vjer vitum það, að það er engu tíðara að semja lög um alveg ný málefni, heldur en hitt, að breyta eldri lögum með nýjum lögum; jeg get því ekki sjeð, að það verði fundið frv. þessu til foráttu.

Svo eru og komnar fram hjer breyt. till. um það, að sett verði inn í frv. ákvæði um það, hvenær lög þessi komi í gildi, sem sje þá, er veitt hefur verið á fjárlögum fje þeim til framkvæmdar. Jeg get heldur ekki sjeð, að þetta ákvæði sje öldungis nauðsynlegt. Það liggur í hlutarins eðli, að framkvæmd þessara laga verður að bíða þangað til að slíkt fje er veitt á fjárlögunum; en lögin sjálf geta og eiga að gjöra sitt til að uppörfa menn til að koma á þessum stofnunum, og menn vita það, að slíkar stofnanir þurfa nokkuð langan undirbúningstíma og að ekki veitir af að hafa tímann fyrir sjer í þeim efnum. Það er líka að mínu áliti nauðsynlegt, að menn rjúki ekki út í að stofna slíkar stofnanir án þess að hugsa sig vel um. Afleiðingin af þessum lögum er sú, að engin stofnun fær það fje, sema laga-frv. þetta heimilar, fyr en það er veitt á fjárlögunum og því álít jeg breyt.till. þessa óþarfa.

Auk þess hygg jeg að tíminn sje nú orðinn ofnaumur; og jeg vona, að enginn lái mjer það, þó að jeg ekki vilji fallast

á þær breyt.till., sem jeg álít ónauðsynlegar, en sem gætu, ef þær yrðu samþykktar, orðið því máli að fótakefli, sem jeg álít mjög nytsamt og horfa til gagns fyrir land og lýð.

Landshöfðingi: Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að jeg álít mjög ísjárvert, að setja fastar ákvarðanir um búnaðarskólamálið fyr en búið væri að útvega allar þær upplýsingar, er nauðsynlegar væru málinu til skýringar, og sjer í lagi ættu amtsráðin eptir sveitarstjórnarlögunum heimting á að leitað væri álits þeirra, áður en nokkur föst ákvörðun væri tekin. Þetta kannaðist h. þm. S.-Þing. (B. Kr.) líka við; en hann áleit þó, að með þessu frv. væri sveitarstjórnarlögunum breytt að þessu leyti, en jeg hef aldrei heyrt, að frv. geti breytt gildandi lögum; jeg held það verði að staðfestast sem lög áður en það getur breytt gildandi lagaákvæðum. En hvað sem er um það, þá get jeg fullvissað hina háttv. deild um, að þetta frv. verði aldrei staðfest af hans hátign konunginum sem lög, nema áður sje fullnægt því skilyrði, sem ákveðið er í sveitarstjórnarlögunum, sem sje, að amtsráðunum sje gefinn kostur á að segja álit sitt um málið. Jeg álít að þingið hrapi of mjög að því, að samþykkja þetta frv., sem er sannarlega mikilsvarðandi, þar sem það meðal annars fer því fram, að árlega skuli verja 20 þús. kr. úr landssjóði til búnaðarkennslustofnananna, því það er eigi áreiðanlega víst, að landssjóður verði fær um að greiða þessar 20 þús. Eptir fjárlagafrv. hrökkva tekjur landssjóðs hvergi nærri fyrir útgjöldum á næsta fjárhagstímabili, og þar á ofan er þingið nú búið að samþykkja lög, sem hafa mikil útgjöld í för með sjer, sem sje 40 þús. kr. til brúargjörðar á Ölfusá, og einnig það mun hafa áhrif á staðfestingu þessara laga.

Jeg tók þar að auki fram við 2. umr. ýmsa agnúa, sem mjer þættu vera á frv.; en menn hafa eigi skeytt um það, svo jeg álít að þetta sje ýmsum þingmönnum fremur kappsmál, barið fram fyrir harðfylgi einstakra manna, en að það sje álitið svo áríðandi velferðar mál, með því að jeg líka sá það í Nd., að það voru mjög margir á móti því.

En það er enn þá eitt athugavert við þetta frv., og það er það, að það er hvergi tekið fram í því, ef lögin yrðu staðfest fyrir 1. jan. 1888, hvort þeir búnaðarskólar, sem nú eiga eptir fjárlögunum að fá styrk úr landssjóði, gætu og fengið hlut af þessum 20000 kr. á þessu fjárhagstímabili eða eigi. Ef að það væri meiningin, þá furðar mig eigi, þó þeir, sem halda svo mjög með þessum búnaðarskólum, fylgi því fram; því með þessu sjá þeir að skólarnir geta fengið tvöfaldan styrk; en ef það er eigi meiningin, þá hefði þurft að taka það fram, og úr þessu hefði önnur af þeim breyt.till., sem fram ern komnar getað bætt, og furðar mig því á, að þingmönnum er svo illa við hana, því eptir frv. sjálfu er það sjálfsagt, undir eins og það er staðfest, að búnaðarskólar sýslufjelaganna eiga heimting á styrk þeim, sem það veitir fyrirheiti um.

Jeg skal svo lýsa því yfir, að ef amtsráðin verða á móti þessum lögum, þá mun jeg heldur leggja á móti því, að þau verði staðfest.

E. Th. Jónassen: Jeg hafði beðið um orðið, en háttv. þm. sýndu mjer þá kurteisi, að svipta mig því, enda þótt jeg ætti hjer breyt.till., og með því að hæstv. landsh. hefur tekið að mestu leyti fram það, sem jeg ætla að segja, þá skal jeg eigi þreyta þessa háttv. þm. með fleiri orðum.

Jakob Guðmundsson: Það er sjer í lagi ein grýla, sem hefur komið fram móti því að frv. gæti orðið að lögum, og það er að amtsráðin mundu verða því

mótfallin, en jeg ætla, að það mundi eigi verða, að minnsta kosti öll, heldur að eins máske eitt þeirra, nfl. amtsráðið í Norður- og Austurumdæminu. því menn hafa borið það fram, að ef þetta yrði að lögum, þá gæti Eyjafjarðarsýsla eigi fengið neinn skóla í sameiningu við nærsýslurnar; en þó þetta væri nú svo, þá ætti hún eigi að amast við, að sýslurnar í kring um hana gætu fengið skóla, því þá gæti hún notað annaðhvort skólann á Hólu eða ef það kæmi skóli í Þingeyjarsýslu; og, hagfræðislega skoðað, væri henni það betra; en jeg er ekkert hræddur um, að ef skóli yrði reistur í Þingeyjarsýslu, að Eyjafjarðarsýsla gæti eigi fengið að vera með, þó að hingað til hafi eigi getað orðið samkomulag, því Þingeyjarsýsla mundi sjá, að það væri bæði stoð og styrkur að hafa hana með.

Þar sem hinn hæstv. landsh. tók það fram, að samkvæmt sveitarstjórnarlögunum gæti eigi slíkir skólar orðið stofnaðir, nema það væri borið undir amtsráðin og þau mæltu með því, þá verð jeg að álíta, að amtsráðin sjeu eigi sú grýla, eða að svo góðir og skynsamir menn, sem í þeim sitja eða sitja kunna, sjeu slíkir þverhöfðar, að þeir mæli á móti því ef það er skynsamlegt, en sje það óskynsamlegt, þá verður það að bíða þangað til að það er svo undir búið, að gott samkomulag geti náðzt við amtsráðin.

Jón Ólafsson: Jeg hefi ekki talað fyrri í þessu máli og ætlaði ekki að tala í því, en ræða hæstv. landsh. kom mjer til að standa upp. Hann fór ekki orðum um frumvarpið sjálft, heldur um þingdeildina; hann rannsakaði hjörtu og nýru þingdeildarmanna, og gat skýrt frá, hvaða hvatir þeir hefðu í tillögum sínum, þar sem hann sagði að þetta frumvarp væri hjer á þingi borið fram fyrir harðfylgi einstakra manna, af *persónulegu fylgi*, en *ekki af því að þingmenn álitu það nauðsynja*-mál. Þessi voru orðrjett ummæli herra landshöfðingjans. Jeg skrifaði þau hjá mjer, því að þau boða *nýstárlegan tón* á alþingi. En hæstv. landsh. færði oss fleiri nýjungar í þessari markverðu ræðu sinni; mjer skyldist hann boða oss eins konar nýja stjórnarbót. Hann boðaði alþingi enn eitt nýtt og áður óþekkt synjunarvald, auk synjunarvalds konungs og hans stjórnar, nefnilega synjunarvald amtsráðanna, því frumvarpið mundi ekki verða að lögum nema álits amtsráðanna væri leitað. Þetta er kannske að skilja sem svar stjórnarinnar upp á allar málaleitanir alþingis um endurskoðun stjórnarskrárinnar; umboðsmaður hennar svarar oss því, að stjórnin muni bæta við einum nýjum lið í löggjafarvald vort — synjunarvaldi amtsráðanna, sem í raun rjettri þýðir: synjunarvald amtmannanna!!. Jeg set þó ekki fyrir mig, þó stjórnin svari svona, en greiði atkvæði mitt eins eptir sem áður; stjórnin hefur þá optar neitað bænum þingsins, og þegar landshöfðingi segir að þingmenn berji málið blákalt fram gegn sannfæring sinni, þá vísa jeg í mínu nafni og allra þingmanna svo ósæmilegum áburði á svig, enda þekki jeg ekki neina grein í þingsköpunum, er heimili landshöfðingja fremur en þingmönnum að víkja þannig frá öllum almennum kurteisisreglum í ræðum sínum!

Benidikt Kristjánsson: Út af orðum hæstv. landsh. skal jeg geta þess, að mjer hefur orðið mismæli, hafi jeg sagt að frumvarp gæti breytt eldri lögum, enda vona jeg að þingd.menn taki ekki orð mín svo, að það hafi verið ætlun mín, en auðvitað er, að lög sem breyta eldri lögum, verða að ræðast sem frumvarp áður en þau verða að lögum, og menn tala um, að ákvæði frumvarps geri breytingu, eða með öðrum orðum fari fram á breytingu

á eldri lögum. Breytingartillagan við 3. gr. fer fram á, að eitt sýslufjelag út af fyrir sig geti stofnað búnaðarskóla, og gengur þannig í frjálslegri stefnu; en jeg hef það á móti henni, að mjer finnst þá, að búnaðarskólarnir verði í of smáum stíl og að minni líkur verði til þess að þeir geti borið sig, ef hvert sýslufjelag ætti að geta stofnað þesskonar skóla út af fyrir sig. H. 1. kgk. þm. (J. Hav.) tók það fram, að Eyjafjarðarsýsla gæti ekki eptir frumvarpinu orðið þess aðnjótandi að taka þátt í stofnun búnaðarskóla, en jeg sje eigi, að svo þurfi að vera, því það mundi víst engum erfiðleikum bundið fyrir hana að slá sjer saman við Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, og nota skólann á Hólum, eða þá við Þingeyjarsýslu, þegar búnaðarskóli yrði þar stofnaður. Menn hafa talað um, að hjer væri breytt gegn fyrirmælum sveitarstjórnarlaganna, að því leyti sem gengið væri fram hjá amtsráðunum, en þessu finnst mjer ekki þannig varið, því þau taka þátt í tilbúningi reglugjörðanna; því gera má ráð fyrir að landshöfðingi, sem staðfestir þær, taki álit amtsráða til greina, og verði þetta frumvarp að lögum, þá verður maður að álíta, að eldri lagaákvarðanir .breytist við það, ef þær fara í aðra átt. Hæstv. landshöfðingi ljet það í ljósi, að ef þessi lög yrðu staðfest, þá yrði sjálfsagt að borga út árlega það fje, sem í þeim væri veitt; en þetta kemur mjer óvart, því jeg hjelt að hann í því tilliti hefði bæði töglin og hagldirnar, eins og jeg líka veit, að hann hefur bæði hyggindi og lag til þess að ávísa ekki fjenu fyr til útborgunar, en það er tekið upp sem fjárveiting á fjárlögunum, enda ber jeg og það traust til hans, ef til þessa kemur, og það því fremur, sem hann fann ýmsa agnúa á frumvarpinu og virðist vera því mótfallinn, og það eitt veit jeg, að engin ámæli fengi hann hjá mjer, þótt hann ekki veitti fjeð fyr, en það sem fjárveiting væri tekið upp á fjárlögin.

Júlíus Havsteen: Út af orðum þingmanna úr Suður-Þingeyjarsýslu og Dalasýslu um Eyjafjarðarsýslu og væntanlega búnaðarskólastofnun þar, skal jeg leyfa mjer að gefa þá skýringu málinu til upplýsingar, að Eyjafjarðarsýsla vildi ekki á áðurliðnum vetri taka þátt í búnaðarskólastofnuninni á Hólum með Húnavatns og Skagafjarðar sýslum, en hvað Þingeyjarsýslu snertir, þá hef jeg fulla ástæðu til að halda, að Þingeyingar kæri sig ekkert um fjelagsskap við Eyfirðinga um búnaðarskóla. Það getur vel verið, að það hafi verið Eyfirðingum að kenna, að samningar komust ekki á 1881, en þegar Þingeyingar tóku upp búnaðarskólamálið haustið 1882, og nú síðast í fyrra, fengu Eyfirðingar engin skeyti frá Þingeyingum. Þetta finnst mjer benda til, að Eyjafjarðarsýsla muni standa „ísóleruð“ eða ein út af fyrir sig, ef frumvarpið verður að lögum eins og það nú liggur fyrir, og það er auðsætt, að þetta lagafrumvarp er því til fyrirstöðu, að Eyjafjarðarsýsla geti fengið búnaðarskóla.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 3. gr. (439) samþ. með 6 : 5 atkv.

Breyt.till. við 5. gr. samþ með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Arnljótur Ólafsson	Jakob Guðmundsson
E. Th. Jónassen	Jón Ólafsson
Fr. Stefánsson	Ben. Kristjánsson
J. A. Hjaltalín	Sighv. Árnason
Júl. Havsteen	Sk. Þorvarðarson.
L. E Sveinbjörnsson.	

Breyt.till. við 8. gr. felld með 6 atkvæðum gegn 4.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með8 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um friðun á laxi (421); 1. umr.

Benidikt Kristjánsson: Eins og h. þingd. er ljóst, gjörir frumv. þetta talsverðar breytingar við hin eldri laxalög, sem vjer nú höfum. Jeg skal játa það, að sumar af þessum breyt. eru til skýringar, en jeg álít þó að fáar af þeim sjeu til verulegra bóta; aptur eru aðrar er jeg verð jafnvel að kveða það álit mitt upp um, að jeg hygg mjög vafasamt hvort til bóta sjeu. Þá eru enn sumar breyt. sem eru mjög óheppilegar að mínu áliti, þröngva um of veiðirjettindum og gjöra ákvarðanir um það, sem ekki á við í lögum, og sumar þessar breytingar eru sprottnar af vanþekkingu á málefni því, sem um er að ræða; en jeg skal þó ekki neita því, að ef lagfæringu yrði komið á frumv. þetta, þá kynnum vjer að geta haft upp úr því fullt eins góð lög um friðun á laxi og vjer nú höfum, og fyrir því ætla jeg að gefa því atkvæði mitt, að það fái að komast til 2. umr., enda þótt mjer þyki það leiðinlegt, að á hverju þingi skuli vera samin ný lög um þetta mál, því að þegar sú aðferð er höfð, þá er ekki búið að reyna hin gildandi lög svo til hlítar, að nokkur reynsla sje fengin fyrir því, hvað þau duga til. Afleiðingin getur orðið sú, að breytt sje til hins verra og að gallar þeir sem á eru í raun og veru, sjeu ekki komnir í ljós, svo þeir verði bættir, því til þess að þeir komi fyllilega í ljós þarf nokkurn tíma, og það er reynslan sem verður að segja til.

Landshöfðingi: Það er vitaskuld, að þar sem þetta frv. er nú til 1. umr. hjer í deildinni, og ekki er eptir nema einn dagur af þingtímanum, getur það ekki orðið útrætt á þinginu. Það er því í sjálfu sjer tilgangslítið, að ræða það. En út úr því sem kom fram í umr. um næsta mál á undan frá h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um það, hvernig stjórnin noti synjunarvald sitt, þá finnst mjer einmitt þetta mál bera vott um, hve æskilegt það væri, að stjórnin samþykkti hvert frumv. sem frá þinginu kemur.

Síðan 1867 hafa á hverju einasta þingi verið rædd ný lög um friðun á laxi; jeg man ekki hve mörg af þeim hafa náð staðfestingu, — en þetta sýnir að betra hefði verið, að synja þeim öllum staðfestingar og bíða eptir þessu frumv., sem víst á að vera kóróna þeirra allra saman, því að eptir því sem mjer skildist af umr. um það í háttv. Nd., mun það eiga að taka þeim öllum fram. Það er líka leiðinlegt, hve laxalög vor, sem nú gilda, eru orðin gömul; þau eru síðan 1886. Það veitir því ekki af að fá ný lög um það málefni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 9 atkv. gegn 2.

Fertugasti og áttundi fundur,

fimmtud. 25. ág., kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Landshöfðingi: Eptir áskorun frá h. forseta Nd., og með því að það nú er fyrirsjáanlegt, að fjárlagafrv. muni ekki verða útrætt á þinginu fyr en á morgun, hef jeg upp á væntanlegt samþykki hans hátignar konungsins lengt þingtímann um einn dag fram yfir þá lengingu, sem heimiluð er með konungsbrjefi 8. júní þ. á.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (444, 446); ein umr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Eins og h. þingd. sjer, hafa flestar af þeim breytingartillögum, sem nefndin hefur tekið upp, áður legið fyrir deildinni. Nefndin hefur fáum sleppt, og enn færri hefur hún tekið upp nýjar. Jeg skal geta þess, að við höfðum því minni ástæðu til, að víkja frá gjörðum okkar um daginn, þar sem Nd. hefur hafnað nær því öllu, sem hjer var farið fram á, og eigi gefið oss kost á, að bera oss saman við nefnd-

ina þar, og fyrir því eru oss eigi eins kunn rök þeirra og ella, nje þeim, ef til vill, eins kunn rök þau, sem breyt.till. vorar hafa við að styðjast.

Fyrsta breyt.till. er um búnaðarskólana nfl. við 10. gr. C., 4, b. Nefndin hefur þar fært styrkinn niður í það, sem upphaflega var samþykkt hjer í deildinni, og voru þá færð rök fyrir þeim breyt., svo að jeg ímynda mjer, að jeg þurfi eigi að taka það upp aptur. Þá er breyt.till. 4. og 5., og hefur nefndin því fremur ástæðu til að taka þær upp, sem þær fjellu með litlum atkvæðamun í Nd. 7. og 8. breyt.till. eru að eins að orðunum til frábrugðnar því, sem áður var. Við höfum orðað það til aukapóstferða í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, til þess að landstjórnin hefði óbundnari hendur, að auka póstferðirnar þar í sýslunni, sem íbúarnir sjálfir vildu helzt.

9., 10. og 11. breyt.till. eru eins og áður. Þá kemur 12. breyt.till. nefndarinnar, um styrkinn til kvennaskólanna. Þar höfum við látið undan Nd., að því er snerti þessar 700 kr. til Laugalands- og Ytrieyjar-skólans; að eins höfum við breytt athugagreininni við þessar 1400 kr., sem veitast til þeirra, svo að það verður samkvæmt aðgjörðum Nd. við styrkinn til Rvíkur skólans, því þar sem Nd. hefur ákveðið 300 kr. sem styrk til nemenda þar, þá hefur hún ekkert ákveðið til nemendanna á Laugalands- og Ytrieyjar-skólunum. Jeg vona því, að þessi breyt.till. verði samþykkt, bæði hjer og í sameinuðu þingi, því hún verður eigi álitin annað en sanngjörn og samkvæm því, sem tekið er fram um Reykjavíkurskólann. Þá er breyt.till. við 13. gr. B. V. b. 2., sem fjell úr hjer í deildinni af gleymsku, og hefur eigi verið tekin upp í Nd.; það er nefnil. að orðin: „allt að 50 kr. til hvers“, falli burt. Ástæðan til þessarar breyt.till. er það, að eptir því, sem liðurinn var orðaður, þá hefðu fyrir víst einir þrír barnaskólar í sveitum, sem hafa haft styrk úr landssjóði, verið sviptir þeim styrk, og mun þó engum blandast hugur um, að tveir þeirra að minnsta kosti bæði þurfi og verðskuldi styrkinn í alla staði. Þetta er eigi gott, enda er engin nauðsyn að ákveða svo skammtinn til sveitakennaranna, því það getur verið, að þeir verði mjög fáir, svo það verði töluverður afgangur af þessum styrk á fjárhagstímabilinu. 14. breytingartill. er samkvæm því sem áður var, en að eins óbrotnari, og kemur í sama stað niður. 15. breytingartill. er eins og áður.

Þá kemur breytingartill. við 16. gr. 1. Nefndin fjellst á það við ítarlegri rannsókn, að eigi væri ástæða til að veita um næsta fjárhagstímabil þennan styrk, þar sem enginn árangur hefði komið í ljós af þessu starfi, og svo líka til þess að gefa hlutaðeiganda kost á, að leiða í ljós árangurinn af þessu fje, sem veitt hefur verið, svo að þingið hefði síðar á betri rökum að byggja þessa fjárveitingu.

Hinar aðrar breyt.till. eru eins, nema 16. gr. 5., sem mjer er óviðkomandi að tala um.

Landshöfðingi: Jeg sje á breyt.till. h. nefndar í þessari deild, að ágreiningsatriðin á milli deildanna eru allmörg, og jeg man ekki betur, en að þau sjeu þetta flest, af þeim þingum sem jeg hef setið á. Þau eru sem sje ekki færri en 10.

Jeg hefði reyndar vel getað skilið, að nefndin vildi færa ýmislegt í sama lag, sem það var í þegar frv. var samþykkt hjer við 3. umr., og kippa burtu ýmsum af breytingunum, sem neðri deildin hefur gjört á því, en það þykir mjer óviðkunnanlegt, að nefndin skuli ráða þingdeildinni til, að breyta aptur sínum eigin gjörðum, og fella burtu það, sem samþykkt var hjer af deildinni við 3. umr., og er það sjer í lagi eitt atriði af því tagi, sem jeg vildi

taka fram; það er 16. gr. 1., sem báðar deildir hafa samþykkt hingað til við allar umræður. Við 2. umr. hjer í deildinni kom fram breyt.till. um, að fella þennan lið í burtu, og jeg man eigi betur, en að hún fengi ekkert atkvæði, nema uppástungumannsins, og því þykir mjer skrítið, að nefndin, sem var þá á móti breytingunni, skuli nú hafa tekið hana upp, sem sína till.; mjer er ekki kunnugt um, að neitt hafi borið við síðan, sem getr hafa gefið h. nefnd tilefni til að líta öðrum augum á þessa styrkveitingu nú, en við síðustu umr. hjer í deildinni. En þar sem það hefur verið tekið fram, að árangurinn af hinum veitta styrk hafi orðið mjög lítill, þá verð jeg að álíta, að hann hafi eigi orðið svo mjög lítill, því þessi vísindamaður hefur ritað margar fróðlegar ritgjörðir, bæði í útlend og innlend tímarit, um rannsóknir sínar hjer á landi, og enda leiðrjett margt á uppdrætti Íslands. En þyki mönnum eigi hafa sjezt árangur af þessu fje, þá hefur hann því síður sjezt af því fje, sem veitt er í staflið 2. Þá er líka breyt.till. 6., sem mjer finnst alveg óþörf, enda var sá gjaldliður felldur í Nd. með miklum atkvæðamun, því það þótti eigi ástæða til að veita þeim læknum fje til verkfærakaupa, sem eru þegar búnir að fá sjer verkfæri. Við 7. og 8. breytingu var það tekið fram í Nd., að ýmsar bænir um aukapósta hefðu komið til þingsins, auk þeirra sem nefndar eru í athugasemdunum við frumv. stjórnarinnar, en að deildin hefði eigi fundið ástæðu til þess, að taka neina sjerstaklega til greina, en nú er í þessu breytingaratkvæði farið fram á, að nýjar aukapóstferðir skuli stofna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en ótiltekið hvar eða hversu margar, og mun umboðsstjórninni því vera falið að meta, hvar þær eru nauðsynlegastar, en því má þá eigi eins vel fela henni að meta, hvar það er nauðsynlegast á landinu, og tiltaka ekkert um, að einmitt í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu skuli stofna nýjar aukapóstferðir? Annars held jeg, eins og jeg hef áður tekið fram, að þessi 200 kr. hækkun sje alveg þýðingarlaus, því fjárveitingin til póstflutninga er æfinlega áætluð, og hefur aldrei reynzt nægileg, svo umboðsstjórnin hefði getað bætt einum aukapósti við, ef það hefði reynzt óumflýjanlegt, þó ekki væri sjerstaklega veitt fje til þess.

Athugasemdin við 13. gr. B. V. a. 4., var sömuleiðis felld úr í Nd., og var það byggt meðal annars á brjefi frá rektor skólans, þar sem hann leiddi rök að því, að hún væri „ópraktisk“, enda getur hún ekki orðið til þess að spara landsfje.

Jón A. Hjaltalín: Fyrst hæstv. landshöfð. þótti ómaksvert að færa sönnur á, hvaða árangur hefði sjezt af fje því, er stendur undir 1. tölulið 16. gr., þá hefði hann átt að færa til eitthvað annað en ritgjörðir í útlendum eða innlendum blöðum, því jeg ímynda mjer, að fleiri hefðu getað ritað ritgjörðir, þó það væri í útlend blöð, fyrir minna en 1000 kr. á ári, einkum þar sem flestar slíkar ritgjörðir eru þar að auki borgaðar sjerstaklega. En þar sem nú þing eptir þing hefur verið veittur 1000 kr. styrkur á ári til þessa, og árangurinn er eigi annar en þessi, þá þykir mjer það of mikið, og jeg verð að segja, að það hafi verið veitt fyrir ekkert, eptir því sem enn er fram komið. Verði mjer sýnt það, að árangurinn hafi verið jafnmikill að tiltölu og fjeð, þá skal jeg fúslega greiða atkvæði með þessum lið, en jeg verð að fá verulegar og góðar sannanir, og get með engu móti látið mjer duga orðin eintóm.

Benidikt Kristjánsson: Jeg stend að eins upp til þess að deildinni skuli eigi þykja undarleg atkvæðagreiðsla mín um 16. breyt.till. Jeg hafði við nefndina áskilið mjer rjett til, að greiða atkvæði á móti henni, að því, er þessa tillögu snert-

ir. Jeg álít, að enn sje eigi tími til kominn, að þreifa á árangrinum af þessari fjárveitingu. Jeg álít, að fyrst þurfi að ljúka af rannsóknunum, áður en farið er að rita um árangur þeirra.

Jakob Guðmundsson: Jeg hef opt vitað það, að manneskjunnar börn hafa sjeð sig um hönd, en sjaldan hef jeg vitað það eins ástæðulítið og við 16. gr. 1, því þótt 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) kæmi með breyt.till. við 2. umr. við þenna lið, þá varð jeg eigi var við, að það hefði áhrif nema á hann einan, og jeg hef enga ástæðu heyrt, hvers vegna nefndinni hafi snúizt hugur. En þar sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) kom með þá nýju ástæðu, að það gætu fleiri ritað í útlend blöð, en þessi maður, þá skal jeg játa það, að hinn háttv. 6. kgk. þm., er fær um það, sjerstaklega í ensk blöð; en hitt verð jeg að álíta, að hann geti hvorki í innlend eða útlend blöð ritað jarðfræðilega lýsing, því jeg ímynda mjer, að það geti enginn Íslendingur, nema þessi eini vísindamaður. En þó að það hafi eigi verið bent á beinlínis árangur af þessari fjárveiting, þá er það eigi svo lítið, að koma lýsing á landinu í útlend blöð; og þó h. þm. (J. A. Hj.) hristi höfuðið, þá verður hann að játa, að margir útlendingar hafa komið hjer, og þar á meðal náttúrufræðingar, og skyldi það eigi hafa verið ásigkomulag landsins, sem hefur dregið þá hingað? En jeg efast um, að ferðir þeirra hafi komið að hálfum notum, af því þeir voru útlendingar. En hvað sem því líður, þá er jeg viss um að þorra sparnaðarmanna mun koma það undarlega fyrir, að nú skuli koma uppástunga um að fella þann lið í burtu, sem samþykktur var við 3. umr. í einu hljóði, að einu atkv. undanteknu.

En þar sem hinn hæstvirti landsh. minntist á, að Nd. hefði eigi viljað veita aukalæknunum styrk til verkfærakaupa, af því að þeir væru sumir búnir að fá sjer verkfæri, þá getur nú verið að þeir sjeu búnir að því flestir, sem í embætti eru komnir; en hvernig hafa þeir fengið þau? Þeir hafa fengið þau, sem maður segir, upp á „krít“, og skulda enn fyrir þau. *(Landsh.:* Svo?). Já, og sumir skulda meira heldur en því nemur *(Landsh.:* Jeg trúi því), svo þeir eru vel að þessari litlu viðbót komnir, einu sinni fyrir allt.

Það var hjer sömuleiðis áður fyrir deildinni breyt.till. um viðbót við laun læknanna Tómasar og Schierbecks, og mjer þykir það eigi nema eðlilegt, að deildin vilji eigi veita Schierbeck launaviðbót, nema hann falli frá kröfum um laun fyrir yfirsetukvennakennslu, en þó hefði mjer þótt eðlilegra, að hann hefði verið látinn hafa það, sem honum verður dæmt með dómi, en ekki veitt launaviðbót, því það er eitthvað óvanalegt við það, að kaupa menn til þess að falla frá málssókn. En yfir höfuð kenni jeg mjög lítið í brjósti um þá nú, sem hafa peninga úr landssjóði í laun, þar sem verzlun með peninga er hin bezta í ár, en aptur á móti er hið mesta harðæri fyrir landsmenn í öllu verzlunarlegu tilliti, sem eigi hafa nema litlar vörur að bjóða. 16. gr. 5. felli jeg mig enn betur við nú en áður. Annars held jeg að þessar prjedikanir sjeu þýðingarlausar, því menn eru víst fyrir löngu búnir að átta sig á því, hvað þeir eigi að gjöra.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um breytingartillögur nefndarinnar. Það er einungis breyt.till. við 1. tölulið 16. gr., sem sætt hefur allhörðum dómi og hæstv. landsh. talaði um, að nefndin hefði sýnt ósamkvæmni í þeirri breyting. En þegar vel er gáð að, þá mun ósamkvæmnin ekki vera svo mikil. Jeg man, að ræðu h. 6. kgk. (J. A. Hj.) var svarað svo af hendi nefndarinnar, að það væri ekki svo mjög af því, að hún væri sannfærð um nytsemi breytingarinnar, að hún hefði ekki tekið breyt-

ingartill. h. þm. (J. A. Hj.) til greina, sem af hinu, að hún áliti það árangurslítið að taka breyt.till. upp, með því að hún mundi ekki fá framgang. Auk þess var breyt.-till. ekki útbýtt fyr en sama morguninn, sem fjárlögin komu til umræðu, svo að nefndinni gafst lítill kostur á að bera sig saman um hana og íhuga hana, en nú við nákvæmari íhugun hefur nefndinni þó þótt ástæða til, að taka breyt.till. til greina, og koma sjálf fram með þá breyting, sem h. þm. (J. A. Hj.) fór fram á.

Hvað því viðvíkur, sem h. þm. Dal. (Jak. G.) sagði, að herra Þorvaldur Thoroddsen mundi vera vel fær til að leysa af hendi starfa þann, sem honum er veitt fjeð til að framkvæma, þá er fjarri því að nefndin efist um það, heldur vildi hún gefa honum færi á, að koma í lag söfnum sínum og sýna árangur starfa síns, og hugði nefndin að honum mundi ekki veita af tveim sumrum til þess, þar sem hann er upptekinn af embættisönnum á vetrum. Þessi tillaga nefndarinnar lýsir því ekki vantrausti til hlutaðeigandi, heldur einmitt því trausti, að eptir 2 ár mundi sjást svo mikill árangur af starfi hans, að þingið mundi þá fúslega veita honum fje til að halda starfinu áfram. Nefndinni fannst því fremur ástæða til að koma með þessa breyting, sem hún hefur sjeð, að þessum manni hefur áður verið veitt fje, ekki einungis á fjárlögunum, heldur líka fyrir utan fjárlögin og þvert ofan í fjárlögin. Honum var af þinginu 1883 veitt fje til innanlands og utanlands ferða; kom þá fram tillaga um, að honum væri veitt meiri upphæð til utanfararinnar en ofan á varð á þingi; eigi að síður veitir stjórnin honum hærri upphæðina, þótt hún væri felld af þinginu. Þegar nú stjórnin hefur lagt svo mikið kapp á, að veita þessum mikilsvirta og hæfilega manni fje til rannsókna, þá sýnist mjer alveg rjett, að þingið að sínu leyti gefi honum nú tóm til að sýna árangur þessara dýrkeyptu rannsókna.

Landshöfðingi: Jeg verð, þrátt fyrir vörn h. 6. kgk. (J. A. Hj.) og 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að vera á því, að það hafi ekki verið á góðum rökum byggt, að fella burt 1. tölulið 16. gr. H. 6. kgk. (J. A. Hj.) vildi ekki kannast við, að nokkur sýnilegur árangur væri af jarðfræðisrannsóknum Þorvaldar kennara Thoroddsen; þessu verð jeg alveg að mótmæla. Enginn af yngri íslenzkum vísindamönnum — þeir eru að vísu ekki margir — er eins kunnur í útlöndum, sem Þorvaldur Thoroddsen; það er auðsjeð af því, að hann hefur verið kosinn meðlimur útlendra vísindafjelaga, og fengið heiðurspening frá vísindafjelagi erlendis. Það mun enginn Íslendingur nú gjöra Íslandi slíkan sóma meðal annara þjóða, sem þessi maður, og jeg verð að skoða það svo, ef þingið sviptir hann styrknum, að þá gjöri það svo, af því að það álíti hann ekki styrks verðan. *(Jón Ólafsson:* Nei!). Öðruvísi get jeg ekki skoðað það. Ef 16. gr. verður samþykkt eins og hún er nú orðin, en felldur burt 1. töluliður hennar, þá virðist það bera vott um, að þinginu hafi verið nokkuð mislagðar hendur með styrkveitingar til vísindalegra fyrirtækja. Því hefur ekki verið svarað enn, hver sýnilegur árangur hafi orðið af styrkveitingunni undir 2. tölulið 16. gr., og á meðan jeg fæ ekki því svarað, get jeg ekki sjeð, hver ástæða er að halda honum fremur en 1. töluliðnum.

H. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) lagði svo mikla áherzlu á, að stjórnin hefði veitt styrk, sem þingið hefði verið búið að neita um. Þessu mótmæli jeg; jeg veit ekki til að þingið synjaði nokkru sinni Þorvaldi Thoroddsen um styrk til að ferðast suður í Sviss og Ítalíu, til að kynna sjer þar eldfjallamyndanir og jökla. Hitt veit jeg, að þingið veitti honum styrk til að ferðast til Danmerkur og Þýzkalands, til þess að

fá þar ákveðna náttúrugripi þá, sem hann hafði safnað hjer á ferðum sínum. En þegar til Danmerkur kom, var honum veittur styrkur af því fje, sem ætlað var til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, til að kanna jökla og eldfjöll í Sviss og Ítalíu. Þetta er þó nokkuð annað, en að stjórnin hafi veitt það fje sem þingið synjaði. Enda er ekki heldur til nokkurs að vera að tala um þessa fjárveiting nú, þingið hefur þegar samþykkt hana, og endurskoðunarmenn landsreikninganna hafa enga athugasemd gjört við hana, og mundu þeir þó naumast hafa hlífzt við því, ef þeim hefði þótt hún ólögmæt. Ekki mun það þinginu til mikils sóma, að fella þennan tölulið 16. gr. burt, en láta hina alla standa.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Hvað styrkinn til utanferðar Þorvaldar Thoroddsens snertir, þá var hann veittur óákveðinn til utanferðar. Þingið tók ekki til, hvert hann ætti að ferðast; það neitaði að eins um hærri upphæðina, og þó var hún borguð út. Öðru máli var að gegna, þótt þingið færi ekki að gjöra mikla rekistefnu út af henni, þegar hún nú einu sinni var út borguð. Hæstv. landsh. lagði svo mikla áherzlu á, að ekki hefði sjezt mikill árangur af fjárveitingunni á 2. tölul. 16. gr. En jeg get frætt hann um það, að oss var kunnugt að fjárlaganefnd neðri deildar eða að minnsta kosti nokkur hluti hennar hefði kynnt sjer störf Benedikts Gröndals, og fundizt mikið um þau. Nefndin hjer í deild tók trúanlega rannsókn og sögn neðri deildar og eptir þessu fór hún við fjárveitinguna.

ATKVÆÐAGR.:

1. breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. b. samþ. með 7 atkv. gegn 3.

2. breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. c. samþ. með 9 atkv.

3. breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. d. samþ. með 7 atkv. gegn 2.

10. gr. þannig breytt samþykkt með 10 atkvæðum.

4. breyt.till. nefnd. við 11. gr. 1. samþ. með 8 atkv.

5. breyt.till. nefnd. við 11. gr. samþykkt með 8 atkv.

6. breyt.till. nefnd. við 11. gr. 2. f. samþykkt með 6 atkv. gegn 5.

11. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

7. breyt.till. nefnd. við 12. gr. 2. felld með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Ólafsson	Jak. Guðmundsson
Ben. Kristjánsson	Arnljótur Ólafsson
Friðrik Stefánsson	E. Th. Jónassen
L. E. Sveinbjörnsson	Jón A. Hjaltalín
Sighvatur Árnason.	Júlíus Havsteen
	Skúli Þorvarðarson

8. breyt.till. nefnd. við 12. gr. 2. felld með 6 atkv. gegn 1.

9. og 10. breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. II. a. samþ. með 8 atkv.

11. breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. c. 5. samþ. með 6 atkv. gegn 5.

12. breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. V. a. 4. samþ. með 8 atkv.

13. breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. V. b. 2. samþ. með 9 atkv.

14. breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 3. samþ. með 9 atkv.

13. grein þannig breytt samþ. í einu hljóði.

15. Viðaukatill. við 15. gr. samþykkt með 7 atkv. gegn 2.

15. grein þannig breytt samþykkt með 10 atkv.

16. breyt.till. við 16. gr 1. felld með 6 atkvæðum gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Ólafsson	Jak. Guðmundsson
Friðrik Stefánsson	Ben. Kristjánsson
Jón A. Hjaltalín	E. Th. Jónassen

já:	*nei:*
L. E. Sveinbjörnsson	Júlíus Havsteen
Sighvatur Árnason	Skúli Þorvarðarson.

Arnljótur Ólafsson greiddi ekki atkv. og var því talinn með þeim, sem voru móti breytingartillögunni.

17. viðaukatill. nefnd. við 16. gr. (5) samþ. með 6 atkv. gegn 3.

18. viðaukatill. nefnd. við 16. gr. (6) samþ. með 6 atkv. í einu hljóði.

19. viðaukatill. nefnd. við 16. gr. (7) samþ. með 10 atkv.

16. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.

Frv. í heild sinni þannig breytt samþ. í einu hljóði, og afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (219,363,430); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndin var ekki svo heppin, að geta fylgzt að í þessu máli, og það sem lakast var, það var, að minni hlutinn vildi ekki gjöra sjer eins mikið far um að rannsaka frumvarpið eins og meiri hlutinn. Meiri hlutanum gat ekki dulizt, að það væri skylda hans að rannsaka svo ítarlega sem hann gæti, hver skilningur feldist í hinum vafasömu greinum frumv. Meiri hlutinn var fullviss um, að stöðulögin 2. jan. 1871 væru til orðin með **lögfullri hlutdeild** hins ráðgefanda alþingis, og samþykki ríkisþingsins. Þetta varð hann þó að rannsaka og sanna, því að frumvarpið gengur þegjandi fram hjá stöðulögunum, vitnar eigi í þau og gjörir eigi grein fyrir hvort það álíti þau gildandi eða ekki. Fyrir þessa sök hefur meiri hlutinn vitnað í alþingistíð. 1867 og 1869 bæði í frv. stjórnarinnar, nefndarálit þingsins og álitsskjal þingsins til konungs, (sbr. alþt. 1867, II. 11—50, 449—495, 611—650; alþt. 1869, II. 10—42, 258—279, 353—400). Efni og gildi stöðulaganna af vorri hálfu er auðvitað alveg komið undir því, hver verið hafi hin lögfulla hlutdeild hins ráðgefandi alþingis í málinu, það er að segja, hvernig það hafi verið borið upp á þinginu, hvernig með það hafi verið farið, og hvert álitsskjal þingið hafi sent konungi. Þessi tvö þing 1867 og 1869 eru undanfari stöðulaganna, sem út voru gefin 2. jan. 1871, og meðferð málsins á þeim þingum sýnir, hverja skoðun þingið hafði á málinu. Af því leiðir, að stöðulögin hafa því öruggara gildi fyrir oss, sem þingin 1867 og 1869 samsinntu nákvæmlega inntaki stöðulaganna og þau fyrir það eru samkvæmari áliti þessara alþinga.

Jeg skal geta þess, að bæði í nefndarálitinu og álitsskjalinu til konungs 1867 er **ríkisráðið** talið sameiginlegt fyrir Ísland og Danmörku. Í stjórnarskránni 1867 segir í 8. gr., að konungur skipi ráðgjafa, sem hafi aðsetur í Kaupmannahöfn, og landsstjórn, sem hafi aðsetur á Íslandi (Alþt. 1867, II. 620). 1869 er nokkur breyting á orðin; í álitsskjali þingsins er ráðgjafinn ekki tekinn upp í frumv. sjálft, heldur látinn standa í ákvæðunum um stundarsakir aptan við frumv. Þar standa þessi merkilegu orð: „Þangað til öðru vísi verður ákveðið með lögum, sem *ríkisþingið* og *alþingi samþykkir*, felur konungur hina æðstu stjórn hinna sjerstaklegu íslenzku málefna, sem útheimta staðfestingu konungs, annaðhvort einhverjum af ráðgjöfum sínum, eða sjerstökum ráðgjafa sem ráðgjafa fyrir Ísland". Samkvæmt þessari tillögu, sem kom fram á hinu síðasta þingi, sem haldið var, áður en stöðulögin voru gefin út, hefur stjórn hinna sjerstöku mála Íslands verið falin sjerstökum ráðgjafa á hendur, og þannig verið í fyllsta mæli uppfylltar óskir hins ráðgefanda alþingis 1869. Það er því engum efa bundið, að stöðulögin eru af vorri hálfu gildandi lög fyrir Ísland, enda hefur og alþingi viðurkennt að svo

sje. En þar af leiðir að ríkisráðið er sameiginlegt fyrir Ísland og Danmörku og að ráðgjafi Íslands situr í Kaupmannahöfn og á sæti í ríkisráðinu, og þar sem konungur á að heyra tillögur ríkisráðsins **alls**, samkvæmt 16. gr. grundvallarlaganna, þá hlýtur og sú tilhögun ríkisráðsins að vera samkvæm óskum alþingis 1867 og 1869, eins og það er samkvæmt grundvallarlögum Dana og stjórnarskipun alríkisins. Því eru hver afbrigði frá þessari skipun breyting á stöðulögunum, á grundvallarlögunum, það er: breyting á stjórnarskipun alríkisins. Þetta bið jeg háttv. þingdeild að athuga vel og nákvæmlega. Um útskýring meiri hlutans á ýmsum greinum frumv. skal jeg vera mjög fáorður, og það því fremur, sem farið er nokkuð óvægilegum orðum um nokkur ákvæði frumvarpsins í nefndarálitinu; en þessi orð eru ekki illa meint, og snerta að eins stöðu ráðgjafans í frumvarpinu, þar sem í því er settur landstjóra-ráðgjafi í stað ráðgjafa Íslands. Það er aðalskoðun meiri hlutans, að mjög margar greinir í frumv. sjeu svo óákveðnar og tvíræðar, að þær skeri alls ekki fullkomlega úr því, hvort sú sje skoðun neðri deildar, að frumvarpið fari fram á „fullkomna innlenda sjálfstjórn“ í vorum sjerstöku málum, svo sem framsögumaður Nd. lýst hefur yfir, eða hitt, sem hann ber fram á alþingi 1885 (sjá 388. bls.). Meiri hlutinn hefur gjört sjer far um, að skoða þessa tvíbendu, sem kemur fram í 1. kafla frumv. Meiri hlutinn hefur að vísu ekki reynt að leysa úr þessari tvíbendu með nokkrum nýjum ákvæðum, heldur að eins sýnt fram á, hvað af henni mundi leiða.

Ein ummæli eru auk þessa í frumv., sem frábrugðin eru frumv. 1885 og 1886; það eru ummæli 33. gr., sem eru viðauki við 24. gr. stjórnarskrárinnar. Það eru mjög athugaverð ákvæði, sem þar eru gjörð. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið. Því miður er ekki nægur tími til þess, að ræða einstakar greinar frumv., svo skoðun þingdeildarinnar geti ljóslega komið fram, en þess er eigi kostur nema málið fengi að ganga gegnum allar 3 umr. þess hjer í deildinni.

Jakob Guðmundsson: Jeg er samdóma h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) um það, að langar umræður muni ekki stoða mikið um þetta mál, þar sem þingtíminn þegar er á enda. En jeg vildi að eins leiðrjetta hann, þar sem hann var að barma sjer yfir minni hlutanum í þessari nefnd; hann sagði semsje, að minni hlutinn eigi hefði viljað ganga í gegnum frumvarpið grein fyrir grein. Þegar hann segir þetta, þá skildi jeg hann svo, sem hann hefði sagt þetta í sínu eigin, en ekki nafni sannleikans, nje samnefndarmanna sinna, því að í áliti meiri hlutans stendur, sannleikanum samkvæmt, að öll nefndin hafi farið yfir frumvarpið grein fyrir grein, og síðan skipzt í meiri og minni hluta, og minni hlutinn leiðir augljós rök að því í nefndaráliti sínu, að hann hafi ekki getað komið sjer saman við meðnefndarmenn sína, og hversu stutt sem frumvarp hans er, þá kannast hann við að hafa borið sig saman við meiri hlutann, þegar var verið að ræða frumvarpið grein fyrir grein á nefndarfundunum, og enda þótt mikil þolinmæði væri viðhöfð, var minni hlutinn ekki svo heppinn að geta breytt sannfæringu meiri hlutans. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um álit minni hlutans, en að eins taka það fram, að við gátum ekki sjeð, hvorki að frumvarpið í heild sinni nje breytingar þær, sem fram höfðu komið við frumvarpið, kæmu í nokkurn bága við stöðulögin, og þó að háttv. 5. kgk. þm. segi, að breytingarnar komi í bága við þau, þá kemur hjer fram hin gamla ranga skoðun, er áður hefur hjer komið fram. Aðalorsökin er, að háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) gjörir engan mun á sjerstaklegum og almennum

málum, og byggir hann því, frá okkar sjónarmiði, á rammskökkum grundvelli. Mjer þykir það og undarleg skoðun hjá meiri hlutanum, að stöðulögin frá 2. janúar 1871, sjeu orðin til með lögfullri hlutdeild hins ráðgefandi alþingis, og þótt jeg hafi reynt til þess, þá hefur mjer aldrei skilizt hún, því þetta er beint á móti áliti fyrverandi alþinga, og enda sumra merkra manna á ríkisþinginu í Danmörku; jeg man ekki betur en Casse ráðgjafi segði á ríkisþinginu, að það einungis væri fjársambandið, sem kæmi ríkisþinginu við. Jeg get ekki sjeð, að meiri hlutinn í nefndaráliti sínu hafi komið fram með nokkuð nýtt; hann þykist vera að benda á galla í stjórnarskrárfrumvarpinu, og „resúltatið" verður hjer um bil þetta: „Við höfum nákvæmlega grein fyrir grein yfir farið frumvarpið, og getum ei annað en ráðið frá að samþykkja það"; að sínu leyti eins og minni hlutinn segir frá sínu sjónarmiði, að hann ráði deildinni til að samþykkja það.

Sighvatur Árnason: Jeg get tekið undir það með fleiri háttv. þingm., að það muni vera þýðingarlítið að vera að lengja umræðurnar um þetta mál, þar sem þingtíminn þegar er á enda, því það er loku skotið fyrir að málið að þessu sinni nái fram að ganga, úr því háttv. meiri hluti var svo lengi um að semja nefndarálit sitt. En þar sem háttv. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, að minni hlutinn ekki hefði viljað fylgja með, þá get jeg ekki fallizt á þetta, því jeg man ekki betur en að við minni hluta menn allt af værum með á nefndarfundunum, þrátt fyrir það þó minni hlutinn eptir sinni sannfæringu væri búinn að láta í ljósi aptur og aptur, að hann vildi fylgja frumvarpinu óbreyttu. Og þar sem háttv. 5. kgk. þm. lagði svo mikla áherzlu á það í ræðu sinni, að ráðgjafarþingin hefðu haldið þessu stjórnarmáli fram, og það hefði orðið til þess að við fengum nýja stjórnarskrá, þá er engan veginn þar með sagt, að við höfum með stjórnarskránni fengið allt það uppfyllt, sem við þörfnumst og óskum eptir. Háttv. 5. kgk. þm. þekkir svo stjórnháttasögu lands vors, að það er ekki hægt að koma lagfæringum fram hjá oss á annan hátt í því máli, en með því að fara fet fyrir fet, til þess að koma stjórnháttum landsins í rjett horf, því það vill vera við ramman reip að draga í þeim sökum.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta miskilning hjá háttv. minni hluta. Jeg sagði aldrei, að minni hlutinn hefði ekki viljað fylgjast neitt með nefndinni, heldur sagði jeg hitt, að hann hefði eigi gjört sjer eins mikið far um hinn rjetta skilning á greinum frumvarpsins, eins og æskilegt hefði verið. (*J. G.*: Sannanir!) Jú, það kom til af því, að einn í nefndinni fjekk allt í einu munnkörfu. H. þm. Dal. (J. G.) skírskotaði til Casse ráðgjafa, þar sem hann hefði sagt, að það væri einungis fjársambandið, sem kæmi **ríkisþinginu** við. Þetta var satt, og alveg samkvæmt 7. gr. stöðulaganna, og jeg er samdóma þm. um, að svo hafi verið áður en stöðulögin komu út; en þar af leiðir eigi, að vjer stöndum eigi í samanburði við **ríkið**, hvað hina æðstu stjórn snertir. Vjer stöndum eigi að eins í konungs- eða konungsdóms-sambandi við ríkisheildina, heldur og í sambandi allra hinna sameiginlegu mála við hana. Þessi sameiginlegu mál getur þingmaðurinn sjeð, ef hann les álitsskjöl frá fyrri alþingum, einkanlega ef hann vill lesa 3. gr. í álitsskjali til konungs frá alþingi 1867. Samkvæmt þessu er það, sem segir í 1. gr. stöðulaganna, þar sem svo er að orði kveðið: „Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis"; sömuleiðis í auglýsingu konungs 14. febr. 1874, þar sem konungur segist gefa stjórnarbótina „af frjálsu fullveldi", þ. e. hann gefur oss hana af alveldi sínu, og í samkvæmni við stöðu-

lögin. Ef þm. Dal. (J. G.) hefði nægilega rannsakað þetta áður, þá hefði hann komizt að annari niðurstöðu, en minni hluti nefndarinnar.

Friðrik Stefánsson: Jeg skal nú ekki tala um kost eða löst á þessu stjórnarskrárfrumvarpi, en að eins taka það fram, að jeg álít það aðgengilegra fyrir landið, en stjórnarskrárfrumvarp það, sem samþykkt var á þinginu 1885, og aukaþinginu 1886; en ástæðan fyrir því, að jeg var því mótfallinn, að stjórnarskrárbreytingarmálið kæmi fram á þessu þingi, var sú, að ef málið fengi hjer fram að ganga með litlum atkvæðamun, þá hefði það að eins árangurslaust aukaþing í för með sjer. Eptir aukaþing 1886 var þjóðin búin að sýna, að henni var full alvara á með stjórnarbreytinguna, og þá var henni í sjálfs valdi, hvort hún nú þegar eða á þessu þingi vildi halda málinu áfram; en nú sýndu undirbúningsfundirnir á síðastliðnu vori það, að meira en helmingur kjósenda að manntali var á móti því, að málið væri tekið fyrir á þessu þingi, en aptur var allt að því helmingur kjósenda með því. Mínir kjósendur vildu eigi kaupa aukaþing og neitun konungs fyrir 18 eða 20 þúsundir króna. Þó menn vilji málinu vel, þá dugar ekki að halda því áfram, ef það yrði til þess að spilla fyrir því, sem sjáanlegt er, að muni verða, þegar þjóð og þing skiptast í tvo flokka, um það hvort málinu skuli nú haldið áfram eða ekki, því ekki veitir af að þjóð og þing sje einhuga í þessu máli. Við skulum athuga atkvæðagreiðsluna í neðri deild, þar sem að lokum við 3. umr. að eins 14 voru með að halda því fram, en átta á móti — og af þessum 14 höfðu þó 3 í byrjun þings verið því mótfallnir að hreyfa málinu, og skrifað undir áskorunarbrjef ásamt fleirum þingmönnum, til þeirra þingmanna, sem vildu láta stjórnarskrármálið koma fram nú þegar, að gera það ekki á þessu þingi. Þetta sýnir bezt, hvaða apturkippur hefur verið kominn í menn frá því, sem áður var. Öll þjóðin verður að mínu áliti að standa að baki fulltrúa sinna, þegar um slíkt stórmál er að ræða, og þó þingmenn sjeu ekki bundnir við annað en sannfæringu sína, þá álít jeg að svo geti staðið á, að rjettara sje fyrir þingmanninn að leggja niður þingmennsku sína, ef hann verður þess var á undirbúningsfundi, að skoðun hans getur ekki samrýmzt við skoðun kjósenda hans, þegar um þýðingarmikil velferðarmál er að ræða, og hann að öðru leyti veit að margir landsmenn eru á sömu skoðun og þeir. Við þetta tækifæri læt jeg þess getið, að eptir aukaþingið 1886 heyrði jeg þingm. S.-Þing. taka það skýrt fram, að hann bindi sig ekki við að halda stjórnarskrármálinu fram á þessu þingi, fyr en hann væri búinn að vita um vilja kjósenda sinna í því tilliti, en nú er það ljóst, að þeir og hann vilja halda málinu áfram á þessu þingi, en jeg og mínir kjósendur ekki, og standa þar hvorutveggju að mínu áliti í sínum fulla rjetti. Af þessu, sem hjer að framan er sagt, má sjá, að menn ekki hafa verið eins hugar í hvað gjöra skyldi; sumir hafa viljað fara ávarpsveginn eða leita samkomulags við stjórnina, og var það skoðun kjósenda minna. En eins og þjóð og þing nú er tvískipt, þá álít jeg það hafi verið til skaða fyrir málið, að hreyfa því í þetta sinn. Stjórnin sjer að menn hafa hopað tilbaka í málinu; menn hefðu ekki átt að taka það fyrir að þessu sinni, og gefa henni þannig undir fótinn, því hún hlýtur að taka tvískiptingu þjóðar og þings í því sjer til inntektar. Jeg ætla ekki frekara að gjöra grein fyrir skoðun minni þessu viðvíkjandi, en af virðingu fyrir málinu greiði jeg atkvæði fyrir því, að það verði látið ganga til 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Þar sem það stendur í nefndaráliti meiri hlutans, að

stöðulögin sjeu til orðin með lögfullri hlutdeild hins ráðgefandi alþingis, þá skal jeg vekja athygli að því, að konungur sjálfur stofnaði til þjóðfundar, sem var fjölmennari en alþingi, og til hans kosið eptir nýjum og frjálsari kosningarlögum, og jeg veit ekki betur en allir skildu það svo, að þessi fundur væri frábrugðinn alþingi í því, að hann hefði ályktaratkvæði; að þetta hefði verið meiningin, tekur sig jafnvel út í auglýsingu konungs til Íslendinga frá 12. maí 1852, þar sem konungur reyndar ekki fellst á stefnu fundarins, en jafnframt er tekið fram, að hið ráðgefandi alþing haldi áfram störfum sínum, og síðar á alþingi lýsti því yfir fulltrúi konungs fyrir hönd konungs og stjórnarinnar, að konungur eða stjórnin vilji ekki neyða neinu stjórnarformi upp á landið. Meiri hluti alþingis hefur því aldrei álitið að stöðulögin væru formlega rjett til orðin, því þau hefðu átt að leggjast fyrir þjóðfund í landinu sjálfu með ályktarvaldi til samþykktar. Sú þjóðarmeðvitund er ekki enn þá upprætt úr brjóstum Íslendinga, sem lýsti sjer hjá þeim þegar þeir gjörðu gamla sáttmála og lofuðu að halda trúnað við konung sinn, meðan hann og arfar hans hjeldu trúnað við þá, og jeg veit enga þjóð, sem betur hefur efnt heit sitt; en þegar konungur afsalaði sjer nokkru af valdi sínu yfir Íslendingum, datt engum í hug, að hann mundi fá það ríkisþinginu í hendur, og þó stöðulögin að mörgu leyti sjeu góð og sanngjörn, að því leyti sem hin sjerstaklegu mál eru þar talin upp, þá hefur stjórnin eða ríkisþingið á hinn bóginn hljóðað sjer við að telja eins upp hin almennu málin, og þar sem háttv. framsögumaður allt af er að klifa á hinum sameiginlegu málum, þá kemur það ekkert málinu við, heldur er hjer að eins að ræða um hin sjerstaklegu málefni; hitt álít jeg vera tómar hártoganir og vöflur, sem mest er gjört til að leika sjer eða til að geta sagt eitthvað.

Framsögum. (Arnl. Ólafsson): Jeg skal leyfa mjer að svara h. þm. Dal. (J. G.) fáum orðum. Jeg veit ekki til að til sje neitt skjal frá stjórninni, er segi það, að þjóðfundurinn 1851 skyldi hafa *ályktunarvald.* Hitt stendur aptur á móti í konungsbr. 23. sept. 1848, að leitað skuli *álits* fundar í landinu, og í auglýsingu 12. mai 1852, að þjóðfundinum hafi ekki tekizt að leysa það verk af hendi, sem honum var falið, og því verði alþing látið halda áfram starfa sínum. En á einu furðar mig, og það er það, að þm. Dal. (J. G.) skuli ekki muna eptir því, að eitt af hinum ráðgefandi þingum vorum hafði ályktunarvald, og það var þingið 1867. Þá lýsti konungsfulltrúi því yfir, að það þing skyldi hafa ályktunarvald. (*J. G.*: Hvað fjekk hann í staðinn? *S. Á.*: Óþökk). Nei, hann fjekk enga óþökk, mjer vitanlega, og til merkis um það, er jeg sagði, rauf stjórnin þingið, alveg eins og nú er gjört, þegar stjórnarskrárbreytingar eru samþykktar af þinginu. Jeg skal ekki að þessu sinni tala um stöðulögin, nje um það, hver eru hin sameiginlegu mál vor; að eins vil jeg benda h. þm. Dal. (J. G.) á 1. gr. í stjórnarskrá vorri og vil jafnframt vísa honum á fundargjörðir hins ráðgefanda alþingis 1867 og 1869, til að glöggva sig á heima.

Jón Ólafsson: Það mun öllum h. þm. vera ljóst, hve nefndarálit þetta hefur verið lengi á leiðinni; þegar h. forseti var að biðja h. meiri hluta að hraða sjer með álit sitt, þá muna víst allir, hve h. framsögum. (A. Ó.) ljet mikið yfir því, hvílíkt vandaverk og hve yfirgripsmikið það væri að semja það, og vakti það þær vonir, að menn bjuggust víst við heilli bók, eptir þeim erfiðleikum að dæma, sem látið var svo mjög yfir, að samning þess væri samfara. En nú loksins, þegar þetta nefndarálit

meiri hlutans kom, heldjeg mörgum hafi dottið í hug hin gamla vísa: „Furðaði sig firðadrótt, Fjöllin tóku ljettasótt.“ Því að í nefndarálitinu er mjög lítið nýtt, eptir svo langar fæðingarhríðir og rækilegar rannsóknir. H. meiri hluti hefur varið fullum tveim þriðjungum af álitsskjali sinu til að berjast við skugga sinn, nfl. til þess að sanna það, að stöðulögin sjeu gildandi lög fyrir Ísland. Jeg kalla þetta að berjast við skugga sinn af því, að jeg hef ekki orðið var við, að nokkur sjeu þau ákvæði í stjórnarskrárfrv. þessu nje heldur að nokkur þau ummæli hjer á þingi hafi fallið, er gefi tilefni til að ætla, að menn neiti því, að stöðulögin gildi fyrir Ísland. Jeg get því ekki sjeð neina brýna ástæðu til þess, að fara nú í þessu nefndaráliti að berjast við að sanna þetta svona rækilega, og það því síður sem það er bersýnilegt af frv. sjálfu, að *það byggir á* stöðulögunum, enda þótt það nefni þau ekki; frv. byggir á þeim engu að síður. *(A. Ó.:* Hvar?). Þar sem það talar um tillagið úr ríkissjóði, því að jeg veit ekki til, að það styðjist við önnur lög en stöðulögin. Jeg hygg því að hinn háttv. meiri hluti hefði mátt spara sjer þetta ómak. Jeg held og, að það hafi litla þýðingu fyrir það mál, sem nú liggur hjer fyrir, að fara svo ýtarlega að rannsaka það, hvernig stöðulögin eru til komin; en um það get jeg þó ekki verið nefndarálitinu samdóma, að þau sjeu til orðin með „lögfullri hlutdeild hins ráðgefandi alþingis“. En hitt efar enginn, að þau eru orðin „fyrir rás viðburðanna“ (þ. með þegjandi eptir-á-samþykki, af því annnars var eigi kostur) gildandi lög fyrir Ísland.

Af því að frv. þetta er nú til frh. 1. umr., skal jeg ekki fara út í einstakar greinar þess, og því eigi heldur fara í eltingaleik þann, sem nefndarálitið gjörir á greinum þess. Aðfinningarnar kunna að vera á meiri eða minni rökum byggðar, en engin þeirra virðist mjer þó hafa svo mikla þýðingu, að það gjöri frv. óhafandi.

Jeg skal að eins taka til dæmis eina grein frv., sem nefndin hefur lagt sjerstaklega rækt (að jeg ekki segi: rækt og reiði) við, og sem því lítur út fyrir að sje aðalkjarninn nefndarálitsins. Það er 33. gr. frv. Nefndin er auðsjáanlega mjög sár bæði við 32. og 33. gr. frv. Hún er svo sár við 32. gr., að hún hefur ekki lagt sig niður við það að færa þar rök fyrir orðum sínum; hún við hefur þar að eins röksemdarþrotanna stóryrði og segir, að hún sje „að líkindum markleysa einber eða þá lögleysa“. Þetta er víst resúltatið (niðurstaðan), sem nefndin hefur komizt að með sínum löngu rannsóknum, en hún hefur sleppt eða gleymt „argumentunum“ (rökunum), sem leiða hljóti til þessarar niðurstöðu; en þau hefðu þó víst verið þinginu dýrmætari; því að það er ef til vill ekki eins stór galdur, að draga ályktun af vel fram settum rökum, eins og að leita uppi góð rök fyrir ályktun, sem kemur eins og “fjandinn úr sauðarleggnum“. En það er eiginlega 33. gr. sem meiri hlutinn ræðst á; þar hefur hann fundið „höfuðstykki þessa sakramenntis“, eins og gamle Balle segir. H. meiri hluti segir um viðauka þeirrar greinar, að hann geti stöðvað alla lögmæta heimtu og þá alla lögmæta greiðslu á landsfje, og þannig ofurselt landsstjórnina ofríki alþingis. Þessa grein álítur því nefndin óhafandi. Viðbótin við 33. gr. frv. er þannig: “Enga skatta eða tolla má innheimta, fyr en fjárlög fyrir það tímabil eru samþykkt af alþingi og hafa öðlazt staðfestingu“. Þetta ákvæði er það, er nefndarálitið hyggur að geti ofurselt landsstjórnina einveldi alþingis. Hver væri nú afleiðingin, ef þessa grein *vantaði* í frv.? Afleiðingin yrði sú, að ef ágreiningur kæmi upp milli stjórnar og þings, þá væri alþingi ofur-

selt einveldi konungs og stjórnar. En jeg vil spyrja: Er það æskilegra? Það hlýtur öllum að verða ljóst, að ef ágreiningur verður milli þings og stjórnar, þá *hlýtur annarhvor* þessi málsaðili að hafa meira vald (bera yfirhöndina); báðir *geta* þeir ekki haft jafnmikið vald, eða staðið alveg jafnt að vígi, því að þá sprengdist stjórnarskráin, og jeg fyrir mitt leyti skal játa, að jeg álít *sjálfsagt*, að þá sje það *þingið*, sem hefur fyllra vald heldur en stjórnin, enda hefur það sýnt sig annarstaðar, til hvers hið gagnstæða rekur. Ákvæðin í grundvallarlögum Dana eru ekki eins ströng og þetta, og það var þeirra óbætanlega bölvun og ólán; það var orsökin til þess, að ofbeldi stjórnarinnar sprengdi fyrir Dönum stjórnarskrána og varð banabiti sjálfsforræðis þjóðarinnar. Jeg veit að h. framsögum. (A. Ó.) mun þekkja það, að einn enskur stjórnfræðingur hefur svo heppilega sagt um þetta, að það sje eins og þegar 2 menn tvímenni á hesti, þá hljóti ætíð annar þeirra að ríða fyrir framan og hafa taumhaldið, en hinn að baki hans, og þá er það mitt álit og allra þeirra, sem meta sjálfsforræði þjóðar að nokkru, að þingið eigi að sitja fyrir framan. Þessi grein er svo þýðingarmikil, að *þótt ekkert stæði eptir af frv. nema hún ein, þá væri með henni ráðin aðalbót á stjórnarskrá vorri.* Hún tryggir að fullu fjárveitingarvald þjóðarinnar, en fjárveitingarvald er lykillinn að *öllu sjálfsforræði.*

Að öðru leyti hefur meiri hluti nefndarinnar sjeð svo um, að ekki er kostur að ræða ýtarlega þetta frv., því að 2. umr. þess getur aldrei orðið á þessu þingi, og gæti því deildin sparað sjer umræður nú um frv. Nefndin mun og án efa ekki láta standa á sjer, að ræða og rita um þetta mál á milli þinga, og koma þá með ýtarlegri rök fyrir máli sínu en færð eru í þessu nefndaráliti, sem byggir á — jeg vil ekki segja hártogunum, — en ógnarlega hárfínum útleggingum á orðum frv.

Framsögum. (Arnljótur Ólafsson): Jeg verð að svara þessum mótbárum h. þm. S.-Múlas. (J. Ól.), þótt þær sjeu við 2 sjerstakar greinar frv. Fyrsta mótbára h. þm. var gegn því, er í áliti nefndarinnar stendur mót 32. gr. sem bætir inn í 23. gr. stjórnarskrárinnar. Viðbótin er þessi: „ekki má heldur án lagaákvæða skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn er með lögum". Þetta er viðaukinn, sem sje, að ekki má taka fje lagalaust; það kallar maður markleysu, því að jafnan er sjálfsagt, að lög standa sem lög, þangað til þeim er breytt með nýjum lögum, og er þá markleysa einber, að taka það fram hjer, sem er almenn löggjafarregla, með því að það er auðvitað, að ekki má skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn er með lögum, nema með lögum. En ef hjer eru meint önnur lög en venjuleg lög, sem sje, að til þess þurfi stjórnarskrárbreytingarlög, þá kallar maður það lokleysu.

Þar sem h. þm. (J. Ól.) fann að nefndarálitinu, og hældi mjög 33. gr. frv., sem gjörir viðbót við 24. gr. stjórnarskrárinnar, þá er sú viðbót þessi: „Enga skatta eða tolla má innheimta, fyr en fjárlög fyrir það tímabil eru samþykkt af þingi *og hafa öðlazt staðfestingu*". H. háttv. þm. játaði með nefndinni að þetta væri að ofurselja landstjórnina einveldi alþingis, *(J. Ól.:* nei, ekki *ein*-veldi), enda getur hann ekki annað en játað það, því að geti landstjórnin ekki heimt tolla og skatta eptir gildandi lögum, getur hún ekki heldur greitt lögboðin gjöld af hendi. Og hvar er hún þá stödd? Hún hættir eins og stundaklukka, sem er gengin út. Jeg skora á h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) að sýna mjer — ekki nú á þingi, því það mun hann ekki geta, heldur eptir þing — í hverri stjórnarskrá annara þjóða svona

hörð ákvæði eru, því þótt hann skrifi nú ekki um stjórnarháttu Breta, mun hann samt kynna sjer þeirra stjórnarfyrirkomulag. Og einmitt í bók sem hann hefur fengið til bókasafns alþingis eptir enskan lögfræðing, Dicey, stendur, að ríkistekjur Breta hafi árið 1885 verið 87 miljónir punda sterlinga, en þar af hafi verið 73 miljónir punda, sem parlamentið hafði engin áhrif á, og því að eins á 14 milj. Það er því heldur ekki á Englandi, sem parlamentið getur stöðvað alla landstjórnina. (*J. Ól.:* Ó jú; og hvernig er ákvæði stjórnarskrár Norðmanna?). Noreg er ekki að marka, því að stórþingið hefur fullt löggjafarvald ekki að eins í fjármálum, heldur og í öllum málum, þar sem konungur hefur að eins frestandi synjunarvald. Noregur er því undantekning frá venjulegum stjórnarskrám allra ríkja í þessu efni og alveg sjerstaklegur.

Þegar jeg lít á málið allt, finnst mjer að menn verði að gjöra sjer ljósa hugmynd um, hvernig stjórnarskipun þess ríkis er, sem vjer erum óaðskiljanlegur hluti af, því að það er ekki til neins fyrir oss að fara fram á það í stjórnmálum, sem þeir ekki hafa, sem eru sambegnar vorir; það getum vjer ekki fengið.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki fara langt út í þetta mál, enda skoða jeg svo álit hins háttv. meiri hluta, að í því sje ekkert nýtt fram komið, heldur að það hafi inni að halda hinar sömu mótbárur, sem fyr hafa fram komið gegn þessu máli, og margbúið er að hrekja. Jeg vildi að eins svara h. þm. Skagf. (Fr. St.), þar sem hann sagði, að meiri hluti þjóðarinnar vildi ekki halda þessu máli áfram. En jeg verð að mótmæla því, að því leyti sem jeg þekki til, því það er einmitt meiri hluti þjóðarinnar, sem ekki vill hopa á hæl. Jeg hef rjett til að segja mína þekking á þessu atriði eins og hinn háttv. þm. Þjóðin getur nú ekki skorið úr þessu með því að láta sína meiningu og sinn vilja í ljósi; það er búið að koma í veg fyrir það; hún fær nú ekki tækifæri að segja hvað hún vill með nýjum kosningum; meiri hluti nefndarinnar hefur sjeð um það. Fyrst málið kom inn á þing á annað borð, þá fannst mjer það rjettara, að þjóðinni gæfist kostur á því, að skera sjálf úr, hver vilji hennar er í þessu efni.

Mjer heyrðist h. framsögum. meiri hlutans (A. Ó.) tala um, að minni hlutinn hefði verið svo þagmælskur; en þá vil jeg segja, að því hægra hefði meiri hlutanum verið að nota tímann og koma sem fyrst fram með álit sitt. Jeg leyfi mjer að segja það, þó jeg beri alla virðingu fyrir meiri hluta mönnum, að þeim var auðgefið að koma svo tímanlega með álit sitt, að málið hefði getað gengið alla sína götu í þinginu.

Friðrik Stefánsson: Jeg verð að neita því, að jeg hafi sagt, að það væri mikill meiri hluti þjóðarinnar, sem ekki hafi viljað nú á þessu þingi fram fylgja þessu máli í frv.-formi; jeg sagði að það væri meira en helmingur þjóðarinnar; en allt að því helmingur, sem hefði viljað halda því fram, og þetta er rjett; það sýna skýrslurnar frá undirbúningsfundunum. Annaðhvort hefur h. þm. Rangv. (S. Á.) ekki heyrt rjett orð mín, af því hann situr svo langt frá mjer; eða hann rangfærir þau vísvitandi.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það var rjett sem h. háttv. þm. Skagf. (Fr. St.) sagði í fyrri ræðu sinni, að það væri „meiri hluti þjóðarinnar“, sem hefði á undirbúningsfundum látið þá skoðun í ljós, að hann vildi ekki halda þessu máli áfram í lagafrumvarpi. Jeg á enn þá kortið yfir þjóðviljann, og það ber með sjer, að 8 kjördæmi, sem kjósa 14 þingmenn, ern á móti lagafrumv. frá þinginu, en 8 kjördæmi með, en þau kjósa ekki

nema 10 þingmenn; 5 kjördæmi þegja og verða því að teljast með meiri hlutanum, eins og atkvæði mitt í dag.

Jeg skal svo hugga h. háttv. þm. Rangvell. (S. Á.), sem kallaði mig 6. kgk., með því, að þó að frv. hefði komið nógu snemma frá nefndinni til þess að geta komið til 3. umr. hjer í deildinni, þá hefði það ekki komizt lengra, því að h. þm. Skagf. (Fr. St.) hefur lýst yfir því, að hann mundi hafa greitt atkvæði móti því við 3. umr., hvað sem annar h. þm. hjer í deildinni mundi hafa gjört; um það skal jeg ekkert segja.

En af því h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er stjórnfróður maður næsta mjög, vil jeg leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hans, hvort hann vilji ekki segja mjer skýrt og skorinort, hvort konungur skuli eptir þessu frumv. undirskrifa lög alþingis með ráðgjafa landstjórans eður með ráðgjafa ráðgjafa síns og umboðsmanns, og þá hvort Viktoría Engladrottning sje vön að skrifa undir með ráðgjöfum nýlendustjóranna? En neiti hann því, að konungur vor eigi að undirskrifa með ráðgjafa landstjórans, bið eg hann segja mjer, hvort hann á þá að undirskrifa með ráðgjafa *sínum*, þ. e. ráðgjafa Íslands, sem er í Kaupmannahöfn og hefur sæti í ríkisráðinu, eður þá með einum eður fleirum af hinum dönsku ráðgjöfum?

Jakob Guðmundsson: Úr því h. forseti hefur gefið mjer, sem framsögumanni minni hlutans, orðið, skal jeg leyfa mjer að taka það örstutt fram, er jeg hafði að segja, og það var, að jeg sje ekki betur en að umræðurnar sjeu komnar langt út fyrir málið, þar sem verið er að tala um meiri og minni hluta þjóðviljans í þessu máli; menn verða með þolinmæði að bíða næsta alþingis, úr því þjóðin fjekk nú ekki færi á að ákvarða sig með nýjum kosningum til aukaþings, til þess að fá upplýsing um vilja þjóðarinnar í þessu efni; þá geta menn fengið að sjá hve margir verða með að halda málinu áfram; jeg vona að meiri hluti þjóðarinnar verði svo mjög með því, að það komi alvarleg áskoran til sumra, sem nú eru á þingi, um að segja af sjer þingmennsku. *(Forseti:* Þetta kemur ekki málinu við).

ATKVÆÐAGR: Málinu vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 2.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir við Ísland (438); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR. Ein umr. samþykkt með 9 samhlj. atkvæðum.

Fertugasti og níundi fundur, föstudag 26. ág. kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Tillaga til þingsál. um strandferðir við Ísland (438); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. umræðulaust samþ. með 9 samhl. atkv. og afgreidd til landshöfðingja.

Forseti: Þegar nú hinu erfiða og vandasama verki voru nú er lokið í þetta sinn, leyfi jeg mjer að votta h. þingdeildarmönnum þakklæti fyrir traust það og velvilja, er þeir hafa sýnt mjer.

Síðan var gjörðabók þessa fundar lesin upp og staðfest, og sagði forseti svo

fundi slitið.

Fjórði fundur í sameinuðu þingi, föstudag 26. ág. kl. 12 á hádegi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (450, 451, 455); ein umr.

Framsögumaður í neðri deild *(Eiríkur Briem):* Fjárlaganefndin í Nd. hefur leyft sjer að koma fram með nokkrar breytingar, og enda fleiri en opt hefur verið áður venja, og kemur það til af því, að eptir að frv. hafði verið hjer til einnar umræðu, og kom aptur til Ed., vildi fjárlaganefndin í Ed. í engu verulegu víkja

frá því sem þar hafði áður verið samþykkt í deildinni; en þessi aðferð nefndarinnar er að mestu leyti byggð á misskilningi; fjárlaganefndin í Nd. hefur engu samkomulagi hafnað", eins og stendur í nefndarál. Ed., heldur þvert á móti tekið margt af breytingum Ed. til greina, t. d. í 10. gr. þar eru þrír töluliðir í röð, 4. 5. og 6., sem nefndin í Nd. hefur annaðhvort látið halda sjer óbreytta, eins og þeir voru samþ. í Ed., eða þá breytt þeim í þá átt. Það er ekki heldur rjett, að nefndin í Nd. hafi „ekki gefið kost á samkomulagsfundi"; þess hefur alls ekki verið farið á flot, en það hefur ekki átt sjer stað á fyrri þingum nema 1881 að nefndin í neðri deild bjóði nefndinni í efri deild til samkomulagsfundar; en þá þurftu fjárlögin engu síður að koma í sameinað þing.

Hvað snertir hinar einstöku breyt.till. þá þarf jeg ekki að fara um þær mörgum orðum. Viðvíkjandi Hólaskóla höfum við lagt til, að upphæðin verði færð úr 3000 kr. upp í 3500 kr., þar sem ekki er sýnilegt að þessi stofnun geti komizt af með minna fje.

Styrknum til búnaðar, sem skiptist milli sýslufjelaga, höfum við breytt í þá átt, sem heldur miðar til samkomulags við h. Ed. Að kippa styrknum alveg í burt, getur verið mjög ísjárvert, sjerstaklega þar sem nokkuð mikill styrkur hefur verið veittur áður, og menn því hafa ýmsar ráðstafanir gjört, í þeirri von, að hann hjeldi áfram.

Fjárlagan. í Nd. getur ekki heldur fallizt á, að aukalæknum sjeu veittar 200 kr. í eitt skipti fyrir öll til verkfærakaupa.

Athugasemdina við tímakennsluna skil jeg ekki vel; sú upphæð, sem hjer er um að ræða, nemur mjög litlu; hinn síðasta vetur var það einn kennari, Björn Jensson, sem hafði eina stund á viku, er hann fjekk borgun fyrir, sem samtals mun hafa numið um 20 kr., en 3 næst undanfarna vetur hafði enginn kennari fleiri kennslustundir en honum bar að hafa.

Þessa athugasemd viðvíkjandi Sýslumannaæfunum ráðum við til að fella; jeg skil heldur ekki að nein ástæða sje til hennar; fjelagið hefur enga tregðu sýnt í að gefa þær út, ef handrit hefur verið til, og engin ástæða til að efast um að fjelagið muni framvegis gefa þær út, nema handrit vanti; en á hinn bóginn er fjelagið, eptir athugasemdinni, skylt til að gefa út einhverjar Sýslumannaæfir, þó handrit frá sama manni, sem að undanförnu hefur búið þær undir prentun, eigi væri til, einhverra orsaka vegna.

Viðbótinni við 15. gr. getum við með engu móti verið samdóma, þó við játum, að sú heiðurskona, sem þar á í hlut, sje alls góðs makleg.

Og að síðustu hefur nefndin ráðið til að fella burtu þrjá síðustu töluliðina af 16. gr., því við álítum, að þótt þetta kunni í sjálfu sjer allt að vera gott og gagnlegt, þá sje eigi svo brýn þörf á því að þessu sinni, og þegar fjárhagur landsins er eins og hann er, þá sje öll ástæða til að draga að minnsta kosti að veita fje til þess.

Framsögumaður í efri deild *(J. Ólafsson):* H. framsögumaður fjárlagan. í Nd. hefur skýrt frá ástæðunum fyrir þeim breyt.till., sem hann og nokkrir aðrir h. þm. hafa komið með; en hann virtist leggja alla áherzluna á þessar 4 línur, sem fremst standa á þingskj. 446, að minnsta kosti meiri áherzlu en á *efnið* í öllum breyt.till. nefndarinnar. Nefndin í Nd. hefur dálítið misskilið þetta nefndarálit, því þar stendur hvergi, að það hafi verið *vani* nefndarinnar í Nd. áður, að halda nokkurn samkomulagsfund, heldur nefndanna beggja; en það er ekki nærri því allt af, að nefnd hefur verið sett í Ed.; en þegar hún hefur verið sett, þá hefur samkomulag verið reynt, svo að málið þyrfti ekki að koma í sameinað þing; nefndin í Nd. vissi

sjálf bezt, hve langt hún mundi vilja ganga í samkomulagi við Ed., þegar hún hafði sjeð tillögur okkar og ástæður fyrir þeim, og átti því, fremur en við, að reyna þetta samkomulag, en það hefur hún ekki gjört. En jeg legg ekki eins mikla áherzlu á þetta 4 lína nefndarálit, eins og h. framsögum. fjárlaganefnd. í Nd. (E. Br.), en sný mjer heldur að þeim breyt.-till., sem hjer liggja fyrir.

Frá hæstv. landshöfðingja er komin fram breyt.till. um, að 2000 kr. verði varið til þess, að taka þátt í sýningu í Kaupmannahöfn að ári. Ed. hefur aldrei verið virt þess, að koma fram með þessa till. þar í deildinni, og því getur hæstv. landshöfðingi varla búizt við, að þm. Ed. samþykki þessa breyt.till. En í Nd. hefur hún komið fram og verið felld, svo jeg get varla búizt við að hún verði samþykkt.

Breyt.till. á þingskj. 453 eru þýðingarmiklar. Aðalspurningin í Ed. var það, *hvernig* fjenu til búnaðar *yrði varið*, en síður *hve mikið* er *veitt*. Okkur þykir skiptingin eptir fólksfjölda mjög óheppileg. Fólksfjöldi og landbúnaður fer alls ekki saman. Sömuleiðis getur hundraðatalið verið þar minnst, sem landbúnaðurinn er mestur, og þvert á móti; þannig jafngildir t. d. 1 hundr. í fasteign á austurlandi sem næst 3—4 hundr. hjer. Það er líka undarlegt, að Reykjavík, sem engan landbúnað hefur, skuli árlega fá talsvert fje af þessum styrk. Jeg skal líka benda h. þm. Snæf. (P. Br.), sem er að hrista höfuðið, á hans eigið kjördæmi; þar er hundraðatalið mjög mikið, og þó er ekki mjög mikið gjört þar til búnaðarframfara. Fjenu, sem varið var til viðgjörðar á Rifsós, var verr en kastað í sjóinn. Það sem sjerstaklega vakti fyrir okkur, var það, að tryggja sem bezt að búnaðarstyrkurinn kæmi að tilætluðum notum.

Breytingin við 11. gr., 200 kr. til verkfærakaupa fyrir aukalæknana, er okkur ekki mikið kappsmál. Í Nd. var talsverður áhugi á, að auka hin árlegu laun þeirra, og því fremur er líklegt, að þessi breyt till. fái framgang, þar sem hún fer í nokkuð líka átt, en þó heppilegri og almenningi notadrýgri.

Breyt.till. við 13. gr. B. III. C. 5. er princip-spurning; okkur þótti ekki eiga við, að þeir kennarar, sem hafa ákveðin laun fyrir það sem þeir gjöra, skuli þar að auki fá auka-borgun fyrir það, og slíkt gæti líka leitt óþægilegan dilk á eptir sjer. Það er af engu kappi, að við settum þessa athugasemd inn aptur, heldur af því okkur voru ekki kunnar ástæður h. Nd. fyrir því að fella hann í burtu.

Hvað Bókmenntafjelagið snertir, finnst mjer eðlilegast að trygging sje fengin fyrir því, að fjelagið gefi út þá bók, sem því er veittur styrkur til að gefa út.

Breyt.till. á þskj. 453 hefur Nd. játað að hefði við einna bezt rök að styðjast af öllum breyt. Ed., og þarf því ekki að fara um hana fleirum orðum.

Þá kemur till. um styrk til Þjóðvinafjelagsins, og þótti mjer undarlegt að þjóðkjörnir alþingismenn skyldu fella þá tillögu, þar sem landstjórnin vildi þó veita fjelaginu fje; það er líka upplýst, að ástæður fjelagsins eru ekki góðar, en það fjelag hefur margt gjört til að efla bókmenntir og fróðleik.

Breyt.till. á þskj. 455 við breyt.till. á þskj. 453, kom jeg fram með að eins til að fyrirbyggja misskilning, því eins og hún er orðuð á þskj. 453 liggur beinast við að frumv. um stofnun lagaskóla verði tekið með, og það væri á valdi forsetanna að gera svo, ef þeim sýndist; til þess að komast hjá þessu, og að þetta liggi ljóst fyrir, hef jeg komið fram með breyt.till., sem jeg vona að verði samþykkt.

Landshöfðingi: Jeg á hjer eina

breytingartillögu, á þingskj. 451, og hafði jeg komið áður fram með hana í neðri deild, en þar var hún felld. Jeg hef samt álitið mjer skylt að koma enn þá með hana fram í sameinuðu þingi, til þess að þinginu í heild sinni gæfist tækifæri til að láta álit sitt í ljósi um, hvort það vildi að landið taki þátt í sýningunni eða ekki. Styrkurinn er ætlaður til að standast kostnað á flutningi gripanna til sýningarinnar, geymslu þar og niðurröðun á sýningunni. Jeg játa það, að þetta kemur nokkuð seint, því nefndin í Kaupmannahöfn hefði þurft að vera búin að fá tilkynningu um hluttöku Íslands í sýningunni áður en fjárlögin verða staðfest, en jeg vona að forstöðunefnd sýningarinnar í Kaupmannahöfn gjöri undantekning fyrir Íslands hönd, vegna hins sjerstakleg ástands. H. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) ljet það í ljósi, að þingmenn Ed. ekki mundu greiða atkvæði með þessari breytingartillögu, af því þeim væri málið ekki áður kunnugt, þar sem það hefði ekki verið til meðferðar í efri deild; en það er ekki rjett hermt, að málið sje þeim ekki áður kunnugt, því að á lestrarsalnum hefur legið brjef frá mjer áhrærandi hluttekningu í sýningunni ásamt sýnishornum henni viðkomandi, svo öllum þingmönnum hlýtur að hafa verið kunnugt um þetta málefni, og skil jeg því ekki í því, að hjer hafi nein afglöp átt sjer stað, svo breytingartillagan fyrir það ekki geti fengið fram að ganga. H. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefur sjálfur komið með breytingartillögu, um styrk handa Þjóðvinafjelaginu, hjer í sameinuðu þingi, sem ekki kom fram í efri deild, og hefði þó verið þeim mun meiri ástæða til að koma fram með breytinguna þar, sem styrkur til fjelagsins var tekinn upp í frumvarp stjórnarinnar, en felldur burt af Nd. Að öðru leyti er þetta ekkert kappsmál fyrir mjer, en jeg kom fram með breytingartillöguna til þess þingið í heild sinni gæti látið álit sitt í ljósi um hana.

Um hinar aðrar breytingar þarf jeg ekki að tala, því það er nægilega búið að ræða um þær bæði í efri og neðri deild þingsins. Hvað breytingartillöguna við 13. gr. B. V. b. 2 snertir, þá er jeg alveg samdóma 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um, að viðbótin: „allt að 50 kr. til hvers“, sje ekki heppileg, því það er ekki sanngjarnt, að þeir barnaskólar, sem eru í sveitum, eins og t. a. m. í Ölvesi, er vel hafa reynzt og þar sem hreppsfjelagið hefur lagt og leggur mikinn kostnað í sölurnar til að koma skóla á fót og styrkja hann framvegis, geti ekki orðið aðnjótandi hærra styrks, en 50 kr., í stað þess að skólinn hingað til hefur fengið 200 kr. styrk og þessi ósanngirni verður því tilfinnanlegri fyrir þá barnaskóla í sveit, er um nokkurn tíma hafa notið styrksins, sem honum allt í einu er kippt burt. Jeg þykist hafa orðið var við, að sumir af þessum sveitaskólum hafa ekki haft sem bezt orð á sjer eða reynzt vel, og hefur það að líkindum spillt fyrir hinum, en jeg vona að þingið beri það traust til landstjórnarinnar, að hún veiti ekki styrkinn öðrum skólum en þeim, sem þess eru verðugir.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg vildi að eins leiðrjetta það hjá hæstvirtum landsh., að jeg sagði eigi, að hann mundi eigi fá mörg atkvæði á þinginu, heldur sagði jeg, að jeg vissi eigi hvort hann mundi fá mörg atkvæði úr efri deild.

Árni Jónsson: Jeg skal eigi svara mörgum orðum ákúrum h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem hann veitti bæði framsögum. fjárlaganefndar Nd. og nefndinni yfir höfuð. Það sjest bezt, á hve góðum rökum þær eru byggðar, þar sem stendur í þessu kostulega nefndaráliti hans: „oss hefur ekki gefizt kostur á neinu samkomulagi, þvert á móti vanda á öllum fyrri þingum“. Þetta er ástæðulaust ranghermi, eins og

h. framsögumaður fjárlagan. Nd. tók fram. Þetta er sett svona út í loptið, og það er einkennilegt, að h. 1. þm. S.-Múl. var svo ófróður, að hann vissi eigi, hverjir voru í fjárlaganefndinni í Nd. Jeg hjelt þó satt að segja, að það mundi engum þingmanni vera ókunnugt. Hann sagði að breyt.till. nr. 452 væri frá sumum í fjárlaganefndinni og sumum öðrum þingm., en hún er einmitt frá fjárlagan., frá 7 en ekki 8, ef rjett er lesið.

Þegar jeg heyrði hina löngu ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), datt mjer í hug, að nú fengjum við ekki að heyra aðra eins fleytiræðu fyrst um sinn, þar sem hver heldur þegar heim til sín, en þá datt mjer og í hug — að það mætti okkur þm. frá byggðum og bændum — það kann að þykja nokkuð prestslegt: „Gjörðu reikningsskap ráðsmennsku þinnar“, því þm. eru ráðsmenn þjóðarinnar og eiga að ráða hennar fje, og sjá svo fyrir þjóðbúinu, sem þeir vita rjettast og bezt, haganlegast og farsælast í bráð og lengd. Hjer, með þessu frv., eiga þeir að leggja ráðin á og kveða á um, hvernig fjenu skuli varið og hvað gjöra skuli um næstu tvö ár. Þjóðin hefur valið þá fyrir sig. Hún treystir þeim til að búa í haginn fyrir sig síðar, og að taka tillit til þarfa sinna og óska, eptir því sem þeir sjá heppilegast. En á þessu þjóðbúi er tvíbýli, ef svo mætti að orði kveða, ɔ: efri deild og neðri deild, en þær geta þó báðar gengið saman á eina ráðstefnu — eins og í dag — til þess að útkljá mikilsverð málefni. Hjer liggja fyrir fjárlögin fyrir næstu 2 ár. Þegar vjer lítum á þau, þá sjáum vjer að tekjuhallinn er fullar 30 þúsundir. Það er margsagt og kunnugt, að á næstliðnu ári vantaði c. 88,000 kr., og má gera ráð fyrir líku nú. Búið ber sig ekki. Það gengur ár frá ári á höfuðstólinn. Efri deild hefur nú búið þannig á þessu þingi: hún hefur sent oss ýms frumv., sem hafa útgjöld í för með sjer. Hún hefur bæði sent oss frumv. til laga um brúargjörð á Ölvesá, sem landssjóður á að leggja til 40,000 kr., frumv. um linun á ábúðar- og lausafjárskatti, sem lækkar tekjurnar um nær 22,000—25,000 kr. á ári, og auk þessa frumv. um stofnun lagaskóla, sem reyndar breytir eigi upphæðinni á þessu fjárhagstímabili. Þessi frv. hafa verið samþ. hjer í deildinni. En aptur á móti veit jeg ekki til að Nd. hafi sent Ed. nokkurt það frv., er hún hafi samþykkt, sem hafi útgjöld í för með sjer. En aptur á móti hefur hún sent henni tvö frumv., sem hefðu að líkindum hækkað tekjur landssjóðs, sem sje frv. til laga um, að hækka vínfangatollinn og tóbakstollinn, að minnsta kosti hefði landssjóður grætt góðar 10,000 kr. að minnsta kosti á tóbakstollinum. En bæði þau frv. felldi efri deild. Þetta er jeg eigi að minnast á til þess, að vantreysta vitsmunum Ed.; þvert á móti treysti jeg þeim fræðimönnum og gömlum þingmönnum, sem þar sitja, svo, að þeir sjái betur en jeg, sem er ungur og ólögfróður, hvað þjóðinni er hentast, og hvernig bezt sje búið fyrir hana. En frá mínu sjónarmiði er það varhugavert, að fylgja þessum búskap h. Ed. Þegar farið er að ganga árlega á höfuðstólinn, þá er mjög hætt við að ávallt sæki meir og meir í sama horfið.

Um hinar einstöku breyt.till. skal jeg eigi vera margorður. *(Jón Ól.:* Er þetta allt formáli?). H. þm. getur kallað það hvað hann vill. Jeg held það sje sízt fjær fjárhagshliðinni, en það sem hann þrumaði út af nefndaráliti sínu gegn framsögum. fjárlaganefndar Nd. (E. Br.). Jeg skal þá fyrst geta þess, að þar sem fjárlagan. Nd. hefur nú sleppt að koma með breyt.till. við 11. gr. 1. og 12. gr. B. II. a., þá var það alls eigi af því, að hún sannfærðist af ástæðum fjárlagan. Ed., fyrir því, að halda þessum launabitlum, heldur vissi hún

að þetta mundi verða kappsmál, og það persónulegt, sem henni var óskapfellt við að eiga. Hún vildi því þannig leita samkomulags. En það er svo að heyra, sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) geti ei skilið það. Þar sem hinn háttv. þingm. hafði á móti búnaðarstyrknum, þá færði hann þar sömu ástæðu sem á fyrri þingum, nefnil., að það hefði farið til ónýtis hjer í „Grófina“. Hann kemur aldrei með annað en þetta eina dæmi, og vill svo fella allan styrkinn niður fyrir það!! Það lítur svo út fyrir, sem þm. sjái eigi út yfir höfuðstaðinn og „Grófina“. Það sem hann sagði um það, hvernig styrknum hefði verið varið í Snæfellsnessýslu, lýsti svo greinilega, hversu honum er allsendis ókunnugt um þetta út um landið. Mjer er það fullkunnugt, að í Snæfellsnessýslu hefur styrknum verið varið til þess að halda búfræðing, og hann hefur gjört þar mjög mikið gagn. Jeg gæti auk heldur nefnt h. þm. hreppana, sem hann hefur verið í, en jeg gjöri ráð fyrir að hann hafi kynnt sjer það með öðru í vor, og fræði okkur síðar um það. Jeg skil annars eigi, að þó búnaðarstyrknum hefði eigi öllum verið vel varið, að það sje ástæða til þess, að taka hann burt svona algjörlega allt í einu; jeg held, að þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefði eigi verið eins ákafur að af nema það, hefði það verið einhver launaviðbótin.

Um athugasemdina við tímakennsluna í latínuskólanum skal jeg eigi fara öðrum orðum, en að þm. er fullkunnugt, að rektor skólans hefur lagt á móti henni, og þótt hún ástæðulaus; sömuleiðis fjárlaganefndin í neðri deild, og Nd. felldi hana niður með flestum atkvæðum. Viðvíkjandi sveitakennslunni, þá hefði það auðvitað verið æskilegt, að þeir sveitaskólar, sem þrífast vel, hefðu notið styrksins eins og áður; en það er óheppilegt að veita fjeð óákveðið, og því held jeg að það sje þó betra að þessi ákvörðun standi. Hinn h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að fjárlagan. Ed. hefði tekið inn breytingar sínar aptur, til þess að gefa mönnum kost á að heyra ástæðurnar fyrir þeim, en þó vildi hann eigi tala um 4 seinustu töluliðina, við 15. og 16. gr., sem eigi var að búast við. Þeir eru teknir úr bænarskrám, sem Nd. sá sjer eigi fært að sinna. Fjárlaganefnd neðri deildar leit svo á ástæðurnar og fjárhaginn, að ekki yrði hægt að taka margar af þeim 70, sem henni bárust, til greina, enda þótt hún viðurkenndi að það væri æskilegt, að þær hefðu sumar verið heyrðar, ef fje hefði verið fyrir hendi. En hún sjer eigi fært að sinna nema því allranauðsynlegasta. Jeg býst við, að h. fjárlaganefnd Ed. hafi eigi þótt 16. gr. eins skrúðfögur og í síðustu fjárlögum, þegar hún var með 15 liðum, og 6000 kr. silfurhnúð á endanum, og því hefur hún ætlað að „dubba“ hana upp, með því að bæta dálitlu aptan við hana. Þá hefði jeg nú ímyndað mjer, að háttvirt nefnd hefði helzt tekið eitthvað af því, sem stóð í stjórnarfrumv., t. d. styrkinn til Gísla Guðmundssonar, eða þó helzt af öllu styrkinn til laxaklaksins, sem áður hefur verið veitt fje til, og sem fjárlaganefnd Nd. vildi halda áfram, en var felldi niður hjer í deildinni. Þetta var þó til verklegra fyrirtækja, og þessir menn veittu á þingi 1885, 4700 kr. til þessa. Nei, þetta vill h. nefnd eigi taka, en í þess stað tekur hún 3 dilka úr Reykjavík, og hnýtir þeim aptan í 15. gr. Þætti mjer æskilegt, að heyra ástæðu 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fyrir þessu. *(J. Ól.:* Jeg skal strax koma með þær). Það verður fróðlegt. Mjer hafði annars komið í hug, að laxaklakið hefði máske fengið að vera með, hefði það verið hjer í Reykjavík.

Páll Briem: Af því að hinn h. þm. Mýr. (Á. Jónss.) hefur leiðrjett það, sem jeg þurfti að leiðrjetta hjá háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.), þá fell jeg frá orðinu.

Sighvatur Árnason: H. framsögum. fjárlagan. í efri deild (J. Ó.) hefur ljóslega tekið fram ástæður nefndarinnar fyrir breytingum hennar, og skal jeg því ekki frekar tala um þær. Jeg vildi að eins víkja að breytingartillögunni við 11. gr. 2. f., um styrkinn til aukalæknanna. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að þeir sjeu hart leiknir við þessa breytingu. Þetta eru ungir fátækir menn og skuldugir þegar þeir komast í embættin, og hafa hvorki verkfæri nje meðöl. Mjer er kunnugt eitt dæmi í þá átt: þegar læknirinn kom í embættið, vantaði hann bæði verkfæri og meðöl, og var því svo að segja gagnslaus; allir mega vita að þeir með þessum launum geta ekki búið sig nægilega út í fyrstunni, og að þeir sæta hverju tækifæri til að komast burtu og í annað betra embætti; laun þessara aukalækna eru einungis lítilræði í samanburði við laun annara embættismanna, og jeg kalla þá senda sem forsendíng og einungis að nafninu til, úr því launin eru ekki hærri en þetta. Hvað styrknum til bókmenntafjelagsins viðvíkur, þá skal jeg geta þess, að það vakti fyrir nefndinni, að úr því farið væri að gefa út Sýslumannaæfirnar, sem er fróðlegt rit, mjög svo snertandi sögu landsins, þá ætti það illa við að hætta við það í miðju kafi. Hvað 6. tölul. við 16. gr. viðvíkur, þá skal jeg með þm. Mýr. (Á. J.) játa, að þetta er aukageta, en jeg skal geta þess, að ef þesskonar orðabók hefði verið komin út fyrir 10 árum síðan, þá værum við margir ekki eins mállausir við útlendinga og við erum, sem mjög svo opt kemur að stórum baga.

Af því að jeg er ekki Reykjavíkurbúi, vildi jeg minnast lítið eitt á launaviðbætur þeirra landslæknis Schierbecks og kennara Tómasar Hallgrímssonar; jeg hef verið með þeim, sem hafa viljað draga af hinum hærri launum en aptur bæta við þau minni; 1885 var jeg móti landlæknum, en með því að laun Tómasar væru hækkuð, sem er góður læknir og kennari og lengi hefur þjónað við lítil laun. En hvað landlækni Schierbeck viðvíkur, þá vil jeg ekki að hann haldi bæði launaviðbótinni og þóknuninni fyrir að kenna yfirsetukonum, og þó jeg gefi atkvæði með að hann haldi launaviðbótinni, þá er það ekki meining mín, að hún framvegis leggist við launin við landlæknisembættið, heldur að hann hafi hana fyrir sig persónulega. Hvað styrknum til sýningarinnar viðvíkur, þá get jeg ekki sagt, að jeg sje því máli með öllu ókunnugur; jeg álít að gagn geti orðið af slíkum sýningum og vil jeg því sinna breytingartillögunni.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal vera fáorður, en að eins stuttlega geta þess, að þó að breyt.till. sjeu nokkuð margar, þá finnst mjer ágreiningurinn ekki vera mikill í raun og veru. Hvað styrkinn til búnaðarskólanna snertir, hallast jeg fremur að áliti fjárlaganefndarinnar í Nd., einkum af því, að allt fjeð sem veitt er til eflingar búnaði, er eptir hennar till., 2000 kr. hærra en það sem nefndin í Ed. ætlar til þess. Hingað til hefur þingið veitt 20 þúsund krónur til eflingar búnaði, en nú vill Nd. veita 18 þúsund.

Þegar fje er lagt til góðra fyrirtækja, en mönnum virðist það misbrúkað, ber eigi að hætta fjárveitingunni snögglega, heldur lækka hana smátt og smátt.

Breyt.till. við 13. gr. C. 3. get jeg þar á móti eigi verið samþykkur, og það af sjerstökum ástæðum. Fyrst og fremst verð jeg að ætla, að allir vilji að sú bók haldi áfram að koma út, sem fje hefur verið veitt til, og svo ber oss einnig sem söguþjóð, að leggja allt kapp á að þetta merkilega undirstöðu-rit undir sögu landsins geti orðið fullgjört.

Fyrst svo er sem framsögum. (E. Br.) sagði, að ekkert er því til fyrirstöðu frá

hálfu bókmenntafjelagsins, að ritið komi út, þá sje jeg heldur ekkert á móti því, að láta athugasemdina standa í frv. Höfundur ritsins er nú orðinn gamall og mun ef til vill skamma stund geta unnið að því. Hann hefur einnig lýst því yfir við mig, að hann hafi í hyggju að taka sjer til aðstoðar við þetta starf allfróðan mann, sem hann nú á kost á, en seinna er óvíst að fáist. Verði athugasemdin felld úr frv., mun hann að líkindum ekki ráðast í að taka sjer aðstoðarmann, þar sem hann þá á undir högg að sækja, hvort ritið muni verða gefið út.

Þetta eru þær sjerstöku ástæður, sem koma mjer til að mæla móti því, að athugasemd þessari sje sleppt úr frv.

En með því jeg hef lofað, að vera táorður, mun jeg eigi fara fleiri orðum um málið.

Framsögum. í efri d. *(Jón Ólafsson):* Jeg verð að svara þm. Mýr. (Á. J.) nokkrum orðum, en jeg ætla samt ekki að reyna að sannfæra menn með tómri ákefð, eða með því, að láta eins óðslega og hann. Mjer virtist hann stygglyndur af því, að jeg hefði ekki vitað, hverjir og hvað margir hefðu verið í fjárlaganefnd Nd. Versta yfirsjón mín hefur að hans dómi ef til vill verið sú, að jeg vissi ekki, að *hann* var í nefndinni, en þess skal getið, að jeg ber alveg jafna virðingu fyrir nefndinni, hvort sem hann á þar sæti eða ekki. Svo kom hann með langa og kennimannlega ræðu um ráðsmennsku þá, er vjer allir ættum að lúka reikningsskap af. En slíkar ræður þarf hann ekki að halda fyrir mjer; jeg þykist þekkja skyldu mína og ábyrgð fullt svo vel sem hann sína.

Röksemdum mínum um búnaðarstyrkinn fann hann það eitt til lasts, að þær væru hinar sömu sem jeg hefði komið með á fyrri þingum.

Mundu þær hafa verið gildandi í hans augum, ef þær hefðu verið nýjar og hinum fyrri ósamhljóða?

Hvað sem *honum* kann að sýnast, virðist *mjer* góð vísa aldrei of opt kveðin, og allt vera komið undir því, hvað röksemdirnar eru góðar í sjálfu sjer, hvort sem þær eru nýjar eða ekki.

H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) áleit eigi ástæðu til að lækka styrkinn til eflingar búnaði, þó hann kynni að hafa verið misbrúkaður. En ástæðan til þess að Ed. vildi lækka styrkinn til búnaðareflingar var eigi svo mjög sú, að hann hetði verið misbrúkaður, sem hitt, að orsök misbrúkunarinnar væri fólgin í því, hvernig styrknum er úthlutað, og að engin trygging er fyrir því, að hann komi að notum. Þetta held jeg að sje nokkurnveginn ljóst hugsað, þó þm. Mýr. ekki skilji það. Þm. Mýr. brá mjer um það, að jeg væri og hefði jafnan verið meðmæltur launaviðbótum. Þetta veit h. þm. (Á. J.) sjálfur, að eru hæfulaus ósannindi; það vita allir, og það sýna alþingistíðindin og framkoma mín hvar sem er. En það er allt *annað*, að vera launaviðbótum meðmæltur, heldur en vilja eigi *taka* það af mönnum, er þeim hefur verið veitt.

Jeg verð að taka þau orð hans, er að þessu lutu, sem honum ósamboðna tilraun til þess að afla sjer ljettfengins orðstírs hjá þeim allra fáfróðasta skríl, sem til hans heyrir eða kann að sjá af hending þessi ummæli hans í þingtíðindunum, án þess að þekkja framkomu okkar að öðru. Þm. veit fullvel, að jeg hef aldrei verið launaviðbótum í sjálfu sjer fylgjandi. Hann veit það vel, að jeg hef farið fram á *lægri* laun handa hinum hærri embættum, heldur en þau laun, sem *hann* í lagafrv. sínu, nú á þingi, hefur ætlað þeim.

Hann veit það vel, að jeg hef aldrei viljað láta ausa fje í suma, en sveltilauna öðrum. Jeg hef viljað *lækka* othá laun, afnema óþörf embætti, en hækka *þínings-*

laun *þarfra* embætta, t. d. laun manna í kaupstöðum, sem hafa haft *undir* 2000 kr. Hann ámælti Ed. fyrir það, að hún eigi hefði tekið upp á fjárlögin suma þá gjaldaliði, sem Nd. feldi burt t. d. styrk til að nema vegfræði. Þetta liggur nú ekki fyrir til umr., en þó skal jeg geta þess, að sumir af oss, er vorum í nefndinni í Ed., höfðu haft kynni af þeim manni, er um styrkinn sókti, og þekktum nokkuð til vinnubragða hans í fyrra. Eptir þeirri þekkingu leizt oss alls eigi gjörandi, að veita *honum* eins eyris styrk. Bæði þm. Mýr. (Á. J.) og landsh. voru því mótfallnir, að athugasemd vor um tímakennsluna í lærða skólanum fengi að standa. Það er gott að landsh. hefur öðlazt æðri og betri þekkingu á því máli, síðan hann var endurskoðandi landsreikninganna.

Ástæður vorar í því eru hinar sömu, sem hann þá færði sjálfur fram, en nú hefur gildi þeirra rýrnað í hans augum. Þm. Mýr. skoraði á mig að færa ástæður fyrir því, að vjer tókum aptur upp í frv. suma töluliði í 16. gr. Vjer höfum áður fært ástæður fyrir því og þær eru enn hinar sömu, sem þær voru þá. Jeg vona auk þess, að öllum sje ljóst, hve nauðsynlegt það er, að semja skrá yfir afsals- og veðmálabækur Rvíkur, og enginn mun ætla, að það sje nauðsynlegt fyrir Rvík eina, heldur einnig fyrir land allt. Oss þótti engin heimild til að heimta, að bæjarfógetinn ljeti semja hana fyrir marga undanfarna ára tugi án þess að fá endurgjald fyrir það.

Ekki er oss heldur kunnugt að skjalasafn stiptamtsins eða nú landshöfðingjadæmisins sje eign *Reykjavíkur* eða *henni* fremur til gagns heldur en öllu landinu. Það er þessvegna engin ástæða til að láta í ljósi, að þær till., sem lúta að þessu tvennu er nú var nefnt, sjeu gjörðar af meðhaldi með Reykjavík, eins og þm. Mýr. ljet á sjer skilja að vera mundi.

Um 6. lið 16. gr. hef jeg ekkert að segja; jeg hef aldrei átt neinn þátt í honum.

Gunnar Halldórsson: Eins og háttv. þm. sjá, hef jeg ásamt nokkrum öðrum komið með breyt.till. um laun landlæknisins og kennarans við læknaskólann. Oss finnst, að eins og fjárhagur vor stendur nú, þá verði að spara allt sem sparað verður, og hjer sje einmitt eitt, sem spara má. Mjer er ekki ljóst, hvers vegna fjárlaganefnd neðri deildar hefur ekki tekið þessa breyt.till. nú upp, þar sem hún hefur þó áður haldið því fram, að þessir tveir menn fengju ekki meiri laun en vjer förum fram á; líklega hefur hún þó ekki látið það fæla sig, að hún hafi óttazt að verða borin ofurliði við atkv.greiðsluna, og því ekki þótt til nokkurs að koma með þessa breyting. En oss þótti einmitt vel eiga við, að gefa öllu þinginu í heild sinni kost á að greiða atkvæði um málið. Það er sjálfsagt að jeg vil að embættismenn vorir hafi svo mikil laun, að þeir geti lifað af þeim, og svo mikil laun álít jeg að báðir þessir menn hafi, enda hafa fæstir, sem með launabótinni eru, barið því við, að þeir væru ekki fullvel launaðir; það eru aðrar ástæður, sem þeir hafa fært til fyrir henni, sanngirniskröfur, og að illa sæti á þinginu, að svipta menn því, sem það einu sinni hefði veitt þeim. Menn geta að vísu sagt um kennarann við læknaskólann, að hann sje ekki einn af þeim hálaunuðu, en hærri laun hefur hann þó en margir af kennurunum við latínuskólann, og hærri laun en hann gat gjört sjer von að fá, þegar hann sótti um embættið. Mjer þykir skilyrðið, sem launaviðbót landlæknisins er bundin við, óviðkunnanlegt. Oss mun öllum umhugað um, að sem flestir verði til að læra yfirsetukvennafræði. En það er ekki tryggt með þessu skilyrði. Það fer fjarri, að jeg

ætli að landlæknirinn muni synja stúlkum kennslu í yfirsetukvennafræði, en hann hefði haft enn meiri hvöt til að hvetja stúlkur til að koma til sín að læra, ef hann hefði fengið ákveðið gjald fyrir hverja stúlku, sem hann hefði kennt, og við það hefði jeg bezt kunnað, því að jeg játa, að verður sje verkmaðurinn launanna, og þá hefðu laun hans staðið í rjettu hlutfalli við verkið.

Árni Thorsteinson: Jeg skal leyfa mjer, áður en umræðunum er lokið, að fara fáum orðum um breyt.till. á þingskjali 451. um að veittar sjeu 2000 kr. til að taka þátt í sýning í Kaupmannahöfn á komanda sumri. Eins og h. þm. er kunnugt, hefur hæstv. landsh. komið með breyt.till. þessa, og leyfi jeg mjer að segja að upphæð sú, sem farið er fram á, sje heldur of lág en of há, ef Íslendingar ættu að geta komið fram á sýningunni eins og þeir ættu að gjöra. Hæstv. landsh. tók það fram, að þetta fje væri einkum ætlað til að ljetta fyrir mönnum með að koma munum til sýningarinnar, og til þess að borga kostnað þann, sem leiddi af því, að geyma munina í Kaupmannahöfn, og til að fá rúm handa þeim á sýningunni. Til þessa kann fje þetta að verða að nokkru gagni, þótt eigi sje það meira. Það væri að mörgu leyti mjög æskilegt, að Íslendingar reyndu til að koma meir fram á sýningum erlendis, en þeir hafa gjört, bæði til að sýna varning sinn, og til þess að útvega honum markað. Þetta geta Íslendingar miklu betur gjört en þeir hafa hingað til gjört. Jeg veit til þess, að einn íslenzkur kaupmaður sendi á sýning í Berlín einn eða tvo saltfiska; þar voru þeir látnir liggja rykugir í afkyma, þar sem enginn maður gaf þeim gaum; þetta er til hreinnar og beinnar skammar, og ekki von að nokkurt gagn verði að því. Mjer virðist, þegar um sýning er að ræða, að um annaðhvort sje að gjöra, að sitja heima og taka engan þátt í sýningunni, eða þá reyna að gjöra það svo, að eigi sje til stórrar vansæmdar. Ef vjer sitjum heima eins og hreppakerlingar, þá verð jeg að ætla að vjer gjörum það af því, að vjer þykjumst svo fátækir, að vjer getum ekki tekið þátt í sýningunni, því að flestir munu þó játa gagn það, sem af sýningum leiðir. Þetta, sem jeg hef hjer tekið fram, er mín skoðun á málinu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal fara að eins fám orðum um breyt.till. vorar, um laun landlæknisins og kennarans við læknaskólann. Það sem kom mjer til að koma með breytinguna, var, að þessi launadeila hefur gengið eins og þráður — að jeg ekki segi rauður eða mislitur þráður — gegnum fjárlögin, frá því þau komu frá fjárlaganefndinni hjer í deild, og þótti mjer vel við eiga, að þessi þráður slitnaði ekki fyr en í sameinuðu þingi. Jeg skal líka við þetta tækifæri láta í ljósi, að jeg álít ekki, að það, sem veitt er eingöngu í fjárlögunum, og því að eins fyrir eitt fjárhagstímabil, sje eins og talað úr þrumuskýi á fjalli og ritað óafmáanlegu letri á steintöflur; það er að eins letur ritað með svertu á pappír, letur sem þingið getur máð af, hvenær sem því þykir ástæða til og haldið fullri virðing eptir. Nú er einmitt hentugur tími til, að láta ekkert það standa í fjárlögunum, sem ekki er brýn nauðsyn að þar standi, enda hefur sú meðvitund auðsjáanlega vakað fyrir þinginu meðan það samdi þau, en því undarlegra er það, að þessar tvær launabætur skuli sjást í þeim. Háttv. þm. Rangv. (S. Á.) kvaðst ekki vera búsettur hjer í Reykjavík, svo að fyrir þá sök væri það ekki, að hann mælti með launaviðbótinni. Að vísu er bæði hann og vjer allir þingmenn búsettir hjer um þingtímann, en jeg legg ekki svo mikla áherzlu á þetta; jeg legg meiri áherzlu á það sem hann sagði, að embættismenn yrðu hjer jafnan að fara of-

an í vasa sinn, til þess að bæta úr hverri þörf sinni. Um það verð jeg þó að segja, að hægra sje að fara ofan í vasa sinn og sækja þangað vísa krónu, en að þurfa að fara ofan í vasa náttúrunnar, til þess að sækja þangað fje til að bæta úr þörfunum, því að hún er einatt harðlynd við oss bændurna og treg að miðla oss gæðum sínum, eins og hann mun sjálfur kannast við.

— Þegar hjer var komið, var eptir ósk 12 þm. samþ., að hætta umræðunum.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. 452 við 10. gr. C. 4. b. samþ. með 19 : 10 atkv.; breyt.till. 452 við 10. gr. C. 4. c. samþ. með 22 : 5 atkvæðum.

Breyt.till. 453 við 11. gr. 1. var felld með 20 : 14 atkv., að við höfðu nafnakalli eptir ósk 9 þm. (J. A. Hj., S. St., E. Th. J., A. Ó., Þ. G., G. H., P. Ól., Á. J. og Ó. Br.), og sögðu

já:	*nei*:
Þorleifur Jónsson.	Eiríkur Briem.
Árni Jónsson.	Arnlj. Ólafsson.
Gunnar Halldórss.	Árni Thorsteinson.
Jón A. Hjaltalín.	Benid. Kristjánsson.
Jón Jónsson.	E. Th. Jónassen.
Ólafur Briem.	Friðrik Stefánsson.
Ólafur Pálsson.	Grímur Thomsen.
Páll Briem.	Jakob Guðmundsson.
Páll Ólafsson.	Jón Ólafsson.
Sigurður Jensson.	Jón Sigurðsson.
Sigurður Stefánss.	Jón Þórarinsson.
Skúli Þorvarðsson.	Jónas Jónassen.
Sveinn Eiríksson.	Júlíus Havsteen.
Þorl. Guðmundss.	L. E. Sveinbjörnsson.
	Lárus Halldórsson.
	Sighvatur Árnason.
	Þórarinn Böðvarsson.
	Þorsteinn Jónsson.
	Þorvaldur Bjarnarson.
	Þorvarður Kjerúlf.

Breyt.till. (452) við 11. gr. 2. f. samþykkt með 19 : 11 atkv.

Breyt.till. (453) við 13. gr. B. II. a. felld með 20 : 14 atkv., að við höfðu nafnakalli, eptir ósk sömu þm. sem áður, og sögðu

já:	*nei*:
Þorleifur Jónsson.	Eiríkur Briem.
Árni Jónsson.	Arnljótur Ólafsson.
Gunnar Halldórss.	Árni Thorsteinson.
Jón A. Hjaltalín.	Benid. Kristjánsson.
Jón Jónsson.	E. Th. Jónassen.
Ólafur Briem.	Friðrik Stefánsson.
Ólafur Pálsson.	Grímur Thomsen.
Páll Briem.	Jakob Guðmundsson.
Páll Ólafsson.	Jón Ólafsson.
Sigurður Jensson.	Jón Sigurðsson.
Sigurður Stefánss.	Jón Þórarinsson.
Skúli Þorvarðsson.	Jónas Jónassen.
Sveinn Eiríksson.	Júlíus Havsteen.
Þorl. Guðmundss.	L. E. Sveinbjörnsson.
	Lárus Halldórsson.
	Sighvatur Árnason.
	Þórarinn Böðvarsson.
	Þorsteinn Jónsson.
	Þorvaldur Bjarnarson.
	Þorvarður Kjerúlf.

Breyt.till. (452) við 13. gr. B. III. c. 5. samþ. með 24 : 3 atkv.

Breyt.till. (452) við 13. gr. B. V. b. 2. samþ. með 19 : 15 atkv., að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Briem.	Árni Thorsteinson.
Þorleifur Jónsson.	Benid. Kristjánsson.
Arnljótur Ólafsson.	E. Th. Jónassen.
Árni Jónsson.	Friðrik Stefánsson.
Gunnar Halldórss.	Grímur Thomsen.
Jak. Guðmundss.	Jón A. Hjaltalín.
Jón Jónsson.	Jón Ólafsson.
Jón Sigurðsson.	Jón Þórarinsson.
Ólafur Briem.	Jónas Jónassen.
Ólafur Pálsson.	Júlíus Havsteen.
Páll Briem.	L. E. Sveinbjörnsson.
Páll Ólafsson.	Lárus Halldórsson.
Sigurður Jensson.	Sighvatur Árnason.

já:	*nei:*
Sigurður Stefánss.	Þorsteinn Jónsson.
Skúli Þorvarðars.	Þorvaldur Bjarnarson.
Sveinn Eiríksson.	
Þórarinn Böðvarsson.	
Þorlákur Guðmundsson.	
Þorvarður Kjerúlf.	

Breyt.till. (452) við 13. gr. C. 3. samþ. með 19 : 10 atkv.

Viðaukatill. (454) við 13. gr. C. 3. felld með 17 : 7 atkv.

Breyt.till. (452) við 15. gr. samþ. með 22 : 9 atkv.

Breyt.till. (452) við 16. gr. 6. tölulið samþ. með 19 : 14 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Arnljótur Ólafsson.	Árni Thorsteinson.
Árni Jónsson.	Benid. Kristjánsson.
Grímur Thomsen.	E. Th. Jónassen.
Gunnar Halldórss.	Eiríkur Briem.
J. A. Hjaltalín.	Friðrik Stefánsson.
Jón Jónsson.	Jakob Guðmundsson.
Jón Þórarinsson.	Jón Sigurðsson.
Jónas Jónassen.	L. E. Sveinbjörnsson.
Júlíus Havsteen.	Lárus Halldórsson.
Ólafur Briem.	Sighvatur Árnason.
Ólafur Pálsson.	Skúli Þorvarðsson.
Páll Briem.	Sveinn Eiríksson.
Páll Ólafsson.	Þórarinn Böðvarsson.
Sigurður Jensson.	Þorvaldur Bjarnarson.
Sigurður Stefánss.	
Þorlákur Guðmundsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	
Þorvarður Kjerúlf.	

Jón Ólafsson greiddi eigi atkvæði.

Breyt.till. (452) við 16. gr. 7. samþ. með 21 : 10 atkv.

Breyt.till. (452) við 16. gr. 8. felld með 20 : 14 atkv., að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem.	Þorleifur Jónsson.
Árni Jónsson.	Arnljótur Ólafsson.
Gunnar Halldórss.	Árni Thorsteinson.
Jak. Guðmundss.	Benid. Kristjánsson.
Jón Sigurðsson.	E. Th. Jónassen.
Jón Þórarinsson.	Friðrik Stefánsson.
Lárus Halldórsson.	Grímur Thomsen.
Ólafur Briem.	Jón A. Hjaltalín.
Ólafur Pálsson.	Jón Ólafsson.
Páll Ólafsson.	Jónas Jónassen.
Sigurður Stefánss.	Julíus Havsteen.
Skúli Þorvarðsson.	L. E. Sveinbjörnsson.
Þórarinn Böðvarss.	Páll Briem.
Þorsteinn Jónsson.	Sighvatur Árnason.
	Sveinn Eiríksson.
	Þórarinn Böðvarsson.
	Þorl. Guðmundsson.
	Þorvaldur Bjarnarson.
	Þorvarður Kjerúlf.

Jón Jónsson greiddi eigi atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Viðaukatill. (451) við 16. gr. felld með 18 : 16 atkv., að við höfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Briem.
Árni Thorsteinson.	Þorleifur Jónsson.
Gunnar Halldórss.	Árni Jónsson.
Jak. Guðmundss.	Benid. Kristjánsson.
Jón Sigurðsson.	E. Th. Jónassen.
Jón Þórarinsson.	Friðrik Stefánsson.
Jónas Jónassen.	Grímur Thomsen.
Júlíus Havsteen.	Jón A. Hjaltalín.
Ólafur Pálsson.	Jón Jónsson.
Sighvatur Árnason.	Jón Ólafsson.
Skúli Þorvarðsson.	L. E. Sveinbjörnsson.
Sveinn Eiríksson.	Lárus Halldórsson.
Þórarinn Böðvarss.	Ólafur Briem.
Þorl. Guðmundss.	Páll Briem.
Þorvald. Bjarnars.	Páll Ólafsson.
Þorvarður Kjerúlf.	Sigurður Jensson.
	Sigurður Stefánsson.
	Þorsteinn Jónsson.

Breyt.till. 455 við breyt.till. 452 samþ. með 20 atkv. Síðasta till. á þingskj. 452 með á orðinni breyt. samþ. í einu hljóði.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til viðaukalaga við útflutningslögin, 14. jan. 1876 (422, 448); ein umræða.

Jón Ólafsson: Jeg hef leyft mjer að koma með tvær breyt.till. við frumv. þetta. Fyrri breyt.till. miðar að því, að ef náttúruhindranir valda því að útfarar verði ekki fluttir af landi burt á tilteknum tíma, þá skuli sá, sem farinu hefur heitið, kosta bið þeirra. Mjer þótti útfarar eiga svo mikið á hættu, að verða ef til vildi að bíða svo mánuðum skipti eptir skipi, og hljóta opt að eyða af farareyri sínum, að mjer fannst brýna nauðsyn bera til að ráða bætur á slíku. Eina afleiðingin af því, að línurnar kosti útfara, þegar þeir verða að bíða fars fram yfir tiltekinn tíma, verður, að útflutningsgjaldið verður dálítið hærra fyrir alla, og það mun að öllu samlögðu borga sig mjög vel fyrir útfara. Jeg sje, að h. þm. eru orðnir fremur ókyrrir, og skal jeg því ekki mæða þá á að hlusta á lengri ræðu.

Landshöfðingi: Jeg verð að leggja á móti að breyt.till. við 2. gr. sje samþykkt, einmitt af þeirri ástæðu, sem h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók fram, þ. e. af þeirri ástæðu, að hún mundi leiða til þess, að útflutningsgjaldið mundi hækka frá öllu landinu, og líka af því, að þá mundi verða hæpið, að nokkrir útflutningar gætu orðið frá höfnum á Norðurlandi; það mætti búast við, að útflutningsstjórar neituðu algjörlega að taka útfara þar. Reyndar er ekki sagt að það væri skaði fyrir landið, en ójöfnuður er það, að Norðlendingar eigi ekki kost á að flytja af landi, jafnt sem aðrir landsmenn. Þar á móti vil jeg mæla fram með breyt.till. við 3. gr.

Árni Jónsson: Jeg verð að biðja h. þm. fyrirgefningar, þótt mjer farizt ekki eins þingmannlega orð og h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), enda hef jeg aldrei gjört mjer far um, að afla mjer álits með löngum og glæsilegum ræðum í þingtíðindunum. Það eru málin sjálf og meðferð þeirra, sem mjer þykir mestu um varða.

Jeg hef áður átt nokkurn þátt í því, að nema í burt úr frumv. þessu þau ákvæði, sem nú er aptur farið fram á að sett sjeu inn í það. Hæstv. landsh. hefur bæði nú og fyr, þegar málið var hjer til umræðu, lýst því yfir, að hann áliti rjett, að eigi sjeu útflutningsstjórar bundnir eins ströngum böndum og breyt.till. fer fram á. Þar sem frumv. hefur verið samþykkt í Nd. áður í einu hljóði, þá væri æskilegt að það yrði nú einnig samþykkt hjer í sameinuðu þingi, og vona jeg að h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sjái, að betra er þó að frumvarp þetta verði að lögum, þótt breytingin við 2. gr. verði ekki samþykkt, en að búa við þau útflutningalög ein, sem vjer höfum nú.

Benidikt Kristjánsson: Þótt jeg sje einn af þeim mönnum, sem á þátt í breyt.till. við 2. gr., þá er jeg eigi á sömu skoðun og h. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að hún muni leiða til þess, að fargjald útflytjenda muni verða hærra um land allt, heldur hygg jeg að afleiðingin muni verða sú, að hærra fargjald verði lagt einungis á þá, sem búa við hafísinn, eða þá að öðrum kosti, að útflutningsstjórar lofuðu ekki að senda skip á þær hafnir, sem ís getur lokað, fyr en í ágúst eða september. Ef þessi yrði afleiðingin, þá mundu vesturfarar geta verið rólegir við heyskap, þangað til von væri á skipinu, og þá hefðu þeir miklu minni skaða af biðinni, ef þeir hefðu hann nokkurn, en ef þeir þurfa að liggja aðgjörðalausir á útflutningsstaðnum, og eta þar upp farareyri sinn, eins og nú hefur átt sjer stað. Camoens er ókominn enn úr norðurför sinni, og betra mundi líklega flestum þeim, sem hans hafa beðið í sum-

ar, hafa verið, að þeir hefðu alls eigi fengið loforð um far, en loforð, sem ekki hefur orðið betur efnt, en nú hefur raun á orðið.

Jón Ólafsson: Mig furðaði mjög að heyra ræðu hæstv. landsh. nú, þar sem hann mælti eindregið fram með frv. í efri deild, og þá hafði það þó sama innihald og breyt.till. fer fram á. Það er engin hætta á að enginn verði fluttur frá höfnum, sem ís getur lokað. Eina afleiðingin af þessu ákvæði gæti orðið sú, að sent yrði nokkru seinna skip til þessara hafna. Jeg ber engan kvíðboga fyrir afleiðingunum af þessari breyt.till., og alveg er jeg viss um, að tjón það, sem af henni mundi leiða fyrir línuna, mun verða hverfandi í samanburði við fargjaldsupphæð allra útflytjenda. Það getur verið að fargjald hvers einstaks útfara hækkaði um einar 3—4 kr., og munu flestir komast eins fyrir þá hækkun af landi burt. Ekki þarf heldur að óttast, að fargjaldið mundi hækka meir af einni höfn en annari. Nú er ábyrgðargjald á skipum mishátt á hafnir hjer, og kemur það þó ekki fram í fargjaldinu. Sumir hafa haldið því fram, að fargjaldið mundi hækka meir en að rjettri tiltölu við áhættuna, en slíkt þarf alls ekki að óttast, samkeppnin milli línanna er of mikil til þess, að það geti orðið. Áhættan er tilfinnanleg fyrir einstaka menn og einstakar sveitir, en hún verður það ekki þegar hún deilist á alla jafnt, alveg eins og húsbruni eður önnur slys, sem menn almennt tryggja sig fyrir. En svo mun optast hagað, að örðugt mun útförum að sanna, að það hafi ekki verið af náttúrunnar völdum, að skip ekki koma á einhverja höfn, ef skipstjóri heldur hinu gagnstæða fram. Jeg þarf ekki að minnast á breytinguna við 3. gr., því að engin mótmæli hafa komið fram gegn henni. En jeg lýsi yfir því, að komist breytingin á 2. gr. ekki að, þá er svo lítil bót að þessu frumv., að jeg vil heldur að það falli, því ef það verður að lögum án hennar, þá verður örðugra að koma á breyting í þá átt á næsta þingi. En jeg vona að frumv. fái framgang hjer með breytingunum, því að það var samþykkt í efri deild með 10 atkv.

— Eptir ósk 14 þm. var umræðunum hætt þegar hjer var komið. Þessir 14 þm. voru: Jón Jónsson, Lárus Halldórsson, Páll Ólafsson, Skúli Þorvarðarson, Árni Jónsson, Friðrik Stefánsson, Sigurður Stefánsson, Þorlákur Guðmundsson, Jón A. Hjaltalín, Á. Thorsteinson, Þórarinn Böðvarsson, Jónas Jónassen, Lárus E. Sveinbjörnsson og Arnljótur Ólafsson.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 2. gr. felld með 18 atkv. gegn 10.

Breyt.till. við 3. gr. samþ. með 20 atkv. gegn 3.

Frumv. þannig breytt samþ. með 29 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem	Þorleifur Jónsson
Arnljótur Ólafsson	Árni Thorsteinson
Árni Jónsson	Jón A. Hjaltalín
Benidikt Kristjánsson	Jón Ólafsson
E. Th. Jónassen	L. E. Sveinbjörnss.
Friðrik Stefánsson	
Grímur Thomsen	
Gunnar Halldórsson	
Jakob Guðmundsson	
Jón Jónsson	
Jón Sigurðsson	
Jón Þórarinsson	
Jónas Jónassen	
Júlíus Havsteen	
Lárus Halldórsson	
Ólafur Briem	
Ólafur Pálsson	
Páll Briem	
Páll Ólafsson	
Sighvatur Árnason	
Sigurður Jensson	

já:
Sigurður Stefánsson
Skúli Þorvarðarson
Sveinn Eiríksson
Þórarinn Böðvarsson
Þorlákur Guðmundsson
Þorsteinn Jónsson.
Þorvaldur Bjarnarson
Þorvarður Kjerúlf.

Var frv. síðan afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Síðan var fundi frestað til kl. $4^1/_2$ e. m.

Fundinum var haldið áfram kl. 5 e. m.

Forseti skýrði frá störfum þingsins og úrslitum málanna.

Að því búnu stóð upp

Landshöfðingi, og kvað hinn lögboðna þingtíma, sem og þann tíma, er hann hefði lengt þingið um, vera liðinn.

Lýsti hann þá yfir því, að þessu *alþingi væri slitið.* — Þá stóð upp

Jón Sigurðsson, og mælti: „Lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi", og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Var síðan gengið af þingi.